Hæstaréttardómar 1995 - 1. bindi

Útgáfa 3.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af dómasafni Hæstaréttar. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af dómum Hæstaréttar án endurgjalds. Hæstiréttur Íslands stendur ekki fyrir útgáfu þessa skjals né komið að henni með öðrum hætti en lýst er hér að neðan.

Sérstakar þakkir fær Bókasafn Hafnarfjarðar fyrir að gefa flest bindanna til skönnunar og Óli Gneisti Sóleyjarson fyrir sín framlög til verkefnisins. Fjárhagslegir styrktaraðilar fá einnig þakkir fyrir fjárframlög sín.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum https://urlausnir.is. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta dómar ekki verndar höfundalaga. Skrifstofa Hæstaréttar hefur tjáð höfundi skjalsins að Hæstiréttur hyggst ekki gera neinar athugasemdir vegna birtingar þessara rafrænu eintakanna í heilu lagi, en hefur hins vegar ekki útilokað að annað efni en dómar gæti notið verndar höfundalaga. Ef ætlunin er að nýta aðra hluta skjalsins en dómana sjálfa er mælt með því að viðkomandi hafi samband við Hæstarétt eftir því sem við á.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

HÆSTARÉTTARDÓMAR 1995

Efnisskrá til bráðabirgða

1. hefti

Bls.

Aðfinnslur 26, 196, 382, 692
Aðför 694
Aðild 53, 240, 462
Aflýsing 16
Akstur án réttinda 548
Ábúð 53
Ábyrgð 318, 355
Ábyrgð á dýrum 376
Ábyrgð á prentuðu máli 408
Ábyrgðaryfirlýsing 187
Áfengislagabrot 517
Áfengislög 553
Áfrýjunarfrestur 551
Áfrýjunarheimild 88
Ávana- og fíkniefni 100, 361
Bankar 453
Bifreiðar:
Einkamál 376, 638, 662
Opinber mál 521, 548, 727
Björgunarlaun 426
Bráðabirgðaforsjá 602
Búfjárræktarlög 376
Búskipti 632
Bætur fyrir uppsögn 279
Börn 196, 470, 562, 602, 692
Dagsektir 167, 509
Dómarar 692
Dómkvaðning matsmanna 704
Eigin úttekt 577
Eignaréttur 160
Einkaréttindi 462
Endurgreiðsla 119, 127
Endurupptaka 687
Erfðir 632
Farbann 1, 297

Bls.
Fasteign 198, 509, 540
Fasteignakaup 72
Félagsdómur 700
Févíti 136, 462
Fjárnám 46
Fjársvik 479
Fjártjón 37
Fjölbýlishús 215
Flugslys 648
Fordæmi 577
Forsjá 196, 470, 692
Frávísun:
a) frá Hæstarétti 196, 240, 551
Frávísunarkröfu hafnað 88, 700
Frávísunarkröfu hrundið 215
Frávísunarúrskurður felldur úr gildi 228
Frávísunarúrskurður staðfestur 3, 53, 59
Fyrning 462
Galli 669
Gjafsókn 167, 312, 501
Gjafvörn 233
Gjaldþrot 240, 248, 257, 267
Gjaldþrotaskipti 6, 26, 119, 127, 597, 687
Greiðsla 248, 257, 267, 572
Greiðsludráttur 509
Greiðslukort 355
Greiðslustaður 372
Gæsluvarðhald:
A-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 600
Gæsluvarðhaldsúrskurður felldur úr gildi 44
Haldlagning 626
Handveð 19
Hegningarauki 517
Heimvísun 304, 306, 308, 310, 312, 495, 497, 499, 501, 503, 505, 507, 692
Hjón 119, 127, 470
Hlutafélög 447
Innheimta 286
Innlausn samkvæmt lögum um brunatryggingar 332
Innsetningargerð 130, 299, 314
Ítrekun 727
Kaup 447
Kaupmáli 127, 341

Bls.
Kaupsamningur ... 136
Kauptilboð ... 440
Kaupverð ... 72
Kjarasamningar ... 347, 648
Kynferðisbrot ... 562
Kærumál:
Aðfinnslur ... 26, 692
Aðför ... 694
Aðild ... 53
Aflýsing ... 16
Ábúð ... 53
Bráðabirgðaforsjá ... 602
Börn ... 602, 692
Dómarar ... 692
Dómkvaðning matsmanna ... 704
Endurupptaka ... 687
Farbann ... 1, 297
Félagsdómur ... 700
Fjárnám ... 46
Forsjá ... 692
Frávísunarkröfu hafnað ... 700
Frávísunarúrskurður felldur úr gildi ... 228
Frávísunarúrskurður staðfestur ... 3, 53, 59
Gjaldþrotaskipti ... 6, 26, 597, 687
Gæsluvarðhald:
A-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 ... 600
Gæsluvarðhaldsúrskurður felldur úr gildi ... 44
Handveð ... 19
Heimvísun ... 692
Innsetningargerð ... 130, 299, 314
Málskostnaður ... 3
Mótbárumissir ... 19
Nauðungarsala ... 8, 19, 592
Ómerking ... 692
Res judicata ... 228
Úthlutun söluverðs ... 8, 19
Vanhæfi ... 692
Víxlar ... 59
Þinglýsing ... 16
Lausafjárkaup ... 77, 572, 669
Lánastofnanir ... 187
Leiðbeiningar ... 551

Bls.
Leigusamningur 233
Líkamsárás 366, 557
Líkamsmeiðingar 400
Læknar 167
Lögreglumenn 400
Lögvarðir hagsmunir 196
Manndráp af gáleysi 588
Matsgerð 29, 77
Mál fellt niður 296, 690
Málamyndagerningar 127
Málsástæður 328
Málskostnaðartrygging 134, 493
Málskostnaður 3, 114, 119, 296, 690, 736
Miskabætur 408
Miski 525
Mótbárumissir 19
Nauðungarsala 8, 19, 592
Námssamningur 716
Opinberir starfsmenn 382
Ómerking 304, 306, 308, 310, 312, 495, 497, 499, 501, 503, 505, 507, 692
Ómerking ummæla 63, 408
Ráðningarsamningur 710
Refsiákvörðun 100, 361, 548, 562
Refsimálskostnaður 683
Res judicata 228
Riftun 77, 119, 127, 267, 447
Riftunarkrafa 248, 257
Sakarkostnaður 551, 588
Sakarskipting 525, 604
Saksóknarlaun 479
Sameign 215, 390
Samningalög 447
Samningar 462
Sératkvæði 105, 187,198, 248, 257, 267,279, 286, 408, 716
Sjálfskuldarábyrgð 114, 328
Sjálftaka 160
Sjóðir 435
Sjómenn 279, 604
Sjúkrahús 167
Sjúkraskrá 167
Skaðabótamál 198, 400, 716
Skaðabætur 29, 37, 136, 160, 233, 286, 332, 376, 382
390, 453, 525, 604, 626, 638, 662, 669, 710

Bls.
Skattar ... 435
Skilorð ... 479, 486, 562
Skip ... 440
Skjalafals ... 707
Skriflega flutt mál ... 63, 240
Skuldabréf ... 114, 453, 632
Slit ráðningarsamnings ... 279
Stjórnsýsla ... 382
Stöðuveiting ... 382
Svipting ökuréttar ... 521, 588, 727
Sýning til greiðslu ... 286
Söluskattur ... 577
Sönnun ... 233, 366
Tékkamisferli ... 479
Tolllagabrot ... 486
Tómlæti ... 136, 440
Umboð ... 114, 243, 390
Umferðarlög ... 521, 662, 727
Upplýsingaskylda ... 167
Uppsögn ... 710, 736
Upptaka ... 553
Upptaka eigna ... 517
Úthlutun söluverðs ... 8, 19
Vanefndir ... 72
Vangeymsla ... 286
Vanhæfi ... 692
Vanlýsing ... 318
Vátrygging ... 648
Veðheimild ... 632
Veðréttindi ... 540
Veðréttur ... 341
Veikindaforföll ... 347
Verksamningur ... 509
Viðhaldskostnaður ... 215
Viðskiptabréf ... 572
Viðurlagaákvörðun ... 553, 557, 707
Vinnusamningur ... 736
Vinnuslys ... 525, 604, 716
Vítur ... 486
Víxilmál ... 224, 355, 683
Víxlar ... 59, 286, 372
Þinglýsing ... 16, 341, 540

Bls.
Þjófnaður 88, 210, 517, 557
Ærumeiðingar 63, 105,408
Ölvunarakstur 548, 588, 727
Örorka 198, 525, 604

Hæstaréttardómar.

Útgefandi: Hæstiréttur.

LXXVI. árgangur. 1. hefti. 1995

Fimmtudaginn 5. janúar 1995.

Nr. 2/1995. **Rannsóknarlögregla ríkisins**
gegn
Þórhalli Ölver Gunnlaugssyni
(Símon Ólason hdl.)

Kærumál. Farbann.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 30. desember 1994, sem barst réttinum 3. janúar 1995. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Kærð er ákvörðun Héraðsdóms Reykjavíkur 30. desember sl. um, að varnaraðili sæti farbanni allt til þriðjudagsins 31. janúar 1995. Varnaraðili krefst þess, að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi.

Sóknaraðili krefst þess, að hin kærða ákvörðun verði staðfest.

Með dómum Hæstaréttar frá 26. september sl. í málinu nr. 399/1994 og 11. nóvember sl. í málinu nr. 447/1994 hefur varnaraðila verið gert að sæta farbanni, síðast allt til laugardagsins 31. desember sl., vegna rannsóknar á ætluðum stórfelldum brotum á lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, lögum nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt og 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, tengdum rekstri einkafyrirtækis hans og fyrirtækinu Vatnsberanum hf., sem varnaraðili er annar tveggja stjórnarmanna í.

Sóknaraðili hefur gert grein fyrir því, að rannsókn málsins sé í þann mund að ljúka, og verði rannsóknargögn þess send embætti ríkissaksóknara í fyrstu viku janúar 1995. Frekara farbann sé nauðsynlegt til að tryggja, að varnaraðili komi sér ekki undan málsókn með því að fara af landi brott.

Með vísan til framanritaðs svo og umfangs rannsóknar málsins verður að telja, að fullnægt sé skilyrðum 110. gr. laga nr. 19/1991 fyrir áframhaldandi farbanni varnaraðila. Samkvæmt því verður hin kærða ákvörðun staðfest.

D ó m s o r ð:

Hin kærða ákvörðun er staðfest.

Fimmtudaginn 5. janúar 1995.

Nr. 494/1994. **Gísli Kolbeins**
(Sigurður G. Guðjónsson hrl.)
gegn
Rósu Jónídu Benediktsdóttur
(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)

Kærumál. Frávísunarúrskurður staðfestur. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 12. desember 1994, sem barst réttinum 16. sama mánaðar. Hann vísar um kæruheimild til g- og j-liðar 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og krefst þess aðallega, að úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 29. nóvember 1994 í máli aðila verði ómerktur svo og meðferð málsins frá og með aðalmeðferð þess 17. nóvember 1994 og að málinu verði vísað að nýju til héraðsdóms til aðalmeðferðar og dómsálagningar. Til vara krefst hann þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi og lagt verði fyrir héraðsdómara að leggja efnisdóm á kröfur sóknaraðila. Hann krefst og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar að öðru leyti en því, er varðar málskostnað honum til handa, sem verði lækkaður og dæmdur í samræmi við fram lagðan málskostnaðarreikning. Hann krefst og kærumálskostnaðar.

Héraðsdómari hefur með þeim rökum, er hann tilgreinir, ekki talið sér fært að taka afstöðu til réttmætis kröfu sóknaraðila í héraði á þeim grunni, sem þar var lagður. Er ekki ástæða til að hrófla við því mati, og verður úrskurður um frávísun málsins því staðfestur.

Héraðsdómari fór út fyrir kröfur stefnda í héraði við ákvörðun fjárhæðar málskostnaðar samkvæmt 2. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991, en hann hafði lagt fram málskostnaðarreikning með lægri fjárhæð. Telst málskostnaður í héraði hæfilega ákveðinn 50.000 krónur, og hefur þá ekki verið tekið tillit til greiðslu virðisaukaskatts.

Eftir atvikum þykir rétt, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur að öðru leyti en því, að fjárhæð málskostnaðar í héraði ákveðst 50.000 krónur.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 29. nóvember 1994.

Mál þetta, sem dómtekið var 17. þ. m., er höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur af Gísla Kolbeins, kt. 300526-3309, Ásholti 32, Reykjavík, gegn Rósu Jónídu Benediktsdóttur, kt. 160636-3949, Grensásvegi 60, Reykjavík, með stefnu, birtri 27. maí 1994.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru, að stefnda verði dæmd til að greiða 43.668 krónur með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. maí 1992 til greiðsludags. Jafnframt krefst hann þess, að áfallnir dráttarvextir leggist við höfuðstól skuldarinnar á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. maí 1993, og málskostnaðar að skaðlausu skv. málskostnaðarreikningi.

Stefnda krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans skv. málskostnaðarreikningi.

I.

Tildrög máls og ágreiningsefni.

Halldór Bergmann, kt. 240156-3429, pípulagningamaður, mun í apríl 1992 hafa innt pípulagningastörf af hendi fyrir stefndu, er vörðuðu endurnýjun baðherbergis í íbúð stefndu að Grensásvegi 60. Hinn 24. apríl 1992 gaf Halldór stefndu kvittun fyrir greiðslu, að fjárhæð 20.000 krónur, „upp í pípulagningaviðg. á baðherb., 1500 kr. á klst.“. Reikningur, dags. 1. maí 1992, er pípulagningamaðurinn gerði stefndu, hljóðar upp á 63.668 krónur með virðisaukaskatti, og er hann byggður á uppmælingu frá 29. apríl 1992, dskj. nr. 7. Stefnandi kveðst hafa fengið reikninginn framseldan.

Af hálfu stefndu er hins vegar haldið fram, að um aðildarskort sé að ræða, þar eð ekki liggi fyrir í málinu skriflegt framsal kröfunnar frá Halldóri Bergmann til stefnanda. Þá telur stefnda, að samið hafi verið um, að laun yrðu greidd miðað við 1.500 krónur á tímann, reikningur á grundvelli uppmælingar hafi ekki komið til umræðu. Kveðst hún hafa leitað til Félags pípulagningameistara í þessu sambandi og óskað eftir aðstoð þeirra og segir, að starfsmenn félagsins hafi óskað eftir skýringum frá Halldóri, þ. m. t. vinnuskýrslu og reikningi, án þess að hann sinnti því. Rúmu ári síðar kveður hún sér hafa borist svolátandi bréf stefnanda: „Ég hefi að undanförnu verið að leggja tengdasyni mínum, Halldóri Bergmann, lið við skrifstofuþátt fyrirtækis hans. – Meðfylgjandi reikningur er þar í skjölum ógreiddur,

en innborgun á hann 15.000 kr. – Það væri mjög æskilegt að ljúka uppgjöri á reikningnum hið allra fyrsta. – Vinsamlegast hafðu samband við mig út af því.“

– – –

IV.

Niðurstaða.

Við aðalmeðferð málsins bar Halldór Bergmann fyrir réttinum, að stefnandi væri nú eigandi umdeildrar kröfu á stefndu. Sýkna á grundvelli 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991 í þessu máli kemur því ekki til álita.

Þá hélt Halldór Bergmann því fram við skýrslutöku, að ekki hefði verið samið um ákveðið verð fyrir vinnu sína í þágu stefndu og hvorki verið minnst á tímagjald né uppmælingu, er hann hóf störf fyrir hana. Stefnda heldur því á hinn bóginn fram, að samið hafi verið um 1.500 króna tímakaup fyrir vinnu Halldórs. Staðhæfing hennar er studd við áðurgreinda kvittun og framburð Dúa Sigurjónssonar, er vann með Halldóri að endurnýjun baðherbergis í íbúð stefndu að Grensásvegi 60 í aprílmánuði 1992.

Ekki er loku fyrir það skotið, að Halldór hafi átt heimtingu á frekari greiðslu fyrir störf sín í þágu stefndu en þær 20.000 krónur, sem með breyttri kröfugerð stefnanda frá því í stefnu er viðurkennt, að hann hafi móttekið frá stefndu. Hins vegar sinnti hann ekki tilmælum stefndu um að gera grein fyrir þeim tímum, er hann vann fyrir hana, og að gera henni reikning á grundvelli tímafjöldans, eins og ómótmælt er haldið fram af hálfu stefndu. Þykir því á þessum grunni ekki fært að taka afstöðu til réttmætis kröfu stefnanda, og verður því að vísa málinu frá dómi án kröfu.

Eftir þessum málsúrslitum þykir rétt, að stefnandi greiði stefndu 60.000 krónur í málskostnað. Við ákvörðun hans hefur ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Páll Þorsteinsson héraðsdómari kvað upp úrskurðinn.

Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá dómi án kröfu. Stefnandi, Gísli Kolbeins, greiði stefndu, Rósu Jónídu Benediktsdóttur, 60.000 krónur í málskostnað.

Fimmtudaginn 5. janúar 1995.

Nr. 499/1994. **Sýslumaðurinn í Keflavík**

gegn

Nesvirki hf.

Kærumál. Gjaldþrotaskipti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut þessu máli til Hæstaréttar með kæru 25. nóvember 1994, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 20. desember sl. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjaness, upp kveðinn 15. nóvember 1994, þar sem var hafnað kröfu sóknaraðila um, að bú varnaraðila yrði tekið til gjaldþrotaskipta. Kæruheimild er í 179. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl. Sóknaraðili krefst, að tekin verði til greina krafa sín fyrir héraðsdómi um, að bú varnaraðila verði tekið til gjaldþrotaskipta.

Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka.

Málsatvikum er lýst í hinum kærða úrskurði.

Sóknaraðili reisir kröfu sína um gjaldþrotaskipti eingöngu á því, að árangurslaust fjárnám hafi farið fram hjá varnaraðila 9. mars 1994, og vísar um lagastoð fyrir kröfunni til 1. töluliðar 2. mgr. 65. gr. laga nr. 21/1991. Fjárnámsgerð þessi fór fram, án þess að neinn væri viðstaddur hana af hálfu varnaraðila, og hafði ekki tekist að boða fyrirsvarsmann félagsins til hennar. Þótt svo virðist sem hvorugur tveggja stjórnarmanna í félaginu sé búsettur hér á landi, hefur sóknaraðili ekki sýnt fram á með gögnum úr Hlutafélagaskrá eða öðrum hætti, að engir aðrir séu tiltækir, sem geti tekið málstað varnaraðila við fjárnámsgerð. Skorti því heimild samkvæmt 62. gr. laga nr. 90/1989 um aðför til að ljúka fjárnámsgerðinni án árangurs, og verður krafa um gjaldþrotaskipti ekki studd við hana. Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 15. nóvember 1994.

Með bréfi, sem barst dóminum 21. mars 1994, hefur sýslumaðurinn í Keflavík, kt. 610576-0369, Vatnsnesvegi 33, Keflavík, krafist þess, að bú Nesvirkis hf., kt. 471091-1039, Heiðarholti 6 c, Keflavík, verði tekið til gjaldþrotaskipta. Samkvæmt vottorði Hlutafélagaskrár er tilgangur félagsins almenn verktakastarfsemi og annar skyldur atvinnurekstur.

Með bókun í þingbók 16. september 1994 var kröfunni vísað á bug. Með bréfi skiptabeiðanda, mótteknu í Héraðsdómi Reykjaness 18. október s. á., lagði skiptabeiðandi kröfuna fyrir að nýju og krafðist fyrirtöku hennar á dómþingi og úrskurðar um, hvort henni verði hafnað. Krafan var að nýju tekin fyrir á dómþingi 11. nóvember s. á., þar sem mætt var af hálfu skiptabeiðanda, sem lagði kröfuna í úrskurð.

Skiptabeiðandi greinir þannig frá í kröfu sinni, að Nesvirki hf. hafi rekið verktakafyrirtæki. Fyrirsvarsmaður félagsins, Magnea Löken, kt. 170155-4839, búi í Noregi og einnig varamaður, Viðar Löken, kt. 221049-8029. Hinn 9. mars hafi að kröfu sýslumannsins í Keflavík verið gert árangurslaust fjárnám hjá félaginu. Nesvirki hf. standi nú í skuld við embætti sýslumannsins í Keflavík vegna ógreidds virðisaukaskatts, að höfuðstól 4.728.500 kr., en samtals með dráttarvöxtum og kostnaði 6.220.721 kr. auk gjalds í ríkissjóð, 3000 kr., vegna kröfu um gjaldþrotaskipti.

Skiptabeiðandi styður kröfu sína um gjaldþrotaskipti við 1. tl. 2. mgr. 65. gr. laga nr. 21/1991, en ekkert bendi til, að skuldarinn sé fær um að standa í skilum við embættið nú þegar eða innan skamms tíma.

Krafa skiptabeiðanda er reist á árangurslausu fjárnámi, sem fram fór hjá skuldara 9. mars 1994. Enginn var mættur af hálfu skuldara við gerðina. Verður því ekki talið, að aðfarargerðin geti gefið raunhæfa mynd af fjárhag skuldara. Aðfarargerðin fullnægir því ekki ákvæðum 1. tl. 2. mgr. 65. gr. laga nr. 21/1991, til þess að unnt sé að byggja kröfu um gjaldþrotaskipti á henni.

Samkvæmt framangreindu verður synjað kröfu sýslumannsins í Keflavík um gjaldþrotaskipti á búi Nesvirkis hf.

Þorgerður Erlendsdóttir fulltrúi kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Synjað er kröfu sýslumannsins í Keflavík um gjaldþrotaskipti á búi Nesvirkis hf., kt. 471091-1039, Heiðarholti 6 c, Keflavík.

Miðvikudaginn 11. janúar 1995.

Nr. 3/1995. **Búnaðarbanki Íslands**
(Kristinn Sigurjónsson hrl.)
gegn
Byggðastofnun

Kærumál. Nauðungarsala. Úthlutun söluverðs.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut þessu máli til Hæstaréttar með kæru 19. desember 1994, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 4. janúar sl. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Suðurlands, upp kveðinn 15. desember 1994, og er kæruheimild í 79. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu. Sóknaraðili krefst, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og tekin verði til greina krafa sín um, að ákvörðun sýslumannsins í Vestmannaeyjum frá 18. ágúst 1994 verði breytt á þann veg, að sóknaraðila verði úthlutað 9.522.603,70 krónum af söluverði vélskipsins Öðlings, VE-202, sem var selt nauðungarsölu 8. júní sama ár. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst aðallega staðfestingar hins kærða úrskurðar, en til vara, að sóknaraðila verði ekki úthlutað hærri fjárhæð af söluverðinu en 4.752.940 krónum. Þá krefst varnaraðili kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

Sóknaraðila ber að greiða varnaraðila kærumálskostnað, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Búnaðarbanki Íslands, greiði varnaraðila, Byggðastofnun, 30.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Suðurlands 15. desember 1994.

I.

Mál þetta, sem varðar ágreining um úthlutun söluverðs vegna nauðungarsölu og sætir meðferð samkvæmt XIII. kafla laga nr. 90/1991, var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 17. f. m.

Sóknaraðili er Búnaðarbanki Íslands, kt. 681276-0339, Garðatorgi 5, Garðabæ.

Varnaraðili er Byggðastofnun, kt. 450679-0389, Rauðarárstíg 25, Reykjavík.

Dómkröfur sóknaraðila eru þær, að ákvörðun sýslumannsins í Vestmannaeyjum um úthlutun söluverðs vélskipsins Öðlings, VE 202, verði breytt á þann veg, að sóknaraðila verði úthlutað 9.522.603,70 krónum af söluverðinu vegna fjögurra veðskuldabréfa frá 9. nóvember 1988. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar úr hendi varnaraðila að mati dómsins.

Varnaraðili gerir þá dómkröfu aðallega, að frumvarp sýslumannsins í Vestmannaeyjum að úthlutun söluverðs framangreinds skips verði staðfest af héraðsdómi, sbr. 77. gr. laga um nauðungarsölu nr. 90/1991, að því er hann varðar. Til vara gerir hann þá kröfu, að sóknaraðili fái ekki úthlutað af söluverðinu hærri fjárhæð en 4.752.940 krónum. Þá krefst varnaraðili málskostnaðar úr hendi sóknaraðila að mati dómsins auk virðisaukaskatts.

II.

Málavextir eru þeir, að 8. júní 1994 fór fram hjá sýslumanninum í Vestmannaeyjum nauðungarsala á vélskipinu Öðlingi, VE 202, eign Kleifa hf. í Vestmannaeyjum. Hinn 15. næsta mánaðar samdi sýslumaður frumvarp til úthlutunar á söluverði skipsins. Þar segir meðal annars:

„Söluverð eignarinnar er	kr.	109.000.000,00
Af því greiðist í ríkissjóð	kr.	1.090.000,00
Til greiðslu handa rétthöfum eru því sem verður varið til greiðslu sem hér segir:	kr.	107.910.000,00
Lögveðskröfur		
. . .	kr.	2.264.268,00
Samningsveðskröfur		
5. Til Fiskveiðasjóðs Íslands	kr.	71.754.655,00
6. Til Byggðastofnunar skv. veðskuldabréfi á 2. veðrétti, dags. 21. 2. 1989, upphaflega að fjárhæð 19.000.000 kr., en nú að fjárhæð	kr.	27.641.471,60

7. Til Byggðastofnunar skv. veðskuldabréfi á 3. veðrétti, dags. 10. 3. 1992, upphaflega að fjárhæð 5.000.000 kr., en nú að fjárhæð kr. 6.249.605,40

Ekkert fæst upp í eftirtaldar kröfur:

1. Eftirstöðvar kröfu Byggðastofnunar skv. framansögðu kr. 398.459,00
2. Kröfu Tryggingamiðstöðvarinnar hf. skv. veðskuldabréfi á 4. veðrétti, dags. 18. 2. 1987, upphaflega að fjárhæð 4.000.000 kr., en nú að fjárhæð kr. 19.065.883,00
3. Kröfu þb. Rækjustöðvarinnar hf. skv. fjórum veðskuldabréfum, dagsettum 9. 11. 1988, tveimur á 5. veðrétti, upphaflega að fjárhæð 3.475.000 kr. hvort, og tveimur á 6. veðrétti, upphaflega að fjárhæð 596.667 kr. hvort, en nú samanlagt að fjárhæð kr. 7.658.770,00
4. Kröfu Búnaðarbanka Íslands skv. fjórum veðskuldabréfum, dags. 9. 11. 1988, tveimur á 5. veðrétti, upphaflega að fjárhæð 3.475.000 kr. hvort, og tveimur á 6. veðrétti, upphaflega að fjárhæð 596.667 kr. hvort, en nú samanlagt að fjárhæð kr. 9.522.603,70

Með bréfi, dags. 28. júlí 1994, sem barst sýslumanni sama dag, gerði Klemenz Eggertsson héraðsdómslögmaður athugasemdir við frumvarp þetta fyrir hönd sóknaraðila málsins. Lutu athugasemdir lögmannsins aðallega að því ákvæði frumvarpsins, að réttur Byggðastofnunar til úthlutunar af uppboðsandvirði hins selda skips samkvæmt veðskuldabréfi, út gefnu 21. febrúar 1989, ætti að ganga framar rétti sóknaraðila samkvæmt veðskuldabréfum hans frá 8. nóvember 1988, sbr. tölulið 4 hér að framan. Veðbréf þessi eignaðist sóknaraðili samkvæmt gögnum málsins 4. mars 1992, en þau höfðu fram til þessa tíma verið í eigu Útgerðarfélagsins Þórs hf. á Eskifirði. Var framangreind athugasemd sóknaraðila studd því, að umrædd veðskuldabréf hans bæru það ekki með sér, að veðréttur hans ætti að þoka fyrir þeim veðrétti varnaraðila, sem til var stofnað með veðbréfinu frá 21. febrúar 1989.

Í samræmi við 1. mgr. 52. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu boðaði sýslumaður til fundar, þar sem aðilum málsins var gefinn kostur á að tjá sig um fram komin mótmæli gegn frumvarpi hans að úthlutun söluverðs. Áður en sá fundur var haldinn, ákvað sóknaraðili að falla frá mótmælum sínum, öðrum en þeim, sem að framan er getið. Á nefndum fundi, en hann var

haldinn 18. ágúst sl., tók sýslumaður síðan þá ákvörðun, að frumvarp hans skyldi standa óbreytt. Var því þá þegar lýst yfir af hálfu lögmanns sóknaraðila, að leitað yrði úrlausnar héraðsdóms um ákvörðun sýslumanns, sbr. 2. mgr. 73. gr. nauðungarsölulaga. Erindi þess efnis barst héraðsdómi 23. ágúst sl. með bréfi sóknaraðila, dags. 19. s. m.

III.

Nánari málsatvik eru eftirfarandi:

Hinn 9. nóvember 1988 gaf Útgerðarfélag Vestur-Húnvetninga á Hvammstanga út alls átta veðskuldabréf til Rækjustöðvarinnar hf. á Ísafirði og Útgerðarfélagsins Þórs hf. á Eskifirði. Fjögur þessara skuldabréfa voru að fjárhæð 3.475.000 krónur hvert og tryggð með 3. veðrétti og uppfærslurétti í vs. Geisla, SU 37. Hin fjögur voru hvert að fjárhæð 596.667 krónur, öll tryggð með 4. veðrétti og uppfærslurétti í sama skipi. Skuldabréf þessi voru gefin út í tengslum við kaup skuldara á hinu veðsetta skipi af kröfuhöfum í nóvember 1988. Munu kröfuhafar síðan hafa skipt skuldabréfunum á milli sín þannig, að hvor þeirra fékk fjögur skuldabréf í sinn hlut, samtals að fjárhæð 8.143.334 krónur. Í öllum skuldabréfunum er tekið fram, að veðleyfi sé fyrir láni frá Fiskveiðasjóði Íslands, að fjárhæð allt að 12.000.000 króna. Skuldabréf sín framseldi Útgerðarfélagið Þór hf. síðan sóknaraðila þessa máls í mars 1992, svo sem áður er getið.

Við sölu vs. Geisla til Útgerðarfélags Vestur-Húnvetninga hvíldi á því skuld við Fiskveiðasjóð Íslands samkvæmt veðbréfi á 1. veðrétti, út gefnu 4. mars 1988, og skuld við Tryggingamiðstöðina hf. samkvæmt veðbréfi á 2. veðrétti, út gefnu 18. febrúar 1987.

Hinn 21. febrúar 1989 veitti varnaraðili Útgerðarfélagi Vestur-Húnvetninga 19.000.000 króna lán gegn veði í umræddu skipi félagsins. Í veðbréfi varnaraðila segir, að skipið sé veðsett með 2. veðrétti og uppfærslurétti næst á eftir framangreindu veðbréfi Fiskveiðasjóðs. Var veðbréf varnaraðila afhent til þinglýsingar hjá sýslumanninum á Blönduósi 3. mars 1989 og því þinglýst án athugasemdar þegar sama dag, enda lágu tilskilin veðleyfi þá fyrir, þar á meðal frá Útgerðarfélaginu Þór hf. vegna þeirra fjögurra veðskuldabréfa, sem nú eru í eigu sóknaraðila málsins. Segir í veðleyfinu, að þess sé getið í veðbréfum félagsins. Svo var þó ekki, og er óumdeilt, að úr þeim annmarka hafði ekki verið bætt við framsal á veðbréfunum til sóknaraðila.

Ágreiningslaust er, að veðkrafa varnaraðila samkvæmt veðskuldabréfi, út gefnu 10. mars 1992, eigi á grundvelli veðleyfis sóknaraðila 4. maí 1992 að koma til greiðslu á undan veðkröfu sóknaraðila.

Skip það, sem hér um ræðir, varð eign Kleifa hf. í Vestmannaeyjum með

afsali, dags. 5. september 1991. Var nafni skipsins og umdæmisnúmeri þess þá breytt í Öðling, VE 202.

IV.

Af hálfu sóknaraðila er því haldið fram, að forsvarsmenn sínir hafi verið grandlausir um tilvist hins umdeilda veðleyfis, þá er sóknaraðili keypti umrædd fjögur veðskuldabréf af Útgerðarfélaginu Þór hf. Veðleyfisins hafi ekki verið getið á veðbréfunum sjálfum, og forsvarsmaður útgerðarfélagsins hafi ekki upplýst sóknaraðila um tilvist þess. Fullyrðir sóknaraðili, að kaup sín á veðbréfunum hefðu aldrei komið til, ef fyrir hefði legið vitneskja af sinni hálfu um veðleyfið. Sér hafi fyrst orðið það ljóst, nokkru áður en nauðungarsala á skipinu fór fram, að 19.000.000 króna veðbréfi varnaraðila væri skipað í veðröð á undan veðkröfu sinni. Þessu hafi verið mótmælt við nauðungarsöluna.

Sóknaraðili styður kröfur sínar hér fyrir dómi því, að hann hafi mátt treysta því, að kröfur samkvæmt veðbréfum, sem nytu forgangs gagnvart veðkröfum sínum, væru á tæmandi hátt taldar í þinglýstum veðbréfum sínum. Samkvæmt 12. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978 hvíli sú skylda á þinglýsingarstjóra (áður þinglýsingardómara) að ganga úr skugga um það við þinglýsingu veðleyfis, að þess sé nægilega getið í veðbréfinu sjálfu. Ljóst sé, að þessa hafi ekki verið gætt við þinglýsingu á veðleyfi frá þáverandi eiganda veðbréfa sóknaraðila, Útgerðarfélaginu Þór hf., 3. mars 1989. Þá verði sú skylda ekki lögð á sóknaraðila, þrátt fyrir það að hann stundi lánastarfsemi og kaup á viðskiptabréfum, að hann afli sér veðbókarvottorðs, áður en kaup á viðskiptabréfum af hans hálfu fara fram. Um viðskiptabréf gildi sú regla, að framsalshafi fái við framsalið þann rétt, sem bréfið beri með sér, að framseljandinn eigi. Öll réttindi, sem eru ekki rituð á bréfið sjálft, glatist við framsal, þó að því tilskildu, að framsalshafinn hafi verið grandlaus um tilvist þeirra. Veðbréf sóknaraðila beri það ekki með sér, að framseljandi þeirra hafi veitt heimild til þess, að veðkrafa hans skyldi víkja fyrir 19.000.000 króna veðkröfu varnaraðila, og sóknaraðili hafi sem framsalshafi verið grandlaus um þá heimild. Leiði traustnámsreglur viðskiptabréfa til þess við framangreindar aðstæður, að sóknaraðili fái þann rétt til veðsins, sem veðbréf hans hljóðar upp á, og varnaraðili verði að hlíta því.

Um lagarök fyrir kröfum sínum vísar sóknaraðili með lögjöfnun til ákvæða tilskipunar um áritun afborgana á skuldabréf frá 9. febrúar 1798 (sic) og 5. mgr. 48. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978.

V.

Aðalkröfu sína í málinu styður varnaraðili eftirfarandi rökum:

Í fyrsta lagi heldur varnaraðili því fram, að sóknaraðili geti ekki verið að-

ili að ágreiningi um úthlutun uppboðsandvirðis vélskipsins Öðlings, þar sem hann hafi ekki lögmæta hagsmuni af málsúrslitum. Vísar varnaraðili í þessu sambandi aðallega til þeirrar 12.000.000 króna veðheimildar til Fiskveiðasjóðs, sem getið er í veðbréfum sóknaraðila og áður er vikið að. Líta verði svo á, að varnaraðili hafi gengið inn í þessa veðheimild sjóðsins, þar sem 19.000.000 króna lánveiting varnaraðila hafi komið til í staðinn fyrir lán frá Fiskveiðasjóði. Þá verði sóknaraðili að auki að hlíta því, að til úthlutunar komi á undan veðkröfu hans veðkröfur, samtals að fjárhæð 99.334.411 kr. (lögveð 2.264.268 krónur, Fiskveiðasjóður Íslands 71.754.655 krónur, Byggðastofnun, veðbréf 10. mars 1992, 6.249.605 krónur, Tryggingamiðstöðin 19.065.883 krónur). Að viðbættri framangreindri 12.000.000 króna veðheimild þurfi sóknaraðili þannig að sæta því, að veðkröfur, að fjárhæð 111.334.411 króna, komi til úthlutunar af andvirði veðsins á undan veðkröfu hans. Með því sé ljóst, að kröfugerð hans í máli þessu styðjist ekki við lögmæta hagsmuni, og beri þegar af þeirri ástæðu að hafna öllum kröfum hans.

Í öðru lagi og hvað sem framangreindu líður, telur varnaraðili það ljóst, að veðréttur sóknaraðila eigi að víkja fyrir veðrétti varnaraðila samkvæmt veðbréfinu frá 21. febrúar 1989. Sóknaraðili geti hvorki á grundvelli þinglýsingalaga né viðskiptabréfsreglna unnið betri rétt en varnaraðili í þessu máli. Í þessu sambandi sé fyrst til þess að líta, að hið umdeilda veðleyfi hafi verið gefið út af aðila, sem til þess var bær að lögum. Ákvæði 12. gr. þinglýsingalaga um könnun þinglýsingarstjóra á því, að veðleyfis sé getið í veðbréfi, lúti að formhlið þinglýsingar. Eftir að þinglýsing hefur farið fram, njóti hin þinglýstu skjöl fullrar réttarverndar samkvæmt 15. gr. laganna og réttindamissir einskorðist við heimildarskort og ógild skjöl. Engin þau atvik, er samkvæmt þessu gætu leitt til þess, að réttur varnaraðila til uppboðsandvirðis hins selda skips þurfi að víkja fyrir veðkröfu sóknaraðila, sé um að ræða í þessu máli. Þau lagaákvæði, sem sóknaraðili reisir málatilbúnað sinn á, fái hér engu um breytt. Af ákvæðum þessum verði skýrt ráðið, að réttindamissir þriðja manns takmarkist við réttindi yfir veðbréfi eða umráð þess. Réttindamissir þriðja manns nái þannig ekki til þinglýstra réttinda þriðja manns yfir öðrum veðum en viðskiptabréfum. Mál þetta varði þinglýst veðréttindi varnaraðila í vélskipinu Öðlingi, VE 202, og komi réttindum yfir viðskiptabréfi ekki á nokkurn hátt við. Þá verði að skýra greind ákvæði með hliðsjón af því, að þau feli í sér undantekningu frá þeirri meginreglu, að framsalshafi öðlist ekki frekari réttindi en framseljandi átti. Einungis skýr lagaákvæði dugi til, ef víkja skal frá þessari meginreglu.

Þá heldur varnaraðili því fram, að réttur verði ekki unninn á grundvelli traustfangsreglna, nema framsalshafi hafi hvorki þekkt né átt að þekkja

þau réttindi, sem út er rýmt. Vísar varnaraðili í þessu sambandi sérstaklega til 19. gr. þinglýsingalaga. Sóknaraðili sé viðskiptabanki, er stundi víðtæka fjármálaþjónustu. Starfsmönnum hans eigi því að vera ljóst, að við kaup á veðskuldabréfum beri þeim að kynna sér veðbókarvottorð hverju sinni, og af augljósum ástæðum nægi ekki að líta einvörðungu til veðbréfsins sjálfs. Á sóknaraðila hvíli rík rannsóknar- og aðgæsluskylda í þessum efnum, og það sé í andstöðu við skráðar og óskráðar bankareglur og góða stjórnsýsluhætti, að bankastofnun láti hjá líða að kynna sér veðstöðu og verðmæti veðskuldabréfs til hlítar, þar á meðal með könnun veðbókarvottorðs. Þetta hafi einkum verið brýnt í því tilviki, sem hér er til umfjöllunar, þar sem um háar fjárhæðir er að ræða og miklir hagsmunir í húfi. Þá verði enn fremur að líta til þess, að fjögur ár liðu frá þinglýsingu umræddra veðskuldabréfa og þar til þau voru framseld sóknaraðila. Í ljósi alls þessa hafi sóknaraðili mátt vita um veðrétt varnaraðila og því verið í góðri trú um þann rétt við framsalið. Framangreind umfjöllun miðist við það, að ekki liggi fyrir sönnun um beina vitneskju framsalshafa um réttindi þriðja manns. Í þessu máli megi hins vegar færa að því gild rök, að sóknaraðili hafi búið yfir vitneskju um hið umdeilda veðleyfi á þeim tíma, sem hér skiptir máli. Vísar varnaraðili um þetta til veðleyfis sóknaraðila frá 4. maí 1992, en samkvæmt því hafi sóknaraðili fallist á það, að veðkrafa hans skyldi víkja fyrir nýrri veðkröfu varnaraðila samkvæmt veðskuldabréfi, út gefnu 10. mars 1992. Tilurð þess veðleyfis styðji eindregið fullyrðingu varnaraðila um grandsemi sóknaraðila samkvæmt framansögðu.

Varakröfu sína styður varnaraðili þeim rökum, að hvað sem framangreindu líði, standi veðkrafa sóknaraðila ávallt að baki veðkröfum samtals að fjárhæð 99.334.411 króna (2.264.268 + 71.754.665 + 6.249.605 + 19.065.883). Þá standi eftir af uppboðsandvirðinu 8.575.559 krónur. Þeirri fjárhæð verði sóknaraðili síðan að deila með eigendum þeirra veðbréfa, er hvíli á veðinu samhliða veðbréfum hans.

VI.

Ekki verður fallist á það með varnaraðila, að veðheimild sú til Fiskveiðasjóðs, sem tilfærð er í veðbréfum sóknaraðila, standi því í vegi, að taka megi dómkröfur sóknaraðila í máli þessu til greina.

Þá er veðskuldabréf varnaraðila frá 21. febrúar 1989 var móttekið til þinglýsingar 3. næsta mánaðar, fylgdi því meðal annars veðleyfi frá Útgerðarfélaginu Þór hf. vegna fjögurra veðskuldabréfa félagsins, sem nú eru í eigu sóknaraðila málsins og krafa hans um úthlutun af uppboðsandvirði vélskipsins Öðlings styðst við. Með veðleyfi þessu samþykkti útgerðarfélagið, að veðkröfu varnaraðila yrði skipað í veðröð á undan veðkröfum

þess samkvæmt framansögðu. Var veðbréf varnaraðila fært í þinglýsingabók án athugasemdar þegar á móttökudegi þess. Við samhliða þinglýsingu nefnds veðleyfis urðu ljóslega þau mistök, að ákvæða 1. mgr. 12. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978 var eigi gætt, og við framsal til sóknaraðila í mars 1992 báru umrædd veðskuldabréf það ekki með sér, að veðleyfi hefði verið veitt. Með því að veðleyfið hins vegar stafaði frá aðila, sem að lögum var bær til að veita það, öðlaðist varnaraðili með þinglýsingunni 3. mars 1989 þann forgangsrétt til veðsins, sem veðbréf hans kvað á um. Þá standa lög ekki til þeirrar niðurstöðu, að varnaraðili hafi við framsal veðskuldabréfanna glatað þessum rétti sínum gagnvart hinum nýja eiganda þeirra, sóknaraðila þessa máls. Fær hugsanlegt grandleysi sóknaraðila um betri rétt varnaraðila hér engu breytt.

Með því, sem nú hefur verið rakið, ber að staðfesta ákvörðun sýslumannsins í Vestmannaeyjum frá 18. ágúst 1994 um úthlutun til varnaraðila af söluverði vélskipsins Öðlings, VE 202.

Eftir framangreindum málsúrslitum verður sóknaraðila gert að greiða varnaraðila málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 150.000 krónur. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Þorgeir Ingi Njálsson héraðsdómari kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Staðfest er ákvörðun sýslumannsins í Vestmannaeyjum frá 18. ágúst 1994 um úthlutun til varnaraðila, Byggðastofnunar, af söluverði vélskipsins Öðlings, VE 202, sem selt var nauðungarsölu 8. júní 1994.

Sóknaraðili, Búnaðarbanki Íslands, greiði varnaraðila 150.000 krónur í málskostnað.

Miðvikudaginn 11. janúar 1995.

Nr. 1/1995. **Gjaldheimtan í Reykjavík**
(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)
gegn
Arnfinni Róbert Einarssyni
(Magnús Guðlaugsson hrl.)

Kærumál. Þinglýsing. Aflýsing.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Markús Sigurbjörnsson og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut þessu máli til Hæstaréttar með kæru 27. desember 1994, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 2. janúar sl. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur, upp kveðinn 15. desember 1994, þar sem staðfest var aflýsing sýslumannsins í Reykjavík á lögtaksgerð sóknaraðila í fasteigninni Grettisgötu 60 í Reykjavík, en lögtaksgerðin fór fram 29. nóvember 1988 og var þinglýst 30. maí 1989. Kæruheimild er í 5. mgr. 3. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978, sbr. lög nr. 6/1992. Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og greind aflýsing verði felld úr gildi. Auk þess krefst hann málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dæma ber sóknaraðila til að greiða varnaraðila kærumálskostnað, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Gjaldheimtan í Reykjavík, greiði varnaraðila, Arnfinni Róbert Einarssyni, 40.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 15. desember 1994.

Sóknaraðili, Gjaldheimtan í Reykjavík, kt. 570169-0849, Tryggvagötu 28, Reykjavík, skaut máli þessu til héraðsdóms með bréfi, dagsettu 28. nóvember sl., er barst dóminum 5. desember. Málið var tekið til úrskurðar 12. desember.

Sóknaraðili krefst þess, að sú þinglýsingarathöfn sýslumannsins í Reykjavík 18. nóvember 1994 að aflýsa lögtaksgerð sóknaraðila í fasteigninni Grettisgötu 60, ehl. 0301, verði ógilt, en lögtaksgerðin var framkvæmd 29. nóvember 1988 og þinglýst 30. maí 1989.

Varnaraðili er Róbert Arnfinnur Einarsson (sic), kt. 071162-5169, Víðimel 59, Reykjavík. Hann krefst þess, að kröfu sóknaraðila verði hafnað og ákvörðun sýslumanns staðfest. Þá krefst hann málskostnaðar samkvæmt málskostnaðarreikningi, að fjárhæð 50.617 kr.

29. nóvember 1988 var tekin fyrir á fógetarétti Reykjavíkur krafa sóknaraðila þessa máls um lögtak hjá Birni Baldurssyni, kt. 290348-3239, til lúkningar kröfu um opinber gjöld ásamt áföllnum dráttarvöxtum, er námu samtals 278.771 kr. Lauk gerðinni með því, að gert var lögtak í eignarhluta gerðarþola í fasteigninni Grettisgötu 60.

Endurrit lögtaksgerðarinnar var afhent til þinglýsingar 30. maí 1989 með svofelldri áritun sóknaraðila: „Óskað er eftir þinglýsingu til tryggingar 175.721 kr., sem eru eftirstöðvar...“

Björn Baldursson seldi varnaraðila þessa máls íbúð sína að Grettisgötu 60 í nóvember 1989 og skuldbatt sig til að láta aflýsa lögtaksgerðinni. Það var eigi gert.

Með bréfi til sýslumannsins í Reykjavík, dagsettu 11. nóvember sl., óskaði varnaraðili aflýsingar lögtaksgerðarinnar með vísan til 37. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978. Aflýsti sýslumaður bréfinu 18. nóvember og tilkynnti það aðilum máls þessa með bréfi, dagsettu sama dag.

Sóknaraðili vísar til ákvæða 37. og 38. gr. laga nr. 39/1978. Hann telur, að áskilnaður laganna um tilkynningu til rétthafa sé fortakslaust skilyrði fyrir aflýsingu. Þetta telur sóknaraðili leiða til þess, að réttindi sín séu ekki niður fallin. Þinglýsingargildi skjalsins haldist, þótt það sé ranglega afmáð. Sé þetta sama regla og gildi um mistök við þinglýsingu almennt.

Sóknaraðili telur tilgang reglnanna um brottfall þinglýsingar vera þann, að þinglýsingabækur gefi glöggt yfirlit um réttindi yfir eignum, en að skjölum um brottfallin réttindi sé byggt út. Tilgangurinn sé ekki sá að byggja út gildum réttindum. Því beri að túlka lögin þröngt um heimild til að afmá slík réttindi. Ætlun löggjafans hafi ekki verið sú, að þinglýst réttindi féllu brott sjálfkrafa, þegar fimm ár væru liðin frá þinglýsingu, til þurfi að koma sérstök aflýsing þinglýsingarstjóra að undangengnum tilkynningum til rétthafa.

Varnaraðili kveðst hafa krafist aflýsingar lögtaksgerðarinnar á grundvelli 37. gr. þinglýsingalaga. Réttaráhrif þinglýsingar falli skv. því brott að liðnum fimm árum frá þinglýsingardegi. Rétthafi geti varnað brottfalli þinglýsingar með því að þinglýsa yfirlýsingu skv. 2. mgr. 37. gr., áður en réttaráhrif falla brott. Slík tilkynning hafi ekki verið gefin út, og því hafi réttaráhrifin fallið brott.

Varnaraðili telur þá málsástæðu sóknaraðila, að eigi hafi verið tilkynnt um aflýsinguna, ekki leiða til þess, að ákvörðun sýslumanns verði breytt. Ljóst sé, að 1. mgr. 38. gr. eigi einungis við um þau tilvik, að sýslumaður aflýsir af sjálfsdáðum; þá séu réttaráhrif þinglýsingarinnar fallin brott, og hefði sóknaraðili því ekki getað varnað aflýsingu.

Niðurstaða.

Ágreiningslaust er, að full fimm ár voru liðin, frá því að lögtaksgerð sóknaraðila var þinglýst, er sýslumaður aflýsti gerðinni og tilkynnti um þá aflýsingu. Þá er því ekki haldið fram, að tilkynningu skv. 2. mgr. 37. gr. þinglýsingalaga hafi verið þinglýst.

Í 1. mgr. 37. gr. þinglýsingalaga segir, að áhrif þinglýsingar á veðrétt, er stofnast með lögtaki, falli ekki brott, fyrr en full fimm ár eru liðin, frá því að gerðinni var þinglýst. Ákvæði þetta verður ekki skýrt öðruvísi en svo, að réttaráhrifin falli brott, þegar fimm ár eru liðin. Ekki verður lesinn út úr ákvæðinu eða öðrum ákvæðum laganna áskilnaður um, að rétthafa hafi verið tilkynnt um þetta atriði. Lokamálsliður 1. mgr. 38. gr. laganna getur ekki átt við í þessu tilviki, þar sem mælt er fyrir um brottfall þinglýsingar af sjálfsdáðum.

Samkvæmt því verður talið, að aflýsing lögtaksgerðar sóknaraðila hafi verið réttmæt. Ekki er krafist úrskurðar um frávísun lögtaksgerðarinnar frá þinglýsingu, er fram fór 30. nóvember sl., og verður því ekki um þann þátt fjallað.

Rétt er að ákveða varnaraðila málskostnað úr hendi sóknaraðila. Af reikningi þeim, er hann hefur lagt fram, verður ráðið, að hann er að hluta til fyrir vinnu, er unnin var, áður en til reksturs þessa ágreiningsmáls kom. Verður málskostnaður ákveðinn 42.000 kr., er tekið hefur verið tillit til virðisaukaskatts.

Jón Finnbjörnsson dómarafulltrúi kveður upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Framangreind aflýsing er staðfest.

Sóknaraðili, Gjaldheimtan í Reykjavík, greiði varnaraðila, Róbert Arnfinni Einarssyni (sic), 42.000 kr. í málskostnað.

Miðvikudaginn 11. janúar 1995.

Nr. 500/1994. **Sigurður Friðriksson**
(Ólafur Sigurgeirsson hdl.)
gegn
Helgu Gunnólfsdóttur
Helgu Árnadóttur
Gunnlaugu Árnadóttur og
Helgu Bylgju Gísladóttur
(Vilhjálmur Vilhjálmsson hrl.)

Kærumál. Nauðungarsala. Úthlutun söluverðs. Handveð. Mótbárumissir.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Gunnlaugur Claessen og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 14. desember 1994, sem barst réttinum 22. sama mánaðar. Um kæruheimild er vísað til 79. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu. Hann krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og að frumvarpi sýslumannsins í Keflavík um úthlutun söluverðs fasteignarinnar nr. 11 við Háseylu í Njarðvík verði breytt þannig, að handhafa veðskuldabréfs á 6. veðrétti verði úthlutað 3.754.000 krónum í stað 6.121.474 krónum. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Málavöxtum er lýst í hinum kærða úrskurði.

Í greinargerð sinni fyrir Hæstarétti hefur sóknaraðili teflt fram þeirri málsástæðu, að ekki hafi átt sér stað fullnægjandi umráðasvipting veðskuldabréfs þess, sem um ræðir í málinu. Yfirlýsing Stefáns Sigurðssonar 17. september 1989 með árituðu samþykki Jóns Sigurðssonar og Kjartans Reynis Ólafssonar hæstaréttarlögmanns þess efnis, að bréfið skuli vera í vörslum hins síðastnefnda og vera til tryggingar dómskuld Jóns Sigurðssonar við varnaraðila, hafi ekki getað stofnað til löglegs handveðs, með því að hlutverk lög-

mannsins hafi verið að gæta hagsmuna Stefáns Sigurðssonar, annars eiganda bréfsins. Varnaraðilar hafa mótmælt þessari nýju málsástæðu sóknaraðila, meðal annars vegna þess, að hún sé of seint fram komin. Þegar af þeirri ástæðu fær hún eigi komist að í málinu.

Samkvæmt þessu og að öðru leyti með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur og sóknaraðila gert að greiða kærumálskostnað, eins og greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Sigurður Friðriksson, greiði varnaraðilum, Helgu Gunnólfsdóttur, Helgu Árnadóttur, Gunnlaugu Árnadóttur og Helgu Bylgju Gísladóttur, 40.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 1. desember 1994.

I.

Dómkröfur aðila.

Mál þetta, sem varðar ágreining við úthlutun nauðungarsöluandvirðis og rekið er samkvæmt XIII. kafla laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu, var þingfest 31. ágúst 1994 og tekið til úrskurðar 30. október 1994 að loknum munnlegum málflutningi. Málið var endurupptekið 17. nóvember 1994 og samdægurs tekið til úrskurðar að nýju, eftir að gerðar höfðu verið athugasemdir til viðbótar fyrri málflutningi.

Sóknaraðili, Sigurður Friðriksson, kt. 190448-3559, Vesturgötu 37, Keflavík, gerir þá kröfu, að ákvörðun sýslumannsins í Keflavík frá 8. júlí 1994 um að byggja úthlutun söluverðs fasteignarinnar Háseylu 11, Njarðvík, á óbreyttu frumvarpi sýslumanns til úthlutunar, dags. 2. júní 1994, verði felld úr gildi og lagt verði fyrir sýslumann að úthluta varnaraðilum 3.754.000 krónum í stað 6.121.474 króna. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Varnaraðilar, Helga Gunnólfsdóttir, kt. 010825-4829, Vesturgötu 34, Keflavík, Helga Árnadóttir, kt. 311056-7009, Miðgarði 1, Keflavík, Gunnlaug Árnadóttir, kt. 300645-4299, Suðurgarði 12, Keflavík, og Helga Bylgja Gísladóttir, kt. 290164-4869, Brekkustíg 1, Sandgerði, gera þá kröfu aðallega, að frumvarp sýslumanns til úthlutunar nauðungarsöluandvirðis verði staðfest og að varnaraðilar fái 6.121.474 krónur upp í kröfu sína samkvæmt veðskuldabréfi á 6. veðrétti. Til vara er þess krafist, að varnaraðilar fái út-

hlutað 4.964.424 krónum til greiðslu á greindri veðkröfu. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi sóknaraðila að mati réttarins.

Sáttaumleitanir dómara hafa engan árangur borið.

II.

Tildrög málsins.

Með bréfi lögmanns varnaraðila, dags. 9. desember 1993, var þess krafist, að sýslumaðurinn í Keflavík seldi nauðungarsölu fasteignina Háseylu 11, Njarðvík, ásamt tilheyrandi lóðarréttindum. Krafa þessi var reist á skuldabréfi sóknaraðila til handhafa, að höfuðstól 3.754.000 krónur, út gefnu 15. september 1988, tryggðu með 10. veðrétti í eigninni og uppfærslurétti. Bréfið er til átta ára með gjalddaga 15. september ár hvert og ber 24% vexti.

Sýslumaðurinn í Keflavík tók málið til meðferðar 11. mars 1994 og ákvað gegn andmælum sóknaraðila, að uppboð á eigninni byrjaði á skrifstofu embættisins 14. næsta mánaðar. Við fyrirtöku málsins þann dag var eignin boðin upp, og kom hæsta boð frá lögmanni varnaraðila, 3.000.000 króna. Hinn 11. maí 1994 var uppboðinu fram haldið á eigninni sjálfri til að leita frekari boða, og kom hæsta boð frá Sigurjóni Hreiðarssyni, 9.100.000 króna.

Samkvæmt frumvarpi sýslumanns til úthlutunar á söluverði eignarinnar, dags. 2. júní 1994, koma 6.121.474 krónur upp í kröfu varnaraðila, en samkvæmt nauðungarsölubeiðni er fjárhæð kröfunnar 11.338.644 krónur. Með bréfi lögmanns sóknaraðila, dags. 22. sama mánaðar, var frumvarpinu mótmælt, að því er varðaði úthlutun til varnaraðila. Hinn 8. júlí 1994 var frumvarpið tekið til meðferðar hjá sýslumanni, og ákvað hann þrátt fyrir andmæli sóknaraðila, að frumvarpinu yrði ekki breytt. Við fyrirtökuna lýsti lögmaður sóknaraðila yfir, að ákvörðun þessari væri vísað til dómsins.

Með bréfi lögmanns sóknaraðila, dags. 14. júlí 1994, sem barst dóminum 18. sama mánaðar, var leitað úrlausnar dómsins um ágreining málsaðila. Málið var síðan þingfest 31. ágúst 1994, svo sem áður er getið.

III.

Málsatvik.

Með dómi bæjarþings Keflavíkur og Njarðvíkur frá 16. maí 1988 í málinu nr. 148/1987: Jón Sigurðsson gegn varnaraðilum máls þessa, var nefndur Jón dæmdur til að greiða varnaraðilum 2.209.000 krónur ásamt 17,5% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá 1. september 1986 til 1. apríl 1988, þ. e. 612.070 krónur, 2,5% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð af 1.505.070 krónum frá 1. apríl 1988 til greiðsludags og 17,5% ársvöxtum af 1.316.000 krónum frá 1. apríl 1988 til greiðsludags auk málskostnaðar, 200.000 króna. Dómi þessum var skotið til Hæstaréttar Íslands með áfrýjunarstefnu, dags. 9. desember 1988, og með dómi réttarins frá 22. júní 1992 var dómur hér-

aðsdóms staðfestur og Jón Sigurðsson dæmdur til að greiða varnaraðilum sameiginlega 180.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Hinn 30. nóvember 1988 var tekin fyrir í fógetarétti Njarðvíkur beiðni varnaraðila um fjárnám í eignum Jóns Sigurðssonar til tryggingar skuld hans samkvæmt greindum bæjarþingsdómi. Að ábendingu Jóns var meðal annars lýst fjárnámi í skuldabréfi, sem tilgreint var þannig, að bréfið væri að höfuðstól 3.700.000 krónur, út gefið af sóknaraðila til fimm ára með 6,5% föstum vöxtum og verðtryggingu, – jafnframt, að bréfið væri í vörslum Stefáns Sigurðssonar, Eyrarlandsvegi 8, Akureyri. Í fógetarétti Njarðvíkur 7. desember 1988 var tilgreining bréfsins leiðrétt þannig, að um væri að ræða skuldabréf það, er mál þetta varðar, út gefið 15. september 1989 af sóknaraðila til handhafa, að höfuðstól 3.754.000 krónur með 24% vöxtum, tryggt með 10. veðrétti í fasteigninni Háseylu 11, Njarðvík.

Kjartani Reyni Ólafssyni hrl. var fyrir hönd Stefáns Sigurðssonar afhent umrætt veðskuldabréf úr þinglýsingu 6. desember 1988. Með yfirlýsingu, dags. 17. september 1989, samþykkti nefndur Stefán sem eigandi skuldabréfsins að hluta, að bréfið mætti standa til tryggingar áðurgreindri dómskuld Jóns Sigurðssonar við varnaraðila, en það mál var þá rekið fyrir Hæstarétti. Í yfirlýsingunni kom fram, að bréfið væri í vörslum Kjartans Reynis Ólafssonar hrl. og skyldi vera í vörslum hans, þar til dómur Hæstaréttar félli, og að greindur lögmaður skyldi gæta hagsmuna og koma fram fyrir hönd Stefáns. Hinn 22. september 1989 var yfirlýsing þessi árituð um samþykki lögmannsins og Jóns Sigurðssonar.

Ágreiningslaust er með málsaðilum, að veðskuldabréfið hafi verið í vörslum Kjartans Reynis Ólafssonar hrl., þar til hann afhenti það varnaraðilum 2. nóvember 1992 að kröfu lögmanns þeirra.

Meðal málsgagna eru ljósrit af eftirfarandi kvittunum Stefáns Sigurðssonar til sóknaraðila: kvittun dags. 15. september 1989, fyrir greiðslu að fjárhæð 1.307.210 krónur vegna afborgunar og vaxta af skuldabréfi með veði í fasteigninni Háseylu 11, kvittun dags. 25. september 1990 fyrir greiðslu að fjárhæð 1.257.590 krónur vegna sama og kvittun dags. 22. janúar 1992 fyrir greiðslu að fjárhæð 2.346.250 krónur vegna lokagreiðslu af skuldabréfi með 10. veðrétti í fasteigninni Háseylu 11, Njarðvík. Veðskuldabréf það, sem liggur til grundvallar máli þessu, er ekki áritað um greiðslur þessar.

Með úrskurði skiptaréttar Akureyrar, upp kveðnum 8. október 1991, var bú Stefáns Sigurðssonar tekið til gjaldþrotaskipta, og var búskiptum lokið 24. júní 1992 á grundvelli 120. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978.

IV.

Málsástæður aðila.

Af hálfu sóknaraðila er því haldið fram, að hann hafi að fullu greitt eiganda bréfsins veðskuldabréf það, sem mál þetta lýtur að. Þar sem bréfið sjálft hafi ekki verið áritað um greiðslurnar, tapist líklega sú mótbára gagnvart grandlausum handhöfum slíks bréfs, að höfuðstóll þess sé greiddur. Hins vegar tapist ekki sú mótbára gagnvart grandlausum handhöfum bréfsins, að vextir hafi að fullu verið greiddir. Kvittanir á lausu blaði fyrir vöxtum haldi gildi sínu, sbr. 3. gr. tilskipunar um áritun afborgana á skuldabréf frá 9. febrúar 1798 (sic), sem hafi fullt lagagildi.

Varnaraðilar halda því fram, að sóknaraðila hafi ekki tekist að sanna þá staðhæfingu sína, að umrætt veðskuldabréf sé að fullu greitt. Í því sambandi séu kvittanir Stefáns Sigurðssonar ófullnægjandi, og þrátt fyrir áskorun liggi ekkert fyrir í málinu, sem bendi til þess, að greiðslur þessar hafi raunverulega verið inntar af hendi, svo sem ljósrit ávísana, afrit skattframtala eða önnur gögn. Jafnvel þótt greiðslur þessar hefðu farið fram, stofni þær sóknaraðila engan rétt, þar sem honum hafi ekki verið skylt að inna þær af hendi til annars manns en þess, sem hafði bréfið undir höndum og gat áritað bréfið um greiðslur. Það hafi Stefán ekki getað, og því hafi sóknaraðila borið að „deponera“ greiðslum. Jafnframt komi fram í yfirlýsingu Stefáns, dags. 17. september 1989, að hann sé einungis eigandi skuldabréfsins að hluta. Því hafi honum með öllu verið óheimilt að taka við greiðslum og gefa út yfirlýsingu um lokagreiðslu bréfsins, sem hann átti ekki einn, auk þess sem bréfið var ekki í hans vörslum og hafði verið veðsett til tryggingar á skuld við þriðja aðila. Sakir fjölskyldutengsla sóknaraðila við Stefán og Jón Sigurðsson hafi honum verið eða mátt vera ljósir þessir annmarkar á rétti Stefáns til að taka við ætluðum greiðslum vegna veðskuldabréfsins.

Varnaraðilar telja, að 3. gr. tilskipunar um áritun afborgana á skuldabréf frá 9. febrúar 1798 (sic) sé undantekning frá þeirri meginreglu, að lausar kvittanir fyrir greiðslum af skuldabréfi hafi aðeins gildi gagnvart útgefanda þeirra, en ekki öðrum, ef greiðslurnar eru ekki jafnframt færðar á bréfið sjálft. Þessa grein tilskipunarinnar beri því að skýra þröngt, og eigi hún ekki við um þær vaxtagreiðslur, sem sóknaraðili haldi fram, að hann hafi greitt Stefáni Sigurðssyni. Ætlaðar greiðslur samkvæmt kvittunum, dags. 25. september 1990 og 22. janúar 1992, hafi verið inntar af hendi, eftir að Stefán hafði ráðstafað bréfinu til varnaraðila, og því fullnægi vaxtagreiðslur ekki því skilyrði umræddrar 3. gr. tilskipunarinnar, að þær hafi einnig gildi gagnvart öðrum, „sem skuldabréfið hefir síðar verið selt í hendur að veði eða til eignar“.

Þá halda varnaraðilar því fram, að kvittanir Stefáns Sigurðssonar fullnægi ekki því skilyrði 3. gr. tilskipunar frá 9. febrúar 1798 (sic) að vera „sérstakar kvittanir fyrir vöxtum". Tvær þeirra tiltaki „afb. og vexti" og hin þriðja „lokagreiðslu". Fullkomin óvissa sé einnig um, hvaða fjárhæð sóknaraðili telji sig hafa greitt í vexti, og beri hann hallann af þeirri óvissu.

Til stuðnings varakröfu er vitnað til þess, að Stefán Sigurðsson hafi veitt viðtöku 4.911.050 krónum til greiðslu afborgana og vaxta að fullu samkvæmt veðskuldabréfinu, en höfuðstóll þess sé 3.754.000 krónur. Mismunur þessa, 1.157.050 krónur, sé fjárhæð vaxtagreiðslu, og því geti krafa varnaraðila samkvæmt bréfinu aldrei lækkað nema um þá fjárhæð, og komi því 4.964.424 krónur til úthlutunar. Þar sem heildarkrafan sé samkvæmt nauðungarsölubeiðni 11.338.644 krónur, eigi þessi málsástæða einnig við um aðalkröfu varnaraðila.

V.

Niðurstaða.

Í máli þessu er ágreiningur með aðilum um úthlutun nauðungarsöluandvirðis fasteignarinnar Háseylu 11, Njarðvík, til varnaraðila á grundvelli skuldabréfs, út gefins af sóknaraðila til handhafa 15. september 1988, að höfuðstól 3.754.000 krónur, með 24% vöxtum, tryggðs með veði í eigninni. Samkvæmt frumvarpi sýslumannsins í Keflavík að úthlutun söluverðs, dags. 2. júní 1994, hrekkur nauðungarsöluandvirðið til greiðslu skuldabréfsins að hluta með 6.121.474 krónum, en í nauðungarsölubeiðni varnaraðila er krafan reiknuð 11.338.644 krónur.

Andmæli sóknaraðila við frumvarpi sýslumanns lúta að því, að vextir samkvæmt skuldabréfinu séu greiddir, og því komi einungis höfuðstóll bréfsins til úthlutunar. Þessu er með öllu mótmælt af hálfu varnaraðila.

Svo sem rakið hefur verið, var Kjartani Reyni Ólafssyni hrl. fyrir hönd Stefáns Sigurðssonar afhent umrætt veðskuldabréf 6. desember 1988 að lokinni þinglýsingu, en gögn málsins benda til þess, að það hafi verið í eigu nefnds Stefáns og Jóns Sigurðssonar. Með yfirlýsingu Stefáns, dags. 17. september 1989, var skuldabréfið sett til tryggingar dómskuld Jóns við varnaraðila og greindum lögmanni falin varsla bréfsins í því skyni. Þessi yfirlýsing var samþykkt 22. sama mánaðar af Jóni og lögmanninum. Þar með öðluðust varnaraðilar handveð í umræddu veðskuldabréfi, enda var nauðsynlegra tryggingarráðstafana gætt. Greiðslur sóknaraðila til Stefáns Sigurðssonar eftir þessa ráðstöfun og án þess að hann hefði bréfið undir höndum, gátu því ekki leyst sóknaraðila undan skuldbindingu samkvæmt bréfinu, en fjárhæð þeirra var samtals 3.603.840 krónur samkvæmt kvittunum, dags. 25. september 1990 og 22. janúar 1992. Hvað sem líður gildi

greiðslu sóknaraðila fyrir umrædda veðsetningu samkvæmt kvittun, dags. 15. september 1989, að fjárhæð 1.307.210 krónur, er ótvírætt, að eftirstöðvar bréfsins að teknu tilliti til þeirrar greiðslu eru meiri en nemur þeirri fjárhæð, sem kemur til úthlutunar samkvæmt frumvarpi sýslumanns.

Hinn 2. nóvember 1992 var varnaraðilum afhent umrætt veðskuldabréf, og liggur ekki fyrir, að réttur þeirra til að krefjast greiðslu samkvæmt bréfinu hafi verið vefengdur, hvorki af sóknaraðila né þeim, sem seldu varnaraðilum bréfið að handveði.

Samkvæmt framansögðu ber að fallast á aðalkröfu varnaraðila, og er staðfest sú ákvörðun sýslumannsins í Keflavík, að frumvarp að úthlutunargerð nauðungarsöluandvirðis fasteignarinnar Háseylu 11, Njarðvík, dags. 2. júní 1994, standi óbreytt um úthlutun til varnaraðila, að fjárhæð 6.121.474 krónur, vegna veðskuldabréfs, sem hvílir á 6. veðrétti eignarinnar.

Sóknaraðili greiði varnaraðilum samtals 60.000 krónur í málskostnað.

Benedikt Bogason dómarafulltrúi kveður upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Staðfest er sú ákvörðun sýslumannsins í Keflavík, að frumvarp til úthlutunargerðar nauðungarsöluandvirðis fasteignarinnar að Háseylu 11, Njarðvík, standi óbreytt, að því er varðar úthlutun, að fjárhæð 6.121.474 krónur, til varnaraðila, Helgu Gunnólfsdóttur, Helgu Árnadóttur, Gunnlaugar Árnadóttur, og Helgu Bylgju Árnadóttur, vegna veðskuldabréfs, út gefins 15. september 1988 af sóknaraðila, Sigurði Friðrikssyni, til handhafa, að fjárhæð 3.754.000 krónur, sem hvílir á 6. veðrétti eignarinnar.

Sóknaraðili greiði varnaraðilum samtals 60.000 krónur í málskostnað.

Miðvikudaginn 11. janúar 1995.

Nr. 12/1995. **Íslensk matvælaframleiðsla hf.**

gegn

Gjaldheimtunni í Reykjavík

(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)

Kærumál. Gjaldþrotaskipti. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Markús Sigurbjörnsson og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut þessu máli til Hæstaréttar með kæru 19. desember 1994, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 9. janúar sl. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur, upp kveðinn 30. nóvember 1994, en með honum var bú sóknaraðila tekið til gjaldþrotaskipta samkvæmt kröfu varnaraðila. Kæruheimild er í 179. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl. Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, og málskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Það athugast, að eins og fram kemur í hinum kærða úrskurði, var krafa varnaraðila um, að bú sóknaraðila yrði tekið til gjaldþrotaskipta, tekin til úrskurðar á dómþingi 30. mars 1994, en úrskurðurinn var ekki kveðinn upp fyrr en 30. nóvember sama ár. Þessi stórfelldi dráttur á málsmeðferð er vítaverður.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 30. nóvember 1994.

Mál þetta var tekið til úrskurðar 30. mars sl.

Með bréfi, sem barst Héraðsdómi Reykjavíkur 12. janúar 1994, hefur Gjaldheimtan í Reykjavík, kt. 570169-0849, Tryggvagötu 28, Reykjavík,

krafist þess, að bú Íslenskrar matvælaframleiðslu hf., kt. 431189-5509, Snorrabraut 56, Reykjavík, verði tekið til gjaldþrotaskipta.

Skiptabeiðandi kveðst eiga kröfu á hendur skuldara vegna vangreiddra opinberra gjalda. Í kröfunni er höfuðstóll skuldarinnar ásamt vöxtum og kostnaði tilgreindur 695.521 kr. Gert hafi verið árangurslaust fjárnám hjá skuldara 15. desember 1993. Um lagastoð fyrir kröfu sinni vísi skiptabeiðandi til 1. tl. 2. mgr. 65. gr. laga nr. 21/1991.

Við þingfestingu málsins 2. mars sl. sótti stjórnarformaður félagsins, sem er löglærður, þing f. h. félagsins. Að ósk hans var málinu þá frestað til 30. mars sl. Við fyrirtöku málsins þann dag sótti stjórnarformaðurinn einnig þing f. h. félagsins og óskaði eftir fresti til að leggja fram dómkröfur og greinargerð til að útskýra beiðnina, enda teldi hann málið vanreifað af hálfu skiptabeiðanda og hefði ekki við rök að styðjast.

Taldi dómari beiðni þessa of seint fram komna. Hana hefði borið að setja fram við þingfestingu málsins. Lögmaður skiptabeiðanda krafðist þess, að málið yrði lagt í úrskurð, og var málið tekið til úrskurðar sama dag.

XI. kafli laga nr. 21/1991 fjallar um upphaf gjaldþrotaskipta. Í 3. mgr. 70. gr. laganna kemur fram, að ef skuldari sæki þing og lánardrottinn, sem krefst gjaldþrotaskipta á búi hans, megi héraðsdómari verða við sameiginlegri ósk þeirra um að fresta meðferð kröfunnar, þótt mótmæli hafi ekki komið fram gegn henni. Slíka fresti megi ekki veita til lengri tíma en samtals eins mánaðar. Í 4. mgr. 70. gr. sömu laga segir, að ef skuldari sæki þing og mótmæli kröfu lánardrottins um, að bú sitt verði tekið til gjaldþrotaskipta, skuli farið með hana eftir ákvæðum 168. gr. laganna.

Svo sem að framan greinir, var sótt þing af hálfu skuldara við þingfestingu málsins, án þess að mótmæli kæmu fram, og að ósk talsmanns hans var málinu að svo búnu frestað í fjórar vikur. Var það ekki fyrr en í síðara þinghaldinu, sem fram kom ósk frá talsmanni skuldara um frest til framlagningar dómkrafna og greinargerðar. Verður að skilja bókun talsmanns skuldara sem mótmæli við kröfu skiptabeiðanda. Sem fyrr greinir, hafnaði dómari ósk talsmannsins, enda taldi hann hana of seint fram komna. Skilja verður tilvitnuð lagaákvæði svo, að koma verði fram með mótmæli við kröfu lánardrottins þegar við þingfestingu máls, og því hafi þau verið of seint fram komin við síðara þinghald. Er enda ekki að finna ráðagerðir um hið gagnstæða í lögunum eða tiltækum lögskýringargögnum. Með vísan til framanritaðs ber að taka kröfu skiptabeiðanda til greina, enda er fullnægt skilyrðum 1. tl. 2. mgr. 65. gr. laga nr. 21/1991 til að verða við kröfu skiptabeiðanda. Er bú skuldara því tekið til gjaldþrotaskipta.

Júlíus B. Georgsson dómarafulltrúi kveður upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Bú Íslenskrar matvælaframleiðslu hf. er tekið til gjaldþrotaskipta.

Fimmtudaginn 12. janúar 1995.

Nr. 322/1992. **Ólafur R. Sigurðsson**
(Jón Hjaltason hrl.)
gegn
fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og samgönguráðherra f. h. Flugmálastjórnar
(Jón G. Tómasson hrl.)

Skaðabætur. Matsgerð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. júlí 1992. Hann krefst þess, að stefndu verði gert að greiða sér 489.621 krónu með dráttarvöxtum af 461.621 krónu frá 5. febrúar 1989 til 18. mars 1990 og af 489.621 krónu frá þeim degi til greiðsludags ásamt málskostnaði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Til vara krefjast þeir lækkunar á kröfum áfrýjanda, og verði málskostnaður þá felldur niður.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Íbúðarhús áfrýjanda að Stapa í Vestmannaeyjum stendur í suðurjaðri þéttbýlisins á Heimaey, eins og nánar er greint í hinum áfrýjaða dómi. Er það næsta hús til vesturs frá norðurenda Vestmannaeyjaflugvallar, þ. e. frá enda þeirrar flugbrautar, er liggur norður-suður. Braut þessi var lengd til norðurs í núverandi horf eftir eldgosið á Heimaey 1973 og þá lögð eftir jarðfyllingu, sem stendur nokkra metra upp úr landinu í kring. Milli fyllingarinnar og húss áfrýjanda er grasi gróið land, og er fjarlægðin frá húshorni að henni 110-120 metrar samkvæmt mælingu lögreglumanna. Brautarendinn er sem næst beint austur af húsinu, en austan hans í nokkurri fjarlægð eru Helgafell og Eldfell.

Mál þetta hefur áfrýjandi höfðað vegna skemmda, er urðu af grjótfoki á hús hans í fárviðri af austri, sem gekk yfir Vestmannaeyjar 5. febrúar 1989. Kveður hann grjótmylsnu hafa dunið á plast-

klæðningu og gluggum á tveimur hliðum hússins, sem sneru skáhallt við austri, meðan veðrið stóð hæst síðari hluta dagsins. Vegna veðurofsans var ekki unnt að kanna, hvaðan grjótflugið kom, en áfrýjandi taldi það stafa frá flugvellinum. Sannað er með skoðun matsmanna, sem fram fór síðar á árinu, að klæðning á umræddum hliðum hússins mátti þá heita ónýt af götum og ákomum, sem á henni voru. Gögn um ástand hússins fyrir óveðrið hafa ekki verið lögð fram.

Um atburð þennan liggur fyrir vitnisburður frá einum nágranna áfrýjanda, sem fór út úr húsi til að koma vinnuvél sinni í skjól vegna grjóthríðar í óveðrinu. Treysti hann sér ekki til að fullyrða, hvaðan malarfokið kom. Jafnframt liggur fyrir stutt skýrsla lögreglumanns, sem áfrýjandi kvaddi á vettvang að kvöldi þessa dags, þegar hríðin var afstaðin og veður að ganga niður. Skoðaði hann skemmdir á húsinu og spurðist fyrir um veðurhæð hjá flugumferðarstjóra við flugvöllinn. Hins vegar verður ekki séð, að hann hafi skoðað ummerki á flugbrautinni eða kannað með öðrum hætti, hvaðan grjótið væri komið. Jafnframt sér þess engan stað, að áfrýjandi hafi þá eða síðar borið málið upp við flugvallarvörð, sem hafði umsjón með flugvellinum, og var hann ekki kvaddur fyrir dóm til skýrslugjafar. Þegar áfrýjandi leitaði bóta fyrir tjónið, gerði hann það með bréfi til Flugmálastjórnar 21. mars 1989.

Um tjónið á húsinu hefur áfrýjandi ekki lagt fram önnur gögn en þá matsgerð dómkvaddra manna, sem rakin er í hinum áfrýjaða dómi. Í henni er einvörðungu fjallað um tjónið sjálft, en ekki um orsakir þess, enda verður matsbeiðni áfrýjanda ekki skilin þannig, að matsmenn hafi átt að kanna þær eða virða. Hefur áfrýjandi þannig ekkert aðhafst til að renna nánari stoðum undir þá staðhæfingu sína, að tjónið stafi frá flugvellinum.

Fram er komið í grófum dráttum, hvernig gerð umræddrar flugbrautar og viðhaldi hennar var háttað. Miðað við afstöðu hennar er ekki útilokað, að grjóthríðin á hús áfrýjanda hafi að einhverju leyti verið úr henni komin, enda er viðurkennt af hálfu stefndu, að fokið hafi úr flugvellinum í stórviðrum. Hins vegar liggur ekki ljóst fyrir, að þetta sé meginorsökin að hinum umfangsmiklu skemmdum á húsinu. Þannig er staðhæft í hinum áfrýjaða dómi, að á austanverðri Heimaey hafi víða verið að finna vikur og önnur óbundin jarðvegs-

efni, sem fokið gátu við aðstæður eins og þær, er hér reyndi á. Verður ekki fram hjá því gengið, að orsaka tjónsins geti einnig verið þar að leita. Hefur áfrýjandi ekki fært að því nægileg rök, eins og málatilbúnaði hans er háttað, að ástand flugbrautarinnar og lega hennar hafi ráðið úrslitum um tjón hans, þannig að bótum varði. Samkvæmt þessu verður að fallast á það með héraðsdómara, að sýkna beri stefndu af skaðabótakröfu áfrýjanda. Verður hinn áfrýjaði dómur því staðfestur.

Rétt þykir eftir atvikum, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur Héraðsdóms Suðurlands 3. júlí 1992.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 18. júní sl., hefur Ólafur R. Sigurðsson, kt. 030331-4519, Stapa, Vestmannaeyjum, höfðað hér fyrir dómi með stefnu, út gefinni 7. maí 1991, en birtri 17. og 18. maí s. á., á hendur fjármálaráðherra, Friðriki Sophussyni, kt. 181043-4669, Bjarkargötu 10, Reykjavík, f. h. ríkissjóðs og samgönguráðherra, Halldóri Blöndal, kt. 240838-4359, Tjarnarlundi 8 I, Akureyri, f. h. flugmálastjórnar, og gerir hann eftirfarandi dómkröfur:

Að stefndu verði dæmdir til að greiða stefnanda 489.621 kr. með 1,8% dráttarvöxtum á mánuði af 461.621 kr. frá 5. 2. 1989 til 1. 3. 1989, með [nánar tilgreindum dráttarvöxtum og málskostnað].

Af hálfu allra stefndu eru gerðar þær dómkröfur aðallega, að stefndu verði sýknaðir af kröfum stefnanda og þeim dæmdur málskostnaður úr hans hendi að mati réttarins.

Til vara er þess krafist, að stefnukröfur verði stórlega lækkaðar og málskostnaður í því tilviki felldur niður.

Sættir voru reyndar, en reyndust jafnan árangurslausar.

Hinn 5. febrúar 1989 brast á mikið veður í Vestmannaeyjum. Samkvæmt vottorði frá Veðurstofu Íslands voru strax á hádegi komin austsuðaustan 9 vindstig með skafrenningi. Upp úr miðjum degi jókst veðurhæðin, og gerði snjókomu, og vindur stóð beint af austri. Var skollið á fárviðri með vindstyrk vel yfir 12 vindstig. Veður fór ekki að ganga niður fyrr en eftir kvöldmat þennan sama dag. Hús stefnanda, Stapi, stendur ofarlega í austurbænum, hátt og eitt sér. Rétt fyrir vestan Stapa er þyrping húsa við Stapaveg,

en fyrir austan húsið í nokkurra hundraða metra fjarlægð er endi norður-suðurflugbrautar flugvallarins. Stefnandi telur, að í fárviðrinu hafi möl og sandur frá austurenda flugvallarins fokið á íbúðarhús sitt og eyðilagt plastklæðningu á austurhlið hússins og skemmt verulega norðaustur- og suðurhlið hússins.

Stefndu mótmæla því í sjálfu sér ekki, að stefnandi kunni að hafa orðið fyrir skemmdum á húsi sínu í óveðrinu 5. febrúar 1989. Stefndu geta hins vegar ekki fallist á, að um bótaskyldu hjá sér sé að ræða.

Stefnandi fékk tvo dómkvadda matsmenn til að meta til peningaverðs tjón á húseigninni vegna grjótfoks umræddan dag. Í matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna, dagsettri 18. mars 1990, segir m. a. eftirfarandi:

– – –

Við meðferð málsins hefur af hálfu stefndu, Flugmálastjórnar, verið upplýst, að fyrir umræddan atburð hafi slitlag síðast verið sett á Vestmannaeyjaflugvöll 1985. Slitlagið var úr hraunefni, sem malað var í kornastærðinni 0–19 mm, ásamt svokölluðum „Höfðasandi", leirkenndu efni, sem notað var til að binda hraunefnið. Stefnda, Flugmálastjórn, hafði sama ár gert samning við Áhaldaleiguna í Vestmannaeyjum um mölun á steinefni í flugvöllinn og Vestmannaeyjabæ um, að bærinn annaðist malarflutning frá mölunarstað á flugvöllinn, heflun og völtun o. þ. h. á flugvelli í Vestmannaeyjum svo og flutning á „Höfðasandi" úr sandgryfju og lagningu, heflun og völtun hans. Hraunefnið í hinni tilgreindu kornastærð var fyrst lagt á, en „Höfðasandurinn" síðan lagður yfir og þar næst valtað yfir. Gerðu Flugmálastjórn sem verkkaupi og Vestmannaeyjabær sem verktaki með sér skriflegan verksamning um flutning og lagningu á slitlagsefni á norður-suðurbraut 17. október 1985 (dskj. 18), en ekki var gerður sérstakur skriflegur samningur við Áhaldaleiguna um mölun á efni í þessa sömu braut, en byggt á fyrirliggjandi skriflegum samningi milli sömu aðila frá 17. maí 1985 (dskj. 170) og tók til efnis í austur-vesturbraut. Haustið 1990 var sett bundið slitlag á flugvöllinn, og eru að því leyti til aðstæður nú breyttar.

Stefnandi, sem kvaðst hafa búið á Stapa frá 1970, sagðist ekki muna nákvæmlega, hvenær hann hefði sett plastklæðninguna utan á húsið, en taldi, að það hefði verið fyrir 6–8 árum. Hann sagði, að fyrir óveðrið hefðu öðru hverju orðið lítils háttar skemmdir á plastklæðningunni vegna grjótflugs frá flugvellinum norður-suðurbraut, þegar um eindregna austanátt væri að ræða. Jafnan hefði þó verið um óverulegar skemmdir að ræða, sem stefnandi kvaðst hafa jafnóðum gert við. Hinn 5. febrúar 1989 hefði hins vegar keyrt um þverbak, enda hefði veðurhæð verið með ólíkindum.

Vitnið Jóhann Helgi Jónsson, starfsmaður Flugmálastjórnar sem fram-

kvæmdastjóri flugvallardeildar, sagði, að þegar slitlagið hefði verið sett á flugvöllinn 1985, hefði það verið í fyrsta skipti, sem notað hefði verið malað hraunefni. Það hefði verið augljós kostur að mala efnið, því að með því væri komið í veg fyrir, að stærri steinar færu í slitlagið, og fram kæmi eðlilegri kornadreifing. Vitnið sagði, að við flugumferð hefði hið fínasta í efninu fokið burt, en hið grófa setið eftir. Grófa efnið hefði svo verið valtað niður aftur, og hefði svo verið litið á, að í bleytutíð næði efnið bindingu aftur. Leirkennda efnið gæti einnig fokið burt, en þó ekki í eins miklum mæli og hraunefnið. Þegar bundið slitlag hefði verið sett á flugvöllinn, haustið 1990, sagði vitnið, að búið hefði verið að loka fyrir notkun „Höfðasandsins", og sagði vitnið, að eftir því sem það best vissi, hefðu umhverfissjónarmið ráðið þar miklu, þar sem menn hefðu ekki viljað láta sandinn hverfa, en hann hefði verið tekinn í Brimurð. Vitnið sagði, að á öryggissvæðum til hliðar við flugbrautirnar hefðu verið ómöluð hraunefni og ekki bundin með „Höfðasandi", og taldi vitnið, að öryggissvæðin væru 17 metra breið á hvorri hlið, mælt frá ljósalínu. Ekki sagðist vitnið geta aftekið, að fokið hefði úr öryggissvæðunum, en gat þess þó, að þau hefðu verið lítt hreyfð frá upphafi. Ekki vissi vitnið, hvenær norðurbrautin hefði verið síðast völtuð fyrir 5. febrúar 1990. Ekki treysti vitnið sér til að fortaka, að óbundin slitlagsefni, sem hafi verið í brautunum á þeim tíma, hafi fokið í því aftakaveðri, sem verið hefði 5. febrúar 1989, en hraunefnin væru mjög létt í sér. Vitnið vissi ekki til þess, að matsmenn hefðu látið Flugmálastjórn vita um það, þegar matið var framkvæmt, hvorki munnlega né skriflega.

Vitnið Ólafur Bjarnason umdæmisstjóri, starfsmaður Flugmálastjórnar, sagðist telja, að framkvæmd öll við lagningu á slitlagsefni haustið 1985 hefði tekist vel. Norðurendi norður-suðurbrautar hefði verið byggður upp úr sprengdu grjóti á svæðinu og þar yfir sett gróft hraun eða grófur „bruni", síðan hefði tekið við malaður bruni og „Höfðasandur". Vitnið sagði, að þegar hreinsað hefði verið eftir gosið, hefði því efni verið ekið upp í öryggissvæðið og síðan sáð í kantana. Vitnið sagðist telja, að ekki hefði verið um annað efni að ræða sem slitlagsefni 1985. Vitnið sagði, að brautin hefði verið völtuð reglulega, eftir því sem hún hefði rótast upp vegna flugumferðar. Vitnið benti á, að völtun brauta hefði farið eftir flugumferðinni, en giskaði á, að það hefði verið gert tvisvar til þrisvar í mánuði. Ekki vissi vitnið, hvenær norður-suðurbraut hefði verið völtuð síðast fyrir 5. febrúar 1989, og ekki heldur, hvort mikið fok hefði verið af flugbrautum í óveðrinu 5. febrúar 1989.

Vitnið Þórður Magnússon, Stapavegi 10, nágranni stefnanda, kvaðst muna eftir miklu malarfoki í óveðrinu 5. febrúar 1989, en hvaðan það hefði

komið, vissi vitnið ekki. Vitnið kvaðst hafa farið út í óveðrinu, því að það hefði beðið stefnanda um leyfi til að setja skurðgröfu sína í skjól við bílskúr stefnanda vegna grjóthríðar, og taldi vitnið, að þá hefði verið austanátt.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að stefndu beri eigandaábyrgð á flugvellinum í Vestmannaeyjum og að þannig sé frá flugvellinum gengið, að hann valdi ekki öðrum tjóni. Eigandi mannvirkis verði að bera ábyrgð á, að mannvirkið valdi ekki tjóni á eignum manna. Eigandi mannvirkis verði að fullnægja öllum kröfum um, að mannvirkið valdi ekki tjóni á granneignum. Alveg sé víst, að hætta stafi af flugvellinum fyrir granneignir við ákveðnar aðstæður í ofsaveðri. Hættulegur ofaníburður hafi lent á húsi stefnanda. Eigandi mannvirkis beri ábyrgð á mannvirkinu. Flugvöllurinn hafi í upphafi haft þann ágalla, að hann hafi getað valdið tjóni, og á því beri stefnda ábyrgð. Skemmdir á plastklæðningu á húsi stefnanda megi því rekja til stefndu, því að í óveðrinu 5. febrúar 1989, hafi möl og sandur fokið á íbúðarhús stefnanda og skemmt plastklæðningu á húsinu. Gagnvart stefnanda beri stefndu sameiginlega skaðabótaábyrgð á tjóninu, en dómkröfur byggist á mati hinna dómkvöddu matsmanna. Þótt þannig sé ljóst, að stefnda, Flugmálastjórn, beri, eins og að framan greinir, eigandaábyrgð á flugvellinum, vísi stefnandi einnig til almennu skaðabótareglunnar um ábyrgð stefndu á tjóninu. Einhliða vefenging stefndu á ábyrgð á tjóninu, sem fram komi í dskj. 12, eigi sér ekki stoð í gögnum málsins og hafi því ekkert gildi. Hins vegar liggi það alveg ljóst fyrir, hvaðan efnið hafi komið; það hafi komið frá flugvellinum og engum stað öðrum. Í því sambandi megi benda á, að við vettvangsgöngu hafi fyrir austan húsið, en í nágrenni við það, fundist steinefni, sem örugglega megi rekja til flugvallarins.

Af hálfu stefndu er því hins vegar algjörlega hafnað, að stefndu beri einhverja hlutlæga ábyrgð á tjóni stefnanda. Eigendur og umráðamenn fasteigna bera því aðeins hlutlæga ábyrgð á tjóni, er verður vegna ástands eignanna, að skýrar lagareglur mæli fyrir um slíka bótaábyrgð. Engum slíkum lagafyrirmælum sé hér til að dreifa. Ósannað sé með öllu, að skemmdir á húsi stefnanda hafi orðið vegna foks á lausamöl frá flugvellinum. Alkunna sé, að á austurhluta Heimaeyjar sé mikið vikurfok við sérstakar veðuraðstæður. Þá staðhæfingu stefnanda, að lausamöl sú, sem skemmdunum olli, hafi komið frá flugvellinum og ekki frá öðrum stað, telji stefndu ósannaða með öllu. Í því sambandi sé rétt að vekja athygli á því, að vitnið Þórður Magnússon, nágranni stefnanda, treysti sér ekki til að segja til um, hvaðan grjótflugið hafi komið. Ekki sé neinni sök til að dreifa hjá stefnanda fyrir það að nota það slitlagsefni í flugbrautirnar, sem notað hafi verið, enda hafi hér verið um besta fáanlega efnið að ræða og unnið úr því með besta fáan-

lega tækjakosti. Að því er matsgerðina varði, sé málið ákaflega illa reifað; þannig sé ósamræmi í framburði matsmanna, að því er varði, hvað í matinu felist, og af hálfu stefnanda hafi ekkert verið gert til að upplýsa, hvernig niðurstöðutalan sé fengin. Athyglisvert sé, en upplýst af stefnanda, að úrbætur samkvæmt mati hafi ekki farið fram, en engir kostnaðarreikningar lagðir fram, sem hafi, eins og hér stendur á, verið sjálfsagt, enda þyrfti þá ekki að styðjast við matið.

Niðurstaða.

Matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna hefur ekki sönnunargildi í máli þessu, en stefnandi hefur ekki sýnt fram á, hvaða efnislegar forsendur liggja að baki heildarniðurstöðu matsins, og framburður matsmanna óljós í þeim efnum. Matið þykir enn fremur hafa formlega ágalla, en matsmönnunum hefur sýnilega láðst að tryggja sér sannanir fyrir því, að aðila frá Flugmálastjórn hafi verið gefinn kostur á að vera viðstöddum, er matið var framkvæmt, en viðvera beggja málsaðila eða talsmanna þeirra sem og tilkynning þar að lútandi þykir vera eitt af grundvallaratriðum fyrir réttri framkvæmd matsins.

Stefnandi hefur hvorki sýnt fram á, að slitlagsefnið, sem notað hafi verið í flugvöllinn, hafi verið hættulegt né að viðhaldi hafi verið ábótavant. Þótt ekki sé óhugsandi, að hraunefni hafi fokið úr brautinni í óveðrinu 5. febrúar 1990, verður að telja, að stefnandi hafi ekki sýnt fram á eða gert sennilegt, að það hafi valdið tjóni á húsi hans, enda vikur og óbundin jarðvegsefni víða að finna á austurbyggð Heimaeyjar, sem fokið gátu við þær aðstæður, sem voru 5. febrúar 1990. Sú niðurstaða er einnig í samræmi við framburð vitnisins Þórðar Magnússonar, sem hætti sér út í óveðrið, en vitnið kvaðst ekki treysta sér til að segja til um, hvaðan malarfokið kom.

Með því að ósannað er, að Flugmálastjórn sem eigandi Vestmannaeyjaflugvallar hafi valdið bótaskyldu tjóni á húsi stefnanda, verður að sýkna stefndu fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og samgönguráðherra f. h. Flugmálastjórnar af skaðabótakröfu stefnanda, Ólafs R. Sigurðssonar, í málinu, en eftir atvikum þykir rétt að láta málskostnað falla niður.

Er aðalmeðferð með munnlegum málflutningi fór fram í málinu 18. júní sl., voru lög nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði ásamt breytingalögum nr. 28/1981 enn í gildi. Meðferð málsins fór því fram fyrir bæjarþingi Vestmannaeyja, en er dómur er nú upp kveðinn, hafa lög um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði nr. 92/1989 ásamt lögum nr. 91/1991 um meðferð einkamála verið lögfest og öðlast gildi, en hvor tveggja lögin öðluðust gildi 1. júlí 1992. Hinn 1. júlí 1992 hafði dómur ekki enn verið kveðinn

upp í málinu. Með því að mál þetta færðist yfir í Héraðsdóm Suðurlands, Selfossi, sbr. I. kafla laga nr. 92/1989 og 1. mgr. 164. gr. laga nr. 91/1991, hinn 1. júlí sl., er dómur nú upp kveðinn í Héraðsdómi Suðurlands, Selfossi, en dómarinn er einn þriggja dómara við þann dómstól. Málið hefur hlotið nýtt málsnúmer í samræmi við áorðna réttarfarsbreytingu, en málið bar áður málsnr. 55/1991.

Jón Ragnar Þorsteinsson héraðsdómari, sem fékk málið til meðferðar strax eftir réttarhlé 1991, dæmir mál þetta.

D ó m s o r ð:

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og samgönguráðherra f. h. Flugmálastjórnar skulu vera sýknir af skaðabótakröfu stefnanda, Ólafs R. Sigurðssonar, í máli þessu, en málskostnaður skal niður falla.

Fimmtudaginn 12. janúar 1995.

Nr. 5/1993. **Ólafur M. Ólafsson og**
Sjóvá-Almennar tryggingar hf.
(Guðmundur Pétursson hrl.)
gegn
Vivian D. Ólafsdóttur
(Sigurmar K. Albertsson hrl.)
og gagnsök

Skaðabætur. Fjártjón.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Markús Sigurbjörnsson og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Aðaláfrýjendur skutu málinu til Hæstaréttar með stefnu 5. janúar 1993. Þeir gera þær dómkröfur, að þeir verði sýknaðir af kröfum gagnáfrýjanda gegn greiðslu á 250.000 krónum auk eðlilegs sannanlegs kostnaðar vegna læknisvottorða og innheimtulauna. Þeir krefjast og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 1. júní 1993 að fengnu áfrýjunarleyfi 24. maí s. á. Hún krefst þess, að aðaláfrýjendur verði dæmdir in solidum til að greiða sér skaða- og miskabætur, að fjárhæð 876.700 krónur, með nánar tilgreindum vöxtum, sem eru almennir sparisjóðsvextir Landsbanka Íslands, frá slysdegi 19. maí 1988 til þingfestingardags 12. maí 1992, en með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr., sbr. 14. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, frá þeim degi til greiðsludags, er leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 12. maí 1993. Til vara er þess krafist, að aðaláfrýjendur verði dæmdir til að greiða 819.200 krónur ásamt vöxtum sem í aðalkröfu. Loks er krafist málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lagðar nýjar ljósmyndir af andliti gagnáfrýjanda.

I.

Ágreiningur málsaðila lýtur að fjárhæð bótagreiðslna til gagnáfrýjanda, sem bitin var í andlitið af stórum hundi 19. maí 1988, þeg-

ar hún var nýorðin fjögurra ára gömul. Aðaláfrýjendur hafa viðurkennt bótaskyldu.

Krafa gagnáfrýjanda skiptist í bætur vegna fjárhagslegs tjóns og miskabætur. Hið fjárhagslega tjón er reist á útreikningi tryggingastærðfræðings frá 6. mars 1992, sem lagði til grundvallar örorkumat Björns Önundarsonar tryggingayfirlæknis, sem mat örorku stúlkunnar af völdum slyssins 5% varanlega. Að beiðni lögmanns gagnáfrýjanda áætlaði tryggingastærðfræðingurinn tekjur hennar og tekjutap á tvennan hátt, annars vegar svo sem hún sé stúlka og hins vegar sem hún væri piltur. Í fyrra tilviki var höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps reiknað eftir áætlun um tekjur iðnlærðra kvenna og talið nema á slysdegi 395.500 krónum, en í hinu síðara var reiknað út frá tekjum iðnlærðra karla og talið nema 449.700 krónum. Verðmæti tapaðra lífeyrisréttinda var áætlað 6% af þessum fjárhæðum. Kemur mismunur á þessum útreikningsaðferðum fram í aðalkröfu og varakröfu gagnáfrýjanda.

II.

Þegar litið er til fram lagðra læknisvottorða og álitsgerðar sálfræðings, ber að fallast á, að gagnáfrýjandi, Vivian, hafi bæði orðið fyrir fjártjóni og miska vegna slyssins 19. maí 1988, enda hafa aðaláfrýjendur ekki leitast við að hnekkja örorkumati með læknisfræðilegum röksemdum.

Fyrir liggur örorkutjónsútreikningur Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingastærðfræðings, sem miðast við meðaltekjur iðnaðarmanna samkvæmt skýrslum Kjararannsóknarnefndar, en þær sýna, að tekjur kvenna eru almennt lægri en tekjur karlmanna. Þegar miðað er við útreikning tryggingastærðfræðings, verður að leggja til grundvallar, eins og unnt er, atvik, sem varða gagngert tjónþola sjálfan. Þykir það ekki brjóta gegn lögum nr. 28/1991 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Eftir atvikum þykir rétt að ákveða gagnáfrýjanda bætur í einu lagi fyrir fjártjón og miska. Þykja bætur þessar hæfilega ákveðnar 500.000 krónur. Ber að dæma aðaláfrýjendur til að greiða gagnáfrýjanda þá fjárhæð með vöxtum í samræmi við kröfugerð hennar.

Rétt er, að aðaláfrýjendur greiði gagnáfrýjanda 300.000 krónur

samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Hefur þá verið tekið tillit til útlagðs kostnaðar, en ekki til virðisaukaskatts.

D ó m s o r ð:

Aðaláfrýjendur, Ólafur M. Ólafsson og Sjóvá-Almennar tryggingar hf., greiði in solidum gagnáfrýjanda, Vivian D. Ólafsdóttur, 500.000 krónur með ársvöxtum sem hér greinir: 19% frá 19. maí 1988 til 11. júní s. á., 23% frá þeim degi til 21. júní s. á., 24% frá þeim degi til 1. ágúst s. á., 26% frá þeim degi til 21. ágúst s. á., 22% frá þeim degi til 1. september s. á., 12% frá þeim degi til 11. október s. á., 9% frá þeim degi til 21. október s. á., 6% frá þeim degi til 1. desember s. á., 4% frá þeim degi til 21. janúar 1989, 6% frá þeim degi til 1. febrúar s. á., 8% frá þeim degi til 1. mars s. á., 10% frá þeim degi til 21. mars s. á., 13% frá þeim degi til 11. apríl s. á., 15% frá þeim degi til 11. júní s. á., 17% frá þeim degi til 21. júlí s. á., 12% frá þeim degi til 1. ágúst s. á., 10% frá þeim degi til 1. september s. á., 6% frá þeim degi til 21. september s. á., 8% frá þeim degi til 21. október s. á., 9% frá þeim degi til 1. nóvember s. á., 11% frá þeim degi til 1. janúar 1990, 9% frá þeim degi 21. janúar s. á., 7% frá þeim degi til 1. mars s. á., 5% frá þeim degi til 1. apríl s. á., 3% frá þeim degi til 1. október s. á., 2,5% frá þeim degi til 1. janúar 1991, 3,5% frá þeim degi til 21. janúar s. á., 5% frá þeim degi til 1. júní s. á., 6% frá þeim degi til 1. ágúst s. á., 7% frá þeim degi til 11. október s. á., 4% frá þeim degi til 1. nóvember s. á., 3,75% frá þeim degi til 21. nóvember s. á., 3,5% frá þeim degi til 1. desember s. á., 3% frá þeim degi til 12. maí 1992, en með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr., sbr. 14. gr. laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags, er leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 12. maí 1993.

Aðaláfrýjendur greiði in solidum gagnáfrýjanda 300.000 kr. í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 18. desember 1992.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum flutningi 10. desember sl., er höfðað með stefnu, sem árituð er um viðtöku 7. maí sl.

Aðilar og dómkröfur.

Stefnandi er Rita Didriksen, kt. 101061-4309, Þverholti 11, Mosfellsbæ, vegna ólögráða dóttur sinnar, Vivian D. Ólafsdóttur, kt. 120584-8129.

Stefndu eru Ólafur M. Ólafsson, kt. 150659-2139, Skeiðarvogi 77, Reykjavík, og Sjóvá-Almennar tryggingar hf., kt. 701288-1739, Kringlunni 5, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði óskipt dæmdir til greiðslu skaða- og miskabóta, að fjárhæð 1.500.000 kr., með [nánar tilgreindum vöxtum].

Kröfu sína sundurliðar stefnandi nánar þannig, að krafist er bóta vegna fjárhagslegs tjóns, er grundvallast á örorkumati og útreikningi tryggingastærðfræðings. Er þess aðallega krafist, að bætur verði miðaðar við þá niðurstöðu tryggingastærðfræðingsins, er styðst við þá forsendu, að tjónþoli sé piltur og nemi þá vinnutekjutap stefnanda auk tapaðra lífeyrisréttinda samtals 476.700 kr. Til vara er þess krafist, að þetta tjón sé miðað við, að stefnandi sé stúlka, og nemi tjónið þá 419.200 kr. Þá er krafist miskabóta, að fjárhæð 400.000 kr. Stefnukrafan er allmiklu hærri en nemur útreiknuðu fjárhagslegu tjóni stefnanda að viðbættum miskabótum, og kveður stefnandi þá tilhögun styðjast við heimild í 45. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands, ef til áfrýjunar málsins kæmi síðar.

Þá er krafist málskostnaðar [...].

Stefndu krefjast sýknu af kröfum stefnanda gegn greiðslu á 250.000 kr., auk eðlilegs kostnaðar, það er vegna læknisvottorða, 13.865 kr., og innheimtulauna. Til vara er krafist lækkunar á kröfunum.

Málavextir.

Hinn 19. maí 1988 var stefnandi, Vivian D. Ólafsdóttir, gestkomandi að Grundarlandi 8 í Reykjavík. Réðst þá á hana Schäfer-hundur, eign stefnda Ólafs, og beit hana í andlit.

Vivian var flutt á slysadeild Borgarspítalans, og segir í vottorði þaðan um meiðsli hennar: „Við skoðun er hún með sár á kinn og nefrót og augnaloki. Um er að ræða hrufl á kinn og nefrót og flipasár á kinn fyrir neðan hægra augnalok, u. þ. b. 2 cm að stærð, og annar flipi jafnstór á efra augnaloki. Ekki er að sjá önnur meiðsli á Vivian. Þessi sár voru þvegin og hreinsuð og síðan saumuð saman með samtals 5 saumum. Auk þess var Vivian sett á sýklalyf vegna hættu á sýkingu."

Vivian var skoðuð af Jens Kjartanssyni lýtalækni 2. september 1991 og

segir í vottorði hans frá 27. s. m.: „. . . við skoðun kemur í ljós að sjúklingur er með ör í andliti, sem munu vera eftir hundsbit, sem stúlkan varð fyrir í maí 1988. Örin eru öll gróin og engar sáramyndanir og ekki sjást neinir aðskotahlutir í örunum. Á kinn og yfir nefrót eru litlar örmyndanir, sem ekki er mögulegt að lagfæra, enda þær ekki áberandi. Hins vegar er ríflega 1 cm ör á hægra efra augnloki, sem er óreglulegt, og ca. 1 × 1½ cm flipaskurður á hægri kinn og mætti reyna að lagfæra bæði þessi ör en sjálfsagt er það ekki æskilegt fyrr en stúlkan er komin á unglingsár þar sem örmyndun er yfirleitt betri í fólki eftir því sem það verður eldra."

Björn Önundarson læknir mat örorku Vivian. Hann skoðaði hana 10. febrúar 1992. Björn hefur það eftir móður hennar, að Vivian hafi lengi eftir slysið verið hrædd við hunda og sé það reyndar enn. Hún hafi lengi vel vaknað á næturnar við slæma martröð, er móðirin taldi mega rekja til árásar hundsins. Móðirin sagði örsvæði á hægri kinn og hægra augnloki roðna, t. d. þegar stúlkan væri úti í köldu veðri. Sjálf sagðist Vivian vera hrædd við hunda, er hún þekkti ekki. Hún var talin hafa verið alveg ófær til starfs og leikja í fjórar vikur og haft verulega skerta getu til slíkra athafna í aðrar fjórar. Varanlega sé um lítils háttar örorku að ræða. Um skoðunina segir orðrétt: „Við skoðun nú sést að um eins og hálfs cm ör liggur undir hægra auga og er ör þetta bogadregið. Örið liggur nokkurn veginn undir miðju auganu, þau e. t. v. aðeins lateralt. Örið er einnig á hægra efra augnloki. Það ör er minna og lítið áberandi. Örið neðan við augað er vel merkjanlegt, lítils háttar rautt og vel afmarkað."

Í niðurstöðum Björns segir: „Örsvæði er svo sem að framan er lýst, þau eru ekki áberandi, en örið á hægri kinn undir hægra auga er þó vel merkjanlegt. Lítils háttar roði er þarna í kring. Móðir telur að þetta roðni óeðlilega mikið þegar slasaða er í köldu umhverfi. Undir viðtalinu er erfitt að gera sér grein fyrir hvort slasaða ber af þessu andlegan vanda. Oft er að slík einkenni koma ekki fram fyrr en nokkru síðar, þ. e. um eða eftir kynþroskaaldur. Líklegt er að gera megi við örsvæðið á kinninni, sem veldur nú lýti og hugsanlega óþægindum, einkum í köldu veðri. Verra er, svo sem að framan greinir, að gera sér grein fyrir hvort verður um verulegar andlegar afleiðingar að ræða, en að sjálfsögðu er ung stúlka næm fyrir lýti í andliti sínu. Það verður þannig ekki útilokað að síðar meir kunni hugsanlega að verða að endurmeta örorku slösuðu í ljósi nýrra eða breyttra einkenna, sem vafalítið yrði þá aðallega frá hinni andlegu hlið, en fullyrða má að það örorkumat yrði þá einungis til hækkunar."

Björn mat síðan örorku Vivian 100% í fjórar vikur, 50% í fjórar vikur og varanlega örorku 5%.

Jón Erlingur Þorlákssson tryggingastærðfræðingur hefur reiknað út örorkutjón Vivian. Um er að ræða tvenns konar útreikninga, annars vegar út frá þeirri forsendu, að um stúlku er að ræða, er ekki muni síðar hafa jafnhá laun sem piltar. Höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps reiknast honum þá nema á slysdegi 395.500 krónum og verðmæti tapaðra lífeyrisréttinda 23.700 krónum. Hins vegar reiknar Jón Erlingur út frá þeirri forsendu, að um pilt sé að ræða, og verður höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps þá 449.700 kr. og verðmæti tapaðra lífeyrisréttinda 27.000 kr.

– – –

Niðurstaða.

Stefndu hafa ekki mótmælt bótaskyldu sinni, heldur snýst ágreiningurinn um fjárhæð bóta og hvort bætt skuli örorkutjón og miski eða einungis miski. Stefndu hafa boðið fram 250.000 krónur í bætur auk eðlilegs kostnaðar, og við aðalmeðferð málsins kom fram, að sú greiðsla hefði verið hugsuð sem miskabótagreiðsla.

Stefnandi var fjögurra ára, er hundurinn réðst á hana. Áverkum hennar var lýst hér að framan. Hún kom fyrir dóm við aðalmeðferð málsins, þá átta og hálfs árs. Á henni mátti sjá greinilegt ör fyrir neðan hægra auga og á hægra augnaloki. Það kom fram hjá föður hennar, að í frosti sé erting í örunum og þá sé í þeim áberandi roði. Á sumrin séu þau einnig áberandi og þá hvítari en hörundið í kring. Einnig kom fram hjá honum, að örin myndu ekki stækka með aldrinum.

Örorka stefnanda er að sönnu lítil og vandséð, hvernig hún geti haft áhrif á aflahæfi hennar síðar meir, ef eingöngu er litið til afkasta hugar og handa. Hér er hins vegar á það að líta, að í margbrotnu þjóðfélagi samtímans reynir á margt annað í starfi manna og starfsvali. Eitt af þeim atriðum er útlit manna, ekki síst kvenna. Ekki er fyrir séð, svo að öruggt sé, hvernig andlitslýti stefnanda munu hafast við, en gögn málsins benda til þess, að það verði í fyrsta lagi á unglingsárum, sem hægt verði að reyna að lagfæra þau. Með vísan til þessa og þeirra læknisfræðilegu gagna, sem rakin voru hér að framan, þykir stefnandi eiga rétt á örorkubótum. Verður örorkumatið lagt til grundvallar, enda hefur því ekki verið hnekkt. Þá verður og tekin til greina krafa stefnanda um greiðslu fyrir töpuð lífeyrisréttindi.

Við ákvörðun örorkubóta verður útreikningur Jóns Erlings Þorlákssonar lagður til grundvallar og miðað við vinnutekjutap pilta. Óheimilt er með vísan til 3. og 4. gr. laga nr. 28/1991 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla að taka þá málsástæðu stefndu til greina, að stefnanda beri lægri örorkubætur fyrir þá sök eina, að hún er stúlka.

Andlitslýti eru öðrum líkamslýtum verri að því leyti, að þau verða vart

hulin og eru sýnileg öllum. Stefnandi á eftir að lifa það aldursskeið, þegar menn eru hvað viðkvæmastir fyrir útliti sínu, þ. e. unglingsárin. Örin eftir hundsbitið eiga því að öllum líkindum eftir að verða henni til ama og jafnvel valda henni andlegum erfiðleikum, eins og fram kemur í örorkumati. Með vísan til þessa þykir stefnandi eiga rétt á miskabótum, og hefur þá einnig verið tekið tillit til þjáninganna, er voru afleiðingar árásar hundsins, og þess, hversu ógnvekjandi hún hefur verið fyrir fjögurra ára barn, en alkunna er, hversu stórir og ógnandi Schäfer-hundar eru.

Eins og hér stendur á, þykir rétt að dæma stefnanda bætur í einu lagi fyrir örorku og miska. Er þá höfð hliðsjón af því, að jafnan mun einhver miski vera innifalinn í örorku, þegar hún er jafnlág og í þessu máli. Þykja heildarbætur til stefnanda hæfilega ákveðnar 450.000 kr., og hefur þá verið tekið tillit til þess hagræðis, er hún hefur af eingreiðslu þeirra og skattfrelsi. Verða stefndu dæmdir óskipt til að greiða stefnanda þessa fjárhæð með vöxtum skv. 7. gr., sbr. 8. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 2. gr. laga nr. 67/1989, frá slysdegi til dagsins í dag, en með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags. Enn fremur skulu þeir greiða stefnanda 150.000 kr. í málskostnað auk virðisaukaskatts, og beri málskostnaðurinn dráttarvexti frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Arngrímur Ísberg héraðsdómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndu, Ólafur M. Ólafsson og Sjóvá-Almennar tryggingar hf., greiði óskipt stefnanda, Ritu Didriksen fyrir hönd ófjárráða dóttur hennar, Vivian D. Ólafsdóttur, 450.000 krónur með vöxtum samkvæmt 7. gr., sbr. 8. gr. vaxtalaga, frá 19. maí 1988 til 18. desember 1992, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags og 150.000 krónur í málskostnað auk virðisaukaskatts, og beri málskostnaður dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Föstudaginn 13. janúar 1995.

Nr. 15/1995. **Rannsóknarlögregla ríkisins**
gegn
Steingrími Njálssyni
(Þorvaldur Jóhannsson hdl.)

Kærumál. Gæsluvarðhaldsúrskurður felldur úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Pétur Kr. Hafstein og Gunnlaugur Claessen og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 9. janúar sl., sem barst réttinum 12. sama mánaðar. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldi verði markaður skemmri tími. Þá krefst varnaraðili kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð endurrit af lögregluskýrslum, sem teknar voru af kærða og vitnum á tímabilinu 8. – 12. janúar síðastliðinn. Í greinargerð sóknaraðila, sem barst Hæstarétti í dag, eru ekki færð rök fyrir því, að frekara gæsluvarðhalds sé þörf vegna rannsóknarhagsmuna.

Með dómi Hæstaréttar 8. desember 1994 í málinu nr. 364/1994 var varnaraðila dæmd sex mánaða óskilorðsbundin fangelsisrefsing, er ekki hefur komið til afplánunar á. Þegar af þeirri ástæðu verður gæsluvarðhaldsvist eigi reist á c-lið 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Samkvæmt framangreindu verður hinn kærði úrskurður felldur úr gildi.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 7. janúar 1995.

Ár 1995, laugardaginn 7. janúar, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Sigurjónu Símonardóttur dómarafulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess, að Steingrími Njálssyni, kt. 210442-3679, til heimilis að 1. götu 15 við Suðurlandsveg í Reykjavík, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til föstudags 3. febrúar 1995 kl. 16.00 vegna grunar um brot hans gegn 226. gr. alm. hgl. nr. 19/1994 og XXII. kafla, einkum 196. gr., sbr. 20. gr. sömu laga. Er krafan um gæsluvarðhald reist á a- og c-lið 1. mgr. 103. laga nr. 19/1991.

– – –

Kærði þverneitar þeim sakargiftum, sem á hann eru bornar. Hann hefur hins vegar viðurkennt, að kærandi [...] hafi verið með sér á heimili sínu umrætt kvöld, en kveður hann hafa verið þar af fúsum og frjálsum vilja og neitar með öllu að hafa beitt hann kynferðislegri áreitni. Brot þau, sem kærða eru gefin að sök, eru mjög alvarlegs eðlis og geta varðað hann fangelsi. Rannsókn máls þessa er á frumstigi. Þá er óljóst, hver atburðarásin hefur verið, en kærði gefur aðrar lýsingu á henni en kærandi. Eftir er að taka ýtarlegri skýrslu af kæranda svo og rekja ferðir kærða með leigubifreiðum umrætt kvöld og taka skýrslur af hugsanlegum vitnum. Verður því að ætla, að kærði muni torvelda rannsókn málsins, fari hann frjáls ferða sinna. Frammi liggur sakavottorð kærða, en samkvæmt því hefur hann hlotið sex dóma fyrir kynferðisbrot gegn drengjum og ungum piltum. Brot það, sem honum er hér gefið að sök, er hliðstætt fyrrgreindum brotum kærða. Samkvæmt því verður fallist á, að hætta sé á, að kærði muni halda áfram brotum, meðan máli hans er ekki lokið.

Með vísan til framanritaðs, rannsóknargagna málsins og með skírskotun til a- og c-liðar 103. gr. laga nr. 19/1991 þykir verða að taka kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins til greina, eins og hún er fram sett.

Úrskurðarorð:

Kærði, Steingrímur Njálsson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til föstudags 3. febrúar 1995 kl. 16.00.

Þriðjudaginn 17. janúar 1995.

Nr. 7/1995. **Guðjón Böðvarsson sf.**
(Sigurður Sigurjónsson hrl.)
gegn
tollstjóranum í Reykjavík
(Björn Hermannsson hrl.)

Kærumál. Fjárnám.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Markús Sigurbjörnsson og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 29. desember 1994, sem barst réttinum 6. janúar 1995. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur, upp kveðinn 15. desember 1994. Kæruheimild er í 3. mgr. 95. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 102. gr. laga nr. 92/1991. Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og fjárnámsgerð sýslumannsins í Reykjavík, sem fór fram hjá kæranda 21. febrúar 1994, verði ógilt. Þá krefst hann „niðurfellingar á álagningu sölugjalds vaxta og viðurlaga, eins og fram kemur í úrskurði ríkisskattstjóra og greiðsluyfirliti tollstjórans í Reykjavík". Enn fremur krefst hann málskostnaðar fyrir héraðsdómi og Hæstarétti.

Varnaraðili krefst þess, að málinu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara að fyrrgreind fjárnámsgerð verði staðfest. Einnig krefst hann málskostnaðar.

Krafa varnaraðila um vísun málsins frá Hæstarétti er engum rökum studd, og verður hún ekki tekin til greina.

Hinn kærða úrskurð þykir mega staðfesta með vísun til forsendna hans.

Sóknaraðila ber að greiða varnaraðila kærumálskostnað, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Guðjón Böðvarsson sf., greiði varnaraðila, tollstjóranum í Reykjavík, 30.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 15. desember 1994.

I.

Mál þetta var tekið til úrskurðar 28. nóvember 1994 að loknum munnlegum málflutningi.

Sóknaraðili málsins er Guðjón Böðvarsson sf., kt. 631079-0599, Selvogsgrunni 13, Reykjavík.

Varnaraðili málsins er tollstjórinn í Reykjavík, kt. 650269-7649, Tryggvagötu 19, Reykjavík.

Endanlegar dómkröfur sóknaraðila eru þær, að fjárnámsgerð sýslumannsins í Reykjavík, aðfarargerð nr. 11/1994/01676, sem fram fór hjá sóknaraðila 21. febrúar 1994 að kröfu varnaraðila, verði ógilt. Þá krefst sóknaraðili ógildingar og niðurfellingar á álagningu sölugjalds og viðurlaga, eins og fram komi í úrskurði ríkisskattstjóra og innheimtuyfirliti tollstjórans í Reykjavík. Auk þess krefst sóknaraðili málskostnaðar að skaðlausu.

Dómkröfur varnaraðila eru þær, að dómurinn staðfesti með úrskurði fjárnámsgerð sýslumannsins í Reykjavík nr. 11/1994/01676, sem fram fór 21. febrúar 1994 að kröfu varnaraðila í máli þessu hjá sóknaraðila fyrir 1.111.926 krónum auk dráttarvaxta og kostnaðar. Einnig krefst varnaraðili málskostnaðar úr hendi sóknaraðila að mati réttarins.

II.

Málavextir eru þeir, að rannsóknardeild ríkisskattstjóra gerði athugun á skattskýrslum sóknaraðila gjaldárin 1986-1990, og í framhaldi af því komst rannsóknardeildin að þeirri niðurstöðu, að söluskattsskyld velta sóknaraðila væri vantalin árin 1986, 1987, 1988 og 1989. Hækkaði ríkisskattstjóri söluskatt sóknaraðila á grundvelli þeirrar niðurstöðu rannsóknardeildarinnar og bætti auk þess við álagi. Í kæru til ríkisskattstjóra krafðist sóknaraðili þess, að hinum ákvarðaða söluskatti ásamt álagi yrði breytt, þar sem rangar forsendur og rangur útreikningur lægi til grundvallar álagningunni. Úrskurður ríkisskattsjóra var kveðinn upp 23. desember 1992. Þann úrskurð kærði sóknaraðili, og var nýr úrskurður kveðinn upp 5. nóvember 1993, og var hann í flestu samhljóða hinum fyrri, nema fjárhæðir lækkuðu samtals að fjárhæð 20.235 kr. Var seinni úrskurður ríkisskattstjóra kærður

til yfirskattanefndar 12. nóvember 1993, og er málið þar ennþá til meðferðar.

Hinn 21. febrúar 1994 var gert fjárnám hjá sóknaraðila þessa máls, Guðjóni Böðvarssyni sf., að kröfu varnaraðila þessa máls, tollstjórans í Reykjavík, vegna ofangreindrar kröfu. Við þá fyrirtekt hjá sýslumanninum í Reykjavík fór málsvari gerðarþola þess á leit, að gerðinni yrði frestað, meðan krafa gerðarbeiðanda væri til umfjöllunar hjá yfirskattanefnd. Féllst gerðarbeiðandi ekki á þá frestun, og ákvað fulltrúi sýslumannsins í Reykjavík að halda gerðinni áfram, og var henni lokið.

Hinn 23. mars 1994 barst Héraðsdómi Reykjavíkur krafa sóknaraðila máls þessa um ógildingu aðfarargerðarinnar, og var málið þingfest 18. október 1994. Í upphafi krafðist sóknaraðili aðeins ógildingar fjárnámsins, en í þinghaldi 15. nóvember sl. óskaði hann þess að fá að leiðrétta kröfugerð sína, og féllst dómari á framlagningu skjals, sem hafði leiðréttingu kröfunnar að geyma, án þess þó að afstaða dómarans lægi fyrir um það, hvort kröfur þessar væru of seint fram komnar.

III.

Sóknaraðili kveðst vefengja heimild í 12. gr. reglugerðar nr. 486/1982 um innheimtu söluskatts á varning, sem fluttur sé sem sýnishorn, svo og 10% álag, sem lagt sé við innflutningsverð slíkra vara og sölu til Guðjóns Böðvarssonar persónulega. Jafnframt vefengir hann tölulegan útreikning ríkisskattstjóra, þar sem deilt sé um, hvenær beri að reikningsfæra vörur, sem Guðjón Böðvarsson sf. hafi selt Guðjóni Böðvarssyni persónulega. Jafnframt mótmælir hann öllum álagsútreikningum rannsóknardeildarinnar, sérstaklega með tilliti til þess, að hvorki gjalddaga né eindaga sé getið í úrskurðum ríkisskattstjóra.

Sóknaraðili kveður ríkisskattstjóra hafa fengið það út, að kæranda hafi borið að greiða 1.342.777 kr. í söluskatt í september 1989, sem hann hafi greitt með 1.201.471 kr. í desember sama ár. Á þennan mismun, 141.306 kr., leggi ríkisskattstjóri álag skv. 1. og 2. tl. 21. gr. laga um söluskatt, 1.302.091 kr., sem ekki fái staðist. Kveður sóknaraðili, að forsendur varnaraðila séu rangar og útreikningar einnig, bæði í forsendum rannsóknardeildar og varnaraðila. Auk þess sé krafa varnaraðila óskýr og óskilgreind. Beri því að fella niður fjárnámsgerð varnaraðila. Kveður sóknaraðili ljóst, að verulegur vafi leiki á réttmæti krafna varnaraðila í þessu tilviki. Yfirskattanefnd hafi málið nú til meðferðar, og sé deilan því óútkljáð. Sóknaraðili bendir á, að aðfararbeiðni varnaraðila styðjist við heimild í 9. tl. 1. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, og byggist það ákvæði m. a. á því, að kröfur innheimtumanna séu oftast óumdeildar og réttindi gjaldenda eða skuldara nokkuð trygg vegna

kæruheimilda innan stjórnsýslunnar. Skýra verði framangreint ákvæði með tilliti til þess, sem að framan greini, og synja um aðför, þar sem sannanlega sé um verulegan vafa að ræða og málið í kærumeðferð, enda sé það með öllu óviðunandi og andstætt tilgangi ákvæðisins, að unnt sé með þessum hætti að fá fullnustu fyrir kröfum, sem hafa ekki endanlega verið staðreyndar. Ekki verði heldur séð, að hagsmunum gerðarbeiðanda sé stefnt í hættu, þó að beðið sé niðurstöðu yfirskattanefndar.

Sóknaraðili bendir á, að meðferð ágreiningsefna skuli sæta úrlausn í samræmi við lög nr. 91/1991 um meðferð einkamála og 92. gr. aðfararlaga nr. 90/1989. Hann bendir jafnframt á ákvæði laga nr. 10/1960, 14. gr. og 21. gr., og lög nr. 14/1905 um fyrningu, 3. gr., 2. tl.

IV.

Varnaraðili kveður ríkisskattstjóra hafa 9. september 1993 lagt sölugjald á sóknaraðila, en ekki endurálagt, þar sem ríkisskattstjóri hafi staðfest fyrri niðurstöðu sína með úrskurði, dags. 5. nóvember 1993. Samkvæmt lögum nr. 10/1960 um söluskatt sjái tollstjórinn í Reykjavík um innheimtu söluskatts. Séu gjöldin fjárnámskræf. Samkvæmt 5. mgr. 13. gr. laga nr. 10/1960 fresti áfrýjun skattákvörðunar eða deila um skattskyldu hvorki eindaga söluskatts né leysi undan neinum þeim viðurlögum, sem lögð séu við vangreiðslu hans. Um heimild til að reikna álag á sölugjald, sem síðar sé lagt á, vísar varnaraðili til 21. gr. laga nr. 10/1960 með áorðnum breytingum. Um mótmæli sóknaraðila við 10% álagningu vísar varnaraðili til 12. gr. reglugerðar nr. 486/1982 um söluskatt.

Varnaraðili bendir á, að sölugjald sé þegar fallið í gjalddaga, en í þessu tilfelli sé miðað við álagningu á árinu 1993 og fjárnámið síðan ekki gert fyrr en í febrúar 1994.

Varnaraðili telur úrskurð ríkisskattstjóra um viðbótarsölugjald sóknaraðila lögmætan í alla staði. Hann sé studdur mjög nákvæmri bókhaldsrannsókn rannsóknardeildar ríkisskattstjóra og útreikninga þar um á þeirri skoðun. Hvergi komi fram í greinargerð sóknaraðila, að hér sé beitt ólögmætum sjónarmiðum við túlkun á lagaatriðum í úrskurði ríkisskattstjóra, svo að ógilda beri fjárnámsgerðina. Megi í þessu tilfelli síðan bera ákvörðun yfirskattanefndar undir dómstóla innan sex mánaða, frá því að nefndin úrskurðar, svo sem segi í 14. gr. laga nr. 10/1960. Ekki sé í lögunum hliðstæð heimild, hvað varði úrskurði ríkisskattstjóra, þannig að mál þetta eigi efnislega ekki undir héraðsdóm; auk þess sé krafa sóknaraðila um, að héraðsdómur ógildi og felli niður álagningu sölugjalds og viðurlaga, eins og fram komi í úrskurði ríkisskattstjóra og innheimtuyfirliti tollstjórans í Reykjavík, of seint fram komin. Telur varnaraðili því ekkert vera í máli þessu, sem eigi

að leiða til ógildingar fjárnámsgerðarinnar fyrir söluskattsskuld sóknaraðila árin 1986–1989, á lögðum af bærum yfirvöldum, að undangenginni þeirri málsmeðferð, sem lög nr. 10/1960 um söluskatt kveði á um.

Um málskostnaðarkröfu sína vísar varnaraðili til XXI. kafla laga nr. 91/1991, einkum 129. og 130. gr.

V.

Ágreiningur í máli þessu snýst um aðfarargerð nr. 11/1994/01676, sem framkvæmd var af fulltrúa sýslumannsins í Reykjavík 22. febrúar 1994 að kröfu tollstjórans í Reykjavík hjá Guðjóni Böðvarssyni sf.

Hinn 15. nóvember 1994 lagði sóknaraðili fram skjal, þar sem hann breytti kröfugerð sinni og gerði ýtarlegri kröfur en hann hafði áður gert í greinargerð. Málatilbúnaður sóknaraðila hefur frá upphafi allur snúist um þessar ýtarlegri kröfur, og er þeim kröfum svarað í greinargerð varnaraðila og því ekki um að ræða nýjar málsástæður af hálfu sóknaraðila, enda vísar sóknaraðili í skjali þessu til greinargerðar sinnar um málsástæður og lagarök. Í skjalinu vísar sóknaraðili auk þess til fyrningarlaga nr. 14/1905, 3. gr., 2. tl., máli sínu til stuðnings.

Eftir reglum 15. kafla aðfararlaga nr. 90/1989, sem fjallar um úrlausn ágreinings eftir lok aðfarargerðar, er unnt að krefjast þess, að aðfarargerð verði ógilt, staðfest eða breytt á tiltekinn hátt, en í 1. mgr. 95. gr. laganna segir: „Í úrskurði héraðsdómara skal á grundvelli skýrslna og málflutnings aðila og framkominna skjala kveðið á um staðfestingu eða ógildingu aðfarargerðar eða um breytingu hennar, samkvæmt því, sem við á hverju sinni.“ Krafa um ógildingu og niðurfellingu álagningar sölugjalds og viðurlaga, eins og fram komi í úrskurði ríkisskattstjóra og innheimtuyfirliti tollstjórans í Reykjavík, verður því ekki borin undir héraðsdóm í máli sem þessu, og ber því þegar af þeirri ástæðu að vísa þeirri kröfu frá dómi.

Í 93. gr. laga nr. 90/1989 er tilgreint, hvað skuli koma fram í skriflegri tilkynningu málsaðila, sem krefst úrlausnar um aðfarargerð til héraðsdómara. Það, sem koma skal fram, er m. a., hvers krafist er fyrir héraðsdómara og á hverjum málsástæðum og lagarökum kröfur eru reistar. Hvorki í bréfi sóknaraðila, dags. 17. mars 1994, til Héraðsdóms Reykjavíkur, þar sem hann krefst ógildingar fjárnámsgerðarinnar, né í greinargerð hans, dags. 17. október 1994, er getið um þá málsástæðu, að krafa varnaraðila sé fyrnd, sbr. tilvísun hans í breytingu á kröfugerð til fyrningarlaga nr. 14/1905, 3. gr., 2. tl. Verður því ekki fjallað frekar um þá málsástæðu, enda ekki ljóst, hvað sóknaraðili á við með tilvísun til þessa lagaákvæðis.

Kröfur í málum samkvæmt 15. kafla laga nr. 90/1989 um aðför mega byggjast á atriðum, sem varða gerðina frá upphafi til enda eða efnislegt réttmæti kröfu gerðarbeiðanda, svo framarlega sem dómstóll hefur ekki tekið afstöðu til málefnisins áður.

Sóknaraðili virðist aðallega halda því fram, að krafa varnaraðila sé órétt-mæt að efni til. Hann gerir í löngu máli grein fyrir því í greinargerð sinni, að útreikningur varnaraðila og forsendur séu rangar. Ekki hefur hann þó gert kröfu um breytingu aðfarargerðarinnar til lækkunar kröfunnar, og verður málatilbúnaður hans að þessu leyti skilinn þannig, að hann telji, að slíkt leiði til þess, að aðfarargerðin sé ógild.

Varnaraðili hefur lagt fram skýringar á þeim útreikningum, sem lagðir hafa verið til grundvallar í skýrslu rannsóknardeildar ríkisskattstjóra. Krafa varnaraðila er lögð á með úrskurði ríkisskattstjóra eftir rannsókn þar til bærra yfirvalda á bókhaldi hans. Sá úrskurður hefur verið kærður til yfir-skattanefndar sem hefur málið nú til meðferðar. Er ekkert, sem bendir til þess, að sú málsmeðferð, sem krafa varnaraðila hefur fengið hjá þar til bær-um yfirvöldum, sé annað en réttmæt í alla staði. Verður því ekki talið, að sóknaraðili hafi sýnt fram á það, að þau atriði séu í þessu máli, að draga megi í efa efnislegt réttmæti kröfu varnaraðila, og að aðfarargerðin sé því ógild af þeim sökum.

Samkvæmt 50. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt gilda lög nr. 10/1960 um söluskatt af sölu til og með 31. desember 1989. Gilda þau lög því um kröfu þá, sem í máli þessu er til umfjöllunar. Samkvæmt 5. mgr. 13. gr. þeirra laga frestar áfrýjun skattaákvörðunar eða deila um skattskyldu ekki eindaga skattsins né leysir undan neinum þeim viðurlögum, sem lögð eru við vangreiðslu hans. Verður því ekki fallist á það með sóknaraðila, að varnaraðila beri að fresta öllum innheimtuaðgerðum, þar til niðurstaða yfir-skattanefndar liggur fyrir um kröfuna. Þykir því ekki verða hjá því komist að hafna kröfum sóknaraðila og fallast á kröfur varnaraðila. Eftir atvikum málsins þykir hæfilegt, að sóknaraðili greiði varnaraðila 30.000 kr. í máls-kostnað.

Úrskurðinn kvað upp Greta Baldursdóttir, fulltrúi dómstjóra, en hún hefur farið með mál þetta frá 4. október 1994.

Úrskurðarorð:

Staðfest er fjárnámsgerð sýslumannsins í Reykjavík nr. 11/1994/01676, sem fram fór 21. febrúar 1994 að kröfu varnaraðila, tollstjórans í Reykjavík, hjá sóknaraðila, Guðjóni Böðvarssyni sf.

Kröfum sóknaraðila um ógildingu og niðurfellingu álagningar sölu-

gjalds og viðurlaga, er fram koma í úrskurði ríkisskattstjóra og innheimtuyfirliti tollstjórans í Reykjavík, er vísað frá dómi.

Sóknaraðili greiði varnaraðila 30.000 kr. í málskostnað.

Þriðjudaginn 17. janúar 1995.

Nr. 8/1995. **Rögnvaldur Finnbogason**
(Einar Gautur Steingrímsson hdl.)
gegn
íslenska ríkinu
(Jón G. Tómasson hrl.)
Bjarna Einarssyni
og Prestssetrasjóði
(Bjarni Ásgeirsson hrl.)
og til réttargæslu
Erni Erlendssyni

Kærumál. Frávísunarúrskurður staðfestur. Aðild. Ábúð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Markús Sigurbjörnsson og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut þessu máli til Hæstaréttar með kæru 15. desember 1994, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 9. janúar sl. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Vesturlands, upp kveðinn 1. desember 1994, þar sem máli sóknaraðila á hendur varnaraðilum var vísað frá dómi. Kæruheimild er í j-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar úr hendi íslenska ríkisins og Bjarna Einarssonar.

Varnaraðilarnir íslenska ríkið og Bjarni Einarsson krefjast staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Prestssetrasjóður og Örn Erlendsson hafa ekki látið málið til sín taka fyrir Hæstarétti.

Sóknaraðili hefur höfðað mál þetta til að leita viðurkenningar á veiðiréttindum í Staðará, sem hann telur fylgja prestssetursjörðinni Staðastað, en þar situr hann sem ábúandi. Hefur sóknaraðili staðið að málinu í eigin nafni. Í hinum kærða úrskurði er sá annmarki talinn vera á málshöfðun sóknaraðila, að vegna 2. gr. laga nr. 137/1993

um prestssetur fari hann ekki með fyrirsvar þeirra réttinda, sem hann leitar viðurkenningar á með aðalkröfu sinni um efnishlið málsins. Var aðalkröfunni vísað frá dómi af þeim sökum. Þótt lagaákvæði þetta leiddi til þess skorts á heimild handa sóknaraðila, sem hér um ræðir, varðar það ekki að réttu lagi frávísun málsins, enda veldur aðildarskortur sýknu, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991. Verður aðalkröfu sóknaraðila því ekki vísað frá dómi af þeirri ástæðu, sem byggt er á í hinum kærða úrskurði.

Í kæru og greinargerð til Hæstaréttar lætur sóknaraðili þess getið, að Prestssetrasjóði hafi ekki verið stefnt í málinu til réttargæslu, heldur til að þola dóm, en þetta virðist hann taka fram til andsvara þeim rökum, sem byggt er á í hinum kærða úrskurði við frávísun varakröfu hans. Um stöðu Prestssetrasjóðs í málinu er héraðsdómsstefna engan veginn svo skýr sem þörf er á. Verði fallist á það með sóknaraðila, að efniskröfum hans í málinu, þar á meðal aðalkröfu hans, sé beint að Prestssetrasjóði, felur málsókn sóknaraðila í sér, að hann krefjist, að þessum aðila verði með öðrum gert að þola dóm um rýmkun á þeim réttindum, sem heyra til jörðinni Staðastað, en hún er eign þess sama aðila. Er málsókn í því horfi andstæð meginreglum réttarfars. Verður þegar af þessari ástæðu svo og vegna óskýrleika um þá stöðu, sem sóknaraðili hefur ætlað Prestssetrasjóði í málinu, að vísa því í heild sinni frá dómi.

Samkvæmt þessu verður hinn kærði úrskurður staðfestur og sóknaraðila gert að greiða kærumálskostnað, svo sem í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Rögnvaldur Finnbogason, greiði varnaraðilum, íslenska ríkinu og Bjarna Einarssyni, 40.000 krónur hvorum í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Vesturlands 1. desember 1994.

I.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi um frávísunarkröfu stefndu 8. nóvember sl., er höfðað fyrir dómþingi Héraðsdóms Vesturlands með stefnu, þingfestri 9. mars 1994, af Rögnvaldi

Finnbogasyni, sóknarpresti að Staðastað, Staðarsveit, kt. 151027-2299, á hendur Halldóri Blöndal landbúnaðarráðherra, kt. 240838-4359, Hamragerði 29, Akureyri, f. h. íslenska ríkisins vegna landbúnaðarráðuneytisins, Bjarna Einarssyni bónda, kt. 260257-4639, Tröðum, Staðarsveit, Guðmundi Þór Guðmundssyni, kt. 130362-3039, Drápuhlíð 47, Reykjavík, formanni Prestssetrasjóðs, kt. 530194-2219, Suðurgötu 22, Reykjavík, f. h. sjóðsins og Erni Erlendssyni, kt. 060135-2669, Kleifarási 4, Reykjavík.

Stefnandi gerir þær dómkröfur, að viðurkennt verði með dómi, að allur veiðiréttur í Staðará, Staðarsveit, fylgi jörðinni Staðastað, Staðarsveit, og að ábúanda á jörðinni Tröðum, Staðarsveit, á hverjum tíma sé óheimilt að nýta veiði í ánni með nokkrum hætti.

Til vara gerir stefnandi þá kröfu, að viðurkennt verði með dómi, að stefnandi byggi jörðina Staðastað með öllum veiðirétti í Staðará fyrir landi Staðastaða, eins og það er afmarkað í landskiptunum frá 1939 og 1941, og að sá réttur útiloki rétt ábúanda Traða til að veiða í ánni.

Stefnandi krefst þess, að lagt verði bann við því með dómi, að stefndu Bjarni og landbúnaðarráðuneytið nýti með nokkrum hætti veiði í Staðará á austurbakka árinnar frá girðingu við Vaðtanga og til sjávar, en viðurkennt verði með dómi að stefnandi eigi rétt til veiða á því svæði við ána.

Á hendur stefnda Erni eru ekki gerðar kröfur, en skorað á hann að taka undir kröfur stefnanda og veita honum styrk í málinu. Sömuleiðis er skorað á Prestssetrasjóð að taka undir kröfur stefnanda og veita honum styrk í málinu.

Stefnandi krefst málskostnaðar að skaðlausu og virðisaukaskatts á málflutningsþóknun, sbr. lög nr. 50/1988.

Ekki er gerð málskostnaðarkrafa á hendur Prestssetrasjóði og stefnda Erni.

Stefndi íslenska ríkið krefst aðallega frávísunar málsins og að stefnda íslenska ríkinu verði tildæmdur málskostnaður að mati réttarins. Til vara krefst stefndi íslenska ríkið sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar að mati réttarins.

Stefndi Bjarni Einarsson krefst aðallega, að málinu verði vísað frá dómi og stefnanda gert að greiða sér málskostnað að skaðlausu auk virðisaukaskatts á málskostnað. Verði frávísunarkrafan ekki tekin til greina, krefst stefndi sýknu af kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað að skaðlausu auk virðisaukaskatts á málskostnað.

Eins og að framan greinir, var mál þetta flutt um frávísunarkröfu stefndu, og er sá þáttur einungis til úrlausnar hér.

– – –

IV.

Stefndi íslenska ríkið styður aðalkröfu sína um frávísun málsins því, að stefnandi málsins fari ekki með fyrirsvar fyrir prestssetur, sem hann sitji sem ábúandi. Aðalkrafa verði ekki skilin öðruvísi en svo, að hann komi fram sem fyrirsvarsmaður sjálfseignarstofnunar, en ekki sem aðili.

Í 2. mgr. 2. gr. laga nr. 137/1993 um prestssetur sé kveðið á um, að stjórn Prestssetrasjóðs hafi með höndum fyrirsvar vegna prestssetra. Þar sem fyrirsvar fyrir Staðastað sé þannig ákveðið með lögum, verði stefnandi ekki talinn fyrirsvarsmaður í máli þessu, og beri því að vísa málinu frá dómi samkvæmt 5. mgr. 17. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Verði litið svo á, að íslenska ríkið sé ekki eigandi Staðastaðar vísast um sömu málsástæður til 4. mgr. 17. gr. laga nr. 91/1991.

Verði hins vegar talið, að stefnandi sé með réttu í fyrirsvari fyrir prestssetrið Staðastað, beri þó að vísa málinu frá dómi, þar sem það sé andstætt meginreglu réttarfars að hafa uppi kröfur gegn sama aðila til varnar, þ. e. þeim landsdrottni, sem telji til eignarréttar yfir Staðastað.

Varðandi varakröfu stefnanda mótmælir stefndi því, að stefnandi geti sem ábúandi gert kröfur um réttindi landsdrottins síns gagnvart öðrum jörðum, hvort sem þær snerti veiðirétt eða landamerki. Þar að auki yrði stefnandi að stefna Prestssetrasjóði í dómsmáli, ef hann vildi fá skorið úr um ábúðarrétt sinn gagnvart landsdrottni, að því er varði Staðastað. Í slíku dómsmáli bresti landbúnaðarráðuneytið vald til þess að vera í fyrirsvari. Það sé aðeins á valdi Prestssetrasjóðs að gera slíkar kröfur í dómsmáli. Gildi einu, hvort stefnandi reki mál þetta í umboði ríkis eða kirkju, þar sem hann sé í hvorugu tilviki bær til þess að svara fyrir kröfur sínar í dómsmáli. Með vísan til þessa geti stefndi íslenska ríkið ekki sætt þeim málatilbúnaði, sem felist í orðum stefnanda í stefnu um aðild Prestssetrasjóðs.

Stefndi kveður kröfugerð stefnanda ekki fullnægja skilyrði d-liðar 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991. Kröfur stefnanda séu í þremur liðum, sem allir varði sama atriði, og verði því ekki dómur á þær lagður svo fram settar.

Sá liður dómkrafna stefnanda, sem leiða eigi til þess, að bönnuð verði nýting veiðiréttar af hálfu landbúnaðarráðuneytisins og Bjarna Einarssonar, samrýmist ekki heldur öðrum kröfum málsins, svo að dómur verði á hana lagður sérstaklega. Óljóst sé, hvort sú krafa sé hluti aðalkröfu eða varakröfu.

Kröfu sína um málskostnað reisir stefndi á XXI. kafla laga nr. 91/1991.

Stefndi Bjarni Einarsson styður aðalkröfu sína um frávísun málsins við það, að stefnandi gefi sér þær forsendur, að landamerki jarðarinnar séu þekkt og óumdeild. Stefnandi reyni að leiða að því líkur, að landamörk

liggi hvergi nær en 20 metra og allt að 200 metra frá Staðará. Stefndi kveður hins vegar, að bændur að Tröðum hafi talið landamörk jarðarinnar vera með bökkum Staðarár. Tún jarðarinnar Traða liggi að Staðará og hafi verið ræktað og nytjað af bændum þar um áratugaskeið. Ef landamerki væru um 200 metra frá Staðará, við syðri mörk árinnar við ós, eins og stefnandi vilji halda fram, hafi gömlu fjárhús Traða (rústir) ekki staðið nema að hluta í landi Traða. Slík landnýting hljóti að vera röng.

Stefndi kveðst standa í góðri trú um, að landamerki séu með bökkum árinnar, sbr. lýsingu á leigusamningi. Nauðsynlegt sé því fyrir stefnanda að fá rétt Staðastaðar til umrædds lands staðfestan með dómi, áður en krafist sé veiðiréttar fyrir landinu. Kröfur stefnanda séu því óljósar og ekki dómtækar, eins og þær séu fram settar, og beri því að vísa málinu frá dómi.

Við munnlegan málflutning um frávísunarkröfu tók stefndi Bjarni undir öll rök og málsástæður meðstefnda íslenska ríkisins um frávísun málsins.

Stefnandi krafðist þess, að frávísunarkröfum stefndu yrði hrundið og sér dæmdur málskostnaður í þessum þætti málsins. Stefnandi heldur því m. a. fram í þessum þætti málsins, að staðarhaldari eigi veiðirétt í Staðará samkvæmt landskiptagerðum frá 1939 og 1941 og geti höfðað dómsmál því til viðurkenningar, enda sé ekki verið að krefjast dóms um landamerki. Stefnandi vitnar jafnframt til þess, að samkvæmt 29. gr. ábúðarlaga nr. 64/1976 eigi hann sóknaraðild í máli þessu. Þrátt fyrir það að yfirstjórn prestssetra hafi með lögum nr. 137/1993 verið færð frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu til Prestssetrasjóðs, hafi það ekki breytt þeirri heimild hans til málshöfðunar.

V.

Um prestssetur landsins gilda nú lög nr. 137/1993. Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram, að lögin séu sett til þess að taka af öll tvímæli um, að sérstakar reglur og sjónarmið gilda um prestssetur. Með lögum þessum var stofnaður sérstakur sjóður, prestssetrasjóður, sem annast á stjórnsýslu og rekstur prestssetra. Í 2. gr. laga 137/1994 er mælt fyrir um, að sjóðurinn fari með yfirstjórn prestssetra og hafi fyrirsvar þeirra vegna. Felur það í sér fyrirsvar í dómsmáli, eins og fram kemur í athugasemdum um 2. gr. í frumvarpi að lögum þessum.

Auk þess getur ábúandi ekki, í þessu tilviki staðarhaldari, gert kröfu um tilheyrslu veiðiréttar, sem eru eignarréttindi.

Samkvæmt framansögðu fer stefnandi ekki með fyrirsvar þeirra réttinda, sem felast í aðalkröfu hans. Ber því að fallast á kröfu stefndu um frávísun aðalkröfu.

Varakrafa stefnanda er um viðurkenningu á því, að hann byggi jörðina Staðastað með öllum veiðirétti í Staðará fyrir landi Staðastaða, eins og það er afmarkað í landskiptum frá 1939 og 1941, og að sá réttur útiloki rétt ábúanda Traða til að veiða í ánni.

Samkvæmt framansögðu um lögbundið fyrirsvar prestssetrasjóðs verður varakröfu einungis beint að stjórn sjóðsins. Í málinu hefur stefnandi engar kröfur uppi á hendur prestssetrasjóði, en skorar á hann að veita sér styrk í málinu. Verður að líta svo á, að sjóðnum hafi með því verið stefnt til réttargæslu skv. 21. gr. laga nr. 91/1991. Sótt var þing af hálfu réttargæslustefnda, prestssetrasjóðs, við þingfestingu málsins, en síðar féll þingsókn niður af hans hálfu, án þess að hann hefði uppi kröfur í málinu. Prestssetrasjóður gerðist því ekki aðili að málinu, og ber að vísa kröfu þessari frá dómi.

Stefnandi krefst og, að bönnuð verði veiði af hálfu landbúnaðarráðuneytisins og Bjarna Einarssonar í Staðará á austurbakka árinnar frá girðingu við Vaðtanga og til sjávar, en viðurkennt verði með dómi, að stefnandi eigi rétt til veiða á því svæði við ána.

Eins og krafa þessi er sett fram, verður að telja, að í henni felist sömu kröfur og gerðar eru í aðal- og varakröfu stefnanda. Eiga því við sömu rök um hana og tilgreind eru um aðalkröfu og varakröfu hér að framan, og ber því einnig að vísa þeirri kröfu frá dómi.

Samkvæmt framansögðu ber að vísa máli þessu frá dómi.

Rétt þykir, að stefnandi greiði stefnda Bjarna Einarssyni 80.000 kr. í málskostnað, þ. m. t. virðisaukaskattur. Málskostnaður fellur að öðru leyti niður.

Úrskurðinn kváðu upp Hervör Þorvaldsdóttir héraðsdómari, Kristjana Jónsdóttir héraðsdómari og Eggert Óskarsson héraðsdómari.

Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnandi, Rögnvaldur Finnbogason, greiði stefnda Bjarna Einarssyni 80.000 kr. í málskostnað, þ. m. t. virðisaukaskatt.

Málskostnaður fellur að öðru leyti niður.

Miðvikudaginn 18. janúar 1995.

Nr. 6/1995. **Sigurgeir Sigurðsson**
(Einar Gautur Steingrímsson hdl.)
gegn
Guðmundi Davíðssyni
(Valgeir Kristinsson hrl.)

Kærumál. Víxlar. Frávísunarúrskurður staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Gunnlaugur Claessen og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 28. desember 1994, sem barst réttinum með kærumálsgögnum 5. janúar síðastliðinn. Um kæruheimild er vísað til j-liðar 1. mgr. 143 gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Hann krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og lagt verði fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur, og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Svo sem rakið er í héraðsdómi, hefur sóknaraðili lagt fram í málinu öll sömu gögn sem lögð voru til grundvallar í máli því, er hann höfðaði áður gegn varnaraðila vegna sama sakarefnis sem hér er til úrlausnar og dæmt var með dómi Hæstaréttar 30. september 1993. Er á það fallist með héraðsdómara, að þau gögn, sem til viðbótar hinum fyrri hafa nú verið lögð fram, nægi ekki til að bæta úr þeim annmörkum, sem fyrir voru, og að málið sé því enn svo vanreifað af hálfu sóknaraðila, að efnisdómur verði ekki á það lagður.

Samkvæmt þessu verður hinn kærði úrskurður staðfestur að niðurstöðu til.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 14. desember 1994.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar um frávísunarkröfu stefnda 2. nóvember sl., var þingfest 17. febrúar 1994. Það er höfðað af Sigurgeiri Sigurðssyni, kt. 310152-3829, Hverfisgötu 32, Hafnarfirði, á hendur Guðmundi Davíðssyni, kt. 100740-4789, Hólabergi 36, Reykjavík, til greiðslu á 330.211,40 kr. auk vanskilavaxta samkvæmt 10. gr., sbr. 12. gr. vaxtalaga, frá 14. janúar 1988 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Þá krefst stefnandi þess, að frávísunarkröfu stefnda verði hrundið og sér dæmdur málskostnaður í þeim þætti málsins.

Af hálfu stefnda er aðallega krafist frávísunar málsins, en til vara sýknu eða lækkunar á stefnukröfum auk málskostnaðar að skaðlausu að mati dómsins ásamt virðisaukaskatti og dráttarvöxtum að liðnum 15 dögum frá dómsuppsögu til greiðsludags.

Í þessum þætti málsins er aðeins fjallað um frávísunarkröfu stefnda.

Málsatvik.

Stefnukrafan er til greiðslu á tveimur víxlum, að fjárhæð 180.094 kr. og 130.000 kr., út gefnum í Hafnarfirði 9. okt. 1987 og 3. nóv. 1987 með gjalddögum 29. nóv. 1987 og 18. des. 1987, báðum til greiðslu í Sparisjóði Hafnarfjarðar, Hafnarfirði, af S. Sigurðssyni hf., kt. 530483-0539, báðum samþykktum af stefnda, báðum framseldum af útgefanda og ábektum af stefnanda, báðum innleystum 14. jan. 1988 með 194.601,40 kr. og 135.610 kr. Víxlarnir eru „án afsagnar" og framsöl eyðuframsöl.

Höfðað var áskorunarmál til innheimtu víxlanna fyrir bæjarþingi Hafnarfjarðar 4. sept. 1990 og dómur kveðinn upp 19. des. 1990. Héraðsdóminum var áfrýjað til Hæstaréttar Íslands og dómur þar kveðinn upp 30. sept. 1993, þar sem hinn áfrýjaði dómur var ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi. Ástæður ómerkingarinnar voru þær, að stefnandi hafði ýmist haldið því fram að hafa keypt víxlana af S. Sigurðssyni hf. 30. ágúst 1988, eftir að víxlarnir voru greiddir í banka 14. janúar sama ár, eða að stefnandi hefði sjálfur innleyst víxlana samkvæmt áritun á bakhlið þeirra. Þá segir í dóminum: „Víxlarnir bera ekki með sér framsal hlutafélagsins eftir innlausn þeirra. Við meðferð málsins í héraði var engra frekari gagna aflað um það, hver hefði í raun innleyst víxlana í bankanum, og engar skýrslur voru teknar um þetta málsefni. Eins og máli þessu er háttað, verður að telja, að svo veigamiklar upplýsingar skorti, að um vanreifun af hálfu stefnanda í héraði hafi verið að ræða, sem leiða hefði átt til frávísunar málsins."

– – –

Niðurstaða.

Mál þetta er höfðað sem víxilmál samkvæmt XVII. kafla laga nr. 91/1991. Þar sem varnir stefnda eru takmarkaðar í slíku máli, eru gerðar meiri kröfur til, að málatilbúnaður stefnanda sé skýr og ótvíræður.

Stefnandi hefur ekki lögformlega heimild til víxla þeirra, er hann reisir á málatilbúnað sinn, þar sem S. Sigurðsson hf. hefur ekki framselt víxlana, eftir að þeir voru innleystir 14. janúar 1988, hvorki með áritun á þá sjálfa né með öðru móti, sem sýnt hefur verið fram á, með sannanlegum hætti. Þá hefur stefnandi ekki sýnt fram á, að líkur séu fyrir því, að hann geti sannað framsal með skýrslum fyrir dómi. Ljóst er, að slíkri sönnun verður ekki fullnægt með aðilaskýrslu stefnanda.

Um eignarheimild sína vísar stefnandi til kvittunar, sem dagsett er 30. ágúst 1988. Samkvæmt henni kaupir stefnandi þrjá víxla af S. Sigurðssyni hf. fyrir 454.601 kr. og þetta „færist á Reikn. Sigurgeirs". Þar af eru taldir tveir víxlar, sem samsvara þeim víxlum, er mál þetta varðar. Dómskjal þetta var einnig í gögnum málsins fyrir Hæstarétti, sbr. bls. 33 í dómsgerðum, og hefur Hæstiréttur því ekki talið það vera fullnægjandi sönnun fyrir framsali víxlanna til stefnanda að víxilrétti. Ekki verður séð, hvernig viðskiptayfirlit það, sem stefnandi hefur lagt fram í þessu máli, styður framangreint skjal, þar sem ekkert í texta yfirlitsins tengir það við S. Sigurðsson hf.; færsla nr. 336, sem vísað er til, er gerð 15. október 1989, rúmu ári eftir að viðskiptin áttu að fara fram, og fjárhæð færslunnar 463.273,10 kr. samsvarar ekki kröfunni. Sú skýring, sem fram kom í málflutningi, að inni í þessari fjárhæð væru vanskilavextir, er vanreifuð. Þá segir í stefnu, að stefnandi hafi ekki bókhald félagsins (S. Sigurðssonar hf.) undir höndum, því að það hafi verið úrskurðað gjaldþrota 16. júlí 1990. Kveðst hann munu gera allt, sem í hans valdi standi, til að afla bókhaldsgagna um þetta atriði svo fljótt sem verða megi. Engum slíkum gögnum hefur verið komið á framfæri.

Þegar allt þetta er virt, þykir stefnandi ekki hafa bætt úr þeim annmörkum, sem Hæstiréttur fann á málinu, svo að fullnægjandi sé, né sýnt fram á heimild sína til víxlanna að víxilrétti, en hann reisir málsókn sína á XVII. kafla laga nr. 91/1991. Þykir því verða að vísa víxilmáli þessu frá dómi að kröfu stefnda.

Rétt þykir, að stefnandi greiði stefnda málskostnað, 50.000 kr., og hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Úrskurðinn kveður upp Hjördís Hákonardóttir héraðsdómari, en uppsaga hans hefur dregist nokkuð vegna annarra embættisanna dómara.

Úrskurðarorð:

Víxilmáli þessu er vísað frá dómi.

Stefnandi, Sigurgeir Sigurðsson, greiði stefnda, Guðmundi Davíðssyni, 50.000 kr. í málskostnað.

Fimmtudaginn 19. janúar 1995.

Nr. 355/1992. **Guðmundur Sigurður Jóhannsson**
gegn
Matthíasi Viktorssyni og
Steinunni Hjartardóttur
(Björn Ólafur Hallgrímsson hrl.)

Ærumeiðingar. Ómerking ummæla. Skriflega flutt mál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Gunnlaugur Claessen og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4. september 1992. Kröfum sínum lýsir áfrýjandi svo:

„Ég krefst þess aðallega:

1) Að hin umstefndu ummæli stefndu um mig í opinberu skjali, – þ. e. a) „Þau eru bæði alkóhólistar," b) „Hún sagði að þau væru bæði alkóhólistar og hefði farið í meðferð" og c) „ekki er hægt að horfa fram hjá áfengisvanda þeirra beggja" – verði öll dæmd dauð og ómerk.

2) Að hinum stefndu verði gert að sæta birtingu hæstaréttardómsins og greiða mér hæfilegan kostnað hennar vegna, en slík krafa var ekki gerð varðandi héraðsdóm, aðeins að þau yrðu að sæta birtingu.

Fari svo að Hæstiréttur telji að refsi-, þ. e. raunar sakfellingarkrafan hafi verið fyrnd krefst ég þess til vara:

1) Að hin umstefndu ummæli verði alfarið dæmd dauð og ómerk

-og-

2) að hinum stefndu verði dæmt að greiða mér hæfilegan kostnað við birtingu dómsins í opinberu blaði, en ef þessi krafa þykir ekki samrýmast því að slík krafa var eigi uppi höfð varðandi héraðsdóm verði þeim allt ént gert að sæta birtingu hans.

Telji Hæstiréttur að þessi krafa (2 i. f.) sé af einhverjum ástæðum ekki dómhæf krefst ég þess til þrautavara – sem er reyndar meginkrafa, alfa og ómega þessa málatilbúnaðar: að hin umstefndu ummæli verði í öllu falli dæmd dauð og ómerk.

Það er síðan alfarið krafa mín, aðal-, vara- og þrautavarakrafa, að hin stefndu verði dæmd til að greiða mér fullan málskostnað fyrir báðum dómstigum og verði þá enn frekar tekið tillit til þess að stefndu höfðu áður í héraði tapað málarekstri um formhlið máls -frávísunarkröfu sína."

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Málið er skriflega flutt hér fyrir dómi samkvæmt heimild í 3. mgr. 15. gr. laga nr. 38/1994, sbr. 161. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Málavöxtum er að nokkru lýst í hinum áfrýjaða dómi.

I.

Fram er komið í málinu, að stefndu sömdu í sameiningu drög að umsögn félagsmálaráðs Sauðárkróks um aðstæður og hagi Freyju Guðmundsdóttur, sambúðarkonu áfrýjanda, en í umsögninni eru ummæli þau, sem áfrýjandi telur ærumeiðandi gagnvart sér. Í þessum drögum kemur jafnframt fram tillaga um niðurstöður, en umsögnin var samin í tilefni deilu Freyju og fyrrum eiginmanns hennar um forsjá tveggja sona þeirra og byggðist meðal annars á viðtölum stefndu við áfrýjanda og sambúðarkonu hans. Á fundi í félagsmálaráði 31. október 1990 voru niðurstöður könnunar stefndu á högum Freyju samþykktar nær óbreyttar. Var umsögnin, dagsett 1. nóvember 1990, send dóms- og kirkjumálaráðuneyti, og var hún ekki undirrituð af öðrum en stefndu fyrir hönd félagsmálaráðs Sauðárkróks.

Þegar þetta er virt, verður ekki talið, að aðrir eigi óskipta sakaraðild með stefndu, og er þeim því réttilega stefnt til aðildar í málinu.

II.

Áfrýjandi krefst meðal annars ómerkingar þessara ummæla í umsögn félagsmálaráðs: „Hún sagði að þau væru bæði alkóhólistar og hefði farið í meðferð." Þessi ummæli eru höfð eftir sambúðarkonu áfrýjanda, en önnur ummæli, sem áfrýjandi krefst ómerkingar á, fela í sér beinar fullyrðingar stefndu sjálfra.

Hefur áfrýjandi skýrt svo frá, að hann hafi aldrei farið í áfengismeðferð, og er ekkert fram komið í málinu, sem hnekkir þeirri staðhæfingu hans.

Í bréfi áfrýjanda 27. desember 1990 til félagsmálaráðs Sauðárkróks mótmælti hann réttmæti ummæla stefndu, að því er hann sjálfan varðaði, og skoraði á ráðið að rita dómsmálaráðuneytinu bréf og leiðrétta formlega ranghermi sitt. Í bréfinu segir meðal annars, að hann hafi aldrei farið í áfengismeðferð og ekki leitað til lækna eða annarra vegna áfengisneyslu sinnar, enda hefði slíks ekki gerst þörf. Benti hann jafnframt á, að rangfærslurnar væru líklegar til að gefa ráðuneytinu villandi og ranga mynd af stöðu mála og hafa áhrif á úrskurð þess í forræðismálinu Freyju í óhag. Bréfi áfrýjanda fylgdi yfirlýsing Freyju þess efnis, að hún hafi aldrei látið þau orð falla um sambúðarmann sinn, að hann væri alkóhólisti og hafi farið í meðferð vegna áfengisneyslu.

Bréfi þessu svöruðu stefndu fyrir hönd félagsmálaráðs Sauðárkróks 15. janúar 1991, þar sem áfrýjanda var endursent bréf hans frá 27. desember 1990. Var honum jafnframt bent á, að hefði hann athugasemdir fram að færa við umsögn ráðsins frá 1. nóvember 1990, gæti hann sjálfur komið þeim á framfæri við dómsmálaráðuneytið.

Í greinargerð stefndu fyrir héraðsdómi var síðan á því byggt, að þau teldu sig hafa verið að skýra satt og rétt frá í umsögninni. Er sérstaklega tekið fram, að stefndu hafi bæði heyrt Freyju viðhafa þau ummæli, sem eftir henni eru höfð í umsögn félagsmálaráðs Sauðárkróks. Breyti engu, þótt hún vilji nú ekki við þau kannast.

Við aðalmeðferð málsins komu stefndu bæði fyrir dóm. Kom nú fram hjá þeim sú skýring á ummælum um áfengismeðferð áfrýjanda, að þau byggðust á misritun. Á eftir orðinu „hefði“ í þessum ummælum ætti að standa orðið „hún“. Hafi þau bæði vitað, er umsögnin var samin, að Freyja hefði farið í áfengismeðferð og að áfrýjandi hefði ekki farið í slíka meðferð. Stefndu hafa ekki gefið skýringu á því, hvers vegna þau hafi ekki greint frá þessu fyrr.

Að fenginni þessari nýju skýringu lýsti lögmaður stefnanda í héraði yfir því í munnlegum málflutningi, að hann félli frá kröfum vegna þeirra ummæla, sem höfð voru eftir Freyju Guðmundsdóttur í nefndri umsögn. Málið var endurupptekið nokkru síðar og munnlega flutt að nýju. Kom þá fram sú breyting á kröfugerð stefnanda í

héraði, að einungis væri fallið frá refsikröfu vegna þeirra ummæla, sem höfð voru eftir Freyju, en haldið fast við kröfu um ómerkingu þeirra.

Kröfugerð stefnanda í héraði var að þessu leyti á reiki, og fær þessi síðari viðbót við kröfugerð ekki samrýmst því, að krafa vegna þessara ummæla hafði áður verið skilyrðislaust felld út úr málinu. Ekki kemur heldur fram í endurriti úr þingbók skýlaust samþykki stefndu á þessari viðbót við kröfugerð stefnanda. Við svo búið fær krafa áfrýjanda hér fyrir dómi um ómerkingu þessara ummæla ekki komist að í málinu.

III.

Áfrýjandi krefst ómerkingar þessara ummæla: „Þau eru bæði alkóhólistar“ og „ekki er hægt að horfa fram hjá áfengisvanda þeirra beggja.“ Telur hann þau ósönn og óréttmæt, að því er sig sjálfan varðar. Hefur áfrýjandi lagt áherslu á, að drykkjuvenjur sínar réttlæti ekki slíka lýsingu á honum sjálfum, og síst af öllu í skjali frá opinberum aðila og í ljósi þeirra miklu hagsmuna, sem í húfi voru í því máli. Hefur áfrýjandi engu að síður viðurkennt, að hann neyti stundum áfengis í verulegum mæli. Áfengisneysla sín hafi hins vegar ekki leitt til neinna vandkvæða fyrir sig. Hún komi á engan hátt niður á atvinnu sinni, heimili eða fjárhag né öðrum þáttum í lífi sínu. Engin félagsleg vandamál hafi heldur af þeim leitt utan það, að hann hafi verið sviptur ökuréttindum vegna ölvunar við akstur. Hefur áfrýjandi leitt nokkur vitni fyrir dóm, sem hafa borið um áfengisnotkun hans. Er framburður þeirra í meginatriðum í samræmi við staðhæfingar áfrýjanda sjálfs að þessu leyti.

Til réttlætingar orðum sínum hafa stefndu einkum vísað til þess, að áfrýjandi hafi á opinberum vettvangi látið uppi viðhorf til neyslu áfengis og vímuefna, sem verði að teljast óvenjuleg. Þar komi fram, að gefa ætti frjálsa neyslu vímuefna, svo sem hass og amfetamíns. Meðal annars vegna þessara skoðana áfrýjanda hafi stefndu sem starfsmönnum félagsmálaráðs Sauðárkróks verið nauðsyn á að koma þeirri skoðun sinni á framfæri, að áfrýjandi ætti við áfengisvandamál að stríða í viðtekinni merkingu þess orðs og samkvæmt almennri viðmiðun. Þá hafa stefndu lagt fyrir Hæstarétt gögn varð-

andi tvö atvik, er gerst hafa, eftir að umrædd ummæli voru viðhöfð, og tengjast áfengisneyslu áfrýjanda.

Ekki verður á það fallist, að skoðanir áfrýjanda á tilteknum málum, hversu óvenjulegar sem þær kunna að vera, geti falið í sér réttlætingu á þeim staðhæfingum um hann, sem felast í orðum stefndu og hafðar voru uppi í umsögn stjórnvalds til úrskurðaraðila í máli, sem tengdist ríkum hagsmunum áfrýjanda og sambúðarkonu hans. Ekki verður heldur talið, að atvik, sem gerst hafa, eftir að ummæli stefndu voru fram borin, og teljast ámælisverð fyrir áfrýjanda, geti réttlætt orð þeirra eða skipt máli við úrlausn ágreinings aðila. Með því að stefndu hafa ekki heldur að öðru leyti rennt stoðum undir ummæli sín, verður að telja þau óréttmæt gagnvart áfrýjanda, og ber að ómerkja þau, að því er hann varðar, sbr. 1. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Hefur þá ekki gefist tilefni til að taka afstöðu til réttmætis þeirra gagnvart þeim einstaklingi, sem ummælin beindust jafnframt að.

IV.

Með vísan til forsendna héraðsdóms er staðfest sú niðurstaða, að stefndu verður ekki gerð refsing fyrir ummæli sín þegar af þeirri ástæðu, að frestur samkvæmt 29. gr. almennra hegningarlaga til að hafa uppi refsikröfu var liðinn, er mál þetta var höfðað. Þá eru ekki uppfyllt skilyrði til, að áfrýjandi megi hafa uppi nýja kröfu fyrir Hæstarétti á hendur stefndu um greiðslu kostnaðar vegna birtingar dóms í málinu. Krafa áfrýjanda þess efnis, að stefndu verði gert að sæta birtingu dóms Hæstaréttar, telst ekki hafa lagastoð.

Eftir þessum úrslitum verða ómerkt þau ummæli stefndu, sem tilfærð eru í III. kafla hér að framan, að því er áfrýjanda varðar. Þá verður stefndu gert að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Framangreind ummæli skulu vera ómerk.

Stefndu, Matthías Viktorsson og Steinunn Hjartardóttir, greiði áfrýjanda, Guðmundi Sigurði Jóhannssyni, 80.000 krónur samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Sauðárkróks 9. júní 1992.

Mál þetta, sem dómtekið var 1. júní 1992, hefur Guðmundur Sigurður Jóhannsson, Skógargötu 10, Sauðárkróki, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 15. júlí 1991, gegn Matthíasi Viktorssyni, Víðihlíð 5, Sauðárkróki, og Steinunni Hjartardóttur, Birkihlíð 19, Sauðárkróki.

Dómkröfur.

Stefnandi hefur endanlega gert þær kröfur, að ummæli í umsögn félagsmálaráðs Sauðárkróks til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, sem dagsett er 1. nóvember 1990, um aðstæður og hagi Freyju Guðmundsdóttur, sambýliskonu stefnanda, verði dæmd dauð og ómerk: 1) „Þau eru bæði alkóhólistar...", 2) „Hún sagði að þau væru bæði alkóhólistar og hefði farið í meðferð." og 3) „...ekki er hægt að horfa fram hjá áfengisvanda þeirra beggja.", að stefndu verði dæmd til vægustu refsingar, sem lög leyfa, fyrir framangreind ummæli undir töluliðum 1) og 3), og er refsikrafan þó skilyrt þannig, að engrar refsingar er krafist, nema sú krafa sé forsenda kröfu um ómerkingu, að stefndu verði dæmd til að sæta því, að dómur í málinu verði birtur í bæjarmála- og héraðsfréttablaðinu Feyki, sem gefið er út á Sauðárkróki, þó án kostnaðar fyrir stefndu, enda komi sú birtingarskylda fram í dómsorði, og að stefndu verði in solidum gert að greiða stefnanda sanngjarnan, en hæfilegan málskostnað að mati dómsins.

Stefndu hafa krafist þess aðallega, að málinu verði vísað frá dómi, en til vara, að þau verði sýknuð, svo og, að stefnandi verði dæmdur til greiðslu hæfilegs málskostnaðar.

Málsástæður.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að stefndu hafi í þrígang farið með aðdróttanir eða móðganir í sinn garð í umsögn félagsmálaráðs Sauðárkróks, dagsettri 1. nóvember 1990, er send var dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, þar sem fjallað var um aðstæður og hagi Freyju Guðmundsdóttur, sambýliskonu hans, vegna forsjármáls, sem hún átti í við fyrrverandi eiginmann sinn. Stefnandi kveður ummælin vera eftirfarandi: 1) á blaðsíðu 1: „Þau eru bæði alkóhólistar ... ", 2) á blaðsíðu 2: „Hún sagði að þau væru bæði alkóhólistar og hefði farið í meðferð." og 3) á blaðsíðu 3: „...ekki er hægt að horfa fram hjá áfengisvanda þeirra beggja." Stefnandi kveður þessar fullyrðingar með öllu rangar og ástæðulausar gagnvart sér, og séu þær af þeim sökum svívirðilegar og mannskemmandi, þar sem stefndu hafi borið þau út á mjög alvarlegum, þýðingarmiklum og hættulegum vettvangi. Stefnandi

kveður sambýliskonu sína aldrei hafa viðhaft ummæli við stefndu, sem gæfu ástæðu til þessara staðhæfinga í umsögninni, og hafnar því algerlega, að neins konar háttsemi af sinni hálfu, hvað þá ótilhlýðileg, hafi verið tilefni þessa. Hann kveðst aldrei hafa farið í læknismeðferð fyrir áfengissjúklinga. Stefnandi kveðst hafa skorað á stefndu að taka ummæli sín til baka, en þau hafi ekki sinnt því.

Stefnandi kveðst reisa refsikröfu sína á 234. gr. eða 235. gr. l. nr. 19/1940 eða báðum þessum ákvæðum saman, og krafa um ómerkingu sé reist á 1. mgr. 241. gr. l. nr. 19/1940.

Stefndu reisa kröfu sína um frávísun á því, að réttum aðilum hafi ekki verið stefnt, hin umstefndu ummæli hafi verið sett fram fyrir hönd félagsmálaráðs Sauðárkróksbæjar og dómur yfir hinum stefndu persónulega geti því ekki bundið bæjaryfirvöld á Sauðárkróki. Stefndu telja, að rétt hefði verið að stefna bæjarstjóranum á Sauðárkróki vegna félagsmálaráðs bæjarins. Til stuðnings frávísunarkröfum sínum vísa stefndu til 45. gr. og 1. mgr. 46. gr. l. nr. 85/1936.

Varakröfu sína styðja stefndu í fyrsta lagi því, að um aðildarskort sé að ræða, því að félagsmálaráð Sauðárkróksbæjar sé réttur aðili málsins. Þessi sýknuástæða kom skýrt fram við munnlegan málflutning stefndu 7. maí sl., án þess að henni væri mótmælt sérstaklega af hálfu stefnanda sem of seint fram kominni. Í öðru lagi telja stefndu ekki felast neinar aðdróttanir í hinum umstefndu ummælum og þau ekki sett fram í því augnamiði, heldur hafi stefndu aðeins verið að gæta skyldu sinnar sem barnaverndaryfirvald á Sauðárkróki. Í nefndri umsögn félagsmálaráðs Sauðárkróks til dóms- og kirkjumálaráðuneytis hafi einungis verið settar fram staðreyndir um heimilisástæður sambýliskonu stefnanda eftir sjálfstæða athugun. Stefndu kveðast hafa rætt við sambýliskonu stefnanda eina sér og síðan við þau stefnanda saman. Hin umstefndu ummæli séu höfð eftir sambýliskonu stefnanda í einkasamtali við hana í tengslum við umsögnina. Telja stefndu það engu breyta, þótt sambýliskona stefnanda vilji ekki nú kannast við að hafa viðhaft ummæli, sem stefndu höfðu eftir henni, enda voru stefndu bæði viðstödd, þegar þau voru sögð, sem opinberir sýslunarmenn. Stefndu telja, að nauðsynlegt hafi verið að setja fram hin umstefndu ummæli, meðal annars með tilliti til óvenjulegra viðhorfa til áfengis- og vímuefnaneyslu, sem fram hafi komið í viðtali, er birtist í dagblaðinu Degi á Akureyri 4. febrúar 1989. Stefndu telja umsögnina trúnaðarskjal til ráðuneytisins, og hafi fulltrúar í bæjarstjórn Sauðárkróks ekki aðgang að því nema samkvæmt sérstakri beiðni, hvað þá óviðkomandi aðilar. Þegar þetta sé haft í huga og einnig það, að starfsmenn ráðuneytisins séu bundnir þagnarskyldu, telja stefndu, að ummælin hafi alls ekki verið borin út.

Niðurstöður dómsins.

Frávísunarkrafan: Úrskurður var kveðinn upp um frávísunarkröfu stefndu 19. febrúar 1992, og var henni hafnað. Stefndu vísa aðallega til aðildarskorts, en sú málsástæða leiðir ekki til frávísunar, sbr. 2. mgr. 45. gr. l. nr. 85/1936. Grundvöllur málsóknar stefnanda er sá, að stefndu hafi ein ráðið efnistökum og orðfæri umsagnarinnar og undirritað umsögnina, þar sem hin átöldu ummæli koma fram. Kröfur stefnanda beinast ekki að stefndu sem hluta félagsmálaráðs Sauðárkróks, enda því beinlínis fram haldið af hans hálfu, að kröfur hans beinist persónulega að stefndu. Þegar þessi atriði eru virt, taldi dómurinn ekki ástæðu til að vísa málinu frá, með vísun til 1. mgr. 46. gr. l. nr. 85/1936, sbr. l. nr. 54/1988, 9. gr.

Refsikrafan: Í málinu liggur fyrir, að stefnanda var kunnugt um umsögn félagsmálaráðs Sauðárkróks, sem dags. er 1. nóvember 1990, í síðasta lagi 27. desember 1990, en þann dag ritaði stefnandi félagsmálaráði Sauðárkróks og skoraði á viðkomandi að leiðrétta tiltekin ranghermi, meðal annarra hin umstefndu ummæli. Afrit af bréfi þessu er meðal sóknargagna. Mál þetta er hins vegar ekki höfðað fyrr en 20. júlí 1991 gagnvart stefnda, Matthíasi, og ekki fyrr en 7. ágúst gagnvart stefndu, Steinunni. Samkvæmt ákvæðum 1. tl. 29. gr. l. nr. 19/1940 fellur heimild til að höfða einkamál til refsingar niður, ef mál er ekki höfðað, áður en 6 mánuðir eru liðnir, frá því að sá, sem heimildina hefur, fékk vitneskju um hinn seka. Frestur þessi var liðinn, áður en mál þetta var höfðað, og ber því þegar af þeirri ástæðu að sýkna stefndu af refsikröfunni án kröfu samkvæmt 138. gr. l. nr. 74/1974.

Ómerkingarkrafan: Félagsmálaráð Sauðárkróks, sem starfar eftir II., sbr. IV. kafla l. nr. 53/1966, með síðari breytingum, hefur það hlutverk að hafa eftirlit með uppeldi og hegðun barna og ungmenna í kaupstaðnum, eins og nánar greinir í lögunum. Kröfur stefnanda varða ummæli ráðsins í lögboðinni umsögn, sbr. 38. gr. l. nr. 9/1981, og verður þeim einungis beint að ráðinu, eins og það var á þeim tíma, er það lét uppi umsögn sína. Með þessum rökstuðningi, sbr. H. 1981, 266, og vísun til 2. mgr. 45. gr. l. nr. 85/1936 eru stefndu sýknuð af ómerkingarkröfu stefnanda.

Birtingarkrafan: Þessi krafa hefur enga lagastoð og verður þegar af þeirri ástæðu ekki tekin til greina.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnanda til að greiða stefndu málskostnað, og þykir hann hæfilega ákveðinn 70.000 kr.

Ingvar Þóroddsson, fulltrúi bæjarfógeta, kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Matthías Viktorsson og Steinunn Hjartardóttir, skulu vera sýkn af kröfum stefnanda, Guðmundar Sigurðar Jóhannssonar, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefndu í málskostnað samtals 70.000 kr.

Fimmtudaginn 19. janúar 1995.

Nr. 62/1993. **Aðalheiður Sigurðardóttir**
(Kjartan Reynir Ólafsson hrl.)
gegn
Emil B. Blöndal og
Önnu Maríu E. Guðmundsdóttur
(Friðjón Örn Friðjónsson hrl.)

Fasteignarkaup. Kaupverð. Vanefndir.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason og Gunnlaugur Claessen og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 8. febrúar 1993 og krefst þess, að dómkröfur sínar fyrir héraðsdómi verði teknar til greina að frádregnum 115.745 krónum. Auk þess krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast sýknu af kröfum áfrýjanda og málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Við munnlegan málflutning hér fyrir dómi lýsti lögmaður stefndu yfir því, að stefndu hefðu 9. janúar 1995 greitt áfrýjanda sinn hluta fasteignagjalda, að fjárhæð 18.013 krónur, og lántökugjald hjá Húsnæðisstofnun ríkisins, að fjárhæð 39.000 krónur, ásamt 58.732 krónum í dráttarvexti, samtals 115.745 krónur.

Fyrir Hæstarétt voru lögð nokkur ný gögn.

Í forsendum héraðsdóms er vísað til 21. gr. reglugerðar nr. 520/1989. Athuga ber, að hinn 1. júní 1990 öðlaðist gildi reglugerð nr. 217/1990, og leysti 24. gr. hennar fyrrnefnt ákvæði af hólmi.

Þegar litið er til þess, sem nú hefur verið rakið, og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms, ber að sýkna stefndu af kröfum áfrýjanda.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefndu 100.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Stefndu, Emil B. Blöndal og Anna María E. Guðmundsdóttir, skulu vera sýkn af kröfum áfrýjanda, Aðalheiðar Sigurðardóttur, í máli þessu.

Áfrýjandi greiði stefndu 100.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 4. febrúar 1993.

Mál þetta, sem dómtekið var 25. janúar sl., höfðaði Aðalheiður Sigurðardóttir, kt. 140817-2879, áður til heimilis að Þórufelli 14, Reykjavík, nú að Kópavogsbraut 1 b, Kópavogi, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 31. okt. 1991, gegn Emil B. Blöndal, kt. 050167-3999, og Önnu Maríu E. Guðmundsdóttur, kt. 230668-3969, báðum til heimilis að Akurgerði 23 í Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda.

Dómkröfur stefnanda eru, að stefndu verði dæmd in solidum til greiðslu á skuld, að fjárhæð 359.196 kr., með [nánar tilgreindum dráttarvöxtum auk málskostnaðar].

Dómkröfur stefndu.

Stefndu krefjast sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans [...].

Leitað var um sáttir í málinu án árangurs.

Við aðalmeðferð málsins gáfu skýrslu fyrir dómi stefnandi, stefndi Emil, Sverrir Guðmundsson, sonur stefnanda, Guðmundur Davíðsson, faðir stefndu Önnu Maríu, Þórólfur Halldórsson, fasteignasali og formaður Félags fasteignasala, og Þórdís Ingvarsdóttir, tengdadóttir stefnanda.

Málavextir, málsástæður og rökstuðningur stefnanda.

Með kaupsamningi, dags. 22. júní 1990, keyptu stefndu fasteignina nr. 23 við Akurgerði í Reykjavík af stefnanda. Umsamið kaupverð eignarinnar var 7.200.000 kr., sem stefndu lofuðu að greiða þannig:

1.	Við undirritun kaupsamnings	kr.	500.000
2.	Að fengnu láni húsbréfadeildar Húsnæðisst.ríkisins, þó eigi síðar en 1. júlí 1990	–	3.900.000
3.	20. ágúst 1990	–	500.000
4.	1. október 1990	–	500.000
5.	20. mars 1991	–	100.000
6.	20. apríl 1991	–	100.000
7.	20. maí 1991	–	800.000
8.	20. júní 1991	–	800.000
	Samtals	kr.	7.200.000

Vexti af greiðslum þessum skyldi ekki reikna, nema til vanskila kæmi. Engar veðskuldir hvíldu á hinni seldu eign. Umráða- og afnotarétt yfir eigninni skyldu kaupendur fá eigi síðar en 15. júlí 1990, er þau hefðu fullnægt greiðsluskyldu sinni samkvæmt 2. tl. Afsal skyldi fram fara eigi síðar en 20. júní 1991, þegar kaupendur hefðu fullnægt greiðsluskyldum sínum. Kaupendur skyldu greiða skatta og skyldur af hinni seldu eign frá afhendingardegi, en seljandi til þess dags. Kaupendur skyldu greiða stimpil- og þinglýsingargjöld af skjölum þeim, sem sölu þessa og lögskipti varða.

Ágreiningur aðila er um túlkun á 2. lið í ofangreindri upptalningu greiðsludaga og fjárhæða í kaupsamningi, þ. e., hvort stefndu skyldu greiða fjárhæðina 3.900.000 kr. eða afhenda fasteignarveðbréf, að fjárhæð 3.900.000 kr., sem fullnaðargreiðslu samkvæmt þessum lið.

Stefndu afhentu stefnanda eða lögmanni stefnanda fasteignarveðbréf, að fjárhæð 3.900.000 kr., út gefið 14. júlí 1990. Stefnandi lét þinglýsa bréfinu á fasteignina Akurgerði 23, og var bréfinu þinglýst 31. júlí 1990. Stefndu greiddu þinglýsingarkostnaðinn. Stefnandi fékk fasteignarveðbréfinu skipt fyrir húsbréf, að fjárhæð 3.858.273 kr., og 2.727 kr. í peningum. Hinn 4. okt. 1990 seldi stefnandi húsbréfin í Verðbréfamarkaði Landsbankans fyrir 3.573.960 kr., og greiddi 17.870 kr. í sölulaun, svo að stefnandi fékk í hendur 3.556.090 kr.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að stefndu hafi ekki fengist til að efna samningsskyldur sínar samkvæmt greiðsluákvæðum kaupsamningsins og greiða umsamið kaupverð, 7.200.000 kr., að fullu ásamt hlut þeirra í fasteignargjöldum vegna ársins 1990.

Um lagarök vísar stefnandi til almennra meginreglna samninga- og kröfuréttar. Málskostnaðarkrafa stefnanda er reist á XII. kafla laga nr. 85/1936.

Málsástæður og lagarök stefndu.

Stefndu reisa sýknukröfu sína á því, að kaupverð eignarinnar sé að fullu greitt og kaupsamningur efndur af kaupendum að öðru leyti.

Enn fremur halda stefndu því fram, að stefnandi hafi veitt greiðslum viðtöku fyrirvaralaust og afhent eignina án nokkurs fyrirvara eða áskilnaðar. Í þessu sambandi er vísað til ákvæða í kaupsamningi, þar sem seljandi geri það að skilyrði afhendingar eignarinnar, að greiðsla samkvæmt 2. tl. sé innt af hendi. Eignin hafi verið afhent athugasemdalaust, sem staðfesti, að tilvitnuð greiðsla hafi verið innt af hendi. Frumbréfi hafi verið veitt viðtaka, bréfið framselt og tekið við húsbréfum og þau seld, allt án athugasemda eða fyrirvara gagnvart stefndu.

Kröfu stefnanda um greiðslu fasteignargjalda er mótmælt. Uppgjör og

greiðsla á hlut stefndu í fasteignargjöldum fari venju samkvæmt fram við afsalsgerð. Stefnandi eigi ekki lögmæta kröfu til endurgreiðslu á hluta fasteignargjalda, fyrr en hann fullnægi skyldu sinni til útgáfu afsals.

Kröfu um dráttarvexti er mótmælt, þar sem fullnaðargreiðsla hafi verið innt af hendi á réttum gjalddögum. Verði talið, að dráttur hafi orðið á greiðslu, sem inna átti af hendi með húsbréfum, sé dráttarvaxtakröfu stefnanda vísað á bug, þar sem dráttur á greiðslu verði ekki rakinn til atvika, er vörðuðu stefndu. Þá hafi stefnandi ekki orðið fyrir neinu tjóni, þar sem hin samningsbundna greiðsla bar vexti til afhendingardags.

Stefndu vísa til ákvæða kaupsamningsins og almennra reglna kröfu- og samningaréttar, enn fremur til dómaframkvæmdar og réttarvenju og venju í fasteignaviðskiptum. Um dráttarvexti er vísað til III. kafla laga nr. 25/1987, sbr. lög nr. 67/1989, og auglýsinga Seðlabanka Íslands um dráttarvexti. Um málskostnað er vísað til XII. kafla laga nr. 85/1936 með síðari breytingum. Um virðisaukaskatt er vísað til laga nr. 50/1988, sbr. síðari breytingar.

Niðurstaða.

Fram er komið, að fasteignarviðskipti þau, sem málið er af risið, fóru fram fyrir meðalgöngu lögmanns stefnanda, sem samdi kauptilboð og kaupsamning. Við gerð kauptilboðs og kaupsamnings voru ekki notuð eyðublöð skv. 21. gr. reglugerðar nr. 520/1989.

Í kauptilboði stefnda Emils til stefnanda segir í 2. lið í sundurliðun kaupverðs: „Að fengnu láni húsbréfadeildar Húsnæðisst. ríkisins, kr. 3.900.000,-". Sambærilegt ákvæði í kaupsamningi er svohljóðandi: „Að fengnu láni húsbréfadeildar Húsnæðisst. ríkisins, þó eigi síðar en 1. júlí 1990, kr. 3.900.000".

Stefnandi tók við fasteignarveðbréfi stefndu, að fjárhæð 3.900.000 kr., í júlí 1990 án fyrirvara og lét þinglýsa því. Bréfið bar verðbætur og vexti frá 18. júní 1990. Þegar af þeirri ástæðu verður krafa stefnanda um dráttarvexti af 3.900.000 kr. frá 1. júlí 1990 til 1. ágúst 1990 ekki tekin til greina. Seinna skipti stefnandi á bréfinu fyrir húsbréf og seldi síðar húsbréfin, allt án samráðs við stefndu. Ósannað er, að því hafi verið hreyft, að greiðslan væri ófullnægjandi, fyrr en ári eftir greiðslu. Hér er og á það að líta, sem fram kom hjá Þórólfi Halldórssyni, formanni Félags fasteignasala, um venju í fasteignaviðskiptum, þá er greitt er með fasteignarveðbréfum. Með vísan til þess, sem hér hefur verið rakið, verður að telja ósannað, að stefnandi hafi ekki tekið við fasteignarveðbréfinu sem fullnaðargreiðslu, og ber því að sýkna stefndu af kröfu stefnanda um greiðslu á 341.183 kr., vegna þess að ekki hafi verið staðið við ákvæði kaupsamnings um greiðslu kaupverðs.

Fram er komið, að stefndu fengu húsnæðið afhent þegar eftir gerð kaupsamnings. Samkvæmt ákvæði í kaupsamningi ber stefndu að greiða skatta af eigninni frá afhendingardegi. Eins og málið liggur fyrir, hefur ekki verið sýnt fram á það sterka venju á þann veg, að uppgjör fasteignargjalda fari fram við afsalsgerð og fyrr ekki, að stefnandi geti ekki gert kröfu um greiðslu gjaldanna, hvenær sem er eftir afhendingu. Verður krafa stefnanda um greiðslu vegna fasteignargjalda, 18.013 kr., því tekin til greina með dráttarvöxtum, eins og segir í dómsorði.

Samkvæmt 130. gr. l. nr. 91/1991 ber að dæma stefnanda til að greiða stefndu málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn 110.000 kr., og hefur þá verið litið til virðisaukaskattsskyldu málflutningsþóknunar.

Auður Þorbergsdóttir héraðsdómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndu, Emil B. Blöndal og Anna María E. Guðmundsdóttir, greiði in solidum stefnanda, Aðalheiði Sigurðardóttur, 18.013 kr. með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987 frá 20. júní 1991 til greiðsludags.

Stefnandi greiði stefndu 110.000 kr. í málskostnað.

Fimmtudaginn 19. janúar 1995.

Nr. 38/1992. **Húsasmiðjan hf.**
(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)
gegn
dánarbúi Ingolfs Frylund Jensen

Lausafjárkaup. Riftun. Matsgerð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 24. janúar 1992. Hann krefst þess, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda. Þá er þess krafist, að staðfest verði riftun áfrýjanda á kaupum hans á 5450 m^2 af parketi og stefndi verði dæmdur til að greiða áfrýjanda 511.493 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 8. desember 1989 til greiðsludags. Loks krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefnandi málsins í héraði, Ingolf Frylund Jensen, lést 12. mars 1993. Samkvæmt bréfi lögmanns hans til Hæstaréttar 5. janúar 1995 sætir dánarbúið nú skiptum sem skuldafrágöngubú. Af þess hálfu hefur málið ekki verið flutt munnlega hér fyrir dómi.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Málavöxtum er lýst í héraðsdómi. Í símbréfi áfrýjanda til Ingolfs Frylund Jensen 23. nóvember 1989, sem ritað var í sama mánuði og hin umdeilda vörusending barst til landsins, kemur ótvírætt fram, að áfrýjandi hafnar því að veita vörunni viðtöku, þar sem gæði hennar og magn séu ekki eins og um hafi verið samið. Þar eru settar fram tvær tillögur um það, hvernig með skuli fara. Samkvæmt þeim skal vörunni annaðhvort skilað tafarlaust eða til kvaddur hlutlaus aðili frá Lloyds tryggingafélaginu og áfrýjandi greiða fyrir þann hluta vörunnar, sem telst gott og söluhæft parket. Ingolf Frylund Jensen vildi á hvorugan kostinn fallast. Stóð í bréfaskiptum og viðræðum

milli aðila mánuðum saman, þar sem áfrýjandi áréttaði áskilnað sinn um vanefndaúrræði nokkrum sinnum, en hann sendi að lokum formlega riftunaryfirlýsingu 2. júlí 1990. Verður ekki talið, að hann hafi glatað rétti sínum til þess samkvæmt 2. mgr. 52. gr. laga nr. 39/1922 um lausafjárkaup, þar sem riftun lá efnislega fyrir 23. nóvember 1989.

Staða Péturs Vigfússonar í viðskiptum áfrýjanda og Ingolfs Frylund Jensen er óljós. Samkvæmt skriflegri yfirlýsingu hans sjálfs 30. janúar 1990, sem hann staðfesti fyrir héraðsdómi, kom hann á sambandi milli aðilanna. Hann hlutaðist til um, að áfrýjandi fékk í hendur ógölluð sýnishorn af parketi frá Ingolf Frylund Jensen. Þegar áfrýjandi staðfesti pöntun sína 19. október 1989, gerði hann skýran áskilnað um, að hann gæti eingöngu keypt „a normal good quality parkett", og er það í fram lagðri þýðingu löggilts skjalaþýðanda skilgreint sem „venjulegt gæðaparkett". Áfrýjandi kvaðst því verða „að skilja undan alla gallaða framleiðslu og annars flokks vöru". Hann sagði og í staðfestingu sinni, að Pétur Vigfússon myndi skoða parketið, áður en það yrði sent til sín. Áfrýjandi hefur gefið þá skýringu á ósk sinni um skoðun Péturs Vigfússonar, að hún hafi átt að vera til áréttingar og tryggingar þess, að parketið væri fyrsta flokks og í samræmi við þau sýnishorn, sem send höfðu verið. Er ekkert fram komið, sem hnekkt hefur þessari skýringu. Pétur Vigfússon lýsti því fyrir héraðsdómi, að hann hefði verið í eina til tvær klukkustundir að skoða parketið og einungis litið í sjö til átta pakka. Það væri því ekki rétt, sem segir í bréfi frá Ingolf Frylund Jensen til áfrýjanda 28. október 1989 og Pétur staðfesti með undirskrift sinni: „Alt er blevet optalt, gennemset og godkendt af Pétur Vigfússon . . ." Hann hafi séð, þegar vörunni var pakkað, og það hafi verið það eina, sem hann hafi verið að staðfesta þarna og með áritun sinni á meðfylgjandi reikning undir orðin „beset og godkendt". Miða verður við, að Ingolf Frylund Jensen hafi verið fullkunnugt um, hversu ófullkomin skoðun Péturs Vigfússonar var.

Í framhaldi riftunaryfirlýsingar áfrýjanda voru dómkvaddir tveir matsmenn til að skoða og meta hina umræddu vörusendingu. Í matsgerð þeirra 16. nóvember 1990 segir, að fram hafi verið lögð sýnishorn af parketi, sem pöntun til Ingolfs Frylund Jensen var byggð á, og lagt hafi verið fyrir matsmennina að meta parketið með

tilliti til orðalags í framangreindu símbréfi áfrýjanda 19. október 1989. Verður að telja þessar forsendur matsins eðlilegar, eins og á stóð. Þá kemur fram í matsgerðinni, að sendingin hafi verið „ákaflega ruglingsleg og ægir þar saman ólíkum viðartegundum og gerðum á hverju bretti". Sendingunni var pakkað í 783 pappakassa, en ópakkaður hluti hennar, um 1880 m^2, var á 14 flutningsbrettum. Heildarmagn sendingarinnar reyndist vera um 5.500 m^2, en Ingolf Frylund Jensen kvaðst í bréfi sínu til áfrýjanda 28. október 1989 hafa sent honum 5.450 m^2, en auk þess um það bil 700 m^2 af „diverse vareprøver" til öryggis og viðbótar, og væri gjalds ekki krafist fyrir það. Það var niðurstaða hinna dómkvöddu matsmanna, að í þessari sendingu væri „engan veginn um söluhæfa vöru að ræða", og „útilokað er að fella sendinguna í nokkurn gæðaflokk".

Eftir uppsögu héraðsdóms óskaði áfrýjandi þess með vísun til 143. gr. þágildandi laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, að matsmálið yrði endurupptekið og lagt fyrir matsmenn að meta að nýju þau atriði, sem greindi í upphaflegri matsbeiðni. Við fyrirtöku málsins 4. maí 1992 var svo bókað í þingbók, eftir að lögmaður stefnda hafði mótmælt endurupptöku: „Lögmaður matsbeiðanda telur að matsmenn hafi gengið út frá einhverjum sérstökum söluforsendum og vera kunni, þrátt fyrir svör þeirra í matsgerð, að parketið hafi fjárhagslegt gildi í því ástandi sem það er. Þess vegna er þess óskað, að þeir svari á ný miðað við það, hvort um slíkt fjárhagslegt gildi sé að ræða. . . . Matsmenn telja að svarið komi fram í matsgerð þeirra og telja þeir verðgildið sem parket ekkert. Hafa þeir engu við það að bæta." Að fenginni þessari afstöðu matsmanna féll áfrýjandi frá beiðni sinni. Stefndi hefur ekki gert reka að því að hnekkja matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna.

Þegar allt þetta er virt, verður hvorki talið, að Pétur Vigfússon hafi haft umboð til þess að binda áfrýjanda við kaup á þeirri vöru, sem send var, né að Ingolf Frylund Jensen hafi haft réttmæta ástæðu til að ætla, að svo væri. Þótt um kaup á miklu magni á lágu verði hafi verið að ræða, sem áfrýjandi gat ef til vill búist við einhverjum afföllum af, er ljóst, að vörusendingin fullnægði með engu móti þeim áskilnaði áfrýjanda um gæði, sem gerður var í símbréfi hans 19. október 1989. Verður ekki talið, að hið lága verð vörunnar eða viðvörun frá framleiðanda, Dan-Parket A/S, í símbréfi til áfrýj-

anda 13. október 1989 hafi leyst Ingolf Frylund Jensen undan þeirri skyldu að senda áfrýjanda vöru, sem væri að minnsta kosti í meginatriðum í samræmi við áskilnað hans um gæði. Áfrýjanda var því heimilt að rifta kaupunum samkvæmt 1. mgr. 43. gr. laga nr. 39/1922, sbr. og 53. gr. laganna. Ber þannig að taka dómkröfur hans til greina, þar á meðal kröfu um útlagðan flutningskostnað, sem hefur ekki sætt andmælum tölulega.

Eftir þessum úrslitum verður stefndi dæmdur til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir. Við ákvörðun hans er höfð hliðsjón af kostnaði við matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna. Þá er og litið til þess, að af hálfu áfrýjanda var ekki nógsamlega frá því gengið, hvers eðlis erindrekstur Péturs Vigfússonar fyrir hann átti að vera, þegar vörusendingin var úr garði gerð í Danmörku.

D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Húsasmiðjan hf., á að vera sýkn af öllum kröfum stefnda, dánarbús Ingolfs Frylund Jensen.

Rift er kaupum áfrýjanda 19. október 1989 á 5450 m^2 af parketi frá Ingolf Frylund Jensen.

Stefndi skal greiða áfrýjanda 511.493 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 8. desember 1989 til greiðsludags.

Stefndi skal greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, að fjárhæð samtals 900.000 krónur.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 11. desember 1991.

Aðalsök í máli þessu, sem dómtekið var 7. nóvember sl., er höfðuð með framlagningu skjala í dómi 19. júní 1990.

Stefndi í aðalsök höfðaði gagnsakarmál á hendur stefnanda með framlagningu skjala í dómi 4. desember 1990.

Stefnandi í aðalsök og stefndi í gagnsök er Ingolf Frylund Jensen, Højgårdsvej 18, 7100, Danmörku.

Stefndi í aðalsök og stefnandi í gagnsök er Húsasmiðjan hf., kt. 071255-4099, Súðarvogi 1–5, Reykjavík.

Dómkröfur Ingolfs Frylund Jensen eru þær, að Húsasmiðjan hf. verði dæmd til að greiða honum 600.000 danskar krónur með [nánar tilgreindum dráttarvöxtum svo og málskostnað].

Dómkröfur Húsasmiðjunnar hf. í aðalsök voru þær aðallega, að málinu yrði vísað frá dómi, en með úrskurði, upp kveðnum 12. september sl., var þeirri kröfu hafnað.

Þá var gerð krafa um sýknu á grundvelli aðildarskorts í greinargerð stefnda í aðalsök, en í þinghaldi 2. júlí sl. var fallið frá þeirri kröfu.

Dómkröfur eru þær nú, að Húsasmiðjan hf. verði sýknuð af öllum kröfum Ingolfs Frylund Jensen og að hann verði dæmdur til að greiða fyrirtækinu málskostnað [...].

Í gagnsök gerir Húsasmiðjan hf. þessar kröfur:

1) Að staðfest verði riftun gagnstefnanda á kaupum á 5450 m^2 af parketi frá gagnstefnda.

2) Að gagnstefndi verði dæmdur til að greiða gagnstefnanda 511.493 krónur vegna flutningsgjalds o. fl. auk dráttarvaxta skv. 10. gr. vaxtalaga frá 8. desember 1989 til greiðsludags.

Dómkröfur Ingolfs Frylund Jensen í gagnsök eru þær, að gagnstefndi verði algjörlega sýknaður af öllum kröfum Húsasmiðjunnar hf.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Málavextir, málsástæður og lagarök.

Aðalstefnandi, Ingolf Frylund Jensen, rekur sem einkafirma verslun með byggingarefni, verktakastarfsemi og inn- og útflutning þessu tengdan frá starfsstöð sinni í Vejle á Jótlandi.

Í október 1989 samdi hann við aðalstefnda, Húsasmiðjuna hf., um kaup á 750 m^2 af parketi fyrir 130 danskar krónur á fermetra, sem var um það bil 50 dönskum krónum lægra en framleiðandi þessa parkets, Dan Parket A/S, bauð parket til sölu á. Hafði stefnandi fengið parket þetta frá Dan Parket A/S. Dan Parket A/S sendi Húsasmiðjunni hf. bréfskeyti 13. október 1989, þar sem bent er á, að pantanir þær, sem Húsasmiðjan hf. hafði gert til Ingolfs Frylund Jensen, væru um svonefndar B-vörur og e. t. v. einnig C-vörur, sem Dan-Parket A/S hefði selt til Ingolfs án umbúða og án þess að Ingolf héldi rétti sínum til að bera fyrir sig hugsanlega galla.

Með bréfskeyti frá 19. október 1989 samþykkti Húsasmiðjan hf. áður gert tilboð Ingolfs um sölu á um 5450 m^2 af parketi frá Dan Parket A/S, og var kaupverðið 110 danskar krónur fyrir hvern fermetra. Í bréfskeyti þessu, sem er á ensku, segir m. a. í þýðingu löggilts skjalaþýðanda: „Við getum ein-

göngu keypt venjulegt gæðaparkett, og því verður að skilja undan alla gallaða framleiðslu og annars flokks vöru. Pétur Vigfússon skoðar parkettið áður en það er sent til okkar."

Greiðslukjör skyldu vera með víxli til 90 daga gegn afhendingu farmskjala.

Parketið var sett á vörubretti 28. október 1989 og því pakkað fyrir sendingu, og staðhæfir Ingolf Frylund Jensen, að það hafi verið eftir skoðun Péturs Vigfússonar, sem hafi samþykkt hið selda, eins og fram komi á bréfi Ingolfs til Húsasmiðjunnar, dagsettu 28. október 1989, en þar segir, að Ingolf hafi pakkað og sent alls 5450 m^2 af parketi á 110 krónur m^2 ásamt 2 stigum á 500 danskar krónur hvorn. Síðan segir: „Alt er blevet optalt, gennemset og godkendt af Pétur Vigfússon, som det er aftalt iflg. kontrakt via telefax d. 19. 10. 1989. Alt er eftir godkendelse pakket i plastik-Atlanterhavspakning og afsendt som aftalt.

Yderlige medfølger ca. 700 m^2 samt diverse vareprøver som en ekstra sikkerhed og som supplement. Dette medsendes vederlagsfrit. ..."

Undir bréf þetta ritar Ingolf Jensen, og enn fremur er nafnritun Péturs Vigfússonar á bréfinu.

Farmur þessi fór frá Árósum 1. nóvember 1989 og var skipað upp í Reykjavík fyrri hluta nóvembermánaðar.

Parketið var selt fob-Árósar, og telur talsmaður Ingolfs Frylund Jensen, að þá hafi varan verið afhent.

Eftir að sendingin kom til landsins, greiddi Húsasmiðjan hf. flutningskostnað, að fjárhæð 511.493 krónur. Af hálfu Húsasmiðjunnar er því haldið fram, að er sendingin kom til landsins, hafi komið í ljós, að allt það parket, sem skoðað var, hafi verið stórlega gallað.

Með yfirlýsingu, dagsettri 2. júlí 1990, rifti Húsasmiðjan hf. samningi aðila. Húsasmiðjan hf. óskaði eftir dómkvaðningu matsmanna til þess að meta parketið, og er matsgerð þeirra dagsett 16. nóvember 1990 og liggur frammi í málinu.

Að hálfu Ingolfs Frylund Jensen er staðhæft, að hið selda sé svo farið sem samningur aðila stóð til, og hafi Pétur Vigfússon staðfest þetta með sérstakri yfirlýsingu. Af hálfu Ingolfs Frylund Jensen er á það bent, að þegar aðilar gerðu samninginn, hafi legið fyrir, hvert væri verð á parketi frá Dan Parket A/S, framleiðanda vöru þeirrar, sem seld var, þ. e. 180–240 danskar krónur fyrir fermetrann, en sending sú, er Húsasmiðjan hf. fékk, hafi verið seld á 110 danskar krónur fermetrinn. Þá hafi kaupandi vitað, að parket það, sem Ingolf Frylund Jensen hafði til sölu, var ekki gæðaparket, enda hafði Dan Parket A/S tilkynnt honum, hvaða vörur þeir hefðu selt

Ingolf Frylund Jensen. Forsvarsmaður Húsasmiðjunnar, sem hafi yfir 20 ára reynslu í viðskiptum, geti ekki borið fyrir sig, að hann hafi verið að kaupa fyrsta flokks parket, eins og hér hátti til.

Því er haldið fram, að í kaupum aðila verði að líta til svokallaðs sérstaks þáttar gallahugtaksins, en ekki almenns þáttar. Telur Ingolf Frylund Jensen, að við matsgerð þá, sem gerð var að tilhlutan Húsasmiðjunnar, verði ekki miðað, þar sem matsmenn hafi byggt á almennu gallahugtaki um forsendur fyrir niðurstöðu sinni.

Þá er því haldið fram, verði það niðurstaðan, að galli hafi verið á hinu selda, að Pétur Vigfússon hafi verið umboðsmaður Húsasmiðjunnar hf., og leiði ákvæði 47. gr. kaupalaga til þess, að Húsasmiðjan geti ekki borið fyrir sig gallana, þar sem Jón Snorrason, forstjóri Húsasmiðjunnar, hafi beðið Pétur að skoða, og hafi hann farið út fyrir heimild sína við skoðunina eða rækslu umboðsstarfans yfirleitt, verði Húsasmiðjan að eiga um það við Pétur, en ekki Ingolf Frylund Jensen.

Þá er á það bent, að þar sem hér sé um verslunarkaup að ræða, verði að gera ríkar kröfur um tilkynningar, og er því haldið fram, að Húsasmiðjan hf. hafi vanrækt að tilkynna um gallana í tíma og enn fremur hafa ekki tilkynnt um, til hvaða vanefndaúrræða hún hygðist grípa, fyrr en allt of seint eða eftir að mál þetta hafði verið höfðað.

Þá er því sérstaklega mótmælt, að seljandi hafi haft svik í frammi í kaupum þessum.

Um málskostnaðarkröfu er það sérstaklega áréttað, að vegna frávísunarþáttar málsins beri að dæma Ingolf Frylund Jensen álag á málskostnað, þar sem frávísunarkrafan hafi verið að ófyrirsynju.

Húsasmiðjan hf. styður sýknukröfu sína þeim rökum, að henni hafi verið rétt að rifta kaupum um hið selda með vísan til 43. gr. laga nr. 39/1922, þar sem greiðsla Ingolfs Frylund Jensen hafi verið gölluð, þ. e. ekki í samræmi við það, sem samið var um, hvorki að magni né gæðum. Telur Húsasmiðjan hf., að stefnanda hafi verið fullkunnugt um, að sendingin svaraði ekki til pöntunar stefnda, og sé því um svik af hans hálfu að ræða. Stefndi telur sannað með matsgerð, dagsettri 16. nóvember 1990, sem frammi liggur í málinu, að um algjörlega ósöluhæfa vöru sé að ræða og stefnanda verið fullkunnugt um það.

Í þessu sambandi er því mótmælt sérstaklega, að stefndi hafi vitað, að stefnandi væri einungis að selja 2. flokk og úrkast. Stefnandi hafi staðhæft við stefnda, að um 1. flokks vöru væri að ræða, enda hafi pöntunin borið með sér, að það var forsenda stefndu við kaupin og sérstaklega tekið fram, að 2. flokkur og úrkast væri undanskilið. Er því mótmælt, að hið selda hafi

verið í samræmi við það, sem um var samið, og því, að verðlagning hins selda hafi bent til, að varan væri óseljanleg hér á landi, eins og sannað hafi verið með matsgerð.

Þá er því sérstaklega mótmælt, að stefnandi hafi átt nokkurn rétt á að senda 700 m^2 aukalega af úrgangsparketi, eins og stefnandi haldi fram, enda hafi verið sannað, að heildarmagnið af því parketi, sem stefnandi sendi, var ekki umfram það, sem pantað var, nema sem svaraði 50 m^2.

Þá mótmælir stefndi því, að Pétur Vigfússon hafi verið umboðsmaður sinn við skoðun hans á hinu selda og að hann hafi á einhvern hátt getað bundið stefnda með orðum eða athöfnum. Pétur hafi verið í starfstengslum við stefnanda, svo sem sjá megi af yfirlýsingu hans frá 30. janúar 1990, sem frammi liggur í málinu. Telur stefndi, að Pétur hafi verið í vitorði með stefnanda.

Enn er því mótmælt, að stefndi hafi haldið að sér höndum við að koma fram vanefndaúrræðum. Skjöl málsins beri með sér, að hann hafi skýrt stefnanda þegar í stað frá því, að hann ætlaði að bera það fyrir sig, að hið selda væri gallað. Því er mótmælt, að tómlætisverkanir komi til álita, ekki síst þegar litið sé til þess, að stefnandi hafi beitt svikum í þessum viðskiptum, sbr. 53. gr. kaupalaga.

Loks mótmælir stefndi því, að hann hafi ekki gert neitt, sem miðaði að því að sanna staðhæfingar sínar um galla. Skjöl málsins beri það með sér, að stefndi hafi leitað ýmissa ráða og reynt í lengstu lög að hafa samráð við stefnanda, en án árangurs.

Komist rétturinn að þeirri niðurstöðu, að skilyrði riftunar komi ekki til greina, er farið fram á afslátt að tiltölu. Telur stefndi, að sá afsláttur eigi að leiða til algjörrar sýknu, þar sem sannað sé, að um ósöluhæfa vöru hafi verið að ræða.

Í gagnsök bendir gagnstefnandi á eftirfarandi til stuðnings því, að um svik hafi verið að ræða:

Gagnstefndi hafi sannfært gagnstefnanda um, að viðvörunarskeytið frá Dan Parket væri áróðursbragð af þeirra hálfu og ekki mark á því takandi. Það hafi ekki reynst rétt.

Gagnstefndi hafi sent gagnstefnanda samansafn af hinum ýmsu viðartegundum, þrátt fyrir það að þrjár tegundir hafi verið pantaðar.

Gagnstefndi kvaðst hafa sent 700 m^2 af gölluðu parketi aukalega til verndar aðalsendingunni. Þetta hafi ekki reynst rétt. 1880 m^2 hafi verið ópakkað parket og á engan hátt pakkað samkvæmt reglum um Atlantshafsflutninga. Hinn hluti parketsins hafi verið í góðum umbúðum, en innihaldið hafi allt verið stórlega gallað.

Gagnstefndi hafi aldrei tekið í mál að fá óvilhalla aðila til að skoða parketið.

Telur gagnstefnandi, að öll þessi atriði styðji þá staðhæfingu sína, að hann hafi verið beittur svikum í kaupum þessum. Krefst gagnstefnandi því þess, að staðfest verði riftun sín á kaupunum, og ber fyrir sig ákvæði 43. gr. kaupalaga. Þá telur hann, að dæma beri gagnstefnda til að greiða flutningskostnað og annan kostnað, sem gagnstefnandi hafi þurft að greiða, og sé það hæfilegt endurgjald fyrir það tjón, sem hann hafi orðið fyrir, þar sem gagnstefndi hafi stórlega vanefnt kaupsamning aðila.

Að hálfu gagnstefnda er staðhæft, að ekki hafi verið heimild til riftunar, og beri gagnstefnanda því að greiða bæði kaupverð og annan kostnað, sem af kaupunum leiði, eftir afhendingu, enda hafi samningar ekki staðið til, að gagnstefndi bæri flutningskostnað þennan. Sýknukrafan í gagnsök byggist á málsástæðum og lagarökum, sem fram koma í aðalsök.

Forsendur og niðurstaða.

Þegar forsvarsmaður Húsasmiðjunnar hf. samþykkti tilboð Ingolfs Frylund Jensen um sölu á parketi með bréfskeyti 28. október 1989, tilkynnti hann, að Pétur Vigfússon myndi skoða parketið, áður en það yrði sent. Var Ingolf Frylund Jensen rétt að líta svo á, að Pétur hefði umboð til að taka við vörunni eða hafna henni

Fram er komið í málinu, að Húsasmiðjunni hafði verið sagt frá því, að vara sú, er Ingolf Frylund Jensen var að selja, væri misjöfn að gæðum og að verð sendingar þeirrar, er Pétur skoðaði, var að miklum mun lægra en framleiðandinn, Dan Parket, bauð vöru á, allt frá 70 til 140 dönskum krónum eftir gæðum. Pétur Vigfússon lýsti því í skýrslu sinni hér fyrir dómi, að parketið hefði verið í samræmi við samkomulag aðila, er hann skoðaði það, og við skoðunina áritaði hann yfirlýsingu um, að svo væri. Vegna þessara viðbragða umboðsmanns Húsasmiðjunnar hf. verður því við það að miða, að Ingolf Frylund Jensen hafi mátt ætla, að Húsasmiðjan hf. gerði sér ljóst, að hún var að kaupa parket, sem ekki félli allt í fyrsta flokk, og enda þótt sendingin hafi verið lakari en forsvarsmenn Húsasmiðjunnar hf. ætluðu, verður ekki fallist á það með talsmanni hennar, að seljandi hafi beitt svikum í kaupunum, þvert á móti verður að telja, að Ingolf Frylund Jensen hafi verið vítalaust að senda Húsasmiðjunni hf. umrætt parket eftir skoðun umboðsmanns hennar, Péturs Vigfússonar.

Samkvæmt skoðunargerð hinna dómkvöddu mats- og skoðunarmanna, sem gerð var í vöruskemmu Eimskips hf., voru í sendingunni frá Ingolf Frylund Jensen 1.880 fermetrar af ópökkuðu parketi á brettum og 3.570 fermetrar í pökkum. Heildarmagn sendingar er um 5.500 fermetrar.

Hér ber mjög á milli frá því, sem greinir í bréfi Ingolfs Frylund Jensen frá 28. október 1989 og að framan er rakið, en þar segir, að Húsasmiðjunni hf. hafi verið sendir 700 fermetrar af afgangsparketi á brettum og 5.450 fermetrum verið pakkað í „plastik-Atlanterhavspakning". Þannig er upplýst, að sendingin svaraði ekki til pöntunar Húsasmiðjunnar frá 19. október 1989 né lýsingar sendanda á henni. Ekkert er fram komið í málinu, sem bendir til, að hluti sendingar hafi misfarist.

Þá segir í sömu matsgerð, að parket það, sem í sendingunni var, sé ekki söluhæft hér á landi, og einnig, að verulegir gallar hafi verið á því. Um þetta atriði verður að líta til þess, að matsmenn mátu sendinguna með hliðsjón af því, hvort á hinu selda væri almennir gallar, og lögðu til grundvallar gallahugtak, sem ekki er fallist á, að eigi við hér, bæði vegna verðs sendingarinnar og upplýsinga þeirra, sem kaupandi hafði fengið um vöruna frá framleiðanda hennar í bréfskeyti frá 13. október 1989. Allt að einu þykir verða að fallast á það með Húsasmiðjunni hf., að á vörunni hafi verið nokkrir gallar. Þá lítur dómurinn svo á, að vegna stærðar sendingarinnar og ásigkomulags og þess, að Pétur Vigfússon var ekki nema 1–2 tíma að skoða sendinguna, geti Ingolf Frylund Jensen ekki ætlast til, að ákvæði 52. gr. kaupalaga leiði til þess, að Húsasmiðjan hf. hafi ekki getað borið fyrir sig, að hinu selda hafi verið áfátt. Hins vegar verður ekki fallist á riftunarkröfu Húsasmiðjunnar hf., þar sem tilkynning um riftun var ekki send Ingolf Frylund Jensen fyrr en um 8 mánuðum eftir, að sendingin barst hingað, og var það of seint, sbr. 2. mgr. 52. gr. kaupalaga.

Um kröfu Húsasmiðjunnar hf. um afslátt er það að segja, að af matsgerð má ráða, að í einhverjum tilvikum hafi hlutar sendingarinnar verið nothæfir, og eins og hér stendur á, ber að líta til þess, að ekki verður miðað við það gallahugtak, sem matsmenn leggja til grundvallar mati sínu. Verður við það að miða, að meiri hluti sendingarinnar hafi getað nýst Húsasmiðjunni hf. en matsmenn gera ráð fyrir. Er þannig ekki upplýst, að hve miklu leyti Húsasmiðjan gat nýtt sér hluta sendingarinnar. Vegna þessa þykir krafan um afslátt vera vanreifuð, og verður henni því hafnað.

Samkvæmt því, sem hér að framan hefur verið rakið, verða kröfur stefnanda í aðalsök, Ingolfs Frylund Jensen, teknar til greina.

Í gagnsök verður gagnstefndi sýknaður af öllum kröfum gagnstefnanda.

Eftir úrslitum málsins ber að dæma Húsasmiðjuna hf. til að greiða Ingolf Frylund Jensen 950.000 krónur í málskostnað, og hefur þá verið tekið tillit til reglna um virðisaukaskatt.

Allan Vagn Magnússon borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsuppsaga hefur dregist vegna anna.

Dómsorð:

Stefndi í aðalsök, Húsasmiðjan hf., greiði aðalstefnanda, Ingolf Frylund Jensen, 600.000 danskar krónur með 18,9% dráttarvöxtum á ári frá 6. febrúar 1990 til 28. febrúar s. á., með 19,1% dráttarvöxtum á ári frá 1. mars 1990 til 31. mars s. á., með 19% dráttarvöxtum á ári frá 1. apríl 1990 til 30. apríl s. á., með 18% dráttarvöxtum á ári frá 1. maí 1990 til þingfestingardags, 19. júní s. á., en með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags.

Í gagnsök skal gagnstefndi, Ingolf Frylund Jensen, sýkn af öllum kröfum gagnstefnanda, Húsasmiðjunnar hf.

Húsasmiðjan hf. greiði Ingolf Frylund Jensen 950.000 krónur í málskostnað í aðalsök og gagnsök, og beri málskostnaðarfjárhæðin dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga, frá því að 15 dagar eru liðnir frá dómsuppsögu.

Fimmtudaginn 19. janúar 1995.

Nr. 444/1994. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Unnari Sigurði Hansen
(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Þjófnaður. Áfrýjunarheimild. Frávísunarkröfu hafnað.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson og Gunnlaugur Claessen og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Málinu var áfrýjað til Hæstaréttar af hálfu ákærða og ákæruvalds með stefnu 4. nóvember 1994. Um áfrýjunarheimild vísar ákærði til c-liðar 147. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. 7. gr. laga nr. 37/1994. Hann lýsir yfir því, að áfrýjun sé gerð til að fá endurskoðun á niðurstöðum, sem byggðar eru á mati á sönnunargildi annarra gagna en munnlegs framburðar fyrir héraðsdómi. Nær áfrýjun ákærða til þeirra sakaratriða, sem um er fjallað í I. kafla ákæru.

Ákæruvaldið krefst þess aðallega, að málinu verði vísað frá Hæstarétti og að ákærði verði dæmdur til greiðslu áfrýjunarkostnaðar að viðbættum saksóknarkostnaði fyrir Hæstarétti. Til vara er þess krafist, að komi hinn áfrýjaði dómur til efnismeðferðar á grundvelli áfrýjunar dómþola, „að því er varðar sakfellingu samkvæmt I. kafla ákæru, eða endurskoðunar á refsingu er krafist staðfestingar á sakfellingu en jafnframt þyngingar á refsingu".

Kröfur ákærða fyrir Hæstarétti eru þessar:

1. Að hafnað verði kröfu ákæruvaldsins um frávísun málsins frá Hæstarétti.

2. Að ákærði verði sýknaður af I. kafla ákæru í málinu, en hljóti að öðru leyti vægustu refsingu, er lög leyfa.

3. Að allur sakarkostnaður verði greiddur úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun.

I.

Krafa ákæruvaldsins um frávísun málsins er á því reist, að niðurstaða héraðsdómara um sakfellingu samkvæmt I. kafla ákæru ráðist einungis af munnlegum framburði fyrir héraðsdómi. Við þær aðstæður verði dómi ekki áfrýjað samkvæmt c-lið 147. gr. laga nr. 19/1991, en það sé eina heimildin til áfrýjunar, sem vísað er til af hálfu ákærða.

Ákærði mótmælir því, að niðurstöður héraðsdómara byggist einvörðungu á munnlegum framburði fyrir dómi. Hafi önnur sönnunargögn augljóslega áhrif á dómsniðurstöðuna, og vísar ákærði um það til skýrslu meðákærða hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins, þar sem hann hafi lýst þætti ákærða í innbrotum á Dalvík. Þessi skýrsla vegi þungt í niðurstöðum héraðsdómara. Í dómsniðurstöðum felist einnig mat á líkum fyrir því, hvort meðákærði hafi einn getað flutt peningaskáp af innbrotsstað á Dalvík og brotið hann upp fjarri vettvangi, og því síðan hafnað, að honum hafi verið það kleift. Loks leggi héraðsdómari þá staðreynd til grundvallar, að peningar, sem fengnir voru með innbrotum á Dalvík, fundust á ákærða, er hann og meðákærði voru handteknir.

Svo sem mál þetta er vaxið, verður á það fallist með ákærða, að sönnunargögn, er ákvæði c-liðar 147. gr. laga nr. 19/1991 ná til, séu þættir í því heildarmati, sem niðurstaða héraðsdómara er reist á. Áfrýjunarheimild telst því vera fyrir hendi í nefndu ákvæði, og ber að hafna kröfu ákæruvaldsins um frávísun málsins frá Hæstarétti.

II.

Ekki er tilefni til úrræða samkvæmt 5. mgr. 159. gr. laga nr. 19/1991 varðandi sönnunargildi munnlegs framburðar fyrir dómi. Önnur þau sönnunargögn, sem sakfelling ákærða er reist á, gefa ekki heldur tilefni til annarrar niðurstöðu en þeirrar, sem í héraðsdómi felst.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta héraðsdóm, en af hálfu ákærða hefur dóminum ekki verið áfrýjað sérstaklega til endurskoðunar á refsingu samkvæmt a-lið 147. gr. laga nr. 19/1991. Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Unnar Sigurður Hansen, greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 5. október 1994.

Ár 1994, miðvikudaginn 5. október, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Sverri Einarssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 614/1994: Ákæruvaldið gegn X og Unnari Sigurði Hansen, sem tekið var til dóms 3. þ. m.

Málið er höfðað fyrir dóminum með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 20. september sl., á hendur ákærðu, X [...] og Unnari Sigurði Hansen, Bröttukinn 6 í Hafnarfirði, fæddum 17. september 1966, fæðingarnúmer 465.

Í ákæru segir, að málið sé höfðað á hendur ákærðu „báðum fyrir þjófnaði, ákærða X fyrir umferðarlagabrot og ákærða Unnari Sigurði fyrir brot á lögum um ávana- og fíkniefni, framin aðfaranótt miðvikudagsins 10. ágúst 1994, svo sem hér greinir:

I. Gegn ákærðu báðum.

1. Brotist í félagi inn í slökkvistöð Dalvíkur og áhaldahús Dalvíkurbæjar við Gunnarsbraut og stolið þaðan rörtöng, slaghamri og vasaljósi.

2. Nokkru síðar brotist í félagi inn í veitingastaðinn Sæluhúsið, Hafnarstræti 14, Dalvík, og stolið þaðan vodkaflösku, um 15 vindlingapökkum, peningaskáp og samtals 235.973 krónum.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

– – –

III. Gegn ákærða Unnari Sigurði.

Haft í vörslum sínum, þegar lögregla kom á vettvang við Hvítanes, 0,6 g af hassi.

Telst þetta varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. lög nr. 60/1980, sbr. 9. gr. laga nr. 75/1982, sbr. lög nr. 13/1985, og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 16/1986.

IV. Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar.

Í málinu krefst Anton Júlíusson, kt. 060959-3669, Hjarðarslóð 6 e, Dalvík, skaðabóta, 85.000 króna, ásamt hæstu leyfilegu dráttarvöxtum frá 18. ágúst 1994".

Málavextir.

Miðvikudagsmorguninn 10. ágúst sl. klukkan 7.26 var lögreglunni í Reykjavík tilkynnt úr bílasíma um umferðarslys á Vesturlandsvegi vestan við Hvítanes, en þar hafði Volvo-fólksbifreiðinni GY-569 verið ekið vestur veginn, og rétt þar, sem ekið er upp að Steðja, hafði ökumaðurinn misst vald á bifreiðinni í hægri beygju á veginum með þeim afleiðingum, að hún hafnaði utan vegar og valt. Höfðu ökumaður og farþegi verið inni í bifreiðinni, fastir í öryggisbeltum, þegar að var komið, en bifreiðin á toppnum.

Ökumaður og farþegi voru fluttir með sjúkrabifreið á slysadeild Borgarspítalans, en ekki var talið, að þeir væru mikið slasaðir. Voru þeir báðir í annarlegu ástandi, annaðhvort sökum áfengis- eða fíkniefnaneyslu. Óvíst var, hvor hefði ekið, en ekkert var að treysta á framburð þeirra sökum vímuefnaástands.

Mennirnir í bifreiðinni voru ákærðu, X og Unnar Sigurður Hansen, og voru þeir með mikið af peningum meðferðis. Í svartri og hvítri plasthandtösku, sem ákærði Unnar Sigurður hélt á og vildi ekki láta úr augsýn, var mikið af mynt, aðallega 50 króna mynt, og kom síðar í ljós, að um var að ræða 109.821 krónu. Þá var ákærði Unnar Sigurður með svart veski með seðlabúntum í, og var um að ræða 125.200 krónur. Einnig voru í veskinu 952 krónur í mynt.

Ákærði Unnar Sigurður sagði peningana í svarta veskinu fengna að láni hjá móður sinni og systur og ættu að fara til að borga undir vörugám, sem hann ætti von á frá Danmörku. Kvað ákærði um 103.000 krónur vera í svörtu leðurtöskunni. Ákærði kvaðst ekkert vita um tilvist plasthandtöskunnar, og hefði hún verið í bifreiðinni, og teldi hann eiganda hennar vera þann, er ætti bifreiðina. Í þessari tösku voru óátekin vodkaflaska og 15 pakkar af vindlingum.

Ákærðu voru spurðir, hvort þeir hefðu fíkniefni í fórum sínum, og framvísaði ákærði Unnar Sigurður kannabis-mola, sem hann kvað sína eign. Ekki fundust við leit önnur fíkniefni í bifreiðinni, en í henni fannst reykjarpípa og kannabis-leifar í henni. Auk áðurgreindra peninga lagði lögreglan hald á í bifreiðarflakinu tvö skrúfjárn og kúbein.

Ákærðu voru fluttir í fangageymslu lögreglunnar af slysadeildinni að lokinni skoðun og töku blóðsýna.

Næsta dag könnuðu rannsóknarlögreglumenn það, sem ákærðu höfðu

haft meðferðis, og fundu þá í litlu hólfi í svarta veskinu litla miða með áprentuninni: Sæluhúsið Pizzur. Frí heimsendingarþjónusta, s. 61488, en hann er í Sæluhúsinu að Hafnarbraut 14 á Dalvík.

Haft var samband við lögreglufulltrúa frá Akureyri, sem staddur var í lögreglustöðinni á Dalvík, og upplýsti hann, að brotist hefði verið inn á þremur stöðum á Dalvík nóttina áður, og væri hann að rannsaka innbrotin, en eitt þeirra hefði verið í Sæluhúsið og þaðan verið stolið töluverðu af peningum. Kom það heim og saman við peningana, sem ákærðu voru með, en einnig var saknað peningaskáps, sem sagður var 150 kg að þyngd. Lýsing á kúbeininu reyndist eiga við kúbein, sem stolið hafði verið úr áhaldahúsi á Dalvík.

Árdegis 11. ágúst sl. voru lagðar fram í dóminum kröfur um, að ákærðu yrðu úrskurðaðir í gæsluvarðhald, þar sem fyrir lægi rökstuddur grunur, að þeir ættu hlut að innbroti í áðurnefnt Sæluhús á Dalvík, en þaðan hefði verið stolið peningaskáp með umtalsverðum peningum, hurð að víngeymslu verið spennt upp ásamt þremur spilakössum Happdrættis Háskólans með u. þ. b. 100.000 krónum í 50 króna mynt. Þá hafði verið brotist inn í slökkvistöð og áhaldahús Dalvíkur og þaðan stolið verkfærum og loks gerð tilraun til þess að brjótast inn í skrifstofu og fiskverkun Blika hf. í sama bæ.

Ákærðu höfðu ekki verið yfirheyrðir hjá lögreglu, þegar þeir komu fyrir dóminn, og voru þá fyrst yfirheyrðir um málið. Neituðu þeir aðild að innbrotunum og voru úrskurðaðir í gæsluvarðhald allt til 15. ágúst sl. kl. 16.

Ákærði X var yfirheyrður af rannsóknarlögreglu eftir hádegi daginn, sem ákærðu voru úrskurðaðir í gæsluvarðhald, og skýrði hann þá svo frá, að hann hefði ekið bifreiðinni og teldi víst, að hann hefði sofnað undir stýri, en hann rámaði í, að bifreiðin var komin út í malarkantinn, og næst mundi hann eftir sér sitjandi inni í bifreiðinni á toppnum utan vegar. Kvaðst ákærði ekki hafa neytt áfengis fyrir aksturinn, en hann hefði tekið þrjár töflur af diazepam u. þ. b. hálftíma fyrir slysið. Þá hefði hann tekið einn „smók“ úr hasspípu í bifreiðinni á leiðinni. Kvaðst ákærði ekki hafa fundið til vímuáhrifa, en hann taldi víst, að töflurnar hefðu valdið því, að hann sofnaði svo skyndilega. Ákærði taldi ákærða Unnar Sigurð eiga hasspípuna og hassmolann, en sjálfur blandaði ákærði sér í pípuna um nóttina. Sagðist ákærði lítið hafa sofið undanfarna daga vegna vímuefnaneyslu og minnið ekki áreiðanlegt. Taldi ákærði, að ákærði Unnar Sigurður hefði fengið bifreiðina lánaða hjá Erni Karlssyni, sennilega sl. þriðjudag, og hefði hann verið viðstaddur, þegar Örn afhenti bíllyklana. Hann kvað þá hafa verið að „rúnta“ um borgina um daginn og að „sukka“ með fólki, sem hann kynni engin skil á. Þá hefðu þeir farið tveir í bifreiðinni upp á Akranes einhvern

tíma aðfaranótt miðvikudagsins. Stönsuðu þeir ekkert á Akranesi og fóru aftur áleiðis til borgarinnar. Ók ákærði Unnar Sigurður allan tímann, en á leiðinni til borgarinnar var hann orðinn svo syfjaður, að hann bað ákærða að taka við akstrinum, og taldi ákærði, að það hefði verið við Ferstiklu, sem hann tók við. Ákærði neitaði að eiga aðild að innbrotunum á Dalvík og aldrei þangað komið. Taldi hann, að það, sem fannst í bifreiðinni, hefði verið í henni, þegar þeir fengu hana lánaða.

Ákærði Unnar Sigurður var fyrst yfirheyrður af rannsóknarlögreglu síðdegis 12. ágúst sl., og kvaðst hann ekki muna eftir akstrinum í smáatriðum, en hann hefið ekið bifreiðinni, frá því að hann fékk hana lánaða hjá Erni Karlssyni, sennilega seint að kvöldi þriðjudagsins. Kvaðst ákærði hafa verið undir áhrifum fíkniefna, þegar hann fékk bifreiðina og á meðan hann var að aka henni, og hefði hann verið undir áhrifum fíkniefna allt frá því í maí. Kvaðst ákærði ekki muna nema mjög takmarkað, eftir að hann fékk bifreiðina, og væri hið síðasta, sem hann myndi, að hann hefði ætlað austur á Eskifjörð að heimsækja frænda sinn. Mundi ákærði eftir að hafa ekið á milli kanta, og hefði hann að lokum fengið ákærða X til að taka við akstrinum, en ekki mundi hann, hvar eða hvenær það var. Ákærði kvaðst vegna fíkniefnaneyslu ekki muna neitt eftir innbrotum á Dalvík, en sagði, að vel mætti vera, að hann hefði brotist þar inn. Ákærði kvaðst hafa átt 3.000 krónur, þegar hann fór af stað, en ekki aðra peninga. Kvað ákærði peninga þá, sem voru í veski því, er hann hafði spennt um mitti sér við handtökuna, svo og myntina í töskunni vera úr innbrotum, og væri ekki önnur skýring á þeim. Ákærði afsalaði sér þeim fíkniefnum, sem á honum fundust við handtökuna, svo og pípunni með fíkniefnaleifunum. Síðdegis 12. ágúst sl. skýrði ákærði X rannsóknarlögreglunni frá því, að peningaskápurinn væri í malarnámu skammt utan við Dalvík. Haft var samband við lögregluna á Dalvík, og fann hún skápinn á umræddum stað. Var talið, að í hann vantaði 30–40.000 krónur í tékkum.

Ákærði X var yfirheyrður að nýju 13. ágúst sl. og skýrði þá svo frá, að þeir hefðu farið úr borginni síðari hluta þriðjudagsins, og hefði ákærði Unnar Sigurður þá verið að tala um að fara á Langanes að heimsækja dóttur sína. Ók ákærði Unnar Sigurður síðan á Sauðárkrók, Skagaströnd og á Dalvík. Á leiðinni voru ákærðu að reykja hass, og einnig voru þeir með diazepam og amfetamín og því mjög ruglaðir. Ekki mundi ákærði, hvenær þeir komu á Dalvík, en það var um nóttina og lítil umferð. Óku þeir fram hjá veitingastað á Dalvík og datt í hug að brjótast þar inn, en fyrst brutust þeir inn í áhaldahús með því að spenna upp glugga, sem þeir fóru inn um. Ákærði kvaðst ekki vita til þess, að öðru hefði verið stolið þarna en rörtöng

og jafnvel slaghamri. Þeir fóru síðan á brott og óku hring í bænum og ákváðu þá að brjótast inn á veitingastaðinn, en við hann fór ákærði upp á gám og spennti upp glugga á 2. hæð með skrúfjárni og opnaði dyr niðri fyrir ákærða Unnari Sigurði. Ákærði sagði, að þeir hefðu spennt upp fjóra spilakassa og tekið mynt úr þeim öllum. Í eldhúsinu var mittisveski fullt af seðlum, og tóku þeir það. Þá tóku þeir eitthvað af vindlingum og eina flösku af vodka. Að þessu loknu kvaðst ákærði hafa tekið peningaskáp, sem þarna var, og hafi hann tekið hann í fangið og borið út um hliðardyr og sett í farangursgeymslu bifreiðarinnar, sem ákærði Unnar Sigurður hafði ekið upp að húsinu. Eftir þetta var ekið í malarnámu utan við bæinn, og þar hjálpuðust ákærðu að við að opna skápinn með kúbeini og slaghamri, og tók það ekki langan tíma. Úr skápnum tók ákærði Unnar Sigurður peninga, sem settir voru í veskið, en ekki vissi ákærði, hvort ákærði Unnar Sigurður tók eitthvað af tékkum. Hann sá hann þó með einhverja tékka, eftir að þeir fóru úr malarnámunni, en þaðan ók ákærði. Var ákærði Unnar Sigurður á meðan að gramsa eitthvað í því, sem tekið hafði verið úr skápnum, en ekki sá ákærði hann henda neinu úr bifreiðinni. Ákærði kvaðst hafa ekið að Varmahlíð í Skagafirði, en þaðan ók ákærði Unnar Sigurður í Hvalfjörð, þar sem ákærði tók við akstrinum að nýju einhvers staðar nálægt Ferstiklu. Voru þeir orðnir ruglaðir, þegar þarna var komið, og mundi ákærði næst eftir sér í bifreiðinni á hvolfi og hann hangandi í öryggisbeltinu. Var einhver kona að kalla á ákærða, og losaði hún hann úr beltinu. Ekki vissi ákærði, hversu miklu af peningum þeir stálu, og ekki mundi hann eftir innbrotstilraun í Blika hf. á Dalvík.

Ákærði Unnar Sigurður var enn yfirheyrður 13. ágúst sl. og kvaðst sem áður ekkert muna eftir innbrotunum á Dalvík, en að peningarnir, sem þeir voru með, væru úr þessum innbrotum, þótt hann myndi ekkert eftir þeim.

Áðurgreindur hassmoli var rannsakaður í tæknideild rannsóknarlögreglunnar 16. ágúst sl. Gerð var fíkniefnaforprófun á molanum, og gaf hún jákvæða svörun, að um hass væri að ræða, en molinn var dökkbrúnn á lit og 0,6 g að þyngd.

Hinn 15. ágúst sl. var gerð krafa um framhald gæsluvarðhalds ákærða Unnars Sigurðar til fimmtudags 29. september sl. kl. 16. Orðið var við kröfunni, en ákærði kærði úrskurðinn til Hæstaréttar, sem staðfesti hann 18. ágúst. Enn var gæsluvarðhald ákærða framlengt 29. september sl. og nú allt til 24. október nk.

Samkvæmt niðurstöðum rannsókna á blóði og þvagi ákærðu eftir handtökuna kom í ljós, að þeir hefðu báðir neytt kannabis nokkru áður, en hins vegar ekki neytt áfengis.

Einum eigenda fyrirtækisins Ýlis, sem á Sæluhúsið á Dalvík, Árna Antoni Júlíussyni rekstrarstjóra, var skilað þeim 235.973 krónum, sem ákærðu höfðu í fórum sínum við handtökuna. Hann taldi, að samtals hefði verið stolið í innbrotinu 320.000 krónum, og kvaðst muna fyrir víst eftir 11 tékkum, að fjárhæð samtals 76.890 krónur. Taldi ákærði, að tjónið í peningum og tékkum næmi u. þ. b. 85–90.000 krónum, sem hann kvaðst krefjast, að hinir seku greiddu ásamt hæstu leyfilegum dráttarvöxtum.

Verður nú gerð grein fyrir framburði ákærðu við meðferð málsins.

Ákærði X kannast við að hafa brotist inn í slökkvistöð Dalvíkur og áhaldahús Dalvíkur við Gunnarsbraut og stolið þaðan rörtöng, slaghamri og vasaljósi og nokkru síðar sömu nótt brotist inn á veitingastaðinn Sæluhúsið að Hafnarstræti 14 á Dalvík og stolið þaðan vodkaflösku, um 15 vindlingapökkum, peningaskáp og samtals 235.973 krónum. Þá kannast ákærði X við að hafa sömu nótt ekið bifreiðinni GY-569 svo óvarlega við Hvítanes á Vesturlandsvegi í Hvalfirði, að bifreiðin hafnaði á hvolfi utan vegar. Segir ákærði, að ekki sé rétt með farið í síðari skýrslu sinni hjá rannsóknarlögreglu, að ákærði Unnar Sigurður hafi verið með sér í innbrotunum, hann hafi sofið „lyfjadauða“ í bifreiðinni. Kveðst ákærði fyrir hræðslu sakir hafa blandað ákærða Unnari Sigurði inn í málið sem vitorðsmanni, en ekki getur hann gert grein fyrir, hvað það var einstakt, sem hræddi hann.

Ákærði X þvertekur fyrir, að ákærði Unnar Sigurður hafi fengið sig til að breyta fyrri framburði í málinu, og fullyrðir, að hann hafi engum þrýstingi verið beittur af hálfu ákærða Unnars Sigurðar í þessu efni, en ákærðu voru saman um tíma í svokallaðri lausagæslu í fangelsinu í Síðumúla 28.

Ákærði kveðst hafa verið undir áhrifum lyfja við innbrotin, og auk þess fékk hann lyf í fangelsinu og var undir áhrifum þeirra í bæði skiptin, sem hann var yfirheyrður.

Ákærði fullyrðir, að ákærði Unnar Sigurður hafi aldrei farið út úr bifreiðinni, frá því að þeir fóru frá Reykjavík og þar til þeir lentu á hvolfi í Hvalfirði. Hann hafi hins vegar rumskað stundum. Ákærði segir, að upphaflega hafi ætlunin verið að halda til Þórshafnar á Langanesi. Það var ákærði einn, sem breytti ferðaáætluninni, og getur hann ekki útskýrt, hvers vegna hann gerði það, og ekki man hann, hvað réð því, að farið var til Dalvíkur. Upphaflega var það ákærði Unnar Sigurður, sem lagði til, að haldið yrði til Þórshafnar, þar sem hann átti börn þar.

Ákærði kveðst muna, að ákærði Unnar Sigurður tók að beiðni sinni í sínar vörslur eftir veltuna tösku með peningum, en ekki man ákærði, hver ástæðan var fyrir þessari bón.

Ákærði Unnar Sigurður kannast ekki við að hafa tekið þátt í innbrotun-

um tveimur og man ekki eftir að hafa verið á Dalvík. Kveðst hann muna síðast eftir sér, áður en hann vaknaði í bifreið á hvolfi í Hvalfirði, að hann var að „rúnta“ á sömu bifreið í Reykjavík. Kveðst hann ekki muna nokkurn skapaðan hlut á milli þessara tveggja tímapunkta, en ekki kveðst hann geta vefengt, að hann hafi verið á ferð á Dalvík umrædda nótt með ákærða X. Ákærði kannast hins vegar við að hafa átt þau 0,6 g af hassi, sem fundust á honum við handtökuna um nóttina, en hassið kveðst hann hafa ætlað til eigin nota.

Ákærði Unnar Sigurður segir, að ákærði X hafi beðið sig að taka í sínar vörslur þá peninga, sem fundust á sér við handtökuna, og bar hann þessa bón upp, eftir að þeir höfðu velt bifreiðinni og á meðan þeir biðu aðstoðar.

Ákærði segir, að ekkert megi treysta skýrslu sinni hjá rannsóknarlögreglu, þar sem hann hafi verið svo illa fyrirkallaður við skýrslutökuna vegna misnotkunar á ýmsum lyfjum. Man ákærði ekki eftir, að teknar væru af honum tvær skýrslur með dags millibili, og segir hann, að það taki stundum meira en þrjá sólarhringa að fá minnið að nýju, eftir að það hefur horfið vegna ofnotkunar lyfja.

Vitnið Sveinn Kjartansson læknir, Bollagörðum 91 á Seltjarnarnesi, kveðst hafa haft afskipti af ákærðu báðum eftir komu þeirra í fangelsið í Síðumúla, en þar var vitnið afleysingalæknir. Segir vitnið, að það hafi fyrst haft afskipti af þeim 11. ágúst sl. Voru ákærðu báðir lerkaðir og lemstraðir, þegar vitnið sá þá, en báðir áttuðu sig á stað og stund og eigin persónu. Báðir voru ákærðu með einkenni fráhvarfs lyfja og/eða áfengis. Vitnið man ekki, hvort það sá ákærðu 12. og 13. ágúst sl. Vitnið telur, að ákærðu hafi báðir verið færir um að gefa skýrslur um gerðir sínar, þegar vitnið sá þá. Ákærðu voru í slíku ástandi, að því er snertir fráhvarfseinkenni, að talið var nauðsynlegt að gefa þeim lyf vegna þess. Þetta voru annars vegar krampastillandi lyf og hins vegar róandi lyf. Voru notaðar þrjár tegundir lyfja. Vitnið telur, að þessi lyf hafi engin áhrif haft á hæfileika ákærðu til að gefa skýrslur hjá lögreglu, á meðan þeir voru á þeim. Þá segir vitnið, að lyf þau, sem ákærðu sögðust hafa notað og í hve miklu magni, hefðu getað haft veruleg áhrif á dómgreind, hegðun og alla hugsun ákærðu. Getur þetta kallað fram jafnvægisleysi á geðsmunum. Vitnið telur, að fráhvarfseinkenni eins og þau, sem ákærðu sýndu, geti varað frá nokkrum dögum og upp í nokkrar vikur.

Vitnið Sigurður Viðar Benjamínsson rannsóknarlögreglumaður, Hvassaleiti 26 í Reykjavík, man eftir að hafa yfirheyrt ákærðu báða vegna máls þessa, en man ekki, hversu oft það yfirheyrði hvorn um sig. Vitnið telur, að ákærðu hafi báðir verið færir um að gefa skýrslur í málinu, og gat vitnið

ekki merkt, að þeir væru undir áhrifum lyfja við skýrslutökurnar, og ekki hafi verið annað að heyra en ákærðu gerðu sér báðir ljósan stað og stund við yfirheyrslurnar. Þá hafi ákærði X af sjálfsdáðum í upphafi yfirheyrslu skýrt frá því, hvar peningaskápinn væri að finna.

Vitnið Gísli Ingimundur Þorsteinsson rannsóknarlögreglumaður, Ægisíðu 56 í Reykjavík, þorir ekki að fara með, í hvaða ástandi ákærði X var, þegar vitnið yfirheyrði hann 11. ágúst sl., en telur, að ákærði hafi verið fær til yfirheyrslu og vitað, hverju hann var að svara, og sá vitnið ekkert athugavert við ástand ákærða. Vitnið þorir ekki að fara með það, hvort ákærði X hafði orð á því við vitnið, að hann hefði sofið lítið undanfarna daga vegna vímuefnaneyslu, og væri minni sitt því ekki áreiðanlegt. Þrátt fyrir það að ákærði kunni að hafa sagt þetta, mat vitnið ástand ákærða með þeim hætti, að hægt væri að yfirheyra hann.

Vitnið Ólafur Loftsson fangavörður, Eyktarási 22 í Reykjavík, man eftir því að hafa verið viðstatt yfirlestur á skýrslu eftir yfirheyrslu yfir ákærða X einu sinni og Unnari Sigurði tvívegis, þegar þeir voru yfirheyrðir vegna máls þessa. Vitnið segir, að það sé mat sitt, að þeir hafi báðir gert sér grein fyrir því í þessi skipti, hvað þeir væru að skrifa undir, og hvorugur mótmælt einu eða öðru. Vitnið treystir sér ekki til að meta, hvort ákærðu voru undir áhrifum lyfja í þessi skipti.

Sannað er með framburði ákærðu beggja, að þeir voru saman umrædda nótt í bifreiðinni GY-569, og sannað er með játningu ákærða X, að þeir komu til Dalvíkur, en því hefur ákærði Unnar Sigurður ekki mótmælt. Jafnframt er sannað með framburði ákærða X hjá rannsóknarlögreglu og fyrir dómi og öðru því, sem fram er komið og rakið var, að innbrotin tvö voru framin þessa nótt. Þýfi úr innbrotunum fannst í bifreiðinni hjá ákærðu og verkfæri, sem ætla má að hafi verið notuð við innbrotin. Ákærði X bar hjá rannsóknarlögreglu, að ákærðu hefðu báðir staðið að innbrotunum, en hefur við meðferð málsins dregið til baka, að þeir hafi verið saman, og bera ákærðu nú báðir um „lyfjadauða“ ákærða Unnars Sigurðar og að ekki séu marktækar skýrslur þeirra hjá rannsóknarlögreglu.

Rakinn hefur verið framburður fangelsislæknisins, fangavarðar og tveggja rannsóknarlögreglumanna um ástand ákærðu við framangreindar skýrslutökur. Kemur ekkert fram í þeim, sem gefi tilefni til að ætla, að ákærðu hafi ekki verið færir um að gefa þær skýrslur og að þeim megi treysta. Verður því síðbúnum breyttum framburði hafnað og farið eftir skýrslum ákærðu hjá rannsóknarlögreglu og þá sérstaklega ákærða X þess efnis, að ákærðu hafi báðir verið í innbrotunum, enda ber að hafna skýringu ákærðu á því, hvers vegna ákærði Unnar Sigurður bar á sér hluta

þýfisins. Enn er til þess að líta, að afar ótrúlegt er, að ákærði X hafi verið einn að bisa við þungan peningaskáp. Er því sannað, þegar allt er virt, að ákærðu hafi báðir gerst sekir um innbrotsþjófnaðina tvo, sem eru rétt færðir til refsiákvæðis í ákæru. Þá er sannað með játningum ákærðu, sem eru í samræmi við annað, sem fram er komið í málinu, að ákærðu hafa gerst sekir um það, sem þeim er gefið að sök í II. og III. kafla ákæru og þar er rétt fært til refsiákvæða.

– – –

Ákærði Unnar Sigurður hlaut 30 daga fangelsi, skilorðsbundið í tvö ár, 31. janúar 1985 fyrir brot á 254. gr. almennra hegningarlaga. Frá 5. júní 1985 og fram til 17. maí sl., þegar ákærði hlaut 18 mánaða fangelsisdóm fyrir þjófnað og þjófnaðartilraun, hefur ákærði verið dæmdur til fangelsisvistar 15 sinnum og samanlögð refsing numið 6 ára, 8 mánaða og 10 daga fangelsi, en inn í refsinguna samkvæmt síðastgreindum dómi voru felldar 298 daga eftirstöðvar refsingar, sem ákærði hafði fengið skilorðsbundna reynslulausn á. Oftast hefur ákærði hlotið dóma fyrir þjófnað og þjófnaðartilraunir, en einnig fyrir skjalafals, húsbrot, gripdeild, fjársvik, spellvirki og nytjastuldi. Þá hefur ákærði tvívegis verið dæmdur til sektargreiðslu fyrir umferðarlagabrot og einu sinni fyrir tékkalagabrot. Enn fremur hefur ákærði einu sinni gengist undir sektargreiðslu með dómsátt fyrir umferðarlagabrot, einu sinni fyrir áfengislagabrot og þrívegis fyrir brot á lögum og reglugerð um ávana- og fíkniefni.

Refsing ákærða X verður ákvörðuð með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga og þykir hæfilega ákveðin fangelsi í 5 mánuði.

Refsing ákærða Unnar Sigurðar verður ákveðin með hliðsjón af 72. gr., 77. gr. og 255. gr. almennra hegningarlaga, en ákærði er vanaafbrotamaður og lætur sér ekki segjast þrátt fyrir marga dóma. Með hliðsjón af þessu þykir refsing ákærða Unnars Sigurðar hæfilega ákveðin fangelsi í 1 ár.

Ákærði X sat í gæsluvarðhaldi frá 11. ágúst sl. árdegis til 15. ágúst sl. kl. 16, en þá hóf hann að afplána eftirstöðvar fangelsisrefsingar. Ákærði Unnar Sigurður hóf vist í gæsluvarðhaldi árdegis 11. ágúst sl. og er enn í gæsluvarðhaldi við dómsuppsögu. Hann hefur því setið í gæsluvarðhaldi í 56 daga. Rétt þykir samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga, að framangreint gæsluvarðhald komi refsingum ákærðu til frádráttar.

Bótakröfu þeirri, sem uppi er höfð í málinu, er mótmælt, en hún er vanreifuð og ekki studd neinum gögnum, og auk þess er einungis ákært fyrir þjófnað á peningum þeirrar fjárhæðar, sem skilað var. Ber því að vísa bótakröfunni frá dóminum í máli þessu.

Loks ber að dæma ákærðu til þess að greiða allan sakarkostnað. Skal

ákærði X greiða skipuðum verjanda sínum, Sigurði Guðmundssyni héraðsdómslögmanni, 40.000 krónur í málsvarnarlaun, og ákærði Unnar Sigurður skal greiða skipuðum verjanda sínum, Hilmari Ingimundarsyni hæstaréttarlögmanni, 85.000 krónur í réttargæslu- og málsvarnarlaun, en annan sakarkostnað greiði ákærðu óskipt, þar með taldar 30.000 krónur í saksóknarlaun til ríkissjóðs.

Guðjón Ólafur Jónsson, fulltrúi ríkissaksóknara, flutti málið af hálfu ákæruvalds.

Dómsorð:

Ákærði X sæti fangelsi í 5 mánuði.

Ákærði Unnar Sigurður Hansen sæti fangelsi í 1 ár.

Til frádráttar refsingum ákærðu skal koma seta þeirra í gæsluvarðhaldi, ákærða X í 5 daga og ákærða Unnars Sigurðar í 56 daga.

Ákærði X greiði skipuðum verjanda sínum, Sigurði Guðmundssyni héraðsdómslögmanni, 40.000 krónur í málsvarnarlaun, og ákærði Unnar Sigurður greiði skipuðum verjanda sínum, Hilmari Ingimundarsyni hæstaréttarlögmanni, 85.000 krónur í réttargæslu- og málsvarnarlaun, en annan sakarkostnað greiði ákærðu óskipt, þar með taldar 30.000 krónur í saksóknarlaun til ríkissjóðs.

Fimmtudaginn 19. janúar 1995.

Nr. 440/1994. **Ákæruvaldið**
(Egill Stephensen saksóknari)
gegn
Sigurjóni Reyni Eiríkssyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Ávana- og fíkniefni. Refsiákvörðun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson og Gunnlaugur Claessen og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Ákærði áfrýjaði héraðsdómi til endurskoðunar á ákvörðun refsingar samkvæmt a-lið 147. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. 7. gr. laga nr. 37/1994. Var þá af hálfu ákæruvaldsins einnig áfrýjað með stefnu 6. október 1994, að því er hann varðar, til þyngingar á refsingu. Af hálfu annarra ákærðu hefur héraðsdómi ekki verið áfrýjað.

Ákæruvaldið krefst nú staðfestingar héraðsdóms að öðru leyti en því, að fallist er á kröfu ákærða um, að gæsluvarðhald, er hann sætti í nóvember 1992, komi til frádráttar refsingu.

Brot þau, sem ákærði er sakfelldur fyrir, fólust í innflutningi á verulegu magni fíkniefna til landsins. Í ljós er leitt, að ákærði skipulagði ferðir til útlanda í þessu skyni og stuðlaði að þátttöku annarra í þessum brotum, þar á meðal tveggja yngri systkina sinna. Var þáttur ákærða í þessum ólöglega innflutningi mun meiri en þáttur meðákærðu, enda lagði hann fram mestan hluta þess fjár, sem varið var til fíkniefnakaupanna erlendis, festi sjálfur kaup á þeim og greiddi farareyri þeirra, sem tóku að sér að flytja efnin til landsins.

Svo sem lýst er í héraðsdómi, hefur ákærði með brotum sínum rofið skilorð dóms frá 14. nóvember 1991. Verður refsing ákærða ákveðin með vísan til 60. gr., 5., 6. og 8. tl. 70. gr., 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Samkvæmt þessu og með vísan til 3. mgr. 159. gr. laga nr. 19/1991, sbr. 19. gr. laga nr. 37/1994, verður hinn áfrýjaði dómur staðfestur, þó þannig, að til frádráttar refsingu skal með fullri dagatölu koma gæsluvarðhald, sem ákærði sætti frá

2. nóvember 1992 til 8. sama mánaðar. Þá ber að dæma ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar málsins, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að gæsluvarðhald ákærða 2.- 8. nóvember 1992 skal koma til frádráttar refsingu.

Ákærði, Sigurjón Reynir Eiríksson, greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 23. ágúst 1994.

Ár 1994, þriðjudaginn 23. ágúst, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er af Allani Vagni Magnússyni héraðsdómara í Dómhúsinu við Lækjartorg, kveðinn upp dómur í málinu nr. 560/1993: Ákæruvaldið gegn A, B, C, D, Sigurjóni Reyni Eiríkssyni og E, sem dómtekið var sama dag.

A.

Með ákæruskjali, dagsettu 5. október 1993, höfðaði ríkissaksóknari opinbert mál á hendur A [...], B [...], C [...] og Sigurjóni Reyni Eiríkssyni, Álfhólsvegi 125, Kópavogi, kt. 231060-2439, „öllum fyrir brot á lögum um ávana- og fíkniefni og ákærða Ragnari enn fremur fyrir brot á almennum hegningarlögum, svo sem hér greinir:

– – –

II.

Ákærða B og Sigurjóni Reyni er gefið að sök að hafa í byrjun mars 1992 staðið sameiginlega að innflutningi á um 1 kg af hassi. Ákærði Sigurjón Reynir keypti efnið í Rotterdam, og fluttu ákærðu það til Lúxemborgar, þar sem þeir festu það við líkama ákærða B, sem flutti efnið þannig hingað til lands 8. sama mánaðar að þáverandi heimili meðákærða Sigurjóns Reynis að Safamýri 31 í Reykjavík, þar sem meðákærði Sigurjón Reynir tók efnið í sínar vörslur sama dag. Ákærði Sigurjón Reynir skipulagði ferð ákærðu og greiddi allan ferðakostnað og auk þess ákærða B 150.000 kr. fyrir flutning efnisins.

III.

Ákærðu er öllum gefið að sök að hafa í síðari hluta mars 1992 staðið sameiginlega að innflutningi á tæplega 3 kg af hassi. Ákærði Sigurjón Reyn-

ir keypti efnið í Rotterdam, og fluttu ákærðu það til Lúxemborgar, þar sem ákærði Sigurjón Reynir annaðist undirbúning á flutningi efnisins til landsins með því að festa 975,2 g af efninu við líkama ákærða B, 1.195,2 g við líkama ákærða C og 800,1 g við líkama ákærða A, sem fluttu efnið þannig hingað til lands 22. sama mánaðar, en ákærðu voru öll handtekin við komu til Keflavíkurflugvallar og hald lagt á allt efnið. Ákærði Sigurjón Reynir skipulagði ferð ákærðu og greiddi allan ferðakostnað, en samkomulag var með ákærðu um, að hann greiddi ákærða fyrir flutning efnisins.

– – –

Háttsemi ákærðu samkvæmt I.–IV. kafla telst varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. lög nr. 60/1980, sbr. 9. gr. laga nr. 75/1982, sbr. lög nr. 13/1985, og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 16/1986. Háttsemi ákærða Ragnars samkvæmt V. kafla telst varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmd til refsingar. Þá er þess krafist, að 2974,8 grömm af hassi verði gerð upptæk samkvæmt 5. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 og 2. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 16/1986.

– – –

Um II. kafla ákæru.

– – –

Þrátt fyrir neitun ákærða Sigurjóns er sannað með framburði ákærða B fyrir sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum, sem hlýtur stuðning í öðrum málsgögnum, að ákærði Sigurjón hefur gerst sekur um athæfi það, sem honum er gefið að sök í ákæru, og einnig liggur fyrir viðurkenning ákærða B á því að hafa flutt inn um 1 kg af hassi 8. mars 1992.

Gerðust ákærðu með verknaði sínum brotlegir við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. lög nr. 60/1980, sbr. 9. gr. laga nr. 75/1982, sbr. lög nr. 13/1985, og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 16/1986.

Um III. kafla ákæru.

– – –

Með þessum framburði meðákærðu og því, sem fram kemur um gjaldeyriskaup ákærða Sigurjóns Eiríkssonar í skjölum málsins, er sannað, að hann hefur gerst sekur um að hafa staðið að innflutningi á tæplega 3 kg af hassi ásamt systkinum sínum, ákærðu B og D, og ákærða B og að hafa skipulagt ferð ákærðu og greitt allan ferðakostnað.

Þá er sannað, að ákærða A flutti inn 800,1 g af hassi 22. mars 1992 og ákærði D 1194,3 g og ákærði B 975,2 g.

Með þessu gerðust ákærðu brotleg við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um

ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. lög nr. 60/1980, sbr. 9. gr. laga nr. 75/1982, sbr. lög nr. 13/1985, og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 16/1986.

B.

Með ákæruskjali, út gefnu 9. desember sl., höfðaði ríkissaksóknari opinbert mál á hendur Sigurjóni Reyni Eiríkssyni, Álfhólsvegi 125, Kópavogi, kt. 231060-2439, og E „fyrir brot á lögum um ávana- og fíkniefni með því að hafa um mánaðamótin október-nóvember 1992 í ágóðaskyni staðið sameiginlega að innflutningi á 733,2 g af hassi og 4 g af marihuana. Ákærði Sigurjón Reynir keypti efnin í Rotterdam laugardaginn 31. október og flutti þau ásamt meðákærða E til Amsterdam sama dag, þar sem ákærði Sigurjón Reynir gekk frá efnunum til flutnings hingað til lands, og festi ákærði E efnin við líkama sinn og flutti þau þannig hingað til lands 1. nóvember, og var hann handtekinn við komuna til Keflavíkurflugvallar og hald lagt á efnin. Samkomulag var með ákærðu um, að ákærði Sigurjón Reynir greiddi með ákærða fyrir flutning efnanna.

Telst þetta varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. lög nr. 60/1980, sbr. 9. gr. laga nr. 75/1982, sbr. lög nr. 13/1985, og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 16/1986.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar. Þá er þess krafist, að 733,2 g af hassi og 4 g af marihuana verði gerð upptæk samkvæmt 5. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 og 2. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 16/1986".

Ákærðu hafa viðurkennt brot sitt. Er málið því dæmt samkvæmt skýlausri játningu þeirra, sbr. 125. gr. laga nr. 19/1991, og vísast um málavaxtalýsingu til ákæru, sem rakin er hér að framan.

C.

Sannað er, að ákærði Sigurjón Eiríksson hafði forgöngu um ferðir þær til fíkniefnakaupa, sem frá er greint hér að framan, og fjármagnaði þær. Á árunum 1979 til 1983 gekkst hann þrívegis undir sekt vegna brota á umferðar- og áfengislögum. Hann hefur hlotið fjóra dóma á árunum 1985 til 1991 fyrir ölvunarakstur og fyrir að aka sviptur ökuréttindum. Með dómi sakadóms Reykjavíkur 14. nóvember 1991 var ákærði dæmdur í 30 daga fangelsi fyrir brot gegn 254. gr. almennra hegningarlaga, og var refsing skilorðsbundin í þrjú ár. Loks var ákærði dæmdur í Héraðsdómi Reykjavíkur 31. ágúst 1992 í 15.000 króna sekt fyrir brot gegn tékkalögum.

Dómurinn frá 14. nóvember 1991 verður nú tekinn upp, en ákærði rauf skilorð hans með brotum sínum, sem hér er fjallað um. Refsing hans, sem ákveðst með hliðsjón af 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga, þykir hæfi-

lega ákveðin fangelsi í 12 mánuði, en gæsluvarðhald hans frá 23. mars 1992 til 15. apríl s. á. kemur til frádráttar refsivist með fullri dagatölu.

– – –

Þá ber að gera upptæk 733,2 g af hassi og 4 g af marihuana, sem lagt var hald á 31. október 1992, og 2974,8 g af kannabis-efni, sem lagt var hald á 22. mars 1992, eins og krafist er í ákæruskjölum.

Loks ber að dæma ákærðu til greiðslu sakarkostnaðar, þar með talinna málsvarnarlauna, skipaðra verjenda þeirra og saksóknarlauna í ríkissjóð, eins og greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Ákærði Sigurjón Eiríksson sæti fangelsi í 12 mánuði. Gæsluvarðhald ákærða frá 23. mars 1992 til 15. apríl s. á. kemur til frádráttar refsivist með fullri dagatölu.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Brynjars Níelssonar hdl., 65.000 krónur, og 50.000 krónur í saksóknarlaun í ríkissjóð.

– – –

733,2 g af hassi og 4 g af marihuana, sem lagt var hald á 31. október 1992, og 2.974,8 g af kannabis-efni, sem lagt var hald á 22. mars 1992, eru gerð upptæk.

Fimmtudaginn 19. janúar 1995.

Nr. 103/1993. **Finnbogi Jónsson**

gegn

Ingólfi Þórissyni

(Jóhann Níelsson hrl.)

Ærumeiðingar. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Markús Sigurbjörnsson og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut þessu máli til Hæstaréttar með stefnu 4. mars 1993. Hann krefst þess, að stefnda verði gerð refsing fyrir þau ummæli, sem hann lét falla um áfrýjanda í bréfi til Málarafélags Reykjavíkur 16. september 1991 og tilfærð eru í hinum áfrýjaða dómi, svo og, að þessi ummæli verði dæmd dauð og ómerk og stefnda gert að greiða kostnað af birtingu forsendna og dómsorðs dóms í málinu í dagblaði. Áfrýjandi krefst þess einnig, að stefnda verði gert að greiða sér fégjald samkvæmt 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, að fjárhæð 300.000 krónur, auk dráttarvaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 16. september 1991 til greiðsludags. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Ummæli þau, sem urðu tilefni þessa máls, lét stefndi falla í bréfi til Málarafélags Reykjavíkur til skýringa á ástæðum fyrir uppsögn áfrýjanda úr starfi hjá Ríkisspítölunum. Í upphafi bréfsins tók stefndi fram, að áfrýjandi hefði verið ráðinn til starfa 30. maí 1989 sem verkstjóri málara við Landspítalann, en ummælin, sem áfrýjandi telur ærumeiðandi í sinn garð, snerust eftir efni sínu um, hvernig áfrýjanda fóru verkstjórastörfin úr hendi, og hæfileika hans til að gegna þeim.

Þegar áfrýjandi hóf störf á Landspítalanum vorið 1989, var skipulag þriggja verkstæða, dúklagningar-, málara- og trésmíðaverkstæða, með þeim hætti, að yfir hverju þeirra var starfandi verkstjóri.

Þeir heyrðu allir beint undir tæknifræðing spítalans, sem síðan heyrði undir framkvæmdastjóra tæknisviðs Ríkisspítalanna, stefnda í máli þessu. Þáverandi verkstjóri á málaraverkstæði fór í ársleyfi sumarið 1989. Á þeim tíma var breyting gerð á skipulagi þessu, þannig, að verkstæðin þrjú heyrðu upp frá því undir umsjónarmann spítalans, sem skyldi vera staðgengill tæknifræðings. Aðila greinir á um, hvort eftir sem áður hafi verið starfandi sérstakur verkstjóri á málaraverkstæði. Áfrýjandi heldur því ákveðið fram, að þegar verkstjórinn á málaraverkstæði fór í leyfi sitt, hafi umsjónarmaður spítalans tekið við starfi hans, en ekki áfrýjandi. Þess vegna sé alrangt af hálfu stefnda og síðar tilbúin skýring, að áfrýjandi hafi tekið við starfinu, en af þessum sökum telur hann hin átöldu ummæli stefnda tilhæfulaus.

Í ráðningarsamningi, sem áfrýjandi gerði við Ríkisspítalana við upphaf starfa sinna vorið 1989, er starfsheiti hans sagt vera húsamálun, en óumdeilt er, að þetta hafi verið eini skriflegi samningurinn, sem var gerður um ráðningu hans. Menn, sem störfuðu með áfrýjanda við Landspítalann og voru leiddir fyrir héraðsdóm sem vitni í málinu, hafa hins vegar borið, að hann hafi starfað þar sem verkstjóri málara og litið hafi verið á hann sem slíkan. Ýmis önnur gögn málsins styðja jafnframt, að áfrýjanda hafi verið ætlað að starfa í raun sem verkstjóri, þar á meðal gögn um launakjör hans og bréfaskipti stefnda við fyrri verkstjórann á málaraverkstæði. Ekki verður fallist á, að áfrýjanda hafi tekist að hnekkja því, sem ályktað verður á þennan hátt af fram komnum sönnunargögnum, en eins og málið liggur fyrir, verður sönnunarbyrði að hvíla að þessu leyti á honum. Verður því við það að miða, að ummæli stefnda hafi réttilega verið byggð á þeirri forsendu, að áfrýjandi hafi starfað sem verkstjóri hjá Ríkisspítölunum.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms má fallast á, að í þessu ljósi varði ummæli stefnda ekki við 234. gr. eða 235. gr. almennra hegningarlaga, svo og, að ekki séu efni til að ómerkja þau eða taka til greina aðrar kröfur áfrýjanda. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm um annað en málskostnað.

Í ljósi atvika málsins verður áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn í einu lagi fyrir héraðsdómi og Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður um annað en málskostnað.

Áfrýjandi, Finnbogi Jónsson, greiði stefnda, Ingólfi Þórissyni, 75.000 krónur samanlagt í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Sératkvæði
Guðmundar Jónssonar

Stefndi kveður áfrýjanda hafa gegnt verkstjórastarfi á tímabilinu 1990 til apríl 1991. Það hafi verið fólgið í daglegri stjórn málara, en á þeim tíma hafi starfað þar svokallaðir verktakar, menn ráðnir á tímakaupi, sem hafi starfað þar langtímum saman án þess að vera fastráðnir. Hafi starf áfrýjanda verið fólgið í daglegri verkstjórn þessara manna, segja þeim, hvaða verk þeir ættu að vinna, útvega þeim efni og jafnframt að ráða málara til starfa við Landspítalann. Stefndi kveður kvartanir hafa komið frá umsjónarmanni og tæknifræðingi spítalans nokkrum mánuðum áður en áfrýjandi hætti störfum, að hann sinnti verkstjórn ekki nægilega vel. Hafi kvartanirnar aukist, eftir því sem á leið. Hafi verið talað um, að það þyrfti að skipta um verkstjóra. Stefndi kveður áfrýjanda hafa ráðið verktíma í samráði við umsjónarmann spítalans. Var kvartað yfir því, að þær áætlanir stæðust ekki. Ekki kveður stefndi sér kunnugt um, að nein breyting hafi orðið á ráðningarsamningi áfrýjanda.

Egill Tómas Jóhannsson, umsjónarmaður Landspítalans, hefur á hendi yfirstjórn þriggja verkstæða Landspítalans, trésmíðaverkstæðis, málaraverkstæðis og dúklagningarverkstæðis. Hann kveður sér hafa verið kynnt málið þannig, að áfrýjandi tæki við af Kjartani Kjartanssyni sem verkstjóri á málaraverkstæði. Ákvarðanir um framkvæmdir hafi verið teknar á fundum, sem hann, stefndi og Þorvaldur Thoroddsen sátu einu sinni í viku. Hann og Þorvaldur hafi svo kynnt verkstjórum sínum þau stóru verk, sem unnið var við og fram undan voru. Stefnda hafi svo verið gefin skýrsla um þau einu sinni í viku. Beiðnir um öll smærri verk komi frá deildum með sérstökum verkbeiðnum, er fari beint til verkstjóra sem skipi undir-

mönnum sínum til þeirra verka. Við framkvæmdir þurfi að loka deildum spítalans og herbergjum. Því þurfi að ákveða, hvenær loka skuli og opna aftur. Ef ekki takist að standa við tímaáætlanir, þurfi að fresta komu sjúklinga eða senda þá heim aftur. Hafi oft komið fyrir, að afboða hafi þurft sjúklinga eða senda þá heim aftur, vegna þess að tímasetningar áfrýjanda hafi verið rangar. Kveðst hann hafa fengið kvartanir út af því og þurft að leiðrétta það.

Áfrýjandi hefur ekki kannast við að hafa haft á hendi verkstjórn við málaravinnu, enda hafi hann ekki verið ráðinn til slíks starfs. Stjórn verka hafi haft með höndum Kjartan og síðar Egill. Ekki kveður áfrýjandi hafa verið rætt við sig um að taka við starfi Kjartans. Kveðst hann hafa talið, að laun sín sem verkstjóra trésmiða stöfuðu af því, að um yfirborgun væri að ræða. Áfrýjandi kveðst hafa séð um innkaup og skrifað undir afhendingarbeiðnir í því sambandi. Hann hafi setið fundi út af niðurröðun vinnu, en ekki hafi komið þar fram kvartanir vegna vinnu sinnar. Hann kveðst aldrei hafa fengið aðfinnslur út af faglegum störfum sínum og kveðst ekki hafa fengið áminningu.

Þorvaldur Thoroddsen, sem undirritaði ráðningarsamninginn við áfrýjanda af hálfu Ríkisspítalanna og bréfið um uppsögn áfrýjanda, kom ekki fyrir dóm í málinu. Samkvæmt samningnum var áfrýjandi ráðinn húsamálari á málningarverkstæði Ríkisspítalanna. Telja verður fram komið, að áfrýjandi hafi haft einhver afskipti af verkbeiðnum og kaupum á efni, og laun fékk hann greidd sem verkstjóri á trésmíðaverkstæði spítalans. Hins vegar er ósannað, að hann hafi haft með höndum svo umfangsmikla verkstjórn sem lýst er af vitninu Agli Tómasi Jóhannssyni. Ég tel fram komið, að á þeim grundvelli hafi gagnrýni beinst að áfrýjanda og uppsögn hans verið byggð. Ég tel því, að umsögn stefnda, sem mál þetta er risið af, hafi ekki verið réttmæt.

Í hinum áfrýjaða dómi er gerð grein fyrir aðdraganda að því, að stefndi ritaði bréfið með hinum umstefndu ummælum. Með hliðsjón af því tel ég ummælin ekki vera ærumeiðandi, og ekki felst í þeim aðdróttun. Ég tel því, að hafna beri kröfum áfrýjanda að öðru leyti en því, að ómerkja beri hin umstefndu ummæli, sem ekki hafa verið réttlætt. Ég tel einnig, að dæma beri stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 25. febrúar 1993.

Mál þetta, sem dómtekið var 28. janúar sl., er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur af Finnboga Jónssyni, kt. 210650-4669, Hraunbæ 174, Reykjavík, gegn Ingólfi Þórissyni, kt. 190558-2079, Keilugranda 4, Reykjavík, með stefnu, birtri 5. mars 1992.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði dæmd refsing samkvæmt 234. og 235. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 fyrir eftirgreind ummæli:

„Fljótlega kom í ljós að Finnboga fór verkstjórnin illa úr hendi og var honum gerð grein fyrir því að hann yrði að bæta sig eða láta af starfi." „Því miður hafði Finnbogi ekki tök á þessu verkefni." – en þau voru viðhöfð í bréfi stefnda, Ingólfs, til Málarafélags Reykjavíkur, dags. 16. september 1991.

Einnig er þess krafist, að tilvitnuð ummæli verði dæmd dauð og ómerk samkvæmt 1. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940 og að stefnda verði gert að greiða kostnað af birtingu forsendna og dómsorðs í málinu í útbreiddu reykvísku dagblaði samkvæmt 2. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga.

Enn fremur er þess krafist, að stefnda verði gert að greiða stefnanda 300.000 kr. fégjald samkvæmt 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 ásamt dráttarvöxtum frá 16. september 1991 til greiðsludags.

Þá er þess krafist, að stefndi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar [...].

Dómkröfur stefnda eru þær að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og tildæmdur málskostnaður úr hendi hans að mati réttarins.

I.

Málavextir eru þeir, að stefnandi máls þessa, sem er málari, réðst til starfa hjá Ríkisspítölunum í byrjun júní 1989. Samkvæmt ráðningarsamningi skyldi stefnandi starfa að húsamálun. Með bréfi, dags. 1. apríl 1991, var stefnanda sagt upp störfum með þriggja mánaða fyrirvara. Í uppsagnarbréfi voru ekki tilgreindar ástæður uppsagnarinnar. Stefnandi fór þess á leit við Málarafélag Reykjavíkur, að það leitaði skýringa á uppsögninni, og var stefnda sem framkvæmdastjóra tæknisviðs Ríkisspítalanna sent bréf af því tilefni, dags. 22. ágúst 1991. Svarbréf stefnda til Málarafélags Reykjavíkur, dags. 16. september 1991, sem rétt þykir að taka upp í heild sinni, er svohljóðandi:

„Finnbogi Jónsson málari var ráðinn til Ríkisspítala þann 30. 5. 1989 sem verkstjóri málara á Landspítala. Fljótlega kom í ljós að Finnboga fór verkstjórnin illa úr hendi og var honum gerð grein fyrir því að hann yrði að bæta sig eða láta af starfi. Landspítali er stór stofnun, 50.000 m^2, og er stór

hluti hans í notkun allan sólarhringinn. Vegna eðlis starfseminnar verða verklegar framkvæmdir, þar með talið málun, að ganga hratt og vel. Því miður hafði Finnbogi ekki tök á þessu verkefni.

Finnboga var boðið að segja upp sjálfur. Hann hafnaði því og var þá ekki um annað að ræða en segja honum upp. Hann lét af starfi 20. 4. 1991."

Meiðyrðamál þetta hefur stefnandi höfðað vegna ummæla, sem fram koma í bréfi þessu.

II.

Stefnandi heldur því fram, að hann hafi verið ráðinn sem málari og gegnt því starfi, þar til honum var sagt upp störfum með bréfi, dags. 1. apríl 1991. Vegna beiðni frá Málarafélagi Reykjavíkur um ástæður uppsagnarinnar hafi stefndi, Ingólfur Þórisson, sent félaginu bréf, þar sem hann hafi tilgreint ástæður þessarar uppsagnar. Þar eru höfð uppi þau ummæli, sem fyrr eru rakin og deilt er um í málinu.

Stefnandi telur ummæli þessi ærumeiðandi móðganir og aðdróttanir í sinn garð og með öllu staðhæfulaus og byggð á annarlegum ástæðum. Stefnandi hafi hvorki verið ráðinn verkstjóri hjá Ríkisspítölunum né taldi hann sig vera verkstjóra. Stefnandi kannast ekki við, að aðfinnslur hafi verið gerðar við fagleg störf sín hjá Ríkisspítölunum. Með ummælum þessum sé vegið að persónu stefnanda og hæfni hans sem iðnaðarmanns. Ummælin, sem beint hafi verið til fagfélags stefnanda, séu enn fremur til þess fallin að rýra álit fagfélagsins á hæfni hans sem málara, en stefnandi hafi atvinnu sína af málaraiðn. Stefnandi hafi því brýna hagsmuni af því að fá leiðréttingu sinna mála.

Stefnandi reisir kröfur sínar á almennum hegningarlögum nr. 19/1940, 234., 235., 241. og 264. gr., vaxtalögum nr. 25/1987, einkum II. og III. kafla. Málskostnaðarkrafan styðst við 177. gr. laga nr. 85/1936, sbr. og gjaldskrá LMFÍ. Krafan um virðisaukaskatt styðjist við lög nr. 50/1988, en þar sé lögmönnum gert skylt að innheimta virðisaukaskatt af þjónustu sinni. Stefnandi sé ekki virðisaukaskattsskyldur, því beri honum nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefnda.

III.

Stefndi telur hins vegar, að stefnandi hafi verið ráðinn verkstjóri málara á Landspítala 1. júní 1989. Hann hafi verið ráðinn í stað verkstjóra málara, sem hafi hætt störfum hjá Landspítala í ágúst sama ár. Stefnandi hafi fengið laun samkvæmt taxta Verkstjórasambands Íslands fyrir verkstjóra iðnaðarmanna.

Að sögn stefnda sé verkstjórn iðnaðarmanna á Landspítala þannig háttað, að þar starfi forstöðumaður, sem fari m. a. með yfirverkstjórn trésmiða,

málara og dúklagningarmanna. Síðan sé einn verkstjóri á hverju þessara fagsviða, þ. e. verkstjóri trésmiða, verkstjóri dúklagningarmanna, verkstjóri málara o. s. frv. Forstöðumaður úthlutar verkefnum til verkstjóra einstakra fagsviða, og þeir skipuleggja síðan vinnu þeirra iðnaðarmanna, sem vinna undir stjórn þeirra.

Auk vinnu við málningu hafi stefnandi sem verkstjóri málara haft umsjón með allri málningarvinnu vegna bygginga á Landspítalalóð auk tveggja skrifstofubygginga og dagheimila Ríkisspítala. Að sögn stefnda sé mestur hluti málningarvinnu á Landspítala aðkeyptur, þ. e. a. s. unninn af málurum, sem vinna tímavinnu skv. taxta fyrir útselda vinnu. Yfirleitt séu a. m. k. þrír slíkir málarar að störfum og fleiri, þegar unnið sé að stórum verkefnum. Stefnandi hafi haft með höndum verkstjórn þessara málara, þ. e. a. s. skipulagningu á störfum þeirra, innkaup á málningarvörum og umsjón með vinnu þeirra. Vegna þessara innkaupa hafi stefnandi haft heimild til að samþykkja innkaup fyrir Ríkisspítala. Þeir, sem hafi slíka heimild, fái afhenta svonefnda beiðnablokk. Einu iðnaðarmennirnir, sem hafi slíka heimild, séu verkstjórar.

Fljótlega hafi farið að bera á óánægju þeirra málara, sem störfuðu undir stjórn stefnanda, með verkstjórn hans. Yfirmenn stefnanda, þeir Þorvaldur Thoroddsen tæknifræðingur og Egill T. Jóhannsson forstöðumaður, hafi því boðað til fundar með stefnanda og tveimur fyrrgreindra málara til að ræða þessi vandamál og reyna að koma betra lagi á verkstjórnina. Að sögn þeirra hafi þetta lagast um tíma, en síðan sótt í sama far. Þá hafi þeir Þorvaldur og Egill boðað stefnanda aftur á fund og gert honum grein fyrir skyldum hans sem verkstjóra, og ef ekki yrði breyting til batnaðar, yrði hann að láta af störfum. Að sögn stefnda hafi þessir fundir ekki borið tilætlaðan árangur og legið við, að málarar, sem lengi höfðu unnið fyrir Landspítalann, hættu vegna óánægju með verkstjórn stefnanda. Stefnanda hafi þá verið boðið að segja upp störfum sjálfur. Hann hafi hafnað því, og hafi honum því verið sagt upp störfum 1. apríl 1991. Ekki hafi verið tilgreindar ástæður fyrir uppsögn hans í bréfinu, og hafi það að sögn stefnda verið gert til þess að hlífa stefnanda.

Hinn 26. ágúst 1991 hafi stefnda síðan borist bréf frá Málarafélagi Reykjavíkur, dags. 22. ágúst 1991, þar sem félagið hafi óskað eftir því, að stefndi gæfi skýringar á uppsögn stefnanda. Í bréfi málarafélagsins til stefnda komi fram, að bréfið hafi verið sent að ósk stefnanda. Að sögn stefnda taldi hann sér bæði rétt og skylt að svara erindi félagsins og hafi því sent Málarafélagi Reykjavíkur bréf 16. september 1991, þar sem hann hafi gert grein fyrir ástæðum þess, að stefnanda var sagt upp störfum.

Stefndi reisir kröfu sína um sýknu í fyrsta lagi á því, að ummæli þau í tilgreindu bréfi stefnda, sem krafist sé refsingar fyrir og ómerkingar á, séu hvorki ærumeiðing í skilningi 234. gr., aðdróttun í skilningi 235. gr. né óviðurkvæmileg ummæli í skilningi 241. gr. almennra hegningarlaga. Hér sé um að ræða upplýsingar, sem Málarafélag Reykjavíkur hafi óskað formlega eftir samkvæmt beiðni stefnanda málsins, og hefði verið ámælisvert af hálfu stefnda, ef hann hefði ekki orðið við þessari beiðni. Hann hafi því orðið að geta ástæðna fyrir uppsögninni í bréfinu, og sé því vísað á bug sem tilhæfulausu, að ummælin hafi verið viðhöfð af annarlegum ástæðum. Þá hafi fyrrgreind ummæli einungis komið fram í bréfi til málarafélagsins vegna beiðni frá félaginu, en hvorki verið dreift né birt af hálfu stefnda. Loks bendir stefndi á, að það sé viðurkennd regla í íslenskum rétti, að menn verði að þola gagnrýni, sé þess gætt, að hún sé ekki sett fram á móðgandi eða meiðandi hátt. Þessa hafi verið gætt í bréfi stefnda til málarafélagsins, orðum sé mjög stillt í hóf og þess gætt að taka ekki dýpra í árinni en nauðsynlegt sé til þess að skýra ástæður fyrir uppsögninni.

Í öðru lagi styðji stefndi kröfu sína um sýknu því, að ákvæði 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 eigi ekki við, enda sé fráleitt að halda því fram, að um sé að ræða „meingerð, sem telja má drýgða af illfýsi", þvert á móti hafi stefndi leitast við að hlífa stefnanda með því að stilla orðum sínum í hóf og gera ástæður uppsagnar stefnanda ekki opinberar. Krafa um miskabætur skv. 1. mgr. 264. gr. hgl. eigi sér því enga stoð.

Aðilar málsins, þeir Finnbogi Jónsson og Ingólfur Þórisson, hafa gefið skýrslur fyrir dómi svo og vitnin Egill T. Jóhannsson, umsjónarmaður Landspítala, Kjartan Kjartansson málari, Andri Örn Clausen, Karl S. Þórðarson málari, Reynir Steinarsson málari, Kristinn Hermansen málari og Eðvarð Vilhjálmsson málari.

IV.

Niðurstaða.

Svo sem fram er komið, heldur stefnandi því fram, að hann hafi hvorki verið ráðinn verkstjóri málara hjá Ríkisspítölunum né starfað þar sem verkstjóri. Hin umstefndu ummæli séu því með öllu tilhæfulaus og ærumeiðandi gagnvart sér.

Í ráðningarsamningi stefnanda, dags. 6. júní 1989, er starfsheiti hans tilgreint sem húsamálun án nánari skilgreiningar. Í málinu hefur verið lagt fram vottorð Margrétar K. Sigurðardóttur, deildarstjóra launadeildar, dags. 21. febrúar 1992, svohljóðandi:

„Það vottast hér með að Finnbogi Jónsson fékk laun hjá Ríkisspítölum samkvæmt taxta Verkstjórafélags Reykjavíkur sem verkstjóri á tímabilinu

30. maí 1989 til 1. maí 1991 enda hafði hann verkstjórn á hendi og annaðist innkaup fyrir málaraverkstæði Landspítalans."

Fyrir dómi hefur stefnandi og staðfest að hafa þegið laun samkvæmt verkstjórataxta, en hélt því fram, að það hefði verið vegna yfirborgunar. Samkvæmt fram lögðum gögnum málsins og vætti vitna telst sannað, að stefnandi hafi gegnt starfi sem verkstjóri málara á Landspítala.

Að því er varðar ummæli þau, sem stefnt er út af í málinu, ber að líta til aðdraganda þess, að þau voru sett fram. Stefnandi leitaði til Málarafélags Reykjavíkur, sem með bréfi til stefnda, dags. 22. ágúst 1991, óskaði skýringa á uppsögn stefnanda. Verður að telja, að stefnda hafi borið að svara þeirri málaleitan eins og efni stóðu til. Í svarbréfi stefnda til málarafélagsins, dags. 16. september 1991, voru greindar ástæður uppsagnarinnar, sem vörðuðu verkstjórn stefnanda. Ummæli þessi fólu í sér gagnrýni á störf stefnanda sem verkstjóra, en vörðuðu ekki faglega kunnáttu eða hæfni hans sem málara. Ummælin komu fram í bréfi að gefnu tilefni, en voru ekki gerð opinber á neinn hátt. Í ljósi þess, sem fram er komið um starfssvið stefnanda hjá Ríkisspítölunum, og tilefni þess, að ummælin voru sett fram, verður að telja, að þau hafi efnislega verið innan réttmætra marka. Ummæli þessi voru því hvorki ærumeiðandi í skilningi 234. gr. alm. hgl. nr. 19/1940 né refsiverð aðdróttun samkvæmt 235. gr. sömu laga. Ber því að sýkna stefnda af refsikröfu stefnanda í málinu.

Með því að ummæli þessi varða ekki refsingu, verður stefnda ekki gert að greiða kostnað af birtingu forsendna og dómsorðs í opinberu blaði samkvæmt 2. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga.

Framangreind sjónarmið leiða og til þess, að greind ummæli verða ekki talin óviðurkvæmileg í skilningi 1. mgr. 241. gr. alm. hgl. nr. 19/1940 og sæta því ekki ómerkingu.

Samkvæmt framansögðu eru engin skilyrði til þess að dæma stefnda til að greiða stefnanda fégjald samkvæmt 1. mgr. 264. gr. alm. hgl. nr. 19/1940.

Niðurstaða málsins er því sú, að sýkna ber stefnda af öllum kröfum stefnanda í málinu.

Eftir þessum úrslitum málsins ber að dæma stefnanda til að greiða stefnda málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn 60.000 kr.

Eggert Óskarsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Ingólfur Þórisson, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Finnboga Jónssonar, í máli þessu. Stefnandi, Finnbogi Jónsson, greiði stefnda, Ingólfi Þórissyni, 60.000 kr. í málskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 19. janúar 1995.

Nr. 65/1993. **Helgi V. Jónsson hrl.**
vegna þrotabús Viðars Arthúrssonar
(Erla S. Árnadóttir hrl.)
gegn
Ólöfu Eiríksdóttur
(Hjalti Steinþórsson hrl.)

Skuldabréf. Sjálfskuldarábyrgð. Umboð. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason og Gunnlaugur Claessen og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Viðar Arthúrsson skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. febrúar 1993. Með úrskurði Héraðsdóms Reykjaness 16. júní 1993 var bú Viðars Arthúrssonar tekið til gjaldþrotaskipta. Á skiptafundi í búinu 27. september 1993 var samþykkt, að Helgi V. Jónsson hæstaréttarlögmaður tæki að sér sókn hæstaréttarmáls þessa á grundvelli 1. mgr. 130. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl. Áfrýjandi krefst þess, að kröfur þrotamanns fyrir héraðsdómi verði teknar til greina. Einnig krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda gerir þær kröfur, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda dæmt að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti. Auk þess krefst hún þess, að kveðið verði á um „ábyrgð lögmanns áfrýjanda, Helga V. Jónssonar hrl., á tildæmdum málskostnaði með vísan til yfirlýsingar hans í greinargerð í Hæstarétti og til 130. gr. laga um gjaldþrotaskipti o. fl. nr. 21/1991".

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn, meðal annars bréf skiptastjóra áfrýjanda 28. september 1993, stofnsamningur fyrir Heimaland hf. 30. október 1989 og tilkynning til Hlutafélagaskrár frá 14. nóvember 1989 um breytingu nafns Heimalands hf. í Bláfell-Heimaland hf.

Eins og fram kemur í héraðsdómi, varðar mál þetta, sem rekið er samkvæmt XVII. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, skuldabréf, sem upphaflega var að fjárhæð 525.000 krónur, út gefið

1. nóvember 1989 af Magnúsi Karlssyni f. h. Heildverslunarinnar Bláfells, kt. 590988-1039. Skuldina skyldi greiða með sextán afborgunum, hinni fyrstu 1. febrúar 1990. Kröfuhafi samkvæmt bréfinu er Viðar Arthúrsson, en stefndi sjálfskuldarábyrgðarmaður. Aftan á skuldabréfinu kemur fram, að fyrstu fimm afborganir af því voru greiddar ásamt vöxtum, vísitöluálagi og dráttarvöxtum.

Samkvæmt Firmaskrá Reykjavíkur var Viðar Arthúrsson einkaeigandi Heildverslunarinnar Bláfells, þegar skuldabréfið var gefið út. Bar hann ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum heildverslunarinnar. Gögn málsins bera ekki með sér, að Magnús Karlsson hafi haft heimild til að skuldbinda aðalskuldara bréfsins. Hvor þessara ástæðna um sig leiðir til þess, að kröfuréttur stofnaðist ekki á grundvelli skuldabréfsins á hendur þeim, sem var aðalskuldari samkvæmt orðum bréfsins. Stefndi verður því ekki sóttur sem sjálfskuldarábyrgðarmaður í máli eftir XVII. kafla laga nr. 91/1991.

Ber því að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms og dæma áfrýjanda til að greiða stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

Krafa stefndu um ábyrgð Helga V. Jónssonar hæstaréttarlögmanns á málskostnaði er ekki í því horfi, að á hana verði lagður dómur í málinu.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi greiði stefndu 100.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 29. janúar 1993.

1.0.

Mál þetta, sem tekið var til dóms mánudaginn 11. janúar sl., hefur Viðar Arthúrsson, kt. 160536-2099, Fellsmúla 7, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með áskorunarstefnu, birtri 29. apríl 1992, á hendur Ólöfu S. Eiríksdóttur, kt. 151035-2139, Ljósheimum 20, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði dæmd til að greiða sér 419.730 kr. með dráttarvöxtum [og málskostnaði].

Dómkröfur stefndu eru þær, að hún verði sýknuð af öllum kröfum stefnanda í málinu og að stefnanda verði gert að greiða sér málskostnað [...].

Mál þetta var upphaflega rekið sem áskorunarmál, en með bókun í þing-

bók 30. júní 1992 var því vikið til almennrar meðferðar, sbr. 230. gr. laga nr. 85/1936, sbr. lög nr. 54/1988, 26. gr.

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

2.0.

Stefnandi segir málavexti vera þá, að skuld þessi sé samkvæmt skuldabréfi nr. 100034, út gefnu 1. nóvember 1989 til Viðars Arthúrssonar af Heildversluninni Bláfelli. Skuldabréfið, sem upphaflega hafi verið að fjárhæð 525.000 kr., sé með sjálfskuldarábyrgð stefndu. Skuldabréfið sé bundið lánskjaravísitölu með grunnvísitölu 2693 stigum. Skuldina hafi borið að endurgreiða með 16 jöfnum afborgunum á þriggja mánaða fresti, í fyrsta skipti 1. febrúar 1990. Í vexti af höfuðstól lánsins hafi borið að greiða hæstu lögleyfðu vexti, eins og þeir séu ákveðnir af skuldabréfum á hverjum tíma. Stefnda hafi ekki staðið við greiðslu skuldabréfsins á gjalddaga 1. maí 1991. Hafi eftirstöðvar bréfsins þá verið að viðbættum vöxtum 419.730 kr., og séu þær í gjalddaga fallnar samkvæmt ákvæði í bréfinu.

Um lagarök segir stefnandi, að mál þetta sé höfðað með stoð í XX. kafla laga nr. 85/1936, sbr. lög nr. 54/1988, og einnig með stoð í XVII. kafla laga nr. 85/1936, nú XVII. kafla laga nr. 91/1991. Krafa um dráttarvexti sé reist á vaxtalögum nr. 25/1987 og krafa um málskostnað og dráttarvexti af honum á 175. gr. laga nr. 85/1936, sbr. p-lið 165. gr. laga nr. 91/1991. Krafan um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun sé reist á lögum nr. 50/1988, þar sem lögmönnum sé gert að innheimta virðisaukaskatt af þjónustu sinni. Stefnandi sé ekki virðisaukaskattsskyldur. Því beri honum nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefndu.

3.0.

Stefnda segir sýknukröfu sína studda þeim rökum, að krafa stefnanda samkvæmt skuldabréfi því, er hann reisi dómkröfur sínar á, hafi fallið niður vegna samruna réttar og skyldu. Aðalskuldari bréfsins, Heildverslunin Bláfell, sé einkafirma stefnanda, og beri hann ótakmarkaða ábyrgð á öllum skuldbindingum þess. Stefnandi sé því í raun aðalskuldari bréfsins og geti því eigi samkvæmt viðskiptareglum krafið sjálfskuldarábyrgðarmann skuldarinnar um greiðslu.

Til stuðnings sýknukröfu sinni vísar stefnda til almennra reglna kröfuréttar, einkum reglna um lok kröfuréttinda, og til reglna um viðskiptabréf.

Auk framanritaðs skuli bent á, að stefnandi hafi ritað eyðuútfyllt framsal á bréfið, en slíkt framsal sé ólögmætt samkvæmt gildandi reglum Seðlabanka Íslands um verðtryggð skuldabréf, sbr. 2. mgr. 41. gr. laga nr. 13/1979. Þá verði ekki ráðið af afriti stefndu af fram lögðu skuldabréfi, að skulda-

bréfið hafi verið stimplað, sbr. 24. gr. laga nr. 36/1978. Rýri hvort tveggja þetta lögformlegt gildi skjalsins.

4.0.

Stefnandi mótmælir í greinargerð sinni fullyrðingu stefndu um, að stefnandi sé aðalskuldari bréfsins.

Í september 1988 hafi stefnandi hafið rekstur Heildverslunarinnar Bláfells, kt. 590988-1039. Með samningi, dagsettum 1. nóvember 1989, hafi stefnandi selt heildverslunina hlutafélagi, sem í samningi sé tilgreint sem Heimaland hf. Samþykktir þess félags séu dagsettar 30. október 1989, og tilkynning um stofnun þess til Lögbirtingablaðs sé dagsett sama dag. Hið rétta nafn félagsins sé Bláfell-Heimaland hf. Hluthafar í félaginu hafi verið stefnda, Magnús Karlsson, Haraldur B. Böðvarsson, stefnandi og Bjarni Agnarsson. Hinn síðastnefndi hafi átt óverulegan hlut, en hlutir hinna hluthafanna hafi verið jafnstórir. Skuldabréf það, sem krafist sé greiðslu á, sé greiðsla Ólafar á helmingi af hlut hennar í kaupverði heildverslunarinnar.

Magnús Karlsson riti undir skuldabréfið fyrir hönd Heildverslunarinnar Bláfells. Skýring á þeirri undirritun gæti verið, að um misritun sé að ræða og að útgefandi bréfsins hafi átt að vera Bláfell-Heimaland hf. Hafa beri í huga, að líklegt sé, að daginn, sem bréfið sé gefið út, hafi félagið ekki enn fengið kennitölu. Hver skýringin sé, skipti hins vegar ekki máli. Þar sem stefnandi hafi selt hlutafélaginu Heildverslunina Bláfell, kt. 590988-1039, beri hann sjálfur ekki lengur persónulega ábyrgð á skuldbindingum heildverslunarinnar. Á engan hátt sé hægt að líta svo á, að stefnandi sé skuldbundinn sem útgefandi bréfsins.

Skuldabréf það, sem um ræði, hafi verið óslitið í eigu stefnanda. Það, að stefnandi hugðist reyna að selja skuldabréfið og hafi ritað nafn sitt undir eyðuframsal á bakhlið þess, hafi því ekkert gildi og enga þýðingu.

Þótt svo væri, að skuldabréfið hafi ekki verið stimplað, hafi það engin áhrif á úrslit máls þessa. Vanræksla stimpilskyldu varði ekki ógildi kröfu samkvæmt skjali.

Mál þetta sé höfðað með stoð í XVII. kafla laga nr. 85/1936, nú XVII. kafla laga nr. 91/1991. Stefnandi samþykki ekki, að stefnda komi að frekari vörnum en þar séu leyfðar.

5.0.

Forsendur og niðurstaða.

Mál þetta er rekið samkvæmt XVII. kafla laga nr. 85/1936, nú XVII. kafla laga nr. 91/1991. Ekki verða því tekin til skoðunar önnur lögskipti málsaðila en þau, er komast að vegna varna, er hafa má uppi samkvæmt ákvæðum þessa kafla laganna.

Ekki er umdeilt, að ætlaður aðalskuldari bréfsins, Heildverslunin Bláfell, var einkafirma stefnanda, sem hann einn bar ótakmarkaða ábyrgð á. Sami aðili var því upphaflega samkvæmt bréfinu kröfuhafi og skuldari þess. Hér var því um tæknilegan ómöguleika að ræða, þ. e. samruna réttinda og skyldna.

Stefnandi hefur haft uppi þá málsástæðu, að um misritun hafi verið að ræða á skuldara bréfsins við útgáfu þess, þ. e., að skuldabréfið hefði átt að vera undirritað af Bláfelli-Heimalandi hf. og bera kennitölu þess. Gegn andmælum stefndu verður ekki í þessu máli, sem rekið er samkvæmt XVII. kafla laga nr. 91/1991, fallist á þessa málsástæðu stefnanda, enda ber hlutafélagið annað heiti, sem stefnandi viðurkennir, að hafi þegar verið þekkt fyrir undirritun skuldabréfsins, þar sem félagið hafi þá þegar verið stofnað. Ber í þessu sambandi að hafa í huga, að við útgáfu skuldabréfsins var notað staðlað form, og verður yfirlýsing um ábyrgð túlkuð þröngt.

Sjálfskuldarábyrgðaraðili gat ekki borið ábyrgð á annarri skuldbindingu en hann hafði beinlínis gengist undir. Aldrei var leitað eftir samþykki hans fyrir sjálfskuldarábyrgð gagnvart nýjum skuldara, þ. e. Bláfelli-Heimalandi hf. Í þessu sambandi verður einnig að hafa það í huga, sem áður var tekið fram, að við útgáfu skuldabréfsins var notað staðlað form og því yfirlýsing um ábyrgð túlkuð þröngt. Ekki verður því talið, að stefnda hafi gengið í sjálfskuldarábyrgð á bréfinu gagnvart nýjum skuldara.

Þegar af framangreindum ástæðum ber að sýkna stefndu af kröfum stefnanda. Hér er þó ekki tekin afstaða til lögskipta að baki útgáfu skuldabréfsins og þeirra forsendna, sem stefnandi miðar við, enda er málið rekið samkvæmt XVII. kafla einkamálalaga.

Eftir atvikum og með tilvísun til 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Jón L. Arnalds héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefnda, Ólöf S. Eiríksdóttir, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Viðars Arthúrssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 19. janúar 1995.

Nr. 280/1991. **Selma Ó. Björgvinsdóttir og Örn Falkner**
(Kristján Stefánsson hrl.)
gegn
Íslandsbanka hf.
f. h. þrotabús Ulrichs Falkner
(Jón G. Briem hrl.)

Hjón. Gjaldþrotaskipti. Riftun. Endurgreiðsla. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. júlí 1991. Þeir kröfðust aðallega frávísunar málsins frá héraðsdómi, til vara sýknu af öllum kröfum stefnda og til þrautavara lækkunar á stefnufjárhæð auk málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjenda in solidum.

Við málflutning fyrir Hæstarétti féllu áfrýjendur frá kröfu sinni um frávísun málsins frá héraðsdómi. Þá féllu þau einnig frá mótmælum sínum gegn riftunarkröfu stefnda og samþykktu það, að fasteignin Lynghagi 15 í Reykjavík gengi aftur til búsins í samræmi við 64. gr. þágildandi gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Áfrýjendur mótmæla aftur á móti endurgreiðslukröfu stefnda og halda því fram, að allar lýstar kröfur í þrotabúið séu að fullu greiddar. Lögðu þau fram nokkur ný gögn, sem þau telja styðja þá fullyrðingu, skömmu fyrir málflutning í Hæstarétti. Stefndi samþykkti framlagningu hinna nýju gagna, en mótmælti því sem röngu og ósönnuðu, að búið væri að greiða lýstar kröfur í þrotabúið. Ekkert liggur fyrir um það af þrotabúsins hálfu, að svo sé, og gegn andmælum stefnda telst það ósannað.

Í hinum áfrýjaða dómi er lýst veðskuldabréfum þeim, sem þinglýst var á Lynghaga 15 29. ágúst 1988, tæpum sex vikum eftir skrásetningu kaupmálans milli áfrýjandans Selmu og eiginmanns

hennar. Með vísan til forsendna héraðsdómara ber að staðfesta niðurstöðu hans um tilurð veðsetningarinnar. Við það verður að miða, að tjón búsins nemi fjárhæð veðskuldabréfanna. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjendur greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, svo sem í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjendur, Selma Ósk Björgvinsdóttir og Örn Falkner, greiði stefnda, Íslandsbanka hf. vegna þrotabús Ulrichs Falkner, 200.000 krónur in solidum í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 5. apríl 1991.

Mál þetta, sem dómtekið var 4. apríl sl., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 19. október 1989, upphaflega af Útvegsbanka Íslands hf., sem síðar varð Íslandsbanki hf., vegna þrotabús Ulrichs Falkner, kt. 210737-2949, gegn Selmu Ósk Björgvinsdóttur, kt. 101238-3779, og Erni Falkner, kt. 280960-3499, báðum til heimilis að Lynghaga 15, Reykjavík.

Dómkröfur.

Dómkröfur stefnanda eru eftirfarandi:

1. Að rift verði með dómi gjöf Ulrichs Falkner til eiginkonu sinnar og stefndu í málinu, Selmu Ó. Björgvinsdóttur, sem fólst í yfirfærslu eignarréttar hans yfir til hennar á fasteigninni Lynghaga 15, Reykjavík, með gerð kaupmála, sem gerður var 19. júlí 1988 og tilkynntur og skráður þann dag á eignina, og að framangreindur kaupmáli verði afmáður úr veðmálabókum.

2. Að rift verði með dómi afsali Selmu Ó. Björgvinsdóttur til sonar síns, Arnar Falkner, dags. 1. september 1988, þar sem Selma Ósk afsalar Lynghaga 15, Reykjavík, í framhaldi af því, að hún fær þá eign að gjöf með kaupmála 19. júlí 1988.

3. Að stefndu verði in solidum gert að greiða stefnanda 12.000.000 kr. með dráttarvöxtum [...]. Til vara er þess krafist, að stefndu verði in solidum dæmd til þess að greiða stefnanda 9.333.902,30 kr. með dráttarvöxtum [...]. Þrautavarakrafa stefnanda er, að stefndu verði dæmd til að greiða stefnanda lægri fjárhæð að mati réttarins [...].

4. Krafist er málskostnaðar ásamt virðisaukaskatti úr hendi stefndu [...].

Dómkröfur stefndu eru þær, að þau verði sýknuð af kröfum stefnanda í

máli þessu. Verði ekki á sýknukröfuna fallist, er þess krafist, að stefndu verði gert að greiða fjárhæð að mati réttarins. Verði ekki á sýknukröfu fallist, er sú krafa gerð af hálfu stefndu, að hin dæmda fjárhæð beri ekki dráttarvexti, heldur innlánsvexti eins og þeir eru á hverjum tíma. Þá er krafist málskostnaðar [...].

Af hálfu stefndu var einnig gerð krafa um frávísun málsins, en með úrskurði, upp kveðnum 30. apríl 1990, var frávísunarkröfu hafnað.

Málavextir.

Stefnandi lýsir málavöxtum þannig, að Ulrich Falkner hafi verið úrskurðaður gjaldþrota 30. janúar 1989. Hafi úrskurðurinn verið kveðinn upp samkvæmt skiptabeiðni Útvegsbanka Íslands hf., sem barst skiptaráðanda 10. nóvember 1988. Hafi innköllun verið birt í Lögbirtingablaði 22. febrúar 1989. Kröfulýsingarfresti hafi lokið 22. apríl 1989. Á skiptafundi 30. maí 1989 hafi verið ákveðið, að stefnandi þessa máls myndi fyrir þrotabúið höfða riftunarmál vegna gerninga Ulrichs fyrir gjaldþrotið, ef grundvöllur gæti talist til riftunar samkvæmt 8. kafla gjaldþrotalaga.

Eftirfarandi aðilar hafi lýst kröfum í þrotabúið, sem samþykktar voru:

1.	Útvegsbanki Íslands hf.	kr.	16.131.758
2.	Tollstjórinn í Reykjavík	–	37.449
3.	Gjaldheimtan í Reykjavík	–	167.700
4.	Landsbanki Íslands	–	1.652.327
5.	Iðnaðarbanki Íslands hf.	–	2.221.973
	Samtals	kr.	20.179.207

Eins og fram komi í kröfugerð, hafi Ulrich og Selma gert kaupmála, sem dagsettur sé og skráður í þinglýsingabók 19. júlí 1988. Sé í kaupmálanum kveðið á um, að einbýlishúsið að Lynghaga 15, Reykjavík, ásamt bílskúr og meðfylgjandi lóðarréttindum, skuli vera séreign Selmu, og jafnframt, að það, sem í stað ofangreindrar eignar kæmi, skyldi einnig verða séreign hennar. Við yfirheyrslur hjá fulltrúa borgarfógeta hafi komið fram hjá Ulrich, að eignin hafi orðið séreign Selmu, án þess að nokkurt endurgjald hefði komið fyrir. Hafði Ulrich áður einn verið þinglýstur eigandi eignarinnar.

Hinn 29. ágúst 1988 hafi þremur skuldabréfum verið þinglýst á eignina, að fjárhæð 4.000.000 kr. hvert. Séu bréfin út gefin af Ulrich Falkner.

Hinn 1. september 1988 hafi stefnda, Selma Ósk, síðan afsalað eigninni Erni Falkner, sem sé sonur þeirra hjóna, sem svo sé lýst í afsali: „Allt einbýlishúsið nr. 15 við Lynghaga í Reykjavík ásamt meðfylgjandi bílskúr,

leigulóðarréttindum og girðingum.“ Í afsalinu segi svo um veðsetningar á hinni seldu eign:

„1. veðr. skuld við Breiðfirðingaheimilið skv. veðbréfi, dags. 15. 1. 1986 og 21. 12. 1983, upphafl. 60.000 kr. 2. og 3. veðr. skuld við Pétur Þ. Sig. skv. veðbréfi, dags. 19. 3. 1986, upphafl. 1.200.000 kr. 4. og 5. veðr. skuld við Pétur Þ. Sig. skv. veðbréfi, dags. 30. 7. 1986, upphafl. 800.000 kr. 6. veðr. skuld við handhafa skv. veðbréfi, dags. 3. 7. 1988, upphafl. 12.000.000 kr. Veðbókarvottorð liggur frammi við afsalsgerðina.“

Af hálfu stefndu er um málavexti vísað til fram lagðra gagna, en þess sérstaklega getið, að ranglega sé haldið fram í stefnu, að skiptafundur hafi verið haldinn í þrotabúi Ulrichs Falkner 30. maí 1989. Þá er af hálfu stefndu einnig bent á, að svo sem fram lögð gögn beri með sér, séu allar kröfur stefnanda í þrotabú Ulrichs Falkner vegna ábyrgðarskuldbindinga fyrir Guðmund Axelsson. Stefnandi hafi haft veð í eignarhluta Guðmundar í fasteigninni nr. 8 við Laugaveg í Reykjavík. Mjög lítið hafi hvílt á undan því tryggingarbréfi. Á nauðungaruppboði 13. desember 1989, þriðja og síðasta, hafi stefnandi verið hæstbjóðandi fyrir samtals 20.100.000 kr. Megi telja líklegt, að kröfur þær, sem stefnandi lýsti í þrotabú Ulrichs Falkner, séu greiddar.

Málsástæður og lagarök.

Málsástæður stefnanda eru eftirfarandi:

Fjárhæð aðalkröfu samkvæmt 3. lið kröfugerðar er rökstudd með því, að þinglýsing þriggja veðskuldabréfa, hvers að fjárhæð 4.000.000 kr., 30. ágúst 1988 á eignina bendi til þess, að þau, sem að útgáfunni stóðu, Ulrich Falkner og stefnda, Selma Ósk, sem samþykkti veðsetninguna sem þinglýstur eigandi, hafi sjálf metið nettóandvirði eignarinnar a. m. k. 12.000.000 króna virði, hvort sem veðskuldabréfin voru gefin út til málamynda eða ekki. Í fyrra tilviki væri málamyndagerningur of ótrúverðugur, ef nettóandvirði væri lægra en næmi andvirði bréfanna. Í síðara tilviki væri aldrei hægt að selja bréfin, nema nettóandvirði eignarinnar stæði í raun fyrir skuldinni.

Fjárhæð fyrstu varakröfu samkvæmt 3. lið kröfugerðar þessarar miðast við áætlað söluverð fasteignarinnar að Lynghaga 15, Reykjavík, út frá brunabótamati, eins og það reiknast vera í júlí og september 1988, þegar þeir gjafa- og afsalsgerningar fóru fram, sem riftunarmál þetta er sprottið af. Brunabótamat eignarinnar í júlí og september 1988 miðist við brunabótamat janúarmánaðar, 8.299.475 kr., sem hækkað sé upp í hlutfalli við hækkun byggingarvísitölu á þessu tímabili. Sé fjárhæðin reiknuð þannig: 8.299.475 × 388/345 = 9.333.902,32.

Kröfufjárhæðir séu miðaðar við, að fasteignin hafi verið gefin Selmu Ósk án 12.000.000 kr. veðskuldar á 6. veðrétti, þótt skuldabréfin hafi 3. júlí 1988 sem útgáfudag, en kaupmálinn er dagsettur og skráður tveimur vikum síðar, enda sé veðskuldabréfunum ekki þinglýst fyrr en 30. ágúst 1988. Þar að auki hafi ekki verið upplýst, hvort um raunverulega skuld sé að ræða á bak við bréf þessi. Séu hin stefndu því í aðalkröfu samkvæmt 3. lið kröfugerðarinnar krafin in solidum um áætlað andvirði eignarinnar, eins og framangreind veðsetning á 6. veðrétti sé málamyndakrafa.

Stefnandi heldur því fram, að riftun gagnvart stefndu sé heimil á grundvelli 1. mgr. 51. gr., sbr. 2. mgr. 66. gr. sömu laga, að því er stefnda Örn varðar, enda séu bæði stefndu nákomin þrotamanni samkvæmt 2. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978, þar sem Selma Ósk sé eiginkona hans, en Örn sonur þeirra hjóna. Þar sem eignin, sem verið hafði eign Ulrichs Falkner, hafi verið látin renna til stefndu, Selmu, án þess að nokkuð kæmi fyrir, sé um gjafagerning að ræða og í raun gjafagerning til nákomins. Ráðstöfun þessi sé því riftanleg, því að hún fari fram innan sex mánaða frests, sem gildi gagnvart þrotabúi þess, er gjafagerninginn gerði, sbr. 1. mgr. 51. gr. laga nr. 6/1978. Þá sé auðséð, að gjöf þessi hafi verið kostnaðarsamari en svo, að svaraði til aðstöðu Ulrichs.

Krafa stefnanda um greiðslu úr hendi stefndu, Selmu Óskar, til búsins er miðuð við 62. gr. laga nr. 6/1978. Sé í þessu sambandi gert ráð fyrir, að auðgun stefndu, Selmu Óskar, hafi numið andvirði gjafarinnar, þegar hún var gefin 19. júlí 1988. Sé ekki á það fallist, skuli á það bent og fullyrt, að Selmu Ósk hafi verið ljóst, að ráðstöfunin hafi verið riftanleg, enda hafi henni verið birtar þrjár stefnur á eiginmann sinn í maí 1988 vegna skulda, sem þá hafi staðið samtals í rúmlega 13,7 milljónum króna. Sé því einnig byggt á því, að 3. málsliður 1. mgr. 62. gr. laga nr. 6/1978 eigi við í málinu við ákvörðun endurgreiðslukröfunnar og að þrotabúið eigi kröfu á hendur Selmu Ósk, sem samsvari tjóni búsins.

Sé riftun einnig heimil á grundvelli 61. gr. laga nr. 6/1978, enda hafi ráðstöfun þessi, sem telja megi ótilhlýðilega, eins og á stóð, gert Ulrich ógjaldfæran og hafi leitt til þess, að eignin hafi ekki verið til reiðu til fullnustu, þegar aðför var reynd í eignum hans 3. október 1989, og beri því Selmu Ósk að greiða þrotabúinu bætur eftir almennum reglum, sbr. 63. gr. laga nr. 6/1978. Bætur samkvæmt almennum reglum séu skaðabætur fyrir það tjón, sem þrotabúið verði fyrir við það, að gjöfin er gefin.

Endurgreiðslukrafa þrotabúsins á hendur stefnda, Erni, er samkvæmt 62. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978, sbr. 66. gr. þeirra laga, einkum 2. mgr., þar sem stefndi Örn sé nákominn þrotamanni. Þar sem honum mátti vera ljós

riftanleiki ráðstafananna, m. a. með tilliti til þess, að birtar hafi verið á heimili hans framangreindar áskorunarstefnur, sé til þess vísað, að 3. málsliður 1. mgr. 62. gr. laga nr. 6/1978 eigi við og hann verði því dæmdur til greiðslu stefnukröfunnar in solidum með stefndu, Selmu Ósk. Ella verði að miða við, að sú einhliða greiðsla, sem stefndi, Örn, hlaut með afsali 1. september 1988, hafi komið honum að fullum notum þannig, að ávinningurinn af gerningnum nemi kröfufjárhæð skv. 3. lið kröfugerðar, ef gerningarnir fá að standa áfram.

Umboð stefnanda styðst við 1. mgr. 114. gr. gjaldþrotalaga og ákvörðun skiptafundar um málsókn þessa.

Sýknukrafa stefndu er reist á því í fyrsta lagi, að kröfur þær, sem stefnandi lýsti í þrotabú Ulrichs Falkner, séu greiddar og því ekki grundvöllur fyrir málshöfðun þessari.

Þá er því fram haldið, að riftunarheimildir þær, sem stefnandi vísar til, eigi ekki við í málinu. Ákvæði 51. gr. laga nr. 6/1978 taki til gjafagerninga. Í því tilviki, sem hér um ræði, sé ekki um gjöf að ræða, þar sem svo mikið hafi hvílt á fasteigninni nr. 15 við Lynghaga í Reykjavík. Ákvæði 61. gr. laga nr. 6/1978 geti ekki heldur átt hér við. Um þau tilteknu skilyrði, sem krafist er í ákvæðinu, hafi ekki verið að ræða, og ekki sé leitast við af hálfu stefnanda að sanna það, en hann beri alla sönnunarbyrði samkvæmt ákvæðinu.

Jafnvel þótt á riftunarkröfuna verði fallist á grundvelli 51. gr. laga nr. 6/1978, hafi stefndu ekki haft af neina auðgun, og því eigi 62. gr. s. l. ekki við. 3. ml. 1. mgr. 62. gr. laga nr. 6/1978 geti ekki átt hér við, þar sem stefndu, Selmu, hafi alls ekki verið kunnugt um riftanleika ráðstöfunarinnar. Verði fallist á riftunina á grundvelli 61. gr. laga nr. 6/1978, eigi 63. gr. ekki við, þar sem stefndu hafi engan sannanlegan hag haft af ráðstöfuninni.

Niðurstaða.

Sýknukröfu sína reisa stefndu m. a. á því, að kröfur þær, sem stefnandi, Íslandsbanki hf., áður Útvegsbanki Íslands hf., lýsti í þrotabú Ulrichs Falkner, séu greiddar og því ekki grundvöllur fyrir málshöfðun þessari. Gegn andmælum stefnanda telst fullyrðing þessi ósönnuð.

Ómótmælt er, að gjaldþrotaskiptabeiðni barst skiptaráðandanum í Reykjavík 10. nóvember 1988, og telst sá dagur frestdagur, sbr. 1. gr. laga nr. 6/1978.

Fasteignin að Lynghaga 15 var með kaupmála gerð að séreign stefndu, Selmu Óskar, en Ulrich Falkner hafði áður verið þinglýstur eigandi fasteignarinnar. Með hliðsjón af 1. og 2. mgr. 30. gr., sbr. 33. gr. laga nr. 20/1923 um fjármál hjóna, verður að telja, að þessi ráðstöfun fasteignarinnar að Lynghaga 15 hafi verið gjöf, sem hafi réttaráhrif gagnvart öðrum en þeim

sjálfum frá skrásetningu kaupmála 19. júlí 1988 og sé því riftanleg samkvæmt 1. mgr. 51. gr. laga nr. 6/1978.

Með afsali, dags. 1. september 1988, afsalaði stefnda, Selma Ósk Björgvinsdóttir, fasteigninni Lynghaga 15, Reykjavík, syni sínum, stefnda Erni Falkner. Samkvæmt afsalinu fólst kaupverð eignarinnar í því, að Örn tók að sér að greiða áhvílandi veðskuldir, þ. á m. veðskuld á 6. veðrétti, upphaflega 12.000.000 kr., auk veðskulda á 1. til 5. veðrétti, sem áður er gerð grein fyrir.

Þegar litið er til þess, hvenær veðskuldabréf þau, sem tryggð eru með 6. veðrétti í umræddri fasteign, voru gefin út og þeim þinglýst, svo og til þess, að stefndu hafa þrátt fyrir áskoranir stefnanda þar um hvorki viljað upplýsa, hver sé handhafi veðskuldabréfanna, né gert grein fyrir tilurð skuldarinnar, þykja þau verða að bera hallann af sönnunarskorti varðandi þá fullyrðingu stefnanda, að um málamyndagerninga hafi verið að ræða. Ber því skv. framansögðu að fallast á, að í umræddum afsalsgerningi hafi falist gjöf til stefnda, Arnar, sem riftanleg sé samkvæmt 51. gr. laga nr. 6/1978, sbr. 66. gr. sömu laga.

Ber því að taka til greina kröfu stefnanda samkvæmt fyrsta og öðrum tölulið.

Endurgreiðslukrafa stefnanda, sem gagnvart stefndu, Selmu, er studd 62. gr. gjaldþrotalaga, en gagnvart stefnda, Erni, 62. gr., sbr. 66. gr. s. l., miðast við fjárhæð veðskuldar, hvílandi á 6. veðrétti, og áður er um fjallað. Með hliðsjón af því, að kaupverð hinnar umræddu eignar skyldi samkvæmt afsali nema fjárhæð þeirra veðskulda, er stefndi, Örn, tók að sér að greiða og hvíldu á eigninni, svo og því, sem áður er rakið um veðskuld á 6. veðrétti, ber að fallast á það með stefnanda, að auðgun stefndu hafi numið 12.000.000 kr., og er stefndu með vísan til framangreindra lagagreina gert að greiða stefnanda þá fjárhæð með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir eru á hverjum tíma, en krafa stefnanda um dráttarvexti er ekki tekin til greina. Rétt þykir að miða upphafstíma vaxtanna við 1. september 1988.

Eftir úrslitum málsins ber stefndu að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst 500.000 kr., þar með talinn virðisaukaskattur.

Kristjana Jónsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Rift er gjöf Ulrichs Falkner til stefndu, Selmu Óskar Björgvinsdóttur, á fasteigninni Lynghaga 15, Reykjavík, samkvæmt kaupmála, dagsettum og skráðum 19. júlí 1988, og ber að afmá hann úr veðmálabókum.

Rift er afsalsgerningi, dags. 1. september 1988, þar sem Selma Ósk

Björgvinsdóttir afsalar Erni Falkner fasteigninni Lynghaga 15, Reykjavík.

Stefndu, Selma Ósk Björgvinsdóttir og Örn Falkner, greiði stefnanda, Íslandsbanka hf. vegna þrotabús Ulrichs Falkner, 12.000.000 kr. með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir eru á hverjum tíma, frá 1. september 1988 til greiðsludags og 500.000 kr. í málskostnað, sem ber dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 19. janúar 1995.

Nr. 279/1991. **Selma Ó. Björgvinsdóttir**
(Kristján Stefánsson hrl.)
gegn
Íslandsbanka hf.
f. h. þrotabús Ulrichs Falkner
(Jón G. Briem hrl.)

Hjón. Gjaldþrotaskipti. Kaupmáli. Riftun. Málamyndagerningar. Endurgreiðsla.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. júlí 1991. Hann krafðist aðallega frávísunar málsins frá héraðsdómi, en til vara sýknu af öllum kröfum stefnda auk málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Við málflutning fyrir Hæstarétti féll áfrýjandi frá kröfu sinni um frávísun málsins frá héraðsdómi.

Áfrýjandi rökstyður sýknukröfu sína með því, að allar lýstar kröfur í þrotabú Ulrichs Falkner séu að fullu greiddar. Lagði hann fram nokkur ný gögn, sem hann taldi styðja þá fullyrðingu, skömmu fyrir málflutning í Hæstarétti. Stefndi samþykkti framlagningu hinna nýju gagna, en mótmælti því sem röngu og ósönnuðu, að búið væri að greiða upp lýstar kröfur í þrotabúið. Ekkert liggur fyrir um það af þrotabúsins hálfu, að svo sé, og gegn andmælum stefnda telst það ósannað.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann um annað en málskostnað.

Stefnda var unnt að höfða í einu lagi mál vegna dómkrafna þessa máls og hæstaréttarmálsins nr. 280/1991. Með vísan til 1. mgr. 71. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. nú 2. mgr. 27. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, ber að fella niður málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður um annað en málskostnað.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 5. apríl 1991.

Mál þetta, sem dómtekið var 4. apríl sl., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 19. október 1989, upphaflega af Útvegsbanka Íslands hf., sem síðar varð Íslandsbanki hf., vegna þrotabús Ulrichs Falkner, kt. 210737-2949, gegn Selmu Ósk Björgvinsdóttur, kt. 101238-3779, Lynghaga 15, Reykjavík.

Dómkröfur.

Dómkröfur stefnanda eru eftirfarandi:

1. Að rift verði með dómi gjöf Ulrichs Falkner til eiginkonu hans, stefndu Selmu Óskar Björgvinsdóttur, sem fólst í afhendingu andvirðis bifreiðarinnar R-29820, 330.000 kr., til stefndu eftir sölu bifreiðarinnar 21. maí 1988.

2. Að stefndu verði gert að greiða stefnanda 330.000 kr. með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af þeirri fjárhæð frá 21. maí 1988 til greiðsludags. Þess er krafist, að áföllnum dráttarvöxtum megi bæta við höfuðstól á 12 mánaða fresti, fyrst 21. maí 1989.

3. Krafist er málskostnaðar ásamt virðisaukaskatti og þess, að málskostnaðarfjárhæð beri dráttarvexti frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Dómkröfur stefndu eru þær, að hún verði sýknuð af kröfum stefnanda í málinu. Verði ekki á sýknukröfu fallist, er sú krafa gerð, að hin dæmda fjárhæð beri ekki dráttarvexti, heldur innlánsvexti eins og þeir eru á hverjum tíma. Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ auk virðisaukaskatts og þess, að málskostnaðarfjárhæð beri dráttarvexti frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags. [Sbr. lýsingu málavaxta, málsástæðna og lagaraka í bæjarþingsmálinu 5. apríl 1991, bls. 120.]

Niðurstaða.

Sýknukröfu sína reisir stefnda m. a. á því, að kröfur þær, sem stefnandi, Íslandsbanki hf., áður Útvegsbanki Íslands hf., lýsti í þrotabú Ulrichs Falkner, séu greiddar og því ekki grundvöllur fyrir málshöfðun þessari. Gegn andmælum stefnanda telst fullyrðing þessi ósönnuð.

Ómótmælt er, að gjaldþrotaskiptabeiðni barst skiptaráðandanum í

Reykjavík 10. nóvember 1988, og telst sá dagur frestdagur, sbr. 1. gr. laga nr. 6/1978.

Stefnda bar fyrir dómi, að jafnvel þótt bifreiðin R-29820 hefði verið skráð á nafn Ulrichs Falkner, hefði hún upphaflega verið keypt fyrir arf, er hún hlaut eftir móður sína, og þegar bifreiðin var seld, hefði andvirði hennar runnið til stefndu til kaupa á annarri bifreið. Upplýst er, að stefnda er skráður eigandi þeirrar bifreiðar.

Af hálfu stefndu hafa engin gögn verið lögð fram í málinu til stuðnings framangreindri fullyrðingu, og gegn andmælum stefnanda telst hún því ósönnuð.

Óumdeilt er, að andvirði bifreiðarinnar, 330.000 kr., rann til stefndu, og er ósannað, að nokkurt endurgjald hafi komið þar fyrir. Með hliðsjón af framansögðu ber að fallast á, að um gjöf hafi verið að ræða, sem riftanleg sé samkvæmt 1. mgr. 51. gr. laga nr. 6/1978, enda ekki talið, að 3. mgr. 51. gr. sömu laga eigi við um umrædda gjöf. Ber því samkvæmt framansögðu að taka til greina kröfu stefnanda samkvæmt fyrsta kröfulið.

Þar sem óumdeilt er, að Ulrich Falkner seldi bifreiðina 21. maí 1988 og að söluandvirði bifreiðarinnar R-29820 nam 330.000 kr., ber með vísan til 62. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978 að taka til greina kröfu stefnanda samkvæmt 2. tölulið að öðru leyti en því, að krafa stefnanda um dráttarvexti er ekki tekin til greina, en þess í stað ber stefndu að greiða hæstu innlánsvexti, eins og þeir eru á hverjum tíma, af 330.000 kr. frá 21. maí 1988 til greiðsludags, enda hefur upphafstíma vaxta ekki verið mótmælt.

Eftir niðurstöðu málsins ber stefndu einnig að greiða málskostnað, sem ákveðst 105.000 kr., þar með talinn virðisaukaskattur.

Kristjana Jónsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Rift er gjöf Ulrichs Falkner til stefndu, Selmu Óskar Björgvinsdóttur, sem fólst í afhendingu andvirðis bifreiðarinnar R-29820, 330.000 kr., til stefndu eftir sölu bifreiðarinnar 21. maí 1988.

Stefnda, Selma Ósk Björgvinsdóttir, greiði stefnanda, Íslandsbanka hf. vegna þrotabús Ulrichs Falkner, 330.000 kr. með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir eru á hverjum tíma, frá 21. maí 1988 til greiðsludags og 150.000 kr. í málskostnað, og ber málskostnaðarfjárhæðin dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 24. janúar 1995.

Nr. 16/1995. **Þorsteinn Einarsson**

gegn

Jóni Bjarnasyni

Kærumál. Innsetningargerð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Markús Sigurbjörnsson og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut þessu máli til Hæstaréttar með kæru 4. janúar 1995, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 16. janúar sl. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur, upp kveðinn 21. desember 1994, þar sem hafnað var kröfu sóknaraðila um innsetningargerð hjá varnaraðila. Kæruheimild er í 4. mgr. 84. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 102. gr. laga nr. 92/1991. Sóknaraðili krefst, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og kröfur sínar fyrir héraðsdómi teknar að fullu til greina. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar að öðru leyti en um málskostnað, sem hann krefst, að sóknaraðila verði gert að greiða sér í héraði auk kærumálskostnaðar.

Eins og greint er frá í hinum kærða úrskurði, hefur varnaraðili vefengt, að sóknaraðili eigi það timbur, sem hann krefst umráða yfir með innsetningargerð. Kveðst varnaraðili eiga timbrið að einhverju leyti sjálfur, en að öðru leyti telur hann það hafa verið í eigu Verks hf., sem hafi tekið að sér framkvæmdir við hús hans. Bú þess félags mun hafa verið tekið til gjaldþrotaskipta. Gegn þessum andmælum varnaraðila verður ekki talið, að sóknaraðili hafi stutt tilkall sitt til timbursins nægilegum gögnum, til að innsetningargerð geti náð fram að ganga.

Varnaraðili hefur viðurkennt að hafa í vörslum sínum rafmagnstöflu og vinnuljós, sem tilheyri honum ekki og hafi verið tengd við raflögn í húsi hans fyrir atbeina Verks hf. Varnaraðili heldur fram, að gagnstætt samningum sínum við Verk hf. hafi hann þurft að bera kostnað af tengingu töflunnar og ljósanna, og telur hann sér heimilt að neita að afhenda þessa muni nema gegn endurgreiðslu kostnað-

arins. Ekki verður talið, að þessi atvik hafi verið leidd nægilega í ljós fyrir dómi, til þess að innsetningargerð geti náð fram að ganga í þessum munum.

Aðra muni, sem sóknaraðili krefst innsetningargerðar til að fá umráð yfir, kannast varnaraðili ekki við að hafa í vörslum sínum. Slík neitun út af fyrir sig getur að vísu ekki staðið því í vegi, að innsetningargerð verði heimiluð, enda má kanna við framkvæmd gerðar, hvort hún sé réttmæt. Sóknaraðili hefur á hinn bóginn ekki fært nein þau rök fyrir því, að munir þessir séu í vörslum varnaraðila, til að á þetta verði reynt með innsetningargerð.

Samkvæmt framansögðu verður ekki talið, að fullnægt sé skilyrðum 1. mgr. 78. gr. laga nr. 90/1989 til að taka að neinu leyti til greina kröfu sóknaraðila um innsetningargerð hjá varnaraðila. Verður hinn kærði úrskurður því staðfestur, þar á meðal um málskostnað, enda kærði varnaraðili ekki fyrir sitt leyti til breytinga á ákvæðum úrskurðarins um hann.

Dæma verður sóknaraðila til að greiða varnaraðila kærumálskostnað, svo sem í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Þorsteinn Einarsson, greiði varnaraðila, Jóni Bjarnasyni, 30.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 21. desember 1994.

Mál þetta, er þingfest var 30. nóvember sl., var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi 16. desember sl.

Gerðarbeiðandi er Þorsteinn H. Einarsson, kt. 230555-4439, Kleppsvegi 130, Reykjavík.

Gerðarþoli er Jón Bjarnason, kt. 111020-3889, Bergstaðastræti 44, Reykjavík.

Gerðarbeiðandi krefst dómsúrskurðar um, að sér verði heimilað að taka timbur og ýmis handverkfæri, sem eru í vörslum gerðarþola á lóð og við húsnæði hans að Bergstaðastræti 44. Nánar tiltekið kveður gerðarbeiðandi vera um að ræða rafmagnstöflu af gerðinni EL-Björn, ljóskastara, blikknagara af gerðinni Metabo, Bosch-borvél, handverkfæri, þ. m. t. nokkrar þvingur og tvær blikkklippur, ca. 5-600 metra af 2″ × 4″ byggingatimbri og

ca. 2- 2500 metra af 1″ byggingatimbri. Þá krefst hann málskostnaðar og að fjárnám verði heimilað fyrir kostnaði af væntanlegri gerð.

Gerðarþoli krefst þess, að beiðni gerðarbeiðanda verði hafnað og hann og lögmaður hans óskipt úrskurðaðir til að greiða sér málskostnað.

Gerðarbeiðandi lýsir málavöxtum á þá leið, að hann hafi 4. janúar 1993 tekið að sér að byggja ofan á hús gerðarþola, og hafi þá orðið samkomulag þeirra á milli um, að hann lánaði gerðarþola timbur í vinnupalla. Áður en gerðarbeiðandi hafi lokið verkinu, hafi hann og gerðarþoli orðið ósáttir og gerðarþoli samið við Magnús Ingimundarson byggingameistara um, að hann lyki verkinu. Hafi þetta verið gert í fullu samráði við gerðarbeiðanda, sem lánaði Magnúsi ýmis verkfæri svo og það timbur, er hann hafði komið með á staðinn. Viðskiptum gerðarbeiðanda og Magnúsar hafi hins vegar lokið með þeim hætti, að gerðarbeiðandi óskaði ekki eftir frekari þjónustu Magnúsar. Magnús hafi þá viljað taka verkfærin og timbrið, en gerðarþoli neitað því og tjáð honum, að þau væru sín eign, en ekki gerðarbeiðanda.

Gerðarbeiðandi byggir á því, að hann sé eigandi framangreindra hluta, og þar eð gerðarþoli neiti að afhenda, sé honum nauðsynlegt að fá þá afhenta með aðfarargerð og vísar máli sínu til stuðnings til 78. gr. laga nr. 90/1989 um aðför.

Gerðarþoli heldur því fram, að gerðarbeiðandi eigi ekki aðild að málinu. Gerðarþoli kveðst á sínum tíma hafa samið við hlutafélag um framkvæmdir á húsi sínu, en gerðarbeiðandi hafi veitt því forstöðu. Hlutafélagið, sem hét Verk hf. og er nú gjaldþrota, hafi að miklu leyti lánað sér timbur í verkpalla, en ekki gerðarbeiðandi. Það var þó ekki nægjanlegt í pallana, og kveðst því gerðarþoli hafa fengið það að láni, sem á vantaði, og einnig það, sem þurft hafi til að bæta það, sem skemmdist, meðan á framkvæmdum hafi staðið. Gerðarþoli kveður sér fljótlega hafa orðið ljóst, að hlutafélagið hafi ekki ráðið við verkið, og því reynt að tryggja sér, að hann hefði pallana áfram við húsið, þegar það hefði gefist upp á verkinu. Hafi orðið að samkomulagi, að hann eignaðist pallaefni hlutafélagsins, en það hafi flutt á brott það, sem ónothæft hafi verið. Jafnframt þessu kveðst gerðarþoli hafa látið hlutafélagið hafa nokkur hundruð metra af nýju og ónotuðu timbri, er hann hafi átt. Þegar samið hafi verið við hlutafélagið á sínum tíma, hafi verið gert ráð fyrir því, að það sæi um að rífa pallana að verki loknu og flytja á brott efni, er það hefði lagt til smíðanna. Gerðarþoli kveður svo hafa um samist með sér og hlutafélaginu, er það hvarf frá verkinu, að hann eignaðist timbrið, en það losnaði undan þessari skyldu sinni, er hann hafi verið búinn að greiða því fyrir. Á þessum tíma hafi verið hægt að greina á milli þess timburs, er hann hafi átt, og þess, er það hafi átt, en nú sé slíkt ómögulegt,

enda hafi pallarnir verið rifnir og öllu timbrinu blandað saman. Gerðarþoli kveður verkfærin ekki vera í sínum vörslum og kveðst ekki minnast annars en þau hafi horfið, um leið og hlutafélagið hafi horfið frá verkinu. Hins vegar kannast hann við, að í húsi sínu sé rafstöð, er hann viti ekki, hver eigi. Hlutafélagið hafi á sínum tíma fengið rafvirkja til að tengja stöðina, og löngu eftir, að það var hætt störfum fyrir sig, hafi rafvirkinn kvartað um það við sig, að hann fengi ekki greitt fyrir vinnu sína. Gerðarþoli kveðst hafa greitt rafvirkjanum, enda hafi hann haldið því fram, að gerðarþoli ætti að greiða fyrir vinnuna. Gerðarþoli kveðst reiðubúinn að afhenda réttum eiganda stöðina gegn greiðslu á þessum reikningi rafvirkjans.

Niðurstaða.

Hér að framan hefur komið fram, að aðilar deila um eignarrétt að timbrinu. Gerðarbeiðandi hefur ekki lagt fram gögn, er sýni á ótvíræðan hátt, að hann sé eigandi þess. Af þessu leiðir, að ekki er unnt að taka kröfu hans til greina, sbr. 3. mgr. 83. gr. aðfararlaga.

Gegn neitun gerðarþola er ósannað, að hann hafi í vörslum sínum handverkfærin, og getur því ekki komið til þess, að heimilað verði að taka þau. Með framburði gerðarþola fyrir dómi er sannað, að rafmagnstafla og ljóskastari eru í vörslum hans. Hann hefur hins vegar neitað að afhenda þessi tæki nema gegn greiðslu reiknings, eins og rakið var. Gerðarþoli gæti þar af leiðandi átt haldsrétt í þessum tækjum, og þar eð ekki verður skorið úr um það í þessu máli, verður að hafna kröfu gerðarbeiðanda um, að heimilað verði að taka þau.

Samkvæmt framansögðu er öllum kröfum gerðarbeiðanda hafnað, en með hliðsjón af málavöxtum öllum þykir rétt að fella niður málskostnað.

Arngrímur Ísberg héraðsdómari kvað upp úrskurðinn.

Úrskurðarorð:

Hafnað er kröfu gerðarbeiðanda um, að hinir umkröfðu hlutir verði teknir úr vörslum gerðarþola.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 25. janúar 1995.

Nr. 332/1993. **Kristinn Þ. Jensson**
(Kristján Stefánsson hrl.)
gegn
Íslandsbanka hf.
(Jón G. Briem hrl.)

Málskostnaðartrygging.

Úrskurður Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir og Haraldur Henrysson.

Mál þetta var þingfest í Hæstarétti 1. október 1993. Í greinargerð stefnda, sem barst réttinum 16. desember 1994, var þess krafist, að áfrýjanda yrði gert skylt að leggja fram málskostnaðartryggingu.

Áfrýjandi krefst þess, að kröfu stefnda verði hafnað og stefndi dæmdur til að greiða áfrýjanda málskostnað í þessum þætti málsins.

Rök stefnda eru þau, að bú áfrýjanda hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta 24. febrúar 1994. Hinn 10. nóvember 1994 hafi skiptastjóri gefið út yfirlýsingu um, að þrotabúið tæki ekki við rekstri málsins. Séu allar líkur á, að áfrýjandi sé ófær um greiðslu málskostnaðar. Þótt krafan hafi ekki verið gerð við þingfestingu málsins, sé hún fram komin, um leið og tilefni gafst. Byggir stefndi kröfu sína á b-lið 1. mgr. 133. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 166. gr. sömu laga, sbr. 20. gr. laga nr. 38/1994.

Af hálfu áfrýjanda er kröfu stefnda mótmælt með þeim rökum, að stefnda hafi borið að setja fram kröfu sína um málskostnaðartryggingu við þingfestingu málsins. Bú áfrýjanda hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta að kröfu stefnda á grundvelli árangurslausrar löggeymslu samkvæmt héraðsdómi í máli þessu, en hún fór fram 15. desember 1993. Stefnda hafi því verið kunnugt um efnahag áfrýjanda þegar við þingfestingu málsins.

Telja verður, að stefnda hafi verið kunnugt um efnahag áfrýjanda ekki síðar en 15. desember 1993. Þykir krafa hans því of seint fram komin.

Málskostnaður verður ekki dæmdur í þessum þætti málsins.

Á l y k t a r o r ð :

Kröfu stefnda, Íslandsbanka hf., um málskostnaðartryggingu er hafnað.

Fimmtudaginn 26. janúar 1995.

Nr. 84/1993. **Dalshraun 4 hf.**
(Jón Finnsson hrl.)
gegn
Bjarna Garðarssyni
og gagnsök
(Arnmundur Backman hrl.)

Kaupsamningur. Skaðabætur. Févíti. Tómlæti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Markús Sigurbjörnsson og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. febrúar 1993. Hann krefst sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess, að kröfur gagnáfrýjanda verði stórlega lækkaðar og málskostnaður þá látinn niður falla.

Gagnáfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 15. apríl 1993. Hann krefst þess aðallega, að aðaláfrýjandi greiði sér 1.494.730 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 770.000 krónum frá 2. ágúst til 30. nóvember 1988, en af 1.494.730 krónum frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess, að aðaláfrýjandi greiði 1.104.730 krónur auk dráttarvaxta af 380.000 krónum frá 2. ágúst til 30. nóvember 1988, en af heildarfjárhæðinni frá þeim degi til greiðsludags og málskostnaðar.

Við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti voru lögð fram gögn um, að nafni aðaláfrýjanda hefði verið breytt 12. apríl 1994 úr Mótun hf. í Dalshraun 4 hf.

Ágreiningur málsaðila er sprottinn af kaupum gagnáfrýjanda á báti hjá aðaláfrýjanda, svo sem greint er í hinum áfrýjaða dómi. Gagnáfrýjandi greiddi hið uppsetta verð til þess að fá bátinn í sínar hendur, en krefur aðaláfrýjanda vegna ýmissa þátta í samskiptum þeirra. Kröfur hans falla í fjóra mismunandi flokka, og er aðalkrafa sundurliðuð þannig:

1. Vegna afhendingardráttar í 77 daga	770.000 krónur
2. Vegna aflatjóns	477.500 krónur
3. Vegna framleiðslugalla og of hárra reikninga samkvæmt matsgerð	217.230 krónur
4. Vegna olíutanks	30.000 krónur
Samtals	1.494.730 krónur

Um 1. lið.

Svo sem greint er í héraðsdómi, var báturinn afhentur 2. ágúst 1988, og telst sá dagur afhendingardagur samkvæmt kaupsamningi aðila. Með þeim rökum, er í héraðsdómi greinir, ber að fallast á, að aðaláfrýjandi hefði átt að geta afhent bátinn 15. júní sama ár og að um afhendingardrátt af hans hálfu hafi því verið að ræða frá þeim degi. Samkvæmt kaupsamningi skyldu dagsektir falla á hvern virkan dag, eftir að einn mánuður væri liðinn frá umsömdum afhendingardegi. Þykir því mega fallast á, eins og atvikum var háttað, að dagsektir teljist frá 15. júlí til 2. ágúst, í 13 virka daga. Ekki eru ástæður til að lækka fjárhæð dagsekta með vísan til 36. gr. samningalaga nr. 7/1936, sbr. 6. gr. laga nr. 11/1986, og teljast þær því nema 130.000 krónum og ekki vera niður fallnar samkvæmt ákvæðum kaupsamnings um ábyrgðartíma.

Um 2. lið.

Samkvæmt ákvæði kaupsamnings, sem fjallar um ábyrgð seljanda, skyldi tilkynnt um galla, sem fram kæmu í framleiðslu eða í hlutum, sem seljandi sjálfur framleiddi, jafnskjótt og þeirra yrði vart. Síðan segir: „Að ári liðnu er báturinn úr ábyrgð seljanda. Í þessum tilfellum er ábyrgð seljanda takmörkuð við viðgerð á bátnum sjálfum, en ábyrgðin nær ekki til annarra hluta, svo sem aflatjóns og þess háttar.“ Fram er komið, að setja þurfti nýjan skrúfuás í bátinn. Stafar galli þessi af mistökum við niðursetningu vélar og búnaðar, sem telst til aukaverka við bátasmíðina, og er hann á ábyrgð aðaláfrýjanda samkvæmt lið 1.6 í smíðalýsingu, en ekki innan greindrar ábyrgðartakmörkunar. Samkvæmt bréfi Siglingamálastofnunar ríkisins 2. september 1990 var báturinn endanlega tekinn út og samþykktur 19. september 1988. Varð gagnáfrýjandi því af

veiðum allan ágústmánuð, svo sem hann gerir kröfu um bætur fyrir, og ber að taka til greina kröfu hans vegna aflatjóns, 477.580 krónur, sem styðst við mat dómkvaddra manna og eigi hefur verið hnekkt. Telst liður þessi ekki niður fallinn vegna tómlætis, þar sem gagnáfrýjandi tilkynnti aðaláfrýjanda um kvörtun sína af þessu tilefni með bréfi 29. september 1988.

Í liðum 3 og 4 er um að ræða kröfur annars vegar vegna galla á bátnum og hins vegar vegna of hárra reikninga. Um kröfur vegna galla bar gagnáfrýjanda að tilkynna aðaláfrýjanda innan árs samkvæmt fyrrgreindu ákvæði í samningi málsaðila. Með hliðsjón af 54. gr. laga nr. 39/1922 um lausafjárkaup verður upphaf þessa frests miðað við afhendingardag 2. ágúst 1988. Gagnáfrýjandi gerði fyrst viðvart um kröfur af þessu tilefni, þegar hann höfðaði fyrra mál sitt á hendur aðaláfrýjanda með stefnu, birtri 22. ágúst 1989. Voru þá kröfur þessar niður fallnar. Gagnáfrýjandi greiddi reikninga aðaláfrýjanda vegna bátsins, áður en hann var afhentur. Hann gerði fyrirvara í bréfi 28. júlí 1988 um, að hann teldi ýmislegt athugavert í reikningunum. Kröfur af þessu tilefni gerði hann hins vegar fyrst með fyrrnefndri málshöfðun. Verður að telja kröfurnar þá hafa verið fallnar niður vegna tómlætis. Verður því öllum kröfum gagnáfrýjanda í liðum 3 og 4 hafnað.

Niðurstaða verður því sú, að kröfur gagnáfrýjanda verða teknar til greina með 607.580 krónum (130.000 + 477.580), og verður aðaláfrýjanda gert að greiða honum þær með dráttarvöxtum, svo sem í dómsorði greinir.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 300.000 krónur.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Dalshraun 4 hf., greiði gagnáfrýjanda, Bjarna Garðarssyni, 607.580 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 130.000 krónum frá 2. september 1988 til 1. janúar 1991, en af 607.580 krónum frá þeim degi til greiðsludags.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda 300.000 krónur samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 21. desember 1992.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 19. nóvember sl., er höfðað með stefnu, birtri 14. júní 1991.

Stefnandi er Bjarni Garðarsson, kt. 221144-3849, Norðurbraut 2, Höfn, Hornafirði, en stefndi er Mótun hf., kt. 410477-0339, Dalshrauni 4, Hafnarfirði.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða 1.569.630 kr. með [nánar tilgreindum dráttarvöxtum svo og málskostnað].

Dómkröfur stefnda eru aðallega þær, að málinu verði vísað frá dómi, til vara, að stefndi verði alsýknaður, og til þrautavara, að kröfur verði lækkaðar verulega. Í aðal- og varakröfu er gerð krafa um málskostnað samkvæmt málskostnaðarreikningi, en í þrautavarakröfu, að málskostnaður verði látinn niður falla.

Kröfu stefnda um frávísun málsins var hrundið með úrskurði, upp kveðnum 4. febrúar sl.

Mál út af sama ágreiningi var höfðað af hálfu stefnanda með stefnu, birtri 22. ágúst 1989. Það mál var fellt niður 21. febrúar 1990 vegna útivistar stefnanda.

Málavaxtalýsing stefnanda.

Stefnandi kveður málavexti þá, að 4. september 1987 hafi hann gert kaupsamning við stefnda um smíði á 9,9 m trefjaplastsbáti. Báturinn skyldi vera tilbúinn til afhendingar 15. mars 1988, og var kaupverð hans 2.300.000 kr. Stefnandi skyldi greiða sérstaklega fyrir niðursetningu vélar, lagningu rafmagns og fyrir ýmsa fylgihluti og frágang þeirra.

Í kaupsamningi segir m. a.:

„Seljandi lofar að selja og kaupandi skuldbindur sig til að kaupa bát úr trefjaplasti samkvæmt teikningu sem Siglingamálastofnun ríkisins hefur samþykkt, kaupandi hefur kynnt sér og samþykkt. Seljandi tekur fram að Siglingamálastofnun ríkisins hefur eftirlit með framleiðslunni.

Lýsing bátsins:

Sjá meðfylgjandi smíðalýsingu, sem telst hluti samnings þessa.

Breytingar:

Breytingar sem Siglingamálastofnun ríkisins eða kaupandi óskar eftir, greiðir kaupandi sérstaklega.

Kaupandi leggur til:

Kaupandi skal panta vél og vélarbúnað í bátinn. Kaupandi skal velja vélbúnað í bátinn í fullu samráði við seljanda.

Afhending: Miðjan mars 1988.

Afhending bátsins fer fram í Dalshrauni 4. Degi fyrir afhendingu skal kaupandi mæta á starfsstöð seljanda, hreyfa athugasemdum við bátinn, telji hann ástæðu til. Geri hann engar athugasemdir við hluti, sem telja megi augljósa, telst hann hafa fyrirgert rétti til þess að bera þá fyrir sig síðar eða eftir að báturinn er farinn frá seljanda. Kaupandi er skuldbundinn til að taka við bátnum, þegar hann er tilbúinn úr starfsstöð framleiðanda.

Tafir á afhendingu bátsins:

Nú tefst afhending bátsins vegna verkfalla, inn- og útflutningsbanna o. þ. h., og skal sá dráttur, sem af því kynni að leiða, ekki teljast til vanefnda hjá seljanda. Tafir á afhendingu bátsins vegna niðursetningar vélar eða annars búnaðar eða breytinga skulu verða á ábyrgð kaupanda. Nú verða tafir á afhendingu bátsins af ástæðum, sem eru á ábyrgð seljanda, og getur kaupandi þá krafist þess að á seljanda falli dagsektir, 10.000 kr. á dag fyrir hvern virkan dag eftir að einn mánuður er liðinn frá umsömdum afhendingardegi og þar til báturinn er tilbúinn til afhendingar.

Ábyrgð seljanda:

Komi fram gallar í framleiðslu eða í hlutum, sem seljandi sjálfur framleiðir, skal tilkynnt um þá jafnskjótt og þeirra verður vart. Að ári liðnu er báturinn úr ábyrgð seljanda. Í þessum tilfellum er ábyrgð seljanda takmörkuð við viðgerð á bátnum sjálfum, en ábyrgðin nær ekki til annarra hluta, svo sem aflatjóns og þess háttar. Í þessum tilfellum ber kaupanda að færa bátinn til Skagastrandar eða í starfsstöð seljanda eða kosta flutning og uppihald viðgerðarmanna."

Í smíðalýsingu segir m.a.:

„1.2.
Stýrishús.

3 framrúður úr öryggisgleri, 2 hliðarrúður í gúmmíkanti. Tvískipt hurð úr álprófíl í afturþili. Einn gluggi á afturþili. Einn stóll á fæti fyrir stýrimann. Púlt úr trefjaplasti fyrir ýmis stjórntæki. Þak er með kjarna. Allir veggir málaðir. Gólf er úr trefjaplasti með kjarna.

1.3.
Lúkar.

Tveir bekkir úr trefjaplasti. Eitt borð á fæti. Klósett er frágengið, þó ekki í sér klefa. Þak er með kjarna. Allir veggir málaðir. Neyðarlúga, ein loftúða.

1.4.
Þilfar.

Vinnusvæði er ca. 18 m^2 og er úr trefjaplasti með kjarna, riffluð áferð. Í miðju skal vera brunnur með 20 cm kanti fyrir 6 stk. 330 lítra fiskikör sem falla niður að botni. Hægt verður að stafla körum ofan á þau kör sem fyrir eru. Við skut skal vera tóggeymsla með loki. Lúga yfir vél skal vera skrúfuð föst með opnanlegri lúgu.

1.5.
Vélarrúm.

Vélarrúm skal vera vatnsþétt og málað með topcoat og komið skal fyrir viðurkenndum slökkvibúnaði. Handdæla. Eldvarnarkerfi. Dagleg þjónusta við vél skal vera að framanverðu úr stýrishúsi.

1.6.
Vélbúnaður og vélarniðursetning.

Framleiðandi sér um vélarniðursetningu og greiðir kaupandi þá vinnu samkv. reikningi og þar skal framkvæmt eftirtalið: Plastaðar undirstöður fyrir mótorpúða. Gengið frá stefnisröri og skrúfuási. Olíulagnir að olíutanki lagðar og tengdar. Vatnsskilja tengd. Gengið frá vélarlensidælum. Tengdir rafgeymar og ræsilögn. Stjórntæki tengd og gengið frá mælaborði. Vélin stillt og prufukeyrð.

1.7.
Olíutankur.

2 × 50 lítra olíutankar úr ryðfríu stáli. Samkv. sérteikningum staðsettir undir gólfi við gafl. Olíuáfylling skal vera úti á hringdekki.

1.8.
Stýrisbúnaður.

Nota skal vökvastýrisbúnað með einu stýrihjóli (möguleiki á fleirum). Háþrýstislöngur á milli stýrisvélar og stýristjakks. Hælbúnaður skal vera heitgalvaniseraður.

1.9.
Raflögn.

Þrjú siglingaljós og tvö veiðiljós á mastri. Eitt inniljós í stýrishúsi og lúkar. Rofaborð með 6 rofum og bræðivörum. Eitt höfuðvar tengt að nefndum ljósum og raflögn að rafgeymi.

1.10.
Handrið.

Handrið, stefnisbogi, 20 cm handrið á vinnusvæði, neyðarstigi á gafli og mastur úr áli, boltuð með ryðfríum boltum.

1.11.
Fylgifé sem seljandi leggur til.

Öryggisbúnaður sem S.R. nefnir í upptalningu frá jan. 1987 sem miðast við tvo menn. Varahluti fyrir vél og verkfæri sér kaupandi um. Gúmmíbátur og talstöð fylgja ekki með.

1.12.
Samsetning á bol og húsi.

Sett saman á flans, límt og skrúfað. Sterkur kantur utan á bát."

Í lok smíðalýsingar er talinn upp 21 hlutur, sem stefnandi óski eftir, að komið verði fyrir í bátnum. Tekið er fram, að kaupandi greiði fyrir frágang á þeim hlutum skv. reikningi.

Stefnandi kveður strax hafa komið upp ágreining með aðilum, er velja skyldi vél í bátinn. Hann hafi óskað eftir Caterpillar-vél, en forstjóri stefnda, Reginn Grímsson, hafi verið því algjörlega mótfallinn og lagt til, að keypt yrði vél af gerðinni Iveco frá Glóbusi hf. Caterpillar-vélin hafi 10 lítra sprengirými, en Iveco-vélin aðeins 8 lítra sprengirými. Ástæðan að baki þessari afstöðu forsvarsmanns stefnda hafi verið sú, að Hekla hf., er flytji inn Caterpillar-vélar, hafi ekki viljað veita stefnda umboðslaun fyrir að selja bátavélar frá þeim. Þetta komi fram í vottorði Heklu hf., dags. 19. október 1987: „Það vottast hér með, að Reginn Grímsson vegna Mótunar hf. hringdi til mín og óskaði eftir því, að honum yrðu greidd 5% umboðslaun fyrir hverja Caterpillar-vél, sem við seldum og settar yrðu í báta frá honum, burtséð frá því hvort við seldum vélina eða hann fyrir okkur."

Stefnanda hafi verið mikið í mun, að sett yrði Caterpillar-vél í bátinn. Hann hafi átt slíka vél og hún reynst vel. Hann hafi því sent stefnda bréf, dags. 19. október 1987, og tilkynnt honum, að hann hafi að vel athuguðu máli valið Caterpillar-vél 3208 í bátinn, og gert þá kröfu, að stefndi samþykkti það, svo fremi Siglingamálastofnun ríkisins samþykkti. Að öðrum kosti hafi hann krafist þess, að báturinn yrði afhentur án vélbúnaðar. Jafnframt hafi stefnandi áskilið sér rétt til bóta fyrir allt það tjón, er hann kynni að verða fyrir, þar með talið vegna tafa, sem kynnu að verða vegna afhendingar bátsins.

Stefndi hafi ekki gengist við þessu, og að lokum hafi stefndi (sic) séð sig til neyddan að láta undan, þar sem honum hafi verið mikið í mun að fá bátinn afhentan sem fyrst. Niðurstaðan hafi því orðið sú, að hann hafi keypt Iveco-vél til ísetningar í bátinn.

Komið hafi í ljós, eftir að hann fór að nota bátinn, að hann gekk ekki nema 9 mílur með 2 tonn, en honum hafi verið lofað, að báturinn gengi 25 mílur. Þetta takmarki sókn hans á miðin fyrir austan. Auk þess hafi komið í ljós síðar, að Siglingamálastofnun ríkisins hafi ekki samþykkt umræddar Iveco-vélar í fiskibáta, sbr. vottorð Siglingamálastofnunar, dags. 8. mars 1989, en þar segi m.a.: „Samkvæmt upplýsingum vélaframleiðanda eru þessar vélar ekki ætlaðar til nota í fiskibáta, við getum heldur ekki samþykkt þær sem vélar í fiskibáta, þótt vitað sé um nokkrar vélar í fiskibátum."

Samkvæmt kaupsamningi hafi átt að afhenda bátinn 15. mars 1988. Það hafi ekki staðist, og hafi stefnandi fengið bátinn afhentan 2. ágúst 1988. Stefndi hafi borið því við, að seinkun hafi orðið á afhendingu vélbúnaðar frá Glóbusi hf. Það hafi komið stefnanda á óvart, því að hann hafi greitt vélina hjá Glóbusi hf. 5. janúar 1988 og verið sýnd vélin og allur vélbúnaður. Hann hafi því farið upp í Glóbus hf. til að athuga, hverju sætti. Hafi hann fengið eftirfarandi yfirlýsingu hjá Sigurjóni P. Stefánssyni, starfsmanni Glóbusar hf., dags. 9. maí 1988: „Vél og allur búnaður hefur verið tilbúinn síðustu 4 vikur nema öxull, sem var staðfest með bréfi til Regins Grímssonar hjá Mótun hf. Ósk barst frá Mótun um að seinkun væri á öllum vélbúnaði sem Bjarni ætti, þar sem ekki hefðist undan að fullklára báta hjá Mótun sem eru bæði með Iveco-, Ford- og Caterpillar-vélum. Enda væri um dagsektir að ræða í samningi við Bjarna Garðarsson. Einnig hafa viðgerðarmenn hjá Glóbusi sagt að fjöldi sendra fylgihluta til Mótunar sé orðinn meiri en svarar til fjölda bátavéla sem komnar eru niður."

Yfirlýsingu þessa hafi ekki verið unnt að skilja á annan hátt en þann, að Mótun hf. hefði ekki undan að framleiða báta og óskað eftir seinkun á afhendingu vélanna. Glóbus hf. hafi síðan afhent vélina og alla fylgihluti 31. maí 1988, þó að ljóst hefði verið, að vélin sjálf hefði verið tilbúin til afhendingar í janúar. Bátsskrokkurinn hafi verið plastaður norður á Skagaströnd, og hafi því í raun ekkert verið farið að vinna í bátnum hjá stefnda, áður en vélbúnaður kom í lok maí 1988.

Þegar komið var fram í júlímánuð 1988, hafi Reginn Grímsson neitað að afhenda bátinn, nema stefnandi félli frá dagsektarákvæðum kaupsamnings. Hinn 21. júlí hafi stefnandi ritað stefnda bréf og krafist afhendingar og gert kröfu um dagsektir. Hinn 27. júlí 1988 hafi stefnandi skrifað undir skulda-

bréf í tilefni kaupanna og næsta dag ritað stefnda bréf, þar sem hann áskildi sér allan rétt vegna dráttar á afhendingu, enda hafi hann orðið fyrir miklu tjóni vegna þess. Jafnframt hafi hann greitt aðra reikninga stefnda með fyrirvara og áskilið sér rétt í því sambandi.

Er báturinn var sjósettur, hafi komið í ljós, að skrúfuás var boginn. Starfsmaður Glóbusar hf. hafi verið viðstaddur og strax stöðvað prufukeyrslu. Ófaglærður starfsmaður stefnda hafi annast ísetningu vélarinnar og skrúfuássins. Vélsmiðjan Faxi hf. hafi yfirfarið öxulinn og gefið út yfirlýsingu, dags. 2. september 1988, af því tilefni:

„I. Yfirlýsing vegna skrúfuáss.

Skrúfuás var þríboginn og mesta kast við mælingu var 5 mm. Tengiflangs var rúmur á ásenda um 0,20 mm. Að mati okkar hjá Faxa hf., vélsmiðju, er öxullinn ónothæfur.

II. Nýr skrúfuás með tengiflangsi.

Smíðaður nýr skrúfuás úr efni frá Glóbus hf. Efnið var bogið, en rétt með rennsli. Öxlinum skilað frá Faxa hf. í góðu ástandi til ísetningar í bátinn."

Þetta hafi orðið til þess, að stefnandi varð frá veiðum um mánaðarskeið, allt til þess að Glóbus hf. útvegaði stefnanda nýjan öxul stefnanda að kostnaðarlausu. Þá hafi stefnandi orðið fyrir miklu tjóni vegna aflamissis.

Þá kveðst stefnandi hafa fengið undanþágu hjá Siglingamálastofnun ríkisins til að sigla austur á Hornafjörð, því að úttekt gat ekki farið fram, eins og áður sagði. Eldsneytisgeymar hafi reynst ólöglegir, því að þeir hafi verið 2 mm í stað 3 mm á þykkt. Stýri hafi einnig reynst ólöglegt. Af þessu tilefni hafi Siglingamálastofnun ríkisins gefið út eftirfarandi yfirlýsingu, dags. 2. febrúar 1990:

„2. Eftirlit með smíði raðsmíðaðra báta fer fram með skyndiskoðunum, sbr. gr. 1.420 í Norðurlandareglum, sem vísað er til í ofangreindum reglum um báta allt að 15 m. Í þessu felst að skoðunarmenn fylgjast með framleiðslu hverrar bátasmíðastöðvar í heild, en fylgjast ekki með smíði hvers báts frá degi til dags.

3. Samþykki Siglingamálastofnunar ríkisins er byggt á því að hver bátasmiður ábyrgist sína framleiðslu, sbr. gr. 2.3. í umræddum reglum.

4. Teikning að eldsneytisgeymum var samþykkt 02. 04. 1987, en eldsneytisgeymarnir voru ekki smíðaðir samkvæmt teikningu. Nýjar teikningar bárust stofnuninni ekki fyrr en í nóvember 1989.

5. Teikning að stýri bátanna var samþykkt 20. 10. 1987, en síðar kom í ljós að stýrin voru ekki smíðuð skv. teikningunni. Reginn Grímsson hjá

Mótun var tilkynnt þann 13. 09. 1988, að gera þyrfti endurbætur á stýrunum og ný teikning var samþykkt 25. 10. 1988.

6. Vélbáturinn Kiðey var skoðaður þann 29. 07. 1988, en þá gerðar ýmsar athugasemdir við vélbúnað og öryggisbúnað, m. a. var ekki búið að festa vél að fullu. Báturinn var síðan endanlega tekinn út og samþykktur þann 19. 09. 1989."

Eftir að prufukeyrslu var lokið og komið í ljós, að öxull var boginn, hafi Reginn Grímsson, sem var viðstaddur, neitað stefnanda um alla frekari aðstoð. Hann hafi sagt, að hann gæti séð um þetta sjálfur og bilunin væri á ábyrgð Glóbusar hf.

Stefnandi kveður lúkarinn hafa verið mjög illa gerðan. Lúga ofan á honum hafi ekki verið kíttuð. Er hann fór fyrir Reykjanes á leið sinni austur, hafi fossað sjór inn.

Kröfugerð stefnanda.

Þann 13. september 1990 óskaði stefnandi eftir mati dómkvaddra matsmanna. Auk aflatjóns telur hann sig hafa orðið fyrir tjóni vegna galla á smíðinni og einnig vegna þess, að reikningar stefnda vegna aukaverka hafi verið of háir.

Í matsbeiðni segir m.a.:

– – –

Matsgerð matsmanna er svohljóðandi:

„1. Hæfilegar bætur.

Óskað er eftir mati á bótum til Bjarna Garðarssonar fyrir hvern virkan dag í september sem hann varð af afnotum bátsins vegna dráttar á afhendingu.

Matsmenn hafa fengið upplýsingar um afla báta minni en 10 tonn, sem lögðu upp hjá Kaupfélagi A.-Skaftfellinga. Af þeim gögnum að ráða má búast við að aflatjón sé 9,5 tonn m. v. eðlilegar kringumstæður.

Í dag má reikna með að fá a. m. k. 65 kr. per kíló af handfærafiski að meðaltali. Skv. því er heildartjón 617.500 kr. Frá þessari upphæð má draga rekstrarkostnað, s. s. olíur, tryggingar, viðhald, veiðarfæri o. þ. h., kr. 140.000 að mati undirritaðra. Tjón á mánuði er því metið 477.500 kr., sem svarar til 18.365 kr. á virkan dag og er þá m. v. 16 virka daga í mánuði.

2. Háþrýstislöngur/Loftslöngur.

Notaðar voru sk. slöngur úr næloni í stýrisbúnað („loftslöngur").

Skv. upplýsingum frá söluaðilum má gera ráð fyrir að þessar slöngur þoli 40-70 kg/cm^2 þrýsting. Þrýstingur á sjálfstýringu er ekki þekktur. Vitað er um nokkur tilfelli þar sem nælonslöngur hafa gefið sig við sams konar aðstæður, þ. e. a. s. þar sem þær eru notaðar í sjálfstýrikerfi. Einnar víra há-

þrýstislöngur þola 150 kg/cm^2, tveggja víra slöngur hins vegar 450 kg/cm^2, en þær eru mest notaðar í háþrýstilagnir ásamt stálrörum. Miðað við ofanritað er ekki hægt að skilgreina nælonslöngurnar sem háþrýstislöngur í þessu samhengi. Í ljósi þess að nælonslöngur hafa gefið sig í sjálfstýrikerfum og að fengnu áliti söluaðila er það álit matsmanna að nota verði háþrýstislöngur í kerfi sem þetta.

Óskað er eftir mati á efnis- og tímavinnukostnaði vegna endurnýjunar á slöngum í kerfinu. Skv. mælingu hafa verið notaðar 16 m af 1/4″ háþrýstislöngum og fjórar tengingar.

Matsmenn áætla kostnað vera:

Slöngur 16 m á 627 kr.		10.032
Tengingar 4 stk á 700 kr.		2.800
Vinna 8 tímar á 1.300 kr.		10.400
	Alls	23.232

3. Vinna í lúkar.

a) Tímavinna.

Eftir viðræður við aðila sem unnið hafa svipað verk telja matsmenn 20 tíma hæfilega til að ljúka við vinnu í lúkar. Bjarna er hins vegar gert að greiða 36 tíma, þ. e. 16 tímum meira. Hæfilegur afsláttur teljum við því að sé 16/36 = 44%.

b) Efni.

Vinilefni og einangrun var mæld. Vinilefni reyndist vera 20 m^2, en einangrun 13,1 m^2. Gert er ráð fyrir 20% rýrnun vegna vinils, en 7% rýrnun vegna einangrunar. Skv. því eru notaðir 24 m^2 af vinil (30 m^2 skv. reikningi) og 14 m^2 af einangrun (16 m^2 skv. reikningi).

Mismunur á mældu magni og reikningi er:

Vinil 6 m^2 á 870 kr.		5.220
Einangrun 2 m^2 350 kr.		700
	Alls	5.920

Matsmenn telja frágang á einangrun og vinil í lúkar óviðunandi, þar sem líming er slæm, kantar trosnaðir og heildarsvipur slæmur. Í stýrishúsi er þó frágangur sæmilegur.

4. Hæfilegt verð vegna niðursetningar vélar.

Skv. lýsingu er um eftirfarandi verkþætti að ræða. Innan sviga eru áætlanir matsmanna um verktíma. Haft var samráð við starfsmann Vélsmiðju Hornafjarðar hf. sem unnið (sic) að verkefnum sem þessum.

Ganga frá stefnisröri og plasta það	(30 t)
Koma vél fyrir á undirstöðum	(10 t)
Tenging sjókælidælu við vél	(10 t)
Tenging lensidælu úr lest	(10 t)
Tengja olíulagnir að og frá vél	(6 t)
Ganga frá stjórntækjum fyrir vél (úti og inni)	(14 t)
Ganga frá mælaborði í stýrishúsi	(10 t)
Rétta af vél	(10 t)
Ýmislegt ótalið og ófyrirséð	(20 t)

Alls er um 120 t að ræða á kr. 1.350 = 162.000,-. Miðað er við útselda vinnu frá Vélsmiðju Hornafjarðar með verkfæragjaldi (júní 1990). Skv. þessu er reikningur fyrir niðursetningu á vél of hár.

Óskað er eftir mati á frágangi vélar og búnaðar.

Skv. smíðalýsingu á að vera unnt að þjónusta vél úr stýrishúsi. Matsmenn sjá engan möguleika á að þjónusta vél úr stýrishúsi (s. s. að bæta á og mæla smurolíu, ath. kælivatn auk allrar daglegrar umhirðu) eins og kveðið er á um í smíðalýsingu.

Lúga yfir vél er að mati undirritaðra ófullnægjandi, er of lág (liggur ofan á vél).

Frágangur á sjó- og lensilögnum er slæmur; lagðar þannig að þær taka dýrmætt pláss í vélarrými.

5. Rafmagn.

Skv. reikningi greiddi Bjarni Garðarsson 92.113 kr. fyrir efni og 125.760 kr. fyrir vinnu. Skv. kaupsamningi og smíðalýsingu átti Mótun hf. að leggja ákveðinn hluta rafmagnstækja og -lagna. Sú rafmagnslögn sem er fram yfir hið umsamda mun vera:

3 lensidælur tengdar.
Tengd 2 aukaljós í lúkar.
1 vinnuljós tengt í mastur.
Tengd 2 ljós í vélarrúm.
2 dósir tengdar fyrir 24 volt.
Tengja olíumæli.
Tengja 6 rafgeyma og díóðubrú.

Alls voru tengdar 10 dósir. Eðli málsins skv. er erfitt að meta nákvæmlega efnismagn í raflögnum eftir að frágangi er lokið og búið að hylja mestan hluta lagnanna. Lagnir með 1,5 mm^2 og 35 mm^2 vírum, sem tilheyra ofangreindu verki, voru mældar. Aðrar lagnir voru ekki mældar þar sem magn var tiltölulega lítið og því gengið út frá að magn á reikningi sé rétt. Lagnir með 1,5 mm^2 vír reyndust vera 55 m, en 79 m gefnir upp á reikningi. Lagnir með 35 mm^2 mældust 15 m, en 27 m skv. reikningi.

Að fengnu áliti rafvirkjameistara má búast við að umrædd raflögn svari til um 205 eininga skv. uppmælingakerfi rafvirkja.

Í ljósi ofanritaðs er það álit matsmanna að reikningur vegna rafmagnsvinnu sé of hár. Leiðrétting á einstökum liðum ætti að vera í samræmi við neðangreint (verðlag í dag):

Vinna 205 ein. á kr. 387		79,335
Lagnir 35 mm^2 15 m á kr. 339		5.085
Lagnir 1,5 mm^2 55 m á kr. 151		8.305
	Alls	92.725

Vinnan svarar til 61 klst. sé miðað við 1.300 kr/tímann.

6. Annað.

6.1. Plöstun.

Matsmenn telja vinnubrögð við plöstun á lúgukarmi og við lensistút upp úr dekki óviðunandi, þar sem plastið er laust frá þannig að vatn kemst undir.

Matsmenn telja sanngjarnt að 35.000 kr. afsláttur komi vegna þessara vinnubragða.

6.2. Viðgerð á stýri.

Bjarni ber að laga hafi þurft stýri þegar það skemmdist vegna smíðagalla. Af þessum sökum þurfti að taka upp bátinn, taka stýrið af og koma í smiðju, þar sem gert var við það.

Matsmenn telja beinan kostnað vera 10 tíma × 1.300 kr. = 13.000 kr.

6.3. Dekk.

Aðeins helmingur dekksins er rifflaður, en hinn helmingurinn sléttur, sem skapar hættu við störf um borð.

Matsmenn telja þennan frágang óviðunandi og telja sanngjarnt að þessi galli verði bættur með 40.000 kr., þar sem lagfæra mætti dekkið að nokkru leyti fyrir þá fjárhæð.

6.4. Ryðfríar skrúfur.

Verulega stór hluti skrúfa (sem t.d. eru notaðar til að festa stýrishús) eru ekki ryðfríar en ættu að vera það.

Matsmenn telja þennan galla óviðunandi og telja að það beri að bæta úr honum með 22.100 kr. sem svarar til 17 tíma vinnu við að skipta út skrúfum.

6.5. Lúga á hvalbak.

Gleymst hefur að því er virðist að kítta stóran hluta lúgu á hvalbak. Ná þurfti lúgunni af, kítta og lagfæra skrúfugöt.

Matsmenn telja hæfilegar bætur vegna þessa vera 10 tíma vinnu, þ. e. 13.000 kr."

Lögmaður stefnanda óskaði eftir viðbótarmati á aflatjóni 24. júlí 1991. Eins og segir í matsbeiðni var það vegna misskilnings um afhendingartíma bátsins. Var talið, að báturinn hefði verið afhentur um mánaðamót ágúst/september 1988, en í ljós hefði komið, að það hefði verið 2. ágúst 1988. Því hefði verið óskað eftir mati á aflatjóni stefnanda fyrir tímabilið 2. ágúst 1988 til 1. september s. á.

Seinni matsgerð matsmanna er svohljóðandi:

„Matsmenn hafa fengið upplýsingar um afla báta minni en 10 tonn sem lögðu upp hjá Kaupfélagi A.-Skaftfellinga á þessum tíma. Af þeim gögnum má ráða að aflatjón sé um 8,200 kg af aðgerðum fiski miðað við eðlilegar kringumstæður.

Í dag má reikna með að fá a. m. k. 90 kr/kg. Heildartjón er því 738,000 kr.

Frá þessari upphæð má draga rekstrarkostnað, s. s. olíur, tryggingar, viðhald og veiðarfæri, 155.000 kr.

Tjón í ágústmánuði er því metið 583.000 kr., sem svarar til 26,500 kr. á dag miðað við að róið sé 22 daga í mánuðinum."

Stefnandi sundurliðar kröfur sínar þannig :

1. Dagsektir.

Stefnandi gerir kröfu um dagsektir vegna afhendingardráttar skv. kaupsamningi aðila. Báturinn skyldi vera tilbúinn til afhendingar 15. mars 1988, en hann hefði hins vegar ekki verið afhentur stefnanda fyrr en um mánaðamót júlí/ágúst sama ár, sé miðað við 10.000 kr. fyrir hvern virkan dag frá 15. apríl 1988 til raunverulegrar afhendingar bátsins.

Apríl:	11 dagar	
Maí:	22 dagar	
Júní:	22 dagar	
Júlí:	21 dagur	
Ágúst:	1 dagur	= 77 dagar × kr. 10.000 = 770.000 kr.

2. Bætur vegna aflatjóns.

Bátur stefnanda hafi verið frá veiðum allan ágústmánuð vegna ógangfærrar vélar. Í ljós hafi komið við afhendingu um mánaðamót júlí/ágúst 1988, að öxull bátsins hafi verið boginn vegna mistaka starfsmanna stefnda við ísetningu vélar og vélbúnaðar. Viðgerð hafi lokið um mánaðamót ágúst/september sama ár. Sé gerð krafa um bætur vegna aflatjóns þann mánuð, sem samkvæmt matsgerð nema 477.500 kr.

3. Stýrisbúnaður.

Í stýrisbúnað hafi verið notaðar loftslöngur í stað háþrýstislangna að frumkvæði seljanda. Kaupandi hafi haft uppi sterk mótmæli, en ekki orðið framgengt. Búnaðurinn hafi ekki haldið og hafi stefnandi orðið fyrir tjóni vegna þess. Samkvæmt matsgerð áætli matsmenn efnis- og tímavinnukostnað vegna endurnýjunar á slöngum í kerfinu nema að fjárhæð 23.232 kr.

4. Vinna í lúkar.

Tímavinna: Gerð sé krafa um lækkun, að fjárhæð 15.360 kr. vegna tímavinnu og 5.920 kr. vegna efnis.

5. Vélarniðursetning.

Stefnanda hafi verið gert að greiða 230.000 kr. vegna vélarniðursetningar. Niðurstaða matsmanna sé á þá leið, að 162.000 kr. teljist eðlilegt endurgjald fyrir þá vinnu. Gerð sé krafa um greiðslu á mismun, að fjárhæð 68.000 kr.

6. Rafmagn.

Stefnanda hafi verið gert að greiða 125.760 kr. fyrir vinnu og 92.113 kr. fyrir efni.

Það sé álit matsmanna að reikningur vegna rafmagnsvinnu sé of hár. Reikning vegna vinnu meta þeir eðlilegan 79.335 kr. Mismunur á 125.760 kr. og 79.335 kr. sé 46.425 kr. Þá sé gerð krafa um greiðslu 1.293 kr. vegna efnis.

7. Olíutankar.

Samkvæmt smíðalýsingu, lið 1.7., skyldu settir niður í bát stefnanda olíutankar, samtals 500 lítra. Stefndi hafi hins vegar komið fyrir olíutönkum sem tóku 600 lítra. Þegar er stefnandi hafi orðið var við þessa fyrirætlun stefnda, hafi hann gert kröfu um það, að settir yrðu í bátinn olíutankar réttrar stærðar, í samræmi við smíðalýsingu. Stefndi hafi ekki sinnt þessum mótmælum. Stefnanda hafi verið gert að greiða sérstaklega fyrir þessa stækkun 30.000 kr., sem hann krefji nú um endurgreiðslu á.

8. Lestarkarmur.

Samkvæmt smíðalýsingu, lið 1.4., skyldi fylgja bátnum 20 cm lestarkarmur á brú. Að ósk stefnanda hafi karmurinn verið hafður 75 cm. Hafi verið um samið, að fyrir breytingu þessa skyldi greiða sérstaklega 55.000 kr. fyrir

efni og vinnu. Stefnandi mótmæli hins vegar sérstakri greiðslu vegna uppstillingar, að fjárhæð 8.800 kr.

9. „Annað".

Varðandi þennan lið vísi stefnandi til matsgerðar, sem meti kostnað við ýmsar lagfæringar á 123.100 kr.

Málavaxtalýsing stefnda.

Framkvæmdastjóri stefnda, Reginn Grímsson, kom fyrir dóm og skýrði svo frá varðandi vélina, að við kaupsamningsgerð hefði það verið rætt ýtarlega, að stefnandi ætti ýmsa góða kosti um vélakaup. Stefndi hafi gert samstarfssamning við fjögur vélaumboð, og stæðu vélar frá þeim stefnanda til boða. Samstarfssamningur væri nauðsynlegur, þegar um væri að ræða hraðskreiða fiskibáta, því að öll smáatriði skiptu máli. Niðursetning vélar þyrfti að vera í fullu samráði við vélarinnflytjanda. Á þessum tíma hefði Hekla hf. ekki haft vélar, sem hentuðu í Gáskabáta, er stefnandi festi kaup á. Hekla hf. hefði verið með of stórar vélar, er hentuðu ekki.

Vélar af Iveco-gerð hefðu reynst vel, og kæmi það stefnda á óvart, að Siglingamálastofnun ríkisins hefði ekki samþykkt þær. Stefndi hefði notað þær í fiskibáta og væri kunnugt um, að fleiri bátasmiðjur hefðu gert það.

Komið hefði í ljós, að töluverður dráttur hefði orðið á afhendingu vélbúnaðar frá Glóbusi hf. Þannig hagi til í Gáskabátum, að vélin væri sett undir stýrishússþil, og yrði vélbúnaður að koma mjög snemma við smíði bátsins. Það sé starfsregla hjá stefnda að byrja ekki að setja bát saman, fyrr en allur vélbúnaður sé til reiðu. Bátasmiðjan Mótun hf. sé umfram allt samsetningaraðili. Bátarnir komi plastaðir frá Mark hf. á Skagaströnd með dekki, gólfi í stýrishúsi og öllum innréttingarhlutum í stýrishúsi. Ekkert tréverk þurfi að vinna nema setja þilið fyrir ofan vélina. Lúgur, tröppur og lestarkarmur komi tilbúin til stefnda. Það séu undirverktakar, sem smíði olíutanka, stýrisbúnað og handrið, en glugga o. fl. flytji stefndi inn sjálfur. Meginverkefni stefnda sé að setja niður vélina og leggja rafmagn.

Sumir bátaframleiðendur selji bátana án véla, og sé það unnt vegna þess, að þeir séu öðruvísi hannaðir. Bátar stefnda séu grynnri, og sé nauðsynlegt, að vélbúnaður sé til reiðu, strax og samsetning hefst. Rétt vinnubrögð séu, og þau hafi stefndi alltaf viðhaft, að ljúka svo til allri plastvinnu, setja vélina niður og síðan loka stýrishúsi.

Eftir að þeir fái bátinn að norðan, taki það u. þ. b. tvo mánuði að ljúka smíðinni. Vélarniðursetningin sé tímafrekust, um 200 tíma vinna.

Reginn kvaðst hafa haft samband við stefnanda, þegar ljóst var orðið, að seinkun yrði á afgreiðslu vélarinnar frá Glóbusi hf. Hann hafi sagt honum frá stöðu mála og beðið hann að þrýsta á afgreiðslu á vélinni. Með vottorði

Sigurjóns P. Stefánssonar, starfsmanns Glóbusar hf., dags. 9. maí 1988, hafi verið vegið gróflega að stefnda. Reginn hafi því farið á fund starfsmanns Glóbusar hf. til að fá leiðréttan þann misskilning, sem fram komi í vottorði Sigurjóns.

Sigurjón P. Stefánsson og Börkur Gunnarsson hafi því gefið út annað vottorð, dags. s. d.:

„Athugasemd.

Vegna þessa bréfs til Bjarna Garðarssonar, dags. 9. 5. 1988, skal koma fram, að þar sem öxull er nefndur sem vöntun, er átt við öxulbúnað, þ. e. stefnisrör, þéttingar, sveigjutengi og ásbera og undirstöður vélar.

Þar eru aðalástæður fyrir afhendingartöfum á vélbúnaði til Mótunar. Þetta hefur verið vandamál á fyrri vélum frá Glóbusi til Mótunar.

Umrædd ósk um seinkun kemur ekki frá Mótun og er á misskilningi byggð milli málsaðila.

Um senda hluti umfram fjölda véla er átt við rafmagnsíóður."

Auk þessa hafi stefndi fengið bréf frá Glóbusi hf., dags. 29. apríl 1988, þar sem segi m. a., að það taki þá sárt að tilkynna, að þeir hafi því miður ekki fengið allan fylgibúnað í Iveco-vélina, sem fara átti í bát stefnda.

Vél og allur vélbúnaður hafi komið til stefnda 31. maí 1988, sbr. afhendingarseðil, dags. sama dag. Þá fyrst hafi samsetning getað hafist. Fljótlega hafi sá starfsmaður stefnda, er annaðist niðursetningu véla, orðið þess áskynja, að á stýrisásnum voru hamarsför. Hann hafi látið Regin vita, sem hafi haft samband við Glóbus hf. Glóbus hf. hafi hins vegar sagt stefnda, að stýrisásinn væri nýkominn frá vélsmiðjunni Arnarstáli, sem hefði yfirfarið hann, og væri í lagi að nota öxulinn í bátinn. Í ljós hafi svo komið, eftir að báturinn var sjósettur, að stýrisásinn var boginn og ónothæfur. Úttektarmaður frá Glóbusi hf. hafi stöðvað prufukeyrslu og tekið málið að sér. Afskiptum stefnda af bátssmíðinni hafi þar með verið lokið. Glóbus hf. hafi tekið við bátnum og lagfært stýrisásinn stefnanda að kostnaðarlausu.

Það hafi einnig haft áhrif á afhendingartíma bátsins, að undir lok verksins hafi stefnandi komið fram með ýmsar viðbótaróskir. Hann hafi óskað eftir, að lúkar og stýrishús yrðu klædd og einangruð og bætt yrði við tréverk í lúkar. Áður en byrjað hafi verið á vélarniðursetningu, hafi hann innt stefnanda eftir því, hvort hann hygðist láta stefnda framkvæma eitthvað aukalega við bátinn. Stefnandi hafi svarað því til, að hann vildi fá bátinn afhentan eins og smíðalýsing segði til um og ekkert umfram það.

Um olíutankana hafi Reginn sagt stefnanda, að hann gæti valið um stærri eða minni tanka að vild. Stefnandi hafi valið hinn stærri og að sjálfsögðu verið gerður reikningur í því sambandi, að upphæð 30.000 kr. Hann hafi

keypt stýri í bátana frá fyrirtækinu Stálveri og nokkur stýri verið smíðuð úr þynnra efni en teikningar sögðu til um. Stefndi hafi bætt öllum þessum aðilum tjónið og einnig stefnanda.

Reginn kvaðst hafa sagt stefnanda, að ef hann vildi setja sjálfstýringu í bátinn, teldi hann rétt að setja koparlagnir. Stefnandi hafi ekki viljað sjálfstýringu, en síðar skipt um skoðun.

Framburður vitna.

– – –

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi heldur því fram, að taka verði tillit til þess, þegar samningssamband aðila er skoðað, að stefnandi greiddi kaupverð bátsins skv. kaupsamningi og stóð við samninginn að öllu leyti. Einnig verði að hafa í huga, að úfar risu með aðilum strax í upphafi, vegna þess að stefnanda hafi verið þröngvað til að kaupa vél, sem hann hafði ekki áhuga á. Enda hafi komið í ljós, að vélin fullnægi engan veginn þeim væntingum, sem stefnandi hafi gert um ganghraða.

Seinkun á afhendingu bátsins hafi verið stefnda einum að kenna. Nægilega sé fram komið, að vinna við bátinn var langt á eftir áætlun, án tillits til vélarafhendingar. Stefnandi hafi greitt vélina að fullu í janúar 1988. Þá hafi vélbúnaður verið til í öllum aðalatriðum fyrir utan stýrisás og einhverja smáhluti. Því hafi verið unnt að ljúka við smíði bátsins, koma fyrir vél og ganga frá honum að öllu leyti, þegar er öxull kom, 31. maí 1988.

Hins vegar sé framburður forsvarsmanns stefnda ekki trúverðugur, þegar framburður vitna sé metinn. Engu líkara sé en stefndi hafi óskað eftir seinkun á vélbúnaði frá Glóbusi hf., þar sem hann hafi ekki haft undan að framleiða báta. Fram hafi komið, að mikið kapphlaup var hjá bátaframleiðendum á þessum tíma vegna breyttra reglna stjórnvalda um stjórnun fiskveiða. Vottorð hafi verið gefin á víxl í málinu af hendi Glóbusar hf. Vitnið Björn Björnsson hafi borið fyrir dómi, að Glóbus hf. hafi boðið honum sams konar vél og stefnandi keypti í apríl 1988. Hafi vélin verið tilbúin til afgreiðslu strax, þar sem stefndi hefði ekki undan að smíða báta.

Þá bendir stefnandi á, að Siglingamálastofnun ríkisins hafi skoðað bátinn hjá stefnda 29. júlí 1988, fjórum dögum fyrir afhendingu. Athugasemdir hafi verið gerðar við vélbúnað og öryggisbúnað. Ekki hafi verið búið að festa vél að fullu. Starfsmaður stefnda, Öyvind Glömmi, er annast hafi vélarniðursetninguna, sé ekki faglærður á því sviði. Fagmaður hefði séð, að stýrisás var boginn, og gert strax ráðstafanir til að láta lagfæra það. Plast-

bátar taki litlum sem engum breytingum, eftir að þeir komi á sjó. Þess vegna hafi ekki verið rétt vinnubrögð hjá Öyvind Glömmi að grófstilla, en láta úttektarmenn frá Glóbusi hf. um framhaldið.

Stefndi beri ótvírætt ábyrgð á vélarniðursetningu og því tjóni, sem af gallanum leiddi. Einnig sé til þess að líta, að Siglingamálastofnun ríkisins hafi ekki samþykkt vélar af þeirri gerð, er stefndi hafi þröngvað stefnanda til að kaupa. Stýri og eldsneytisgeymar hafi einnig verið ólöglegir. Vegna alls þessa hafi stefnandi ekki fengið úttekt á bátinn fyrr en 19. september 1988. Frágangur allur hafi verið slíkur, að það hafi tekið stefnanda einn og hálfan mánuð að gera bátinn kláran fyrir róður. Af þessum sökum hafi stefnandi fengið dómkvadda matsmenn til að meta tjón sitt.

Stefnandi mótmælir því, að hann hafi verið látinn vita um hamarsför á stýrisásnum og samþykkt, að hann væri settur niður. Eins mótmælir stefnandi þeirri fullyrðingu stefnda, að ýtarlega hafi verið rætt um vélbúnað við kaupsamningsgerð. Þá er því einnig mótmælt, að starfsmenn frá Glóbusi hf. hafi fylgst með niðursetningu vélarinnar. Fram hafi komið við yfirheyrslur, að svo hafi ekki verið, heldur hafi ófaglærður maður séð um það. Ósannað sé, að stefnandi hafi óskað eftir breytingunni á síðari stigum. Báturinn hafi einungis verið smíðaður skv. smíðalýsingu.

Varðandi þá málsástæðu stefnda, að krafan sé fyrnd, bendir stefnandi á, að hann hafi kvartað strax.

Stefndi reisir sýknukröfu sína í fyrsta lagi á því, að skv. 11. gr. laga nr. 14/1905 um fyrningu hafi stefnandi orðið að höfða mál þetta innan sex mánaða, frá því að fyrra málið var fellt niður. Mál nr. 1086/1989 hafi verið höfðað vegna sömu lögskipta, en vegna útivistar stefnanda hafi það mál verið fellt niður 21. febrúar 1990. Þetta mál sé höfðað 16 mánuðum síðar.

Þá bendir stefndi einnig á 54. gr. kaupalaga nr. 39/1922. Samkvæmt því ákvæði hafi stefnandi ársfrest til að koma á framfæri tilkynningu, ef hann ætli að halda uppi skaðabótakröfu. Sérstaklega er bent á, að krafa um bætur vegna aflatjóns hafi ekki verið höfð uppi nema að hluta í fyrri málshöfðun.

Í öðru lagi andmælir stefndi því, að tjón það, sem stefnandi telji sig hafa orðið fyrir, sé á ábyrgð stefnda. Ósannað sé þrátt fyrir matsgerð, að stefndi hafi á nokkurn hátt bakað stefnanda tjón.

Samkomulag hafi tekist með aðilum um vélargerð. Ástæðan til þess, að stefndi hafi ekki samþykkt vél af gerðinni Caterpillar, hafi einfaldlega verið sú, að samstarfssamningur hafi ekki verið milli stefnda og innflytjanda þeirra véla. Samspil vélar og bátskeljar sé margþætt og flókið mál. Náið samstarf verði því að vera milli véla- og bátaframleiðenda. Stefnanda hafi staðið til boða mismunandi vélar frá fjórum aðilum.

Ósannað sé með öllu, að starfsmenn stefnda hafi gert mistök við ísetningu vélar og vélbúnaðar. Vélin hafi verið sett niður undir umsögn og eftirliti seljanda vélarinnar, sem hafi síðar tekið verkið út. Þau vandræði, sem stefnandi hafi lent í með vél bátsins, megi rekja til galla á þeim vélbúnaði, sem stefnandi hafi sjálfur lagt til.

Dráttur sá, er varð á afhendingu vélarinnar, sé ekki á ábyrgð stefnda. Nægilega sé fram komið í málinu, að vélin og allir fylgihlutir hafi ekki verið til fyrr en í lok maí 1988; þá fyrst hafi verið unnt að hefjast handa við að fullgera bátinn. Þá hafi einnig komið fram í málinu, að Iveco-vélar hafi reynst vel. Þrátt fyrir vottorð Siglingamálastofnunar ríkisins um, að Iveco-vélar hafi ekki verið samþykktar í fiskibáta, hafi stofnunin látið það óátalið.

Stefnandi eigi sönnunarbyrðina fyrir því, að stýrisásinn hafi bognað í meðförum stefnda. Auk þess hafi niðursetningin verið á ábyrgð Glóbusar hf.

Á seinni stigum smíðinnar hafi stefnandi óskað eftir ýmsum breytingum og aukabúnaði, t.d. að einangra og klæða lúkar. Hafi það haft áhrif á smíðatíma bátsins.

Stefndi mótmælir niðurstöðu matsgerðar. Skv. smíðalýsingu sé tiltekinn 21 hlutur, sem kaupandi hafi óskað eftir og greiða skyldi skv. reikningi. Mótmælt er, að reikningarnir séu of háir.

Um einstaka liði matsgerðar, segir stefnandi í greinargerð sinni:

3. Stýrisbúnaður.
   Bent er sérstaklega á, að uppsetning var samkvæmt ósk stefnanda gegn eindregnum ráðleggingum stefnda. Á reikningi nr. 5 sér stefndi sérstaka ástæðu til að vekja athygli á uppsetningu þeirri, sem stefnandi krafðist, og áritar stefndi reikninginn um, að hann firri sig ábyrgð á lögum.
   Til öryggis er niðurstöðu matsmanna mótmælt og bent á, að ekki mun vera óalgengt, að slöngur þeirrar tegundar, sem notaðar voru (í þessu tilviki gegn ráðleggingum stefnda), hafa tíðkast að einhverju leyti í vökvakerfum stýrikerfa báta. Stefndi hefur notað þessa slöngu frá árinu 1977, þegar ekki er um sjálfstýringu að ræða. Hefur það verið athugasemdalaust frá Siglingamálastofnun.
   (Vakin er athygli á greinarmun á sjálfstýringu og vökvakerfum stýrikerfa í þessu sambandi.)
4. Vinna í lúkar.
   Mótmælt sem röngu og ósönnuðu. Stefndi vill sérstaklega vekja athygli á því, að ólíklegt er, að matsmenn þekki nokkuð til þess efnis, sem notað er í klæðninguna. Hér er um að ræða teygjanlegan dúk, sem er

nokkuð vandmeðfarinn. Stefndi fékk eitt sinn utanaðkomandi fagmenn til að vinna þetta efni. Reyndin varð sú, að þeir kunnu ekki né gátu farið réttilega með efnið, svo að vinna varð verkið aftur af stefnda. Af langri reynslu tekur ca. 30-40 tíma að vinna klæðningu sem þessa.

5. Vélarniðursetning.
   Mótmælt er sem röngu og ósönnuðu, að reikningur stefnda sé of hár vegna niðursetningar vélar.
6. Rafmagn.
   Mótmælt sem of seint fram komnu. Krafa þessi kom fyrst fram í þessu máli. Henni var aldrei hreyft í máli 1089/1989. Til öryggis mótmælt niðurstöðu mats sem rangri.
7. Olíutankur.
   Stefnanda stóð til boða 500 lítra tankur. Hann vildi heldur stóran tank, fékk hann og greiddi fyrir. Lýsingu stefnanda mótmælt sem rangri.
8. Lestarkarmur.
   Í smíðalýsingu kafla 1.4. er fjallað um þilfar. Þar kemur fram, að fylgja á 20 cm kantur á brú. Stefnandi óskaði eftir breytingu og fékk 75 cm karm, sem hann er að greiða fyrir með mismun á verði.
9. Annað.
   Mótmælt í heild sinni sem röngu og ekki síst vanreifuðu. Stefnanda ber þegar skv. 105. gr. eml. að leggja fram, á hverju hann reisir kröfur sínar. Stefnandi lætur sér nægja að vísa til matsgerðar vegna krafna að fjárhæð 123.100 kr. Þetta er alls ófullnægjandi rökstuðningur.

Niðurstöður.

Aðalkröfu stefnda um frávísun málsins var hrundið með úrskurði 4. febrúar 1992. Í varakröfu styður stefndi sýknukröfu m. a. sömu málsástæðu og í aðalkröfu, þ. e., að málið sé fyrnt skv. 11. gr. laga nr. 14/1905 um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda. Þá reisir stefndi sýknukröfu sína einnig á 54. gr. laga nr. 39/1922 um lausafjárkaup.

Ákvæði 11. gr. laga nr. 14/1905 taka til þess tilviks, ef fyrningarfrestur kröfu er liðinn og mál hefur verið fellt niður, geti kröfueigandi engu að síður höfðað nýtt mál innan sex mánaða, frá því að mál var fellt niður. Í máli þessu telst fyrningarfrestur kröfu ekki liðinn, og kemur 11. gr. laga nr. 14/1905 því ekki til álita.

Nægilega þykir fram komið, að stefnandi kvartaði við stefnda og áskildi sér allan rétt. Nægir í því sambandi að benda á, að stefna í fyrra málinu var birt stefnda 22. ágúst 1989, innan árs frá því er stefnandi fékk úttekt á bátinn.

Er stefnandi pantaði vél í bátinn, hafði hann um fjórar vélartegundir að velja. Hann valdi vél af gerðinni Iveco. Samkvæmt kaupsamningi aðila skyldi stefnandi velja vél í fullu samráði við stefnda. Varð stefnandi að una við þau ákvæði kaupsamningsins, og þykir ekki skipta máli, þó að síðar hafi í ljós komið, að Siglingamálastofnun ríkisins samþykkti ekki þessar vélar í fiskibáta. Fram hefur komið, að stofnunin lét það óátalið í þó nokkrum tilvikum, að slíkar vélar væru settar niður, enda fékk stefnandi úttekt á sinn bát eftir sem áður.

Meginágreiningur aðila stendur um afhendingartíma bátsins. Af hálfu stefnda er því haldið fram, að afhending hafi dregist af tveimur orsökum, annars vegar vegna þess, að vélbúnaður, þ. e. stýrisás og stefnisrör, hafi ekki fengist afhent frá umboðinu fyrr en 31. maí 1988 og þá fyrst verið unnt að hefjast handa við samsetninguna, hins vegar vegna þess, að stefnandi hafi óskað eftir aukaverkum, sem einnig hafi tafið afhendingu bátsins.

Fram hefur komið í málinu, að vélin sjálf var tilbúin í janúar 1988. Framburðar aðila og vitna er að öðru leyti ósamhljóða. Leggja verður til grundvallar framburð starfsmanna Glóbusar hf., að stýrisás og stefnisrör hafi ekki verið til reiðu fyrr en 31. maí 1988.

Kemur þá til skoðunar sú málsástæða stefnanda, að seinkun á þessum búnaði hefði ekki átt að tefja afhendingu bátsins svo lengi sem raun ber vitni. Það er álit hinna sérfróðu meðdómsmanna, að unnt hafi verið að hefja samsetningu bátsins og ljúka smíði hans að öllu leyti nema að koma fyrir skrúfubúnaði, þótt skrúfuás og stefnisrör hafi ekki verið komið. Auðvelt sé að koma vél fyrst fyrir á undirstöðum og ganga frá henni að öllu leyti. Þannig megi tengja vatnsleiðslur, sjóleiðslur og olíuleiðslur og ganga frá stjórntækjum. Koma megi fyrir stefnisröri og tengja síðan skrúfuás við vél eftir á. Þessi aðferð valdi einhverju óhagræði, en óverulegu. Telur dómurinn, að með þessum hætti hefði stefndi átt að geta afhent bátinn um miðjan júní 1988, og er þá tekið tillit til þeirra aukaverka, er stefnandi óskaði eftir.

Við sjósetningu kom í ljós, að skrúfuás var boginn. Samkvæmt smíðalýsingu, sem var hluti kaupsamnings aðila, skyldi framleiðandi sjá um vélarniðursetningu, stilla vélina af og reynslukeyra. Stefnandi mátti treysta því, að báturinn væri gangfær, er hann tók við honum. Galli sá, sem fram kom á skrúfuási, var því á ábyrgð stefnda sem framleiðanda bátsins, og ber honum að bæta stefnanda það tjón, sem af gallanum hlaust.

Máli sínu til stuðnings um, að verk stefnda hafi verið gallað og reikningar of háir, hefur stefnandi lagt fram matsgerð tveggja dómkvaddra matsmanna. Matsgerð hefur ekki verið hnekkt, og verður hún því tekin til

greina að öðru leyti en því, að dóminum þykir rétt að miða við, að það taki 160 klst. að setja niður vél í bát stefnanda, en ekki 120 klst., eins og matsmenn gera ráð fyrir. Telst því niðursetning hafa kostað 216.000 kr. í stað 230.000 kr., eins og stefnandi var krafinn um. Endurgreiðslukrafa stefnanda, að fjárhæð 14.000 kr., verður því tekin til greina. Eins þykir rétt varðandi lið 6.4. í matsgerð að fallast á hann, að fjárhæð 10.000 kr. Enda þótt komið hafi fram í málinu, að skrúfur skv. þessum lið matsgerðar hafi einungis verið notaðar til að stilla af, en ekki festa, hefði átt að fjarlægja þær að verki loknu. Varðandi ágreining aðila um lagnir í stýrisbúnað þykir rétt að vísa til kaupsamnings aðila, en þar er tekið fram, að nota skuli háþrýstislöngur. Með þessum athugasemdum verður matsgerð lögð til grundvallar vegna galla á bátnum og of hárrar reikningsgerðar stefnda, samtals að fjárhæð 217.230 kr.

Þá þykir einnig rétt að taka til greina kröfu stefnanda vegna olíutanka. Stefndi kom fyrir stærri eldsneytisgeymum í bátnum en kaupsamningur sagði til um og krafði stefnanda um 30.000 kr. vegna þess. Ósannað þykir, að stefnandi hafi óskað eftir stærri tönkum, sem í ofanálag reyndust ólöglegir, þar sem þeir voru of þunnir. Krafa stefnanda um 30.000 kr. vegna þessa verður því tekin til greina.

Krafa stefnanda um greiðslu 8.800 kr. vegna lestarkarms þykir órökstudd og verður ekki tekin til greina.

Auk kröfu um bætur vegna galla á bátnum gerir stefnandi kröfu um bætur vegna aflatjóns. Skilja verður kröfugerð stefnanda á þann veg, að hann krefjist bóta, að fjárhæð 477.500 kr., vegna aflatjóns í ágúst 1988. Hann hefur að vísu lagt fram viðbótarmat, dags. 27. janúar 1992, þar sem aflatjón í ágúst 1988 er metið 583.000 kr. Hann hefur hins vegar ekki sakaukastefnt vegna þess.

Þá gerir stefnandi einnig kröfu um dagsektir, 10.000 kr. fyrir hvern virkan dag, frá 15. apríl 1988 til 1. ágúst s. á., samtals að fjárhæð 770.000 kr.

Þegar tekin er afstaða til ákvæða kaupsamnings um févíti og til kröfu stefnanda um bætur vegna aflatjóns, verður að miða við, eins og að framan er rakið, að stefndi gat ekki afhent bátinn fyrr en 15. júní 1988. Hann var hins vegar afhentur 2. ágúst s. á. og þá ógangfær, vegna þess að skrúfuás var boginn. Glóbus hf. tók að sér að setja nýjan skrúfuás í, og eftir það sigldi stefnandi bátnum til Hornafjarðar. Þá komu í ljós gallar þeir, er í matsgerð greinir. Ekki er upplýst í málinu, hvað Glóbus hf. tók sér langan tíma til að koma fyrir nýjum skrúfuás og hversu lengi báturinn var frá veiðum vegna viðgerða. Telur dómurinn eðlilegt að miða við, að viðgerð hafi tekið 7 daga og báturinn loks verið tilbúinn 9. ágúst 1988.

Stefnandi þykir eiga rétt til févítis samkvæmt samningi aðila. Hins vegar verður að telja, að hann eigi ekki rétt til skaðabóta að öðru leyti vegna afhendingardráttar bátsins. Krafa hans um aflatjón verður því ekki tekin til greina, en þess í stað verður honum dæmt févíti frá 15. júní 1988 til 9. ágúst s. á., 45 virka daga, samtals 450.000 kr.

Niðurstaða málsins verður því sú, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda 697.230 kr. (450.000 + 30.000 + 217.230) með dráttarvöxtum skv. III. kafla laga nr. 25/1987 af 450.000 kr. frá 9. ágúst 1988, en af 697.230 kr. frá dagsetningu matsgerðar, 30. nóvember 1990, til greiðsludags.

Málskostnaður ákveðst 190.000 kr., en ekki er unnt að taka tillit til matskostnaðar, þar sem reikningur matsmanna hefur ekki verið lagður fram í málinu.

Gunnar Aðalsteinsson héraðsdómari, Lárus B. Björnsson vélfræðingur og Sverrir Gunnarsson skipasmíðameistari kváðu upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Mótun hf., greiði stefnanda, Bjarna Garðarssyni, 697.230 kr. með dráttarvöxtum skv. III. kafla laga nr. 25/1987 af 450.000 kr. frá 9. ágúst 1988 til 30. nóvember 1990, en af 697.230 kr. frá þeim degi til greiðsludags og 190.000 kr. í málskostnað.

Fimmtudaginn 26. janúar 1995.

Nr. 111/1993. **Veiðifélag Langadalsár**
(Jóhann Þórðarson hrl.)
gegn
Bjarna Ingvari Árnasyni og
Grími Jónssyni
(Sveinn Snorrason hrl.)

Eignarréttur. Skaðabætur. Sjálftaka.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Markús Sigurbjörnsson og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. mars 1993. Hann krefst þess, að stefndu verði gert sameiginlega að greiða sér 799.999 krónur með nánar tilgreindum dráttarvöxtum frá 1. júní 1991 til 12. maí 1992, en dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi krefur stefndu um bætur á þeim grundvelli, að 1. júní 1991 hafi þeir í heimildarleysi numið brott geymsluskúr, sem hafi staðið allt frá árinu 1987 hjá veiðihúsi við Langadalsá, og ýmsa lausafjármuni, sem þar hafi verið, en við þetta brottnám hafi stefndu einnig unnið spjöll á landi umhverfis veiðihúsið. Áfrýjandi vísar til þess, að veiðifélagið Á stöng, sem stefndu eru félagsmenn í, hafi leigt Langadalsá af sér frá 1. mars 1986 til 1. mars 1991 og lagt til á því tímabili skúrinn og lausafjármunina, sem hann hafi keypt af félaginu og greitt fyrir samtals 244.762 krónur. Kveður áfrýjandi kaupsamning hafa komist á, áður en geymsluskúrinn var fluttur að Langadalsá á árinu 1987, enda hafi kaupin verið fortakslaust skilyrði fyrir því, að veiðifélaginu Á stöng yrði heimilað að setja hann þar niður. Stefndu halda því hins vegar fram, að áfrýjanda hafi lengi staðið til boða að kaupa skúrinn og lausafjármunina og viðræður

farið fram um kaupin, en um þau hafi þó aldrei samist endanlega. Telja stefndu þessi verðmæti því hafa tilheyrt veiðifélaginu Á stöng við lok leigutímans og þeim verið heimilt að fjarlægja þau, en greiðslur áfrýjanda breyti engu þar um, því að félagið hafi ýmist endursent honum þær eða endurgreitt með vöxtum.

Í gögnum málsins verður ekki fundin stoð fyrir þeirri staðhæfingu áfrýjanda, að heimild veiðifélagsins Á stöng til að flytja umræddan geymsluskúr að Langadalsá hafi verið háð skilyrði um, að hann yrði seldur sér. Á síðari stigum gengu vissulega yfirlýsingar milli áfrýjanda og veiðifélagsins Á stöng, þar sem gert var ráð fyrir, að áfrýjandi keypti eða yrði á annan hátt eigandi að hinum umdeilda geymsluskúr. Fyrirliggjandi yfirlýsingar um þetta eru hins vegar ýmist tengdar eftir hljóðan sinni samningaumleitunum um framlengingu á leigusamningi um Langadalsá, sem báru ekki árangur, eða háðar óvissu um endurgjald. Þá verður einnig að líta til þess, að í gögnum, sem stafa frá áfrýjanda, er ekki einhlítt, að hann hafi haldið fram eignarrétti að geymsluskúrnum. Í því sambandi má einkum vísa til bréfs fyrirsvarsmanns áfrýjanda 24. mars 1990 til veiðifélagsins Á stöng, þar sem er hvatt til þess, að félögin tvö reyni að leysa deilur sínar, en síðan er tekið fram, að „. . . ef það ekki tekst og þið ætlið að eiga húsið þá verður það ekki á lóðinni í sumar". Þegar þetta er virt, verður ekki talið, að áfrýjanda hafi tekist gegn eindreginni neitun stefndu að sýna fram á, að samið hafi verið um, að hann eignaðist geymsluskúrinn. Verða því staðfest ákvæði hins áfrýjaða dóms um sýknu stefndu af kröfu áfrýjanda um bætur vegna andvirðis skúrsins.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að sýkna stefndu af kröfum áfrýjanda um bætur vegna andvirðis lausafjármuna og skemmda á landi og girðingu. Samkvæmt þessu verður hinn áfrýjaði dómur staðfestur um annað en málskostnað.

Þegar stefndu tóku geymsluskúrinn og lausafjármunina, sem deilt er um í málinu, var leigutími veiðifélagsins Á stöng að Langadalsá runninn út, og voru munirnir því að réttu lagi í umráðum áfrýjanda. Stefndu beittu sjálftöku til að ná umráðum yfir mununum í stað þess að leita aðfarargerðar til fullnustu á réttindum sínum. Í því ljósi þykir rétt, að aðilarnir beri hver sinn kostnað af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður um annað en málskostnað.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 9. mars 1993.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 3. mars sl., var höfðað með stefnu, birtri 30. apríl 1992.

Stefnandi er Veiðifélag Langadalsár, kt. 670683-0609, Nauteyrarhreppi, Norður-Ísafjarðarsýslu.

Stefndu eru Grímur Jónsson, kt. 240626-4979, Háaleitisbraut 45, Reykjavík, og Bjarni Ingvar Árnason, Haukanesi 23, Garðabæ.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði gert að greiða in solidum skaðabætur, að fjárhæð 799.999 kr. með [nánar tilgreindum vöxtum svo og málskostnað].

Af hálfu stefndu voru upphaflega gerðar þær dómkröfur aðallega, að málinu yrði vísað frá dómi, en til vara, að stefndu yrðu sýknaðir af öllum kröfum stefnanda í málinu og þeim dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati dómsins, en með hliðsjón af gjaldskrá LMFÍ.

Málið var flutt munnlega um frávísunarkröfu stefndu 28. október 1992. Með úrskurði, upp kveðnum 5. nóvember 1992, var frávísunarkröfu stefndu hafnað.

II.

Með leigusamningi, dagsettum 1986, tók stangaveiðifélagið Á stöng á leigu veiðirétt í Langadalsá í Nauteyrarhreppi, Norður-Ísafjarðarsýslu, en leigusali var stefnandi þessa máls. Leigutími var 1. mars 1986 til 1. mars 1991. Stangaveiðifélagið Á stöng er ekki skráð firma, en meðal félagsmanna eru stefndu.

Samkvæmt leigusamningi fylgdu með í leigunni afnot af veiðihúsi og búnaði samkvæmt sérstakri skrá. Til hliðar við veiðihúsið var þá á lóðinni lítill skúr, sem fyrri leigutakar árinnar höfðu sett niður og notað sem geymslu. Skúr þennan, sem stóð á stöplum og var eign fyrri leigutaka, fjarlægðu þeir eftir fyrsta sumar veiðifélagsins Á stöng við ána.

Árið 1987 keypti veiðifélagið Á stöng skúr af Vegagerð ríkisins og setti niður í samráði við stefnanda á þeim stað, sem hinn fyrri hafði staðið. Stefnandi lagði hins vegar til gröfu til að grafa fyrir nýjum stöplum, sem

skúrinn var látinn standa á. Veiðifélagið Á stöng lét endurbæta skúrinn, smíða pall milli skúrsins og veiðihússins og lausan gangstígspall frá tröppum veiðihússins að hliði. Kostaði félagið þær framkvæmdir allar.

Þegar í byrjun árs 1988 komu upp áform veiðifélagsins Á stöng um framlengingu leigusamnings um ána að loknum leigutíma. Í málinu liggur frammi uppkast að slíkum viðbótarsamningi, þar sem veiðifélagið Á stöng skuldbindur sig til þess að leggja fram fé til framkvæmda við ána. Í uppkasti þessu segir m. a., að viðbygging sú, sem veiðifélagið Á stöng hafi sett niður, verði eign Veiðifélags Langadalsár, ca. 400.000 kr., en veiðifélagið Á stöng hafi fullan yfirráðarétt yfir því út samningstímabilið.

Ekki náðist samkomulag milli aðila á þessum grundvelli, en samningaumleitunum var haldið áfram.

Í apríl 1988 sendi stefnandi veiðifélaginu Á stöng ávísun á 80.000 kr., sem móttekin var og færð í bókhaldi félagsins sem skuld við stefnanda.

Hinn 11. júní 1988 var haldinn sameiginlegur fundur stjórnar stefnanda og veiðifélagsins Á stöng, m. a. um framlengingu á leigusamningi aðila. Þar var bókað, að rætt hefði verið um geymsluskúr, sem settur hefði verið niður við veiðihúsið sumarið 1987, og ákveðið að fela tilteknum mönnum að ganga endanlega frá greiðslu geymsluskúrsins og öllu, sem honum fylgdi. Í bréfi stefnda Gríms Jónssonar til stefnanda, sem ritað mun hafa verið í september 1988, kemur fram, að veiðifélagið Á stöng gerir stefnanda ákveðið tilboð varðandi ræktunarmál Langadalsár. Í 4. lið þess tilboðs segir, að eftirstöðvar af húsi, 80.000 kr., skuli felldar niður svo sem aðrar greiðslur, sem kunna að vera óuppgerðar á milli félaganna.

Í bréfi stefnda Gríms Jónssonar, dags. 2. nóvember 1988, til stefnanda er vísað til umræðna um ræktunarmál árinnar. Þá segir m. a., að ákveðið hafi verið að standa við áður umrætt verð á viðbyggingu við veiðihúsið, 160.000 kr., auk annars kostnaðar við uppsetningu og frágang hússins skv. fram lögðum reikningum. Muni því ekki verða krafist greiðslu fyrir vinnu við húsið. Í niðurlagi þessa þáttar segir, að verði ekki á þetta fallist, muni húsið verða fjarlægt og stefnanda endurgreitt það, sem greitt hafi verið inn á, auk vaxta.

Í janúar 1989 ritaði Ragnar Magnússon f. h. stjórnar stefnanda stefnda Grími Jónssyni, þar sem segir, að fagnað sé þeirri yfirlýsingu, að staðið verði við samkomulag um kaup á viðbyggingu við veiðihús í Langadal. Síðan segir í bréfinu: „Við viljum mega líta svo á, að þau mál séu þar með frágengin og sú „deponering", sem við neyddumst til þess að gera á greiðslum vegna þess, sé þar með leyst út."

Í bréfi Ragnars Magnússonar, formanns stefnanda, til Rafns E. Gestsson-

ar, eins félagsmanna veiðifélagsins Á stöng, dags. 24. mars 1990, kemur fram, að enn sé deilt um viðbótarleigu á ánni. Í bréfinu kemur fram, að ef ekki takist að leysa mál þessi farsællega og að veiðifélagið Á stöng telji sig eiga húsið, verði það ekki á lóðinni það sumar.

Í ársbyrjun 1991 var veiðifélaginu Á stöng tilkynnt, að ekki yrði af samningum við félagið né heldur yrði veiðin boðin út. Þá hafi stefnandi „deponerað" eftirstöðvar greiðslna vegna skúrsins, þar sem veiðifélagið Á stöng hafi neitað viðtöku á þeim.

Með bréfi, dags. 23. janúar 1991, endursendi veiðifélagið Á stöng stefnanda 80.000 kr., sem greiddar höfðu verið árið 1988 ásamt vöxtum vegna geymsluhússins. Enn fremur var endurgreiddur kostnaður við niðursetningu hússins.

Hinn 1. júní 1991 fóru þrír félagar veiðifélagsins Á stöng, þar á meðal stefndu, tóku geymsluhúsið og allt það, sem í því var, og fluttu á brott. Taka þessi var þegar kærð til lögreglunnar á Ísafirði, sem aðhófst ekkert í málinu, eftir að upplýst var, að tökumenn töldu sig vera eigendur. Málið var af hálfu stefnanda þá kært til ríkissaksóknara.

Með bréfi ríkissaksóknara, dagsettu 5. mars 1992, kom fram, að veiðifélagið Á stöng hefði staðið fyrir töku viðbyggingarinnar, og þar sem deila væri um eignarrétt hennar, sem ekki yrði leyst í sakamáli, þættu eigi efni til frekari aðgerða af hálfu ákæruvalds.

Af hálfu stefnanda er vitnað til, að hann hafi orðið fyrir verulegu tjóni vegna töku á húsinu, sem augljóslega hafi verið eign hans skv. gögnum málsins og í vörslu hans og tengt á fastar undirstöður. Tjón þetta eigi stefnandi lagalegan rétt á að fá bætt.

Tjón sitt sundurliðar stefnandi þannig, að miðað sé við brunabótamat hússins, 635.049 kr., eins og það var metið 13. febrúar 1991, og 164.951 kr. vegna töku á lausafjármunum þeim, sem tilgreindir séu í sérstakri skýrslu, vegna skemmda á lóð og girðingum og vegna minni afnota af húsnæðinu í heild, þar með töldu veiðihúsinu, sem ekki var tekið.

Af hálfu stefndu er á því byggt, að veiðifélagið Á stöng hafi allan tímann verið eigandi hússins, sem hafi í raun verið hreyfanlegur vinnuskúr. Skúr þennan hafi veiðifélagið Á stöng tryggt frjálsri tryggingu og greitt af iðgjald. Við töku á skúrnum hafi upprunalegu veiðihúsi verið komið í samt horf, eins og það var við upphaf leigutíma, þar á meðal hafi verið sett upp grindverk á pall framan við húsið og það málað. Því sé mótmælt, að nokkur spjöll hafi verið unnin á eignum stefnanda við brottflutninginn, og því til sönnunar sé myndbandsupptaka, sem gerð hafi verið við þetta tækifæri. Af lausafjármunum hafi félagar í veiðifélaginu Á stöng eingöngu tekið þá

muni, sem þeir sjálfir áttu, þar á meðal nýlegan ísskáp, en hinn, sem var lítt nothæfur, hafi þeir skilið eftir í veiðihúsinu. Loftmynd af veiðisvæðinu hafi þeir sjálfir átt og sett upp 1987, eins og reikningar þeirra fyrir myndina og greiðsla fyrir innrömmun hennar sanni.

Félagar í veiðifélaginu Á stöng hafi gefið stefnanda kost á að eignast skúrinn, en það hafi verið bundið skilyrði um framlengingu leigusamnings, fyrst um 10 ár, en síðar um 7 ár. Þessu hafi stefnandi hafnað, og því hafi ekki orðið af samningum um, að stefnandi eignaðist hann. Formaður stefnanda tilkynnti, að ef ekki yrði af samningum um, að stefnandi fengi skúrinn, yrði veiðifélagið Á stöng að flytja hann brott þegar á árinu 1990. Í maímánuði 1990 hafi formaðurinn tilkynnt, að hann teldi allar líkur á, að samningar gætu tekist um framhald á leigu árinnar, og hafi því ekki þótt ástæða til að flytja hann á brott, fyrr en á það reyndi endanlega, að ekki yrði af samningum.

Ekki hafi á nokkurn hátt verið sýnt fram á, að brottnám félaga í veiðifélaginu Á stöng á eignum sínum að loknu veiðitímabili hafi valdið stefnanda tjóni, og sé sýknukrafan á því reist.

III.

Niðurstaða.

Í gögnum málsins kemur glögglega fram, að leigutaki árinnar, veiðifélagið Á stöng, leitaði eftir viðbótarsamningi um leigu árinnar og ræktun í henni eftir lok fyrirliggjandi leigusamnings. Kaup á geymsluskúr þeim, sem veiðifélagið Á stöng keypti og setti niður við hlið veiðihúss, tengdust í upphafi þessum samningaumleitunum. Þannig var veiðifélagið Á stöng tilbúið til að selja stefnanda skúrinn á kostnaðarverði, 160.000 kr., auk kostnaðar við flutning hans, efnis og fleira, samtals fyrir 244.762 kr. Í því verði var hins vegar ekki með talin vinna félagsmanna við að setja skúrinn niður og koma honum í það horf, sem hann var í. Var því ljóst, að verðmæti skúrsins var mun meira en umsamið kaupverð til stefnanda átti að vera, svo sem sjá má af stefnukröfum.

Það er álit dómsins, að stefnanda hafi mátt vera það ljóst, að kaup á skúrnum á umsömdu verði tengdust viðræðum um framhald á leigu árinnar og raunar forsenda kaupanna, svo sem stefndu halda fram. Móttaka veiðifélagsins Á stöng á 80.000 kr. í apríl 1988 stofnaði stefnanda því ekki rétt til að álíta, að kaup hefðu tekist á skúrnum einum út af fyrir sig, enda engin gögn, sem styðja þá málsástæðu. Sú greiðsla var endursend stefnda ásamt vöxtum, þegar er ljóst var, að samningaumleitanir um framleigu árinnar myndu ekki takast.

Með vísan til þessa verður að telja, að stefnandi hafi ekki verið eigandi skúrsins, þegar stefndu tóku hann af lóðinni að leigutíma loknum. Þar sem sjá má af skjölum málsins, að aðilar deildu um eignarrétt að skúrnum á þessum tíma, hefði verið eðlilegt, að stefndu leituðu til sýslumanns um heimild til brottflutnings hans. Það, að svo var ekki gert, leiði hins vegar ekki til þess, að þeir verði dæmdir bótaskyldir fyrir verðmæti hans. Ber því að sýkna stefndu af bótakröfu stefnanda, sem styðst við mat á verðmæti skúrsins.

Í málinu hefur ekki verið sýnt fram á, að stefnandi hafi verið eigandi þeirra lausafjármuna, sem krafist er bóta fyrir, enda upplýst, að þeir tengdust kaupum á skúrnum og fylgdu honum, að undanskilinni loftmynd af svæðinu, en fyrir dómi kom fram, að stefnandi var ekki eigandi þeirrar myndar. Verða stefndu því ekki dæmdir til greiðslu andvirðis þessara lausafjármuna.

Þegar það er metið, sem fram hefur komið í gögnum málsins og stutt er skýrslum fyrir dómi, þykir ósannað, að stefndu hafi við töku skúrsins valdið skemmdum á landi og girðingu, að fjárhæð 60.000 kr., svo sem stefnandi heldur fram. Ber því að sýkna stefndu af þessum kröfulið.

Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, ber að sýkna stefndu af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Stefnandi greiði stefndu málskostnað, sem hæfilegur þykir 150.000 kr., þar með talinn virðisaukaskattur.

Valtýr Sigurðsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Grímur Jónsson og Bjarni Ingvar Árnason, skulu vera sýknir af öllum kröfum stefnanda.

Stefndi, Veiðifélag Langadalsár, greiði stefndu 150.000 kr. í málskostnað, þar með talinn virðisaukaskattur.

Fimmtudaginn 26. janúar 1995.

Nr. 312/1992. **Sigurður Þór Guðjónsson**
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)
gegn
Tómasi Helgasyni
Ríkisspítölunum
(Guðríður Þorsteinsdóttir hdl.)
landlækni f. h. landlæknisembættisins
og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu

Sjúkrahús. Sjúkraskrá. Upplýsingaskylda. Læknar. Dagsektir. Gjafsókn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. júlí 1992. Hann krefst þess, að stefndi Tómas Helgason yfirlæknir verði dæmdur – að viðlögðum tíu þúsund króna dagsektum – til að afhenda áfrýjanda afrit allra sjúkraskráa, sem um sig hafa verið gerðar fyrr og síðar og eru í fórum stefnda persónulega eða sem yfirlæknis Landspítalans, geðdeildar. Á hendur öðrum stefndu krefst hann þess, að þeim verði gert að þola, að stefndi Tómas afhendi sjúkraskrárnar. Þá krefst hann greiðslu málskostnaðar in solidum úr hendi allra stefndu í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál. Gjafsókn var veitt fyrir Hæstarétti 23. október 1992.

Af hálfu stefndu Tómasar Helgasonar og Ríkisspítalanna er aðallega krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms. Til vara er þess krafist, að stefndu verði hvorki skyldaðir til að afhenda upplýsingar úr sjúkraskrá, sem hafðar eru eftir öðrum en sjúklingi og heilbrigðisstarfsfólki, né upplýsingar um þriðja mann. Þá er krafist málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Af hálfu landlæknis og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis var þess krafist í greinargerð, að hinn áfrýjaði dómur yrði staðfestur. Við munnlegan flutning málsins var ekki sótt þing af hálfu þessara stefndu.

I.

Málavöxtum er lýst í héraðsdómi. Aðila greinir ekki á um staðreyndir málsins.

Áfrýjandi, sem hafði öðru hverju verið sjúklingur á geðdeild Landspítalans á árunum 1976 til 1986, óskaði eftir því með bréfi 29. júní 1988, að stefndi Tómas Helgason afhenti sér allar sjúkraskrár, sem um sig höfðu verið gerðar. Stefndi Tómas var þá yfirlæknir deildarinnar og er það enn. Er um það deilt í málinu, hvort lög kveði á um, að þetta skuli gert.

Í bréfi áfrýjanda krafðist hann afhendingar sjúkraskránna með vísun til 16. gr. læknalaga nr. 53/1988, sem tóku gildi 1. júlí 1988. Ákvæðið hljóðaði þá svo:

„Lækni er skylt að afhenda sjúkraskrá, alla eða að hluta, sjúklingi eða forráðamanni, ef það þjónar ótvíræðum hagsmunum sjúklings.

Leiki vafi á nauðsyn afhendingar sjúkragagna eða þyki ástæða til vegna ákvæða laga þessara um þagnarskyldu, er lækni heimilt að afhenda landlækni einum sjúkragögn sem trúnaðarmál til frekari fyrirgreiðslu.

Ráðherra setur nánari reglur um afhendingu og varðveislu sjúkragagna og röntgenmynda að fengnum tillögum landlæknis og Læknafélags Íslands."

Í greinargerð, sem fylgdi frumvarpi að læknalögum, kom fram, að hér væri um að ræða nýmæli í lögum, en ekki í framkvæmd. Fyrir gildistöku læknalaga nr. 53/1988 hafði þó sú meginregla verið lögfest, að einstaklingar ættu rétt á án ástæðulausrar tafar að kynna sér þær upplýsingar, sem skráðar hefðu verið um einkahagi þeirra, nema mikilvægir almannahagsmunir eða hagsmunir einkaaðila mæltu því í gegn, sbr. 10. gr. laga nr. 39/1985 um kerfisbundna skráningu á upplýsingum, er varða einkamálefni. Sérákvæði var sett um upplýsingar úr sjúkraskrá, þar sem læknir viðkomandi átti að koma upplýsingunum á framfæri við hann. Ákvæði þessi komu fyrst í lög 1981, en fyrir þann tíma voru engar skráðar réttarreglur á þessu sviði.

Aðila greinir ekki á um, að í sjúkraskrá eigi að vera nafn hvers sjúklings, aldur, staða, heimilisfang, komudagur og brottfarardagur, heilsufars- og sjúkrasaga, niðurstöður læknisskoðunar og rannsókna, sjúkdómsgreining, meðferð og afdrif við burtför, sbr. áður

reglugerð nr. 34/1964, en nú reglugerð nr. 227/1991. Þá er ekki um það deilt, að skráin eigi að vera eign sjúkrastofnunar og sé færð á ábyrgð yfirlæknis.

Áfrýjandi ítrekaði beiðni sína við stefnda Tómas nokkrum sinnum árin 1988, 1989 og 1990 án þess að fá jákvætt eða neikvætt svar við fyrirspurn sinni. Þá leitaði hann liðsinnis landlæknis og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis varðandi ósk sína. Í byrjun árs 1989 leitaði hann til umboðsmanns Alþingis og kvartaði undan því, að yfirlæknir geðdeildar Borgarspítalans hefði í bréfi 4. júlí 1988 hafnað ósk sinni um sjúkraskýrslur frá þeirri deild. Fram kemur af gögnum málsins, að þessir aðilar, sem hann leitaði til, voru allir á einu máli um, að áfrýjandi ætti rétt á því að fá upplýsingar úr sjúkraskýrslum. Beindi umboðsmaður þeim tilmælum til landlæknis og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, að séð væri um, að farið yrði að fyrirmælum 1. og 2. mgr. 16. gr. læknalaga varðandi beiðni áfrýjanda. Tilraunir þessara aðila til að fá stefnda Tómas til að verða við beiðninni báru þó ekki árangur.

II.

Með lögum nr. 50/1990 var 16. gr. læknalaga breytt, og hljóðar hún nú svo:

„Sjúkraskrá er eign heilbrigðisstofnunar þar sem hún er færð eða læknis sem hana færir.

Lækni er skylt að afhenda sjúklingi eða umboðsmanni hans afrit sjúkraskrár, allrar eða að hluta. Sama gildir gagnvart opinberum aðilum sem lögum samkvæmt athuga kæru sjúklings eða umboðsmanns vegna læknismeðferðar. Þetta gildir þó ekki um sjúkraskrár sem færðar eru fyrir gildistöku þessara laga.

Upplýsingar í sjúkraskrá, sem hafðar eru eftir öðrum en sjúklingi sjálfum eða heilbrigðisstarfsfólki, skal ekki sýna nema með samþykki þess er upplýsingarnar gaf.

Nú telur læknir að það þjóni ekki hagsmunum sjúklings að afhenda framangreindum aðilum afrit sjúkraskrár og skal læknir þá án tafar afhenda landlækni afrit sjúkraskrárinnar til frekari afgreiðslu.

Landlæknir skal innan átta vikna ákveða hvort viðkomandi fái afrit sjúkraskrárinnar.

Ráðherra setur nánari reglur um afhendingu og varðveislu sjúkraskráa, að fengnum tillögum landlæknis og Læknafélags Íslands."

Með bréfi 26. júní 1990 til lögmanns áfrýjanda svaraði stefndi Tómas Helgason síðan erindi áfrýjanda. Þar segir meðal annars: „Alþingi tók hins vegar af allan vafa með breytingu þeirri, sem það samþykkti á 16. gr. læknalaganna frá 1988 um það, að afhendingarákvæðið skyldi ekki vera afturvirkt (lög nr. 50/1990). . . .

Í samræmi við þetta verður reglum geðdeildarinnar um afhendingu eldri sjúkraskráa ekki breytt. Hins vegar er rétt að taka fram, að hafi sjúklingar óskað eftir því að fá að vita hvað í sjúkraskrám stæði, hefur sá sérfræðingur, sem haft hefur þá til meðferðar, veitt þeim upplýsingar um það sem máli skiptir. Mun þeirri reglu verða fylgt áfram."

III.

Af þeim lagaákvæðum, sem rakin hafa verið hér að framan, er ljóst, að sú meginregla var lögfest 1981, að einstaklingar eigi rétt á að kynna sér þær upplýsingar, sem stjórnvöld hafa skráð um einkahagi þeirra, nema mikilvægir almannahagsmunir eða hagsmunir einkaaðila mæli því í gegn. Þessi meginregla gildir einnig um sjúkraskrár. Hins vegar gilti það frávik um tilhögun kynningarinnar fyrir gildistöku læknalaga nr. 53/1988, að læknir viðkomandi átti að koma upplýsingunum á framfæri við hann.

Með lögum nr. 53/1988 var þessari framkvæmd breytt í það horf, sem 16. gr. segir fyrir um, og var engin undantekning gerð í lögunum um sjúkraskrár, sem gerðar höfðu verið fyrir gildistöku þeirra. Var breytingin staðfest í 10. gr. laga nr. 121/1989 um skráningu og meðferð persónuupplýsinga, þegar þau leystu af hólmi lög nr. 39/1985. Áfrýjandi miðaði beiðni sína við gildistöku laga nr. 53/1988 og hafði margítrekað hana, áður en þeim var breytt með lögum nr. 50/1990. Átti hann skýlausan rétt á, að stefndi Tómas uppfyllti lagaskyldu sína án ástæðulausrar tafar, eins og sagði í almenna ákvæðinu um rétt einstaklinga til upplýsinga í 10. gr. laga nr. 39/1985, sem í gildi voru, þegar beiðni áfrýjanda kom fram.

Lög nr. 50/1990 verða ekki skilin á þann veg, að þau nái til upp-

lýsinga, sem þegar hafði verið óskað eftir fyrir gildistöku þeirra. Reynir því ekki á ákvæði þeirra við úrlausn um fyrrgreinda lagaskyldu stefnda Tómasar.

Af gögnum málsins kemur fram, hver voru viðbrögð stefnda Tómasar við erindi áfrýjanda. Verður að skilja þau svo, að honum hafi þótt vafi leika á um nauðsyn afhendingar gagnanna. Bar honum því að fara að fyrirmælum 2. mgr. 16. gr. laga nr. 53/1988 og afhenda þau landlækni. Átti landlæknir síðan að annast frekari afgreiðslu erindis áfrýjanda. Hins vegar varð stefndi Tómas ekki við tilmælum landlæknis, sem fram komu í bréfi hins síðarnefnda frá 23. ágúst 1989, um að afhenda sér skrárnar eða afrit þeirra. Samkvæmt 18. gr. laganna var stefndi Tómas háður eftirliti landlæknis, og bar landlækni að sjá til þess, að hann héldi ákvæði þeirra, og knýja hann til þess samkvæmt ákvæðum VII. kafla laganna, ef annað dugði ekki til, sbr. einnig I. kafla laga nr. 59/1983 um heilbrigðisþjónustu, nú lög nr. 97/1990.

Samkvæmt þessari niðurstöðu á áfrýjandi rétt á að fá afrit allra sjúkraskráa, sem um hann hafa verið gerðar og eru í vörslum stefnda Tómasar, með þeim hætti, sem að neðan greinir. Með heimild í 2. mgr. 16. gr. laga nr. 53/1988, nú 4. mgr. greinarinnar, sbr. lög nr. 50/1990, ber stefnda Tómasi að framkvæma það með því að skila afriti allra sjúkraskráa hans til landlæknis innan eins mánaðar frá uppsögu dóms þessa að viðlagðri tíu þúsund króna sekt fyrir hvern dag, sem líður fram yfir þann tíma. Annast stefndi landlæknir þá frekari fyrirgreiðslu erindis áfrýjanda og afhendir honum afrit af skránum eða hluta úr þeim með þeim takmörkunum, sem leiðir af rétti annarra, sbr. áður 10. gr. laga nr. 39/1985 og nú 3. mgr. 16. gr. laga nr. 53/1988, sbr. lög 50/1990. Landlækni verður þó ekki lögð sú skylda á herðar með dóminum, þar sem kröfugerð áfrýjanda nær ekki til þess.

Stefndu skulu in solidum greiða 600.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, og renna þær í ríkissjóð. Staðfest er ákvæði hins áfrýjaða dóms um gjafsóknarkostnað. Allur gjafsóknarkostnaður áfrýjanda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, svo sem nánar greinir í dómsorði. Ekki er tekið tillit til virðisaukaskatts við ákvörðun gjafsóknarkostnaðar.

Dómsorð:

Viðurkenndur er réttur áfrýjanda, Sigurðar Þórs Guðjónssonar, til að fá upplýsingar um það, sem skráð er um hann í sjúkraskrám og er í vörslum stefnda Tómasar Helgasonar persónulega eða sem yfirlæknis geðdeildar Landspítala Íslands.

Upplýsingarnar skulu veittar á þann hátt, að stefndi Tómas afhendi stefnda landlækni vegna áfrýjanda, Sigurðar Þórs Guðjónssonar, afrit allra sjúkraskráa, sem um hann hafa verið gerðar fyrr og síðar og eru í fórum stefnda Tómasar persónulega eða sem yfirlæknis Landspítalans, geðdeildar, að viðlagðri tíu þúsund króna sekt fyrir hvern dag, sem líður fram yfir 30 daga frá uppkvaðningu dóms þessa.

Stefndu Ríkisspítalarnir, landlæknir og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið skulu hlíta þessari afhendingu sjúkraskránna.

Stefndu, Tómas Helgason, Ríkisspítalarnir, landlæknir fyrir hönd landlæknisembættisins og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, skulu greiða in solidum í ríkissjóð 600.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gjafsóknarákvæði héraðsdóms er staðfest.

Allur gjafsóknarkostnaður fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningsþóknun talsmanns áfrýjanda, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 250.000 krónur.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 21. apríl 1992.

Mál þetta, sem dómtekið var 18. mars sl., er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur af Sigurði Þór Guðjónssyni rithöfundi, kt. 101047-2969, Skúlagötu 68, Reykjavík, gegn Tómasi Helgasyni, kt. 140227-2429, yfirlækni, Stigahlíð 75, Reykjavík, landlækni f. h. landlæknisembættisins, kt. 710169-5009, stjórn Ríkisspítalanna f. h. Ríkisspítalanna, kt. 540269-6379, og heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra f. h. heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, kt. 600169-6109, með stefnu, birtri 24. og 25. janúar 1991.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi Tómas Helgason yfirlæknir

verði dæmdur – að viðlagðri tíu þúsund króna sekt á dag – til að afhenda stefnanda afrit allra sjúkraskráa, sem um hann hafa verið gerðar fyrr og síðar og eru í fórum stefnda persónulega eða sem yfirlæknis Landspítalans, geðdeildar. Þá er og krafist málskostnaðar alls úr hendi stefnda Tómasar. Á hendur stefndu landlækni, stjórn Ríkisspítalanna og heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra eru gerðar þær kröfur, að þeim verði dæmt skylt að þola dóm um framangreindar dómkröfur á hendur stefnda Tómasi og til að greiða in solidum stefnanda málskostnað allan, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en stefnandi hefur með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytis, dags. 17. apríl 1991, fengið gjafsókn fyrir undirrétti.

Dómkröfur stefndu Tómasar Helgasonar og Ríkisspítalanna eru þær, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og tildæmdur málskostnaður úr hans hendi að mati réttarins. Til vara er gerð sú krafa, að stefndu verði ekki skyldaðir til að afhenda upplýsingar í sjúkraskrá, sem hafðar eru eftir öðrum en sjúklingi og heilbrigðisstarfsfólki, né upplýsingar um þriðja mann.

Dómkröfur stefndu landlæknis og heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra eru um sýknu af öllum kröfum stefnanda og að málskostnaður verði felldur niður.

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

I.

Málsatvik.

Stefnandi hefur verið lagður inn á Landspítala, geðdeild, Reykjavík. Gerðist það á árunum 1976 til 1986. Hinn 29. júní 1988 ritaði hann stefnda Tómasi Helgasyni bréf og óskaði eftir að „fá afhentar sjúkraskrár sínar vegna innlagna á deildir Kleppsspítala á árunum 1976 til 1986". Í því sambandi vísaði stefnandi til 16. gr. læknalaga nr. 53/1988, sem taka áttu gildi 1. júlí 1988. Bréf sitt ítrekaði stefnandi með bréfi, dags. 21. júlí 1988. Í svarbréfi stefnda Tómasar, dags. 27. júlí 1988, kemur fram, að hann hafi leitað leiðbeininga stefnda landlæknis um, hvernig haga skyldi framkvæmd í sambandi við 16. gr. læknalaga. Að þeim fengnum yrði bréfi stefnanda svarað.

Með bréfi stefnda Tómasar til landlæknis, dags. 1. júlí 1988, óskaði hann eftir leiðbeiningum um framkvæmd 16. gr. læknalaga nr. 53/1988. Í bréfinu eru og vangaveltur um afturvirkni laganna, þ. e., hvort lækni beri skylda til að afhenda sjúkraskrá, sem skráð sé fyrir gildistöku laganna, eða hvort eingöngu beri að afhenda sjúkraskrár, sem skráðar séu eftir gildistöku laganna. Í bréfi þessu er og tekið fram, að ekki sé unnt að verða við beiðni sjúklinga um afhendingu gagna, fyrr en álit landlæknis á framangreindum atriðum liggi fyrir.

Með bréfi til stefnda Tómasar, dags. 31. maí 1989, ítrekaði stefnandi beiðni sína um afhendingu sjúkraskráa, er hann vörðuðu.

Með bréfi landlæknis til stefnda Tómasar, dags. 23. ágúst 1989, var óskað eftir afriti af sjúkraskrá stefnanda sem trúnaðarmáli til frekari fyrirgreiðslu, sbr. 16. gr. læknalaga nr. 53/1988. Í svarbréfi til landlæknis, dags. 21. september 1989, ítrekaði stefndi Tómas ósk sína um leiðbeiningar í bréfi frá 1. júlí 1988.

Með bréfi landlæknis til stefnda Tómasar, dags. 6. október 1989, var ítrekuð beiðni um að fá afrit af sjúkraskrá stefnanda. Í bréfi þessu segir m. a. svo: „Að vísu hefur ráðuneytið ekki enn afgreitt reglugerð um afhendingu sjúkraskrár, en í lögum (53/1988) er enginn fyrirvari um afturvirkni." . . . „Umboðsmaður Alþingis hefur staðfest það bréflega að afturvirkni eigi ekki við í þessu tilfelli."

Með bréfi stefnda Tómasar til landlæknis, dags. 13. nóvember 1989, lýsti hann þeirri skoðun sinni, að „hvorki beri að afhenda sjúklingum sjúkraskrár né afrit þeirra sjúkraskráa sem ritaðar eru fyrir gildistöku núgildandi læknalaga".

Í bréfi landlæknis til stefnda Tómasar, dags. 14. desember 1989, er tekið fram, að það sé skoðun embættisins, að afhenda beri stefnanda afrit af sjúkraskrá hans.

Stefnandi hafði einnig verið sjúklingur á geðdeild Borgarspítalans og óskað eftir sjúkraskrám þaðan. Yfirlæknir Borgarspítala neitaði að afhenda sjúkraskýrslurnar, þar sem hann taldi ákvæði 16. gr. læknalaga nr. 53/1988 ekki ná til sjúkraskráa, sem eldri væru en lögin.

Með bréfi, dags. 19. janúar 1989, leitaði stefnandi til umboðsmanns Alþingis vegna synjunar á afhendingu sjúkraskráa frá Borgarspítala. Í niðurstöðu umboðsmanns, dags. 29. desember 1989, sagði m. a., að það væri álit hans, að fyrir gildistöku læknalaga hefði sú meginregla gilt, að einstaklingar ættu rétt á að kynna sér þær upplýsingar, sem stjórnvöld hefðu skráð um einkahagi þeirra, nema mikilvægir hagsmunir mæltu gegn því. Til hliðsjónar vísaði umboðsmaður í 10. gr. l. nr. 39/1985 um kerfisbundna skráningu á upplýsingum, er varða einkamálefni. Taldi umboðsmaður, að fara bæri með eldri sjúkraskrár eftir 16. gr. læknalaga nr. 53/1988, enda hefði enginn fyrirvari verið gerður í gildistökuákvæðum VIII. kafla laganna.

Í bréfi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra til stefnda Tómasar, dags. 9. janúar 1990, kemur fram, að þess sé vænst, að mál stefnanda verði afgreitt í samræmi við álit ráðuneytisins og umboðsmanns Alþingis.

Með bréfi til stefnda Tómasar, dags. 18. janúar 1990, ítrekaði landlæknir enn beiðni sína um afhendingu sjúkraskráa stefnanda.

Í bréfi til landlæknis, dags. 19. febrúar 1990, kemur fram, að stefndi Tómas hafi ásamt Hannesi Péturssyni, yfirlækni geðdeildar Borgarspítalans, leitað eftir, að Læknafélag Íslands kannaði stöðu þeirra varðandi beiðnir þessar nánar, og beðið sé eftir niðurstöðu þeirrar könnunar.

Með bréfi til heilbrigðisráðherra, dags. 23. febrúar 1990, óskaði stefnandi eftir atbeina ráðherra, til að lagaskyldu varðandi afhendingu sjúkragagna yrði framfylgt.

Með bréfi til stefnda Tómasar, dags. 9. mars 1990, ítrekaði stefnandi beiðni sína um afhendingu sjúkraskýrslna vegna dvalar sinnar á geðdeild Landspítala, og vitnaði hann þar m. a. til álits umboðsmanns Alþingis um afhendingu sjúkraskráa frá geðdeild Borgarspítalans.

Um miðjan mars 1990 lagði heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra fram frumvarp til breytinga á læknalögum nr. 53/1988, og var þar m. a. gert ráð fyrir, að ákvæði 2. mgr. 16. gr. læknalaga tækju einnig til sjúkraskráa, sem færðar væru fyrir gildistöku laga nr. 53/1988. Þessu var breytt í meðförum Alþingis. Lagði heilbrigðis- og tryggingnefnd til, að lagaákvæði þetta tæki ekki til sjúkraskráa, sem færðar voru fyrir gildistöku laganna, og var sú breyting lögfest með lögum nr. 50/1990, sem gildi tóku 31. maí 1990.

Með bréfi lögmanns stefnanda til stefnda Tómasar, dags. 16. maí 1990, var ítrekuð krafa stefnanda um afhendingu sjúkraskráa, sem um hann fjalla.

Í bréfi heilbrigðisráðuneytisins til umboðsmanns Alþingis frá 21. maí 1990 kemur fram sú skoðun ráðuneytisins, að lækni sé ekki skylt að afhenda sjúklingi eða umboðsmanni hans afrit af sjúkraskrá, sé um að ræða sjúkraskrár, sem færðar voru fyrir gildistöku læknalaga nr. 53/1988.

Í svarbréfi stefnda Tómasar, dags. 26. júní 1990, er vitnað til l. nr. 50/1990 um, að ákvæði læknalaganna um skyldu lækna til að afhenda sjúklingi afrit af sjúkraskrá taki ekki til sjúkraskráa, sem færðar voru fyrir gildistöku laganna.

Í bréfi umboðsmanns Alþingis til stefnanda, dags. 31. ágúst 1990, kemur fram, að vegna þeirra breytinga, sem gerðar voru á læknalögum nr. 53/1988, eigi hann þess ekki kost að fylgja eftir áliti sínu gagnvart stjórnvöldum.

Mál þetta hefur stefnandi höfðað með stefnu, þingfestri 31. janúar 1991.

II.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi styður kröfur sínar í máli þessu því, að það hafi verið tvímælalaus regla íslensks réttar, allt þar til l. nr. 50/1990 gengu í gildi, að sjúklingar ættu rétt á að fá afrit af sjúkraskrám, sem um þá fjölluðu, nema mikilvægir almannahagsmunir eða hagsmunir einkaaðila mæltu því í gegn. Þetta sé í

samræmi við þá meginreglu, að einstaklingar eigi rétt á því að kynna sér þær upplýsingar, sem stjórnvöld skrá um einkahagi þeirra. Sú regla sé lögfest m. a. í löggjöf um kerfisbundna skráningu á upplýsingum, er varða einkamálefni. Þá hafi lögfesting reglunnar í 16. gr. læknalaga nr. 53/1988 verið í samræmi við fyrri framkvæmd. Stefnandi hafi óskað eftir þessum gögnum á miðju ári 1988, og ekki leiki á því vafi, að stefnda Tómasi hafi þá verið skylt að afhenda stefnanda gögnin samkvæmt ákvæðum læknalaga. Stefndi Tómas hafi þverskallast við að svara óskum stefnanda og tekist að draga málið á langinn með ólögmætum hætti, allt þar til lögum hafi verið breytt árið 1990, en með þeirri löggjöf hafi hagsmunir og réttindi sjúklinga verið látin víkja fyrir óverulegum hagsmunum hluta læknastéttarinnar í landinu. Stefnandi heldur því fram, að þau réttindi, sem hann hafði til sjúkraskráa árið 1988, verði ekki af honum tekin með ólögmætum synjunum stefnda Tómasar og ólögmætu athafnaleysi stjórnvalda í verki. Ekki séu l. nr. 50/1990 afturvirk, svo að lögvernduð réttindi stefnanda hafi fallið niður. Þá er því haldið fram, að synjun stefnda Tómasar í verki hafi ekki verið réttlætt af mikilvægum almannahagsmunum eða mikilvægum hagsmunum einkaaðila, heldur hafi hann einungis verið að verja einkahagsmuni sína og e. t. v. einhverra samstarfsmanna sinna.

Þá er og lögð á það áhersla, að lögum nr. 53/1988, 16. gr., hafi verið ætlað að tryggja í sessi reglu íslensks réttar til að fá aðgang að sjúkraskrám til handa sjúklingum, og fari ekki á milli mála, hvert réttarsambandið hafi verið 1988 og 1989 allt til miðs árs 1990.

Verði talið, að ákvæði læknalaga nr. 53/1988, eins og þeim var breytt með l. nr. 50/1990, standi í vegi fyrir rétti stefnanda til að fá afhentar sjúkraskrárnar, þá er við það miðað, að lögin séu að því leyti ógild, þar sem þau brjóti í bága við grunnreglu íslensks stjórnskipunarréttar um rétt þegnanna til að kynna sér upplýsingar, sem stjórnvöld hafa skráð um einkahagi þeirra.

Þá er því haldið fram, að teljist bannregla læknalaga um afhendingu eldri skráa ekki ógild að stjórnskipunarrétti, þá gangi hún í berhögg við ákvæði alþjóðlegra mannréttindasáttmála, sem Íslendingar hafi gerst aðilar að, en í þeim teljist réttindi til að kynna sér upplýsingar, sem stjórnvöld hafi skráð um einkahagi manns, til mannréttinda. Því er haldið fram, að gangi ákvæði íslenskra laga í berhögg við ákvæði mannréttindasáttmála að þessu leyti, skuli landsréttur víkja fyrir ákvæðum í mannréttindasáttmálum.

Loks er staðhæft, að hagsmunir stefnanda sem sjúklings séu verulegir persónulegir hagsmunir, sem skylt sé að virða og vernda, en hagsmunir lækna af því, að sjúklingar fái ekki að kynna sér það, sem læknar rita um þá

í sjúkraskrá, séu óverulegir einkahagsmunir, sem verði að víkja, enda hafi ekki verið færð að því nein rök, að þeir hagsmunir séu þess eðlis, að ástæða sé til að veita þeim hagsmunum lagavernd. Þá er og til þess vitnað, að stefndu hafi ekki borið fyrir sig, að nein efnisrök mæli því í gegn, að stefnandi fái afhentar sjúkraskrár sínar.

Um aðild stefndu að máli þessu vísar stefnandi til þess, að stefndi Tómas Helgason sé yfirlæknir á geðdeild Landspítala, þar sem til varðveislu séu sjúkraskrár þær, sem krafist sé afhendingar á. Yfirlæknir geðdeildar beri ábyrgð á lækningum, sem þar fari fram, samkvæmt 29. gr., 2. mgr., laga nr. 59/1983. Yfirlæknir hafi og eftirlit með starfsemi deildar. Í þessu felist, að hann hafi vald til að afhenda allar sjúkraskrár, sem í vörslum deildar séu. Tómasi Helgasyni yfirlækni sé því stefnt til að afhenda sjúkraskrárnar. Landlækni sé stefnt vegna ákvæða 3. gr. laga nr. 59/1983 og 16. gr. læknalaga nr. 53/1988. Stjórn Ríkisspítala sé stefnt vegna ákvæða 30. gr. laga nr. 59/1983 og enn fremur til öryggis vegna 16. gr., 1. mgr., laga nr. 53/1988, sbr. 3. gr. laga nr. 50/1990. Ekki felist nein viðurkenning í tilvísun þessari á gildi ákvæðisins, að því er stefnukröfu málsins varðar. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra f. h. heilbrigðisráðuneytisins sé stefnt sem æðsta stjórnvaldi á sviði heilbrigðismála, sbr. t. d. 2. og 4. gr. laga nr. 59/1983.

Um lagarök vísar stefnandi til reglugerðar nr. 34/1964, læknalaga nr. 80/1969, laga um heilbrigðisþjónustu nr. 50/1983, laga nr. 121/1989 um skráningu og meðferð persónuupplýsinga og eldri laga um sama efni, nr. 63/1981 og nr. 39/1985, læknalaga nr. 53/1988, sbr. lög nr. 50/1990, 8. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu og 17. gr. alþjóðasamnings um stjórnmálaleg og borgaraleg réttindi. Þá er og vísað til grunnreglu íslensks stjórnskipunarréttar um rétt manna til að kynna sér gögn, sem stjórnvöld hafa skráð um einkahagi þeirra.

III.

Málsástæður og lagarök stefnda Tómasar Helgasonar.

Stefndi skírskotar til þess, að í 16. gr. laga nr. 53/1988, eins og henni var breytt með lögum nr. 50/1990, segi berum orðum, að skylda til að afhenda sjúklingi sjúkraskrá gildi ekki um skrár, færðar fyrir gildistöku laganna. Vakni þá sú spurning, hvort stefnandi geti nú gert kröfu um afhendingu á grundvelli umdeilds skilnings á 16. gr. laganna frá 1988 þrátt fyrir þá breytingu, sem gerð hafi verið með lögum nr. 50/1990.

Þegar skýra eigi lagaskil milli eldri og yngri laga, sé það aðalregla, að yngri lög gangi fyrir eldri (lex posterior-reglan). Þar sem talið verði, að hún gefi ekki glögga bendingu, sé litið til þess, hvenær þau atvik, sem um sé

fjallað, hafi gerst, þ. e., hvort það hafi verið í tíð eldri eða yngri laga. Það atvik, sem hér ráði úrslitum, sé afhendingin sjálf til stefnanda, og hún hafi ekki farið fram. Um hana eigi því að beita lögunum, sem yngri séu, þ. e. lögunum frá 1990.

Ekki sé á það fallist, að stefnandi hafi átt lögvarinn rétt til sjúkraskránna, þegar hann hafi beðið um aðgang að þeim 1988. Það leiði ekki heldur til, að taka beri kröfu stefnanda til greina, þótt á því væri byggt. Ekkert ákvæði í lögunum frá 1990 sé um, að menn hafi getað áunnið sér rétt til afhendingar, sem haldist eftir gildistöku yngri laga. Vandséð sé, hvers konar réttur þetta gæti verið að lögum og eftir hvaða meginreglu hann ætti að standa andstætt algerlega ljósu ákvæði í lögunum frá 1990. Sé sýknukrafa stefnda Tómasar því í fyrsta lagi reist á 16. gr. laga nr. 53/1988 með breytingu skv. 3. gr. laga nr. 50/1990. Verði ekki fallist á sýknukröfu á þessum grundvelli, er sýknukrafan til vara studd þeim rökum, að ekki hafi eftir 16. gr. laga nr. 53/1988 borið að afhenda stefnanda sjúkraskrárnar. Í fyrsta lagi telur stefndi Tómas, að stefnandi geti ekki farið eftir 16. gr. laga nr. 53/1988, eins og hún var til 1990, þar sem þá yrði um afturvirkni að ræða. Það sé meginregla, að slíkt sé ekki viðurkennt í íslenskum rétti. Í öðru lagi sé einungis skylt að afhenda sjúkraskrá skv. lagagreininni, ef það þjóni ótvíræðum hagsmunum sjúklings. Ekki verði séð, að af hálfu stefnanda sé vísað til sérstakra hagsmuna hans, sem séu aðrir en hagsmunir annarra sjúklinga geðdeilda. Af hálfu stefnda Tómasar sé haldið fram, að það þjóni almennt ekki hagsmunum sjúklinga geðdeilda að fá afrit af sjúkraskrám sínum. Um það sé m. a. vísað til röksemda í umsögn Læknafélags Íslands og læknadeildar Háskóla Íslands um frumvarp til laga um breytingu á læknalögum. Jafnframt er lögð áhersla á, að í sjúkraskrám geðdeilda séu yfirleitt upplýsingar, sem hafðar séu eftir aðstandendum sjúklings, og erfitt sé að greina þær frá öðrum hlutum sjúkraskrár. Slíkar upplýsingar séu iðulega þess efnis, að það gæti haft mjög neikvæð áhrif á samband sjúklings við sína nánustu, ef sjúklingur fengi þær í hendur. Stefndi Tómas telur, að stefnanda hafi borið að sýna fram á það, að um ótvíræða hagsmuni hafi verið að ræða. Slíkt geti honum þó ekki tekist, þar sem almennt þjóni það ekki hagsmunum sjúklinga geðdeilda að fá í hendur sjúkraskrár sínar.

Stefndi telur, að fyrir setningu læknalaga nr. 53/1988 hafi læknum ekki verið skylt að afhenda sjúklingi sjúkraskrá eða afrit af henni, nema slíkt væri nauðsynlegt vegna dómsmáls. Ekki sé því fallist á þá fullyrðingu stefnanda, að það hafi verið regla, allt þar til lög nr. 50/1990 gengu í gildi, að sjúklingar ættu rétt á að fá afrit af sjúkraskrám. Stefndi telur, að slíkur réttur hafi ekki falist í 10. gr. laga um kerfisbundna skráningu á upplýsingum,

er varða einkamálefni, sbr. 10. gr. l. nr. 63/1981 og 10. gr. l. nr. 39/1985. Þar hafi einungis verið um að ræða rétt til þess, að sjúklingur fengi upplýsingar um efni sjúkraskráa sinna, en ekki rétt til að fá afhent afrit af þeim, og telur stefndi, að þær reglur, sem farið hefur verið eftir á geðdeild Landspítala, séu í fullu samræmi við fyrrgreind lagaákvæði. Sú fullyrðing, sem fram komi í greinargerð með frumvarpi til læknalaga, sem lagt hafi verið fram á 109. löggjafarþingi, 1986, að aðeins sé um að ræða nýmæli í lögum, en ekki í framkvæmd, sé röng, a. m. k. að því er varðar geðdeildir. Þetta komi m. a. fram í umsögn Læknafélags Íslands og læknadeildar Háskóla Íslands frá 17. apríl 1990 um frumvarp til laga um breytingar á læknalögum, en þar segi m. a. „. . . þvert á móti hafi það aldrei tíðkast að afhenda sjúkraskrár eða afrit þeirra. Hins vegar hafi sjúklingum verið sagt frá því sem máli skipti úr sjúkraskránum ef þeir hafi óskað eftir að vita hvað væri skráð. Það hefur þá gert sá læknir sem hafði með sjúklinginn að gera. . ."

Af hálfu stefnanda sé því haldið fram, að ákvæði læknalaga nr. 53/1988, eins og þeim hafi verið breytt með lögum nr. 50/1990, brjóti í bága við grunnreglu íslensks stjórnskipunarréttar um rétt þegnanna til að kynna sér upplýsingar, sem stjórnvöld hafi skráð um einkahagi þeirra. Um þetta séu ákvæði í settum lögum og því vart um neina óskráða grundvallarreglu stjórnskipunarréttar að ræða. Þessi ákvæði sé að finna í IV. kafla l. nr. 121/1989 um skráningu og meðferð persónuupplýsinga. Samkvæmt 1. mgr. 9. gr. þeirra laga er skylt að skýra viðkomandi frá persónuupplýsingum, sem skráðar eru. Þessi réttur víkur þó samkvæmt 2. mgr. 9. gr. fyrir ótvíræðum almannahagsmunum eða einkahagsmunum, þar með töldum hagsmunum hins skráða sjálfs. Þá er í 10. gr. laganna tekið fram, að um skyldu læknis til þess að afhenda sjúkraskrá fari eftir ákvæðum læknalaga.

Stefnandi hafi ekki sýnt fram á, að ákvæði læknalaga um, að ekki sé skylt að afhenda eldri skrár, séu andstæð 8. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu. Sú grein fjalli um friðhelgi einkalífs og eigi ekki við. Jafnvel þótt talið væri, að hún ætti almennt við um rétt til aðgangs að persónuupplýsingum, sé bent á þær takmarkanir, sem felast í 2. mgr. 8. gr. Þá eigi 17. gr. alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi ekki heldur við. Sú grein sé næsta þröng, því að hún taki einungis til „geðþótta- eða ólögmætrar" röskunar á einkalífi. Stefndi telur því, að 16. gr. læknalaga nr. 53/1988, eins og henni var breytt með 3. gr. laga nr. 50/1990, brjóti ekki í bága við tilvitnuð ákvæði þjóðréttarsamninga, en bendir þó jafnframt á, að þjóðréttarsamningar hafi ekki lagagildi hér á landi nema fyrir atbeina löggjafarvaldsins, og því beri að fara að landslögum, séu ákvæði þjóðréttarsamninga og landslaga ósamrýmanleg.

Þá sé því haldið fram af stefnanda, að um sé að ræða óverulega einkahagsmuni lækna, sem eigi að víkja fyrir hagsmunum stefnanda, sem séu verulegir persónulegir hagsmunir. Af hálfu stefnda er það ítrekað, að það þjóni almennt ekki hagsmunum sjúklinga geðdeilda að fá afrit af sjúkraskrám sínum. Þvert á móti geti það verið skaðlegt fyrir sjúklinginn og samband hans við sína nánustu. Í öðru lagi þurfi að taka tillit til hagsmuna þriðja manns, sem gefi upplýsingar í trúnaði. Í þriðja lagi beri að taka tillit til þeirra starfsmanna, sem skráð hafi sjúkraskrá í þeirri trú, að hér væri einungis um að ræða vinnugögn þeirra, sem hefðu sjúklinginn til meðferðar. Síðast, en ekki síst, sé skylt að vernda hagsmuni þriðja manns, sem fjallað sé um í sjúkraskrá.

Af hálfu stefndu stjórnarnefndar Ríkisspítalanna er tekið fram, að ekki sé fullljóst, hverju aðild þeirra skipti að lögum, en ekki sé krafist sýknu vegna aðildarskorts. Um lagarök vegna þessa stefnda er vísað til lagaraka stefnda Tómasar Helgasonar.

IV.

Málsástæður og lagarök stefndu landlæknis og heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.

Sýknukrafa stefndu er reist á aðildarskorti. Ekki verði séð, að þeir geti átt hér beina sakaraðild. Þeir hafi ekki undir höndum þau gögn, sem krafist sé afhendingar á, og dómkröfur á hendur þeim felist í að þola dóm um dómkröfur á hendur stefnda Tómasi Helgasyni. Dómkröfum sé þannig í reynd eingöngu beint að honum. Við þær aðstæður væri réttargæsluaðild hugsanleg, en um beina sakaraðild geti hins vegar ekki verið að ræða.

Tekið er fram, að stefndu hafi reynt það, sem í þeirra valdi stóð, að stuðla að því allt fram að gildistöku laga nr. 50/1990, að stefnandi fengi afhent afrit sjúkraskrár sinnar, svo sem hann krafðist. Þær tilraunir hafi ekki borið árangur. Sérstaklega er andmælt fullyrðingum stefnanda þess efnis, að þeir hafi ekki gert allt, sem unnt hafi verið með sanngirni að ætlast til af þeim, til að stefnandi fengi afrit sjúkraskrárinnar í hendur.

Tekið er fram, að það sé afstaða stefndu, að á meðan 16. gr. laga nr. 53/1988 gilti óbreytt, hafi stefnandi átt rétt til þess að fá í hendur afrit sjúkraskrár sinnar, enda hafi hann haft uppi kröfu þar um eftir setningu þeirra laga. Í samræmi við það hafi stefndu stuðlað að því, svo sem í þeirra valdi stóð, að hann fengi þeirri kröfu sinni framgengt. Af þeirri breytingu, sem gerð hafi verið á 16. gr. laganna með lögum nr. 50/1990, leiði, að stefndu séu ekki lengur í aðstöðu til að stuðla að því, að stefnandi fái í hendur umbeðna sjúkraskrá sína, en hún hafi öll verið færð fyrir setningu þessara laga.

V.

Niðurstaða.

Svo sem fram er komið, rökstyður stefnandi kröfur sínar í málinu með því, að það hafi verið tvímælalaus regla íslensks réttar, allt þar til lög nr. 50/1990 um breytingu á læknalögum nr. 53/1988 gengu í gildi, að sjúklingar ættu rétt á að fá afrit af sjúkraskrám, sem um þá fjölluðu, nema mikilvægir almannahagsmunir eða hagsmunir einkaaðila mæltu því í gegn.

Um skyldu til afhendingar sjúkragagna var ekki kveðið á í læknalögum fyrr en með lögum nr. 53/1988, er lögbundin var ný regla um það efni í 16. gr. laganna, svohljóðandi: „Lækni er skylt að afhenda sjúkraskrá, alla eða að hluta, sjúklingi eða forráðamanni ef það þjónar ótvíræðum hagsmunum sjúklings.

Leiki vafi á nauðsyn afhendingar sjúkragagna eða þyki ástæða til vegna ákvæða laga þessara um þagnarskyldu, er lækni heimilt að afhenda landlækni einum sjúkragögn sem trúnaðarmál til frekari fyrirgreiðslu.

Ráðherra setur nánari reglur um afhendingu og varðveislu sjúkragagna og röntgenmynda að fengnum tillögum landlæknis og Læknafélags Íslands.

Um aðgang manna að skráðum upplýsingum um einkamálefni hafa lengst af ekki verið til skráðar reglur í íslenskum rétti. Fyrstu lög, sem sett voru um þetta efni, voru lög nr. 63/1981 um kerfisbundna skráningu á upplýsingum, er varða einkamálefni. Þau lög tóku til hvers konar kerfisbundinnar skráningar á upplýsingum um einkamálefni einstaklinga. Í 2. mgr. 10. gr. laganna var sérregla um upplýsingar úr sjúkraskrá, þar sem sagði: „Nú telur maður, að upplýsingar um hagi sína séu ritaðar í sjúkraála eða önnur sjúkraregistur eða sjúkraskrár, og vill hann fá vitneskju um efni þeirra. Skal hann þá óska þess við heimilislækni sinn eða annan þann lækni, sem fjallað hefur um heilsuhagi hans, að hann leiti eftir upplýsingum þessum frá þeim, sem ábyrgur er fyrir skráningu. Þessi aðili skýrir lækninum frá upplýsingunum, svo að honum sé kleift að koma þeim á framfæri við viðkomandi."

Í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 63/1981 segir um greinina, sem í frumvarpinu var 27. gr.: „Um upplýsingar, sem sjúkraálar eða önnur sjúkraregistur eða sjúklingaskrár geyma, eru sérstakar reglur í 2. málsgr. Er lagt til, að fyrirmynd danska frumvarpsins um þess konar skráningu, að miðlun upplýsinga fari um hendur heimilislæknis eða annars þess læknis, sem fjallað hefir um heilsu þess, sem í hlut á. Snýr læknirinn sér þá til skráningaraðilja og fær upplýsingar frá honum. Kemur læknirinn síðan upplýsingunum á framfæri við hinn skráða aðilja, eftir því sem hann telur fært og forsvaranlegt. Þessi regla styðst við tvenns konar sjónarmið. Í fyrsta lagi eru skráðar upplýsingar oft torskildar fyrir annan en læknisfróðan mann og myndu því

koma að takmörkuðum notum fyrir manninn sjálfan í mörgum tilvikum. Í öðru lagi getur beinlínis verið skaðlegt eða a. m. k. varhugavert, að sjúklingur fái beinar upplýsingar um heilsuhagi sína. Er nærlægast, að sá læknir, sem fjallað hefir um heilsuhagi manns, meti þetta."

Í 10. gr. laga nr. 39/1985, sem leystu lög nr. 63/1981 af hólmi, var regla um rétt til upplýsinga úr sjúkragögnum óbreytt. Lögin tóku gildi 1. janúar 1986 og féllu úr gildi 31. desember 1989. Í núgildandi lögum um skráningu og meðferð persónuupplýsinga, nr. 121/1989, sem öðluðust gildi 1. janúar 1990, er í 10. gr. laganna sett sérregla um sjúkraskrár, svohljóðandi: „Um skyldu læknis til þess að afhenda sjúkraskrá, alla eða að hluta, sjúklingi eða forráðamanni hans, fer eftir ákvæðum læknalaga nr. 53 frá 19. maí 1988."

Í greinargerð sem fylgdi frumvarpi til laga nr. 121/1989 segir svo um 10. gr.:

„Með setningu læknalaga nr. 53 frá 19. maí 1988 var í 16. gr. lögmælt ný regla um aðgang sjúklinga eða forráðamanna þeirra að sjúkraskrá í heild eða að hluta. Segir þar, að lækni sé skylt að afhenda sjúkraskrá, alla eða að hluta, sjúklingi eða forráðamanni, ef það þjónar ótvíræðum hagsmunum sjúklings. Leiki vafi á nauðsyn afhendingar sjúkragagna eða þyki ástæða til vegna ákvæða læknalaga um þagnarskyldu lækna, sé lækni heimilt að afhenda landlækni einum sjúkragögn sem trúnaðarmál til frekari fyrirgreiðslu. Gerir lagaákvæði þetta ráð fyrir því að heilbrigðisráðherra setji nánari reglur um afhendingu og varðveislu sjúkragagna og röntgenmynda að fengnum tillögum landlæknis og Læknafélags Íslands. Með hliðsjón af því, að í læknalögum hafa verið settar framangreindar sérreglur um rétt manna til aðgangs að heilsufarsupplýsingum um þá sjálfa sem víkja nokkuð frá ákvæðum gildandi tölvulaga, þykir hentast í frumvarpi þessu að vísa til ákvæða læknalaga í þeim efnum."

Þegar framangreind lagaákvæði, sem giltu um rétt manna fyrir gildistöku læknalaga nr. 53/1988 til þess að fá vitneskju um efni sjúkraskráa, er um þá fjölluðu, eru virt, verður ekki séð, að sjúklingar hafi þá almennt átt rétt á því að fá sjúkraskrár afhentar, eins og haldið er fram af stefnanda. Meginreglan var sú, að einstaklingar áttu rétt á því að kynna sér þær upplýsingar, sem um þá voru skráðar í sjúkraála, sjúkraregistur eða sjúkraskrár, en í því sambandi var gert ráð fyrir milligöngu heimilislæknis eða annars læknis, sem fjallað hafði um heilsuhagi viðkomandi.

Svo sem fyrr var að vikið, var með 16. gr. læknalaga nr. 53/1988, sem gildi tóku 1. júlí 1988, lögfest sú meginregla, að lækni væri skylt að afhenda sjúklingi eða forráðamanni hans afrit sjúkraskrár. Á 112. löggjafarþingi, 1989-90, 14. mars 1990 lagði heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra fram frumvarp til

laga um breytingu á læknalögum nr. 53/1988. Var frumvarpinu ætlað að breyta nokkrum atriðum laga nr. 53/1988 eftir reynslu af tveggja ára framkvæmd þeirra. Í 5. gr. frv. var svohljóðandi breyting gerð á 2. mgr. 16. gr. laga nr. 53/1988:

„Lækni er skylt að afhenda sjúklingi eða umboðsmanni hans afrit sjúkraskrár, alla eða að hluta. Sama gildir gagnvart opinberum aðilum, sem lögum samkvæmt athuga kæru sjúklings eða umboðsmanns vegna læknismeðferðar. Gildir þetta einnig um sjúkraskrár sem færðar eru fyrir gildistöku þessara laga."

Um grein þessa sagði í athugasemdum með frumvarpinu, að heilbrigðisráðuneytið hefði haft til athugunar tillögur Læknafélags Íslands og landlæknis um reglur vegna afhendingar sjúkraskráa. Telji ráðuneytið, að lagaákvæðið, sem reglur þessar taka mið af, sé ekki nægilega skýrt, og geri því tillögur um breytingar á ákvæðinu. Í athugasemdum með frumvarpinu kom það einnig fram, að ljóst þyrfti að vera, að skylda til afhendingar næði til eldri sjúkraskráa. Í framsögu flutningsmanns, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, kom það m. a. fram, að ráðuneytið hefði túlkað heimild læknalaga frá 1988 þannig, að afhendingarskyldan ætti einnig við um sjúkraskrár, sem færðar voru fyrir gildistöku laganna frá 1988, en nauðsynlegt væri, að þetta kæmi skýrt fram í lögunum sjálfum. Í breytingartillögum við lagafrumvarp þetta frá heilbrigðis- og tryggingnefnd neðri deildar Alþingis var m. a. lagt til, að 5. gr. frumvarpsins yrði breytt þannig, að í stað orðanna: „Gildir þetta einnig" – skyldi koma: „Þetta gildir þó ekki". Í nefndaráliti sagði: „Mikið var rætt um afhendingu sjúkraskráa og upplýsinga úr þeim. Nefndin er sammála um að leggja til að fyrirsögn greinarinnar breytist þannig, að heiti hennar verði: Meðferð upplýsinga í sjúkraskrám, en ekki: Afhending sjúkraskráa. Þá eru tekin af öll tvímæli um að ákvæði um afhendingu afrita úr sjúkraskrám séu ekki afturvirk." Var frumvarpið svo breytt, að því er hér skiptir máli, samþykkt og afgreitt sem lög frá Alþingi nr. 50 5. maí 1990, og tóku þau gildi 31. maí 1990. Eftir þá breytingu, sem gerð var á 16. gr. laga nr. 53/1988 með 3. gr. laga nr. 50/1990, hljóðar greinin í heild svo:

„Sjúkraskrá er eign heilbrigðisstofnunar þar sem hún er færð eða læknis sem hana færir.

Lækni er skylt að afhenda sjúklingi eða umboðsmanni hans afrit sjúkraskrár, allrar eða að hluta. Sama gildir gagnvart opinberum aðilum sem lögum samkvæmt athuga kæru sjúklings eða umboðsmanns vegna læknismeðferðar. Þetta gildir þó ekki um sjúkraskrár sem færðar eru fyrir gildistöku þessara laga.

Upplýsingar í sjúkraskrá, sem hafðar eru eftir öðrum en sjúklingi sjálfum eða heilbrigðisstarfsfólki, skal ekki sýna nema með samþykki þess sem upplýsingarnar gaf.

Nú telur læknir að það þjóni ekki hagsmunum sjúklings að afhenda framangreindum aðilum afrit sjúkraskrár og skal læknir þá án tafar afhenda landlækni afrit sjúkraskrárinnar til frekari afgreiðslu.

Landlæknir skal innan átta vikna ákveða hvort viðkomandi fái afrit sjúkraskrárinnar.

Ráðherra setur nánari reglur um afhendingu og varðveislu sjúkraskráa, að fengnum tillögum landlæknis og Læknafélags Íslands."

Samkvæmt lokamálslið 2. mgr. 16. gr. læknalaga, sbr. 3. gr. laga nr. 50/1990 um breytingu á þeim lögum, er sú takmörkun gerð, að meginreglan um afhendingu sjúkraskráa gildir ekki um sjúkraskrár, sem færðar eru fyrir gildistöku laganna. Þetta ber að skilja svo, að lækni sé ekki skylt að afhenda sjúklingi afrit sjúkraskrár, sem færð hefur verið fyrir gildistöku laga nr. 53/1988, eins og skýrt kom fram í framsögu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra í efri deild Alþingis, er breytingarlögin, eins og þau þá voru orðin, voru þar til 1. umræðu. Samkvæmt viðurkenndum skýringaraðferðum um skil eldri laga og yngri skulu yngri lög ganga fyrir eldri, þannig að ekki stendur nú lagaskylda til að afhenda stefnanda þær sjúkraskrár, sem hann gerir kröfu til og varða tímabil fyrir gildistöku laganna, árin 1976 til 1986. Að því er varðar afturvirkni laga nr. 50/1990 að þessu leyti, ber að líta til þess, að lögin kveða sjálf á um þennan gildistíma og að mál þetta hefur stefnandi höfðað eftir gildistöku þeirra. Lögin eru sett með stjórnskipulegum hætti, eins og að framan getur, og í samræmi við vilja löggjafans. Samkvæmt þessu verður talið, að ákvæði 2. mgr. 16. gr. læknalaga, sbr. 3. gr. laga nr. 50/1990, sé því nú til fyrirstöðu, að kröfur stefnanda séu teknar til greina.

Þá telur stefnandi, að ákvæði læknalaga nr. 53/1988, eins og þeim var breytt með lögum nr. 50/1990, séu að því leyti ógild, þar sem þau brjóti í bága við grunnreglu íslensks stjórnskipunarréttar um rétt þegnanna til að kynna sér upplýsingar, sem stjórnvöld hafi skráð um einkahagi þeirra. Á þetta sjónarmið verður ekki fallist. Hvorki er í íslenskum stjórnlögum að finna skráða reglu um upplýsingaskyldu stjórnvalda né hefur íslenskur stjórnskipunarréttur ella að geyma óskráða grunnreglu þar um, sem gangi framar þeim lagareglum, er um þetta efni gilda og vikið er að hér að framan. Í núgildandi lögum um þetta efni, lögum nr. 121/1989 um skráningu og meðferð persónuupplýsinga, kemur fram í 1. mgr. 9. gr. almenn regla um rétt manna til aðgangs að persónuupplýsingum, sem um þá hafa verið

skráðar. Samkvæmt 2. mgr. 9. gr. laganna gildir þetta þó ekki, ef hagsmunir hins skráða af því að fá vitneskju um efni upplýsinga þykja eiga að víkja að nokkru eða öllu fyrir ótvíræðum almannahagsmunum eða einkahagsmunum, þar með töldum hagsmunum hins skráða sjálfs. Þá er í 10. gr. laganna tekið fram, að um skyldu læknis til þess að afhenda sjúkraskrá fari eftir ákvæðum læknalaga nr. 53/1988, eins og fyrr var vikið að. Kröfur stefnanda verða því ekki teknar til greina á þessum grundvelli.

Þá heldur stefnandi því fram, að regla læknalaga nr. 53/1988 um það, að ekki sé skylt að afhenda eldri sjúkraskrár, sé andstæð alþjóðlegum mannréttindasáttmálum, sem Ísland hafi gerst aðili að. Er hér átt við Mannréttindasáttmála Evrópu og alþjóðlegan sáttmála um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi. Ákvæði þessara sáttmála verða ekki lögð til grundvallar niðurstöðu í málinu, þar sem um er að ræða þjóðréttarlegar skuldbindingar, sem hafa ekki öðlast lagagildi hér á landi. Kröfur stefnanda verða því ekki heldur teknar til greina á þeim grundvelli.

Loks byggir stefnandi á því, að verulegir persónulegir hagsmunir sínir andstætt óverulegum einkahagsmunum lækna eigi að leiða til þess, að hann fái afhentar sjúkraskrár sínar. Ekki verður talið, að álitaefni um slíkt hagsmunamat hafi þýðingu varðandi afhendingu sjúkraskrár umfram það, sem fyrir er mælt í 4. mgr. 16. gr. laga nr. 53/1988, sbr. lög nr. 50/1990. Kröfur stefnanda verða því ekki heldur teknar til greina á þessum grundvelli.

Samkvæmt framansögðu verður niðurstaða málsins sú, að sýkna ber stefnda Tómas Helgason af öllum kröfum stefnanda, sem þegar af þeirri ástæðu leiðir og til sýknu annarra stefndu í málinu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Allur gjafsóknarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns stefnanda, Ragnars Aðalsteinssonar hrl., 200.000 kr. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts, sem greiða ber af málflutningsþóknun í ríkissjóð.

Eggert Óskarsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsuppsaga hefur dregist vegna embættisanna dómarans.

Dómsorð:

Stefndu, Tómas Helgason, landlæknir f. h. landlæknisembættisins, stjórn ríkisspítalanna f. h. ríkisspítalanna og heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra f. h. heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, skulu vera sýkn af kröfum stefnanda, Sigurðar Þórs Guðjónssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Allur gjafsóknarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með

talin málflutningslaun skipaðs talsmanns stefnanda, Ragnars Aðalsteinssonar hrl., 200.000 kr.

Fimmtudaginn 26. janúar 1995.

Nr. 216/1991. **Fjárfestingarfélag Íslands hf.**
(Þórður S. Gunnarsson hrl.)
gegn
Framkvæmdasjóði Íslands
(Hróbjartur Jónatansson hrl.)

Ábyrgðaryfirlýsing. Lánastofnanir. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 23. maí 1991. Hann krefst aðallega sýknu af dómkröfum stefnda, en til vara lækkunar þeirra. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Aðilar málsins fóru báðir með umfangsmikla fésýslu og höfðu yfir að ráða sérfræðilegri þekkingu og reynslu í viðskiptum af því tagi, er mál þetta varðar. Gera verður þá kröfu til slíkra stofnana, að fjármunasamningar af þeirra hendi séu glöggir. Óumdeilt er, að ábyrgðaryfirlýsing áfrýjanda frá 30. júní 1987 var samin af honum sjálfum. Þykir hann verða að bera hallann af því, ef orðalag yfirlýsingarinnar tekur ekki af tvímæli um tilætlan hans.

Með þessari athugasemd og skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms að öðru leyti verður hann staðfestur um annað en málskostnað. Rétt þykir, að áfrýjandi greiði stefnda 1.000.000 krónur samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður um annað en málskostnað.

Áfrýjandi, Fjárfestingarfélag Íslands hf., greiði stefnda,

Framkvæmdasjóði Íslands, 1.000.000 krónur samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Sératkvæði
Garðars Gíslasonar

Samkvæmt fundargerð stjórnarfundar áfrýjanda 30. júní 1987 skýrði framkvæmdastjóri Vogalax hf. frá því, að stefndi hefði fallist á að skuldbreyta lánum fyrirtækisins og lána til viðbótar 10 milljón krónur með sjálfskuldarábyrgð áfrýjanda, „en ábyrgð félagsins væri nauðsynleg þar sem veðhæfni eigna væri ekki nægjanleg sem stendur. Veðhæfni ætti þó að vera nægjanleg eftir þær framkvæmdir sem fyrirhugaðar eru í sumar og þá ætti að vera hægt að aflétta ábyrgðinni. Ábyrgðin var samþykkt samhljóða".

Framkvæmdastjóri stefnda átti jafnframt sæti í stjórn Vogalax hf. Í ljós er því leitt, að ábyrgðarloforðinu var ætlaður skammur gildistími og að stefnda var það ljóst. Stefnda var einnig ljóst, hvaða framkvæmdir færu fram í Vogalaxi hf. á Vatnsleysuströnd þá um haustið.

Skuldabréf fyrir jafnvirði 10 milljónir króna var samið af stefnda og gefið út af Vogalaxi hf. 3. september 1987. Þar veðsetti Vogalax hf. stefnda fiskræktarstöð sína með 6. veðrétti og uppfærslurétti. Samkvæmt ábyrgðaryfirlýsingu áfrýjanda skyldi ábyrgð hans á láni þessu falla niður, þegar framkvæmdum 2,5 milljóna seiðastöðvar lyki þá um haustið og nýtt mat um fullnægjandi veðhæfni stöðvarinnar lægi fyrir.

Framkvæmdum við seiðastöðina lauk að mestu þá um haustið, og var hún formlega tekin í notkun 20. apríl 1988 samkvæmt skýrslu stjórnar Vogalax hf. 3. maí 1988, sem framkvæmdastjóri stefnda undirritaði með öðrum stjórnarmönnum. Verður að telja, að þar með hafi komið fram það lausnarskilyrði loforðsins, að framkvæmdum við stöðina lyki, og var þá hitt eftir, að „nýtt mat um fullnægjandi veðhæfni" lægi fyrir.

Fram er komið, að mikil óvissa var á þessum tíma um rekstur hafbeitarstöðvar sem þessarar. Ef miða átti veðhæfnina eingöngu við sjálfar fasteignirnar og framkvæmdakostnaðinn, svo sem skilja má af fundargerð stefnda 3. júní 1987, mátti telja, að framkvæmdir

Vogalax hf. væru orðnar fullnægjandi veð, þegar stöðin var tekin í notkun 20. apríl 1988. Ef miða átti veðhæfni stöðvarinnar við eitthvað annað, bar stefnda að gera kröfur þar að lútandi. Eftir að Vogalax hf. tók seiðastöðina í notkun, mátti áfrýjandi því álíta, að stefndi teldi fasteignir Vogalax hf. orðnar fullnægjandi veð í skilningi ábyrgðarloforðsins. Ef stefndi taldi fasteignir þessar þá ekki fullnægjandi veð, átti hann að benda áfrýjanda á það og hafa frumkvæði að því. Það gerði hann ekki, og verður því að telja, að ábyrgðarloforðið hafi þá fallið niður samkvæmt efni sínu. Tel ég því, að sýkna beri áfrýjanda af kröfum stefnda og dæma stefnda til að greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 2. apríl 1991.

Mál þetta, sem dómtekið var 27. febrúar sl., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 29. ágúst 1990 og þingfestri 13. september s. á.

Stefnandi er Framkvæmdasjóður Íslands, kt. 560169-1839, Rauðarárstíg 25, Reykjavík. Stefndi er Fjárfestingarfélag Íslands, kt. 450272-0359, Hafnarstræti 7, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði gert að greiða stefnanda 314.000,85 Bandaríkjadali miðað við sölugengi íslenskra banka á Bandaríkjadölum á greiðsludegi auk vaxta frá og með 1. nóvember 1989, sem nemi 1,5% p. a. yfir millibankavöxtum á dollurum (Libor) á erlendum fjármagnsmörkuðum miðað við lán til 6 mánaða til 1. nóvember 1990, en með dráttarvöxtum skv. auglýsingu Seðlabanka Íslands, nú 15% p. a., frá þ. d. til greiðsludags auk 0,5% yfirfærslugjalds og 0,25% p. a. sérstaks ábyrgðargjalds af höfuðstól stefnufjárhæðar. Þá krefst stefnandi málskostnaðar skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands og málskostnaðarreikningi. Er þess krafist, að dæmdur málskostnaður beri dráttarvexti skv. III. kafla l. nr. 25/1987 að liðnum 15 dögum frá dómsuppsögu til greiðsludags.

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega, að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda, en til vara er þess krafist, að dómkröfur stefnanda verði lækkaðar verulega. Þá krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands og að dæmdur málskostnaður beri dráttarvexti skv. III. kafla l. nr. 25/1987 að liðnum 15 dögum frá dómsuppsögu til greiðsludags.

Málavextir.

Með yfirlýsingu, dagsettri 30. júní 1987, tókst stefndi á hendur sjálfskuldarábyrgð á láni, er stefnandi veitti Vogalaxi hf., að jafnvirði tíu milljónir kr. í Bandaríkjadölum. Yfirlýsingin hljóðar svo:

„Fjárfestingarfélag Íslands hf. tekst hér með á hendur sjálfskuldarábyrgð v/Vogalax hf. á láni frá Framkvæmdasjóði Íslands, að jafnvirði 10.000.000 kr. – tíu milljónir króna – í Bandaríkjadollurum. Ábyrgðin nær til vaxta, dráttarvaxta og innheimtukostnaðar, allt skv. reikningi Framkvæmdasjóðs Íslands. Ábyrgðin helst óbreytt, þótt veittur verði greiðslufrestur á láninu einu sinni eða oftar. Ábyrgð þessi fellur úr gildi, þegar framkvæmdum 2,5 milljóna seiða stöðvar lýkur nú í haust og nýtt mat um fullnægjandi veðhæfni liggur fyrir."

Vogalax hf. var stofnað árið 1985. Aðalhluthafi þess var stefndi, en einnig átti bandaríska fyrirtækið Weierhauser Company stóran hlut í félaginu. Þá áttu einstaklingar, sem voru í stjórn og varastjórn stefnda, svo og framkvæmdastjóri stefnda hlut í félaginu. Vogalax hf. rak hafbeitarstöð að Vogum við Vatnsleysuströnd.

Í júlí 1987 veitti stefnandi Vogalaxi hf. lán, að fjárhæð 623.052,95, Bandaríkjadali, sem tryggt var með 5. veðrétti í spildu við Vogavík, Vatnsleysustrandarhreppi, sem að hluta til var athafnasvæði Vogalax hf. Spildu þessa hafði stefndi tekið á leigu af Vatnsleysustrandarhreppi 1. október 1981, og samþykkti hann veðsetningu þessa.

Af hálfu Vogalax hf. var óskað eftir frekari lánveitingum frá stefnanda, og 3. september 1987 gaf stjórn Vogalax hf. út veðskuldabréf til stefnanda, að fjárhæð 256.278,83 Bandaríkjadalir eða jafnvirði 10.000.000 króna miðað við gengi Bandaríkjadals við útgáfu bréfsins. Lánið var til tólf ára án endurgreiðslu fyrstu þrjú árin, en skyldi síðan endurgreitt með jöfnum afborgunum árin 1991–1999 1. nóvember ár hvert, í fyrsta skipti 1. nóvember 1991. Vexti skyldi þó greiða í fyrsta skipti 1. nóvember 1987. Lán þetta var tryggt með 6. veðrétti í sömu landspildu og hið fyrra lán, og er skuldabréfið áritað um samþykki stefnda vegna ofangreindrar veðsetningar. Fyrir neðan undirskriftir stjórnarmanna Vogalax hf. og undirskrift þáverandi framkvæmdastjóra stefnda á bréfinu er vélritað, að lánið sé enn fremur tryggt með sjálfskuldarábyrgð Fjárfestingarfélags Íslands hf. skv. yfirlýsingu, dags. 30. júní 1987.

Vilhjálmur Guðmundsson, framkvæmdastjóri Vogalax hf., ritaði stefnanda bréf 2. ágúst 1989 og óskaði eftir veðleyfi vegna erlends láns, sem hvíla átti samhliða öðrum lánum á 4. veðrétti á undan lánum stefnanda á 5. og 6. veðrétti. Í bréfi þessu segir m. a.: „Gert verður ráð fyrir að áður útgefnar ábyrgðir verði óbreyttar."

Stjórnarmaður og framkvæmdastjóri Vogalax hf. rituðu stefnanda bréf 2. október 1989, og fara þar fram á, að stefnandi taki þátt í fjárhagslegri endurskipulagningu, sem félaginu sé nauðsynleg, ef það eigi að geta haldið áfram

rekstri. Í bréfinu kemur fram, að fjárhagur félagsins sé kominn í þrot vegna lélegrar laxgengdar um sumarið. Er þess farið á leit við Framkvæmdasjóð, að hann samþykki, að lán hans á 5. og 6. veðrétti í landspildunni við Vogavík víki fyrir nýju láni frá Fiskveiðasjóði, enn fremur, að Framkvæmdasjóður taki þátt í að útvega 100 milljóna króna rekstrarlán til félagsins gegn veði í afurðum þess. Þá segir í bréfinu, að best væri, að Framkvæmdasjóður breytti láni sínu í víkjandi lán.

Með bréfi, dags. 20. október 1989, var framangreindri beiðni Vogalax hf. hafnað af hálfu stefnanda.

Þegar hér var komið sögu, höfðu áðurgreindar veðskuldir Vogalax hf. við stefnanda verið í vanskilum frá 1. nóvember 1987.

Hinn 13. nóvember 1989 ritaði þáverandi forstjóri stefnda stefnanda bréf og fór fram á, að stefnandi staðfesti skriflega þann skilning stefnda, að tímabundin sjálfskuldarábyrgð stefnda, út gefin 30. júní 1987, á láni Vogalax hf. hjá Framkvæmdasjóði væri niður fallin. Segir í bréfinu, að viðmiðunartímasetning ábyrgðarinnar sé löngu liðin og að veðhæfni eigna Vogalax hf. hafi vaxið umtalsvert.

Í svarbréfi stefnanda, dags. sama dag, er því lýst yfir af hálfu sjóðsins, að það sé eindregin skoðun stjórnar hans, að sjálfskuldarábyrgð stefnda sé enn í fullu gildi, enda hafi ætíð verið við þá staðreynd miðað í viðskiptum við Vogalax hf., og er í því sambandi vísað til bréfs framkvæmdastjóra Vogalax hf. til Framkvæmdasjóðs, dags. 2. ágúst 1989.

Með bréfi, dags. 15. nóvember 1989, ítrekar forstjóri stefnda þann skilning Fjárfestingarfélags Íslands hf., að ábyrgð félagsins gagnvart Framkvæmdasjóði vegna láns Vogalax hf. sé niður fallin. Segir í bréfinu, að það hafi ávallt verið skilningur bréfritara, að ábyrgðin næði einungis fram á haustið 1987. Ábyrgðin hafi því ekki verið staðfest eða undirrituð af stjórn eða framkvæmdastjóra félagsins, þegar skuldabréfið var gefið út í september 1987. Þá segir, að framkvæmdastjóra Vogalax hf. hafi ávallt verið ljós þessi skoðun félagsins.

Stefnandi og Vogalax hf. sömdu um breytingu á skilmálum áðurgreinds skuldabréfs frá 3. september 1987 í yfirlýsingu, dagsettri 9. janúar 1990. Í framangreindri yfirlýsingu um skuldbreytingu lánsins er skuldabréfinu m. a. lýst svo, að það sé tryggt með 6. veðrétti í fiskræktarstöð á landspildu við Vogavík, Vatnsleysustrandarhreppi, og að auki með sjálfskuldarábyrgð Fjárfestingarfélags Íslands. Yfirlýsingin er undirrituð af forsvarsmönnum stefnanda og stjórnarmönnum Vogalax hf.

Í janúar 1990 gaf Vogalax hf. út yfirlýsingu til Fiskveiðasjóðs í tilefni innlausnar hins síðarnefnda á vaxtagreiðslum lána Vogalax, er Fiskveiðasjóður

ábyrgðist gagnvart Landsbanka Íslands. Til tryggingar ábyrgðum sínum hafði Fiskveiðasjóður veð í fasteignum Vogalax hf. Í tilefni framangreindrar innlausnar var tryggingabréfunum skuldbreytt, og nutu þau sömu veðtryggingar og hin fyrri. Bréfið er áritað um samþykki stefnanda sem eiganda veða, er á eftir komu. Í framangreindri yfirlýsingu kemur fram, að ábyrgðir Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna og Fjárfestingarfélagsins standi áfram óbreyttar.

Hlutafélagið Vogalax var úrskurðað gjaldþrota 17. ágúst 1990.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að sjálfskuldarábyrgðin sé ekki tímabundin. Ábyrgðinni hafi verið ætlað að vara út greiðslutíma skuldabréfsins, ef lausnarskilyrði ábyrgðarinnar kæmu ekki fram.

– – –

Málsástæður og lagarök stefnda.

Af hálfu stefnda er við það miðað í fyrsta lagi, að lausnarskilyrði ábyrgðaryfirlýsingarinnar hafi þegar verið fram komin við útgáfu skuldabréfsins 3. september 1987. Stefnandi hafi tekið veð í fasteignum Vogalax hf., þ. e. í landspildu við Vogavík, til tryggingar skuldinni. Sú veðsetning feli í sér mat á veðhæfni. Stefnandi hafi þá þegar metið veðhæfni stöðvarinnar nægilega. Á það er bent af hálfu stefnda, að enginn skrifi undir vélritaðan texta á skuldabréfinu um það, að skuldin sé einnig tryggð með sjálfskuldarábyrgð stefnda. Því er mótmælt, að áritun fyrrum framkvæmdastjóra stefnda á skuldabréfið vegna veðsetningar hafi þau áhrif, að stefndi hafi staðfest sjálfskuldarábyrgð sína við útgáfu skuldabréfsins. Skv. 2. mgr. 52. gr. hlutafélagalaga nr. 32/1978, sbr. og 2. mgr. 10. gr. l. nr. 7/1936, hafi framkvæmdastjóri ekki heimild til ráðstafana, sem eru óvenjulegar eða mikils háttar, en líta verði svo á, að sjálfskuldarábyrgð á láni upp á 10.000 Bandaríkjadali sé bæði óvenjuleg og mikils háttar. Verði ekki fallist á framangreint, hafi lausnarskilyrði ábyrgðarinnar a. m. k. verið fram komin í ágúst 1989.

– – –

Niðurstaða.

Af orðalagi ábyrgðaryfirlýsingar stefnda frá 30. júní 1987 þykir mega ráða, að henni hafi verið ætlað að standa ótímabundið, þar til lausnarskilyrði ábyrgðarinnar væru fram komin. Samkvæmt yfirlýsingunni skyldi stefndi laus úr ábyrgð í fyrsta lagi, þegar framkvæmdum 2,5 milljóna seiða stöðvar lyki þá um haustið, og í öðru lagi, þegar nýtt mat um fullnægjandi veðhæfni lægi fyrir.

Gunnar Helgi Hálfdanarson, fyrrverandi forstjóri stefnda, og Vilhjálmur

Guðmundsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri Vogalax hf., hafa borið hér fyrir dómi, að framkvæmdum við seiðastöðina hafi að mestu verið lokið haustið 1987.

Í málinu hefur verið lögð fram matsgerð matsnefndar Fiskveiðasjóðs, dags. 3. ágúst 1989. Matsgerð þessari hefur verið mótmælt af hálfu stefnanda, þar sem hún sé gerð samkvæmt reglum Fiskveiðasjóðs, er miðist við aðrar forsendur en mat Framkvæmdasjóðs á fullnægjandi veðhæfi. Reynir Elíeserson tæknifræðingur, sá er vann framangreint mat, kom fyrir dóminn og staðfesti, að matsgerðin miðaðist við svokallað núvirðismat, þ. e., að kostnaður við allar framkvæmdir á staðnum svo og hlunnindi og landsleiguréttindi væru framreiknuð til núvirðis miðað við ágúst 1989.

Snorri Tómasson, starfsmaður Framkvæmdasjóðs, bar fyrir dóminum, að skilgreining sjóðsins á fullnægjandi veðhæfni, hvað varðaði hafbeitarstöðina, hefði verið sú, að veðið væri innan þess verðs, sem fást myndi fyrir fasteignina á nauðungaruppboði. Kvað hann engar reglur hafa myndast á þessum tíma um mat á veðhæfni hafbeitarstöðva, þar sem slík atvinnustarfsemi hefði þá verið á tilraunastigi. Atvinnustarfsemi þessi hefði verið þess eðlis, að almennar reglur um mat á veðhæfni fasteigna hefðu ekki átt við.

Fyrir liggur, að matsgerð þessari var ekki framvísað stefnanda fyrr en eftir gjaldþrot Vogalax hf. Matsgerðin nær til allra eigna Vogalax hf. við Vogavík, þ. e. bæði til landspildu samkvæmt leigusamningi frá 1. október 1981 svo og lands samkvæmt leigusamningi frá 22. maí 1987. Óupplýst er, hvar fasteignir Vogalax hf. eru á framangreindu svæði svo og aðrar framkvæmdir, sem metnar eru til verðs í matsgerðinni frá 3. ágúst 1989, en stefnandi átti aðeins veð í landspildu við Vogavík samkvæmt leigusamningnum frá 1. október 1981.

Í bréfi stjórnarmanns og framkvæmdastjóra Vogalax hf. frá 2. október 1989 kemur fram, að fjárhagur félagsins var á þessum tíma kominn í þrot. Fyrrum forstjóri stefnda hefur og borið það fyrir réttinum, að haustið 1989 hafi stefndi afskrifað allt hlutafé sitt í Vogalaxi hf. svo og viðskiptaskuldir Vogalax hf. Tæpu einu og hálfu ári síðar, þ. e. 24. janúar 1991, var landspildan við Vogavík seld á nauðungaruppboði, og greiddist aðeins upp í kröfur á 1. og 2. veðrétti.

Af hálfu stefnda hefur verið lagt fram afrit af fundargerð stjórnarfundar í Fjárfestingarfélagi Íslands hf., er haldinn var 30. júní 1987. Þar segir m. a.: „Vilhjálmur Guðmundsson skýrði frá því að Framkvæmdasjóður hefði fallist á að skuldbreyta lánum fyrirtækisins og lána til viðbótar kr. 10 millj. með sjálfskuldarábyrgð Fjárfestingarfélagsins, en ábyrgð félagsins væri nauðsynleg þar sem veðhæfni eigna væri ekki nægjanleg sem stendur. Veðhæfni ætti

þó að vera nægjanleg eftir þær framkvæmdir sem fyrirhugaðar eru í sumar og þá ætti að vera hægt að aflétta ábyrgðinni. Ábyrgðin var samþykkt samhljóða."

Samkvæmt framanrituðu þykir mega ráða, að það hafi verið skilningur stjórnar stefnda sumarið 1987, að aflétta yrði ábyrgðinni á formlegan hátt. Loks tveimur árum síðar, þ. e. 13. nóvember 1989, fór stefndi formlega fram á það við stefnanda, að hann staðfesti þann skilning félagsins, að ábyrgðin frá 30. júní 1987 væri niður fallin.

Í viðskiptum stefnanda og Vogalax hf. hafði komið fram, að stjórn og framkvæmdastjóri Vogalax hf. töldu ábyrgðina í fullu gildi, sbr. bréf framkvæmdastjóra Vogalax hf. til stefnanda, dags. 2. ágúst 1989, og skuldbreytingaryfirlýsinguna frá 9. janúar 1990. Þar sem veruleg tengsl voru á milli stefnda og Vogalax hf., verður að telja, að stefnandi hafi mátt ætla, að stjórn stefnda hafi verið kunnugt um framangreindan skilning stjórnar og framkvæmdastjóra Vogalax hf.

Eins og málsatvikum er háttað hér, þ. á m. hinum nánu tengslum stefnanda og Vogalax hf., þykir mega fallast á það með stefnanda, að stefnda hafi borið að eiga frumkvæði að því, að ábyrgðinni yrði aflétt með því að sýna fram á, að lausnarskilyrði ábyrgðarinnar væru fram komin, þ. e. fullnægjandi veð væri fyrir hendi til tryggingar skuldbindingar Vogalax hf.

Af hálfu stefnda hefur því m. a. verið haldið fram, að skuldbreytingin frá 9. janúar 1990 svo og veðleyfi stefnanda frá janúarmánuði s. á. feli í sér sjálfstæðan forsendubrest ábyrgðaryfirlýsingar stefnda frá 30. júní 1987. Eigi þykir unnt að túlka orð ábyrgðaryfirlýsingarinnar svo, að forsenda hennar hafi verið sú, að auk hennar væri lánið tryggt með fasteignaveði. Ábyrgðin var enda gefin út vegna þess, að fasteignir Vogalax hf. þóttu ekki veðhæfar.

Yfirlýsingin um skuldbreytingu á láninu frá 3. september 1987, sem dagsett er 9. janúar 1990, þykir ekki fela í sér svo verulega breytingu á skyldu stefnda sem ábyrgðarmanns, að hún feli í sér sjálfstæðan forsendubrest ábyrgðarinnar, með hliðsjón af því einnig, að samkvæmt 12. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 hefði stefnanda verið heimilt að bæta áföllnum dráttarvöxtum við höfuðstól skuldabréfsins. Þá kemur og til orðalag yfirlýsingarinnar, þar sem sagt er, að ábyrgðin haldist óbreytt, þótt veittur verði greiðslufrestur á láninu. Þykir því ábyrgðaryfirlýsing stefnda taka til skuldbindingar Vogalax hf., eins og hún var eftir skuldbreytinguna 9. janúar 1990.

Samkvæmt framansögðu verður því niðurstaða málsins sú, að dómkröfur stefnanda verða teknar til greina.

Málskostnaður ákveðst 1.100.000 krónur.

Allan Vagn Magnússon borgardómari kvað upp dóm þennan.
Dómsuppsaga hefur dregist vegna anna.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Fjárfestingarfélag Íslands hf., greiði stefnanda, Framkvæmdasjóði Íslands, 314.000,85 Bandaríkjadali miðað við gengi á greiðsludegi auk vaxta frá og með 1. nóvember 1989, sem nemi 1,5% p. a. yfir millibankavöxtum á dollurum (Libor) á erlendum fjármagnsmörkuðum miðað við lán til 6 mánaða, til 1. nóvember 1990, en með dráttarvöxtum skv. auglýsingu Seðlabanka Íslands frá þeim degi til greiðsludags auk 0,5% yfirfærslugjalds og sérstaks ábyrgðargjalds af höfuðstól stefnufjárhæðar, sem er 0,25% á ári.

Stefndi greiði stefnanda 1.100.000 kr. í málskostnað, og beri málskostnaðarfjárhæð dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga, frá því að 15 dagar eru liðnir frá uppsögu dóms til greiðsludags.

Fimmtudaginn 26. janúar 1995.

Nr. 426/1993. **M**

(Gunnar Sæmundsson hrl.)

gegn

K

(Árni Halldórsson hrl.)

Börn. Forsjá. Lögvarðir hagsmunir. Frávísun frá Hæstarétti. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. október 1993. Dómkröfur hans eru þær, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og hann sýknaður af kröfu stefndu um forsjá dóttur þeirra. Jafnframt verði stefndu gert að greiða sér málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda krefst staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Að ákvörðun Hæstaréttar var mál þetta flutt um formhlið þess, þegar það kom til munnlegs flutnings 20. þessa mánaðar. Krafðist stefnda þess þá, að málinu yrði vísað frá Hæstarétti og sér dæmdur málskostnaður fyrir réttinum úr hendi áfrýjanda. Af hálfu áfrýjanda var þess krafist, að lagður yrði efnisdómur á málið. Jafnframt krafðist hann málskostnaðar úr hendi stefndu í héraði og fyrir Hæstarétti í því tilviki, að málinu yrði vísað frá.

Málsaðilar eru foreldrar stúlkunnar H, sem náði sjálfræðisaldri 8. september 1994, er hún varð 16 ára, sbr. 1. gr. lögræðislaga nr. 68/1984. Í leyfi til lögskilnaðar milli foreldranna 17. nóvember 1988 ákvað dómsmálaráðuneytið, að áfrýjandi skyldi hafa forsjá stúlkunnar samkvæmt VIII. kafla barnalaga nr. 9/1981, sbr. nú VI. kafla barnalaga nr. 20/1992, og með ákvörðun 9. febrúar 1990 hafnaði ráðuneytið kröfu um breytingu á þeirri tilhögun. Stefnda höfðaði síðan mál þetta með kröfu um, að sér yrði falin forsjá stúlkunnar í

stað áfrýjanda. Var ágreiningsefni í málinu einvörðungu það, hvort foreldranna skyldi hafa forsjána, og úr því leyst í hinum áfrýjaða dómi. Stúlkan er nú sjálfráða, og hafa málsaðilar ekki lengur lögvarða hagsmuni af því, að úrlausn dómsins komi til endurskoðunar fyrir Hæstarétti, sbr. 29. gr. barnalaga nr. 20/1992. Samkvæmt þessu ber að vísa málinu frá Hæstarétti.

Rétt er eftir atvikum, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Sem fyrr segir, var áfrýjunarstefna gefin út 22. október 1993, og bað lögmaður áfrýjanda um dómsgerðir í málinu með bréfi til Héraðsdóms Reykjavíkur, er ritað var sama dag. Dómsgerðirnar voru þó ekki tilbúnar fyrr en 10. mars 1994, eftir því sem áritun héraðsdómara sýnir, og tók lögmaðurinn við þeim 5. apríl sama ár. Þessi dráttur á frágangi dómsgerðanna fór í bága við brýn ákvæði 1. mgr. 17. gr. reglugerðar nr. 225/1992 um skráningu mála hjá héraðsdómstólum, þingbækur, skjalavörslu o. fl., sbr. 15. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. og 1. mgr. 34. gr. barnalaga nr. 20/1992. Verður að átelja hann.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Fimmtudaginn 26. janúar 1995.

Nr. 148/1992. **Ingibjörg Helga Óskarsdóttir**
(Sigmundur Hannesson hrl.)
gegn
Sigurði Valdimarssyni og
Þorkeli Valdimarssyni og
Sjóvá-Almennum tryggingum hf.
til réttargæslu
(Guðmundur Pétursson hrl.)

Skaðabótamál. Fasteign. Örorka. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma Gunnlaugur Claessen hæstaréttardómari, Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari, og Gunnar M. Guðmundsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 1. apríl 1992 og gerir þær dómkröfur, að stefndu verði dæmdir in solidum til að greiða sér 2.262.460 krónur ásamt „vegnu meðaltali ársávöxtunar á nýjum almennum útlánum hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum á hverjum tíma skv. 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. l. nr. 67/1989“, af 2.211.514 krónum frá 18. janúar 1988 til 11. ágúst s. á., en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga af 2.243.685 krónum frá þeim degi til 15. nóvember 1991 og af 2.262.460 krónum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefndu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Réttargæslustefndi hefur ekki uppi kröfur í málinu.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fram í Hæstarétti.

Stefnda Sigríður Valdimarsdóttir lést 7. apríl 1994. Tók dánarbú hennar þá við aðild málsins, sbr. 2. mgr. 23. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, en einkaskiptum í dánarbúinu lauk 2. september 1994. Einu erfingjar í dánarbúinu voru meðstefndu.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur sú breyting orðið á stéttinni

meðfram framhlið hússins nr. 17 við Austurstræti, að marmarinn hefur verið fjarlægður af stéttinni, hitalögn komið fyrir undir henni og yfirborð hennar steinsteypt. Þessar aðgerðir stuðla að því, að stéttin verði ekki lengur hálli í vetrarfærð en göngugatan meðfram henni.

Umrædd stétt mun hafa verið rúmlega einn metri á breidd og í sömu hæð og göngugatan, þar sem hún liggur meðfram stéttinni og fast upp að henni. Á ytra borði greindi það eitt að göngugötuna og stéttina, áður en henni var breytt í núverandi horf, að gatan var lögð steinsteyptum gangstéttarhellum, en stéttin marmaraplötum. Þegar lausamjöll þakti allt svæðið, eins og gerst hafði að morgni 18. janúar 1988, er áfrýjandi átti þar leið um, var þessi munur á yfirborði göngugötunnar og stéttarinnar hulinn. Jafnframt hafði lausamjöllin valdið þeim mun á yfirborði þessara göngusvæða, að stéttin var mun hálli en gatan. Það hlaut því að vera undir hælinn lagt, hvort vegfarendur um svæðið vöruðust hina sérstöku slysahættu, sem þar leyndist á almennri gönguleið og víst má telja, að verið hafi veruleg. Engra haldbærra gagna nýtur í málinu um það, að hvaða marki það kunni að hafa dregið úr hálku á stéttinni, að nýjar marmaraplötur, sem komu í stað brotinna, voru sýrubornar. Eigi verður séð, að aðrar ráðstafanir hafi verið gerðar í því skyni að draga úr umræddri slysahættu.

Óvefengt er, að slysið hafi orðið með þeim atvikum, sem lýst er í hinum áfrýjaða dómi. Verður það því gagngert rakið til hinnar varhugaverðu aðstöðu á slysstað, sem að framan er lýst. Með skírskotun til þessa ber að leggja á stefndu fébótaábyrgð á slysinu. Í gögnum málsins um atvik að slysinu kemur ekkert fram, sem bendir til þess, að við áfrýjanda sé um slysið að sakast. Eru því ekki efni til að takmarka bótarétt hennar á hendur stefndu.

Áfrýjandi sundurliðar fjárhæð bótakröfu sinnar þannig:

1. Atvinnutjón í fjóra mánuði	kr.	221.104
2. Örorkutjón	–	1.553.039
3. Töpuð lífeyrisréttindi	–	106.008
4. Miski	–	306.388
5. Útlagður kostnaður	–	75.921
	Kr.	2.262.460

Um 1.

Við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti kom það fram, að áfrýjandi hefði haldið óskertum launum, meðan hún var óvinnufær eftir slysið. Þessi kröfuliður á því engan rétt á sér.

Um 2. og 3.

Meiðslum áfrýjanda af völdum slyssins og afleiðingum þeirra er ýtarlega lýst í örorkumati tryggingayfirlæknis 9. febrúar 1989. Þar segir m. a.:

„. . . hún fékk samfallsbrot á tvo hryggjarliði, Th. XII. og L-I. Alveg óvinnufær vegna nefnds slyss er slasaða talin hafa verið í tvo mánuði. Eftir það var starfsgeta verulega skert í aðra tvo mánuði og varanlega er hér um nokkra örorku að ræða. . . .

Við objectiva skoðun greinast engin neurologisk brottfallseinkenni frá fótlimum slösuðu. Þannig eru taugaviðbrögð jöfn og að því er virðist eðlileg. Engin merki eru um skerta blóðrás til ganglima eða vöðvarýrnanir. Hreyfingar í ganglimum eru innan eðlilegra marka og Laseque neikvæður báðum megin. Við skoðun á hrygg kemur fram mikil kyphosa á brjósthluta hryggjar. Slasaða fixerar við hliðarsveigjur á lumbosacralsvæði hryggjar meira við sveigju til hægri. Áberandi myosur eru paravertebralt alveg frá herðablöðum og niður á sacralsvæði. Þessar myosur eru nokkuð jafnar báðum megin. Um það bil fimm cm vantar á að fingurgómar nemi við gólf í fullri frambeygju með bein hné.

. . . Fyrir var slasaða með nokkra kyphosu (kryppu) á brjósthluta hryggjar, en fann ekki mikið til óþæginda frá baki fyrr en eftir nefnt slys. Slasaða á nú bágt með alla raun á bakið, t. d. á hún bágt með að vinna lotin en einnig á hún bágt með að bera í höndum. Þá eru snúningshreyfingar sárar og valda verkjum.

Þessi takmörkun á álagsgetu hryggjar veldur slösuðu verulegum erfiðleikum í starfi sem hjúkrunarfræðingi. Hún á nú bágt með að sinna sjúklingum í lotinni stöðu og einnig á hún bágt með að lyfta sjúklingum en slíkt þurfa hjúkrunarfræðingar að sjálfsögðu oft að gera í störfum sínum. Ekki er von að úr rætist, fremur að einkenni kunni að aukast með hækkuðum aldri. Þó verður tíminn að leiða í ljós hvað úr verður. . . .“

Varanleg örorka áfrýjanda af völdum slyssins er metin 15%.

Áfrýjandi gaf aðilaskýrslu á bæjarþingi Reykjavíkur 25. nóvember 1991. Þar greinir hún frá því, að hún hafi verið mjög slæm í baki og haft mikla verki, er hún hóf aftur störf eftir slysið. Áfrýjandi hafði áður unnið á legudeild, en kveðst eingöngu hafa getað starfað á dagdeild eftir slysið. Mikill stirðleiki í baki hái henni við snúninga og ýmsar hreyfingar. Kveðst hún ekki geta lyft neinu fyrir verkjum. Hún fái einnig verki í bakið, þegar hún sé þreytt. Áfrýjandi kveðst mjög lýtt á baki, sem hafi bognað mikið eftir slysið, og hún aflagast í vexti.

Í héraðsdómi er getið vottorðs Kristjönu Kjartansdóttur læknis frá 1. júní 1988, þar sem gerð er stutt grein fyrir meiðslum áfrýjanda af völdum slyssins. Í vottorði sama læknis 5. janúar sl. segir m. a.:

„. . .Ingibjörg var gjörsamlega óvinnufær í 2 mánuði. Hefur eftir þetta ekki getað unnið þá vinnu sem hún áður stundaði, hjúkrunarfræðingur á almennri lyflæknisdeild. Fær enn við álag verki í bak. Þarf stöðugt að stunda æfingar til þess að draga úr einkennum og fær fljótt bakverki ef hún tekur sér hvíld frá þeim. Hefur haft aukin óþægindi undanfarnar vikur af bakverkjum vegna aukins álags vegna verkfalls sjúkraliða."

Áfrýjandi er fædd 15. janúar 1931 og var því nýorðin 57 ára, er hún varð fyrir umræddu slysi. Hún er húsmóðir á þriggja manna heimili, þar sem auk hennar og eiginmanns hennar var, er hún slasaðist, uppkominn sonur þeirra. Áfrýjandi er hjúkrunarfræðingur að mennt. Starfaði hún hjá Reykjavíkurborg 1984 og 1985, en á Landakotsspítala 1986 og 1987.

Hinn 5. apríl 1989 reiknaði Guðjón Hansen tryggingafræðingur út áætlað örorkutjón áfrýjanda á grundvelli 15% varanlegrar örorku. Útreikningurinn er tvíþættur, annars vegar miðaður við heimilisstörf, en hins vegar störf utan heimilis. Eigi er krafist örorkubóta vegna fyrri þáttarins, og kemur hann því ekki til álita. Vegna starfa utan heimilis eru laun þriggja næstu ára fyrir slysið lögð til grundvallar, umreiknuð með tilliti til launabreytinga, sem orðið höfðu. Með því móti námu áætluð árslaun eftir 1989 1.015.715 krónum og höfuðstóll varanlegs örorkutjóns 1.094.843 krónum. Miðað við tap

lífeyrissjóðsréttinda í hlutfalli við tap launatekna nam höfuðstóll þess tjóns 78.519 krónum. Við útreikninga þessa er reiknað með almennum sparisjóðsvöxtum Landsbanka Íslands, eins og þeir voru á hverjum tíma frá slysdegi til útreikningsdags, en 6% ársvöxtum frá þeim degi til frambúðar.

Áætlað örorkutjón áfrýjanda var reiknað út að nýju 15. nóvember 1991, en við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti var lagður fram nýr örorkuútreikningur Guðjóns Hansens frá 9. janúar sl. Í honum er endurskoðuð fyrri áætlun launatekna áfrýjanda vegna hækkunar, sem orðið hafði á launum hennar vegna breytinga á kjarasamningum hjúkrunarfræðinga. Þá er í hinum nýja örorkuútreikningi reiknað með almennum sparisjóðsvöxtum frá slysdegi til hins nýja útreikningsdags. Miðað við þessar breyttu forsendur nema árstekjur, sem lagðar voru til grundvallar við fyrsta útreikninginn, 1.072.991 krónu eftir 1989, en fara síðan árlega hækkandi, uns þær eru komnar í 1.423.572 krónur eftir 1994. Verðmæti höfuðstóls örorkutjóns nemur samkvæmt þessum nýja útreikningi 1.602.833 krónum og höfuðstóll tapaðra lífeyrissjóðsréttinda 108.995 krónum. Nú er reiknað með einföldum vöxtum til útreikningsdags, en vöxtum og vaxtavöxtum eftir það. Að öðru leyti eru forsendur upphaflegs örorkuútreiknings óbreyttar. Kröfugerð áfrýjanda fyrir Hæstarétti er reist á þessum nýja örorkuútreikningi.

Í málinu nýtur ekki frekari gagna en að framan eru rakin um fjártjón áfrýjanda vegna varanlegrar örorku af völdum slyssins. Af hálfu stefndu er örorkumatið ekki vefengt, en fjárhæðum þessara kröfuliða er mótmælt sem of háum, þar sem koma eigi til lækkunar þeim 5% vegna hagræðis af greiðslu örorkubóta í einu lagi og taka beri fullt tillit til ávinnings áfrýjanda af skattfrelsi örorkubóta.

Þegar allt framanskráð er virt og meðal annars tekið tillit til skattfrelsis örorkubóta, telst tjón áfrýjanda samkvæmt kröfuliðum þessum nema samtals 1.250.000 krónum.

Um 4.

Þegar virt eru meiðsli áfrýjanda og afleiðingar þeirra, þykir tjón hennar vegna miska hæfilega metið 250.000 krónur.

Um 5.

Þessi kröfuliður, sem sætir ekki andmælum, verður tekinn til greina við ákvörðun málskostnaðar.

Samkvæmt þessu verða stefndu dæmdir til að greiða áfrýjanda óskipt 1.500.000 krónur (1.250.000 + 250.000) með vöxtum eins og í dómsorði greinir.

Rétt er, að stefndu greiði in solidum 250.000 krónur í málskostnað í héraði, er renni í ríkissjóð, og áfrýjanda 300.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti. Hefur þá verið tekið tillit til kostnaðar samkvæmt 5. kröfulið. Ákvörðun héraðsdómara um málsóknarlaun í héraði er ekki til endurskoðunar fyrir Hæstarétti.

Aðalflutningur málsins í héraði fór fram 25. nóvember 1991. Hinn 16. janúar 1992 var málið tekið fyrir að nýju með eftirfarandi bókun: „Málið er nú flutt að nýju eftir því sem lög og efni standa til." Hvorki voru gögn lögð fram né skýring gefin á þessari málsmeðferð.

Dómsorð:

Stefndu, Sigurður Valdimarsson og Þorkell Valdimarsson, greiði in solidum áfrýjanda, Ingibjörgu Helgu Óskarsdóttur, 1.500.000 krónur með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 2. gr. laga nr. 67/1989, frá 18. janúar 1988 til 9. janúar 1995, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndu greiði in solidum 250.000 krónur í málskostnað í héraði, er renni í ríkissjóð, og áfrýjanda 300.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Sératkvæði
Arnljóts Björnssonar

Stefndu verður ekki metið til sakar, að hitalögn var ekki sett undir marmarahellur á lóðinni fyrir framan Austurstræti 17 fyrr en nokkrum árum eftir slys það, sem hér er deilt um.

Í málinu er komið fram, að áfrýjandi og vitnið Stefanía Gísladótt-

ir voru á leið til vinnu sinnar á Landakotsspítala morguninn, sem slysið varð. Gengu þær vestur gangstéttina fyrir framan verslunarhús stefndu. Segir áfrýjandi, að hún hafi runnið í snjó, sem lá yfir marmarahellunum. Af hálfu stefndu hefur ekki verið vefengt, að áfrýjandi hafi fallið á hellunum, en ekki gangstéttinni sjálfri.

Húsvörður Austurstrætis 17, starfsmaður stefndu, skýrir svo frá, að tvívegis eftir slysið hafi marmarahellur fyrir framan húsið brotnað. Í stað þeirra hafi verið lagðar nýjar hellur, og hafi hellur, sem lagðar voru sumarið 1989, verið sýrubornar að lokinni viðgerð. Ástæðu þess segir húsvörðurinn hafa verið þá, að nýju hellurnar hafi verið sleipari en hinar eldri. Marmarahellur þessar verði grófari og stamari með aldrinum.

Engin sérstök rannsókn fór fram á marmarahellunum eftir slysið. Upplýsingar um ástand þeirra liggja ekki fyrir frá kunnáttumönnum eða hvort telja megi þær verulega hættulegar í snjó eða raka. Þykir því mega leggja til grundvallar mat héraðsdómara, sem fór á vettvang og skoðaði marmarahellurnar. Álit hans er, að marmarahellurnar séu í bleytu og snjó nokkru hálli en steinsteyptar gangstéttarhellur, en þó ekki þannig, að sérstök hætta stafi af þeim fyrir gangandi vegfarendur, ef gætt er eðlilegrar varkárni. Hellurnar voru teknar burt síðar.

Samkvæmt þessu og með hliðsjón af fyrri úrlausnum Hæstaréttar í málum um slys vegfarenda, t. d. dómi 25. apríl 1966 í máli nr. 152/1965, þykir ekki leitt í ljós, að slysið verði rakið til vanbúnaðar fasteignar stefndu eða annarra atvika, sem þeir bera ábyrgð á.

Tel ég, að staðfesta beri héraðsdóm með skírskotun til forsendna hans og þess, sem nú var rakið.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 27. janúar 1992.

Mál þetta, sem dómtekið var 16. janúar sl., er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, út gefinni 8. apríl 1991. Málið var þingfest á reglulegu bæjarþingi 18. apríl sama ár. Stefnandi er Ingibjörg Helga Óskarsdóttir, kt. 150131-4729, Álfhólsvegi 153, Kópavogi. Stefndu eru Sigurður Valdimarsson, kt. 170737-3699, Bollagörðum 2, Seltjarnarnesi, Þorkell Valdimarsson, kt. 031032-7769, Bergþórugötu 23, Reykjavík, og Sigríður Valdimarsdóttir, kt. 100640-3689, Freyjugötu 46, Reykjavík, sameigendur fasteignarinnar nr. 17 við Austurstræti í Reykjavík. Jafnframt er Benedikt Sveinssyni, kt. 310738-3879, sem stjórnarformanni Sjóvá-Almennra trygg-

inga hf., kt. 701288-1739, stefnt fyrir hönd félagsins til réttargæslu í máli þessu.

Dómkröfur.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að aðalstefndu verði dæmdir in solidum til að greiða 2.262.460,00 krónur ásamt vegnu meðaltali ársávöxtunar á nýjum almennum útlánum hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum á hverjum tíma samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. l. nr. 67/1989, af 2.211.514 kr. frá slysdegi 18. janúar 1988 til 11. ágúst 1988, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá þeim degi til 6. apríl 1989, en af 2.243.685 kr. frá þeim degi til 15. nóvember 1991, en af 2.262.460 kr. frá þeim degi til greiðsludags.

Þá krefst stefnandi málskostnaðar – – –.

Ekki eru gerðar kröfur á hendur réttargæslustefnda, Sjóvá-Almennum tryggingum hf., í máli þessu.

Dómkröfur aðalstefndu eru þær, að þeir verði algjörlega sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og þeim tildæmdur hæfilegur málskostnaður að mati dómsins. Í greinargerð sinni kveða aðalstefndu ekki ástæðu til að gera varakröfu um lækkun, sem byggð yrði á sakarskiptingu, en kveða aðalkröfuna taka til sýknu að hluta.

Af hálfu réttargæslustefnda er tekið undir sýknukröfu aðalstefndu.

Málavextir.

Atvik máls þessa eru þau, að um kl. 8.30 að morgni 18. janúar 1988 var stefnandi á göngu um Austurstræti í Reykjavík. Hitti hún þar Stefaníu Gísladóttur, kt. 220826-2369, og tóku þær tal saman. Er þeim varð gengið fram hjá versluninni Víði, sem er til húsa á jarðhæð fasteignarinnar nr. 17 við Austurstræti í Reykjavík, skipti engum togum, að stefnandi datt á stéttinni fyrir utan verslunina. Þar hagar svo til, að rösklega eins metra breið rönd meðfram framhlið hússins, sem snýr að Austurstræti, er klædd grænleitum marmara. Stefnandi datt á marmaranum hægra megin við aðalinngang verslunarinnar.

Samkvæmt vottorði Veðurstofu Íslands var kl. 9.00 að morgni greindan dag jörð alþakin jafnfallinni lausamjöll og snjódýpt 11 cm. Hiti var mínus tvær gráður á Celsíus, fjögur vindstig á suðsuðvestan og snjóél.

Eftir slysið fékk stefnandi sára verki í mjóbak, sem lagði fram í kvið. Daginn eftir fór stefnandi á slysadeild Borgarspítalans, þar sem meiðsli hennar voru rannsökuð, en tveimur dögum eftir slysið voru teknar röntgenmyndir af stefnanda á Landakotsspítala. Sýndu röntgenmyndir, sem teknar voru af mjóhrygg, samfall á tveimur hryggjarliðum. Samkvæmt fram lögðu

vottorði heimilislæknis stefnanda, Kristjönu Kjartansdóttur, læknis á heilsugæslustöðinni í Kópavogi, dags. 1. júní 1988, er um að ræða klínísk merki um brot, eymsli yfir hryggjarlið og verki í baki og fram í kvið.

Stefnandi var óvinnufær í tvo mánuði eftir slysið, og starfsgeta hennar var verulega skert í aðra tvo mánuði. Björn Önundarson tryggingalæknir hefur metið örorku stefnanda vegna nefnds slyss, og er mat hans dags. 9. febrúar 1989, dskj. nr. 10. Mat læknirinn örorku stefnanda sem hér segir:

Í tvo mánuði	100%
Í tvo mánuði	50%
Varanleg örorka	15%

Ekki þykir þörf á að rekja efni örorkumatsins frekar, sbr. h-lið 193. gr. l. nr. 85/1936.

Á grundvelli framangreinds örorkumats reiknaði Guðjón Hansen tryggingafræðingur út fjárhagslegt tjón stefnanda 5. apríl 1989, dskj. nr. 18. Síðasti útreikningur tryggingafræðingsins er frá 15. nóvember 1991, dskj. nr. 24. Miðast sá útreikningur við sömu forsendur og hinn fyrri, en í hinum síðari hefur tekjuáætlun verið endurskoðuð með tilliti til almennra launabreytinga, sem urðu umfram það, sem vitað var um við fyrri útreikning. Þá hefur vaxtareikningi verið breytt í hinum síðari útreikningi vegna breytts útreikningsdags. Reiknaðist tryggingafræðingnum verðmæti tapaðra vinnutekna stefnanda vegna starfa utan heimilis nema alls 1.611.514 krónum miðað við einfalda almenna sparisjóðsvexti frá slysdegi til útreikningsdags.

Á slysdegi var í gildi svokölluð húseigendatrygging stefndu hjá tryggingafélaginu Sjóvá, nú Sjóvá-Almennum tryggingum hf. Með bréfi lögmanns stefnanda, dags. 11. júlí 1988, var tryggingafélagið krafið um bætur til handa stefnanda vegna slyssins. Var örorkumati og tjónsútreikningi framvísað síðar. Með bréfi, dags. 7. apríl 1989, höfnuðu Sjóvá-Almennar tryggingar hf. kröfum stefnanda um skaðabætur vegna slyssins, þar sem félagið taldi ekki um bótaskyldu húseigandans að ræða.

Hinn 19. júní 1991 veitti dóms- og kirkjumálaráðuneyti stefnanda gjafsókn.

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi kveðst reisa bótakröfur sínar á hendur stefndu m. a. á því, að stefndu og/eða þeir aðilar, sem hann beri ábyrgð á, þ. e. rekstraraðilar verslunarinnar Víðis í Austurstræti, hafi eigi gert ráðstafanir til þess að moka eða fjarlægja snjó af gangstéttinni fyrir utan verslunina á slysdaginn. Ráðstafanir, sem hægt hefði verið að gera til að draga úr slysahættu, hefðu hvorki þurft að vera dýrar né erfiðar í framkvæmd. Óstöðugt tíðarfar hér á landi dragi ekki úr skyldum húseigenda til að koma í veg fyrir slys af þessu

tagi, miklu fremur leggi það enn ríkari skyldur á herðar þeim í þessu efni en ella. Stefnandi kveður frumskylduna til að grípa til slíkra ráðstafana hvíla á húseiganda. Útleiga á fasteigninni leysi hann ekki undan þeirri skyldu.

Stefnandi kveðst jafnframt styðja bótakröfu sína því, að stefndu, þ. e. eigendur fasteignarinnar nr. 17 við Austurstræti í Reykjavík, hafi eigi á forsvaranlegan hátt gengið frá gangstétt fyrir utan fasteignina nr. 17 við Austurstræti, þar sem rösklega eins metra breið rönd meðfram versluninni sé klædd marmara, sem verði mjög háll í bleytu og snjó.

– – –

Af hálfu stefndu er því haldið fram, að það sé meginregla íslensks skaðabótaréttar, að eigendur fasteigna verði ekki skaðabótaskyldir vegna hálkuslysa, sem verði á lóð viðkomandi fasteignar.

Stefndu kveða enga lagareglu finnast í íslenskum rétti, sem leggi þá skyldu á herðar húseigendum að hreinsa eða moka snjó af stéttum eða götum þeim, er húsin standa við. Slík regla væri óframkvæmanleg hér á landi, ekki síst þegar miðað sé við Suðvesturland, þar sem iðulega skiptist á éljagangur og rigningarskúrir mörgum sinnum á dag vetrarmánuðina. Almennu skaðabótareglunni verði því ekki beitt í máli þessu, meðan engin jákvæð lagaregla hefur verið sett, sem skyldi húseigendur til að halda gangstéttum eða götum við hús sín hálkulausum.

Stefndu telja, að ekki sé unnt að rekja slys stefnanda til saknæmrar hegðunar stefndu. Taka verði tillit til aðstæðna hér á landi, þ. e. hins óstöðuga veðurfars. Þar sem veður sé svo óstöðugt hér á landi sem raun ber vitni, teljist það ekki saknæmt af hálfu húseigenda að moka ekki gangstéttir fyrir framan hús sín, ef snjór þar er ekki meiri en á gangstéttum annars staðar í bænum. Meta verði hér aðstæður eins og þær voru 18. janúar 1988, sérstaklega með tilliti til veðurs.

Hið óstöðuga tíðarfar hér á landi mæli einnig gegn því að leggja hlutlæga ábyrgð á húseigendur vegna slysa, sem verða vegna hálku við eða hjá inngangi eða tröppum húsa.

Stefndu kveða það ekki geta talist saknæmt, þótt marmari kunni að vera meðfram fasteign þeirra nr. 17 við Austurstræti. Þar sem jörð hafi verið alþakin 11 cm djúpri, jafnfallinni lausamjöll að morgni slysdags og einnig hafi verið hálka, hafi undirlagið enga þýðingu. Þá kveða stefndu algengt, að marmari sé notaður við inngöngudyr verslana og stofnana og nefna sem dæmi inngang á húsi Eimskipafélags Íslands í Hafnarstræti, pall fyrir framan Landssímahúsið í Reykjavík og inngang við Búnaðarbanka Íslands í Austurstræti.

Enda þótt talið sé, að marmarahellur séu hálli en venjulegar steinsteyptar hellur, teljist ekki óforsvaranlegt að nota þær sem gangstéttarhellur fyrir framan fasteign stefndu.

– – –

Forsendur og niðurstaða.

Dómarinn gekk á vettvang og kynnti sér aðstæður.

Ekki hefur verið sýnt fram á þau tengsl stefndu og rekstraraðila verslunarinnar Víðis, að stefndu geti borið ábyrgð á hugsanlegri vanrækslu þeirra á umsjón með fasteigninni, enda ekki annað upplýst í málinu en umsjón með fasteigninni nr. 17 við Austurstræti hafi verið í höndum stefndu eða starfsmanns á þeirra vegum.

Samkvæmt fram lögðu vottorði Veðurstofu Íslands, dskj. nr. 3, var kl. 6 að morgni slysdags úrkoma í grennd, en kl. 9 um morguninn og kl. 12 á hádegi gekk á með snjóéljum. Hitastig greint tímabil var á bilinu –1,5 til –2,9 stig á Celsíus. Eins og áður hefur komið fram, var jörð alþakin jafnfallinni lausamjöll kl. 9 um morguninn og snjódýpt 11 cm.

Fram hefur komið af hálfu stefnanda, að orsök slyssins hafi ekki verið sú, að svell eða hálkublettir hafi myndast á margnefndri marmararönd, heldur hafi 11 cm þykk jafnfallin lausamjöll hulið hana. Umrætt slys varð enda snemma morguns, áður en vænta má hálkumyndunar af völdum mikillar umferðar gangandi fólks.

Stefnandi og vitnið Stefanía Gísladóttir hafa borið það hér fyrir réttinum, að er slysið varð, hafi snjór legið yfir öllu, götum og gangstéttum, m. a. göngugötunni í Austurstræti svo og marmararönd þeirri, sem er fyrir framan fasteign stefndu. Ekki hefur af hálfu stefnanda verið sýnt fram á, að meiri snjór hafi legið yfir stétt stefndu en stéttinni í Austurstræti eða öðrum gangstéttum í borginni.

Með tilliti til þess, er að framan er rakið og eins og veðri var háttað á slysdag og búast má við á þessum tíma árs hér á landi, verður það eigi talið saknæmt af hálfu stefndu að hafa ekki umræddan morgun gert ráðstafanir til að moka eða fjarlægja á annan hátt snjó af gangstéttinni fyrir framan verslunina.

Nokkuð er um það, að stéttir við inngöngudyr stofnana og fyrirtækja, þar sem búist er við umferð gangandi fólks, séu lagðar marmaraflísum. Ljóst þykir, að marmaraflísar þær, sem eru meðfram framhlið hússins nr. 17 við Austurstræti, eru í bleytu og snjó nokkru hálli en venjulegar steinsteyptar gangstéttarhellur, en þó ekki svo, að sérstök hætta stafi af þeim fyrir gangandi vegfarendur, sé gætt eðlilegrar varkárni. Veður og aðstæður allar á slysdag gáfu einmitt tilefni til þess, að farið væri varlega. Ósannað er, að

gangandi vegfarendur hafi oftsinnis dottið og slasað sig á marmarastéttinni fyrir framan fasteign stefndu. Notkun stefndu á umræddum marmaraflísum sem efni í stétt fyrir framan fasteign sína þykir því ekki óforsvaranleg. Verður því ekki fallist á það með stefnanda, að fasteign stefndu sé vanbúin að þessu leyti.

Samkvæmt framansögðu verður hvorki talið, að slys stefnanda verði rakið til vanrækslu stefndu né til þess, að fasteign þeirra sé svo vanbúin, að á því megi reisa bótaskyldu þeirra. Ekki er fallist á það með stefnanda, að í máli þessu beri að beita reglum um víðtækari bótaábyrgð en leiðir af hinni almennu skaðabótareglu. Niðurstaða máls þessa verður því sú, að sýkna ber stefndu af kröfum stefnanda í máli þessu.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður. Útlagður málskostnaður stefnanda, að fjárhæð 50.946 kr., og þóknun skipaðs talsmanns stefnanda, Sigmundar Hannessonar hrl., að fjárhæð 400.000 kr., greiðist úr ríkissjóði. Tekið var tillit til skyldu stefnanda til að greiða virðisaukaskatt af lögmannsþóknun.

Dóminn kvað upp Ragnheiður Bragadóttir, fulltrúi yfirborgardómara.

Dómsorð:

Stefndu, Sigurður Valdimarsson, Þorkell Valdimarsson og Sigríður Valdimarsdóttir, eru sýkn af kröfum stefnanda, Ingibjargar Helgu Óskarsdóttur.

Málskostnaður fellur niður.

Allur gjafsóknarkostnaður, þ. m. t. þóknun skipaðs talsmanns stefnanda, Sigmundar Hannessonar hrl., 400.000 kr., greiðist úr ríkissjóði.

Fimmtudaginn 26. janúar 1995.

Nr. 392/1994. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Ómari Erni Grímssyni
(Jóhann Þórðarson hrl.)

Þjófnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Ákærði áfrýjaði málinu í heild sinni til Hæstaréttar. Af hálfu ákæruvalds var áfrýjað með stefnu 8. júlí 1994 til þyngingar refsingu, að því er hann varðar. Aðrir ákærðu hafa ekki áfrýjað.

Ákærði krefst aðallega sýknu af öllum kröfum ákæruvalds, en til vara vægustu refsingar, sem lög leyfa.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann um sakfellingu ákærða og refsiákvörðun svo og um sakarkostnað hans.

Ákærði skal greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, að því er varðar ákærða, Ómar Örn Grímsson.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Jóhanns Þórðarsonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 8. apríl 1994.

Ár 1994, föstudaginn 8. apríl, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Hirti O. Aðalsteinssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 80/1994: Ákæruvaldið gegn Ómari Erni Grímssyni, A, B, C og D, sem tekið var til dóms 17. mars sl.

Málið er höfðað með tveimur ákæruskjölum, dagsettum 1. febrúar og 10.

mars sl., gegn ákærðu, Ómari Erni Grímssyni, Grýtubakka 6, fæddum 9. júní 1961, fæðingarnúmer 477, A [...], B [...], C [...] og D [...].

Með ákæru, dagsettri 1. febrúar sl., höfðar ríkissaksóknari málið á hendur öllum ákærðu „fyrir þjófnað, rán og skjalafals á árinu 1993".

I.

Ákærðu Ómari Erni og B eru gefin að sök tvö innbrot og þjófnaðir í Kópavogi sem hér greinir:

1. Aðfaranótt mánudags 30. ágúst brotist inn í starfsstöð fyrirtækisins Hópferðabíla Helga Péturssonar hf., Smiðjuvegi 40, og stolið þar um 320.000 kr. í peningum og útfylltum tékkum, 1.000 bandarískum dollurum, tveimur tékkheftum frá Sparisjóði Ólafsvíkur, einu tékkhefti frá Sparisjóði Kópavogs og ýmsum skjölum.

2. Aðfaranótt fimmtudags 16. september brotist inn í Efnissöluna hf. og Timburland hf., Smiðjuvegi 11, og stolið þar úr peningaskáp þremur viðskiptavíxlum, að fjárhæð tæplega 350.000 kr., innstæðulausum tékka, að fjárhæð 30.000 kr., og ýmsum skjölum, sem í skápnum voru, tveimur útskornum tréstyttum af fílum, áætlað verðmæti beggja 100.000–200.000 kr., og snjósleðagalla úr leðri, hjálmi og kuldaskóm, samtals að verðmæti um 117.000 kr.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

– – –

Eftirtaldir aðilar gera þær kröfur í málinu, að ákærðu verði dæmd til að greiða þeim skaðabætur sem hér greinir:

Um ákærulið I.

Sérleyfisbílar Helga Péturssonar hf., 396.700 kr. og 1.000 Bandaríkjadalir.

Tryggingamiðstöðin hf., Aðalstræti 6–8, Reykjavík, 503.748 kr. ásamt vöxtum frá 16. september 1993 til greiðsludags.

– – –

Málavextir.

Ákæruliður I.

1.

Mánudaginn 30. ágúst sl. kl. 6.41 var lögreglu tilkynnt um innbrot í fyrirtækið Hópferðabílar Helga Péturssonar að Smiðjuvegi 40, Kópavogi. Segir í lögregluskýrslu, að farið hafi verið inn um viftugat á austurhlið hússins með því að brjóta fimm viftuspaða. Farið var inn á skrifstofu og peningaskápur, sem boltaður var við gólfið, sprengdur upp með slaghamri og meitlum og tekin úr honum þau verðmæti, er í ákæru greinir.

Við rannsókn málsins vaknaði grunur um, að ákærðu Ómar Örn og A

hefðu haft undir höndum tékkhefti, sem stolið var í innbrotinu. Var ákærði Ómar Örn yfirheyrður hjá RLR 10. nóvember sl., og viðurkenndi hann að hafa brotist þarna inn ásamt meðákærða A. Kvaðst ákærði Ómar hafa komist inn með þeim hætti, að hann braut viftuspaða, sem var í einhverju loftinntaki. Hann sagði mjög erfitt hafa verið að komast inn, og hefði hann allur verið í málningarslettum, þegar hann komst loks inn. Hann kvað þá hafa opnað peningaskápinn með kúbeini og tekið um 140.000 krónur í peningum, um 80.000 krónur í útfylltum tékkum, 900 ameríska dollara auk tékkhefta og pappíra. Ákærði Ómar Örn var aftur yfirheyrður hjá RLR 17. nóvember sl. og var þá spurður nánar um ráðstöfun tékkhefta, sem stolið var í innbrotinu. Skýrði ákærði svo frá, að meðákærði A hefði sagt sér, að Örn Karlsson hefði átt að fá tékkheftin og útfylltu tékkana.

Ákærði A var yfirheyrður hjá RLR 11. nóvember sl. og neitaði þá aðild sinni að ofangreindu innbroti.

2.

– – –

Niðurstaða.

Ákærði Ómar Örn viðurkenndi við yfirheyrslur hjá RLR að hafa brotist inn á tveimur stöðum í Kópavogi ásamt meðákærða A, en ákærði hefur við dómsmeðferð málsins horfið frá játningu sinni. Hefur ákærði gefið þá skýringu á breyttum framburði sínum, að hann hafi þurft að annast veikt barn sitt og því skrifað undir játningu til að sleppa við innilokun. Kvaðst ákærði enga sjálfstæða frásögn hafa gefið af því, sem gerðist á innbrotsstað, og einungis hafa játað því, sem lögreglumenn lögðu fyrir hann. Ákærði mundi ekki eftir yfirheyrslu hjá RLR viku síðar, er hann var spurður um tékka, sem teknir voru í innbrotinu að Smiðjuvegi 40.

Ákærði A hefur ekki viljað kannast við aðild sína að ofangreindum innbrotum, hvorki hjá RLR né fyrir dómi.

Vitnið Jóhanna Rut lýsti við yfirheyrslu hjá RLR samtali sínu við ákærðu Ómar Örn og A, þar sem þeir viðurkenndu innbrot í húsnæði Efnissölunnar, en fyrir dómi skýrði vitnið svo frá, að það hefði skrifað undir skýrslu, meðan það sat í gæsluvarðhaldi, en vitnið kvaðst ekki hafa lesið skýrsluna. Vitnið kvaðst hafa verið búið að sitja 5 til 6 daga í gæsluvarðhaldi, þegar skýrslan var tekin, og kvaðst hafa verið á lyfjameðferð. Vitnið kvað efni skýrslunnar rangt og hún tilbúningur.

Rannsóknarlögreglumennirnir Guðni Sigurbjarnason og Gylfi Gylfason skýrðu svo frá fyrir dómi, að ákærði Ómar Örn og vitnið Jóhanna Rut hefðu gefið sjálfstæðar skýrslur af atvikum.

Þegar litið er til þess, að ákærði Ómar Örn lýsir mjög ýtarlega aðstæðum

og aðferðum við ofangreind innbrot við yfirheyrslu hjá RLR, og telja verður þrátt fyrir breyttan framburð ákærða og vitnisins Jóhönnu Rutar, sem ekki hefur fengist haldbær skýring á, ekkert komið fram í málinu, sem veiki játningu hans, verður að telja með hliðsjón af framansögðu og að öðru leyti með vísan til gagna málsins nægilega sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í ákæruskjali og þar þykir rétt færð til refsiákvæðis.

Í máli þessu hafa ekki komið fram önnur gögn, sem benda til sektar ákærða A, en framburður meðákærða Ómars Arnar og vitnisins Jóhönnu Rutar um innbrotið í Efnissöluna hjá lögreglu. Þykir því, eins og hér stendur á, varhugavert að telja fram komna lögfulla sönnun um sekt ákærða A, og verður hann því sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

– – –

Ákæruliður II.

– – –

Sakaferill. Viðurlög:

Samkvæmt sakavottorði ákærða Ómars Arnar hefur hann frá árinu 1980 hlotið 10 refsidóma fyrir brot gegn 106., 110., 1. mgr. 155., 244., 254. og 246. gr. almennra hegningarlaga, brot gegn ávana- og fíkniefnalöggjöf og umferðarlögum, og nemur samanlögð óskilorðsbundin refsivist hans nú þremur árum og tveimur og hálfum mánuði. Síðast hlaut ákærði dóm 3. nóvember 1992, 15 daga fangelsi fyrir líkamsárás. Hinn 22. janúar 1993 hlaut ákærði reynslulausn í tvö ár á eftirstöðvum refsingar, 155 dögum. Samkvæmt upplýsingum sækjanda hefur ákærði ekki afplánað eftirstöðvarnar. Þar sem ákærði hefur rofið skilorð reynslulausnarinnar, ber því samkvæmt ákvæðum 42. gr., sbr. 60. gr. almennra hegningarlaga, að taka upp eftirstöðvarnar og dæma ákærða í einu lagi fyrir brot þau, sem hér er fjallað um, og hina 155 daga óloknu refsivist. Þykir refsing ákærða Ómars Arnar með vísan til 77. gr. og 255. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin fangelsi í 10 mánuði.

– – –

Skaðabætur.

Varðandi ákærulið I.

Bótakröfur samkvæmt þessum lið beinast gegn ákærðu Ómari Erni og B. Þar sem ákærði B var sýknaður af ákæru í máli þessu, verður með vísan til 3. mgr. 172. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála og reglna 18. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála um óskipta sakaraðild að vísa bótakröfunum frá dómi.

– – –

Dómsorð:

Ákærði Ómar Örn Grímsson sæti fangelsi í 10 mánuði.

– – –

Ákærðu, Ómar Örn, B, C og D greiði sakarkostnað þannig, að ákærði Ómar Örn greiði einn málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóhanns Þórðarsonar hrl., 75.000 krónur, ákærði B greiði einn málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls A. Pálssonar hrl., 75.000 krónur, ákærða C greiði ein málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Sigfúsar Sigurjónssonar hdl., 60.000 krónur, og ákærði D greiði einn réttargæslu- og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hrl., 50.000 krónur. Ofangreind ákærðu greiði saksóknarlaun, 75.000 krónur, er renni í ríkissjóð, þannig að ákærði D greiði 1/10 hluta, en ákærðu Ómar Örn, B og C greiði in solidum 9/10 hluta. Allur sakarkostnaður vegna ákærða A greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Jóns Sigfúsar Sigurjónssonar hdl., 40.000 krónur.

Fimmtudaginn 26. janúar 1995.

Nr. 239/1992. **Hamraborg hf.**
(Hróbjartur Jónatansson hrl.)
gegn
Húsfélaginu Hamraborg 14
(Jón Finnsson hrl.)

Fjölbýlishús. Viðhaldskostnaður. Sameign. Frávísunarkröfu hrundið.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma Gunnlaugur Claessen hæstaréttardómari, Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari, og Gunnar M. Guðmundsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. júní 1992 og krefst þess aðallega, að málinu verði vísað frá héraðsdómi, en til vara, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda. Einnig krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi gerir þær kröfur, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda dæmt að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

I.

Með vísun til forsendna úrskurðar héraðsdóms 14. júní 1991, þar sem hrundið er frávísunarkröfu stefnda í héraði, ber að staðfesta hann.

II.

Aðilar eru sammála um, að ákvæði laga nr. 59/1976 um fjölbýlishús eigi við um ágreiningsefni það, sem hér er til úrlausnar, sbr. 2. mgr. 2. gr. laganna.

Í héraðsdómi er lýst gerð húsaþyrpingarinnar Hamraborgar 14 – 38 og hvernig hún er mynduð af sjálfstæðum byggingareiningum (húsum), sem eru m. a. aðgreindar með svonefndum þensluskilum. Í dóminum er einnig greint frá því, að byggingareining C (Hamraborg 14) er alls sjö hæðir og að tvær neðstu hæðir eru verslunar- og skrifstofuhúsnæði, en fimm efri hæðir íbúðir. Í gögnum málsins kemur fram, að eigendur verslunar- og skrifstofuhúsnæðisins á 1. og 2. hæð (jarðhæð og 1. hæð samkvæmt héraðsdómi) eru alls sex, þar

á meðal áfrýjandi. Árið 1991 var formlega sett á fót „húsfélagið að Hamraborg 14 A, Kópavogi". Að því stóðu fyrrgreindir sex eigendur og fjórir aðrir aðilar, sem eiga einnig verslunar- og skrifstofuhúsnæði á neðri hæðum. Húsnæði þeirra er á hæðum undir íbúðum í öðrum byggingareiningum (Hamraborg 16 og 18). Atvinnuhúsnæði hinna tíu félagsmanna er auðkennt sem Hamraborg 14 A, eins og greint er frá í héraðsdómi. Með vísun til röksemda héraðsdóms er fallist á, að byggingareiningin C sé sjálfstætt hús í merkingu laga nr. 59/1976 og að verslunar- og skrifstofuhúsnæði áfrýjanda sé hluti þess húss.

Það athugast, að í héraðsdómi segir, að íbúðarstigagangurinn í Hamraborg 14 sé eitt fjölbýlishús í skilningi laga nr. 59/1976. Þetta samræmist ekki þeirri niðurstöðu dómsins, sem hér er staðfest, að húsnæði áfrýjanda sé hluti fjölbýlishússins nr. 14 við Hamraborg samkvæmt greindum lögum.

III.

Við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti var því hreyft af hálfu áfrýjanda, að hluti dómkröfunnar væri kostnaður við viðgerð á séreign, þ. e. innra byrði svalaveggja og gólfflötum á svölum einstakra íbúða. Beri eigendum verslunar- og skrifstofuhúsnæðisins ekki að taka þátt í slíkum kostnaði, hver sem niðurstaða málsins yrði að öðru leyti. Vísaði lögmaður áfrýjanda til 8. tl. 5. gr. laga nr. 26/1994 um fjöleignarhús, sem leystu lög nr. 59/1976 um fjölbýlishús af hólmi frá og með 1. janúar 1995. Telur hann, að í því ákvæði komi fram regla, sem sé í fullu samræmi við eðlilegan skilning á ákvæðum eldri laganna um skiptingu viðhaldskostnaðar.

Af hálfu stefnda var þessari mótbáru, sem er vanreifuð, andmælt sem of seint fram kominni. Með vísun til 2. mgr. 163. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 17. gr. laga nr. 38/1994, verður þessari nýju varnarástæðu áfrýjanda ekki komið að. Þarf þá ekki að fjalla sérstaklega um, hvernig skýra beri ákvæði laga nr. 59/1976 um skiptingu kostnaðar af viðhaldi utan húss.

IV.

Í greinargerð áfrýjanda í héraði segir m. a.: „Þá er kröfugerð stefnanda mótmælt og þess krafist að stefnandi upplýsi um kostnað

einstakra liða í framkvæmdum sínum.“ Stefndi lagði í upphafi málsóknarinnar fram sjö reikninga með sundurliðuðu yfirliti um greiðslur til verktaka, ráðins eftirlitsmanns með viðgerð hússins, Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins o. fl. Í greinargerð hans í héraði segir, að fylgiskjöl, sem reikningarnir eru byggðir á, skipti tugum og frumrit þeirra og annarra gagna séu tiltæk. Áfrýjandi virðist ekki hafa skorað skýrt og greinilega á stefnda að leggja fram einstök fylgiskjöl, og ekki hefur hann heldur leitast við að sýna fram á villur í útreikningum, sem stefndi reisir kröfur sínar á. Í héraðsdómi er tekið fram, að ekki sé ágreiningur um fjárhæðir viðgerðarkostnaðar. Samkvæmt þessu og með vísun til raka héraðsdóms verða útreikningar stefnda lagðir til grundvallar dómi.

V.

Staðfesta ber niðurstöðu héraðsdóms með skírskotun til forsendna hans og þess, sem nú var rakið.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað, eins og greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður og dómur eiga að vera óraskaðir.

Áfrýjandi, Hamraborg hf., greiði stefnda, Húsfélaginu Hamraborg 14, 100.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Kópavogs 3. apríl 1992.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 4. mars sl., er höfðað af Húsfélaginu Hamraborg 14, kt. 410878-0549, gegn Hamraborg hf., kt. 501285-0649.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnt hlutafélag verði dæmt til að greiða stefnanda 489.003 kr. auk [nánar tiltekinna vaxta og málskostnaðar].

Af hálfu stefnda hafa verið gerðar þær kröfur, að málinu verði vísað frá dómi, en til vara, að stefndi verði alsýknaður af öllum kröfum stefnanda. Þá er þess krafist í öllum tilvikum, að stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað [...].

Frávísunarkrafa stefnda var fyrst tekin til meðferðar, og var henni hrundið með úrskurði, upp kveðnum á bæjarþinginu 14. júní 1991, en frestað að taka ákvörðun um málflutningsþóknun fyrir þann þátt málsins þar til við endanlega úrlausn þess.

Stefnandi reisir málsókn sína á því, að húsfélagið í Hamraborg 14 hafi látið gera við húsið að utan, en stefndi, sem eigi eignarhluta í húsinu, hafi neitað að greiða sinn hluta af kostnaðinum. Á aðalfundi húsfélagsins 21. mars 1990 hafi verið samþykkt að fela stjórn húsfélagsins að fá mat sérfróðra manna á ástandi hússins og síðan á grundvelli þess að fá viðurkennda aðila til að ganga frá og standa fyrir útboði á þeim viðgerðarframkvæmdum, sem ráðast þyrfti í. Gert var ráð fyrir, að verslunareigendur tækju þátt í þessu, og hélt stjórn húsfélagsins fund með þeim 24. apríl 1990. Fundinn sóttu þó aðeins tveir eigendur verslunar- og skrifstofuhúsnæðisins, og var stefndi annar þeirra. Á þeim fundi var samþykkt að fá utanaðkomandi aðila til að gefa lögfræðilegt álit á því, eftir hvaða reglum reikna ætti út hlutdeild í viðhaldskostnaði. Stjórn húsfélagsins leitaði síðan til Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins í maí s. á. um, að kannaðar yrðu steypuskemmdir hússins, umsögn gefin um ástand þess og tillögur gerðar um úrbætur. Í skýrslu hennar, sem dagsett er 23. maí s. á., kemur m. a. fram, að nauðsynlegt sé að huga að viðgerðum þegar í stað, því að skemmdir aukist hratt, verði ekkert að gert. Teiknistofa Vífils Oddssonar sf. annaðist síðan gerð útboðsgagna og hafði eftirlit með framkvæmdum.

Verkið var síðan boðið út, og þegar tilboð höfðu borist, var hverjum einstökum eiganda sent fundarboð, dags. 30. maí 1990, þar sem boðað er til fundar í húsfélaginu 7. júní s. á., þar með talinn Þráinn Þorleifsson, fyrirsvarsmaður hins stefnda hlutafélags. Fundinn sótti Magnús Sigurðsson fyrir stefnda samkvæmt ljósriti úr fundargerðabók, sem lagt hefur verið fram í málinu, en hann vék af fundi, og er ástæðan fyrir því sögð vera sú, að hann teldi stefnda vera í húsfélagi í Hamraborg 14 A, en ekki því húsfélagi, sem hélt fundinn.

Niðurstaða fundarins var sú, að taka skyldi tilboði Fagvirkis sf., sem nam 5.326.960 kr. auk verðbóta.

Verktaki hóf framkvæmdir 12. júní umrætt ár. Þegar reikningar bárust frá verktaka og samþykki ráðins eftirlitsmanns með framkvæmdum lá fyrir, voru eigendum í húsinu sendar tilkynningar, þar sem fram kom, hvað greiða þyrfti verktaka og hvað félli í hlut hvers eiganda miðað við eignarhluta hans í húsinu. Gíróseðill fylgdi með áritaðri fjárhæð. Í tilkynningunni voru húseigendur hvattir til að greiða sem fyrst og fyrir tilgreindan eindaga, ella reiknuðust dráttarvextir frá eindaga. Stefnt hlutafélag hafi fengið sendar alls 7 slíkar tilkynningar, sem sendar voru með ábyrgðarbréfum, en það hafi í engu sinnt þessum tilkynningum og ýmist endursent ábyrgðarbréfin óopnuð eða ekki vitjað þeirra.

Þá hefur komið fram, að það sé sameiginleg afstaða allra eigenda

húsrýmis, sem fellur undir Hamraborg 14 A, að neita þátttöku í umræddum framkvæmdum. Þar sem nauðsynlegt sé að fá úrlausn þessa ágreinings, hafi stefnt hlutafélag orðið fyrir valinu, þar sem það er eigandi að langstærstum hluta í Hamraborg 14 A.

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi styður kröfur sínar á hendur stefndu hlutafélagi þeim rökum, að stefndi sé einn af eigendum húseignarinnar í Hamraborg 14 og sé því skylt að taka þátt í viðhaldskostnaði hússins. Því til sönnunar bendir stefnandi á það, að eignin öll sé sérstaklega aðgreind frá öðrum húseignum, nr. 12 og 16, með þensluskilum, en þak sé sameiginlegt, rafkerfi svo og að- og frárennslislagnir séu sameiginlegar og einnig sorpgeymslur. Íbúðir í húseigninni Hamraborg 14 séu byggðar ofan á húsrými það, sem merkt sé nr. 14 A við Hamraborg og því burðarvirki og hönnun órjúfanleg heild.

Af hálfu húsfélagsins var leitað til bæjarverkfræðings Kópavogskaupstaðar og byggingarfulltrúa um útreikning á kostnaðarskiptingu einstakra eignarhluta í húseignunum 14 og 14 A við Hamraborg, og varð niðurstaða sú, að sá hluti eignarinnar, sem er í 14 A, nemi 24,038% af heildareigninni, þar af sé stefnt hlutafélag eigandi að 9,346%, en sá hluti, sem tilheyrir íbúðarhúsnæði í Hamraborg 14, talinn vera 75,962% af heildareign.

Stefnufjárhæðin er samkvæmt þessum útreikningi og er mynduð sem hér segir:

1.	Yfirlitsreikningur, dags. 30. júní 1990, eins og áður segir, eindagi 15. júlí s. á., að fjárhæð	kr.	41.380
2.	Yfirlitsreikningur, dags. 24. júlí, eindagi 10. ágúst, að fjárhæð	–	63.831
3.	Yfirlitsreikningur, dags. 10. ágúst, eindagi 25. ágúst s. á., að fjárhæð	–	72.668
4.	Yfirlitsreikningur, dags. 29. ágúst, eindagi 10. september, að fjárhæð	–	74.613
5.	Yfirlitsreikningur, dags. 21. september, eindagi 6. október, að fjárhæð	–	44.392
6.	Yfirlitsreikningur, dags. 31. október, eindagi 15. nóvember, að fjárhæð	–	76.589
7.	Yfirlitsreikningur, dags. 5. desember, eindagi 15. desember, að fjárhæð	–	146.852
	Stefnufjárhæð	kr.	520.325

Virðisaukaskattur var endurgreiddur 23. febrúar 1991, að fjárhæð 778.394 kr., og er hlutdeild stefnda í honum 9,346%, 72.749 kr.

Stefnandi reiknar kröfuna því þannig:	kr.		520.325
Vextir frá 15. 7. 1990 – 23. 2. 1991		+	41.427
Endurgreiddur virðisaukaskattur		–	72.749
			489.003

Af hálfu stefnda hefur komið fram, að samkvæmt kaupsamningi, dags. 30. september 1985, hafi Alþýðuflokksfélögin í Kópavogi keypt hluta af fasteigninni Hamraborg 14 A, en stefndi tók við réttindum og skyldum kaupanda skv. sérstakri yfirlýsingu, dags. 10. febrúar 1986. Í kaupsamningnum kemur fram, að eignarhluti hins selda er talinn vera 12,4% af öllu verslunarhúsnæðinu að Hamraborg 14 A. Er kaupin fóru fram, hafi verið í gildi eignaskiptayfirlýsing fyrir verslunarhúsnæðið í Hamraborg 14 A, en þar hafi eignin verið tilgreind sem sérstök fasteign, er væri alveg óháð öðrum fasteignum, þ. m. t. Hamraborg 14. Fasteignirnar Hamraborg 14 og Hamraborg 14 A séu alveg aðskildar, þær hafi sérinngang, ekki sé innangengt á milli þeirra, hvor um sig hafi sérstakt húsfélag, sbr. samþykktir hvors félags, og enginn hluti þeirra fylgi þeim báðum að undanskildum hitaklefa, er eigendur beggja fasteignanna hafi sameiginleg afnot af. Allur kostnaður, sem til félli, væri því gerður upp hjá hvorri sameign fyrir sig, enda væri sú venja löngu til komin. Stefndi heldur því fram, að ekki sé unnt að krefja sig um greiðslu vegna framkvæmda á fasteigninni Hamraborg 14, enda hafi það aldrei komið til áður. Stefndi hefur talið, að hann hafi lýst yfir við stefnanda, að hann myndi ekki taka þátt í umræddum kostnaði, þar sem stefndi væri hvorki í húsfélaginu Hamraborg 14 né ætti stefndi eignarhluta í þeirri fasteign. Þar sem engin sameiginleg skiptayfirlýsing liggi fyrir um Hamraborg 14 og 14 A, geti ekki verið um að ræða fjölbýlishús í skilningi laga nr. 59/1976 um fjölbýlishús. Þá bendir stefndi á, að hafi réttur stefnanda til að krefja stefnda um greiðslur fyrir sameiginlegan viðhaldskostnað, væri sá réttur löngu niður fallinn fyrir tómlæti. Þá heldur stefndi því fram, að framkvæmdir þær, sem stefnandi hafi ráðist í, hafi eingöngu miðast við hagsmuni stefnanda, en ekki stefnda.

Sýknukrafa stefnda er enn fremur reist á því, að stefndi hafi ekki fullnægt lagaákvæði um fundarboð. Stefndi hafi því ekki verið með í ráðum, þegar ákvarðanir voru teknar um þessar tilteknu framkvæmdir.

Í þriðja lagi skírskotar stefndi til þess, að eignarhluti sinn í Hamraborg 14 A hafi verið reiknaður 12,4%, en fasteignin 14 A liggi undir fasteignunum Hamraborg 12, 14 og 16, og skarist einstakir eignarhlutar nr. 14 A þannig, að hluti liggi undir nr. 14 og hluti undir nr. 16, svo að dæmi sé tekið. Stefndi telur, að skilningur stefnanda leiði til þess, að einstakir eigendur í nr. 14 A

yrðu að sæta hlutdeild í framkvæmdum stefnanda og einhverra annarra fasteigna við Hamraborg, sem kunni að tengjast viðkomandi með byggingarfræðilegum hætti. Þannig gætu einstakir eignarhlutar lent undir tveimur húsnúmerum, og þar með þyrftu sumir aðilar að vera í tveimur eða fleiri húsfélögum.

Loks er af hálfu stefnda mótmælt útreikningum um ætlaðan eignarhluta stefnda í Hamraborg 14, sbr. dskj. nr. 9, sem órökstuddum og villandi. Jafnframt er á það bent, að stefndi hafi ekki haft tækifæri til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, s. s. verið hefði, ef dómkvaddir matsmenn hefðu verið fengnir til verksins. Þá er sérstaklega mótmælt yfirlýsingum Sigurðar Björnssonar hjá bæjarverkfræðingi Kópavogs, sbr. dskj. nr. 8, þess efnis, að eignaskiptasamningur um Hamraborg 14 A leysi ekki undan „sameiginlegum viðhaldskostnaði hússins". Væri umræddur Sigurður að tjá sig um lögfræðilegt atriði, sem telst ekki til hans sérsviðs, og séu því fullyrðingar hans merkingarlausar að þessu leyti. Að öðru leyti er ekki ágreiningur um fjárhæðir vegna umræðds viðgerðarkostnaðar.

Álit dómsins.

Í miðbæ Kópavogs er húsið Hamraborg 14 – 38, en það stendur að mestu við Hamraborg. Skipulag hússins er með þeim hætti, að það er hannað sem margar sjálfstæðar einingar og hver eining saman um mismarga stigaganga. Eru þrír stigagangar í sumum eininganna, tveir í öðrum og ekki nema einn stigagangur í enn öðrum. Allar einingarnar mynda saman hringlaga byggingu með sameiginlegu opnu svæði í miðju.

Á jarðhæð og 1. hæð hússins við Hamraborg er verslunar- og skrifstofuhúsnæði. Ágreiningur málsaðila varðar m. a. það, hvort eigendur verslunar- og skrifstofuhúsnæðis að Hamraborg 14 A séu skyldir til þess að taka þátt í kostnaði vegna viðgerða á steypuskemmdum utan húss á íbúðarhúsnæðinu í Hamraborg 14, en umræddar viðgerðir fóru fram sumarið 1990, eins og áður er lýst.

Hinar einstöku einingar hússins að Hamraborg 14 – 38 eru ekki byggðar á sömu undirstöðunni, þótt undirstöður eininganna liggi saman. Einingarnar eru aðgreindar með svokölluðum þensluskilum, þar sem þær liggja saman, allt frá grunni og upp úr. Þá eru einingarnar misháar, þær eru ólíkar útlits, byggðar á mismunandi tímum og af ólíkum byggingaraðilum. Hver eining hefur sjálfstætt lagnakerfi, þ. m. t. rafmagn, hitaveitu, skólp og loftræstikerfi, og hver um sig hefur sjálfstætt burðarþol. Þá leiði það af mismikilli hæð eininganna, að þak hverrar einingar er hannað sjálfstætt og það ótengt þökum aðliggjandi eininga.

Hamraborg 14 er einn stigagangur með íbúðum á fimm hæðum, og fylgir

stigagangurinn þeirri byggingareiningu, sem kölluð er eining C á upphaflegum teikningum. Stigagangur þessi stendur við Hamraborg, en út frá honum til austurs meðfram Hamraborg eru stigagangarnir nr. 16 – 24, en þeir eru í byggingareiningunum A og B á upphaflegum teikningum. Af ákvæðum 1. gr. fjölbýlishúsalaga nr. 59/1976 leiðir, að íbúðarstigagangurinn í Hamraborg 14 er eitt fjölbýlishús í skilningi þeirra laga.

Á jarðhæð og 1. hæð Hamraborgar 14 – 24 er verslunar- og skrifstofuhúsnæði, sem að framanverðu myndar samliggjandi glerbyggingu meðfram Hamraborg. Húsnæði þetta hefur eitt húsnúmer, þ. e. númerið 14 A. Þótt húsnæði þetta sé samliggjandi, skiptist það eigi að síður samkvæmt hönnun sinni og gerð í marga sjálfstæða hluta, þar sem hver hluti er framhald hinna sjálfstæðu byggingareininga, sem húsið Hamraborg 14 – 38 myndar og áður er lýst.

Húsnæði stefnda í máli þessu er í þeim hluta verslunar- og skrifstofuhúsnæðisins, sem hlotið hefur númerið 14 A. Í því eru í samræmi við upphaflegar teikningar sex eignarhlutar. Það er eigi að síður samkvæmt hönnun sinni og gerð hluti þeirrar byggingareiningar, sem í upphafi var kölluð eining C. Þannig afmarkast þessi hluti af sömu þensluskilum og einingin C, hefur sama lagnakerfi og eining C, og hluti þess hefur sameiginlegt loftræstikerfi með einingu C.

Samkvæmt framansögðu verður að leggja til grundvallar, að húsnæði stefnda í húsinu nr. 14 A við Hamraborg sé hluti fjölbýlishússins nr. 14 við Hamraborg samkvæmt 1. og 2. gr. fjölbýlishúsalaga. Þykir það eigi fá haggað þessari niðurstöðu, þótt húshluti stefnda beri annað húsnúmer (14 A) og eigendur í því húsi hafi myndað með sér sérstakt húsfélag. Þá þykir efni afsala og eignaskiptayfirlýsinga um einstaka hluta í húsinu nr. 14 A í engu breyta þessari niðurstöðu, enda ákvæði III. kafla fjölbýlishúsalaga ófrávíkjanleg. Af þessu leiðir, að stefndi er skyldur til þátttöku í kostnaði vegna viðhalds og viðgerða á öllu sameiginlegu húsrými í því fjölbýlishúsi, sem húsnæði hans er í, samkvæmt 13., sbr. 11. gr. áðurnefndra laga.

Steypuskemmdir þær utan húss, sem stefnandi réðst í að láta lagfæra sumarið 1990, eru að áliti réttarins sameiginlegur kostnaður í skilningi 13., sbr. 11. gr. fjölbýlishúsalaga. Stefnda var gefinn kostur á að taka þátt í ákvörðun um þær framkvæmdir með þeim hætti, sem ráð er fyrir gert í 10. gr. fjölbýlishúsalaga og reglugerð nr. 280/1976 um samþykktir fyrir húsfélög, sem hér á við. Stefndi getur því eigi skorast undan þátttöku í greiðslu hins sameiginlega kostnaðar vegna steypuviðgerðanna.

Stefnandi reisir dómkröfuna á hlutfallstölu eignarhluta stefnda í einingunni C samkvæmt upphaflegum teikningum, þ. e. í húseigninni nr. 14 og

þeim hluta 14 A, sem fylgir einingunni C. Er krafan byggð á útreikningi bæjarverkfræðingsins í Kópavogi. Sá útreikningur er að áliti réttarins í samræmi við fyrirmæli reglugerðar nr. 147/1987 um útreikning eignarhluta í fjölbýlishúsum, og þykir því mega leggja hann til grundvallar. Ber samkvæmt þessu að taka kröfur stefnanda í máli þessu til greina að fullu, en dráttarvextir hafa þegar verið reiknaðir frá 15. 7. 1990 til 23. 2. 1991 og bætt við höfuðstól.

Þá ber samkvæmt þessari niðurstöðu að dæma stefnda til þess að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 186.812 kr., þ. m. t. virðisaukaskattur, ásamt dráttarvöxtum frá 15. degi eftir dómsuppkvaðningu til greiðsludags, en við ákvörðun málskostnaðar hefur verið tekið tillit til þess, að málflutningur fór fram um frávísunarkröfu stefnda.

Dóm þennan kvað upp Sigríður Ingvarsdóttir, héraðsdómari í Kópavogi, ásamt meðdómsmönnum, þeim Kristni Eiríkssyni verkfræðingi og Þorgeiri Örlygssyni, settum prófessor, en dómsuppkvaðning hefur dregist vegna annarra embættisverka dómsformanns, sem eigi þoldu bið.

Dómsorð:

Stefnda, Hamraborg hf., greiði stefnanda, Húsfélaginu Hamraborg 14, 489.003 kr. með hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma frá 23. febrúar 1991 til greiðsludags auk vaxtauppfærslu á 12 mánaða fresti og 186.813 kr. í málskostnað, þ. m. t. virðisaukaskattur, auk dráttarvaxta frá 15. degi eftir dómsuppkvaðningu til greiðsludags, allt innan 15 daga frá deginum í dag að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 26. janúar 1995.

Nr. 233/1993. **Elvar Hallgrímsson**
Davíð Guðmundsson og
Jón Elíasson
(Kjartan Reynir Ólafsson hrl.)
gegn
Varmabyggð hf.
(Friðjón Örn Friðjónsson hrl.)

Víxilmál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Gunnar M. Guðmundsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Áfrýjendur skutu málinu til Hæstaréttar með stefnu 3. júní 1993. Þeir krefjast sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og að stefndu verði dæmdir til að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti.

Svo sem fram kemur í hinum áfrýjaða dómi, er greiðslustaður á umræddum víxli „Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis". Telst þetta fullnægjandi tilgreining á greiðslustað víxils samkvæmt 5. tl. 1. gr. víxillaga nr. 93/1933. Samkvæmt því ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms.

Rétt er, að áfrýjendur greiði stefnda 100.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Það athugast, að rétt hefði verið að dæma dráttarvexti af víxilfjárhæðinni frá sýningardegi víxilsins 2. desember 1991, en þar sem málinu var ekki gagnáfrýjað, verður ákvörðun héraðsdómara um upphafstíma dráttarvaxta að standa óhögguð.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjendur, Elvar Hallgrímsson, Davíð Guðmundsson og Jón Elíasson, greiði stefnda, Varmabyggð hf., 100.000 kr. í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 27. maí 1993.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, höfðaði Varmabyggð hf., kt. 560872-0389, Áshamri, Mosfellsbæ, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 30. des. 1991, gegn Ingu Margréti Guðmundsdóttur, kt. 180260-4129, Hverafold 126, Reykjavík, Davíð Guðmundssyni, kt. 150464-5369, Sogavegi 105, Reykjavík, Jóni Elíassyni, kt. 271050-2679, Þjóðólfsvegi 3, Bolungarvík og Elvari Hallgrímssyni, kt. 040659-3749, Hverafold 126, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru, að stefndu verði gert að greiða stefnanda skuld, að fjárhæð 356.000 kr., með [nánar tilgreindum vöxtum og málskostnaði].

Stefndu Davíð Guðmundsson, Jón Elíasson og Elvar Hallgrímsson krefjast sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi [...].

Við munnlegan málflutning var því lýst yfir af hálfu stefndu Ingu Guðmundsdóttur, að kröfur um greiðslu á víxilskuld, að fjárhæð 356.000 kr., með dráttarvöxtum frá 16. janúar 1992 væru samþykktar og málskostnaður félli niður.

Málavextir og málsástæður stefnanda.

Mál þetta höfðar stefnandi til heimtu skuldar samkvæmt víxli, að fjárhæð 356.000 kr., út gefnum 20. sept. 1991 af stefnda Davíð Guðmundssyni, samþykktum til greiðslu við sýningu af stefndu, Ingu M. Guðmundsdóttur, í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis. Víxillinn er án afsagnar, áritaður um framsal útgefanda og ábektur af stefndu Jóni Elíassyni og Elvari Hallgrímssyni. Að undangenginni tilkynningu um sýningu víxilsins og áskorun um greiðslu var víxillinn sýndur til greiðslu 2. des. 1991 og afsagður af notaríus publicus í Reykjavík.

Stefnandi vísar til laga nr. 93/1933, laga nr. 85/1936, einkum 3. mgr. 175. gr., 1. mgr. 177. gr., XVII. og XX. kafla, sbr. 2. gr. laga nr. 52/1937, og lög nr. 54/1988, einkum 21. og 26. gr., 1. mgr. 9. gr., 10. gr., 12. gr. og 2. mgr. 14. gr. laga nr. 25/1987, sbr. 1. mgr. 4. gr., og 5. gr. laga nr. 67/1989 og auglýsingu Seðlabanka Íslands um vexti.

Í stefnu er tekið fram, að hlutafélagið Varmabyggð hf. reki fasteignamiðlunina Berg, Skúlatúni 6, Reykjavík, og stjórnarformaður félagsins sé Sæberg Þórðarson.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að greiðslustaður víxilsins sé nægjanlega tilgreindur Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis. Verði talið, að greiðslustaður sé ekki nægjanlega tilgreindur, teljist sá staður, sem tilgreindur er við nafn greiðanda, stefndu Ingu Margrétar Guðmundsdóttur, þ. e. Reykjavík, vera greiðslustaður víxilsins, sbr. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 93/1933. Af þessu leiði það, að sýning notarii publici í Reykjavík á víxlinum í

afgreiðslu Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis í Reykjavík hafi verið fullnægjandi og lögum samkvæmt.

Hinn 8. nóvember 1991 hafi verið beint áskorun til greiðanda víxilsins sérstaklega um greiðslu hans, sbr. fram lagt bréf stefnanda, sem áritað sé um móttöku af greiðanda. Víxillinn sé áritaður „án afsagnar", og sé því lögum samkvæmt ekki skylt að viðhafa formlega afsagnargerð.

Málsástæður stefndu.

Sýknukröfur stefndu eru á því reistar, að víxill sá, sem stefnt er til greiðslu á í málinu, sé víxill með gjalddaga við sýningu, en vistun hans sé óljós, þar sem segir: „Víxillinn greiðist í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis". Þessi sparisjóður sé til húsa á fimm stöðum.

Í afsagnargjörð komi ekki fram, í hvaða afgreiðslu sparisjóðsins víxillinn hafi verið sýndur. Með því, hve vistunin sé óljós, hafi borið að sýna víxilinn á heimili greiðanda (samþykkjanda), en það hafi ekki verið gert, og séu því allar kröfur samkvæmt víxli þessum á hendur stefndu niður fallnar fyrir vangeymslu. Beri því að sýkna stefndu af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Niðurstaða.

Víxillinn, sem málið er af risið, er lögformlegur sýningarvíxill. Eins og að framan hefur verið rakið, er víxillinn út gefinn 20. sept. 1991, samþykktur af greiðanda, stefndu Ingu Guðmundsdóttur, til greiðslu í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis við sýningu. Víxillinn er áritaður af útgefanda, stefnda Davíð Guðmundssyni, án afsagnar og ábektur af útgefanda og stefndu Jóni Elíassyni og Elvari Hallgrímssyni án afsagnar.

Ekki er greiðslustaður víxilsins nánar tiltekinn en að framan greinir. Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis hefur aðalstöðvar að Skólavörðustíg 11, Reykjavík. Útibú sparisjóðsins eru fjögur, þrjú í Reykjavík og eitt á Seltjarnarnesi. Í viðfestri afsagnargerð segir, að víxillinn hafi verið afsagður 21. desember 1991 í afgreiðslu Spron án nánari skilgreiningar. Verður því ekki fullyrt, hvar víxillinn var afsagður, enda þótt ekki sé ólíklegt, að það hafi verið í aðalstöðvum Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis.

Samkvæmt skjölum málsins var stefndu Ingu, Davíð og Jóni tilkynnt með bréfi, dags. 25. nóv. 1991, um væntanlega sýningu víxilsins 2. des. 1991 á greiðslustað í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis, hér einnig án nánari staðsetningar. Áður hafði stefndu Ingu verið tilkynnt með bréfi, dags. 8. nóv. 1991, að víxillinn hefði verið gjaldfelldur, og bæri að greiða hann eigi síðar en 15. nóv. 1991. Stefnda Inga áritaði það bréf um móttöku. Hinn 26. nóv. 1991 var öllum stefndu sent innheimtubréf lögmanns stefnanda, þar sem skorað var á stefndu að greiða víxilfjárhæðina ásamt bankakostnaði og

vöxtum. Máttu stefndu því ljóst vera, að víxilhafi ætlaðist til þess, að víxillinn yrði greiddur ekki síðar en 2. des. 1991. Hvorki buðu stefndu fram greiðslu við eiganda víxilsins né geymslugreiddu víxilfjárhæðina í einhverri af starfsstöðvum Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis.

Þegar til þess er litið, sem hér hefur verið rakið um óljósa skilgreiningu á greiðslustað víxilsins og afsagnarstað, þykir bera að leggja til grundvallar við niðurstöðu málsins, að ósannað sé, að víxillinn, sem var, eins og að framan hefur verið rakið, gefinn út án afsagnar, hafi verið sýndur, fyrr en hann var lagður fram við þingfestingu málsins 16. janúar 1992. Sú sýning fór fram innan tilskilins sýningarfrests skv. 34. gr. laga nr. 93/1933, og ber því að dæma stefndu til greiðslu víxilfjárhæðarinnar með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987 frá 16. janúar 1992 til greiðsludags.

Málskostnaður telst hæfilega ákveðinn 97.000 kr.

Auður Þorbergsdóttir héraðsdómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndu, Inga Margrét Guðmundsdóttir, Davíð Guðmundsson, Jón Elíasson og Elvar Hallgrímsson, greiði stefnanda, Varmabyggð hf., 356.000 kr. með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987 frá 16. janúar 1992 til greiðsludags og 97.000 kr. í málskostnað.

Föstudaginn 27. janúar 1995

Nr. 20/1995. **Gifspússning hf.**
(Sveinn Sveinsson hrl.)
gegn
Jóhannesi Jónssyni
(Valgeir Kristinsson hrl.)

Kærumál. Frávísunarúrskurður felldur úr gildi. Res judicata.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 4. janúar sl., sem barst réttinum 19. sama mánaðar. Kæruheimild er í j-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur, upp kveðinn 30. desember sl., þar sem máli sóknaraðila á hendur varnaraðila er vísað frá dómi. Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og lagt fyrir héraðsdómara að fella efnisdóm á málið. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar auk málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Með dómi Héraðsdóms Reykjaness, upp kveðnum 24. janúar 1994, var dæmt um víxilkröfu varnaraðila á hendur sóknaraðila. Var mál það rekið samkvæmt XVII. kafla laga nr. 91/1991 og tekið fram í dóminum, að þar kæmust efnisvarnir sóknaraðila ekki að. Hefur sóknaraðili nú höfðað mál þetta á hendur varnaraðila til heimtu skaðabóta samkvæmt 2. mgr. 119. gr. laga nr. 91/1991.

Í hinum kærða úrskurði hefur héraðsdómari reist frávísun málsins á því, að með héraðsdóminum frá 24. janúar 1994 hafi þegar verið fjallað efnislega um ágreining þann, sem uppi er í máli þessu, og að sá dómur sé bindandi um ágreining aðila.

Varnaraðili gaf ekki samþykki sitt við því, að varnir umfram þær, er um getur í 118. gr. laga nr. 91/1991, fengju komist að í hinu fyrra máli. Engu að síður vék héraðsdómari í dómi sínum nokkuð að atvikum að baki víxilkröfunni. Stefnukrafa málsins nam 707.804 krónum auk vaxta. Þrátt fyrir það að varnir sóknaraðila kæmust ekki að,

voru kröfur varnaraðila lækkaðar vegna atriða, sem varða lögskipti að baki víxlinum, og sóknaraðili dæmdur til greiðslu 550.000 króna auk vaxta. Þeim dómi hefur ekki verið áfrýjað til Hæstaréttar.

Þrátt fyrir það að héraðsdómari hafi andstætt ákvæðum XVII. kafla laga nr. 91/1991 byggt úrlausn sína að nokkru á atvikum að baki víxilkröfu varnaraðila, verður fallist á það með sóknaraðila, að honum hafi ekki gefist færi á að fá leyst úr öllum málsástæðum, sem að þessum atvikum lúta. Hefur hann bent á, að meðal annars sé enn eftir að yfirheyra vitni, er geti borið um samningsgerð aðila.

Samkvæmt þessu verður ekki talið, að þegar hafi verið leyst úr því sakarefni, sem mál þetta er höfðað um. Verður því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi og leggja fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur og lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 30. desember 1994.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 14. desember sl. að loknum munnlegum málflutningi um fram komna frávísunarkröfu, er höfðað af Gifspússningu hf., Hólabergi 36, Reykjavík, gegn Jóhannesi Jónssyni, Ugluhólum 8, Reykjavík.

Dómkröfur.

Dómkröfur stefnanda eru eftirfarandi:

1. Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skaðabætur skv. 2. mgr. 119. gr. laga nr. 91/1991, að fjárhæð 1.154.762 kr., auk dráttarvaxta [...].

2. Að stefndi verði að þola skuldajöfnuð fyrir dómkröfum stefnanda vegna dómkrafna stefnda á hendur stefnanda samkvæmt dómi Héraðsdóms Reykjaness, upp kveðnum 24. janúar 1994, í málinu nr. 1118/1993: Jóhannes Jónsson gegn Gifspússningu hf., fyrir 1.009.761 kr. auk dráttarvaxta [...].

3. Þá krefst stefnandi málskostnaðar að mati dómsins eða samkvæmt fram lögðum málskostnaðarreikningi auk dráttarvaxta.

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega, að kröfum stefnanda verði vísað frá dómi, en til vara, að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Í

báðum tilvikum er krafist málskostnaðar að mati dómsins auk dráttarvaxta að liðnum 15 dögum frá dómsuppsögu til greiðsludags auk virðisaukaskatts á þá fjárhæð.

Málavextir og málsástæður.

Stefnandi lýsir málavöxtum svo, að félagið sé verktakafyrirtæki, sem m. a. sjái um gifspússningu á húsum. Stefnandi hafi tekið að sér pússningu innan húss í húsi stefnda að Þingási 37, Reykjavík, árið 1989. Stefndi hafi greitt fyrir verkið á umsaminn hátt með skuldabréfi, að fjárhæð 982.000 kr., sem gefið var út 18. júlí 1989, en þá hafi verkinu ekki verið lokið. Verkinu hafi lokið þá um haustið, og hafi það verið mælt upp af mælingastofu Múrarafélags Reykjavíkur 27. október 1989. Vegna þess að stefndi greiddi fyrir verkið fyrir fram að nokkru leyti, hafi stefnandi afhent stefnda víxil, að upphæð 950.000 kr. Víxillinn hafi þá ekki verið útfylltur með útgáfudegi eða gjalddaga, og á hann hafi verið ritað orðið tryggingarvíxill.

Í stað þess að afhenda stefnanda víxilinn, þegar verkinu var lokið, hafi stefndi misnotað víxilinn og höfðað víxilmál á hendur stefnanda fyrir Héraðsdómi Reykjaness, er þingfest var 7. september 1993 sem mál nr. 1118/1993: Jóhannes Jónsson gegn Gifspússningu hf. Málið hafi verið rekið á grundvelli 17. kafla laga nr. 91/1991, og hafi stefndi mótmælt, að nokkrar efnisvarnir stefnanda kæmust að í málinu, en þær voru, að engin skuld væri að baki víxlinum. Dómur hafi verið kveðinn upp 24. janúar 1994 og dómsorð hljóðað þannig: „Stefndi, Gifspússning hf., greiði stefnanda, Jóhannesi Jónssyni, 550.000 kr. með almennum vöxtum skv. 6. gr. vaxtalaga frá 24. október 1990 til 21. nóvember 1991 og dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga frá þeim tíma til greiðsludags, og leggist þeir við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 21. nóvember 1992. Stefndi greiði stefnanda 145.000 kr. í málskostnað."

– – –

Niðurstaða.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að stefndi hafi lækkað kröfur sínar í meðferð málsins nr. 1118/1993: Jóhannes Jónsson gegn Gifspússningu hf., í 550.000 kr. Með hliðsjón af endurriti dóms Héraðsdóms Reykjaness telst sú fullyrðing ekki standast, þar sem fram kemur, að stefnukrafa í því máli nam 707.804 krónum.

Í áliti dóms Héraðsdóms Reykjaness, upp kveðins 24. janúar 1994, í nefndu máli segir eftirfarandi:

„Af gögnum málsins er ljóst að víxillinn er tryggingarvíxill, sem afhentur var stefnanda af stefnda til tryggingar því að hann gifspússaði hús stefnanda og jafnframt er þetta eyðuvíxill, þar sem hann var við afhendingu óútfylltur

um útgáfudag og gjalddaga og verður að telja að stefndi hafi með því veitt stefnanda heimild til að fylla út í þær eyður, sbr. 10. gr. víxillaga nr. 93/1933, og er ekkert komið fram, sem styður þá málsástæðu stefnda að um sýningarvíxil hafi verið að ræða. Hins vegar er heimildin sýnilega bundin því skilyrði að um vanefnd sé að ræða hjá stefnda og er ágreiningur milli aðila um það að hvaða marki sú vanefnd sé. Samt verður að telja fram komið að stefndi hafi lokið innanhússpússningu í ágúst – september 1989 og hafi því efnt greiðsluskyldu sína að því leyti. Framlögð gögn benda fremur til þess, að er stefnandi gaf út áðurnefnt skuldabréf, hafi hann miðað við að hann væri að greiða fyrir pússningu hússins að utan og innan í samræmi við tilboð eða áætlunarverð sem Tryggvi Þorsteinsson stóð að, sbr. yfirlýsingu hans. Guðm. Davíðsson f. h. stefnda afhenti stefnanda víxilinn gegn því að fá skuldabréfið og má ætla að eftir því sem fram er komið í málinu að honum hafi verið ljóst, hvaða samningur hafi legið að baki og gengið að honum, en heldur er ólíklegt, að stefnandi hafi afhent Guðmundi, sem hann þekkti lítið sem ekkert, skuldabréf að fjárhæð kr. 982.000,- án þess að hafa einhverja viðmiðun í skriflegu formi. Staðhæfing stefnda um að hann hafi greitt víxilinn að fullu með innanhússpússningunni, þar sem hann hafi aldrei gengist undir að pússa allt húsið fyrir það verð, sem fram komi í tilboði eða áætlun Tryggva v/BYKO hf. er ekki studd skriflegum samningi. Henni er mótmælt af hálfu stefnanda og einnig þeim reikningi, sem lagður hefur verið fram af stefnda henni til sönnunar. Stefndi þykir því ekki hafa lagt fram í málinu ótvíræða sönnun um að hann hafi greitt víxilinn að fullu og verður því ekki talið að stefnandi hafi farið út fyrir umboð sitt með því að láta setja útgáfudag og gjalddaga á víxilinn eins og gert var, en hann hefur staðfest að lögmaður hafi haft heimild til útfyllingarinnar eins og hann framkvæmdi hana og ósönnuð er fölsun í því sambandi.

Mál þetta er víxilmál, sem rekið er samkv. XVII. kafla laga nr. 91/1991 og hefur stefnandi ekki samþykkt að frekari vörnum verði komið að en getur um í 118. gr. laganna, sbr. 119. gr. laganna, og verður því ekki fjallað frekar um viðskiptin að baki víxlinum.

Samkvæmt því sem nú er rakið verður talið að víxilskuld stefnda við stefnanda hafi numið kr. 550.000,- haustið 1989 og ber að dæma stefnda til að greiða þá upphæð ásamt dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim tíma er hann með sannanlegum hætti tilkynnti stefnda um gjaldfellingu víxilsins og til greiðsludags hans.

Í framlögðu bréfi lögmanns stefnda til Kristins Einarssonar hrl. dags. 21. október 1991 kemur fram að gefinn hafi verið út áskorunarstefna á hendur stefnda 17. okt. 1991 og skyldi áskorunarmálið þingfest 24. okt. 1991 og er

byggt á því að við dagsetningu bréfsins sé stefnda orðið ljóst um gjaldfellingu víxilsins og því þykir mega ákveða með vísan til 2. mgr. 9. gr. vaxtalaga að stefndi greiði dráttarvexti frá 21. nóvember 1991 til greiðsludags.

Þegar borin er saman fjárhæð víxilsins og tilboðsins eða áætlunargerðarinnar um kostnaðinn við að pússa húsið sem stefnandi miðar við í málinu er ljóst að fjárhæð víxilsins er ekki miðuð við að hann nái yfir vaxtakostnað vegna áðurnefnds skuldabréfs, þó að hann gæti að hluta talist til vangildisbóta og er ekki fallist á að eftirstöðvar víxilskuldar sé hækkaða (sic) sem nemur þessum kostnaði, en hins vegar þykir rétt að stefndu greiði af skuldinni almenna vexti skv. 6. gr. vaxtalaga frá skráðum gjalddaga víxilsins til 21. nóvember 1991."

Í dómsorði var síðan kveðið á um, að stefndi, Gifspússning hf., skyldi greiða stefnanda, Jóhannesi Jónssyni, 550.000 kr. með vöxtum, eins og að framan greinir, til 21. nóvember 1991, en með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga frá þeim tíma til greiðsludags auk 145.000 kr. í málskostnað.

Fram kemur í dóminum, að skýrslutökur fóru fram fyrir dómi. Þá er jafnframt í dóminum fjallað um þau lögskipti, er að baki víxlinum lágu. Enda þótt tilgreint sé í dómi, að málið sé rekið sem víxilmál skv. 17. kafla laga nr. 91/1991, verður ekki betur séð, sbr. það, sem rakið er hér að framan, en fjallað sé efnislega um kröfur og ágreining málsaðila vegna viðskipta þeirra og tekin afstaða til þeirra. Þykir það einkum koma fram í því, að enda þótt víxillinn hafi verið útfylltur, að því er fjárhæð varðar, og ekkert í dóminum, sem bendir til, að hann hafi ekki verið lögformlegur, þá eru kröfur stefnanda málsins aðeins teknar til greina með 550.000 kr., sem væntanlega telst vera skuldin að baki víxlinum og virðist byggjast á tilboði Byko hf. á dskj. nr. 12 í máli þessu, þar sem kostnaður við pússningu utan húss nemur sömu fjárhæð. Er því fallist á það með stefnda, að í málinu nr. 1118/1993: Jóhannes Jónsson gegn Gifspússningu hf., hafi þegar verið fjallað efnislega um þann ágreining, sem uppi er í þessu máli, og að sá dómur sé bindandi um þann ágreining. Dómi í málinu var ekki áfrýjað, og stendur hann. Ber því að taka kröfu stefnda til greina og vísa málinu frá dómi.

Eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðila beri sinn kostnað af máli þessu.

Kristjana Jónsdóttir héraðsdómari kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 2. febrúar 1995.

Nr. 327/1992. **Ölfushreppur**
(Skarphéðinn Þórisson hrl.)
gegn
Birgittu Jónsdóttur og
Jóni Tryggva Jónssyni
(Ingólfur Hjartarson hrl.)

Leigusamningur. Skaðabætur. Sönnun. Gjafvörn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Markús Sigurbjörnsson og Friðgeir Björnsson dómstjóri.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 7. ágúst 1992 og krefst sýknu af kröfum stefndu og málskostnaðar úr þeirra hendi í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda. Stefnda Birgitta krefst málskostnaðar, eins og málið væri ekki rekið sem gjafvarnarmál, en henni var veitt gjafsókn fyrir Hæstarétti með bréfi dómsmálaráðherra 11. nóvember 1994.

Fyrir liggur, að íbúar húss stefndu hafi kvartað við forsvarsmann áfrýjanda sumarið 1989 vegna ástands hússins og að hann hafi komið þeim kvörtunum á framfæri við umboðsmann stefndu. Þá fór fram athugun á ástandi hússins, sem leiddi í ljós, að járn á þaki var ónýtt, engin eða léleg einangrun í lofti og nauðsynlegt myndi að klæða og einangra húsið að hluta. Við athugun var talið, að kostnaður við þessar viðgerðir yrði svo mikill, að ársleiga dygði ekki til, og var fallið frá áformum um, að áfrýjandi tæki þær að sér. Þrátt fyrir þetta var leiga framlengd um eitt ár, án þess að nokkuð væri gert til að lagfæra húsið.

Þegar þetta er virt, verður ekki talið, að skemmdir þær, er fram voru komnar á húsinu árið 1990 og lýst er í hinum áfrýjaða dómi, hafi verið aðrar en búast mátti við, þegar litið er til rakans, sem í húsinu var, og ástands þess að öðru leyti. Skemmdirnar bera ekki með sér líkur fyrir því, að þær séu íbúum hússins eða leigutökum að kenna, og verður sönnunarbyrði ekki lögð á áfrýjanda um hið gagn-

stæða. Stefndu hafa á engan hátt sýnt fram á, að notkun íbúa hússins hafi valdið skemmdunum, og ber því að sýkna áfrýjanda af kröfum stefndu.

Dæma ber stefndu til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, svo sem í dómsorði greinir.

Gjafvarnarkostnaður stefndu Birgittu fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmanns hennar, sem þykir hæfilega ákveðin 40.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Ölfushreppur, skal vera sýkn af kröfum stefndu, Birgittu Jónsdóttur og Jóns Tryggva Jónssonar.

Stefndu greiði áfrýjanda 120.000 krónur samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gjafvarnarkostnaður stefndu Birgittu fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmanns hennar, 40.000 krónur.

Dómur aukadómþings Árnessýslu 15. maí 1992.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 8. f. m., er höfðað fyrir aukadómþinginu með stefnu, birtri 22. maí 1991, af Birgittu Jónsdóttur, kt. 170467-3539, og Jóni Tryggva Jónssyni, kt. 010472-5049, Skólavörðustíg 42, Reykjavík, gegn Guðmundi Hermannssyni, Heinabergi 20, Þorlákshöfn, sveitarstjóra Ölfushrepps, kt. 420369-7009, f. h. hreppsins.

Dómkröfur stefnenda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnendum 455.897 kr. auk dráttarvaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. ágúst 1990 til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar [...].

Stefndi krefst sýknu af dómkröfum stefnenda. Jafnframt er þess krafist, að stefnendur verði dæmdir til að greiða stefnda málskostnað [...].

Sáttaumleitanir dómara báru ekki árangur.

Við aðalmeðferð málsins gáfu skýrslur fyrir dómi stefnandi Jón Tryggvi Jónsson, framkvæmdastjóri stefnda, Guðmundur Hermannsson, Jón Valgeir Þórðarson húsasmíðameistari og Jón Magnússon hæstaréttarlögmaður.

II.

Stefnendur kveða málavexti vera þá, að stefndi hafi 20. júlí 1988 tekið á leigu fasteignina Egilsbraut 26 í Þorlákshöfn, sem þá hafi verið eign dánar-

bús Jóns Ólafssonar. Við skipti á dánarbúinu hafi eignin komið í hlut stefnenda. Hafi Jón Magnússon hæstaréttarlögmaður undirritað leigusamning um fasteignina í umboði stefnenda. Leigusamningnum hafi síðan verið sagt upp með bréfi stefnanda Birgittu Jónsdóttur 18. júní 1990, en þá hafi stefndi verið búinn að hafa fasteignina á leigu frá 1. ágúst 1988. Upphaflegur gildistími samningsins hafi verið frá 1. ágúst 1988 til 1. júlí 1990, en hann síðan framlengdur.

Af hálfu stefnenda er því haldið fram, að við skoðun á húsnæðinu í júní árið 1990 hafi komið í ljós verulegar skemmdir á því af völdum raka. Hafi virst sem húsið hafi verið illa kynt og þess vegna myndast verulegur raki í því, er valdið hafi skemmdum. Hafi stefndi þegar verið krafinn bóta, auk þess sem leigusamningi hafi verið sagt upp. Í framhaldi af því hafi verið reynt að ná samkomulagi um greiðslu bóta vegna skemmda þeirra, er orðið höfðu. Í sáttaumleitunum um málið hafi orðið samkomulag um, að gerð yrði úttekt á skemmdunum og að hvor aðili skyldi tilnefna einn matsmann. Hafi stefndi með þessu í raun viðurkennt bótaskyldu sína. Þrátt fyrir ítrekaðan eftirrekstur hafi matsmaður sá, er stefndi tilnefndi, ekki skilað mati sínu. Sé dómkrafa stefnenda, að því er varðar skemmdir á hinu leigða, því reist á mati þess aðila, er þeir tilnefndu. Þar sé kostnaður vegna umræddra skemmda talinn nema 396.933 krónum. Auk þess geri stefnendur kröfu á hendur stefnda um greiðslu miskabóta, að fjárhæð 50.000 krónur, og að stefnda verði gert að greiða þeim matskostnað, 8.964 krónur. Samtals nemi þessar fjárhæðir 455.897 krónum, sem séu stefnufjárhæð málsins.

Af hálfu stefnenda er til þess vísað, að við undirritun leigusamnings hafi stefndi tekið á sig ábyrgð á hinu leigða húsnæði. Hafi hann þannig undirgengist skilmála leigusamnings, sem kveði á um, að leigutaki skuli skila húsnæðinu í sambærilegu ástandi og hann tók við því og að hann skuli bæta allt það tjón, er hugsanlega verði á húsnæðinu og fylgifé þess á leigutímanum, hvort sem það verði rakið til hans sjálfs eða þeirra manna, sem hann heimilaði afnot af því eða umgang um það.

Um lagarök fyrir kröfum sínum vísa stefnendur til ákvæða samningalaga nr. 7/1936, meginreglna kröfuréttar, laga nr. 44/1979 um húsaleigusamninga, einkum 28. gr. þeirra laga, og reglna skaðabótaréttar. Að því er málskostnaðarkröfu varðar, vísa stefnendur til XII. kafla laga nr. 85/1936. Krafa þeirra um dráttarvexti er reist á ákvæðum vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. lög nr. 67/1989.

III.

Af hálfu stefnda er tilurð hins umrædda leigusamnings lýst svo sem áður hefur verið rakið. Hafi fasteign sú, er hér um ræðir, verið tekin á leigu fyrir

bresk hjón og tvö börn þeirra. Sumarið 1989 hafi hjónin gengið á fund Guðmundar Hermannssonar, sveitarstjóra Ölfushrepps, og rætt við hann um ágalla, sem þá hafi verið komnir fram á húsnæðinu. Hafi húsið verið skoðað af sveitarstjóra og byggingarfulltrúa. Við þá skoðun hafi komið í ljós, að flekkir höfðu myndast í öllum kverkum sökum raka. Niðurstaða nánari skoðunar hafi orðið sú, að járn á þaki væri ónýtt, engin eða léleg einangrun í lofti og nauðsynlegt myndi vera að klæða og einangra húsið að hluta. Hafi verið haft samband við Jón Magnússon hæstaréttarlögmann og honum gerð grein fyrir málinu, en hann hafi þá verið umboðsmaður dánarbús Jóns Ólafssonar. Ákveðið hafi verið að skoða þann kost, að gert yrði við húsið, en kostnaður af því síðan dreginn frá húsaleigu. Við nánari skoðun hafi af hálfu stefnda verið komist að þeirri niðurstöðu, að kostnaður samfara þessu yrði það mikill, að ársleiga dygði ekki til. Því hafi verið fallið frá áformum um þetta. Viðkomandi kennurum hafi verið tilkynnt um, að engar viðgerðir færu fram nema hinar bráðnauðsynlegustu. Kennarar þeir, sem hér um ræðir, hafi þrátt fyrir ágalla þessa á húsnæðinu kosið að búa þar áfram vegna þess, hve vel húsið var staðsett í bænum. Í framhaldi af þessu hafi verið óskað eftir því við umboðsmann dánarbúsins, að leigusamningur yrði framlengdur um eitt ár. Við því hafi verið orðið. Í apríl 1990 hafi stefnandi Jón Tryggvi komið til Þorlákshafnar ásamt móður sinni og óskað eftir því að fá að skoða húsið. Framkvæmdastjóri stefnda hafi farið með þeim og gert þeim grein fyrir málinu. Þau hafi engar athugasemdir gert. Þetta hafi verið einu beinu afskipti eigenda af húsinu þau tvö ár, sem stefndi hafi verið með húsið á leigu.

Af hálfu stefnda er bótaskyldu í máli þessu eindregið mótmælt svo og tölulegri kröfugerð. Er sýknukrafa stefnda einkum reist á því, að leigutaki geti alls ekki borið ábyrgð á rakaskemmdum, sem verða á leiguhúsnæði og ekki verða raktar til hegðunar, sem í eðli sínu sé saknæm eða ólögmæt. Hafi stefnendur ekki sýnt fram á, að rakaskemmdir á hinu leigða húsnæði hafi orðið vegna notkunar, sem ekki teljist venjuleg eða umsamin.

Þá er það tiltekið í greinargerð stefnda, að hann hafi sumarið 1989 bent umboðsmanni stefnenda á umræddar skemmdir og jafnframt tekið fram við hann, að nauðsynlegt yrði að ráðast í kostnaðarsamar viðgerðir á húsinu. Stefnendur hafi ekki sinnt þessum ábendingum, og auðvitað sé ljóst, að viðgerðir þessar séu á ábyrgð leigusala og komi leigutaka ekkert við. Tilvitnun stefnenda í þessu sambandi til 28. gr. laga nr. 44/1979 hljóti því að stafa af misskilningi.

Þá mótmælir stefndi sérstaklega þeirri fullyrðingu stefnenda, að samkomulag aðila um tilnefningu matsmanna feli í sér viðurkenningu stefnda á

bótaskyldu hans. Samkomulagið sé að öðru leyti reist á þeirri forsendu, að tveir matsmenn standi að niðurstöðu um skemmdir á hinu leigða. Slík niðurstaða liggi ekki fyrir.

IV.

Með skriflegum samningi, dags. 20. júlí 1988, tók stefndi á leigu fasteignina Egilsbraut 26 í Þorlákshöfn. Urðu stefnendur málsins aðilar að samningnum sem leigusalar við skipti á dánarbúi föður þeirra.

Samkvæmt 28. gr. laga um húsaleigusamninga nr. 44/1979, en greinin gildir um samning málsaðila, hvílir sú skylda á þeim, er tekur húsnæði á leigu, að skila því í hendur leigusala við lok leigutíma í sama ástandi og hann tók við því. Er full bótaábyrgð lögð á leigutaka vegna skemmda, er verða á húsnæði á leigutíma. Af eðlilegum ástæðum er bótaábyrgð leigutakans takmörkuð í lagaboði þessu á þann veg, að hún nær ekki til rýrnunar eða spjalla á húsnæði, sem rekja má til venjulegrar eða umsaminnar notkunar á því, eða stafa af atvikum, sem voru leigutaka sannanlega óviðkomandi.

Fyrir liggur, að úttekt á hinu leigða húsnæði fór ekki fram við upphaf leigutímans. Þá fór mat samkvæmt 35. gr. laga nr. 44/1979 ekki heldur fram. Var upplýst í rekstri málsins, að dómkvaddir úttektarmenn hefðu ekki verið tiltækir í Ölfushreppi á þeim tíma, er hér um ræðir, og ekki hefði af hálfu hreppsins verið haft frumkvæði að dómkvaðningu þeirra. Er það andstætt ákvæðum 63. gr. nefndra laga.

Telja verður nægilega í ljós leitt í málinu, að skemmdir þær, sem urðu á umræddu íbúðarhúsi og bóta er krafist fyrir, hafi að mestum hluta orðið á þeim tíma, er stefndi hafði húsið á leigu. Skemmdir þessar voru þess eðlis, að ekki kemur til álita, að þær verði raktar til venjulegrar eða umsaminnar notkunar á húsinu í skilningi 28. gr. laga nr. 44/1979, sem að framan er rakin. Þá er það mat dómsins, svo sem hér hagar til, að stefndi hafi eigi fært að því óyggjandi sönnur, að umræddar skemmdir stafi af atvikum, er verið hafi honum óviðkomandi. Verður fallist á það með stefnendum, að stofnast hafi bótaréttur þeim til handa vegna skemmda þeirra, er hér um ræðir.

Stefnendum var tiltækur sá kostur að fá dómkvadda menn til að skoða skemmdir þær á hinu leigða húsnæði, sem hér er um fjallað, og að fá metinn kostnað af viðgerð á þeim. Sú leið var eigi farin. Er kröfugerð stefnenda í málinu studd skýrslu Valgeirs Þórðarsonar húsasmíðameistara, dags. 13. ágúst 1990. Kostnaðarliðir, sem þar eru nefndir, nema samtals 396.933 krónum. Auk þessa krefja stefnendur stefnda um greiðslu matskostnaðar, 8.964 krónur, og miskabóta, að fjárhæð 50.000 krónur. Stefnukrafan sundurliðast því þannig:

1. Skemmdir á parketi	kr.	172.908
2. Kostnaður vegna teppa	–	105.712
3. Hurð á baðherbergi	–	32.312
4. Málning á gluggum	–	24.000
5. Málning á veggjum	–	48.000
6. Skemmdir á eldhússinnréttingu	–	14.000
7. Matskostnaður	–	8.964
8. Miskabætur	–	50.000
	Kr.	455.897 (?)

Svo sem hér hagar sérstaklega til, varðar það stefnendur eigi sérstökum réttarspjöllum, á hvern hátt tölulegur grundvöllur kröfugerðar þeirra er lagður. Þykir mega hafa hliðsjón af framangreindu áliti Valgeirs Þórðarsonar við úrlausn málsins, en mat sitt hefur hann staðfest fyrir dómi.

Um 1.

Þegar litið er til þess, sem upplýst var í rekstri málsins um aldur parketsins, og hliðsjón höfð af eðlilegri verðrýrnun á því vegna slits, þykja bætur samkvæmt þessum lið hæfilega metnar 138.000 krónur.

Um 2.

Að teknu tilliti til sömu sjónarmiða og tiltekin eru um 1. kröfulið verður þessi liður tekinn til greina með 31.000 krónum.

Um 3.

Dómurinn telur ljóst, að skemmdir á hurð að baðherbergi verði raktar til leka við skorstein, er verið hafi byrjaður við upphaf leigutíma. Verður þessum kröfulið því með öllu hafnað.

Um 4., 5. og 6.

Eftir atvikum þykir mega taka þessa kröfuliði til greina að fullu.

Um 7.

Kostnað vegna matsgerðar ber að réttu lagi að fella undir málskostnað.

Um 8.

Stefnendur hafa ekki sýnt fram á rétt sinn til miskabóta úr hendi stefnda. Eru því ekki efni til að taka þá kröfu þeirra til greina.

Með því, sem að framan er rakið, verður stefndi dæmdur til að greiða stefnendum 255.000 krónur ásamt vöxtum, svo sem í dómsorði greinir.

Samkvæmt þessum málalokum ber að dæma stefnda til að greiða stefnendum málskostnað. Þykir hann eftir atvikum hæfilega ákveðinn 80.000 krónur. Er þá ekki tekið tillit til virðisaukaskatts. Að kröfu stefnenda og með vísan til 3. mgr. 175. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 21. gr. laga nr. 54/1988, skal tildæmdur málskostnaður bera dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Þorgeir Ingi Njálsson, settur héraðsdómari, kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnunum Gunnari S. Björnssyni byggingarmeistara og Frey Jóhannessyni tæknifræðingi. Dómsuppkvaðning hefur dregist vegna anna dómsforseta við önnur embættisstörf.

Dómsorð:

Stefndi, sveitarsjóður Ölfushrepps, greiði stefnendum, Jóni Tryggva Jónssyni og Birgittu Jónsdóttur, 255.000 krónur ásamt vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 2. gr. laga nr. 67/1989, frá 15. ágúst 1990 til 15. maí 1992, en dráttarvöxtum samkvæmt 15. gr., sbr. 10. og 12. gr. vaxtalaga, frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnendum 80.000 krónur í málskostnað. Skal tildæmdur málskostnaður bera dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 2. febrúar 1995.

Nr. 311/1992. **Flatkökugerðin hf.**
(Kristján Stefánsson hrl.)
gegn
Kökugerðinni hf.
(Valgeir Kristinsson hrl.)

Skriflega flutt mál. Aðild. Gjaldþrot. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma Gunnlaugur Claessen hæstaréttardómari, Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari, og Gunnar M. Guðmundsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 14. júlí 1992 og gerir þær dómkröfur aðallega, að rift verði kaupsamningi þeim, sem lýst er í héraðsdómi, að stefnda verði gert að skila skuldabréfi samkvæmt 4. lið kaupsamningsins og að stefndi verði dæmdur til að greiða 1.600.000 krónur með nánar tilgreindum ársvöxtum af 600.000 krónum frá 29. nóvember 1989 til 6. desember 1990, en dráttarvöxtum af 1.600.000 krónum frá þeim degi til greiðsludags. Til vara krefst áfrýjandi lækkunar á kaupverði samkvæmt nefndum kaupsamningi úr 3.000.000 króna í 600.000 krónur. Þá krefst áfrýjandi þess, að felld verði úr gildi ómerking tilgreindra ummæla í héraðsdómi. Að lokum krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krafðist aðallega frávísunar málsins frá Hæstarétti, en til vara staðfestingar hins áfrýjaða dóms. Í báðum tilvikum krafðist stefndi málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Eftir að lögmönnum aðila hafði verið tilkynnt, að munnlegur málflutningur færi fram 26. janúar sl., barst réttinum bréf frá lögmanni stefnda, og fylgdu því nokkur gögn. Fram kemur í bréfinu, að 6. júní 1992 hafi nafni stefnda verið breytt í Stígur hf. Bú félagsins hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta 30. mars 1994. Skiptum lauk, án þess að þrotabúið léti mál þetta til sín taka. Lögmaðurinn kveðst ekki lengur hafa umboð til að fara með málið og muni því ekki vera við munnlegan flutning þess. Meðal gagna, sem fylgdu bréfi lögmannsins, er bréf skiptastjóra í þrotabúi Stígs hf. frá 7. júlí

1994 til Héraðsdóms Reykjavíkur. Þar segir, að engar eignir hafi fundist í þrotabúi Stígs hf., og hafi skiptum í búinu verið lokið þann dag, án þess að nokkur greiðsla fengist upp í lýstar kröfur. Enn fremur fylgdi bréfi lögmannsins staðfest ljósrit af blaði úr Hlutafélagaskrá, er varðar Stíg hf., þar sem segir, að félagið hafi verið afskráð 7. júlí 1994. Neðanmáls á blaðið er eftirfarandi handskrifað: „Félagið hét áður Kökugerðin hf. (nafnbreyting 6. júní '92), þar áður hét félagið Flatkökugerðin hf. (nafnbreyting 28. 11. 1989)".

Vegna útivistar stefnda er málið skriflega flutt.

Í sókn lögmanns áfrýjanda kemur meðal annars fram, að honum hafi ekki verið kunnugt um breytingu á nafni Kökugerðarinnar hf. í Stíg hf., enda hafi hún ekki verið auglýst. Við innköllun krafna og meðferð þrotabúsins hafi ekki verið fjallað um fyrra nafn félagsins. Við áfrýjanda sé því ekki að sakast um, að hann lýsti ekki kröfum í þrotabúið. Þá hafi honum ekki gefist ráðrúm til að fá búskiptin tekin upp í því skyni að láta reyna á afstöðu skiptafundar til reksturs máls þessa. Áfrýjanda sé brýnt að fá dóm um kröfur sínar í málinu, þar sem skuldabréfið, sem víkur að í kröfugerð hans fyrir Hæstarétti, sé „sækjanlegt til fyrirsvarsmanna stefnda".

Samkvæmt framansögðu hafa eftir uppsögu héraðsdóms orðið þær breytingar á aðild í máli þessu og mál skipast svo í tengslum við þær, að eigi eru lagaskilyrði til þess, að efnisdómur verði nú kveðinn upp í málinu. Ber því að vísa málinu sjálfkrafa frá Hæstarétti. Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Málskostnaður fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 24. apríl 1992.

Mál þetta, sem dómtekið var 16. mars sl., er höfðað með stefnu, birtri 28. nóvember 1990, af Óskari Baldurssyni, kt. 170346-6299, stjórnarformanni f. h. Flatkökugerðarinnar hf., kt. 411289-2579, á hendur Bjarna Jóhannssyni stjórnarformanni, kt. 270660-3479, Hléskógum 5, Reykjavík, f. h. Kökugerðarinnar hf., kt. 671089-1629, aðallega til þess að þola staðfestingu á riftun á kaupsamningi á milli málsaðila, dags. 29. 11. 1989, um rekstur og allar eigur Kökugerðarinnar hf. að Brautarholti 26, Reykjavík. Jafnframt er þess krafist, að stefnandi skili skuldabréfi, er hann fékk afhent þann dag, en

bréfið er út gefið 29. nóvember 1989 af Óskari Baldurssyni með sjálfskuldarábyrgð Baldurs Jónssonar og Jóns Inga Baldurssonar til Bjarna Jóhannssonar, að fjárhæð 1.000.000 kr., með gjalddaga 10. febrúar 1990. Enn fremur er krafist greiðslu á 1.600.000 kr. með [nánar tilgreindum dráttarvöxtum].

Til vara er krafist afsláttar af kaupverði, að fjárhæð 2.400.000 kr., svo að kaupverð lækki í 600.000 kr.

Jafnframt er krafist málskostnaðar [...].

Stefndi gerir þær dómkröfur að vera sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Enn fremur er gerð sú krafa, að eftirfarandi ummæli á bls. 3 í stefnu verði dæmd dauð og ómerk: „Enda mun fyrirsvarsmaður stefnda, Bjarni Jóhannsson, að sögn fyrirsvarsmanns stefnanda talinn fjárglæframaður."

Þá er gerð krafa um greiðslu málskostnaðar úr hendi stefnanda [...].

Dómsorð:

Stefndi, Kökugerðin hf., skal vera sýkn af kröfu stefnanda, Flatkökugerðarinnar hf., um riftun kaupsamnings aðila frá 29. nóvember 1989 um rekstur og allar eigur Kökugerðarinnar hf. að Brautarholti 26, Reykjavík.

Varakröfu stefnanda um lækkun kaupverðs er vísað frá dómi ex officio.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 2. febrúar 1995.

Nr. 120/1993. **Svanur Guðmundsson**
(Ólafur Garðarsson hrl.)
gegn
þrotabúi Íslandslax hf.
(Sigurmar K. Albertsson hrl.)

Umboð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Markús Sigurbjörnsson og Friðgeir Björnsson dómstjóri.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. mars 1993 og krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Fallast ber á með héraðsdómara, að í ljós sé leitt, að áfrýjandi hafi gert seiðasölusamning við Íslandslax hf. fyrir hönd Guðmundar Runólfssonar hf. án þess að hafa til þess umboð. Verður hinn áfrýjaði dómur því staðfestur með vísan til forsendna hans.

Áfrýjandi greiði stefnda 100.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Svanur Guðmundsson, greiði stefnda, þrotabúi Íslandslax hf., 100.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Vesturlands 2. mars 1993.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 22. janúar, er höfðað fyrir aukadómþingi Snæfellsness- og Hnappadalssýslu af þrotabúi Íslandslax hf., kt. 480185-0999, Vatnsnesvegi 33, Keflavík, á hendur Svani Guðmundssyni, kt. 031159-2109, Sæbóli 29, Grundarfirði.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 3.085.200 kr. með dráttarvöxtum [...].

Þá er þess krafist, að málskostnaðarfjárhæð beri dráttarvexti [...].
Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar [...].

II.

Málavextir eru þeir, að sumarið 1989 falaðist stefndi, Svanur Guðmundsson sem framkvæmdastjóri Snælax hf., eftir því að fá keypt hjá Íslandslaxi hf. laxaseiði til framhaldsræktunar í fiskeldisstöðinni Snælaxi hf., Grundarfirði. Vegna þess, hve fjárhagsstaða Snælax hf. var léleg á þessum tíma, töldu forsvarsmenn Íslandslax hf. ekki gerlegt að selja Snælaxi hf. seiði.

Stefnandi kveður stefnda þá hafa boðið fram nýjan og traustan kaupanda, hlutafélagið Guðmund Runólfsson. Í beinu framhaldi, 6. júlí 1989, hafi verið gerður skriflegur kaupsamningur um sölu laxaseiðanna milli Íslandslax hf. og Guðmundar Runólfssonar hf. Stefndi, Svanur Guðmundsson, hafi skrifað undir kaupsamninginn f. h. Guðmundar Runólfssonar hf. Kveður stefnandi, að svo hafi um samist, að við afhendingu hafi átt að greiða 300.000 kr., en eftirstöðvar á 18 mánaða skuldabréfi með vöxtum. Skuldabréfin ásamt reikningi vegna kaupanna hafi verið send Guðmundi Runólfssyni hf., en ekki komið til baka undirrituð.

Stefnandi sundurliðar stefnukröfur sínar þannig í stefnu:

Höfuðstóll skv. seiðasölusamningi	kr.	2.785.200
Útlagður kostnaður vegna málflutnings	–	300.000
Samtals stefnufjárhæð	kr.	3.085.200

Stefnandi kveður Íslandslax hf. síðar hafa verið tekið til skiptameðferðar sem gjaldþrota. Hafi þá krafan á hendur Guðmundi Runólfssyni hf. verið ógreidd.

Hinn 14. júní 1990 var þingfest dómsmál á bæjarþingi Grindavíkur á hendur Guðmundi Runólfssyni hf. í þeim tilgangi að fá félagið dæmt til þess að standa við og efna seiðasölusamninginn frá 6. júlí 1989. Niðurstaða þess máls varð sú, að hlutafélagið Guðmundur Runólfsson var sýknað af kröfum Íslandslax hf., þar sem stefndi, Svanur Guðmundsson, hefði ekki haft umboð til þess að skuldbinda Guðmund Runólfsson hf.

Stefndi kveðst mótmæla því að hafa sagt eða gefið í skyn við framkvæmdastjóra Íslandslax hf., að hann væri framkvæmdastjóri Guðmundar Runólfssonar hf. eða gæti skuldbundið það fyrirtæki. Seiðin hefðu verið send fyrirtækinu Snælaxi hf. og farið í fiskeldiskvíar þess fyrirtækis. Hefðu seiðin við gjaldþrot Snælax hf. verið talin eign þrotabúsins. Stefndi kveður 300.000 kr. hafa verið greiddar af stefnda Snælaxi hf. við móttöku seiðanna og kvittun fyrir móttöku seiðanna gerða á bréfhaus Snælax hf. Hins vegar hafi aldrei verið gengið frá samningum við Guðmund Runólfsson umfram

áðurnefnt uppkast af myndbréfi. Þá hafi aldrei verið undirritað skuldabréf það, sem getið sé um í myndbréfsuppkastinu, er í raun hafi verið sú ábyrgð, sem stefnandi hafi ætlað að fá Guðmund Runólfsson hf. til þess að takast á hendur í þessum viðskiptum. Þá hafi það og komið fram, að um leið og ljóst hafi verið, að Guðmundur Runólfsson hf. gerðist ekki aðili að samningnum, hafi stefndi og framkvæmdastjóri Guðmundar Runólfssonar hf. haft samband við stefnanda og tjáð honum það og boðið stefnanda, að seiðin yrðu endursend eða þau fóðruð á kostnað stefnanda, þar til annað yrði ákveðið eða fundinn nýr kaupandi. Þessu hafi stefnandi hafnað.

III.

Stefnandi reisir kröfur sínar í máli þessu á því, að Íslandslax hf. og Guðmundur Runólfsson hf. hafi gert með sér bindandi og gagnkvæman kaupsamning um sölu á laxaseiðum. Stefndi, Svanur, hafi haft undir höndum stimpil félagsins. Umboðsmennska hans hafi ekki einungis lýst sér í orðum, heldur einnig í verki, þar sem hann hafi ætíð komið fram við forsvarsmenn Íslandslax hf. eins og hann hefði heimild til þess að skuldbinda hlutafélagið Guðmund Runólfsson. Síðar hafi komið í ljós, að stefndi hafi ekki haft þá heimild. Stefnandi kveðst hafa staðið við sinn hluta samningsins með því að afhenda seiðin á umsömdum tíma, en kaupandi seiðanna, Guðmundur Runólfsson hf., hafi ekki greitt umsamið kaupverð eða máls samkvæmt. Stefnandi heldur því fram, að stefndi hafi skuldbundið Guðmund Runólfsson hf. vitandi vits án heimildar í þeim tilgangi einum að ná seiðunum frá stefnanda, þótt honum hafi verið það ljóst, að hann hefði ekki heimild til þess. Stefndi beri því persónulega ábyrgð á þeirri athöfn sinni að gera kaupsamning í nafni Guðmundar Runólfssonar hf. án umboðs til þess að skuldbinda félagið. Stefnandi hafi ekki getað innheimt kaupverð seiðanna hjá Guðmundi Runólfssyni hf., sbr. dóm bæjarþings Grindavíkur frá 2. júlí 1991. Íslandslax hf., nú þrotabú Íslandslax hf., eigi að vera eins sett og það hefði verið, ef stefnandi hefði getað haldið kaupunum upp á umbjóðandann, Guðmund Runólfsson hf. Stefndi beri persónulega og hlutlæga bótaábyrgð á því tjóni, sem þrotabú Íslandslax hafi orðið fyrir vegna þessa. Stefnandi kveðst gera þá kröfu á hendur stefnda, að hann greiði allan sannanlegan kostnað, sem stefnandi hafi þurft að greiða vegna tilrauna hans til þess að innheimta kaupverð seiðanna.

Um lagarök vísar stefnandi til 25. gr. laga nr. 7/1938. Vaxtakrafan er studd III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987. Kröfu um málskostnað styður stefnandi XII. kafla laga nr. 85/1936. Um heimild til málshöfðunar vísar stefnandi til 91. gr. og 112. gr. laga nr. 6/1978, en Sigurmar K. Albertsson hrl. sé skipaður skiptastjóri í þrotabúi Íslandslax hf.

Sýknukröfu sína reisir stefndi á því, að aldrei hafi verið fyrir milligöngu hans gerður bindandi seiðasölusamningur milli stefnanda og Guðmundar Runólfssonar hf., heldur aðeins lauslegt uppkast um hugsanlegt efnisinnihald slíks samnings, ef til kæmi. Enn fremur heldur stefndi því fram, að framkvæmdastjóra og forráðamönnum Íslandslax hf. hafi verið eða mátt vera fullkunnugt um stöðu stefnda sem framkvæmdastjóra Íslandslax hf. og að hann hafi ekki haft neina heimild til þess að skuldbinda Guðmund Runólfsson hf. Stefndi kveðst mótmæla þeirri fullyrðingu stefnanda, að hann hafi vísvitandi skuldbundið Guðmund Runólfsson hf. án þess að hafa til þess umboð, og mótmælir persónulegri ábyrgð samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1936. Stefndi kveðst alla tíð hafa komið fram sem framkvæmdastjóri Snælax hf. og aldrei leynt stefnanda því, að hann hefði ekkert umboð til þess að skuldbinda Guðmund Runólfsson hf. Framkvæmdastjóri stefnanda hafi tekið áhættuna og ábyrgðina á því að senda seiðin Snælaxi hf., án þess að gengið hefði verið frá samningum við Guðmund Runólfsson hf. eða öðrum tryggingum, þar sem honum hafi verið kunnugt um slæma stöðu Snælax hf. Samningur sá, sem í raun hafi komist á, hafi verið milli Snælax hf. og Íslandslax hf. Greiddar hafi verið 300.000 kr. fyrir seiðin út af tékkhefti Snælax hf., kvittað fyrir móttöku þeirra á bréfsefni Snælax hf. og þau vistuð í fiskeldiskvíum fyrirtækisins og síðar talin eign þrotabúsins.

Um lagarök vísar stefndi til meginreglna samningalaga nr. 7/1936 og þá sérstaklega 25. gr. þeirra laga. Málskostnaðarkröfu reisir stefndi á XII. kafla laga nr. 85/1936.

IV.

Samkvæmt dómi bæjarþings Grindavíkur 2. júlí 1991 í málinu nr. 556 b/1990 hafði stefndi, Svanur Guðmundsson, sem var framkvæmdastjóri Snælax hf. á þeim tíma, er umrædd seiðakaup fóru fram, ekki umboð til þess að skuldbinda hlutafélagið Guðmund Runólfsson hf. Þrotabú Íslandslax hf. hefur því höfðað mál þetta á hendur stefnda á grundvelli 25. gr. laga nr. 7/1936 og krafið hann um bætur fyrir það tjón, sem Íslandslax hf. hafi orðið fyrir við það, að gerningnum varð ekki beitt gegn Guðmundi Runólfssyni hf.

Lagðar hafa verið fram sem dskj. nr. 3 dómsgerðir í fyrrgreindu máli nr. 556 b/1990.

Fram hefur komið í máli þessu, að framkvæmdastjóri Íslandslax hf. vildi ekki gera samning um seiðakaup við Snælax hf., þar sem honum var kunnugt um, að það fyrirtæki stóð höllum fæti. Stefndi notaði stimpil hlutafélagsins Guðmundar Runólfssonar á umræddan seiðasölusamning, enda þótt stefndi fullyrði, að hann hafi aldrei haft til þess umboð. Stefndi gerði því

seiðasölusamning við Íslandslax hf. án þess að hafa til þess umboð og tók við seiðum samkvæmt þeim samningi. Á fram lögðum ljósritum úr Hlutafélagaskrá sést, að fjórir af fimm stjórnendum hlutafélagsins Snælax hf. voru jafnframt í stjórn hlutafélagsins Guðmundar Runólfssonar hf., en stjórn þess félags skipuðu sex menn. Voru fyrirtæki þessi til húsa á sama stað.

Með hliðsjón af framansögðu verður að telja ósannað, að framkvæmdastjóra Íslandslax hf. hafi verið kunnugt um umboðsskort stefnda. Ber því stefnda að bæta stefnanda það tjón, sem Íslandslax hf. varð fyrir vegna umboðsskorts stefnda, samkvæmt 1. mgr. 25. gr. laga nr. 7/1936.

Ósönnuð er sú fullyrðing stefnda, að greiddar hafi verið 300.000 kr. við móttöku seiðanna. Samkvæmt þessu ber stefnda að greiða stefnanda stefnukröfur málsins, enda er ekki tölulegur ágreiningur í málinu að öðru leyti.

Eftir niðurstöðu málsins þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 350.000 krónur.

Hervör Þorvaldsdóttir héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Undirritaður dómari fékk mál þetta til meðferðar 1. júlí 1992.

Dómsorð:

Stefndi, Svanur Guðmundsson, greiði stefnanda, þrotabúi Íslandslax hf., 3.085.200 kr. með dráttarvöxtum samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987 frá 27. ágúst 1989 af 2.785.200 kr. til 1. september 1991, en af 3.085.200 kr. frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda 350.000 kr. í málskostnað, er beri dráttarvexti samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Fimmtudaginn 2. febrúar 1995.

Nr. 316/1991. **Þrotabú Grundarkjörs hf.**
(Skarphéðinn Þórisson hrl.)
gegn
Smjörlíki hf.
(Jónatan Sveinsson hrl.)

Gjaldþrot. Greiðsla. Riftunarkrafa. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 24. júlí 1991. Eru dómkröfur hans þessar:

1. Að rift verði ávísun/framsali Grundarkjörs hf. á andvirði allra Visa-viðskipta félagsins vegna verslunar að Furugrund 3, Kópavogi, til stefnda fyrir úttektartímabilið 18. apríl til 17. maí 1990, að fjárhæð 3.452.748 krónur.

2. Að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 3.452.748 krónur með dráttarvöxtum frá 2. júní 1990 til greiðsludags samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 5. gr. laga nr. 67/1989.

Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms um annað en málskostnað og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Málsatvikum er lýst í héraðsdómi. Eins og þar kemur fram, varð samkomulag um kaup Grundarkjörs hf. á vörum af stefnda gegn ávísun til hans á andvirði allra Visa-viðskipta tiltekinnar verslunar Grundarkjörs hf. á tímabilinu 18. apríl til 17. maí 1990, sem skyldi koma til greiðslu hjá Visa-Íslandi – Greiðslumiðlun hf., um það bil hálfum mánuði eftir lok tímabilsins, þ. e. í byrjun júní 1990. Greiðsluávísunin var tilkynnt Visa-Íslandi, sem áritaði hana með fyrirvara um lögmæti undirskriftar Grundarkjörs hf. Bú Grundarkjörs hf. var tekið til gjaldþrotaskipta 17. maí 1990.

Stefndi kveður það hafa verið skilning beggja aðila, að viðskipti

með þessum hætti væru staðgreiðsluviðskipti, enda hafi ávallt verið að því gætt, að innstæða væri á reikningi Grundarkjörs hf. vegna Visa-viðskipta viðkomandi verslunar, sem næmi ríflega úttektum hverju sinni. Grundarkjör hf. hafi og fengið staðgreiðsluafslátt í viðskiptunum. Um nokkurt skeið fyrir þetta hefðu viðskipti aðilanna verið venjuleg staðgreiðsluviðskipti, en í lok febrúar 1990 hafi forsvarsmaður Grundarkjörs hf. óskað eftir því, að sú framkvæmd yrði á þeim, að í stað peningagreiðslna fengi stefndi ávísun á andvirði Visa-viðskipta. Stefndi hafi samþykkt þetta að höfðu samráði við viðskiptabanka sinn og forráðamenn Visa-Íslands, og hafi báðir þeir aðilar talið þennan greiðslumáta eðlilegan. Af hálfu áfrýjanda hefur lýsingu stefnda á viðskiptunum og skilningi aðila á þeim ekki verið hnekkt.

Telja verður í ljós leitt af gögnum málsins, að gegn afhendingu vara til Grundarkjörs hf. fékk stefndi fyrirvaralaust framsal kröfu á hendur þriðja manni, sem ekki varð afturkallað af hálfu verslunarinnar. Eins og málið liggur fyrir, verður að telja, að öruggt hafi verið, að krafan kæmi til greiðslu af hálfu Visa-Íslands – Greiðslumiðlunar hf. Með þessu fékk stefndi greiðslu vörunnar með þeim hætti, að viðskiptunum verður jafnað við staðgreiðsluviðskipti. Krafa áfrýjanda um, að greiðslurnar renni til búsins á grundvelli 22. gr. þágildandi gjaldþrotalaga nr. 6/1978 verður því ekki tekin til greina.

Greiðsla Grundarkjörs hf. með fyrrgreindum hætti fyrir vörur frá stefnda verður samkvæmt framansögðu ekki talin jafngilda greiðslu skuldar í skilningi 54. gr. laga nr. 6/1978 eða tryggingu samkvæmt 57. gr. sömu laga, og kemur riftun á grundvelli þessara lagaákvæða því ekki til álita.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms verður staðfest niðurstaða hans um synjun á riftunarkröfu áfrýjanda, sem reist er á 61. gr. laga nr. 6/1978.

Stefndi krefst málskostnaðar í héraði, en hefur þó eigi gagnáfrýjað málinu. Kemur krafan því eigi til álita, þótt áfrýjandi hafi samþykkt, að hún kæmist að.

Samkvæmt framansögðu verður hinn áfrýjaði dómur staðfestur. Rétt þykir, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, þrotabú Grundarkjörs hf., greiði stefnda, Smjörlíki hf., 150.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

S é r a t k v æ ð i
Hrafns Bragasonar og
Hjartar Torfasonar

Ágreiningur máls þessa varðar þýðingu greiðsluávísunar Grundarkjörs hf. til stefnda á Visa-viðskipti frá 2. mars 1990 við gjaldþrotaskipti, en félagið varð gjaldþrota 17. maí sama ár. Greiðsluávísunin er svohljóðandi:

„Undirritaður söluaðili, Grundarkjör hf., Furugrund 3, nafnnr. . . . , ávísar hér með andvirði allra Visa-viðskipta sinna skv. ofangreindum samningi til Smjörlíkis hf.

Óskast greiðslan framvegis og þar til öðruvísi verður ákveðið lögð inn á tékkareikning nr. 607 hjá Íslandsbanka 514.

Hin breytta ráðstöfun tekur gildi frá og með útborgunardegi fyrir viðskiptatímabilið 18/3 til 17/4 1990, og er það óafturkallanlegt nema með samþykki beggja aðila."

Ávísunin er árituð af Visa-Íslandi með fyrirvara um lögmæti undirskriftar söluaðila. Tékkareikningurinn var á nafni stefnda.

Með bréfi 18. maí 1990 fór bústjóri þess á leit við Visa-Ísland, að allar óinnheimtar greiðslunótur Grundarkjörs hf. yrðu lagðar inn á reikning þrotabúsins, og með bréfi 23. sama mánaðar til stefnda var rift ráðstöfun samkvæmt greiðsluávísuninni og vísað um það til 54. og 61. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Visa-Ísland varð ekki við kröfum bústjóra, og því var mál þetta höfðað.

Visa-Ísland er fyrirtæki, sem miðlar greiðslum neytenda til söluaðila vöru eða þjónustu. Við þetta fær neytandinn nokkurn greiðslufrest hjá söluaðila, en staðfestir í þess stað, að greiðslumiðlunarfyrirtækið muni að nokkrum tíma liðnum leysa til sín kröfuna á hann. Grundarkjör hf. greiddi þannig stefnda með kröfum á þriðja mann, Visa-Ísland. Greiðslur þessar fóru ekki fram samtímis vöruafhendingum, og stefndi veitti misjafnlega langan greiðslufrest. Í stað þess fékk hann tryggingu í viðurkenningarnótum almennra við-

skiptamanna Grundarkjörs hf., sem myndaðist við afhendingu þeirra til hans. Hann fékk svo greiðslu á inneign sinni samkvæmt tryggingunni að ákveðnum tíma liðnum. Á meðan skuldaði Grundarkjör hf. honum fjárhæð greiðslunótnanna. Hefðu einhverjar greiðslunótur ekki verið gildar að skilmálum Visa-Íslands, hefði skuld samkvæmt þeim verið ógreidd. Samkvæmt málflutningi áttu stefndi og Grundarkjör hf. að gera viðskipti sín upp að loknu tímabilinu og jafna það, sem á milli bar, á hvorn veginn, sem það yrði. Hefur stefndi ekki sýnt fram á, að endurgjald til hans í viðskiptunum hafi verið bókfært, fyrr en uppgjörið fór fram. Verður ekki á það fallist, að um staðgreiðsluviðskipti hafi verið að ræða.

Greiðsluávísun Grundarkjörs hf. varðar ekki almennan tilgang greiðslumiðlunar Visa, og hún var gefin út minna en sex mánuðum fyrir frestdag. Þá var þetta nýbreytni í viðskiptum aðila, sem var til þess fallin að gera stefnda betur settan en aðra þá, sem birgðu Grundarkjör hf. upp að vörum á þessum tíma. Gat greiðslueyrir sá, sem um var samið, ekki virst venjulegur, eins og á stóð.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, teljum við greiðsluávísunina hafa verið riftanlega samkvæmt 54. gr. og 57. gr. laga nr. 6/1978, sbr. nú 134. gr. og 137. gr. laga um gjaldþrotaskipti o. fl. nr. 21/1991. Ber þegar af þeim ástæðum að taka kröfu áfrýjanda til greina í heild sinni samkvæmt 62. gr. laga nr. 6/1978, sbr. 142. gr. laga nr. 21/1991. Samkvæmt þessari niðurstöðu ber stefnda að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 10. maí 1991.

1.0.

Mál þetta, sem tekið var til dóms föstudaginn 26. apríl sl., hefur þrotabú Grundarkjörs hf., kt. 690388-1549, Auðbrekku 10, Kópavogi, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, þingfestri 21. febrúar 1991, á hendur Smjörlíki hf., kt. 621245-0159, Þverholti 19, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru eftirgreindar:

1. Að rift verði með dómi ávísun / framsali Grundarkjörs hf. á andvirði allra Visa-viðskipta félagsins vegna verslunar félagsins að Furugrund 3, Kópavogi, til stefnda fyrir úttektartímabilið 18. apríl til 17. maí 1990, að fjárhæð 3.452.748 kr.
2. Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 3.452.748 kr. með

dráttarvöxtum frá 2. júní 1990 til greiðsludags samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 5. gr. laga nr. 67/1989.

3. Þá krefst stefnandi málskostnaðar [...].

Dómkröfur stefnda eru eftirgreindar aðallega:

1. Að stefndi verði sýknaður af kröfu stefnanda um riftun ávísunar/framsals Grundarkjörs hf. á andvirði allra Visa-viðskipta félagsins [...].
2. Að stefndi verði sýknaður af dómkröfum stefnanda um greiðslu á 3.452.748 kr. [...].
3. Að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað [...].

Til vara krefst stefndi, að málskostnaður verði felldur niður.

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

2.0.

Stefnandi segir málavexti vera þá, að 17. maí 1990 hafi bú Grundarkjörs hf. verið tekið til gjaldþrotaskipta hjá bæjarfógetaembættinu í Kópavogi. Samdægurs hafi hæstaréttarlögmennirnir Sigmundur Hannesson og Skarphéðinn Þórisson verið skipaðir bústjórar til bráðabirgða, og á fyrsta skiptafundi búsins 11. október 1990 hafi þeir verið kosnir skiptastjórar þrotabúsins.

Meðal upphafsráðstafana skiptastjóra hafi verið almenn krafa til greiðslukortafyrirtækja, að allar ógreiddar greiðslukortanótur þrotabúsins rynnu örugglega til félagsins á gjalddögum, og hafi fyrsti gjalddagi eftir gjaldþrotaúrskurð verið 2. júní 1990.

Fljótlega hafi komið í ljós, að þrotamaður hafi ráðstafað Visa-greiðsluseðlum hverrar einstakrar verslunar félagsins fyrir úttektartímabilið 18. apríl til 17. maí 1990 til sérstaks kröfuhafa. Hvað varðar mál þetta, hafi þrotamaður ráðstafað andvirði allra Visa-viðskipta sinna vegna verslunar félagsins að Furugrund 3, Kópavogi, til stefnda fyrir tímabilið 18. apríl til 17. maí 1990. Ráðstöfun þessi sé samkvæmt samningi þrotamanns og stefnda, dagsettum 2. mars 1990, með samþykki Visa-Íslands.

Með bréfi til stefnda, dagsettu 23. maí 1990, sbr. bréf, dagsett 28. maí, til sama, hafi ráðstöfun þessari verið rift og þess krafist, að stefnandi fengi þá fjárhæð, sem kæmi til greiðslu 2. júní 1990. Riftunarkröfu stefnanda hafi verið eindregið mótmælt af hálfu stefnda.

Visa-Ísland hafi ekki greitt stefnanda þá fjárhæð, sem hann gerði kröfu til, en með bréfi, dagsettu 14. september 1990, hafi Visa-Ísland loks upplýst stefnanda um, hvernig sú fjárhæð, sem koma hafi átt til greiðslu 2. júní 1990, sundurliðaðist. Samkvæmt þeirri sundurliðun hafi stefndi átt að fá samkvæmt framangreindum samningi 3.452.748 kr., sem jafnframt séu stefnufjárhæð þessa máls.

Þegar Grundarkjör hf. hafi verið lýst gjaldþrota 17. maí 1990, hafi fyrirtækið verið orðið óstarfhæft vegna mikilla skuldbindinga og óreiðu í rekstri. Í þessu sambandi megi benda á það, að lýstar kröfur í þrotabúið hafi numið um það bil 248.000.000 króna og þar af sé gert ráð fyrir, að um það bil 230.000.000 kr. verði endanlega samþykktar sem kröfur í búið, þar með taldar forgangskröfur. Áætlanir nú geri ráð fyrir því, að eignir til skipta verði í besta falli 36.000.000 kr., þegar upp verði staðið. Af þessu megi sjá, að miklar skuldir hafi safnast saman í rekstri hjá þrotamanni, sem ekki hefði rekið verslanir sínar nema á þriðja ár.

Hinn 2. mars 1990 hafi stefndi undirritað samninginn við Grundarkjör hf. um framsal hluta af Visa-viðskiptum fyrirtækisins. Rúmum níu vikum síðar hafi verið búið að loka öllum verslunum fyrirtækisins, og um það bil ellefu vikur frá samningsdegi hafi verið búið að lýsa félagið gjaldþrota.

Öllum, sem viðskipti hafi átt við Grundarkjör hf., hafi hlotið að hafa verið það ljóst í lok mars 1990, að fyrirtækið ætti sér ekki viðreisnar von og gjaldþrot blasti við. Framsal Grundarkjörs hf. á greiðslukortanótum sínum hafi verið örvæntingarfull tilraun þrotamanns til að gera upp skuldir bæði við nokkur stór heildsölufyrirtæki og tryggja framhald vörukaupa frá sömu aðilum.

Með sex sjálfstæðum samningum, undirrituðum í febrúar og mars 1990, hafi þrotamaður ráðstafað nánast öllum Visa-greiðslum til jafnmargra aðila. Hafi aðilar þessir fengið og þar á meðal stefndi fyrstu greiðslu vegna samninga þessara 2. maí 1990, og næsta greiðsla hafi átt að renna til þeirra 2. júní 1990, eins og áður hafi verið rakið.

Ljóst sé, að framsal þrotamanns á Visa-greiðslum sínum hafi flýtt óhjákvæmilegum endalokum fyrirtækisins. Visa-greiðslur hafi verið stór hluti viðskipta fyrirtækisins og óhugsandi að missa þessa fjármuni úr rekstri án mikilla vandræða.

Stefnda hafi strax verið tilkynnt um fyrirhugaða riftun stefnanda á Visa-viðskiptum hans. Höfðun riftunarmáls hafi verið samþykkt af meiri hluta kröfuhafa í þrotabúi stefnanda 8. janúar 1991.

Ekki hafi legið ljóst fyrir um fyrirhugaða riftunarfjárhæð fyrr en eftir 14. september 1990, þegar Visa-Ísland hafi sent stefnanda skilagrein vegna ofangreindra viðskipta.

Kröfulýsingarfrestur í þrotabú Grundarkjörs hf. hafi runnið út 20. ágúst 1990, og fyrsti skiptafundur hafi verið haldinn 11. október sama ár. Rétt sé, að fram komi, að stefndi hafi aldrei lýst kröfu sinni í þrotabú Grundarkjörs hf.

– – –

6.0. *Forsendur og niðurstaða.*

Fyrst ber að víkja að þeirri málsástæðu stefnanda, að greiðsla sú, er mál þetta snýst um, eigi að renna til búsins, þar sem hún hafi ekki átt að koma til útborgunar fyrr en eftir gjaldþrotaúrskurð, þ. e. Visa-Ísland hafi átt að greiða stefnda 2. júní 1990, en þrotabú Grundarkjörs hf. hafi verið lýst gjaldþrota 17. maí 1990.

Samkvæmt VII. kafla laga nr. 6/1978 getur bú tekið við réttindum og skyldum þrotamanns eftir gagnkvæmum samningi, sem ekki hefur að hluta eða í heild verið efndur á frestdegi. Svo sem stefnandi heldur fram, er það meginregla, að greiðsla, sem þrotamaður hefur ráðstafað með samningi fyrir gjaldþrot, en verður ekki látin af hendi fyrr en eftir úrskurð um gjaldþrot, eigi að renna til viðkomandi þrotabús, ef það krefjist þess, sbr. 22. gr. laganna.

Ekki verður fallist á þá málsástæðu stefnda, að greiðsla þrotamannsins hafi verið innt af hendi samtímis því, sem hann hafi nýtt sér rétt til úttektar hjá stefnda samkvæmt samkomulaginu, þótt þá hafi legið fyrir í hvert skipti upplýsingar frá Visa-Íslandi um, að innstæða væri þá á viðkomandi reikningi vegna Visa-viðskipta hlutaðeigandi verslunar. Samkvæmt samkomulagi aðila um ávísun á andvirði allra Visa-viðskipta til stefnda var gert ráð fyrir ákveðnum útborgunardögum. Samkvæmt því hefði greiðsludagur orðið 2. júní 1990. Þá ber og í þessu sambandi að vísa til þess, að stefndi gerir kröfu um sýknu af fjárkröfu stefnanda vegna þeirrar málsástæðu, að hann hafi aldrei fengið umrædda fjármuni í sínar hendur, heldur séu þeir enn í vörslu Visa-Íslands. Samkomulagið var því ekki að fullu efnt við lok hverrar vöruúttektar þrotamanns eða samtímis því, að stefndi lét vörur af hendi við stefnanda, eins og stefndi heldur fram, heldur eftir að greiðsla hafði farið fram.

Á hinn bóginn verður fallist á það með stefnda, að greiðsluávísunin hafi verið fyrirvaralaus af hálfu þrotamanns um yfirfærslu allra réttinda samkvæmt Visa-viðskiptaseðlunum til stefnda að því marki, sem þrotamaður hafði í hvert skipti nýtt sér úttektarheimild samkomulagsins. Hin umsamda greiðsla, svo sem henni er lýst í umræddu skjali, var í vörslum þriðja manns, þ. e. Visa-Íslands, eftir að vöruúttekt hafði farið fram. Stefnandi var þannig sviptur umráðaréttinum.

Á það verður að fallast, að samningurinn hafi falið í sér tryggingarréttindi stefnda til handa, handveðsréttareðlis, til tryggingar því, að framkvæmdin á viðskiptunum gengi með umsömdum hætti. Handveðsígildi þetta stofnaðist, um leið og stefnandi tók á sig greiðsluskylduna samkvæmt samningnum, og var til tryggingar greiðslu á andvirði úttektarinnar. Breytir

hér engu um, hvort innstæða var í hvert skipti til greiðslu á allri úttektinni eða hvort hún varð til síðar. Var handveðsígildi þetta gilt samkvæmt 2. tölulið 24. gr. laga nr. 6/1978. Þegar af þessari ástæðu verður þessari tryggingarráðstöfun þrotabúsins ekki rift á þessum grundvelli.

Því er haldið fram af hálfu stefnanda, að sú ráðstöfun Grundarkjörs hf. að framselja stefnda andvirði allra Visa-viðskipta einnar af verslunum félagsins hafi verið ólögmæt og sé riftanleg á grundvelli VIII. kafla gjaldþrotalaga nr. 6/1978.

Skal fyrst vikið að þeim málsástæðum, að greitt hafi verið með óvenjulegum greiðslueyri eða greidd hafi verið fjárhæð, sem úrslitum réð um gjaldfærni þrotamanns, enda hafi greiðslan ekki virst venjuleg eftir atvikum, sbr. 54. gr. laganna.

Um er að ræða greiðslueyri, sem málsaðilar sömdu upphaflega um við samningsgerð 2. mars 1990, að notaður yrði. Þá er á það að líta, að peningar og peningaávísanir teljast að jafnaði venjulegur greiðslueyrir. Enn fremur kom fram við munnlega skýrslutöku fyrir dómi, að samningar sem þessir væru ekki óalgengir í hliðstæðum viðskiptum. Þá naut stefnandi staðgreiðsluafsláttar vegna viðskipta þessara. Með hliðsjón af þessu verður ekki talið, að hinn umsamdi greiðslumáti, þ. e. ávísun á peningagreiðslur eða inneign hjá Visa-Íslandi sé óvenjulegur greiðslueyrir í skilningi 54. gr. laga nr. 6/1978.

Ekki verður litið svo á, að heildargreiðslugeta þrotamanns hafi skerst verulega við greindan greiðslumáta. Fyrir greiðsluna komu verðmæti, þ. e. vöruúttekt hjá stefnda. Ekki voru eldri skuldir greiddar og með því stofnuð óeðlileg sérstaða. Annars vegar var stefndi að afla sér tryggingar fyrir greiðslu vörunnar, og hins vegar var stefnandi að leggja grundvöll að framhaldi reksturs verslunarinnar. Tryggingin var stofnuð, um leið eða eftir að verðmætið var látið af hendi. Verður því ekki fallist á þá málsástæðu stefnanda, að riftun sé heimil á grundvelli 54. gr. laganna vegna þess, að greiðslan hafi ráðið úrslitum um gjaldfærni þrotamanns.

Þá ber að taka til umfjöllunar þá málsástæðu stefnanda, að ráðstöfun þrotamanns hafi verið ótilhlýðileg að því leyti, að hún hafi verið stefnda til hagsbóta á kostnað annarra kröfuhafa og þannig brotið gegn meginreglunni um jafna stöðu kröfuhafa. Vísar stefnandi til 61. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Hann fullyrðir, að þegar ráðstöfun þessi hafi farið fram, hafi þrotamaður verið orðinn ógjaldfær og stefndi vitað eða mátt vita um ógjaldfærni þrotamanns. Stefnandi telur, að ráðstöfun þessi hafi beinlínis verið gerð vegna þess, að gjaldþrot hafi blasað við þrotamanni.

Regla 61. gr. laga nr. 67/1978 er reist á huglægum grundvelli, þ.e., að

stefndi hafi meðal annars vitað eða mátt vita um ógjaldfærni skuldara, þegar ráðstöfun þessi var gerð, svo og, að ráðstöfunin hafi verið ótilhlýðileg og á kostnað annarra kröfuhafa. Sönnunarbyrðin fyrir því, að greinin eigi við, hvílir á þrotabúi. Ber búið sönnunarbyrðina um ógjaldfærni stefnanda og um það, hvort stefndi hafi vitað eða mátt vita um ógjaldfærnina, og um þær aðstæður, sem gerðu ráðstöfunina ótilhlýðilega.

Ætla má, að stefndi hafi gert umræddan samning til að tryggja stöðu sína og því talið stöðu sína ótrygga, áður en hann var gerður. Á hinn bóginn hefur ekkert verið fært fram í máli þessu, er bendi til, að stefndi hafi vitað um ógjaldfærni stefnanda, þ. e., að eignir stefnanda hafi verið minni en skuldir á þeim tíma, er samningur var gerður. Ekki hefur verið gert sennilegt, að stefnandi hafi orðið ógjaldfær sérstaklega vegna samningsins. Svo sem áður greindi, hvílir sönnunarbyrðin um framangreind atriði á búinu, og verður ekki talið, að stefnanda hafi tekist sú sönnun.

Ekki þarf að víkja að þeirri upphaflegu málsástæðu stefnanda, að ráðstöfun þrotamanns á Visa-viðskiptum sé riftanleg á grundvelli 1. mgr. 57. gr. laga nr. 6/1978 um riftun á tryggingarréttindum, sem kröfuhafi fékk á öðrum tíma en til skuldar var stofnað, þar sem hann féll frá málsástæðu þessari við aðalmeðferð málsins.

Af þeim ástæðum, sem hér hafa verið raktar, verður að sýkna stefnda af riftunarkröfu stefnanda. Með tilvísun til þess verður enn fremur að hafna kröfu stefnanda um, að stefndi verði dæmdur til að greiða 3.452.748 kr. ásamt dráttarvöxtum frá 2. júní 1990 til greiðsludags, enda mun stefndi aldrei hafa fengið umrædda fjármuni í hendur, þar sem þeir eru enn í vörslu Visa-Íslands, sem lagt hefur fjárhæðina inn á reikning í Íslandsbanka.

Eftir atvikum málsins og með tilvísun til 178. gr. laga nr. 85/1936 þykir rétt, að hvor málsaðili beri sinn kostnað af málinu.

Jón L. Arnalds borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Smjörlíki hf., skal vera sýkn af kröfum stefnanda, þrotabús Grundarkjörs hf., í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 2. febrúar 1995.

Nr. 317/1991. **Þrotabú Grundarkjörs hf.**
(Páll A. Pálsson hrl.)
gegn
Sambandi íslenskra samvinnufélaga
vegna búvörudeildar þess
(Gísli Baldur Garðarsson hrl.)

Gjaldþrot. Greiðsla. Riftunarkrafa. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 24. júlí 1991. Eru dómkröfur hans þessar:

1. Að rift verði ávísun/framsali Grundarkjörs hf. á andvirði allra Visa-viðskipta félagsins vegna verslunar að Garðatorgi 1, Garðabæ, til stefnda fyrir úttektartímabilið 18. apríl til 17. maí 1990, að fjárhæð 12.725.725 krónur.

2. Að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 12.725.725 krónur með dráttarvöxtum frá 2. júní 1990 til greiðsludags samkvæmt 10. gr., sbr. 12. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 5. gr. laga nr. 67/1989.

Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms um annað en málskostnað og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Málsatvikum er lýst í héraðsdómi. Eins og þar kemur fram, varð samkomulag um kaup Grundarkjörs hf. á vörum af stefnda gegn ávísun til hans á andvirði allra Visa-viðskipta tiltekinnar verslunar Grundarkjörs hf. á tímabilinu 18. apríl til 17. maí 1990, sem skyldi koma til greiðslu hjá Visa-Íslandi – Greiðslumiðlun hf. um það bil hálfum mánuði eftir lok tímabilsins, þ. e. í byrjun júní 1990. Greiðsluávísunin var tilkynnt Visa-Íslandi, sem áritaði hana með fyrirvara um lögmæti undirskriftar Grundarkjörs hf. Bú Grundarkjörs hf. var tekið til gjaldþrotaskipta 17. maí 1990.

Stefndi kveður það hafa verið skilning beggja aðila, að viðskipti með þessum hætti væru staðgreiðsluviðskipti. Grundarkjör hf. hafi keypt vörur af stefnda og greitt þær út í hönd með Visa-greiðsluseðlum, og hafi slík greiðsla samtímis vöruúttekt verið forsenda fyrir henni. Verslunin hafi og fengið staðgreiðsluafslátt í viðskiptunum. Áður hafi verið um reikningsviðskipti að ræða milli aðilanna með greiðslufresti í 45 daga. Forsvarsmaður Grundarkjörs hafi óskað eftir, að þessu yrði breytt í staðgreiðsluviðskipti með ofangreindum hætti til að fá hærri afslátt af söluverði. Hafi stefndi samþykkt þetta að höfðu samráði við viðskiptabanka Grundarkjörs hf. og forráðamenn Visa-Íslands. Af hálfu áfrýjanda hefur lýsingu stefnda á viðskiptunum og skilningi aðila á þeim ekki verið hnekkt.

Telja verður í ljós leitt af gögnum málsins, að gegn afhendingu vara til Grundarkjörs hf. fékk stefndi fyrirvaralaust framsal kröfu á hendur þriðja manni, sem ekki varð afturkallað af hálfu verslunarinnar. Eins og málið liggur fyrir, verður að telja, að öruggt hafi verið, að krafan kæmi til greiðslu af hálfu Visa-Íslands – Greiðslumiðlunar hf. Með þessu fékk stefndi greiðslu vörunnar með þeim hætti, að viðskiptunum verður jafnað við staðgreiðsluviðskipti. Krafa áfrýjanda um, að greiðslurnar renni til búsins á grundvelli 22. gr. þágildandi gjaldþrotalaga nr. 6/1978, verður því ekki tekin til greina.

Greiðsla Grundarkjörs hf. með fyrrgreindum hætti fyrir vörur frá stefnda verður samkvæmt framansögðu ekki talin jafngilda greiðslu skuldar í skilningi 54. gr. laga nr. 6/1978 eða tryggingu samkvæmt 57. gr. sömu laga, og kemur riftun á grundvelli þessara lagaákvæða því ekki til álita.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms verður staðfest niðurstaða hans um synjun á riftunarkröfu áfrýjanda, sem reist er á 61. gr. laga nr. 6/1978.

Stefndi krefst málskostnaðar í héraði, en hefur þó eigi gagnáfrýjað málinu. Kemur krafan því eigi til álita, þótt áfrýjandi hafi samþykkt, að hún kæmist að.

Samkvæmt framansögðu verður hinn áfrýjaði dómur staðfestur. Rétt þykir, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, þrotabú Grundarkjörs hf., greiði stefnda, Sambandi íslenskra samvinnufélaga vegna búvörudeildar þess, 150.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Sératkvæði
Hrafns Bragasonar
og Hjartar Torfasonar

Ágreiningur máls þessa varðar þýðingu greiðsluávísunar Grundarkjörs hf. til stefnda á Visa-viðskipti frá 29. mars 1990 við gjaldþrotaskipti, en félagið varð gjaldþrota 17. maí sama ár. Greiðsluávísunin er svohljóðandi:

„Undirritaður söluaðili, Grundarkjör hf., Garðabæ, nafnnr. . . ., ávísar hér með andvirði allra Visa-viðskipta sinna skv. ofangreindum samningi til búvörudeildar Sambandsins . . . .

Óskast greiðslan framvegis og þar til öðruvísi verður ákveðið lögð inn á viðskiptareikning nr. 4758 hjá Samvinnubankanum hf., Bankastræti.

Hin breytta ráðstöfun tekur gildi frá og með útborgunardegi fyrir viðskiptatímabilið 18/3, og er það óafturkallanlegt nema með samþykki beggja aðila."

Ávísunin er árituð af Visa-Íslandi með fyrirvara um lögmæti undirskriftar söluaðila. Viðskiptareikningurinn var á nafni stefnda.

Með bréfi 18. maí 1990 fór bústjóri þess á leit við Visa-Ísland, að allar óinnheimtar greiðslunótur Grundarkjörs hf. yrðu lagðar inn á reikning þrotabúsins, og með bréfi 23. sama mánaðar til stefnda var rift ráðstöfun samkvæmt greiðsluávísuninni og vísað um það til 54. og 61. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Visa-Ísland varð ekki við kröfum bústjóra, og því var mál þetta höfðað.

Visa-Ísland er fyrirtæki, sem miðlar greiðslum neytenda til söluaðila vöru eða þjónustu. Við þetta fær neytandinn nokkurn greiðslufrest hjá söluaðila, en staðfestir í þess stað, að greiðslumiðlunarfyrirtækið muni að nokkrum tíma liðnum leysa til sín kröfuna á hann. Grundarkjör hf. greiddi þannig stefnda með kröfum á þriðja

mann, Visa-Ísland. Greiðslur þessar fóru ekki fram samtímis vöruafhendingum, og stefndi veitti misjafnlega langan greiðslufrest. Í stað þess fékk hann tryggingu í viðurkenningarnótum almennra viðskiptamanna Grundarkjörs hf., sem myndaðist við afhendingu þeirra til hans. Hann fékk svo greiðslu á inneign sinni samkvæmt tryggingunni að ákveðnum tíma liðnum. Á meðan skuldaði Grundarkjör hf. honum fjárhæð greiðslunótnanna. Hefðu einhverjar greiðslunótur ekki verið gildar að skilmálum Visa-Íslands, hefði skuld samkvæmt þeim verið ógreidd. Samkvæmt samningi áttu stefndi og Grundarkjör hf. að gera viðskipti sín upp að loknu tímabilinu og jafna það, sem á milli bar, á hvorn veginn, sem það yrði. Hefur stefndi ekki sýnt fram á, að endurgjald til hans í viðskiptunum hafi verið bókfært, fyrr en uppgjörið fór fram. Verður ekki á það fallist, að um staðgreiðsluviðskipti hafi verið að ræða.

Greiðsluávísun Grundarkjörs hf. varðar ekki almennan tilgang greiðslumiðlunar Visa, og hún var gefin út minna en sex mánuðum fyrir frestdag. Þá var þetta nýbreytni í viðskiptum aðila, sem var til þess fallin að gera stefnda betur settan en aðra þá, sem birgðu Grundarkjör hf. upp að vörum á þessum tíma. Gat greiðslueyrir sá, sem um var samið, ekki virst venjulegur, eins og á stóð.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, teljum við greiðsluávísunina hafa verið riftanlega samkvæmt 54. gr. og 57. gr. laga nr. 6/1978, sbr. nú 134. gr. og 137. gr. laga um gjaldþrotaskipti o. fl. nr. 21/1991. Ber þegar af þeim ástæðum að taka kröfu áfrýjanda til greina í heild sinni samkvæmt 62. gr. laga nr. 6/1978, sbr. 142. gr. laga nr. 21/1991. Samkvæmt þessari niðurstöðu ber stefnda að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 29. maí 1991.

1.0.

Mál þetta, sem tekið var til dóms miðvikudaginn 22. maí sl., hefur þrotabú Grundarkjörs hf., kt. 690388-1549, Auðbrekku 10, Kópavogi, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, þingfestri 21. febrúar 1991, á hendur Sambandi íslenskra samvinnufélaga, kt. 550269-4309, Sambandshúsinu, Kirkjusandi, Reykjavík, vegna búvörudeildar Sambands íslenskra samvinnufélaga, kt. 650987-2689, sama stað.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru eftirgreindar:

1. Að rift verði með dómi ávísun/framsali Grundarkjörs hf. á andvirði allra Visa-viðskipta félagsins vegna verslunar félagsins að Garðatorgi 1, Garðabæ, til stefnda fyrir úttektartímabilið 18. apríl 1990 til 17. maí 1990, að fjárhæð 12.725.725 kr.
2. Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 12.725.725 kr. með dráttarvöxtum frá 2. júní 1990 til greiðsludags samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 5. gr. laga nr. 67/1989.
3. Þá krefst stefnandi málskostnaðar [...].

Endanlegar dómkröfur stefnda eru þær, að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Þá verði stefnandi dæmdur til að greiða stefnda málskostnað [...].

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

2.0.

Stefnandi segir málavexti vera þá, að 17. maí 1990 hafi bú Grundarkjörs hf. verið tekið til gjaldþrotaskipta hjá bæjarfógetaembættinu í Kópavogi. Samdægurs hafi hæstaréttarlögmennirnir Sigmundur Hannesson og Skarphéðinn Þórisson verið skipaðir bústjórar til bráðabirgða, og á fyrsta skiptafundi búsins 11. október 1990 hafi þeir verið kosnir skiptastjórar þrotabúsins.

Meðal upphafsráðstafana skiptastjóra hafi verði almenn krafa til greiðslukortafyrirtækja, að allar ógreiddar greiðslukortanótur þrotabúsins rynnu örugglega til félagsins á gjalddögum, og hafi fyrsti gjalddagi eftir gjaldþrotaúrskurð verið 2. júní 1990.

Fljótlega hafi komið í ljós, að þrotamaður hafi ráðstafað Visa-greiðsluseðlum hverrar einstakrar verslunar félagsins fyrir úttektartímabilið 18. apríl til 17. maí 1990 til sérstaks kröfuhafa. Hvað varðar mál þetta, þá hafi þrotamaður ráðstafað andvirði allra Visa-viðskipta sinna vegna verslunar félagsins að Garðatorgi 1, Garðabæ, til stefnda fyrir tímabilið 18. apríl til 17. maí 1990. Ráðstöfun þessi sé samkvæmt samningi þrotamanns og stefnda, dagsettum 29. mars 1990, með samþykki Visa-Íslands.

Með bréfi til stefnda, dagsettu 23. maí 1990, sbr. bréf, dagsett 28. maí, til sama, hafi ráðstöfun þessari verið rift og þess krafist, að stefnandi fengi þá fjárhæð, sem kæmi til greiðslu 2. júní 1990. Riftunarkröfu stefnanda hafi verið eindregið mótmælt af hálfu stefnda.

Visa-Ísland hafi ekki greitt stefnanda þá fjárhæð, sem hann gerði kröfu til, en með bréfi, dagsettu 14. september 1990, hafi Visa-Ísland loks upplýst stefnanda um, hvernig sú fjárhæð, sem koma hafi átt til greiðslu 2. júní 1990, sundurliðaðist.

Þegar Grundarkjör hf. hafi verið lýst gjaldþrota 17. maí 1990, hafi fyrirtækið verið orðið óstarfhæft vegna mikilla skuldbindinga og óreiðu í rekstri. Í þessu sambandi megi benda á það, að lýstar kröfur í þrotabúið hafi numið um það bil 248.000.000 króna og þar af sé gert ráð fyrir, að um það bil 230.000.000 kr. verði endanlega samþykktar sem kröfur í búið, þar með taldar forgangskröfur. Áætlanir nú geri ráð fyrir því, að eignir til skipta verði í besta falli 36.000.000 kr., þegar upp verði staðið. Af þessu megi sjá, að miklar skuldir hafi safnast saman í rekstri hjá þrotamanni, sem ekki hefði rekið verslanir sínar nema á þriðja ár.

Hinn 29. mars 1990 hafi stefndi undirritað samninginn við Grundarkjör hf. um framsal hluta af Visa-viðskiptum fyrirtækisins. Rúmum fimm vikum síðar hafi verið búið að loka öllum verslunum fyrirtækisins, og um það bil sjö vikur frá samningsdegi hafi verið búið að lýsa félagið gjaldþrota.

Öllum, sem viðskipti hafi átt við Grundarkjör hf., hafi hlotið að hafa verið það ljóst í lok mars 1990, að fyrirtækið ætti sér ekki viðreisnar von og gjaldþrot blasti við. Framsal Grundarkjörs hf. á greiðslukortanótum sínum hafi verið örvæntingarfull tilraun þrotamanns til að gera upp skuldir bæði við nokkur stór heildsölufyrirtæki og tryggja framhald vörukaupa frá sömu aðilum.

Með sex sjálfstæðum samningum, undirrituðum í febrúar og mars 1990, hafi þrotamaður ráðstafað nánast öllum Visa-greiðslum til jafnmargra aðila. Hafi aðilar þessir fengið og þar á meðal stefndi fyrstu greiðslu vegna samninga þessara 2. maí 1990, og næsta greiðsla hafi átt að renna til þeirra 2. júní 1990, eins og áður hafi verið rakið.

Ljóst sé, að framsal þrotamanns á Visa-greiðslum sínum hafi flýtt óhjákvæmilegum endalokum fyrirtækisins. Visa-greiðslur hafi verið stór hluti viðskipta fyrirtækisins og óhugsandi að missa þessa fjármuni úr rekstri án mikilla vandræða.

Stefnda hafi strax verið tilkynnt um fyrirhugaða riftun stefnanda á Visa-viðskiptum hans. Höfðun riftunarmáls hafi verið samþykkt af meiri hluta kröfuhafa í þrotabúi stefnanda 8. janúar 1991. Ekki hafi legið ljóst fyrir um fyrirhugaða riftunarfjárhæð fyrr en eftir 14. september 1990, þegar Visa-Ísland hafi sent stefnanda skilagrein vegna ofangreindra viðskipta.

Kröfulýsingarfrestur í þrotabú Grundarkjörs hf. hafi runnið út 20. ágúst 1990, og fyrsti skiptafundur hafi verið haldinn 11. október sama ár. Rétt sé, að fram komi, að stefndi hafi aldrei lýst kröfu sinni í þrotabú Grundarkjörs hf.

Búvörudeild Sambandsins hafi verið deild innan Sambands íslenskra samvinnufélaga, og stefnist því Sambandi íslenskra samvinnufélaga vegna búvörudeildar þess sama.

– – –

7.0. *Forsendur og niðurstaða.*

Fyrst ber að víkja að þeirri málsástæðu stefnanda, að greiðsla sú, er mál þetta snýst um, eigi að renna til búsins, þar sem hún hafi ekki átt að koma til útborgunar fyrr en eftir gjaldþrotaúrskurð, þ. e. Visa-Ísland hafi átt að greiða stefnda 2. júní 1990, en þrotabú Grundarkjörs hf. hafi verið lýst gjaldþrota 17. maí 1990.

Samkvæmt VII. kafla laga nr. 6/1978 getur bú tekið við réttindum og skyldum þrotamanns eftir gagnkvæmum samningi, sem ekki hefur að hluta eða í heild verið efndur á frestdegi. Svo sem stefnandi heldur fram, er það meginregla, að greiðsla, sem þrotamaður hefur ráðstafað með samningi fyrir gjaldþrot, en verður ekki látin af hendi fyrr en eftir úrskurð um gjaldþrot, eigi að renna til viðkomandi þrotabús, ef það krefjist þess, sbr. 22. gr. laganna.

Ekki verður fallist á þá málsástæðu stefnda, að um staðgreiðslu hafi verið að ræða. Samkvæmt samkomulagi aðila um ávísun á andvirði allra Visa-viðskipta til stefnda var gert ráð fyrir ákveðnum útborgunardögum. Samkvæmt því hefði greiðsludagur orðið 2. júní 1990. Samkomulagið var því ekki að fullu efnt við lok hverrar vöruúttektar þrotamanns eða samtímis því, að stefndi lét vörur af hendi við stefnanda, eins og stefndi heldur fram, heldur eftir að greiðsla hafði farið fram.

Á hinn bóginn verður að líta til þess, að greiðsluávísunin var fyrirvaralaus af hálfu þrotamanns um yfirfærslu allra réttinda samkvæmt Visa-viðskiptaseðlunum til stefnda að því marki, sem þrotamaður hafði í hvert skipti nýtt sér úttektarheimild samkomulagsins. Hin umsamda greiðsla, svo sem henni er lýst í umræddu skjali, var í vörslum þriðja manns, þ. e. Visa-Íslands, eftir að vöruúttekt hafði farið fram. Stefnandi var þannig sviptur umráðaréttinum.

Á það verður að fallast, að samningurinn hafi falið í sér tryggingarréttindi stefnda til handa, handveðsréttareðlis, til tryggingar því, að framkvæmdin á viðskiptunum gengi með umsömdum hætti. Handveðsígildi þetta stofnaðist, um leið og stefnandi tók á sig greiðsluskylduna samkvæmt samningnum, og var til tryggingar greiðslu á andvirði úttektarinnar. Breytir hér engu um, hvort innstæða var í hvert skipti til greiðslu á allri úttektinni eða hvort hún varð til síðar. Var handveðsígildi þetta gilt samkvæmt 2. tölulið 24. gr. laga nr. 6/1978. Þegar af þessari ástæðu verður þessari tryggingarráðstöfun þrotabúsins ekki rift á þessum grundvelli.

Því er haldið fram af hálfu stefnanda, að sú ráðstöfun Grundarkjörs hf. að framselja stefnda andvirði allra Visa-viðskipta einnar af verslunum félagsins hafi verið ólögmæt og sé riftanleg á grundvelli VIII. kafla gjaldþrotalaga nr. 6/1978.

Skal fyrst vikið að þeim málsástæðum, að greitt hafi verið með óvenjulegum greiðslueyri eða greidd hafi verið fjárhæð, sem úrslitum réð um gjaldfærni þrotamanns, enda hafi greiðslan ekki virst venjuleg eftir atvikum, sbr. 54. gr. laganna.

Um er að ræða greiðslueyri, sem málsaðilar sömdu upphaflega um við samningsgerð 29. mars 1990, að notaður yrði. Þá er á það að líta, að peningar og peningaávísanir teljast að jafnaði venjulegur greiðslueyrir. Enn fremur kom fram við munnlega skýrslutöku fyrir dómi, að samningar sem þessir hafi ekki verið óalgengir í hliðstæðum viðskiptum. Þá naut stefnandi staðgreiðsluafsláttar vegna viðskipta þessara. Með hliðsjón af þessu verður ekki talið, að hinn umsamdi greiðslumáti, þ. e. ávísun á peningagreiðslur eða inneign hjá Visa-Íslandi sé óvenjulegur greiðslueyrir í skilningi 54. gr. laga nr. 6/1978.

Ekki verður litið svo á, að heildargreiðslugeta þrotamanns hafi skerst verulega við greindan greiðslumáta. Að undanskilinni greiðslu á 2.522.243 kr., sem voru greiðsla á eldri víxli og stefndi hefur þegar fallist á að endurgreiða búinu samkvæmt sátt, gerðri 22. maí 1991, komu verðmæti fyrir greiðsluna, þ. e. vöruúttekt hjá stefnda. Ekki var því um að ræða greiðslu á eldri skuldum og með því stofnuð óeðlileg sérstaða. Annars vegar var stefndi að afla sér tryggingar fyrir greiðslu vörunnar, og hins vegar var stefnandi að leggja grundvöll að framhaldi reksturs verslunarinnar. Tryggingin var að frátalinni áðurgreindri undantekningu stofnuð, um leið eða eftir að verðmætið var látið af hendi. Verður því ekki fallist á þá málsástæðu stefnanda, að riftun sé heimil á grundvelli 54. gr. laganna vegna þess, að greiðslan hafi ráðið úrslitum um gjaldfærni þrotamanns.

Þá skal vikið að þeirri málsástæðu stefnanda, að ráðstöfun þrotamanns á Visa-viðskiptum sé riftanleg á grundvelli 1. mgr. 57. gr. laga nr. 6/1978 um riftun á tryggingarréttindum, sem kröfuhafi fékk á öðrum tíma en til skuldar var stofnað. Stefnandi telur, að líta megi á framsal þrotamanns sem tryggingarráðstöfun vegna viðskipta þrotamanns og stefnda síðustu vikur og mánuði fyrir gjaldþrot, og heldur hann því fram, að heimilt sé að rifta slíkum tryggingarráðstöfunum, vegna þess að þær mismuni kröfuhöfum.

Svo sem áður greinir, verður á það fallist, að samningurinn feli í sér tryggingarréttindi stefnda til handa, eins konar handveðsígildi, til tryggingar viðskiptum málsaðila. Hins vegar ber að líta til þess, að tryggingarréttindi þessi hafa stofnast, um leið eða áður en verðmæti voru látin af hendi og þrotabúið tók á sig greiðsluskylduna samkvæmt samningnum, þó að undanskilinni greiðslu á 2.522.243 kr., sem greidd var inn á víxil með gjalddaga 15. maí 1990 og sátt hefur verið gerð um samkvæmt framansögðu.

Grundvallarsjónarmið samkvæmt 1. mgr. 57. gr. er að heimila riftun á veðréttindum eða öðrum tryggingarréttindum, sem ætlað er að veita kröfuhöfum betri stöðu fyrir eldri kröfum en fyrir var. Því er veðréttur samkvæmt þessu ákvæði yfirleitt aðeins riftanlegur, að hann sé til tryggingar eldri skuld, þ. e., að skuldin hafi verið fyrir, áður en tryggingarráðstöfunin fór fram. Hafi tryggingarrétturinn verið stofnaður á undan kröfunni eða um leið og verðmætið, sem kröfuna stofnaði, var látið af hendi, er ekki unnt að rifta samkvæmt þessu ákvæði. Ólíku er saman að jafna, hvort verið er að afla sér sérstöðu meðal kröfuhafa með tryggingu eldri skuldar eða verið er að láta verðmæti af hendi. Er við þessa lögskýringu höfð hliðsjón af fyrirmynd ákvæðisins í gildandi dönskum gjaldþrotalögum, sem hefur verið skýrð þannig. Af greindri ástæðu verður þessari tryggingarráðstöfun þrotabúsins ekki rift á grundvelli þessarar riftunarheimildar.

Telja verður, að stefndi hafi gert þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar voru til viðhalds og verndar þessum réttindum, sbr. seinni málslið 1. mgr. 57. gr., þar sem hann lét þann aðila, Visa-Ísland, sem var eins konar vörslumaður veðsins samkvæmt samningnum, án óhæfilegs dráttar árita hann til staðfestingar á vitneskju sinni um þessa ráðstöfun, jafnframt því sem hann fékk eintak samningsins í hendur.

Þá ber að taka til umfjöllunar þá málsástæðu stefnanda, að ráðstöfun þrotamanns hafi verið ótilhlýðileg að því leyti, að hún hafi verið stefnda til hagsbóta á kostnað annarra kröfuhafa og þannig brotið gegn meginreglunni um jafna stöðu kröfuhafa. Vísar stefnandi til 61. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Hann fullyrðir, að þegar ráðstöfun þessi hafi verið gerð, hafi þrotamaður verið orðinn ógjaldfær og stefndi vitað eða mátt vita um ógjaldfærni þrotamanns. Stefnandi telur, að ráðstöfun þessi hafi beinlínis verið gerð vegna þess, að gjaldþrot hafi blasað við þrotamanni.

Regla 61. gr. laga nr. 67/1978 er reist á huglægum grundvelli, þ. e., að stefndi hafi meðal annars vitað eða mátt vita um ógjaldfærni skuldara, þegar ráðstöfun þessi var gerð, svo og, að ráðstöfunin hafi verið ótilhlýðileg og á kostnað annarra kröfuhafa. Sönnunarbyrðin fyrir því, að greinin eigi við, hvílir á þrotabúi. Ber búið sönnunarbyrðina um ógjaldfærni stefnanda og um það, hvort stefndi hafi vitað eða mátt vita um ógjaldfærnina, og um þær aðstæður, sem gerðu ráðstöfunina ótilhlýðilega.

Ætla má, að stefndi hafi gert umræddan samning til að tryggja stöðu sína og því talið stöðu sína ótrygga, áður en hann var gerður. Á hinn bóginn hefur ekkert verið fært fram í máli þessu, er bendi til, að stefndi hafi vitað um ógjaldfærni stefnanda, þ. e., að eignir stefnanda hafi verið minni en skuldir á þeim tíma, er samningur var gerður. Ekki hefur verið gert senni-

legt, að stefnandi hafi orðið ógjaldfær sérstaklega vegna samningsins. Svo sem áður greindi, hvílir sönnunarbyrðin um framangreind atriði á búinu, og verður ekki talið, að stefnanda hafi tekist sú sönnun.

Af þeim ástæðum, sem hér hafa verið raktar, verður að sýkna stefnda af riftunarkröfu stefnanda. Með tilvísun til þess verður enn fremur að hafna kröfu stefnanda um, að stefndi verði dæmdur til að greiða 12.725.725 kr. ásamt dráttarvöxtum frá 2. júní 1990 til greiðsludags.

Eftir atvikum málsins og með tilvísun til 178. gr. laga nr. 85/1936 þykir rétt, að hvor málsaðili beri sinn kostnað af málinu.

Jón L. Arnalds borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Samband íslenskra samvinnufélaga vegna búvörudeildar þess, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, þrotabús Grundarkjörs hf., í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 2. febrúar 1995.

Nr. 27/1992. **Þrotabú Grundarkjörs hf.**
(Skarphéðinn Þórisson hrl.)
gegn
Ó. Johnson & Kaaber hf.
(Othar Örn Petersen hrl.)
og gagnsök

Gjaldþrot. Greiðsla. Riftun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Aðaláfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 20. janúar 1992. Eru dómkröfur hans þessar:

1. Að rift verði ávísun/framsali Grundarkjörs hf. á andvirði allra Visa-viðskipta félagsins vegna verslunar að Reykjavíkurvegi 72, Hafnarfirði, til gagnáfrýjanda fyrir úttektartímabilið 18. apríl til 17. maí 1990, að fjárhæð 3.946.338 krónur.

2. Að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér 3.946.338 krónur með dráttarvöxtum frá 2. júní 1990 til greiðsludags samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 5. gr. laga nr. 67/1989.

Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 16. mars 1992 og gerir eftirfarandi dómkröfur:

1. Aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum aðaláfrýjanda og sér verði dæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda.

2. Til vara, að hann verði einungis dæmdur til að greiða aðaláfrýjanda 870.146,30 krónur með almennum sparisjóðsvöxtum frá 26. júní 1990 til greiðsludags, en aðaláfrýjandi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

3. Til þrautavara, að hann verði einungis dæmdur til að greiða aðaláfrýjanda lægri fjárhæð en stefnufjárhæð með almennum sparisjóðsvöxtum frá 26. júní 1990 til greiðsludags, en aðaláfrýjandi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Eins og fram kemur í héraðsdómi, varð samkomulag um kaup Grundarkjörs hf. á vörum af gagnáfrýjanda gegn ávísun til hans á andvirði allra Visa-viðskipta tiltekinnar verslunar Grundarkjörs hf. á tímabilinu 18. apríl til 17. maí 1990, sem skyldi koma til greiðslu hjá Visa-Íslandi – Greiðslumiðlun hf. um það bil hálfum mánuði eftir lok tímabilsins, þ. e. í byrjun júní 1990. Greiðsluávísunin var tilkynnt Visa-Íslandi, sem áritaði hana með fyrirvara um lögmæti undirskriftar Grundarkjörs hf. Bú Grundarkjörs hf. var tekið til gjaldþrotaskipta 17. maí 1990.

Gagnáfrýjandi kveður það hafa verið skilning beggja aðila, að viðskipti með þessum hætti væru staðgreiðsluviðskipti, enda hafi ávallt verið að því gætt, að hann hefði í greiðslumiðum fjárhæð undir höndum, er svaraði til úttekta Grundarkjörs hf. hjá honum. Grundarkjör hf. hafi og fengið staðgreiðsluafslátt í viðskiptunum. Líta verði á víxil þann, sem um er deilt, að fjárhæð 870.146,30 krónur, sem hluta af þessum viðskiptum. Þá hefur komið fram af hálfu gagnáfrýjanda, að forsvarsmaður Grundarkjörs hf. óskaði eftir staðgreiðsluviðskiptum með þessum hætti, en áður en til samkomulagsins kom, hafi viðskipti aðilanna að hluta til verið staðgreiðsluviðskipti, en að einhverju leyti lánsviðskipti. Af hálfu aðaláfrýjanda hefur lýsingu gagnáfrýjanda á viðskiptunum og skilningi aðila á þeim ekki verið hnekkt.

Telja verður í ljós leitt af gögnum málsins, að gegn afhendingu vara til Grundarkjörs hf. fékk gagnáfrýjandi fyrirvaralaust framsal kröfu á hendur þriðja manni, sem ekki varð afturkallað af hálfu verslunarinnar. Eins og málið liggur fyrir, verður að telja, að öruggt hafi verið, að krafan kæmi til greiðslu af hálfu Visa-Íslands – Greiðslumiðlunar hf. Með þessu fékk gagnáfrýjandi greiðslu vörunnar með þeim hætti, að viðskiptunum verður jafnað við staðgreiðsluviðskipti. Krafa aðaláfrýjanda um, að greiðslurnar renni til búsins á grundvelli 22. gr. þágildandi gjaldþrotalaga nr. 6/1978 verður því ekki tekin til greina.

Greiðsla Grundarkjörs hf. með fyrrgreindum hætti fyrir vörur frá gagnáfrýjanda verður samkvæmt framansögðu ekki talin jafngilda greiðslu skuldar í skilningi 54. gr. laga nr. 6/1978 eða tryggingu samkvæmt 57. gr. sömu laga, og kemur riftun á grundvelli þessara lagaákvæða því ekki til álita, að því er þessa greiðslu varðar. Hins vegar

er á það fallist með héraðsdómara, að með framsali Grundarkjörs hf. á kröfuréttindum til greiðslu á gjaldföllnum víxli, að fjárhæð 870.146,30 krónur, hafi verið stofnað til tryggingarréttinda gagnáfrýjanda til handa, sem falli undir riftunarheimild 57. gr., og er því staðfest niðurstaða hans um riftun þessarar greiðslu svo og um endurgreiðslu víxilfjárhæðarinnar.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms verður staðfest niðurstaða hans um synjun á riftunarkröfu aðaláfrýjanda, er byggist á 61. gr. laga nr. 6/1978.

Samkvæmt framansögðu verður hinn áfrýjaði dómur staðfestur um annað en málskostnað. Rétt þykir, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður um annað en málskostnað.

Aðaláfrýjandi, þrotabú Grundarkjörs hf., greiði gagnáfrýjanda, Ó. Johnson & Kaaber hf., 200.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Sératkvæði
Hrafns Bragasonar og
Hjartar Torfasonar

Ágreiningur máls þessa varðar þýðingu greiðsluávísunar Grundarkjörs hf. til gagnáfrýjanda á Visa-viðskipti frá 28. mars 1990 við gjaldþrotaskipti, en félagið varð gjaldþrota 17. maí sama ár. Greiðsluávísunin er svohljóðandi:

„Undirritaður söluaðili, Grundarkjör hf., Reykjavíkurvegi 72, nafnnr. 690388-1549, ávísar hér með andvirði allra Visa-viðskipta sinna skv. ofangreindum samningi til O. Johnson & Kaaber hf. Óskast greiðslan framvegis og þar til öðruvísi verður ákveðið lögð inn á tékkareikning nr. 765 hjá Landsbanka, aðalbanka.

Hin breytta ráðstöfun tekur gildi frá og með útborgunardegi fyrir viðskiptatímabilið 18/3 til 17/4 1990, og er það óafturkallanlegt nema með samþykki beggja aðila."

Ávísunin er árituð af Visa-Íslandi með fyrirvara um lögmæti undirskriftar söluaðila. Tékkareikningurinn var á nafni gagnáfrýjanda.

Með bréfi 18. maí 1990 fór bústjóri þess á leit við Visa-Ísland, að allar óinnheimtar greiðslunótur Grundarkjörs hf. yrðu lagðar inn á reikning þrotabúsins, og með bréfi 23. sama mánaðar til gagnáfrýjanda var rift ráðstöfun samkvæmt greiðsluávísuninni og vísað um það til 54. og 61. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Visa-Ísland varð ekki við kröfum bústjóra, og því var mál þetta höfðað.

Visa-Ísland er fyrirtæki, sem miðlar greiðslum neytenda til söluaðila vöru eða þjónustu. Við þetta fær neytandinn nokkurn greiðslufrest hjá söluaðila, en staðfestir í þess stað, að greiðslumiðlunarfyrirtækið muni að nokkrum tíma liðnum leysa til sín kröfuna á hann. Grundarkjör hf. greiddi þannig gagnáfrýjanda með kröfum á þriðja mann, Visa-Ísland. Greiðslur þessar fóru ekki fram samtímis vöruafhendingum og gagnáfrýjandi veitti misjafnlega langan greiðslufrest. Í stað þess fékk hann tryggingu í viðurkenningarnótum almennra viðskiptamanna Grundarkjörs hf., sem myndaðist við afhendingu þeirra til hans. Hann fékk svo greiðslu á inneign sinni samkvæmt tryggingunni að ákveðnum tíma liðnum. Á meðan skuldaði Grundarkjör hf. honum fjárhæð greiðslunótnanna. Hefðu einhverjar greiðslunótur ekki verið gildar að skilmálum Visa-Íslands, hefði skuld samkvæmt þeim orðið að teljast ógreidd. Samkvæmt málflutningi áttu gagnáfrýjandi og Grundarkjör hf. að gera viðskipti sín upp að loknu tímabilinu og jafna það, sem á milli bar, á hvorn veginn, sem það yrði. Hefur gagnáfrýjandi ekki sýnt fram á, að endurgjald til hans í viðskiptunum hafi verið bókfært fyrr en uppgjörið fór fram. Verður ekki á það fallist, að um staðgreiðsluviðskipti hafi verið að ræða.

Greiðsluávísun Grundarkjörs hf. varðar ekki almennan tilgang greiðslumiðlunar Visa, og hún var gefin út minna en sex mánuðum fyrir frestdag. Þá var þetta nýbreytni í viðskiptum aðila, sem var til þess fallin að gera gagnáfrýjanda betur settan en aðra þá, sem birgðu Grundarkjör hf. upp að vörum á þessum tíma. Gat greiðslueyrir sá, sem um var samið, ekki virst venjulegur, eins og á stóð.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, teljum við greiðsluávísunina hafa verið riftanlega samkvæmt 54. gr. og 57. gr. laga nr. 6/

1978, sbr. nú 134. gr. og 137. gr. laga um gjaldþrotaskipti o. fl. nr. 21/1991. Ber þegar af þeim ástæðum að taka kröfu áfrýjanda til greina í heild sinni samkvæmt 62. gr. laga nr. 6/1978, sbr. 142. gr. laga nr. 21/1991. Samkvæmt þessari niðurstöðu ber gagnáfrýjanda að greiða aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 18. desember 1991.

1.0.

Mál þetta, sem tekið var til dóms föstudaginn 13. desember sl., hefur þrotabú Grundarkjörs hf., kt. 690388-1549, Auðbrekku 10, Kópavogi, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, þingfestri 21. febrúar 1991, á hendur O. Johnson & Kaaber hf., kt. 490269-3479, Sætúni 8, Reykjavík.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru eftirgreindar:

1. Að rift verði með dómi ávísun/framsali Grundarkjörs hf. á andvirði allra Visa-viðskipta félagsins vegna verslunar félagsins að Reykjavíkurvegi 72, Hafnarfirði, til stefnda fyrir úttektartímabilið 18. apríl til 17. maí 1990, að fjárhæð 3.946.338 kr.
2. Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 3.946.338 kr. með dráttarvöxtum frá 2. júní 1990 til greiðsludags samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 5. gr. laga nr. 67/1989.
3. Þá krefst stefnandi málskostnaðar [...].

Endanlegar dómkröfur stefnda eru aðallega, að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda.

Til vara krefst stefndi, að hann verði einungis dæmdur til að greiða stefnanda 870.146,30 kr. með almennum sparisjóðsvöxtum frá 26. júní 1990 til greiðsludags.

Til þrautavara krefst stefndi, að honum verði gert að greiða fjárhæð, lægri en stefnufjárhæð, með almennum sparisjóðsvöxtum frá 26. júní 1990 til greiðsludags.

Stefndi krefst þess í öllum tilvikum, að stefnandi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað [...].

Upphafleg stefnukrafa máls þessa var að fjárhæð 7.341.420 kr., en samkvæmt sátt, sem gerð var 28. október 1991, voru endurgreiddar 2.057.971 kr., sem var uppgjör á þeim hluta Visa-greiðslna, sem gekk til greiðslu á þremur víxlum, þar af tveimur samþykktum af stefnda til greiðslu 16. maí 1990 og einum víxli samþykktum af Íslensk-ameríska hf. til greiðslu 1. júní 1990. Stefndi mun hafa greitt 1.337.111 kr. beint til stefnanda. Mismunurinn, að fjárhæð 3.946.338 kr., er í samræmi við endanlegar dómkröfur stefnanda.

Í málinu hefur verið lögð fram eftirgreind yfirlýsing lögmanns stefnanda, dagsett 3. desember 1991:

„Fyrir bæjarþingi Reykjavíkur er nú rekið málið Þrotabú Grundarkjörs hf. (stefnandi) gegn O. Johnson & Kaaber hf. (stefndi) vegna framsals Grundarkjörs á Visa-greiðsluseðlum til stefnda. Stefndi heldur því fram, að þegar um Visa-viðskiptin var samið, hafi jafnframt verið svo samið, að Íslensk-ameríska hf. fengi helming andvirðis greiðsluseðlanna. Þessi tilhögun hafi verið nauðsynleg, þar sem Visa samþykkti einungis framsal til eins aðila vegna Visa-viðskipta í hverri verslun.

Ég undirritaður, Skarphéðinn Þórisson hrl., skiptastjóri þrotabús Grundarkjörs hf., fellst á þessa skýringu, og eru því viðskipti, sem Íslensk-ameríska hf. hefur átt í þessa veru, jafngild og stefndi hafi sjálfur átt þau viðskipti."

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

2.0.

Stefnandi segir málavexti vera þá, að 17. maí 1990 hafi bú Grundarkjörs hf. verið tekið til gjaldþrotaskipta hjá bæjarfógetaembættinu í Kópavogi. Samdægurs hafi hæstaréttarlögmennirnir Sigmundur Hannesson og Skarphéðinn Þórisson verið skipaðir bústjórar til bráðabirgða, og á fyrsta skiptafundi búsins 11. október 1990 hafi þeir verið kosnir skiptastjórar þrotabúsins.

Meðal upphafsráðstafana skiptastjóra hafi verið almenn krafa til greiðslukortafyrirtækja, að allar ógreiddar greiðslukortanótur þrotabúsins rynnu örugglega til félagsins á gjalddögum, og hafi fyrsti gjalddagi eftir gjaldþrotaúrskurð verið 2. júní 1990.

Fljótlega hafi komið í ljós, að þrotamaður hafi ráðstafað Visa-greiðsluseðlum hverrar einstakrar verslunar félagsins fyrir úttektartímabilið 18. apríl til 17. maí 1990 til sérstaks kröfuhafa. Hvað varðar mál þetta, þá hafi þrotamaður ráðstafað andvirði allra Visa-viðskipta sinna vegna verslunar félagsins að Reykjavíkurvegi 72, Hafnarfirði, til stefnda fyrir tímabilið 18. apríl til 17. maí 1990. Ráðstöfun þessi sé samkvæmt samningi þrotamanns og stefnda, dagsettum 28. mars 1990, með samþykki Visa-Íslands.

Með bréfi til stefnda, dagsettu 23. maí 1990, sbr. bréf, dagsett 28. maí, til sama, hafi ráðstöfun þessari verið rift og þess krafist, að stefnandi fengi þá fjárhæð, sem kæmi til greiðslu 2. júní 1990. Riftunarkröfu stefnanda hafi verið eindregið mótmælt af hálfu stefnda.

Visa-Ísland hafi ekki greitt stefnanda þá fjárhæð, sem hann gerði kröfu til, en með bréfi, dagsettu 14. september 1990, hafi Visa-Ísland loks upplýst stefnanda um, hvernig sú fjárhæð, sem koma hafi átt til greiðslu 2. júní

1990, sundurliðaðist. Samkvæmt þeirri sundurliðun hafi stefndi átt að fá samkvæmt greindum samningi 7.341.420 kr., sem jafnframt var upphafleg dómkrafa þessa máls.

Þegar Grundarkjör hf. hafi verið lýst gjaldþrota 17. maí 1990, hafi fyrirtækið verið orðið óstarfhæft vegna mikilla skuldbindinga og óreiðu í rekstri. Í þessu sambandi megi benda á það, að lýstar kröfur í þrotabúið hafi numið um það bil 248.000.000 króna og þar af sé gert ráð fyrir, að um það bil 230.000.000 kr. verði endanlega samþykktar sem kröfur í búið, þar með taldar forgangskröfur. Áætlanir geri ráð fyrir því, að eignir til skipta verði í besta falli 36.000.000 kr., þegar upp verði staðið. Af þessu megi sjá, að miklar skuldir hafi safnast saman í rekstri hjá þrotamanni, sem ekki hefði rekið verslanir sínar nema á þriðja ár.

Hinn 28. mars 1990 hafi stefndi undirritað samninginn við Grundarkjör hf. um framsal hluta af Visa-viðskiptum fyrirtækisins. Rúmum fimm vikum síðar hafi verið búið að loka öllum verslunum fyrirtækisins, og um það bil sjö vikur frá samningsdegi hafi verið búið að lýsa félagið gjaldþrota.

Öllum, sem viðskipti hafi átt við Grundarkjör hf., hafi hlotið að hafa verið það ljóst í lok mars 1990, að fyrirtækið ætti sér ekki viðreisnar von og gjaldþrot blasti við. Framsal Grundarkjörs hf. á greiðslukortanótum sínum hafi verið örvæntingarfull tilraun þrotamanns til að gera upp skuldir bæði við nokkur stór heildsölufyrirtæki og tryggja framhald vörukaupa frá sömu aðilum.

Með sex sjálfstæðum samningum, undirrituðum í febrúar og mars 1990, hafi þrotamaður ráðstafað nánast öllum Visa-greiðslum til jafnmargra aðila. Hafi aðilar þessir fengið og þar á meðal stefndi fyrstu greiðslu vegna samninga þessara 2. maí 1990, og næsta greiðsla hafi átt að renna til þeirra 2. júní 1990, eins og áður hafi verið rakið.

Ljóst sé, að framsal þrotamanns á Visa-greiðslum sínum hafi flýtt óhjákvæmilegum endalokum fyrirtækisins. Visa-greiðslur hafi verið stór hluti viðskipta fyrirtækisins og óhugsandi að missa þessa fjármuni úr rekstri án mikilla vandræða.

Stefnda hafi strax verið tilkynnt um fyrirhugaða riftun stefnanda á Visa-viðskiptum hans. Höfðun riftunarmáls hafi verið samþykkt af meiri hluta kröfuhafa í þrotabúi stefnanda 8. janúar 1991. Ekki hafi legið ljóst fyrir um fyrirhugaða riftunarfjárhæð fyrr en eftir 14. september 1990, þegar Visa-Ísland hafi sent stefnanda skilagrein vegna ofangreindra viðskipta.

Kröfulýsingarfrestur í þrotabú Grundarkjörs hf. hafi runnið út 20. ágúst 1990, og fyrsti skiptafundur hafi verið haldinn 11. október sama ár. Rétt sé, að fram komi, að stefndi hafi aldrei lýst kröfu sinni í þrotabú Grundarkjörs hf.

– – –

6.0. *Forsendur og niðurstaða.*

Fyrst ber að víkja að þeirri málsástæðu stefnanda, að greiðsla sú, er mál þetta snýst um, eigi að renna til búsins, þar sem hún hafi ekki átt að koma til útborgunar fyrr en eftir gjaldþrotaúrskurð, þ. e. Visa-Ísland hafi átt að greiða stefnda 2. júní 1990, en þrotabú Grundarkjörs hf. hafi verið lýst gjaldþrota 17. maí 1990.

Samkvæmt VII. kafla laga nr. 6/1978 getur bú tekið við réttindum og skyldum þrotamanns eftir gagnkvæmum samningi, sem ekki hefur að hluta eða í heild verið efndur á frestdegi. Svo sem stefnandi heldur fram, er það meginregla, að greiðsla, sem þrotamaður hefur ráðstafað með samningi fyrir gjaldþrot, en verður ekki látin af hendi fyrr en eftir úrskurð um gjaldþrot, eigi að renna til viðkomandi þrotabús, ef það krefjist þess, sbr. 22. gr. laganna.

Ekki verður fallist á þá málsástæðu stefnda, að um staðgreiðslu hafi verið að ræða. Samkvæmt samkomulagi aðila um ávísun á andvirði allra Visa-viðskipta til stefnda var gert ráð fyrir ákveðnum útborgunardögum. Samkvæmt því hefði greiðsludagur orðið 2. júní 1990. Samkomulagið var því ekki að fullu efnt við lok hverrar vöruúttektar þrotamanns eða samtímis því, að stefndi lét vörur af hendi við stefnanda, eins og stefndi heldur fram, heldur eftir að greiðsla hafði farið fram.

Á hinn bóginn verður að líta til þess, að greiðsluávísunin var fyrirvaralaus af hálfu þrotamanns um yfirfærslu allra réttinda samkvæmt Visa-viðskiptaseðlunum til stefnda að því marki, sem þrotamaður hafði í hvert skipti nýtt sér úttektarheimild samkomulagsins. Hin umsamda greiðsla, svo sem henni er lýst í umræddu skjali, var í vörslum þriðja manns, þ. e. Visa-Íslands, eftir að vöruúttekt hafði farið fram. Stefnandi var þannig sviptur umráðaréttinum.

Á það verður að fallast, að samningurinn hafi falið í sér tryggingarréttindi stefnda til handa, handveðsréttareðlis, til tryggingar því, að framkvæmdin á viðskiptunum gengi með umsömdum hætti. Handveðsígildi þetta stofnaðist, um leið og stefnandi tók á sig greiðsluskylduna samkvæmt samningnum, og var til tryggingar greiðslu á andvirði úttektarinnar. Breytir hér engu um, hvort innstæða var í hvert skipti til greiðslu á allri úttektinni eða hvort hún varð til síðar. Var handveðsígildi þetta gilt samkvæmt 2. tölulið 24. gr. laga nr. 6/1978. Þegar af þessari ástæðu verður þessari tryggingarráðstöfun þrotabúsins ekki rift á þessum grundvelli.

Því er haldið fram af hálfu stefnanda, að sú ráðstöfun Grundarkjörs hf. að framselja stefnda andvirði allra Visa-viðskipta einnar af verslunum félagsins hafi verið ólögmæt og sé riftanleg á grundvelli VIII. kafla gjaldþrotalaga nr. 6/1978.

Skal fyrst vikið að þeim málsástæðum, að greitt hafi verið með óvenjulegum greiðslueyri eða greidd hafi verið fjárhæð, sem úrslitum réð um gjaldfærni þrotamanns, enda hafi greiðslan ekki virst venjuleg eftir atvikum, sbr. 54. gr. laganna.

Um er að ræða greiðslueyri, sem málsaðilar sömdu upphaflega um við samningsgerð 28. mars 1990, að notaður yrði. Þá er á það að líta, að peningar og peningaávísanir teljast að jafnaði venjulegur greiðslueyrir. Enn fremur hefur verið lagt fram bréf Verslunarráðs Íslands, dags. 15. mars 1990, þar sem það fullyrðir, að greiðslur sem þessar hafi ekki verið óalgengar í hliðstæðum viðskiptum. Þá naut stefnandi staðgreiðsluafsláttar vegna viðskipta þessara. Með hliðsjón af þessu verður ekki talið, að hinn umsamdi greiðslumáti, þ. e. ávísun á peningagreiðslur eða inneign hjá Visa-Íslandi, sé óvenjulegur greiðslueyrir í skilningi 54. gr. laga nr. 6/1978.

Ekki verður litið svo á, að heildargreiðslugeta þrotamanns hafi skerst verulega við greindan greiðslumáta. Að undanskilinni greiðslu á 870.146,30 kr., sem var greiðsla á eldri víxli, komu verðmæti fyrir greiðsluna, þ. e. vöruúttekt hjá stefnda. Annars vegar var stefndi að afla sér tryggingar fyrir greiðslu vörunnar, og hins vegar var stefnandi að leggja grundvöll að framhaldi reksturs verslunarinnar. Tryggingin var að frátalinni áðurgreindri undantekningu stofnuð um leið eða eftir að verðmætið var látið af hendi. Sé litið til umsvifa stefnanda, verður ekki talið, að sýnt hafi verið fram á, að fjárhæð sú, sem rann til greiðslu á umræddum eldri víxli, hafi ráðið úrslitum um gjaldfærni hans, enda um að ræða greiðslu á skuldakröfu, þegar gjaldfallinni. Verður því ekki fallist á þá málsástæðu stefnanda, að riftun sé heimil á grundvelli 54. gr. laganna vegna þess, að greiðslan hafi ráðið úrslitum um gjaldfærni þrotamanns.

Þá skal vikið að þeirri málsástæðu stefnanda, að ráðstöfun þrotamanns á Visa-viðskiptum sé riftanleg á grundvelli 1. mgr. 57. gr. laga nr. 6/1978 um riftun á tryggingarréttindum, sem kröfuhafi fékk á öðrum tíma en til skuldar var stofnað. Stefnandi telur, að líta megi á framsal þrotamanns sem tryggingarráðstöfun vegna viðskipta þrotamanns og stefnda síðustu vikur og mánuði fyrir gjaldþrot, og heldur hann því fram, að heimilt sé að rifta slíkum tryggingarráðstöfunum, vegna þess að þær mismuni kröfuhöfum.

Svo sem áður greinir, verður á það fallist, að samningurinn feli í sér tryggingarréttindi stefnda til handa, eins konar handveðsígildi, til tryggingar viðskiptum málsaðila. Hins vegar ber að líta til þess, að tryggingarréttindi þessi hafi stofnast, um leið eða áður en verðmæti voru látin af hendi og þrotabúið tók á sig greiðsluskylduna samkvæmt samningnum, þó að undan-

skilinni greiðslu á 870.146,30 kr., sem greiddar voru inn á víxil með gjalddaga 1. maí 1990.

Grundvallarsjónarmið samkvæmt 1. mgr. 57. gr. er að heimila riftun á veðréttindum eða öðrum tryggingarréttindum, sem ætlað er að veita kröfuhöfum betri stöðu fyrir eldri kröfum en fyrir var. Því er veðréttur samkvæmt þessu ákvæði yfirleitt aðeins riftanlegur, að hann sé til tryggingar eldri skuld, þ. e., að skuldin hafi verið fyrir, áður en tryggingarráðstöfunin fór fram. Hafi tryggingarrétturinn verið stofnaður á undan kröfunni eða um leið og verðmætið, sem kröfuna stofnaði, var látið af hendi, er ekki unnt að rifta samkvæmt þessu ákvæði. Ólíku er saman að jafna, hvort verið er að afla sér sérstöðu meðal kröfuhafa með tryggingu eldri skuldar eða verið er að láta verðmæti af hendi. Er við þessa lögskýringu höfð hliðsjón af fyrirmynd ákvæðisins í gildandi dönskum gjaldþrotalögum, sem hefur verið skýrð þannig.

Af greindri ástæðu verður þessari tryggingarráðstöfun þrotabúsins ekki rift á grundvelli þessarar riftunarheimildar, nema að því er tekur til áðurgreindrar greiðslu á víxli með gjalddaga 1. maí 1990. Með bréfi Íslensk-ameríska hf., dagsettu 12. nóvember 1991, sem lagt hefur verið fram í málinu, segir, að víxill þessi hafi verið gefinn út til framlengingar víxli, að fjárhæð 1.652.005 kr., með gjalddaga 1. mars 1990, eftir að sá víxill hefði verið greiddur niður og greiddur hefði verið bankakostnaður. Er ljóst, að með því að nota andvirði þessara tryggingarréttinda til greiðslu á þegar gjaldföllnum víxli, sem til orðinn er vegna eldri skuldar stefnanda, er verið að mismuna þeim kröfuhöfum búsins, sem sambærilegar kröfur áttu á hendur því. Verður þegar af þeirri ástæðu að fallast á riftun tryggingarréttindanna sem þessari greiðslu nemur.

Sú málsástæða stefnda, að stefnandi hafi fyrirgert rétti til riftunar, þar sem stefnandi hafi ekki orðið við þeirri kröfu hans að skila vörum þeim, sem enn voru til í búinu vegna skiptanna, sbr. 64. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978, breytir ekki þessari niðurstöðu, enda hefur stefndi ekki sýnt fram á, að þær vörur hafi verið til í búinu, sem skuld samkvæmt umræddum víxli var til greiðslu á. Þá er jafnframt óþarft að taka afstöðu til þeirrar málsástæðu stefnanda, sem fram kom hjá honum í munnlegum málflutningi, að stefndi hefði ekki haft heimild til að nota greiðslur samkvæmt samningnum frá 28. mars 1990 til greiðslu annars en vöruúttekta, þ. e. ekki til greiðslu skuldar samkvæmt umræddum víxli.

Telja verður, að stefndi hafi gert þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar voru til viðhalds og verndar þessum réttindum, sbr. síðari málslið 1. mgr. 57. gr., þar sem hann lét þann aðila, Visa-Ísland, sem var eins konar vörslumaður

veðsins samkvæmt samningnum, án óhæfilegs dráttar árita hann til staðfestingar á vitneskju sinni um þessa ráðstöfun, jafnframt því sem hann fékk eintak samningsins í hendur.

Þá ber að taka til umfjöllunar þá málsástæðu stefnanda, að ráðstöfun þrotamanns hafi verið ótilhlýðileg að því leyti, að hún hafi verið stefnda til hagsbóta á kostnað annarra kröfuhafa og þannig brotið gegn meginreglunni um jafna stöðu kröfuhafa. Vísar stefnandi til 61. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Hann fullyrðir, að þegar ráðstöfun þessi hafi verið gerð, hafi þrotamaður verið orðinn ógjaldfær og stefndi vitað eða mátt vita um ógjaldfærni þrotamanns. Stefnandi telur, að ráðstöfun þessi hafi beinlínis verið gerð vegna þess, að gjaldþrot hafi blasað við þrotamanni.

Regla 61. gr. laga nr. 67/1978 er reist á huglægum grundvelli, þ. e., að stefndi hafi meðal annars vitað eða mátt vita um ógjaldfærni skuldara, þegar ráðstöfun þessi var gerð, svo og, að ráðstöfunin hafi verið ótilhlýðileg og á kostnað annarra kröfuhafa. Sönnunarbyrðin fyrir því, að greinin eigi við, hvílir á þrotabúi. Ber búið sönnunarbyrðina um ógjaldfærni stefnanda og um það, hvort stefndi hafi vitað eða mátt vita um ógjaldfærnina, og um þær aðstæður, sem gerðu ráðstöfunina ótilhlýðilega.

Ætla má, að stefndi hafi gert umræddan samning til að tryggja stöðu sína og því talið stöðu sína ótrygga, áður en hann var gerður. Á hinn bóginn hefur ekkert verið fært fram í máli þessu, er bendi til, að stefndi hafi vitað um ógjaldfærni stefnanda, þ. e., að eignir stefnanda hafi verið minni en skuldir á þeim tíma, er samningur var gerður. Ekki hefur verið gert sennilegt, að stefnandi hafi orðið ógjaldfær sérstaklega vegna samningsins. Svo sem áður greindi, hvílir sönnunarbyrðin um framangreind atriði á búinu, og verður ekki talið, að stefnanda hafi tekist sú sönnun.

Af þeim ástæðum, sem hér hafa verið raktar, verður að fallast á riftunarkröfu stefnanda, að því er tekur til 870.146,30 kr. Stefnandi reisir endurgreiðslukröfu sína vegna riftunar samkvæmt 1. mgr. 57. gr. laga nr. 6/1978 á 62. gr. laganna. Samkvæmt 1. málslið þess ákvæðis ber þeim, sem hag hafði af ráðstöfun eða réttargerð, að greiða búinu fé, sem svarar til þess, er greiðsla búsins hefur orðið honum að notum, þó ekki hærri fjárhæð en tjóni búsins nemur. Markmið ákvæðisins er að gera riftunarþola eins settan og hin riftanlega ráðstöfun hefði aldrei farið fram. Samkvæmt þessu verður að telja rétt, að stefndi greiði búinu 870.146,30 kr. auk vaxta, svo sem krafist er í stefnu, þ. e. frá 2. júní 1990 til greiðsludags.

Eftir atvikum málsins og samkvæmt úrslitum þess þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda 150.000 kr. í málskostnað.

Jón L. Arnalds borgardómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Ávísun/framsali Grundarkjörs hf. á andvirði Visa-viðskipta félagsins vegna verslunar félagsins að Reykjavíkurvegi 72, Hafnarfirði, til stefnda, O. Johnson & Kaaber, fyrir úttektartímabilið 18. apríl til 17. maí 1990, að fjárhæð 870.146,30 kr., er rift.

Stefndi greiði stefnanda, þrotabúi Grundarkjörs hf., 870.146,30 kr. með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 2. júní 1990 til greiðsludags og 150.000 kr. í málskostnað. Vextir af málskostnaði reiknist samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir uppkvaðningu dóms þessa til greiðsludags.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 2. febrúar 1995.

Nr. 155/1993. **Rækjunes hf.**
(Viðar Már Matthíasson hrl.)
gegn
Jens Óskarssyni
(Jónatan Sveinsson hrl.)

Sjómenn. Slit ráðningarsamnings. Bætur fyrir uppsögn. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma Gunnlaugur Claessen hæstaréttardómari, Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari, og Gunnar M. Guðmundsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. apríl 1993. Hann krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnda, en til vara, að kröfur hans verði lækkaðar. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Svo sem rakið er í héraðsdómi, hlutaðist áfrýjandi ekki til um, að gerður yrði skriflegur ráðningarsamningur við stefnda þrátt fyrir brýna lagaskyldu, sbr. 42. gr. sjómannalaga nr. 35/1985. Verður því fallist á þá niðurstöðu héraðsdóms, að áfrýjandi beri halla af skorti á sönnun um lengd ráðningartíma stefnda. Verður lagt til grundvallar dómi, að ráðningartími hans hafi ekki verið liðinn 3. janúar 1990, er nýr skipstjóri var ráðinn í stað stefnda á vélskipið Smára, SH-221.

II.

Áfrýjandi heldur því fram, að stefndi beri sönnunarbyrði um það, að áfrýjandi hafi slitið ráðningarsamningi við hann. Engin slík sönnun sé fram komin, og engri yfirlýsingu um uppsögn hafi verið beint að stefnda. Ef stefndi hefði talið, að ráðningarsamningi væri slitið vegna andstöðu skipverja á Smára við það, að hann gegndi áfram stöðu skipstjóra, hefði stefnda sjálfum borið að eyða allri óvissu um stöðu sína með því að ræða við fyrirsvarsmann áfrýjanda. Það hafi

hann ekki gert þrátt fyrir tilraun framkvæmdastjóra áfrýjanda til að ræða við hann um stöðu málsins. Með framkomu sinni hafi hann sjálfur gengið úr skiprúmi 3. janúar 1990. Hann eigi því ekki rétt til bóta fyrir fyrirvaralausa brottvikningu samkvæmt 45. gr. sjómannalaga.

Sigurjón Helgason, framkvæmdastjóri áfrýjanda, gaf skýrslu fyrir dómi. Þar skýrir hann svo frá, að stefndi hafi komið til sín áðurnefndan dag og spurt, hvort skipinu yrði áfram haldið til veiða, en um það hafi áður verið vafi vegna greiðsluerfiðleika útgerðarmanns. Svar sitt við því hafi verið jákvætt. Hafi hann jafnframt boðið stefnda að vera áfram skipstjóri, ef hann gæti náð um það samkomulagi við aðra skipverja. Samstarfsörðugleikar hafi verið komnir upp milli skipstjóra og annarra skipverja, en um það hafi hann ekki vitað mikið sjálfur. Hafi hann beðið stefnda að tala við skipverja og fá úr þessu skorið.

Stefndi skýrir svo frá í aðilaskýrslu sinni, að fundurinn með Sigurjóni Helgasyni hafi verið haldinn kl. 15 þennan dag. Þegar hann gekk af fundinum, hafi hann mætt skipverjum, sem voru á leið til fundar við Sigurjón. Hafi hann sjálfur farið heim við svo búið. Skömmu síðar hafi stýrimaðurinn á skipinu hringt í sig og skýrt frá því, að skipverjar hefðu komið sér saman um að neita að fara á sjó með stefnda sem skipstjóra. Hafi Sigurjóni Helgasyni verið skýrt frá þessu. Eftir þetta símtal kveðst stefndi hafa talað við þrjá aðra skipverja, sem efnislega hafi staðfest frásögn stýrimanns.

Í ljósi þessara atburða þykir mega fallast á, að stefndi hafi með réttu mátt líta svo á, að ráðningu hans sem skipstjóra væri slitið, þar eð hann gæti ekki fullnægt því skilyrði, sem honum var sett fyrr um daginn, að skipverjar sættu sig við, að hann yrði áfram skipstjóri. Ræður þá engum úrslitum, þótt hann við þessar aðstæður leitaði ekki eftir frekari staðfestingu forsvarsmanns áfrýjanda um réttmæti þessarar ályktunar sinnar. Það styður enn frekar þá niðurstöðu, að framkvæmdastjóri áfrýjanda bauð öðrum manni að taka við skipstjórn að kvöldi sama dags, þótt framkvæmdastjórinn og stefndi hefðu ekkert rætst við eftir fund þeirra fyrr um daginn, sem áður er getið.

Samkvæmt framansögðu ber að fallast á, að áfrýjandi sé bóta-

skyldur vegna slita á ráðningarsamningi stefnda, sbr. 2.–4. mgr. 45. gr. sjómannalaga.

III.

Áfrýjandi gerir þá kröfu til vara, að héraðsdómi verði breytt á þann veg, að kröfur stefnda verði lækkaðar. Í greinargerð sinni fyrir Hæstarétti telur hann stefnda ekki hafa sannað fjártjón sitt. Engin grein sé gerð fyrir því, hvaða atvinnutekjur eða atvinnuleysisbætur hann hafi fengið á tímabilinu janúar–mars 1990. Skorar hann á stefnda að upplýsa það.

Samkvæmt yfirlýsingu lögmanns stefnda fyrir Hæstarétti, er styðst við gögn með skattframtali stefnda, námu launatekjur hans á nefndu tímabili 386.196 krónum. Koma þessar tekjur til frádráttar kröfu hans. Við ákvörðun bótafjárhæðar til stefnda þykir annars mega leggja varakröfu hans í málinu til grundvallar dómi, enda hefur áfrýjandi ekki fært næg rök fyrir mótmælum sínum gegn varakröfunni að öðru leyti.

IV.

Eftir þessum úrslitum verður áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda 275.762 krónur (661.958–386.196) með vöxtum, eins og í dómsorði greinir. Þá verður áfrýjanda gert að greiða stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Fallist er á kröfu stefnda um viðurkenningu sjóveðsréttar í vélskipinu Smára, SH-221, til tryggingar fjárhæðum þessum, sbr. 1. tl. 1. mgr., sbr. 2. mgr. 197. gr. siglingalaga nr. 34/1985, sbr. 199. gr. sömu laga.

Það athugast, að málið var dómtekið eftir aðalmeðferð þess í héraði 14. janúar 1993. Dómur var ekki upp kveðinn fyrr en 26. febrúar 1993. Er þessi dráttur á uppkvaðningu dóms aðfinnsluverður.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Rækjunes hf., greiði stefnda, Jens Óskarssyni, 275.762 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. apríl 1990 til greiðsludags.

Áfrýjandi greiði stefnda samtals 300.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi á sjóveðsrétt í vélskipinu Smára, SH-221, til tryggingar tildæmdum fjárhæðum.

Sératkvæði
Gunnars M. Guðmundssonar

Ég er samþykkur I. kafla í dómi Hæstaréttar og aðfinnslum í niðurlagi hans.

Í aðilaskýrslu sinni greinir stefndi frá því, að á fundi 3. janúar með Sigurjóni Helgasyni, forstjóra áfrýjanda, hafi hann tjáð sér, að einhver óánægja væri í hópi skipverja, og beðið sig að kalla þá saman til viðræðna af því tilefni. Málið hlyti að leysast farsællega. Hafi hann tjáð Sigurjóni, að sjálfsagt væri að verða við þeim tilmælum. Stefndi kveðst hafa farið heim eftir fundinn með Sigurjóni, og stuttu síðar hafi stýrimaðurinn á v/b Smára hringt í sig. Hafi hann beðið sig að koma og ræða við skipshöfnina, en við því hafi hann ekki getað orðið, þar sem hann var einn heima með dóttur sína. Í framhaldi af þessu kveðst stefndi hafa rætt við þrjá aðra skipverja. Voru það símtöl við að minnsta kosti tvo þeirra. Í þeim samtölum kom glöggt fram, að megn óánægja var meðal skipverja með störf hans sem skipstjóra. Tilgreinir stefndi í aðilaskýrslu sinni eftirfarandi ummæli einstakra skipverja, er að þessu lúta: „. . . það hefði gengið mjög illa hjá mér að fiska skel í haust . . . þeir hefðu verið sammála um það að ég ætti að hætta því ég gæti ekki fiskað skel, það hefði sýnt sig í haust. . . . það væri búið að samþykkja það að enginn færi um borð með Jens Óskarsson sem skipstjóra. . . . ég ætti að hætta þessu því ég gæti þetta ekki, en ég gæti verið um borð áfram í annarri stöðu svo sem háseti. Ég ætti að lofa öðrum að sýna hvað þeir gætu. . . .“

Í gögnum málsins bendir ekkert til þess, að nokkur af hálfu áfrýjanda hafi átt hlut að þessum yfingum skipverja í garð stefnda.

Stefndi hafðist ekki frekar að í málinu. Hann hélt ekki fund með skipverjum þrátt fyrir tilmæli þeirra og þótt hann hefði lofað Sigurjóni Helgasyni því. Stefndi sá ekki heldur ástæðu til að ræða frekar við Sigurjón til að ganga úr skugga um viðhorf hans til stöðu stefnda sem skipstjóra á bátnum áfram, þótt ærið tilefni hefði gefist til þess eftir fund þeirra. Sigurjón kveðst aftur á móti hafa reynt árangurslaust að hafa tal af stefnda síðar þenna sama dag. Hefur sú

fullyrðing ekki verið vefengd af hálfu stefnda. Þetta aðgerðaleysi stefnda verður að meta svo í ljósi þess, sem að framan er rakið, að hann hafi verið orðinn þess ófús, úr því sem komið var, að vera áfram skipstjóri á v/b Smára.

Þegar framanskráð er virt, verður ekki fallist á það með stefnda, að gild ástæða væri fyrir hann að ætla, að honum hefði verið vikið úr stöðu skipstjóra, sbr. 2. mgr. 45. gr. sjómannalaga nr. 35/1985, eða ráðning skipstjóra í hans stað verði, eins og á stóð, talin jafngilda því.

Samkvæmt því ber að sýkna áfrýjanda af kröfum stefnda. Eftir atvikum tel ég rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómur Héraðsdóms Vesturlands 26. febrúar 1992.

I.

Mál þetta, sem var dómtekið 14. janúar sl. að loknum munnlegum málflutningi, er höfðað fyrir aukadómþingi Snæfellsness- og Hnappadalssýslu með stefnu, birtri 5. febrúar 1991, af Jens Óskarssyni, kt. 170739-2489, Lágholti 11, Stykkishólmi, á hendur Rækjunesi hf., kt. 470274-1289, Stykkishólmi.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær aðallega, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 805.674 kr. auk [nánar tilgreindra dráttarvaxta svo og málskostnað]. Þá er krafist viðurkenningar á sjóveðsrétti í vs. Smára, SH-221, skipaskrárnr. 778, til tryggingar tildæmdum fjárhæðum.

Til vara krefst stefnandi þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 661.961 kr. auk dráttarvaxta, málskostnaðar og viðurkenningar á sjóveðsrétti, svo sem greinir í aðalkröfu.

Til þrautavara krefst stefnandi þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 589.217 kr. auk dráttarvaxta, málskostnaðar og viðurkenningar á sjóveðsrétti, svo sem greinir í aðalkröfu.

Stefndi krefst sýknu af öllum dómkröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ.

II.

Málavextir eru þeir, að stefnandi var ráðinn skipstjóri á vélskipið Smára, SH-221, um mánaðamót september og október 1989. Ekki var gerður skriflegur ráðningarsamningur við stefnanda. Stefnandi var lögskráður á skipið 5. október 1989 ásamt skipshöfn sinni og afskráður 29. desember 1989. Við þessa lögskráningu var tekið fram í lögskráningarbók skipsins, að ráðningartími stefnanda og allrar áhafnarinnar væri út skelvertíð. Upp úr áramótum

1989/1990 var svo nýr skipstjóri í stað stefnanda ráðinn á skipið, án þess að stefnandi hefði um það nokkra vitneskju.

Stefnandi krafði stefnda um laun í uppsagnarfresti, en stefndi hefur hafnað öllum kröfum stefnanda í þá veru.

III.

Grundvöll krafna sinna í máli þessu kveður stefnandi vera ráðningarsamning, sem stefnandi og stefndi hafi gert með sér um mánaðamót september og október 1989. Kveður stefnandi, að ekkert hafi verið fastákveðið um ráðningartíma sinn sem skipstjóra á vélskipinu Smára, SH-221, þ. e. a. s., að ráðningartími hafi verið ótímabundinn.

– – –

IV.

Stefndi kveðst styðja sýknukröfu sína aðallega þeirri málsástæðu, að ráðningartími stefnanda hafi verið fyrir fram ákveðinn til áramóta 1989/1990, nánar tiltekið út skelvertíð, og því sé ekki um brottvísun úr starfi að ræða af hálfu stefnda, enda ráðningartími liðinn.

– – –

V.

Fyrir dóminn hafa komið og gefið skýrslur í máli þessu stefnandi, Jens Óskarsson, framkvæmdastjóri stefnda, Sigurjón Helgason, Rúnar Elbert Indriðason stýrimaður og Jóhannes Smári Guðbjartsson verkstjóri.

Stefnandi máls þessa var ráðinn á skip stefnda sem skipstjóri. Ekki var gerður skriflegur ráðningarsamningur við stefnanda, sem útgerðarmanni bar þó að gera samkvæmt 42. gr., sbr. 6. gr. laga nr. 35/1985.

Stefnandi hefur haldið því fram í stefnu, að hann hafi verið ráðinn til óákveðins tíma. Í framburði stefnanda fyrir dómi kemur fram, að ráðningartíminn hafi verið ákveðinn „út skelvertíð“, og er það í samræmi við tilgreiningu í lögskráningarbók skipsins og fullyrðingar framkvæmdastjóra stefnda um ráðningartíma stefnanda.

Ekki er ágreiningur um þýðingu afskráningar úr skiprúmi um áramót. Ágreiningur er hins vegar um það með aðilum, hvenær skelvertíð hefjist og hvenær henni ljúki. Af fram lögðum gögnum verður ekki ráðið, svo að óyggjandi sé, hvað teljist „skelvertíð“.

Þar sem stefndi fullnægði ekki þeim lagaskyldum að gera skriflegan ráðningarsamning við stefnanda og óljóst er, við hvaða tímamark starfslok stefnanda voru miðuð, verður að líta svo á, að stefnandi beri hallann af þeim sönnunarskorti. Þykir því verða að leggja til grundvallar, að ráðningartíma stefnanda hafi ekki verið lokið.

Af gögnum málsins er ljóst, að einhverjir samstarfsörðugleikar voru milli stefnanda og skipshafnar og að framkvæmdastjóri stefnda hafði tal af stefnanda 3. janúar 1990 vegna þessa og hélt jafnframt fund með öðrum skipverjum Smára, SH-221, sama dag. Gegn andmælum stefnanda hefur hins vegar ekkert komið fram, sem virða ber á þann veg, að stefnandi hafi sjálfur slitið ráðningarsamningi sínum fyrirvaralaust eða gefið í skyn, svo að ótvírætt sé, að hann hafi sagt upp störfum sínum á skipinu, enda réð framkvæmdastjóri stefnda skipstjóra í stað stefnanda að kvöldi 3. janúar 1990.

Með hliðsjón af því, sem að framan er rakið um ráðningartíma stefnanda, á stefnandi rétt á bótum samkvæmt 3. mgr. og 4. mgr. 45. gr. laga nr. 35/1985, og ber stefnda samkvæmt því að greiða stefnanda þriggja mánaða laun frá 1. janúar 1990 til 31. mars 1990, svo sem krafist hefur verið.

Við aðalflutning málsins lagði stefndi fram uppgjör um aflaverðmæti vs. Smára, SH-221, tímabilið 4. janúar 1990 til 4. apríl 1990. Stefnandi hefur lýst yfir í stefnu, að ef stefndi legði fram uppgjör um aflaverðmæti vs. Smára, SH-221, nefnt tímabil, verði við þá fjárhæð unað. Þykir því rétt, að við ákvörðun bóta til handa stefnanda sé miðað við laun skipstjóra á vs. Smára, SH-221, tímabilið 1. janúar 1990 til 1. apríl 1990. Verður því stefndi dæmdur til að greiða stefnanda 661.958 kr.

Eftir þessum úrslitum málsins þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 172.000 kr., og er þar með talinn virðisaukaskattur.

Með vísan til 1. tl. 1. mgr., sbr. 2. og 3. mgr. 197. gr. siglingalaga nr. 34/1985, sbr. 199. gr. sömu laga, á stefnandi sjóveðsrétt í vs. Smára, SH-221, til tryggingar tildæmdum fjárhæðum.

Hervör Þorvaldsdóttir héraðsdómari kvað upp dóm þennan. Dómsuppsaga hefur dregist sökum embættisanna dómarans, en hann fékk mál þetta til meðferðar 1. júlí sl.

Dómsorð:

Stefndi, Rækjunes hf., greiði stefnanda, Jens Óskarssyni, 661.958 kr. ásamt dráttarvöxtum skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá 1. apríl 1990 til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda 172.000 kr. í málskostnað, er beri dráttarvexti skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Stefnandi á sjóveðsrétt í vs. Smára, SH-221, til tryggingar tildæmdum fjárhæðum.

Fimmtudaginn 2. febrúar 1995.

Nr. 61/1993. **Svavar Pétursson**
(Kjartan Reynir Ólafsson hrl.)
gegn
Landsbanka Íslands
(Stefán Pétursson hrl.)

Víxlar. Sýning til greiðslu. Innheimta. Vangeymsla. Skaðabætur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 8. febrúar 1993. Krefst hann þess, að stefnda verði gert að greiða sér 2.000.000 króna með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 1.000.000 króna frá 27. október 1988 til 1. nóvember sama ár og af 2.000.000 króna frá þeim degi til greiðsludags. Að auki greiði stefndi sér 125.000 krónur með sömu dráttarvöxtum frá 5. apríl 1990 til greiðsludags. Hann krefst og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

I.

Áfrýjandi átti heimili á Ísafirði og var viðskiptamaður í bankaútibúi stefnda þar, þegar hann fékk í hendur víxla þá með gjalddögum 27. október og 3. nóvember 1988, sem um ræðir í málinu. Kveður hann það ástæðu þess, að hann fól útibúinu víxlana til innheimtu, hinn fyrri 24. október og hinn síðari 2. nóvember. Útgáfudagur víxlanna var skráður 24. október 1988. Víxlarnir voru báðir vistaðir til greiðslu í Búnaðarbanka Íslands í Garðabæ. Við nafn útgefanda var á þá skráð athugasemd þess efnis, að ekki þyrfti að láta afsegja þá vegna greiðslufalls, með orðunum „án afsagnar“, sbr. 1. mgr. 46. gr. víxillaga nr. 93/1933.

Beiðni áfrýjanda um innheimtu hvors víxils var rituð á eyðublað í til þess gerðu formi, er útibúið lét honum í té. Útibúið tók við víxlunum án athugasemda og skráði þá í innheimtukerfi bankans. Var viðtakan staðfest með tölvuskráðri yfirlýsingu sama dag og hvor beiðni var rituð. Útibúið kom síðan boðum um innheimtuna til Reiknistofu bankanna í Reykjavík, og voru greiðanda víxlanna sendir þaðan greiðsluseðlar í stöðluðu formi með áskorun um greiðslu á gjalddaga.

Útibúinu barst engin greiðsla vegna víxlanna, og voru þeir afhentir áfrýjanda með skilagrein 9. desember 1988. Í henni var tekið fram, að á þá hefði fallið kostnaður, að fjárhæð samtals 5.480 krónur, þ. e. 5.000 króna stimpilgjöld ásamt innheimtuþóknun og föstum útlögðum kostnaði samkvæmt gjaldskrá stefnda. Þessi kostnaður var þó ekki skuldfærður á reikning áfrýjanda, heldur á safnreikning í eigu útibúsins sjálfs.

Ekki liggur fyrir, hvað áfrýjandi reyndi til innheimtu á víxlunum utan réttar, en með stefnu, birtri 21. júní 1989, höfðaði hann mál á bæjarþingi Reykjavíkur til greiðslu víxilskuldarinnar á grundvelli XVII. kafla laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði. Kom þar fram sú vörn af hálfu útgefanda víxlanna, að þeir hefðu ekki verið sýndir til greiðslu á vistunarstað. Lagði útgefandinn fram yfirlýsingu frá Búnaðarbanka Íslands þessu til staðfestu, auk þess sem staðfest var í bréfi til áfrýjanda 22. desember 1989 frá lögfræðingadeild stefnda, að víxlarnir hefðu ekki verið sendir í greiðslubankann. Var tekið fram til skýringar, að ekki hefði gefist tími til sendingarinnar vegna þess, hversu stutt var í gjalddaga víxlanna. Áfrýjandi kveðst hafa verið grunlaus um þennan annmarka fyrir höfðun málsins.

Vegna sýningarskortsins var útgefandi víxlanna sýknaður af víxilkröfu áfrýjanda með dómi bæjarþingsins 20. mars 1990 í samræmi við ákvæði 1. mgr. 53. gr. víxillaga, sbr. 46. gr. sömu laga, en málskostnaður milli hans og áfrýjanda felldur niður. Samþykkjandanum var hins vegar gert að greiða áfrýjanda fjárhæð víxlanna ásamt dráttarvöxtum frá gjalddögum þeirra og 125.000 krónum í málskostnað. Bú samþykkjandans var tekið til gjaldþrotaskipta 23. október 1990, og lauk þeim árið eftir, án þess að áfrýjandi fengi greiðslu, enda var búið talið eignalaust.

Af hálfu áfrýjanda er því haldið fram, að ekki hafi verið frekari úrræði til innheimtu á kröfu hans vegna víxlanna, og hafi útgefandi þeirra ekki verið skuldbundinn honum nema samkvæmt þeim. Fram er komið hér fyrir dómi, að bú útgefandans var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði 30. desember 1994.

II.

Útibú stefnda tók við víxlum áfrýjanda til innheimtu með venjubundnum hætti, að því er séð verður af gögnum málsins, og er því ekki haldið fram, að gildi víxlanna eða gjalddagar þeirra hafi komið sérstaklega til tals í sambandi við það verkefni. Telja verður, að með því hafi útibúið tekið að sér að gæta þess, sem gera þurfti til að vernda fullnusturétt víxilhafans á hendur víxilskuldurunum, en meginatriðið í því tilliti var að fullnægja skyldu hans til að sýna víxilinn til greiðslu á þeim greiðslustað, er í honum var tilgreindur. Haggaði það ekki þessari skyldu, að víxlarnir báru fyrrgreinda áritun um fullnustu án kostnaðar, sbr. 53. gr. víxillaga, og mátti starfsmönnum útibúsins vera það ljóst. Kvöðin um sýningu er lögbundið og venjulegt skilyrði fullnusturéttar á hendur öðrum víxilskuldurum en samþykkjanda, og víxlar eru almennt vistaðir í bönkum öðrum stöðum fremur. Hefur stefndi ekki sýnt fram á, að sýning víxla í öðrum bönkum verði talin slíkur þáttur í innheimtustörfum banka, að víxileigendur þurfi að biðja sérstaklega um þá þjónustu að öðru jöfnu.

Samkvæmt 1. mgr. 38. gr. laganna mátti sýna víxlana á gjalddaga þeirra eða á öðrum hvorum tveggja hinna næstu virkra daga þar á eftir. Náði sýningarfrestur á fyrri víxlinum þannig til mánudagsins 31. október og á síðari víxlinum til mánudagsins 7. nóvember 1988. Með tilliti til þess verður ekki á það fallist, að hinn skammi fyrirvari á afhendingu víxlanna hafi staðið því í vegi, að sýning færi fram, þannig, að áfrýjanda hafi verið eða mátt vera ljóst, þegar hann lagði inn víxlana, að útibúið myndi ekki takast hana á hendur. Verður að telja, að starfsmönnum bankans hafi verið nauðsynlegt að gera fyrirvara gagnvart áfrýjanda um vandkvæði á sýningu víxlanna, ef þeir töldu henni ekki verða við komið.

Samkvæmt þessu verður að rekja það til mistaka af hálfu starfsmanna stefnda, að fullnusturéttur áfrýjanda á hendur útgefanda

víxlanna féll niður. Telja verður jafnframt, að með þeim hafi stefndi bakað sér skyldu til skaðabóta fyrir það tjón, sem af þessu leiddi fyrir áfrýjanda. Stefndi hefur ekki sýnt fram á, að útgefandi víxlanna hafi ekki verið gjaldfær, þegar leitað var eftir greiðslu þeirra, og að tjón áfrýjanda hafi verið minna en nemur nafnvirði hinna umræddu víxla, samtals 2.000.000 króna. Verður það lagt til grundvallar dómi og dráttarvextir dæmdir á þá fjárhæð frá 1. desember 1988. Þá þykir rétt, að stefndi bæti áfrýjanda þann kostnað, sem hann hafði af áðurnefndum málarekstri fyrir bæjarþingi Reykjavíkur. Með dómi bæjarþingsins 20. mars 1990 voru áfrýjanda dæmdar 125.000 krónur í málskostnað úr hendi samþykkjanda víxlanna, en sú fjárhæð hefur ekki fengist greidd vegna gjaldþrots samþykkjanda. Er ekki við aðra fjárhæð að miða í þessu efni. Verður stefndi dæmdur til að greiða hana með dráttarvöxtum frá 5. apríl 1990, eins og krafist er.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir. Við ákvörðun hans hefur ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Stefndi, Landsbanki Íslands, skal greiða áfrýjanda, Svavari Péturssyni, 2.125.000 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 2.000.000 króna frá 1. desember 1988 til 5. apríl 1990, en af 2.125.000 krónum frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi skal greiða áfrýjanda 400.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Sératkvæði
Hjartar Torfasonar

Ég er samþykkur þeirri niðurstöðu annarra dómenda á sömu forsendum og í atkvæði þeirra greinir, að stefndi hafi bakað sér skaðabótaskyldu gagnvart áfrýjanda vegna meðferðar sinnar á víxlum hins síðarnefnda.

Víxlana kveðst áfrýjandi hafa eignast þannig, að hann hafi haust-

ið 1988 selt hlutafélaginu Góli í Reykjavík hlutabréf í útgerðarfélaginu Ásrúnu hf. á Ísafirði fyrir 2 milljónir króna. Hafi Gól hf. samþykkt víxil fyrir kaupverðinu, er áfrýjandi hafi gefið út sjálfur, með gjalddaga nokkrum vikum eftir útgáfudag. Greiðsla á víxlinum hafi ekki komið fram á tilsettum tíma, og hafi áfrýjandi skömmu síðar gert sér ferð til Reykjavíkur til að knýja á um hana. Hafi honum verið tjáð, að peningar fyrir skuldinni yrðu til reiðu eftir nokkra daga. Hann hafi þá krafist þess af stjórnarmanni í hlutafélaginu, að hann tæki persónulega ábyrgð á efndum víxilkröfunnar. Hafi stjórnarmaðurinn þá gefið út fyrrgreinda víxla og afhent honum í stað upphaflega víxilsins auk þess að samþykkja þá fyrir hönd félagsins. Áfrýjandi hafi síðan farið með víxlana í viðskiptabanka sinn, sem tekið hafi þá til innheimtu.

Í málinu hefur ekki verið reynt að varpa neinu ljósi á það, hvernig greiðslugetu útgefanda víxlanna hafi verið háttað á þeim tíma, sem helst skiptir máli. Jafnframt hefur áfrýjandi ekki lagt fram nein gögn um þau viðskipti, er leiddu til útgáfu víxlanna, og er þar ekki við annað að styðjast en þá frásögn hans sjálfs, sem hér var rakin og fram kom í greinargerð hans í héraði. Meðal annars hefur hann ekki stutt það gögnum, að útgefandi víxlanna hafi ekki sjálfur haft hag af því, að fullnusturéttur gagnvart honum félli niður, sbr. 74. gr. víxillaga. Til þess sýnist þó ástæða, þar sem útgefandi var einn fárra aðila að hlutafélagi því, er var samþykkjandi víxlanna, og hafði með höndum fyrirsvar þess í viðskiptunum við áfrýjanda, að því er frásögn hans og víxlarnir sjálfir bera með sér. Engin gögn liggja heldur fyrir um fyrrnefnd hlutabréf í Ásrúnu hf. eða það, hvernig kaupin um þau voru vaxin að öðru leyti.

Aðilar málsins kusu að leggja það í dóm, án þess að gagnaöflun færi fram um þessi atriði. Eðlilegt er, að áfrýjandi beri hallann af þeirri vanreifun fremur en stefndi, þar sem honum bar að reyna að leggja grundvöll að mati á virði víxlanna í höndum sínum og leiða jafnframt líkur að því, að viðskiptin að baki víxlunum hafi ekki skipt máli um tjón af missi fullnusturéttar samkvæmt þeim. Tel ég málatilbúnað áfrýjanda ekki ná lágmarki þess, sem til mátti ætlast í því efni. Samkvæmt því teldi ég rétt, að kröfu hans um skaðabætur yrði vísað frá héraðsdómi. Aðrir dómendur eru þó þeirrar skoðunar, að leggja beri efnisdóm á málið. Er það þá niðurstaða mín, að

sýkna verði stefnda af kröfunni að svo stöddu. Eigi þá einnig við, að hvor aðili beri kostnað sinn af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 18. desember 1992.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var þriðjudaginn 15. desember sl., er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur af Svavari Péturssyni, kt. 200152-7519, Bræðraborg, Hólmavík, með stefnu, þingfestri 9. 12. 1991, á hendur Landsbanka Íslands, kt. 710169-3819, Austurstræti 11, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 2.000.000 kr. með dráttarvöxtum skv. III. kafla l. nr. 25/1987 af 1.000.000 kr. frá 27. 10. 1988 til 1. 11. s. á., en af 2.000.000 kr. frá þeim degi til greiðsludags. Að auki er þess krafist, að stefndi greiði stefnanda 125.000 kr. auk dráttarvaxta skv. III. kafla l. nr. 25/1987 frá 5. 4. 1990 til greiðsludags. Þá krefst stefnandi málskostnaðar að skaðlausu. [...].

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og sér verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati réttarins að viðbættum virðisaukaskatti.

II.

Málavextir.

Málavextir eru þeir, að 24. október 1988 afhenti stefnandi víxil, að fjárhæð 1.000.000 kr., til innheimtu í útibú stefnda á Ísafirði. Var víxillinn út gefinn 24. október 1988 af Gunnari Guðmundssyni, Granaskjóli 72, Reykjavík, og samþykktur af Góli hf., Borgartúni 33, Reykjavík, til greiðslu í Búnaðarbanka Íslands, Garðabæ, 27. október 1988. Hinn 2. nóvember s. á. afhenti stefnandi í sama útibú annan víxil, samhljóða hinum fyrri, nema hvað hinn síðari var með gjalddaga 3. nóvember 1988. Voru víxlarnir mótteknir til innfærslu í innheimtukerfi bankans með fyrirmælum um, að andvirðið yrði greitt inn á ávísanareikning stefnanda nr. 19782. Hinn 9. desember voru stefnanda afhentir víxlarnir aftur, þar sem þeir voru ógreiddir, og var stefnanda gert að greiða samtals 5.480 kr. í kostnað. Stefnandi höfðaði mál á hendur samþykkjanda og útgefanda víxlanna til greiðslu þeirra. Með dómi bæjarþings Reykjavíkur, upp kveðnum 20. mars 1990, voru kröfur stefnanda á hendur samþykkjanda víxilsins teknar til greina, en útgefandi var sýknaður, þar sem víxlarnir höfðu ekki verið sýndir til greiðslu á greiðslustað, sbr. 91. gr. l. nr. 93/1933. Var víxilréttur á hendur útgefanda talinn fallinn niður með vísan til 53. gr. l. nr. 93/1933, sbr. 46. gr. s. l. Bú samþykkjanda, Góls hf., var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði, upp kveðnum 23. október 1990. Var dómkröfunni lýst í búið, en ekkert kom upp í lýstar kröfur. Búskiptum lauk 21. október 1991.

Málsástæður stefnanda.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að stefndi hafi tekið að sér með samningi að sjá um sýningu ofangreindra víxla gegn gjaldi. Hafi starfsmönnum stefnda borið að standa þannig að sýningu og innheimtu víxlanna, að stefnandi glataði ekki rétti sínum gagnvart víxilskuldurunum. Fyrir handvömm starfsmanna stefnda sé víxilkrafan nú með öllu óinnheimtanleg hjá víxilskuldurunum. Beri stefnda því að bæta stefnanda það tjón, sem hann hafi sannanlega orðið fyrir.

Lagarök stefnanda.

Stefnandi kveður málið höfðað sem almennt skuldamál samkvæmt IX. kafla l. nr. 85/1936 sem skaðabótamál innan samninga. Skaðabótakröfu sína reisir stefnandi á almennum reglum samninga og skaðabóta, þar sem stefnandi hafi ekki staðið við samningsskyldur sínar og bakað honum með því fjártjón. Stefnandi vísar í VII. kafla l. nr. 93/1933, einkum 46. gr., og II. kafla l. nr. 11/1961 um Landsbanka Íslands. Varðandi málskostnað vísar stefnandi til 1. mgr. 177. gr., sbr. og 184. gr. l. nr. 85/1936, og um vexti á málskostnað til 3. mgr. 175. gr. s. l. Varðandi virðisaukaskatt byggir stefnandi á l. nr. 50/1980. Stefnandi kveðst ekki vera virðisaukaskattsskyldur.

Málsástæður stefnda.

Stefndi kveður stefnanda hafa komið í afgreiðslu stefnda á Ísafirði og óskað eftir meðalgöngu stefnda við að taka við greiðslu á þeim viðskiptaskjölum, sem í hans eigu voru. Sú þjónusta, sem í boði var, hafi falist í því að skrá fjárkröfurnar í innheimtukerfi stefnda með þeim upplýsingum, sem á skjölunum voru, auk þess sem greiðanda þeirra hafi verið send tilkynning um vörslu stefnda á verðbréfunum.

Skuldbinding stefnda hafi falist í því að koma boðum til greiðslujöfnunarstöðvar bankanna, Reiknistofu bankanna, um, að einn af aðilum stöðvarinnar hefði viðkomandi fjárkröfu til innheimtu. Greiðslujöfnunarstöðin hafi síðan sent greiðanda tilkynningu um það með öllum upplýsingum um víxlana ásamt eftirfarandi yfirlýsingu: „VIÐSKIPTAMENN, ATHUGIÐ. Greiðsluseðli þessum má framvísa til greiðslu í öllum bönkum og sparisjóðum nema þegar um framlengingu er að ræða, þá aðeins hjá einhverjum afgreiðslustað þess banka, er greiðsluseðil þennan gefur út. Víxillinn verður póstsendur greiðanda, nema annars sé óskað. Greiðið á gjalddaga – forðist dráttarvexti."

Stefndi hafi ekki tekið að sér að tryggja sendingu víxlanna á þann stað,

þar sem þeir voru vistaðir. Það hafi verið stefnanda í lófa lagið að afhenda víxlana til innheimtu í þann banka, sem um var samið við greiðanda. Í þess stað hafi hann valið að leita aðstoðar stefnda, sem hafi haft sína afgreiðslu í öðrum landshluta, og það aðeins skömmu fyrir gjalddaga, í fyrra skiptið þremur dögum fyrir gjalddaga, en hinu síðara daginn fyrir gjalddaga. Stefnandi sé vanur viðskiptum sem stjórnarmaður og framkvæmdastjóri í útgerðarfyrirtæki og hafi persónulega stundað lífleg víxilviðskipti um árabil.

Af skilagrein á dskj. nr. 10 megi sjá, að stefndi hafi ekki gert stefnanda að greiða annan kostnað en fyrir skráningu innheimtukrafnanna í tölvukerfi bankans og sendingu tilkynningar til greiðanda um vörslur víxlanna. Með þeirri tilkynningu hafi greiðanda verið fært að greiða víxlana í hvaða bankaafgreiðslu, sem væri, hvar sem er á landinu. Í þessu sambandi sé vert að hafa í huga, að útgefandi víxlanna hafi verið stjórnarmaður í hlutafélaginu Góli hf., og hafi hann samþykkt víxlana fyrir þess hönd. Heimilisfang greiðanda og skrifstofa hafi verið í Borgartúni 33, Reykjavík, en það hafi einmitt verið lögmannsstofa útgefanda víxlanna. Tilkynning muni því hafa borist honum um vörslu víxlanna.

Í 2. mgr. 38. gr. l. nr. 93/1933 segi, að afhending víxils til greiðslujöfnunarstöðvar (clearing-house) jafngildi sýningu hans til greiðslu.

Í dómsmáli því, sem rekið hafi verið fyrir bæjarþingi Reykjavíkur milli stefnanda þessa máls og víxilskuldara, sem lokið hafi með dómsuppkvaðningu 20. 3. 1990, sé fjallað um ágreiningsefni, sem óviðkomandi séu stefnda í máli þessu. Hafi stefnda í máli þessu ekki verið gefinn kostur á að gæta réttar síns við málareksturinn.

Því er mótmælt, að um sé að kenna handvömm starfsfólks stefnda, að fjárkrafa samkvæmt víxlunum eða skuldbindingunum, sem til hafi orðið vegna þeirra, sé óinnheimtanleg. Engin staðfesting liggi fyrir því, að víxilskuldarar hafi getað greitt á gjalddaga, ekki hafi innheimtu skv. 74. gr. l. nr. 93/1933 verið beitt, og uppgjör vegna kaupa á hlutabréfum hafi ekki farið fram með öðrum hætti. Ekkert orsakasamhengi sé á milli þess, sem stefndi nefni fjártjón hjá sér, og þeirrar þjónustu, sem hann keypti af stefnda.

Lagarök stefnda.

Stefndi vísar til almennra reglna samninga- og kröfuréttar. Með vísan til 2. mgr. 38. gr. l. nr. 93/1933 hafi stefndi lokið við skyldu sína með því að tilkynna innheimtuna til greiðslujöfnunarstöðvar. Fjártjón sé ekki sannað.

Málskostnaðarkrafan er byggð á 1. mgr. 177. gr. l. nr. 86/1936, sbr. 184. gr. s. l. Krafa um vexti af málskostnaði er reist á 3. mgr. 175. gr. s. l., sbr. 21. gr. l. nr. 54/1988.

III.

Niðurstaða.

Í málavaxtalýsingu stefnanda er ekki gerð grein fyrir fjárhæðinni, 125.000 kr., sem krafið er sérstaklega um auk víxilfjárhæðarinnar. Af skjölum málsins má þó álykta, að verið sé að krefja um málskostnað samkvæmt dómi, sbr. dskj. nr. 4. Verður vanreifun á þessum þætti kröfugerðarinnar í stefnu og greinargerð því ekki látin varða frávísun, enda hefur ekki verið gerð um það krafa af hálfu stefnda.

Víxlar þeir, sem eru grundvöllur málshöfðunar þessarar, hafa verið lagðir fram í ljósriti. Kemur þar skýrt fram, að greiðslustaður þeirra er Búnaðarbanki Íslands, útibú Garðabæ. Stefnandi kaus að fela útibúi Landsbanka Íslands á Ísafirði innheimtu þeirra.

Samkvæmt yfirlýsingu frá stefnda á dskj. nr. 7 kemur fram, að reynt sé að fylgja þeirri meginreglu að senda innheimtuvíxla á vistunarstað til innheimtu, ef því verði við komið. Jafnframt er þess getið í skjalinu, að ekki hafi gefist tími til að senda víxla þá, sem hér eru til umræðu, á vistunarstað, vegna þess, hve stutt var í gjalddaga.

Það liggur fyrir, að víxlarnir voru afhentir útibúinu annars vegar þremur dögum og hins vegar einum degi fyrir gjalddaga þeirra. Ekki hefur komið fram, að stefnandi hafi falið útibúinu sérstaklega að sjá til þess, að þeir yrðu sýndir í greiðslubanka á gjalddaga. Þá hefur ekki komið fram, að stefndi hafi lofað slíkri þjónustu.

Ekki verður á það fallist, að það leiði af eðli þeirrar þjónustu, sem stefndi bauð upp á, eða ákvæðum IV. kafla laga nr. 86/1985 um viðskiptabanka (en með gildistöku þeirra laga voru felld úr gildi l. nr. 11/1961 um Landsbanka Íslands, sem stefnandi reisir m. a. rétt sinn á), að hann ábyrgðist stefnanda, að víxlarnir yrðu sýndir í greiðslubanka á gjalddaga, ekki síst þegar litið er til þess, hversu skammur tími var til stefnu, en senda hefði þurft víxlana í greiðslubankann og óvíst, hvort það hefði tekist í tæka tíð. Liggur ekki annað fyrir en starfsmenn stefnda hafi gert þær ráðstafanir, sem eðlilegar voru miðað við aðstæður, til þess að innheimta kröfuna. Þá hefur stefnandi ekki sýnt fram á, að honum hafi verið gert að greiða fyrir aðra þjónustu en þá, sem hann fékk.

Hefur stefnandi samkvæmt framansögðu ekki sýnt fram á eða gert sennilegt, að stefndi beri ábyrgð á því ætlaða tjóni, sem stefnandi telur sig hafa orðið fyrir. Ber því þegar af þeim sökum að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu. Eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðila beri sinn kostnað af málinu.

Sigríður Ólafsdóttir héraðsdómari kvað upp dóminn.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Landsbanki Íslands, Austurstræti 11, Reykjavík, skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Svavars Péturssonar, Bræðraborg, Hólmavík, í máli þessu.

Aðilar beri hvor sinn kostnað af málinu.

Fimmtudaginn 2. febrúar 1995.

Nr. 305/1994. **Þrotabú Davíðs Axelssonar**
(Skúli Pálsson hrl.)
gegn
Efnissölu Guðjóns E. Jóhannssonar hf.
(Ragnar H. Hall hrl.)

Mál fellt niður. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason og Hjörtur Torfason.

Þegar mál þetta var tekið fyrir á dómþingi Hæstaréttar 19. janúar 1995, var þess óskað af hálfu áfrýjanda, að það yrði fellt niður.

Af hálfu stefnda var sótt dómþing og samþykkt, að málið yrði fellt niður, en krafist málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt framansögðu ber að fella mál þetta niður. Stefndi hefur tvívegis sótt dómþing í málinu, en ekki hefur borist greinargerð frá honum. Rétt þykir, að áfrýjandi greiði stefnda 5.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Mál þetta fellur niður.

Áfrýjandi, þrotabú Davíðs Axelssonar, greiði stefnda, Efnissölu Guðjóns E. Jóhannssonar, 5.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Mánudaginn 6. febrúar 1995.

Nr. 35/1995. **Rannsóknarlögregla ríkisins**
(Jón H. Snorrason)
gegn
Þórhalli Ölveri Gunnlaugssyni
(Símon Ólason hdl.)

Kærumál. Farbann.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Markús Sigurbjörnsson og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 31. janúar 1995, sem barst réttinum 1. febrúar sl. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Kærð er ákvörðun Héraðsdóms Reykjavíkur 31. janúar sl. um, að varnaraðili sæti farbanni allt til miðvikudagsins 29. mars 1995. Varnaraðili krefst þess, að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi.

Sóknaraðili krefst þess, að hin kærða ákvörðun verði staðfest.

Með dómum Hæstaréttar frá 26. september sl. í málinu nr. 399/1994, 11. nóvember sl. í málinu nr. 447/1994 og 5. janúar sl. í málinu nr. 2/1995 hefur varnaraðila verið gert að sæta farbanni, síðast allt til þriðjudagsins 31. janúar sl., vegna rannsóknar á ætluðum stórfelldum brotum á lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, lögum nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt og 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, tengdum rekstri einkafyrirtækis hans og fyrirtækinu Vatnsberanum hf., en varnaraðili er annar tveggja stjórnarmanna þess.

Sóknaraðili hefur gert grein fyrir því, að rannsókn málsins sé nú lokið, en embætti ríkissaksóknara hafi falið honum að krefjast frekara farbanns til að tryggja, að varnaraðili komi sér ekki undan málsókn með því að fara af landi brott, áður en meðferð málsins verði lokið. Fyrir Hæstarétt hefur verið lögð ákæra ríkissaksóknara frá 1. febrúar sl., þar sem varnaraðili er ákærður fyrir brot gegn 1. mgr., sbr. 6. mgr. 40. gr. laga nr. 50/1988 og 1. tl. 151. gr. laga nr. 32/1978 um hlutafélög.

Með vísan til framanritaðs svo og umfangs málsins má fallast á, að fullnægt sé skilyrðum 110. gr. laga nr. 19/1991 fyrir að framlengja enn að nýju farbann á varnaraðila. Samkvæmt því verður að staðfesta hina kærðu ákvörðun.

D ó m s o r ð:

Hin kærða ákvörðun er staðfest.

Mánudaginn 6. febrúar 1995.

Nr. 27/1995. **B-stræti hf.**

gegn

Jóni Ó. Ragnarssyni

(Hróbjartur Jónatansson hrl.)

Kærumál. Innsetning.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Gunnlaugur Claessen og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 18. janúar 1995, sem barst réttinum 27. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur, upp kveðinn 13. janúar sl., þar sem fallist var á kröfu varnaraðila um innsetningargerð hjá sóknaraðila. Kæruheimild er í 4. mgr. 84. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 102. gr. laga nr. 92/1991. Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og hafnað kröfu varnaraðila um innsetningargerð. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar auk kærumálskostnaðar.

Í málinu hefur verið lagður fram samningur 13. apríl 1993, þar sem varnaraðili selur Glæsi hf. stóla þá, sem deila málsaðila snýst um. Samkvæmt samningnum skyldi kaupverðið greitt með tveimur víxlum með gjalddögum í maí og júní 1993. Víxlar þessir eru ógreiddir. Samkvæmt gögnum málsins var bú Glæsis hf. tekið til gjaldþrotaskipta 28. febrúar 1994. Hefur búið ekki gert tilkall til þeirra muna, er mál þetta varða. Kröfum samkvæmt ofangreindum víxlum var lýst í þrotabú Glæsis hf. sem almennum kröfum, en upplýst er, að ekkert fáist greitt af þeim við skiptin.

Í nefndum samningi varnaraðila við Glæsi hf. er ákveði þess efnis, að umræddir stólar skuli vera eign seljanda, þar til kaupandi hafi fullnægt öllum skilmálum samningsins. Enn fremur segir þar, að komi til vanefnda kaupanda, geti seljandi tekið hina seldu muni úr vörslum hans. Hefur varnaraðili skýrt svo frá, að hann hafi, áður en samningurinn við Glæsi hf. var gerður, selt öðrum kaupanda um-

rædd húsgögn, en sá aðili hafi stundað veitingarekstur að Þingholtsstræti 2–4. Vegna þess að hinn fyrri kaupandi hafi ekki greitt kaupverðið, hafi hann skilað varnaraðila stólunum, líklega í árslok 1992. Hafi varnaraðili haft þá í vörslum sínum um nokkurra mánaða skeið, en þeir síðan verið afhentir Glæsi hf. við gerð samningsins 13. apríl 1993 til afnota í sama húsnæði að Þingholtsstræti 2–4, sem þeir höfðu áður verið í. Mótmælir hann þeirri staðhæfingu sóknaraðila, að samningurinn við Glæsi hf. um eignarrétt varnaraðila á húsgögnunum hafi fyrst verið gerður eftir afhendingu þeirra til að tryggja skuld, sem þegar hafi verið til orðin.

Réttur varnaraðila samkvæmt ofangreindum samningi er nægjanlega skýr, til að krafa um innsetningargerð verði á honum reist. Samkvæmt því ber að staðfesta niðurstöðu hins kærða úrskurðar. Þá greiði sóknaraðili varnaraðila kærumálskostnað, svo sem í dómsorði greinir.

Það athugast, að í hinum kærða úrskurði segir, að varnaraðili hafi eignast umrædda stóla með samningi við Framkvæmdasjóð Íslands um kaup á Hótel Örk í Hveragerði með innbúi á sínum tíma. Samkvæmt samningi þessum, sem lagður er fram í málinu, var Hafnarbíó hf. kaupandi umræddrar fasteignar og lausafjár. Varnaraðili hefur skýrt svo frá, að hann sé stærsti hluthafinn í Hafnarbíói hf. Þá hefur verið lögð fyrir Hæstarétt yfirlýsing Hafnarbíós hf. 31. janúar 1995 þess efnis, að stólarnir hafi áður verið í eigu Hafnarbíós hf., en verið orðnir eign varnaraðila, er hann ráðstafaði þeim með samningi við Glæsi hf. 13. apríl 1993.

D ó m s o r ð:

Tekin er til greina krafa varnaraðila, Jóns Ó. Ragnarssonar, um, að umbeðin innsetningargerð nái fram að ganga hjá sóknaraðila, B-stræti hf., til að veita honum umráð yfir 34 breskum kráarstólum úr dökkum viði.

Sóknaraðili greiði varnaraðila 30.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 13. janúar 1995.

I.

Mál þetta, sem þingfest var 9. nóvember sl., var tekið til úrskurðar 9. þ. m. að loknum munnlegum málflutningi.

Gerðarbeiðandi er Jón Ó. Ragnarsson, kt. 290639-2479, Seljugerði 12, Reykjavík, en gerðarþoli B-stræti hf., kt. 410394-2519, Þingholtsstræti 2–4, Reykjavík.

Gerðarbeiðandi krefst dómsúrskurðar um, að 52 breskir kráarstólar úr dökkum viði verði með beinni aðfarargerð teknir úr vörslum gerðarþola og fengnir lögmanni hans f. h. gerðarbeiðanda. Þá er krafist málskostnaðar að mati dómsins.

Gerðarþoli krefst þess, að synjað verði um gerðina og gerðarbeiðanda gert að greiða gerðarþola málskostnað að mati dómsins.

II.

Aðilar eru ekki á eitt sáttir um atvik málsins, en því er ekki andmælt, að gerðarbeiðandi hafi eignast 52 stóla af þeirri gerð, er hér um ræðir, er hann keypti Hótel Örk í Hveragerði með innbúi af Framkvæmdasjóði Íslands á sínum tíma. Með kaupsamningi 13. apríl 1993 kveðst gerðarbeiðandi hafa selt Glæsi hf., kt. 611139-0129, Þingholtsstræti 2–4, Reykjavík, umræddu stóla með fyrirvara um eignarrétt seljanda, uns kaupandi hefði fullnægt samningsskyldum sínum, og skyldi kaupverðið, 500.000 kr., greitt í tvennu lagi, 250.000 kr. í hvort sinn, á gjalddögum 25. maí og 25. júní 1993. Kaupandi hafi samþykkt víxla fyrir greiðslunum, sem hafi gjaldfallið án greiðslu. Af hálfu gerðarþola er hins vegar haldið fram, að stóla þessa hafi Anton Navarez og Ingþór Björnsson keypt af gerðarbeiðanda með gjaldfresti haustið 1990, er þeir hófu veitingastarfsemi í húsnæðinu Þingholtsstræti 2–4, og hafi þeir verið í húsinu allar götur síðan og gengið kaupum og sölum milli ýmissa eigenda að veitingarekstrinum á tímabilinu til dagsins í dag.

Upplýst er, að bú Glæsis hf. er undir gjaldþrotaskiptum og að búið gerir ekki tilkall til stóla, sem tilgreindir eru í innsetningarbeiðni gerðarbeiðanda. Þá er viðurkennt af umboðsmanni gerðarþola, að gerðarþoli hafi 34 af umdeildum stólum í sínum vörslum sem hluta af húsbúnaði, sem gerðarþoli hafi á kaupleigusamningi við Fofni hf., kt. 490891-1379, frá 2. mars 1994.

III.

Gerðarbeiðandi heldur því fram, að hann eigi umrædda stóla í vörslum gerðarþola, en gerðarþoli neiti að afhenda sér þá, og kveðst styðja kröfu

sína við 12. og 13. kafla laga nr. 90/1989 um aðför og þó sérstaklega við 78. gr. þeirra laga.

Af hálfu gerðarþola er haldið fram eftirfarandi málsástæðum:

1. Ákvæði um eignarréttarfyrirvara seljanda í kaupsamningnum frá 13. apríl 1993 er ógildur, þar sem samningurinn var gerður eftir afhendingu stólanna.
2. Gerðarþoli er ekki réttur aðili þessa máls, þar sem hann leigir umdeilda muni frá Fofni hf.
3. Forsvarsmenn gerðarþola og viðsemjandi hans, Fofnir hf., og viðsemjanda Fofnis hf., Arðs hf., voru allir í góðri trú um kvaðaleysi eignarréttar Glæsis hf., þar eð gerðarbeiðandi þinglýsti ekki eignarrétti sínum í lausafjárbók né varaði á annan hátt grandlausa viðsemjendur Glæsis hf. og þeirra, sem leiddu rétt sinn frá félaginu, við umdeildum rétti gerðarbeiðanda til stólanna. Grandlausir kaupendur stólanna hafa því öðlast fullan eignarrétt yfir þeim fyrir traustnám.
4. Gerðarbeiðandi hefur ekki rift kaupsamningnum frá 13. apríl 1993 á lögformlegan hátt.
5. Gerðarbeiðandi hefur ekki lýst kröfu í þrotabú Glæsis hf. né látið reyna á það, hvort víxlar, sem settir voru til greiðslu stólanna, fáist greiddir.
6. Gerðarbeiðandi hefur notfært sér umrædda víxla í viðskiptum við Hafnarbíó hf., sbr. dskj. nr. 18. og 19.
7. Málið er svo vanreifað af hálfu gerðarbeiðanda, að synja ber þegar af þeirri ástæðu um innsetningu.

Við flutning málsins kom fram hjá lögmanni gerðarþola, að ekki lægi fyrir í málinu, að gerðarbeiðandi hefði orðið fyrir fjárhagslegu tjóni vegna sölu stólanna, miklu fremur mætti leiða líkur að því, að hann hefði með umræddum víxlum fengið andvirði þeirra.

Af hálfu gerðarbeiðanda er því haldið fram, að ekkert banni aðilum að gera samning með ákvæði um eignarréttarfyrirvara eftir afhendingu söluhlutar, þó að kaupandi hefði á sínum tíma getað hafnað slíkum skilmála, hefði hann óskað þess. Þá sé óumdeilt, að stólarnir séu nú að Þingholtsstræti 2–4 í vörslum gerðarþola, og því sé gerðarþoli réttur aðili gagnvart innsetningarbeiðni gerðarbeiðanda eðli máls samkvæmt. Þá er því haldið fram, að reglur um traustnám gildi ekki um muni þá, er hér um ræðir, enda gildi slíkar reglur aðeins á þröngu sviði, s. s. um peninga og viðskiptabréf, þ. e. enga þýðingu hafi í þessu sambandi hugsanlegt grandleysi viðsemjenda Glæsis hf. og þeirra, er leiði rétt sinn til stólanna frá félaginu, um eignarrétt gerðarbeiðanda, enda glati og eigendur lausafjár, sem ekki er skráningarskylt, ekki rétti sínum að lögum gagnvart grandlausum kaupanda, þótt réttinum sé ekki þinglýst.

Gerðarbeiðandi kveður ljóst, að þrotabú Glæsis hf. muni á engan hátt standa við kaupsamninginn frá 13. apríl 1993, en kröfu hafi verið lýst í búið á hans vegum, sbr. dskj. nr. 18 og 19. Þá séu víxlarnir án ábyrgðarmanna og greiðandi gjaldþrota. Lögmaður gerðarbeiðanda skýrði í málflutningi svo frá kröfulýsingum í nafni Hafnarbíós hf., að um væri að ræða hlutafélag, er ræki Hótel Örk í Hveragerði, og væri gerðarbeiðandi stærstur hluthafi og framkvæmdastjóri; skrifstofa lögmannsins hefði innheimtur fyrir hótelið, og hefði því kröfulýsing verið gerð í nafni Hafnarbíós hf. fyrir mistök, þó að gerðarbeiðandi væri eigandi kröfunnar.

IV.

Eins og áður segir, er ekki deilt um, að gerðarbeiðandi hafi á sínum tíma eignast svonefnda 52 breska kráarstóla úr dökkum viði, sem málið fjallar um. Gerðarþoli telur hins vegar, að þar sem stólarnir hafi gengið kaupum og sölum ásamt öðrum búnaði veitingastarfsemi að Þingholtsstræti 2–4 um árabil milli grandlausra aðila um eignarrétt gerðarbeiðanda, hafi gerðarbeiðandi glatað rétti sínum fyrir vangeymslu, a. m. k. sé réttur hans, eins og nú sé komið, ekki svo ótvíræður, að heimila megi innsetningargerð án undangengins dóms eða réttarsáttar. En að virtum málavöxtum og með vísan til röksemda gerðarbeiðanda og þeirra gagna, sem hann hefur lagt fram, annars vegar og viðurkenningar gerðarþola að hafa undir höndum 34 af umdeildum stólum hins vegar, þykja við svo búið ekki vera efni til annars en heimila gerðarbeiðanda innsetningu í þessa 34 stóla hjá gerðarþola á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Eftir atvikum verður málskostnaður ekki dæmdur.

Páll Þorsteinsson héraðsdómari kvað upp úrskurðinn.

Úrskurðarorð:

Viðurkenndur er réttur gerðarbeiðanda, Jóns Ó. Ragnarssonar, kt. 290639-2479, til að brigða úr vörslum gerðarþola, B-stræti hf., kt. 410394-2519, 34 breskum kráarstólum úr dökkum viði. Málskostnaður er ekki dæmdur.

Mánudaginn 6. febrúar 1995.

Nr. 384/1992. **Kristján Hálfdánarson**
(Guðni Á. Haraldsson hrl.)
gegn
Elísabetu Benediktsdóttur
(Grétar Haraldsson hrl.)

Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 5. október 1992. Hann krefst þess, að hann verði sýknaður af kröfum stefndu í aðalsök og að kröfum stefndu í framhaldssök verði vísað frá dómi, en til vara, að hann verði sýknaður af þeim. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Málið var flutt fyrir Hæstarétti um formhlið þess 3. febrúar 1995. Báðir aðilar kröfðust þess, að það yrði tekið til efnislegrar meðferðar, en kröfðust ekki málskostnaðar í þessum þætti málsins.

Mál þetta var tekið til dóms að lokinni aðalmeðferð 4. maí 1992. Það var endurupptekið 3. september sama ár, og var þá eftirfarandi bókað: „Málið er endurupptekið og aðilum gefinn kostur á endurflutningi og beint til þeirra spurningum. Ekki er talin þörf á endurflutningi. Málið er lagt í dóm og dómtekið að nýju og á það lagður svohljóðandi dómur:. . .“ Í héraðsdómi er sagt, að dráttur á dómsuppsögu eftir aðalflutning hafi orðið „af ástæðum er varða umfang málsins, aðrar annir dómsformanns, aðskilnað dómsvalds og umboðsstjórnar og réttarhlé“.

Samkvæmt framansögðu var málið endurupptekið og dæmt án munnlegs málflutnings að nýju, er fjórir mánuðir voru liðnir frá aðalmeðferð. Í 1. mgr. 191. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði var sagt, að venjulega skyldi kveða upp dóma í munnlega fluttum málum, áður en annað mál yrði tekið til flutnings, og jafnan svo fljótt sem við yrði komið. Í skriflega fluttum málum skyldi dómi lokið á mál eigi síðar en þremur vikum eftir dómtöku.

Samkvæmt 1. mgr. 115. gr. núgildandi laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 skal dómur kveðinn upp svo fljótt sem unnt er. Hafi dómur ekki verið kveðinn upp í munnlega fluttu máli innan fjögurra vikna frá dómtöku þess, skal það flutt að nýju, nema dómari og aðilar telji það óþarft. Í athugasemdum með frumvarpi til hinna nýju laga kemur fram, að um nokkuð breyttar reglur sé að ræða frá hljóðan eldri ákvæða, en í framkvæmd hafi þó verið beitt verklagi, er svipi mjög til ákvæða 1. mgr. 115. gr. Er þá til þess að líta, að Hæstiréttur hefur mótað þá dómvenju um langt árabil, að héraðsdómar hafa einlægt verið ómerktir, ef uppsaga þeirra hefur dregist úr hömlu.

Svigrúm héraðsdómara og lögmanna aðila til samkomulags um, að ekki sé þörf á að endurflytja mál, ef uppsaga þess dregst umfram fjórar vikur frá dómtöku, verður samkvæmt framansögðu að sæta takmörkunum. Með hliðsjón af fordæmum Hæstaréttar þykir rétt að líta svo á, að héraðsdómur verði að jafnaði ekki kveðinn upp að réttu lagi án raunverulegs endurflutnings, ef liðnar eru átta vikur frá munnlegum málflutningi, enda getur hann ekki komið að því gagni, sem til er ætlast, þegar dómsuppsaga dregst svo lengi.

Af þessum sökum verður að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til munnlegs málflutnings og dómsuppsögu að nýju.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað heim í hérað til munnlegs málflutnings og uppsögu dóms að nýju.

Mánudaginn 6. febrúar 1995.

Nr. 9/1993. **Stefán Stefánsson**
(Hjalti Steinþórsson hrl.)
gegn
Þresti Sveinbjörnssyni vegna
ófjárráða Sigurðar Sveinbjörnssonar
(Stefán Pálsson hrl.)

Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 7. janúar 1993. Hann krefst sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Málið var flutt fyrir Hæstarétti um formhlið þess 3. febrúar 1995. Báðir aðilar kröfðust þess, að það yrði tekið til efnislegrar meðferðar, en kröfðust ekki málskostnaðar í þessum þætti málsins.

Mál þetta var tekið til dóms í héraði að lokinni aðalmeðferð 2. október 1992. Í þinghaldi 22. desember 1992 var eftirfarandi bókað: „Dómari málsins og lögmenn aðilja voru sammála um að ekki væri þörf á endurflutningi málsins enda þótt meira en fjórar vikur hafi liðið frá dómtöku málsins, sbr. 115. gr. laga nr. 91/1991. Var þá kveðinn upp svohljóðandi dómur:. . .“ Í héraðsdómi er engin skýring gefin á drætti á dómsuppsögu eftir aðalflutning.

Samkvæmt framansögðu var málið dæmt án munnlegs málflutnings að nýju, er ellefu vikur og fjórir dagar voru liðnir frá aðalmeðferð. Í 1. mgr. 191. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði var sagt, að venjulega skyldi kveða upp dóma í munnlega fluttum málum, áður en annað mál yrði tekið til flutnings, og jafnan svo fljótt sem við yrði komið. Í skriflega fluttum málum skyldi dómi lokið á mál eigi síðar en þremur vikum eftir dómtöku. Samkvæmt 1. mgr. 115. gr. núgildandi laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 skal dómur kveðinn upp svo fljótt sem unnt er. Hafi dómur ekki verið

kveðinn upp í munnlega fluttu máli innan fjögurra vikna frá dómtöku þess, skal það flutt að nýju, nema dómari og aðilar telji það óþarft. Í athugasemdum með frumvarpi til hinna nýju laga kemur fram, að um nokkuð breyttar reglur sé að ræða frá hljóðan eldri ákvæða, en í framkvæmd hafi þó verið beitt verklagi, er svipi mjög til ákvæða 1. mgr. 115. gr. Er þá til þess að líta, að Hæstiréttur hefur mótað þá dómvenju um langt árabil, að héraðsdómar hafa einlægt verið ómerktir, ef uppsaga þeirra hefur dregist úr hömlu.

Svigrúm héraðsdómara og lögmanna aðila til samkomulags um, að ekki sé þörf á að endurflytja mál, ef uppsaga þess dregst umfram fjórar vikur frá dómtöku, verður samkvæmt framansögðu að sæta takmörkunum. Með hliðsjón af fordæmum Hæstaréttar þykir rétt að líta svo á, að héraðsdómur verði að jafnaði ekki kveðinn upp að réttu lagi án raunverulegs endurflutnings, ef liðnar eru átta vikur frá munnlegum málflutningi, enda getur hann ekki komið að því gagni, sem til er ætlast, þegar dómsuppsaga dregst svo lengi.

Af þessum sökum verður að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til munnlegs málflutnings og dómsuppsögu að nýju.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað heim í hérað til munnlegs málflutnings og uppsögu dóms að nýju.

Mánudaginn 6. febrúar 1995.

Nr. 104/1994. **Samskip hf.**
(Jónas Aðalsteinsson hrl.)
gegn
Brjóti sf.
(Steingrímur Þormóðsson hdl.)

Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 7. mars 1994. Hann gerir þær dómkröfur aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda, en til vara, að kröfur stefnda verði stórlega lækkaðar. Í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Málið var flutt fyrir Hæstarétti um formhlið þess 3. febrúar 1995. Báðir aðilar kröfðust þess, að það yrði tekið til efnislegrar meðferðar, en kröfðust ekki málskostnaðar í þessum þætti málsins.

Mál þetta var tekið til dóms að lokinni aðalmeðferð 16. desember 1993. Það var endurupptekið 17. febrúar 1994, og var þá eftirfarandi bókað: „Lögmenn aðila telja ekki þörf á endurflutningi málsins með vísan til 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991 og er nú kveðinn upp í því svohljóðandi dómur:. . .“ Í héraðsdómi er sagt, að dráttur á dómsuppsögu hafi orðið vegna embættisanna dómenda.

Samkvæmt framansögðu var málið endurupptekið og dæmt án munnlegs málflutnings að nýju, er níu vikur voru liðnar frá aðalmeðferð. Í 1. mgr. 191. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði var sagt, að venjulega skyldi kveða upp dóma í munnlega fluttum málum, áður en annað mál yrði tekið til flutnings, og jafnan svo fljótt sem við yrði komið. Í skriflega fluttum málum skyldi dómi lokið á mál eigi síðar en þremur vikum eftir dómtöku. Samkvæmt 1. mgr. 115. gr. núgildandi laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 skal dómur kveðinn upp svo fljótt sem unnt er. Hafi dómur ekki verið

kveðinn upp í munnlega fluttu máli innan fjögurra vikna frá dómtöku þess, skal það flutt að nýju, nema dómari og aðilar telji það óþarft. Í athugasemdum með frumvarpi til hinna nýju laga kemur fram, að um nokkuð breyttar reglur sé að ræða frá hljóðan eldri ákvæða, en í framkvæmd hafi þó verið beitt verklagi, er svipi mjög til ákvæða 1. mgr. 115. gr. Er þá til þess að líta, að Hæstiréttur hefur mótað þá dómvenju um langt árabil, að héraðsdómar hafa einlægt verið ómerktir, ef uppsaga þeirra hefur dregist úr hömlu.

Svigrúm héraðsdómara og lögmanna aðila til samkomulags um, að ekki sé þörf á að endurflytja mál, ef uppsaga þess dregst umfram fjórar vikur frá dómtöku, verður samkvæmt framansögðu að sæta takmörkunum. Með hliðsjón af fordæmum Hæstaréttar þykir rétt að líta svo á, að héraðsdómur verði að jafnaði ekki kveðinn upp að réttu lagi án raunverulegs endurflutnings, ef liðnar eru átta vikur frá munnlegum málflutningi, enda getur hann ekki komið að því gagni, sem til er ætlast, þegar dómsuppsaga dregst svo lengi.

Af þessum sökum verður að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til munnlegs málflutnings og dómsuppsögu að nýju.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað heim í hérað til munnlegs málflutnings og uppsögu dóms að nýju.

Mánudaginn 6. febrúar 1995.

Nr. 161/1994. **Sverrir Einar Eiríksson og**
Sjóvá-Almennar tryggingar hf.
(Haraldur Blöndal hrl.)
gegn
Atla Steinari Bjarnasyni
(Kristján Stefánsson hrl.)
og gagnsök

Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir og Pétur Kr. Hafstein.

Aðaláfrýjendur skutu málinu til Hæstaréttar með stefnu 11. apríl 1994. Þeir krefjast þess aðallega, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum gagnáfrýjanda, en til vara, að þeir verði aðeins dæmdir til að greiða hluta umstefndrar fjárhæðar með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987. Þá krefjast þeir málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 27. maí 1994. Hann krefst þess, að aðaláfrýjendur verði dæmdir til að greiða sér 5.259.500 krónur með nánar tilgreindum vöxtum frá 21. júlí 1989 til greiðsludags auk málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Málið var flutt fyrir Hæstarétti um formhlið þess 3. febrúar 1995. Báðir aðilar kröfðust þess, að það yrði tekið til efnislegrar meðferðar, en kröfðust ekki málskostnaðar í þessum þætti málsins.

Mál þetta var tekið til dóms að lokinni aðalmeðferð 20. janúar 1994. Í þinghaldi 8. mars 1994, sem boðað var til uppkvaðningar dóms í málinu og til að taka „afstöðu til endurflutnings málsins, sbr. 115. gr. laga nr. 91/1991", var eftirfarandi bókað: „Af hálfu stefnanda er mættur Kristján Stefánsson hrl. Ekki var talin þörf á endurflutningi máls sbr. 115. gr. laga nr. 91/1991 og í því kveðinn upp svohljóðandi dómur:. . ." Í héraðsdómi er engin skýring gefin á drætti á dómsuppsögu eftir aðalflutning.

Samkvæmt framansögðu var málið dæmt án málflutnings að nýju, er sex vikur og fjórir dagar voru liðnir frá aðalmeðferð. Lögmaður

stefnda var þá ekki viðstaddur, en af hálfu hans eru ekki bornar brigður á það, að hann hafi verið boðaður til þinghaldsins 8. mars 1994. Verður ekki talið, að fjarvera lögmannsins feli í sér yfirlýsingu um, að hann hafi talið óþarft að flytja málið munnlega að nýju. Þessi málsmeðferð er skýlaust brot á ákvæðum 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Af þessum sökum verður að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til munnlegs málflutnings og dómsuppsögu að nýju.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað heim í hérað til munnlegs málflutnings og uppsögu dóms að nýju.

Mánudaginn 6. febrúar 1995.

Nr. 381/1992. **Hjalti Hauksson**
(Guðni Á. Haraldsson hrl.)
gegn
Granda hf.
(Haraldur Blöndal hrl.)

Ómerking. Heimvísun. Gjafsókn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 30. september 1992. Hann krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 8.000.000 króna með nánar tilgreindum vöxtum frá 1. mars 1989 til greiðsludags auk málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Áfrýjandi fékk gjafsókn fyrir Hæstarétti með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins 2. febrúar 1995.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Málið var flutt fyrir Hæstarétti um formhlið þess 3. febrúar 1995. Báðir aðilar kröfðust þess, að það yrði tekið til efnislegrar meðferðar. Áfrýjandi krafðist málskostnaðar í þessum þætti málsins, en stefndi ekki.

Mál þetta var fyrst tekið til dóms að lokinni aðalmeðferð 21. apríl 1992. Það var endurupptekið 1. september sama ár, og var þá eftirfarandi bókað: „Af hálfu stefnanda sækir þing Guðni Á. Haraldsson hrl. Stefnandi er sjálfur mættur. Skipaður talsmaður hans Elínborg Björnsdóttir cand juris. Málið er endurupptekið. Aðilum er gefinn kostur á endurflutningi. Málið er dómtekið að nýju og á það lagður svohljóðandi dómur: . . .“ Í héraðsdómi er sagt, að dráttur á dómsuppsögu eftir aðalflutning hafi orðið „af ástæðum er varða umfang málsins, annir dómsformanns, aðskilnað dómsvalds og umboðsstjórnar og réttarhlé“.

Samkvæmt framansögðu var málið endurupptekið og dæmt án málflutnings að nýju, er fjórir mánuðir og tíu dagar voru liðnir frá aðalmeðferð. Lögmaður stefnda var þá ekki viðstaddur, en af hálfu

hans eru ekki bornar brigður á það, að hann hafi verið boðaður til þinghaldsins 1. september 1992. Verður ekki talið, að fjarvera lögmannsins feli í sér yfirlýsingu um, að hann hafi talið óþarft að flytja málið munnlega að nýju. Þessi málsmeðferð og óhæfilegi dráttur á dómsuppsögu er skýlaust brot á ákvæðum 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, en munnlegur málflutningur getur eigi komið að því gagni, sem til er ætlast, þegar dómsuppsaga dregst svo lengi.

Af þessum sökum verður að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til munnlegs málflutnings og dómsuppsögu að nýju.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður, en málflutningsþóknun talsmanns áfrýjanda greiðist úr ríkissjóði, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað heim í hérað til munnlegs málflutnings og uppsögu dóms að nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Málflutningsþóknun talsmanns áfrýjanda, Guðna Á. Haraldssonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Fimmtudaginn 9. febrúar 1995.

Nr. 36/1995. **Landsbanki Íslands**
(Gunnar Sólnes hrl.)
gegn
Skipabrautinni hf.
(Kristján Stefánsson hrl.)

Kærumál. Innsetningargerð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut þessu máli til Hæstaréttar með kæru 23. janúar 1995, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 1. febrúar sl. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur, upp kveðinn 12. janúar 1995, þar sem tekin var til greina krafa varnaraðila um, að honum yrðu veitt umráð yfir stálbát með skipaskrárnúmeri 2102, sem var í vörslum sóknaraðila. Kæruheimild er í 4. mgr. 84. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 102. gr. laga nr. 92/1991. Sóknaraðili krefst, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og beiðni varnaraðila um innsetningargerð hafnað. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Eins og getið er í hinum kærða úrskurði, varð sóknaraðili hæstbjóðandi við nauðungarsölu 14. mars 1994 á fyrrnefndum stálbát, sem þá var í umráðum varnaraðila, og var boð hans í bátinn samþykkt. Sóknaraðili fékk vörslur bátsins 10. október 1994 að undangenginni beiðni um innsetningargerð, sem var endanlega tekin til greina með dómi Hæstaréttar 26. maí sama ár. Nauðungarsalan á bátnum var á hinn bóginn felld úr gildi með dómi Hæstaréttar 2. desember sl., og krefst varnaraðili nú að fá aftur umráð yfir bátnum.

Fyrir liggur, að sóknaraðili hefur með beiðni 6. desember 1994 krafist nauðungarsölu á bátnum að nýju. Beiðnin var árituð 13. desember 1994 af sýslumanninum í Reykjavík um, að sóknaraðila væri heimilt að krefjast afhendingar á bátnum og varðveita hann, þar til

honum yrði ráðstafað við uppboð. Með þessari ákvörðun sýslumanns, sem á stoð í 59. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu, hefur sóknaraðila verið veitt heimild til að taka til sín bátinn til undirbúnings nýrrar nauðungarsölu. Sú heimild stæði óhögguð, þótt varnaraðila yrðu nú veitt umráð yfir bátnum með innsetningargerð. Innsetningargerðin myndi því í raun engum tilgangi þjóna, enda breytir hún ekki stöðu varnaraðila, að því er varðar haldsrétt yfir bátnum, sem hann hefur borið fyrir sig, við úthlutun söluverðs við nauðungarsölu. Verður samkvæmt þessu að hafna kröfu varnaraðila um innsetningargerð og fella hinn kærða úrskurð úr gildi.

Dæma verður varnaraðila til að greiða sóknaraðila málskostnað í héraði og kærumálskostnað, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi. Umbeðin innsetningargerð fer ekki fram.

Varnaraðili, Skipabrautin hf., greiði sóknaraðila, Landsbanka Íslands, 75.000 krónur samanlagt í málskostnað í héraði og kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 12. janúar 1995.

Mál þetta, er þingfest var 29. desember sl., var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi 9. janúar sl.

Gerðarbeiðandi er Skipabrautin hf., kt. 691289-3979, Njarðvík.

Gerðarþoli er Landsbanki Íslands.

Gerðarbeiðandi krefst dómsúrskurðar um, að sér verði með beinni aðfarargerð fengin umráð yfir stálbát, þ. e. nýsmíði nr. 7, hjá gerðarbeiðanda, skipaskrárnúmer 2102, en báturinn er í vörslum gerðarþola á geymslusvæði Samskipa hf. við Holtagarða í Reykjavík. Þá er krafist málskostnaðar.

Gerðarþoli krefst þess, að beiðni gerðarbeiðanda verði hafnað og hann úrskurðaður til að greiða sér málskostnað.

Málavextir eru þeir, að með samningi 4. desember 1990 tók gerðarbeiðandi að sér smíði framangreinds báts fyrir Gylfa Baldvinsson á Árskógssandi. Hinn 14. mars 1994 var báturinn seldur á nauðungaruppboði að kröfu útibús gerðarþola á Akureyri. Uppboðsþoli var framangreindur Gylfi og uppboðsheimildin fjárnám. Gerðarþoli var hæstbjóðandi á uppboðinu, bauð 15.000.000 kr., og var boði hans tekið. Hann greiddi þessa fjárhæð þegar í stað, og með úrskurði Héraðsdóms Reykjaness 20. apríl sl. var

heimilað að taka bátinn úr vörslum gerðarbeiðanda og fá þær gerðarþola. Úrskurðurinn var staðfestur í Hæstarétti 26. maí sl. Hinn 10. október sl. afhenti sýslumaðurinn í Keflavík gerðarþola bátinn, sem hefur síðan haft hann í vörslum sínum.

Gerðarbeiðandi bar gildi nauðungaruppboðsins undir Héraðsdóm Reykjaness, og með úrskurði hans, upp kveðnum 28. júní sl., var hafnað kröfu hans um að ógilda það. Gerðarbeiðandi skaut málinu til Hæstaréttar, sem felldi uppboðið úr gildi með dómi 2. desember sl.

Hinn 6. desember sl. óskaði gerðarbeiðandi eftir því við sýslumanninn í Reykjavík, að báturinn yrði seldur á nauðungaruppboði.

Gerðarbeiðandi vitnar til þess, að hann hafi haft bátinn í umráðum sínum og átt haldsrétt í honum, bæði samkvæmt 5. gr. framangreinds smíðasamnings og 200. gr. siglingalaga nr. 34/1985. Með því að taka bátinn úr vörslum gerðarbeiðanda kveður hann gerðarþola hafa raskað lögvörðum umráðarétti sínum yfir honum. Gerðarbeiðandi kveðst eiga skýran og ótvíræðan umráðarétt yfir bátnum til að tryggja haldsréttarkröfu sína, og því beri að afhenda sér hann með vísan til 78. gr. aðfararlaga nr. 90/1991.

Gerðarþoli mótmælir því, að gerðarbeiðandi eigi haldsrétt í bátnum, enda hafi hann engin gögn lagt fram um þann rétt. Vörslur hans séu með lögmætum hætti hjá gerðarþola samkvæmt dómi Hæstaréttar frá 26. maí sl. svo og með heimild sýslumannsins í Reykjavík, sbr. 59. gr. laga um nauðungarsölu nr. 91/1990. Þá telur gerðarþoli, að haldsréttur gerðarbeiðanda hafi fallið niður, þegar hann glataði vörslum bátsins. „Ef til þess kæmi að haldsréttarkrafa gerðarbeiðanda yrði viðurkennd, þá væri aðeins um fjárkröfu að ræða, og sú krafa kæmi til með að sæta tölulegri gagnrýni af hálfu veðhafa. Hvort fjárkrafa gerðarbeiðanda á grundvelli haldsréttar er til staðar eða ekki og að hve miklu leyti sú krafa kæmi til greiðslu af uppboðsandvirði, hlýtur að koma til álita við úthlutun uppboðsandvirðis".

Niðurstaða.

Samkvæmt 1. mgr. 200. gr. siglingalaga nr. 34/1985 gat gerðarbeiðandi haldið bátnum til tryggingar kröfum sínum vegna smíðinnar. Smíðasamningurinn hefur ekki verið lagður fram í þessu máli, en í dómi Hæstaréttar frá 2. desember sl. er vitnað til 5. gr. hans, sem kveður á um haldsrétt gerðarbeiðanda í bátnum, þar til lokauppgjör hafi farið fram í samræmi við ákvæði samningsins.

Haldsréttur gerðarbeiðanda féll niður, þegar báturinn var tekinn úr vörslum hans, en hann var sviptur umráðum bátsins á grundvelli nauðungaruppboðsins, sem fram fór 14. mars 1994 og ógilt var með dómi Hæstaréttar 2. desember sl.

Grundvöllur vörslusviptingarinnar var uppboðið, og með því að það hefur verið ógilt, ber að koma málinu í það horf, sem það var í fyrir uppboðið. Þetta gildir um vörslur bátsins, og þar eð gerðarbeiðandi átti réttilega haldsrétt í honum samkvæmt tilvitnuðu laga- og samningsákvæði, verður orðið við kröfu hans og heimilað, að báturinn verði tekinn úr vörslum gerðarþola og fenginn gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli skal greiða gerðarbeiðanda 50.000 kr. í málskostnað auk virðisaukaskatts.

Arngrímur Ísberg héraðsdómari, kvað upp úrskurðinn.

Úrskurðarorð:

Stálbátur, skipaskrárnúmer 2102 og merktur sem nýsmíði nr. 7 hjá gerðarbeiðanda, Skipabrautinni hf., skal tekinn úr vörslum gerðarþola, Landsbanka Íslands, og fenginn gerðarbeiðanda í hendur.

Gerðarþoli greiði gerðarbeiðanda 50.000 kr. í málskostnað.

Fimmtudaginn 9. febrúar 1995.

Nr. 364/1992. **Ólafsfjarðarbær**
(Árni Pálsson hrl.)
gegn
Búnaðarbanka Íslands
(Ólafur Birgir Árnason hrl.)
og gagnsök

Ábyrgð. Vanlýsing.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Markús Sigurbjörnsson og Friðgeir Björnsson dómstjóri.

Aðaláfrýjandi skaut þessu máli til Hæstaréttar með stefnu 14. september 1992. Hann krefst aðallega sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda, en til vara, að þær verði lækkaðar verulega. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjanda.

Gagnáfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 16. nóvember 1992. Hann krefst þess aðallega, að aðaláfrýjanda verði gert að greiða sér 14.536.000 krónur, til vara 13.538.590,90 krónur, en til þrautavara 12.064.820 krónur, í öllum tilvikum með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 24. janúar 1989 til greiðsludags. Til ýtrustu þrautavara krefst gagnáfrýjandi staðfestingar hins áfrýjaða dóms að öðru leyti en um málskostnað, en hvernig sem málið fer, krefst hann málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti.

I.

Gagnáfrýjandi tók við greiðslu 8. júlí 1988 frá Landsbanka Íslands, að fjárhæð 18.942.000 krónur, vegna sölu Sævers hf. á grásleppuhrognum til K. Jónssonar & Co. hf. á Akureyri, en afurðir þessar höfðu verið veðsettar gagnáfrýjanda til tryggingar fyrir afurðalánum hans til fyrrnefnda félagsins. Greiðslan var lögð inn á tékkareikning Sævers hf. hjá gagnáfrýjanda 12. júlí 1988, en í kjöl-

farið ráðstafaði gagnáfrýjandi henni upp í skuldir félagsins við sig með eftirfarandi hætti:

Innborgun á afurðalán 302-78-81:	kr.	11.693.780,00
Innborgun á viðbótarafurðalán:	–	4.777.040,00
Greidd yfirdráttarskuld á tékkareikningi:	–	2.056.151,05
Greiddir vextir:	–	415.028,95

Eftir þessar greiðslur telur gagnáfrýjandi sig enn hafa átt kröfur á hendur Sæveri hf. vegna afurðalána, sem aðaláfrýjandi standi í ábyrgð fyrir samkvæmt yfirlýsingu frá 19. maí 1987. Gagnáfrýjandi heldur fram, að eftirstöðvar þeirra krafna hafi 24. janúar 1989 numið 14.536.000 krónum, sem er fjárhæð aðalkröfu hans í málinu. Um er að ræða annars vegar eftirstöðvar fyrrgreinds afurðaláns nr. 302-78-81, 13.048.880 krónur, og hins vegar eftirstöðvar afurðaláns nr. 302-78-91, 1.487.120 krónur, en inn á þá skuld var ekkert greitt með söluandvirði afurða í júlí 1988.

Gagnáfrýjandi skýrir varakröfu sína á þann hátt, að þar dragi hann frá aðalkröfu sinni 997.409,10 krónur. Þá fjárhæð kveður hann vera þann hluta af yfirdráttarskuld á tékkareikningi Sævers hf., sem hafi greiðst 12. júlí 1988 og ekki sé hægt að sýna beint fram á, að hafi orðið til vegna greiðslu afborgana eða vaxta af afurðalánum eða vegna vaxta af skuld á tékkareikningnum sjálfum.

Þrautavarakröfu sína skýrir gagnáfrýjandi þannig, að hann leggi þar til grundvallar aðalkröfu sína, en dragi frá henni þann hluta af söluverði afurðanna, sem hafi ekki verið varið beint til greiðslu á afurðalánum Sævers hf., samtals 2.471.180 krónur. Þar er annars vegar um að ræða fé, sem gagnáfrýjandi notaði til að greiða yfirdráttarskuld á tékkareikningi Sævers hf., 2.056.151,05 krónur, og hins vegar áðurgreinda skuld félagsins við gagnáfrýjanda vegna vaxta, 415.028,95 krónur.

Í hinum áfrýjaða dómi, sem gagnáfrýjandi krefst, að verði staðfestur, ef ekki verður fallist á neina af framangreindum kröfum hans, var aðaláfrýjanda gert að greiða 7.287.780 krónur. Sú fjárhæð er fundin á þann hátt, að frá aðalkröfu gagnáfrýjanda er dregin sama fjárhæð og um ræðir í þrautavarakröfu hans, auk 4.777.040 króna, sem hann lét, eins og áður greinir, ganga til greiðslu upp í svokallað viðbótarafurðalán.

II.

Í málflutningi fyrir Hæstarétti kom fram af hálfu aðaláfrýjanda, að hann teldi verulega skorta á, að málið væri nægilega reifað, til að dómur yrði lagður á það. Var einkum bent á, að af fyrirliggjandi gögnum um ráðstöfun innborgana á tékkareikning Sævers hf. vegna afurðasölu á árinu 1988 mætti ráða, að talsvert vantaði á, að gagnáfrýjandi hefði látið allt andvirði afurða ganga til greiðslu afurðalána félagsins, en engin gögn séu fyrir hendi um ráðstöfun innborgana á reikninginn fyrir þann tíma. Telur aðaláfrýjandi, að af þessum sökum geti hann ekki fundið, hver staða afurðalána Sævers hf. hefði átt að vera, ef gagnáfrýjandi hefði ráðstafað andvirði afurða réttilega til greiðslu af þeim, en það, sem hafi misfarist af andvirðinu, telur aðaláfrýjandi eiga að koma til lækkunar á kröfum gagnáfrýjanda á hendur sér. Þá hefur aðaláfrýjandi einnig bent á, að ekkert liggi fyrir í málinu um afdrif hluta þeirra afurða, sem höfðu verið veðsettar gagnáfrýjanda til tryggingar fyrir afurðalánum.

Á það má fallast, að við höfðun málsins hafi vantað talsvert á, að það væri lagt nógu skýrlega fyrir af gagnáfrýjanda. Úr þeirri vanreifun virðist þó hafa verið mjög bætt fyrir dómtöku málsins í héraði, en héraðsdómari taldi fært að leggja efnisdóm á það, svo sem greinir í hinum áfrýjaða dómi. Eins og málið liggur nú fyrir, hafa komið fram skýringar gagnáfrýjanda á lánveitingum hans til Sævers hf. og meðferð á greiðslum, sem bárust honum vegna viðskipta við félagið, auk sérstakra skýringa á kröfugerð hans. Ekki eru efni til að fallast á það með aðaláfrýjanda, að gagnáfrýjanda hafi að auki verið þörf á að leggja fram frekari gögn um tékkareikning Sævers hf., enda var ekki ráðgert í skriflegum skilmálum fyrir afurðaláni félagsins hjá gagnáfrýjanda, að andvirði afurða, sem bærist honum, gengi óskert til endurgreiðslu á slíkum lánum eða yrði greint sérstaklega frá öðrum innstæðum félagsins. Þá getur það ekki heldur snúið að gagnáfrýjanda, eins og hér stendur á, að skýra í einstaka atriðum, hvað orðið hafi um hluta afurða Sævers hf., sem voru veðsettar honum 25. nóvember 1987, áður en sú afurðasala fór fram, sem um ræðir í málinu. Hefur aðaláfrýjandi ekki fært fram rökstudd mótmæli gegn því, að sá hluti afurðanna hafi verið seldur á því tímabili og andvirði þeirra varið til lækkunar á skuld Sævers hf. vegna afurðalána.

Samkvæmt framangreindu verður ekki talið, að slíkir annmarkar séu á reifun málsins, að efnisdómur verði ekki lagður á það.

III.

Aðaláfrýjandi styður kröfu sína um sýknu í fyrsta lagi því, að ábyrgð sín á skuldum Sævers hf. við gagnáfrýjanda hafi aðeins náð til afurðaláns nr. 302-78-81, sem hafi samkvæmt veðskuldabréfi félagsins til gagnáfrýjanda frá 25. nóvember 1987 numið að hámarki 24.750.000 krónum. Heldur aðaláfrýjandi fram, að gagnáfrýjandi hafi án samráðs við sig veitt Sæveri hf. frekari afurðalán, en það hafi aukið mjög áhættuna af viðskiptunum ásamt því, að gagnáfrýjandi hafi ráðstafað hluta af andvirði afurða til endurgreiðslu á afurðalánum, sem hafi verið aðaláfrýjanda óviðkomandi.

Í hinum áfrýjaða dómi er að finna yfirlýsingu aðaláfrýjanda frá 19. maí 1987, þar sem hann tók á sig þá ábyrgð, sem gagnáfrýjandi reisir kröfur sínar á. Samkvæmt hljóðan yfirlýsingarinnar nær ábyrgð aðaláfrýjanda til afurðalána, sem Sæver hf. fengi hjá gagnáfrýjanda, og er hún hvorki bundin við tiltekin lán né ákveðna fjárhæð. Þegar af þessum sökum verður að hafna þessari málsástæðu aðaláfrýjanda.

Í öðru lagi miðar aðaláfrýjandi sýknukröfu við, að gagnáfrýjandi hafi látið hjá líða að lýsa kröfum vegna afurðalána við gjaldþrotaskipti á búi Sævers hf. Telur aðaláfrýjandi, að vegna þeirrar vanlýsingar hafi kröfurnar ekki aðeins fallið niður gagnvart þrotabúi félagsins, heldur einnig gagnvart sér sem ábyrgðarmanni.

Óumdeilt er, að gjaldþrotaskiptum á búi Sævers hf. var lokið 17. nóvember 1989, og fékkst þar ekkert greitt upp í almennar kröfur á hendur þrotabúinu. Samkvæmt því, sem fyrir liggur, hefði gagnáfrýjandi ekki getað notið annarrar stöðu í réttindaröð en sem almennur kröfuhafi, ef hann hefði lýst kröfum sínum vegna afurðalána í þrotabúið. Gagnáfrýjandi fór því ekki á mis við að fá greiðslu upp í kröfur sínar með vanlýsingu. Af þeim sökum og þar sem aðaláfrýjandi hefur ekki sýnt fram á, að vanlýsingin hafi á annan hátt leitt til tjóns, verður ekki fallist á, að aðaláfrýjandi hafi losnað undan ábyrgð sinni af þessari ástæðu.

Aðaláfrýjandi hefur í þriðja lagi stutt kröfu um sýknu því, að með gögnum, sem hann hefur lagt fram í Hæstarétti, hafi verið sýnt fram

á, að af sinni hendi hafi ekki verið gætt að því skilyrði 5. mgr. 89. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 fyrir, að hann gengi í einfalda ábyrgð fyrir skuldbindingum Sævers hf. við gagnáfrýjanda, að honum yrði sett trygging vegna ábyrgðarinnar. Telur aðaláfrýjandi þetta leiða til þess, að gagnáfrýjandi geti ekki haldið ábyrgðinni upp á sig.

Ekki er að sjá, að aðaláfrýjandi hafi haldið þessari málsástæðu fram fyrr en við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti. Gegn mótmælum gagnáfrýjanda verður þessari málsástæðu ekki komið að nú, enda er ekki fullnægt fyrir því skilyrðum 2. mgr. 163. gr. laga um meðferð einkamála, sbr. 17. gr. laga nr. 38/1994.

Samkvæmt framangreindu verður krafa aðaláfrýjanda um sýknu ekki tekin til greina.

IV.

Í hinum áfrýjaða dómi er frá því greint, að við munnlegan flutning málsins fyrir héraðsdómi hafi lögmaður sá, sem þar kom fram fyrir gagnáfrýjanda, lýst yfir, að viðbótarafurðalán, sem gagnáfrýjandi greiddi niður um 4.777.040 krónur með hluta af söluandvirði afurða frá 8. júlí 1988, hafi verið aðaláfrýjanda óviðkomandi. Leggur héraðsdómari til grundvallar, að með þessu hafi sakarefninu verið ráðstafað á þann hátt af hálfu gagnáfrýjanda, að umrædd fjárhæð eigi að koma til lækkunar á kröfum hans á hendur aðaláfrýjanda. Af hálfu gagnáfrýjanda hefur því ekki verið hrundið, að yfirlýsing, sem hafi þessar afleiðingar, hafi verið gefin fyrir héraðsdómi.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður að fallast á, að gagnáfrýjanda hafi borið gagnvart aðaláfrýjanda að láta greiðsluna fyrir afurðir frá 8. júlí 1988, að fjárhæð 18.942.000 krónur, koma í heild til frádráttar skuldum Sævers hf. vegna afurðalána, sem aðaláfrýjandi var í ábyrgð fyrir. Samkvæmt framansögðu verður byggt á því, að sú ábyrgð hafi aðeins náð til afurðalána nr. 302-78-81 og 302-78-91. Af greiðslunni ráðstafaði gagnáfrýjandi samtals 7.248.220 krónum upp í aðrar skuldir Sævers hf. Ber því að draga þá fjárhæð frá aðalkröfu hans, eins og gert er í hinum áfrýjaða dómi.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms. Eftir atvikum er rétt, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur Héraðsdóms Norðurlands eystra 18. ágúst 1992.

Mál þetta, sem dómtekið var 21. f. m. að undangengnum munnlegum málflutningi þann dag, er höfðað af Búnaðarbanka Íslands, útibúinu á Akureyri, með stefnu, út gefinni á Akureyri 6. desember 1989 og þingfestri 7. s. m. fyrir bæjarþingi Akureyrar, gegn bæjarstjóranum á Ólafsfirði f. h. bæjarsjóðs Ólafsfjarðar.

Aðalkrafa stefnanda er, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda 16.153.800 kr. ásamt [nánar tilgreindum vöxtum].

Til vara krefst stefnandi, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 15.884.397 kr. ásamt dómvöxtum [...].

Í báðum tilfellum er krafist málskostnaðar að skaðlausu af hendi stefnda að mati dómara.

Stefndi gerir þær dómkröfur að verða sýknaður af öllum kröfum stefnanda og stefnanda gert að greiða málskostnað skv. fram lögðum reikningi eða mati dómsins. Til vara er þess krafist, að stefnufjárhæð verði lækkuð og stefnanda gert að greiða málskostnað.

Helstu málsatvik og ágreiningsefni málsins eru þau, að með neðangreindri ábyrgðaryfirlýsingu, dags. á Ólafsfirði 19. maí 1987 og undirritaðri af bæjarstjóranum á Ólafsfirði, tók stefndi á sig eftirfarandi:

„Ábyrgðaryfirlýsing.

Ég undirritaður, bæjarstjórinn í Ólafsfirði, lýsi því hér með yfir f. h. bæjarstjórnar Ólafsfjarðar, að bæjarsjóður Ólafsfjarðar ábyrgist bakveð á afurðum Sævers hf., nnr. 8847-2810, þ. e. tekst á hendur einfalda ábyrgð vegna afurðalána sem fyrirtækið fær hjá Búnaðarbanka Íslands."

Sæver hf. var úrskurðað gjaldþrota 13. desember 1988, innköllun birt 30. s. m., og lauk skiptum í búinu 17. nóvember 1989 og félagið afmáð úr Hlutafélagaskrá þann dag skv. vottorði Hlutafélagaskrár 15. febrúar 1990. Lýstar forgangskröfur í þrotabú Sævers voru 1.878.857.87 kr. og samþykktar forgangskröfur 1.337.467.87 kr. og almennar kröfur lýstar 17.501.106.56 kr. og samþykktar 16.077.166.71 kr., samtals samþykktar lýstar forgangs- og almennar kröfur 17.414.634.58 kr. Samkvæmt reikningsskilum þrotabúsins voru eignir til skipta 1.256.804 kr. og búskröfur samtals 1.224.179 kr., þ. e. upp í forgangskröfur greiddust 32.625 kr., og skv. skýrslu bústjóra voru allar forgangskröfur greiddar úr ríkissjóði, og voru því ríkissjóði greiddar 32.625 kr.

Stefnandi lýsti ekki kröfum í búið, og heldur stefndi því fram, að

ábyrgðaryfirlýsingin hafi því ekki gildi lengur og fallið niður vegna vanlýsingar stefnanda í þrotabú Sævers hf. Þess utan telur stefndi, að stefnandi hafi ekki tölulega rökstutt kröfu sína nægjanlega, og eigi hún að vera miklum mun lægri.

Sæver hf. fékk framleiðslulán hjá stefnanda, að fjárhæð jafnvirði SDR 495.796, vegna afurðaframleiðslu á árinu 1987 til 1988, 24.750.000 kr., skv. veðskjali, út gefnu á Ólafsfirði 25. nóv. 1987 og mótteknu til þinglýsingar 1. des. s. á., þar sem stefnanda voru veðsettar 1169 tunnur af grásleppuhrognum. Samkvæmt 6. tl. veðskjals þessa segir, að þegar andvirði afurðanna berist bankanum, skuli það ganga til greiðslu á vöxtum og afborgunum af framleiðslulánum skv. reglum bankans, en mismunur greiðist lántaka. Með yfirlýsingu, dagsettri á Akureyri 8. júlí 1988, út gefinni af stefnanda og samþykktri af stefnda og þinglesinni 23. 9. 1989, var 861 tunna leyst úr veðböndum með svohljóðandi skjali:

„Veðbandslausn.

Samkvæmt beiðni Sævers hf., lagmetisiðju, kt. 570985-0279, Strandgötu 22, Ólafsfirði, leysum vér hér með úr veðböndum 861 tunnu af grásleppuhrognum. Grásleppuhrogn þessi eru hluti framleiðsluveðs skv. skuldabréfi vegna framleiðsluláns, upphaflega 24.750.00 kr., sem út gefið var af Sæveri hf. hinn 25. nóvember 1987 og þinglýst 1/12 1987 sem skjal nr. 339/1987 í veðmálabókum Ólafsfjarðar. Hrogn þessi 861 tunna er nú seld K. Jónssyni & Co, Akureyri, og mun Landsbanki Íslands, útibúið á Akureyri, annast greiðslu hrognanna til Búnaðarbanka Íslands, útibúsins á Akureyri, enda er veðbandslausn þessi háð því skilyrði og Landsbanka Íslands, Akureyri, afhent skjal þetta í því skyni."

Sama dag gefur stefnandi út svofellda kvittun:

„Vér undirritaðir höfum hér með móttekið greiðslu frá Landsbanka Íslands, útibúinu á Akureyri, vegna kaupa K. Jónssonar & Co. hf., á 861 tunnu grásleppuhrogna frá Sæveri hf., Ólafsfirði, er skiptist þannig:

V/veðsetningar; DEM 778.83 pr. tn. DEM 670.573.....	kr.	16.836.280
Greitt að beiðni K. Jónsson & Co. hf., ...	–	2.105.720
Samtals	kr.	18.942.000"

Greiðsla þessi var færð til innleggs á tékkareikningi nr. 8779 hjá stefnanda 12. júlí 1988, en reikningurinn var í eigu Sævers hf. Fyrir þessa færslu var reikningurinn í skuld, að fjárhæð 2.056.151.05 kr., en eftir færsluna var inneign 16.885.848,95 kr. Hinn 2. ágúst 1988 eru greiddar út af tékkareikningi þessum 11.693.780 kr. sem skv. dskj. nr. 24, sem er yfirlit stefnanda yfir

afurðalán Sævers hf. nr. 0302-78-81, greitt lán að þeirri fjárhæð samsvarandi SDR 194.609, og er færsla þessi dagsett á dómskjalinu 29. júlí 1988. Sama dag eru greiddar út af tékkareikningnum 4.777.040 kr. til stefnanda, sbr. dskj. nr. 31, þar sem í texta stendur, að greidd sé innborgun á viðbótarlán, 79.500 SDR. Samkvæmt yfirlitum stefnanda yfir afurðalán Sævers hf. er ekki sjáanlegt, að neitt hafi verið greitt inn á afurðalán 0302-78-91 af þessari veðbundnu fjárhæð, svo að samtals hefur verið greitt af afurðalánum skv. gögnum stefnanda 16.470.820 kr., og vantar því upp á, að 2.471.180 krónum hafi verið varið til greiðslu afurðalána Sævers hf. af hinni veðbundnu greiðslu.

Við munnlegan málflutning upplýsti lögmaður stefnanda, að raunverulega hefði verið um þrjú framleiðslulán að ræða til Sævers hf. hjá stefnanda, þ. e. a. s. frumlán nr. auðkennd 0302-78-81, sbr. dskj. nr. 6, og framhaldslán, þ. e., þegar afurðir voru komnar á frekara vinnslustig, sbr. dskj. nr. 7, og auðkennd voru nr. 0302-78-91, og síðan viðbótarafurðalán, sem Sparisjóður Ólafsfjarðar hafi ábyrgst og ekki séu hafðar uppi kröfur í máli þessu út af, svo að fyrirtækið hafi raunverulega fengið 100% afurðalán.

Stefnandi miðar aðalstefnufjárhæð aðalkröfu sinnar við stöðu afurðalána Sævers hf. 30. nóvember 1988, þ. e. lán nr. 0302-78-81, 13.395.500 kr., sbr. dskj. nr. 6, og lán nr. 0302-78-91, 2.758.300 kr., samtals 16.153.800 kr., og varakröfuna við stöðu afurðalána 16. febrúar 1989, 15.884.397 kr. skv. dskj. nr. 19, ósundurliðað. Samkvæmt dskj. nr. 24 var staða afurðaláns nr. 0302-78-81 30. desember 1988 13.048.880 kr. í skuld, og skv. dskj. nr. 25, sem er yfirlit yfir sama lán árið 1989, nam skuldin 29. desember þ. á. 16.922.570 kr., og hafði ekkert verið greitt inn á lánið það ár, en mánaðarlega færðar gengisuppfærslur til hækkunar eða lækkunar.

Skv. dskj. nr. 23, sem er yfirlit yfir afurðalán nr. 0302-78-91, nam skuldin 30. desember 1988 2.757.130 kr., og skv. dskj. nr. 26, sem er yfirlit yfir sama lán árið 1989, var greitt inn á það lán 24. janúar 1989 SDR 19.454, þ. e. 1.270.010 kr. Að teknu tilliti til þeirrar inngreiðslu hefur skuldastaða á því láni því verið 1.487.120 kr. þann dag og á láni nr. 0302-78-81 13.048.880 kr. og heildarafurðaskuldalán Sævers hf. þann dag því samtals 14.536.000 kr. skv. reikningsyfirlitum stefnanda. Stefnandi hefur ekki sundurliðað tölulega varakröfu sína, svo sem áður er nefnt.

Verða nú raktar helstu málsástæður og réttarheimildir aðila málsins.

Stefnandi vísar til laga nr. 28/1976 um Búnaðarbanka Íslands, 5. gr., dliðar, svo og samningalaga nr. 7/1936, sbr. lög nr. 11/1986, en hann telur yfirlýsingu stefnda vera sjálfstætt skjal, en ekki áritun á lánsskjöl Sævers hf. Um málskostnað vísar hann til XII. kafla laga nr. 85/1936. Stefnandi telur

ábyrgðaryfirlýsingu stefnda vera óskilyrta, þ. e., ábyrgðina ekki miðaða við ákveðna fjárhæð né ákveðið veðskjal eða skuldabréf, heldur hafi það verið lagt í hendur stefnanda og Sæveri hf., hversu há lánsfjárhæðin væri.

– – –

Stefndi reisir aðalkröfur sínar einkum á þeirri málsástæðu, að þar sem stefnandi hafi ekki hirt um að lýsa kröfum sínum í bú aðalskuldara, sé krafa stefnanda á hendur stefnda á grundvelli ábyrgðaryfirlýsingarinnar fallin niður.

– – –

Niðurstaða dómsins.

Í 111. gr. laga nr. 6/1978 um gjaldþrotaskipti segir, að sé kröfu ekki lýst innan kröfulýsingarfrests og hún ekki tryggð með veði eða öðrum slíkum rétti, komi hún ekki til greina við úthlutun úr búinu. Ekki verður á það fallist með stefnda, að ákvæði 111. gr. leiði að (sic), þó svo að aðalkröfunni sé ekki lýst í þrotabú aðalskuldara, og komi ekki til greina við skipti á þrotabúi hans, falli krafan á hendur ábyrgðarmanni niður. Á einfalda ábyrgð reynir ekki, fyrr en algjört getuleysi skuldarans er staðfest, og liggur það fyrir í máli þessu, að við skipti á þrotabúi Sævers hf. greiddust aðeins búskröfur og örlítið upp í forgangskröfur, svo sem að framan er rakið. Á það ber einnig að líta, að heimild stefnda til ábyrgðarskuldbindinga er mjög takmörkuð, og í 5. tl. 89. gr. laga nr. 8/1986, sveitarstjórnarlaga, segir, að sveitarstjórn geti veitt einfalda ábyrgð til annarra aðila gegn tryggingum, sem hún metur gildar. Samkvæmt laganna hljóðan má því ætla, að stefndi hafi baktryggingu fyrir ábyrgðaryfirlýsingu sinni. Þar sem báðir aðilar máls þessa höfðu mikilla hagsmuna að gæta við gjaldþrot Sævers hf., er það álit dómsins, að ákvæði 111. gr. l. nr. 6/1978 verði ekki skýrð á þann veg, að stefnandi hafi glatað kröfu sinni á hendur stefnda við það að lýsa henni ekki í þrotabúið. Koma þá til álita þau lagarök stefnda, að 113. og 114. gr. l. um hlutafélög nr. 32/1978 leiði til sýknu, þar sem þau ákvæði leiði til þess, að slíta beri hlutafélagi og við það falli kröfuréttarsambandið niður, þar sem skuldari verður ekki lengur til eftir félagsslitin. Á þetta er ekki fallist. Enda þótt bú Sævers hf. hafi verið afmáð úr Hlutafélagaskrá við skiptalok 17. nóvember 1989, telur dómurinn það ekki hafa neina réttarlega þýðingu, þar sem í máli þessu er upplýst, að búið var svo til eignalaust, svo að ekki verður séð, að vanlýsing stefnanda hafi bakað stefnda nokkurt tjón í sjálfu sér, og stefndi hefur ekki sýnt fram á, að aðgerðaleysi stefnanda um kröfulýsinguna hafi gert hann verr settan en ella. Samkvæmt þessari niðurstöðu er því talið, að ábyrgðaryfirlýsing stefnda hafi ekki í sjálfu sér fallið niður við vanlýsingu stefnanda í bú Sævers hf. Eins og ábyrgðaryfirlýsing stefnda

er orðuð, getur dómurinn ekki fallist á þá röksemd stefnda, að hún hafi eingöngu tekið til skulda Sævers hf. við stefnanda 19. maí 1987. Hins vegar verði að túlka efni yfirlýsingarinnar þröngt, þannig, að hún taki eingöngu til afurðalána, sem Sæver hf. fékk hjá stefnanda.

Kemur þá til álita töluleg kröfugerð stefnanda. Svo sem hér að framan er rakið, nam afurðalánaskuld skv. yfirliti stefnanda 24. janúar 1989 alls 14.536.000 krónum. Dómurinn fellst á þá staðhæfingu stefnda, að tölulega sé kröfugerð stefnanda að mörgu leyti óskýr og að sumu leyti óstudd, en þó dómtæk. Óumdeilt er að mati dómsins, hver fjárhæð hinna eiginlegu afurðalána Sævers voru 24. janúar 1989. Með vísan til ábyrgðaryfirlýsingar stefnanda svo og til framleiðsluláns Sævers hf. frá 25. nóvember 1987 telur dómurinn, að greiðslan 8. júlí 1988 vegna veðbandslausnarinnar sama dag, 18.942.000 kr., eigi að koma að fullu til frádráttar afurðalánaskuld Sævers hf., en ekki eingöngu 11.693.780 kr., eins og fram kemur í gögnum málsins. Svo sem að framan er rakið, voru greiddar af þeirri fjárhæð 4.777.040 kr. með millifærslu af tékkareikningi Sævers hf. nr. 8779, viðbótarlán, sem lögmaður stefnanda upplýsti í málflutningi, að væri máli þessu óskylt, og kemur því til lækkunar á kröfum stefnanda. Vantar því enn 2.471.180 kr. upp á, að greiðslan frá 8. júlí 1988 hafi komið stefnda að notum skv. gögnum málsins, og ber því einnig að lækka kröfu stefnanda um þá fjárhæð. Samkvæmt reikningsyfirliti um afurðalán stefnanda, er hann sjálfur hefur lagt fram, þykir dóminum rétt að miða við stöðu afurðalána, eins og þau voru, er síðasta greiðsla fór fram inn á þau 24. janúar 1989, þ. e. 14.536.000 kr., og frá því ber að draga, eins og áður er rakið, 4.777.040 kr. og 2.471.180 kr., samtals 7.248.220 kr., og samkvæmt þessari niðurstöðu ber því stefnda að greiða stefnanda 7.287.780 kr. ásamt vöxtum samkvæmt 10. gr., sbr. 2. mgr. 14. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. l. nr. 67/1989, frá 25. janúar 1989 til greiðsludags.

Samkvæmt þessari niðurstöðu málsins þykir rétt eftir atvikum, að hvor aðili um sig beri sinn hluta málskostnaðar.

Dóm þennan kvað upp Ásgeir Pétur Ásgeirsson héraðsdómari.

Dómsorð:

Stefndi, bæjarstjórinn á Ólafsfirði f. h. bæjarsjóðs Ólafsfjarðar, greiði stefnanda, Búnaðarbanka Íslands, útibúinu á Akureyri, 7.287.780 kr. ásamt vöxtum skv. 10. gr., sbr. 2. mgr. 14. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. l. nr. 67/1989, frá 25. janúar 1989 til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 9. febrúar 1995.

Nr. 512/1993. **Guðrún Álfgeirsdóttir**
Kristinn Álfgeirsson og
Olga Sveinsdóttir
(Björgvin Þorsteinsson hrl.)
gegn
Hreyfli svf.
(Hjalti Steinþórsson hrl.)

Sjálfskuldarábyrgð. Málsástæður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjendur skutu málinu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 16. desember 1993. Þau krefjast þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og þau sýknuð af öllum kröfum stefnda. Þá krefjast þau málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Eins og greinir í héraðsdómi, var fyrri dómur í þessu máli, sem upp var kveðinn 18. maí 1990, ómerktur með dómi Hæstaréttar 25. mars 1993. Í þeim dómi var og ómerkt meðferð málsins frá og með þinghaldi á dómsuppsögudegi í héraði. Í því þinghaldi hafði stefndi „fallið frá kröfum“ á hendur Betri kaupum hf., útgefanda og aðalskuldara þess skuldabréfs, er mál þetta varðar, en krafist dómtöku á hendur öðrum stefndu, áfrýjendum hér fyrir dómi, sem voru sjálfskuldarábyrgðarmenn á nefndu skuldabréfi.

Sýknukrafa áfrýjenda er aðallega á því reist, að krafa stefnda gegn þeim sem sjálfskuldarábyrgðarmönnum sé niður fallin, þar sem hann hafi fallið frá kröfu sinni á hendur aðalskuldara skuldabréfsins. Við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti studdi lögmaður áfrýjenda sýknukröfuna einnig vanlýsingu. Bú Betri kaupa hf. var tekið til gjaldþrotaskipta 5. júní 1992, en kröfu þessa máls var ekki lýst í þrotabúið. Af gögnum málsins verður ekki ráðið, að áfrýjendur hafi nokkru sinni borið fyrir sig þá málsástæðu, að krafa stefnda væri fallin niður fyrir vanlýsingu. Hennar var ekki heldur

getið í greinargerð þeirra fyrir Hæstarétti. Kemur sú málsástæða ekki til álita hér fyrir dómi, sbr. 163. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 17. gr. laga nr. 38/1994.

Þegar málið var að nýju tekið fyrir í héraði, var mætt af hálfu þrotabús Betri kaupa hf., en hvorki haldið uppi vörnum né krafist málskostnaðar. Við aðalmeðferð málsins var eftirfarandi bókað: „Lögmaður stefnanda gerir sömu kröfur og í stefnu á rskj. 1 á hendur stefndu, Guðrúnu Álfgeirsdóttur, Kristni Álfgeirssyni og Olgu Sveinsdóttur . . .“ Engar kröfur voru gerðar á hendur þrotabúi Betri kaupa hf.

Eigi verður talið, að stefndi hafi gefið eftir kröfu sína á hendur aðalskuldara hins umrædda skuldabréfs. Þar sem krafan var gjaldfallin, var honum í sjálfsvald sett, hvort hann leitaði fullnustu hennar hjá aðalskuldara eða sjálfskuldarábyrgðarmönnum, einhverjum þessara eða öllum í senn.

Með þessum athugasemdum ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm með skírskotun til forsendna hans að öðru leyti.

Áfrýjendur skulu greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjendur, Guðrún Álfgeirsdóttir, Kristinn Álfgeirsson og Olga Sveinsdóttir, greiði stefnda, Hreyfli svf., in solidum 80.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 15. nóvember 1993.

Mál þetta höfðaði Hreyfill svf., kt. 640169-3549, með áskorunarstefnu, út gefinni 12. október 1989, á hendur Betri kaupum hf., kt. 570289-1799, Reykjavík, Guðrúnu Álfgeirsdóttur, kt. 141139-4609, Eyjabakka 10, Reykjavík, Kristni Álfgeirssyni, kt. 090137-3879, Þórufelli 8, Reykjavík, og Olgu Sveinsdóttur, kt. 300701-3379, Akurgerði 50, Reykjavík. Því var vikið til venjulegrar meðferðar í þinghaldi í bæjarþingi Reykjavíkur 5. desember 1989, er fram voru komnar varnir af hálfu stefnda, Betri kaupa hf., en eigi annarra stefndu. Í þinghaldi 18. maí 1990 var fallið frá kröfum á hendur Betri kaupum hf., en málið lagt í dóm, að því er aðra stefndu varðaði. Dómur var kveðinn upp sama dag, en hann var ómerktur með dómi Hæstaréttar 25. mars 1993 svo og málsmeðferðin frá og með 18. maí 1990 og lagt

fyrir héraðsdómara að taka málið til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju. Í forsendum dómsins kom fram það viðhorf, að rétt væri, að stefndu gæfist kostur á að sækja þing í málinu.

Málið var tekið fyrir að nýju og dómtekið 5. nóvember sl., en stefndu Guðrún, Kristinn og Olga skiluðu greinargerð, og var málið munnlega flutt. Bú Betri kaupa hf. hefur verið tekið til gjaldþrotaskipta, og féll þrotabúið frá málskostnaðarkröfu, er komið hafði fram í greinargerð. Þrotabúið er ekki lengur aðili að máli þessu.

Stefnandi krefst greiðslu á 565.043,30 krónum með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga frá 15. ágúst 1989 til greiðsludags og 1.250 kr. svo og málskostnaðar. Hann krefst þess, að dráttarvextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 15. ágúst 1990.

Stefndu krefjast sýknu og málskostnaðar.

Stefnandi kveður stefndu skulda sér stefnufjárhæðina. Þau hafa tekist á hendur sjálfskuldarábyrgð á skuldabréfi, er Betri kaup hf. gáfu út 29. mars 1989. Skuldabréf þetta var að höfuðstól 500.000 kr., verðtryggt miðað við lánskjaravísitölu, með grunnvísitölu 2346 stig og bar 9,75% ársvexti. Fyrsti gjalddagi var 15. ágúst 1989. Stefnandi heldur því fram, að ekki hafi verið greitt af skuldabréfinu. 1.250 kr. segir stefnandi vera stimpilkostnað.

Stefndu styðja sýknukröfu sína við þá staðreynd, að fallið hafi verið frá kröfum á hendur útgefanda skuldabréfsins, Betri kaupum hf. Með því hafi skuldin gagnvart aðalskuldara verið gefin eftir, og því hljóti ábyrgð sjálfskuldarábyrgðarmanna að falla niður um leið og krafa sú, er þeir ábyrgjast.

Í þinghaldi á bæjarþingi Reykjavíkur 18. maí 1990 er í upphafi bókað, að af hálfu stefnda Betri kaupa sé eigi sótt þing. Dómara hafi borist vottorð læknis um, að tilkynnt hafi verið „um forföll Guðmundar Jóhannssonar í gær og í dag . . .“ Vottorðið var lagt fram, og síðan er bókað:

„Lögmaður stefnanda fellur frá kröfum á hendur Betri kaupum hf., en krefst dómtöku á hendur öðrum stefndu og gerir sömu dómkröfur og greindar eru í stefnu á hendur stefndu Guðrúnu Álfgeirsdóttur, Kristni Álfgeirssyni og Olgu Sveinsdóttur.

Lögmaðurinn lagði málið í dóm.

Málið er dómtekið.“

Ekki verður fallist á það með stefndu, að í yfirlýsingu þeirri, er þarna greinir, felist eftirgjöf kröfu á hendur Betri kaupum hf. Af orðalagi verður ekki annað og meira ráðið en fallið sé frá kröfu um aðfararhæfan dóm á hendur Betri kaupum í því máli, sem til meðferðar var. Verður því ekki talið, að skuldin hafi verið gefin eftir, svo að áhrif hafi á ábyrgð stefndu, er tókust á hendur sjálfskuldarábyrgð á skuldabréfinu.

Stefnukröfum hefur ekki verið mótmælt tölulega. Kröfu, að fjárhæð 1.250 kr., hefur ekki heldur verið mótmælt sérstaklega. Stefnukröfur verða því teknar til greina. Málskostnaður ákveðst 150.000 kr. Hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Jón Finnbjörnsson, settur héraðsdómari, kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Guðrún Álfgeirsdóttir, Kristinn Álfgeirsson og Olga Sveinsdóttir, greiði stefnanda, Hreyfli svf., 566.293,30 kr. með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga af 565.043,30 kr. frá 15. ágúst 1989 til greiðsludags og 150.000 kr. í málskostnað. Dráttarvextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 15. ágúst 1990.

Dóminum skal fullnægt að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 9. febrúar 1995.

Nr. 417/1993. **Bæjarsjóður Neskaupstaðar**
(Othar Örn Petersen hrl.)
gegn
Óskari Jónssyni
(Ólafur Axelsson hrl.)

Skaðabætur. Innlausn samkvæmt lögum um brunatryggingar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma Garðar Gíslason hæstaréttardómari, Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari, og Friðgeir Björnsson dómstjóri.

Áfrýjandi skaut máli þessu fyrst til Hæstaréttar með stefnu 3. júní 1993. Það mál féll niður 1. október 1993. Áfrýjandi skaut málinu að nýju til Hæstaréttar með stefnu 18. október 1993 og krefst þess, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda. Einnig krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi gerir þær kröfur, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda dæmt að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

I.

Þegar atvik málsins gerðust, voru í gildi lög nr. 59/1954 um brunatryggingar utan Reykjavíkur með áorðnum breytingum, sbr. einkum 1. gr. laga nr. 93/1965. Þessi lög voru numin úr gildi með lögum nr. 48/1994 um brunatryggingar.

Vátryggingafélag Íslands hf. greiddi stefnda bætur fyrir húseign hans, Hafnargötu 1 (austurhluta), á grundvelli brunabótamatsverðs hússins, sem var 6.200.000 krónur, en dró frá 699.397 krónur, en það var matsverð þess hluta hússins, sem eftir stóð og talinn var nýtanlegur. Brunabætur til stefnda námu því alls 5.500.603 krónum. Þessi fjárhæð vátryggingarbóta er ekki sundurliðuð í matsgerð. Í „matsskýrslu“, sem vísað er til í héraðsdómi og undirrituð er af öðrum matsmanna, er bent á „önnur verðmæti, sem ekki eru innifalin í brunabótamati, þ. e. jarðvinnu, lóðarfrágang, lagnir og inntök“, en í málinu krefst stefndi ekki bóta fyrir tjón, sem hann kann að hafa

orðið fyrir vegna þess. Um tjón, sem stefndi telur sig hafa orðið fyrir vegna hreinsunar brunarústa, er ekki deilt fyrir Hæstarétti.

Framangreindri matsgerð hefur ekki verið hnekkt með endurmati samkvæmt 4. gr. laga nr. 59/1954 eða á annan hátt. Samkvæmt þessu er óbætt tjón stefnda vegna hinna brunatryggðu verðmæta 699.397 krónur eins og í héraðsdómi greinir.

Gögn um rétt stefnda til lóðar þeirrar, er hið brunna hús stóð á, eru óglögg, en stefndi greiddi gatnagerðargjald vegna hennar árið 1975 samkvæmt reglugerð nr. 321/1975 um gatnagerðargjöld í Neskaupstað.

II.

Áfrýjandi hafnaði 11. apríl 1990 umsókn stefnda frá 14. mars 1990 um leyfi til að byggja austurhluta hússins nr. 1 við Hafnarbraut „upp í sem næst þeirri mynd sem það var og af sömu stærð". Áfrýjandi nýtti sér ekki heimild til innlausnar samkvæmt 4. gr. laga nr. 59/1954. Hins vegar veitti áfrýjandi stefnda í maí 1990 heimild til að reisa hús, sem er sunnar en eldra húsið var og stendur að nokkru leyti á suðurhluta lóðar hússins, sem brann. Við munnlegan málflutning í Hæstarétti kom fram af hálfu lögmanns áfrýjanda, að nýja húsið er 590 rúmmetrar að stærð, en eldra húsið hafi verið 460 rúmmetrar. Telja verður ósannað, að við byggingu hins nýja húss hafi stefnda nýst undirstöður eldra hússins. Þegar af þessum ástæðum verður ekki fallist á það sjónarmið áfrýjanda, að stefndi hafi í raun verið að endurreisa hið brunna hús.

Samkvæmt þessu verður að leggja til grundvallar, að stefnda hafi vegna synjunar um leyfi til endurbyggingar glatast þeir hagsmunir, er hann hafði af því að fá að reisa nýtt hús á þeim undirstöðum eldra hússins, sem matsmenn töldu nýtanlegar.

Sýknukrafa áfrýjanda er m. a. á því reist, að stefndi hafi ekki orðið fyrir tjóni, þegar litið sé í heild á skipti aðila í kjölfar brunans. Þess vegna eigi hann ekki kröfu eftir 4. gr. laga nr. 59/1954. Því til stuðnings bendir áfrýjandi á, að stefndi hafi í reynd fengið bætur fyrir þann hluta tjónsins, sem ekki var greitt af brunatryggingunni, í formi réttinda til leigulóðar undir stærra hús. Telur áfrýjandi, að lóðin, sem stefndi fékk, sé ein af verðmætustu lóðum bæjarins. Einnig bendir áfrýjandi á, að fullt gatnagerðargjald hafi ekki verið

innheimt vegna nýju lóðarinnar, þar sem dregin hafi verið frá fjárhæð, sem svaraði til gatnagerðargjalds af eldri lóðinni með húsinu, sem á henni stóð.

Áfrýjandi hefur ekki sýnt fram á, að hann hafi gert það að skilyrði fyrir veitingu byggingarleyfis og hinnar nýju lóðar, að stefndi félli frá kröfu um greiðslu innlausnarverðs. Ef áfrýjandi taldi, að með veitingu þeirra leyfa, sem hér um ræðir, væri verið að ljúka lögskiptum málsaðila vegna brunatjónsins, bar honum að láta það koma skýrt í ljós, enda mátti honum sem stjórnvaldi vera kunnugt um reglur 4. gr. laga nr. 59/1954. Hér ber einnig að hafa í huga, að stefndi hafði greitt gatnagerðargjald af þeirri lóð, sem hús hans stóð á, og vegna nýja hússins var honum gert að greiða viðbótargjald.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, má fallast á með héraðsdómi, að synjun áfrýjanda um endurbyggingu húss stefnda feli í sér skyldu til innlausnar hússins á grundvelli 4. gr. laga nr. 59/1954.

Í héraðsdómi segir frá því, að hið nýja hús stefnda hafi verið fokhelt í ágúst 1990, en tekið í notkun í október 1990. Þótt ekki verði séð, að stefndi hafi krafið áfrýjanda bóta fyrr en með bréfi 11. desember sama ár, verður ekki talið, að hann hafi með tómlæti eða á annan hátt fyrirgert kröfurétti á hendur áfrýjanda.

III.

Með skírskotun til þess, sem nú var rakið, ber að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað, eins og greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, bæjarsjóður Neskaupstaðar, greiði stefnda, Óskari Jónssyni, 80.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Austurlands 24. mars 1993.

Mál þetta, sem þingfest var á bæjarþingi Neskaupstaðar 19. september 1991 og tekið til dóms föstudaginn 12. febrúar sl., er höfðað af Óskari Jónssyni, kt. 180616-3819, Þiljuvöllum 30, Neskaupstað, á hendur bæjarstjóranum í Neskaupstað f. h. bæjarsjóðs Neskaupstaðar.

I.

Kröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði gert að greiða sér 794.077 kr. auk dráttarvaxta [...] auk málskostnaðar [...].

Af hálfu stefnda er þess krafist, að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og stefnanda gert að greiða stefnda málskostnað [...].

II.

Málavextir.

Málavextir eru þeir, að 12. mars 1990 varð mikið tjón af völdum eldsvoða á húseigninni nr. 1 við Hafnarbraut, Neskaupstað. Stefnandi var eigandi að austurhluta hússins, en eigandi vesturhlutans var kona að nafni Aðalbjörg Þorvarðardóttir. Húsið var tryggt lögboðinni brunatryggingu hjá Vátryggingafélagi Íslands hf., og var brunabótamat á eignarhluta stefnanda á tjónsdegi 6.200.000 kr. Samkvæmt mati var brunatjón á eigninni 5.500.603 kr., sem vátryggingafélagið bætti að frádregnum virðisaukaskatti, 495.054 kr.

Stefnandi lýsir málavöxtum þannig, að báðir eigendur Hafnarbrautar 1 hafi farið þess á leit við skipulagsnefnd Neskaupstaðar, að þeim yrði veitt heimild til að endurbyggja húsið. Eigendur hafi hins vegar ekki fengið heimild til þess, en stefnandi fengið heimild til að reisa nýtt hús með tilgreindum skilyrðum skammt frá þeim stað, sem hús hans hafði staðið. Ástæður synjunarinnar hafi verið sagðar þær, að staðsetning hússins bryti í bága við aðalskipulag kaupstaðarins. Stefnandi hafi margkrafið stefnda um bætur vegna tjóns, er hann hafi orðið fyrir vegna synjunarinnar, og með bréfi lögmanns hans, dags. 11. desember 1990, er krafist greiðslu innlausnarverðs í samræmi við ákvæði 4. gr. laga nr. 59/1954 um brunatryggingar utan Reykjavíkur. Í bréfinu er áskilinn réttur til að krefjast greiðslu kostnaðar, sem stefnandi kveðst hafa haft af eigninni eftir brunann, en stefndi hefur neitað því.

Stefnandi sundurliðar kröfugerð sína því þannig í stefnu:

1. Innlausnarverð austurhluta Hafnarbrautar 1 (mismunur brunabóta- og tjónmats 6.200.000–5.500.603)	kr.	699.397
2. Hreinsunarkostnaður:	kr.	94.680
Samtals	kr.	794.077

Stefndi kveður stefnanda strax eftir eldsvoðann hafa óskað eftir því að fá að endurbyggja húsið, en honum þá verið gert ljóst, að af skipulagsástæðum yrði húsið ekki reist á nákvæmlega sama stað, því þyrfti að hnika til um u. þ. b. fimm metra. Stefnandi hafi sótt mál sitt af miklu harðfylgi, og hafi aðalskipulagi bæjarins verið breytt vegna fyrirhugaðrar byggingar stefnanda. Hafi teikning stefnanda að húsinu verið samþykkt og stefnandi jafn-

framt fengið úthlutað undir húsið lóð. Hins vegar hafi stefnandi einungis greitt gatnagerðargjald af því rúmtaki nýja hússins, sem hafi verið umfram rúmtak hússins, sem brann.

III.

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að synjun bæjaryfirvalda í Neskaupstað um heimild til endurbyggingar húseignarinnar nr. 1 við Hafnarbraut af skipulagsástæðum hafi falið í sér skyldu stefnda til að leysa til sín húseign stefnanda í því ástandi, sem hún var eftir brunann, sbr. 4. gr. laga nr. 59/1954 um brunatryggingar utan Reykjavíkur. Synjun á heimild til endurbyggingar hafi verið ólögmæt, þar sem stefndi hafi ekki leyst til sín eign þá, sem var eftir brunann. Samkvæmt áðurnefndri 4. gr. og almennum reglum skaðabótaréttar eigi brunatjón á húseigninni alls ekki að svipta stefnanda rétti til þess að nýta sér eign sína, án þess að bætur komi fyrir. Með innlausn á vesturhluta húseignarinnar hafi stefndi fallist á innlausnarskyldu sína, og aðrar reglur geti ekki gilt um eiganda austurhlutans.

Um vaxtakröfu vísar stefnandi til vaxtalaga nr. 25/1987 og auglýsinga Seðlabanka Íslands á hverjum tíma.

Vaxta sé krafist frá 1. júní 1990, því að 8. maí það ár hafi bæjarstjórn Neskaupstaðar staðfest ákvörðun skipulagsnefndar frá 2. maí, sem falið hafi í sér þá niðurstöðu, að stefnandi fengi ekki að endurbyggja húseign sína á sama grunni, heldur yrði að reisa nýtt hús.

Kröfu um málskostnað og vexti á hann styður stefnandi 129. gr. og 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Kröfu um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun reisir stefnandi á lögum nr. 50/1988, því að stefnandi sé ekki virðisaukaskattsskyldur.

Stefndi kveður stefnanda hafa í raun fengið betri rétt en hann hafði fyrir brunann, þar sem hann hafi á þessari einni verðmætustu lóð í bænum reist stærra hús en hann átti áður og auk þess fengið lóðarleiguréttindi. Stefnanda hafi verið í lófa lagið að fá miklu meira verð fyrir lóðina vegna álagðra gatnagerðargjalda, því að stefnandi hafi einungis greitt hluta gatnagerðargjalda, þ. e. stefnandi hafi ekki greitt gatnagerðargjöld fyrir rúmtak eldra hússins. Þá hafi stefndi breytt aðalskipulagi vegna óska stefnanda um að byggja á sömu lóðinni, og til ofangreinds beri að líta, jafnvel þótt talið yrði, að stefnandi hafi ekki fengið að byggja á sömu lóð. Stefnandi vísi um kröfur sínar á 4. gr. laga nr. 59/1954 og almennar reglur skaðabótaréttar, en þar sem stefnandi hafi ekki orðið fyrir tjóni, eigi hann ekki rétt á greiðslum úr hendi stefnda. Stefndi hafi ávallt talið, að hann væri að fullnægja hugsanlegri skyldu sinni gagnvart stefnanda. Hann vísar til bréfs byggingarfull-

trúans í Neskaupstað, dags. 16. maí 1990, til lögmanns Aðalbjargar Þorvarðardóttur, eiganda vesturhluta hússins, þar sem endurbygging sé leyfð með ákveðnum skilyrðum, en þess jafnframt getið, að bæjarsjóður teldi sig ekki bótaskyldan, hvort sem endurbygging yrði leyfð eða ekki, því að húsið væri lóðarréttindalaust, a. m. k. að hluta. Stefnandi hafi engar athugasemdir gert við afgreiðslu málsins og ekki krafist innlausnar fyrr en eftir, að stefndi hafði samþykkt teikningar að nýju húsi. Stefnanda hafi borið að gera grein fyrir innlausnarkröfu sinni, ef hann taldi hana ekki falla niður með því, að stefndi samþykkti nýja húsbyggingu nánast á sömu lóð, og hafi stefnandi þannig fyrirgert rétti sínum til innlausnar. Þar sem stefnandi hafi óskað eftir endurbyggingu hússins, hafi ekki orðið um innlausn að ræða. Þá mótmælir stefndi fjárhæð innlausnarverðs, þar sem sökklar hins eldra húss hafi verið ónothæfir undir nýtt hús, jafnvel þótt byggt hefði verið á sama stað, og sé það mál stefnanda og tryggingafélagsins, sem seldi brunatrygginguna. Eigandi vesturhluta hússins, Aðalbjörg Þorvarðardóttir, hafi lýst yfir, að hún hefði ekki áhuga á að byggja upp sinn hluta, og hafi stefndi haft meðalgöngu um, að þriðji aðili byggði upp vesturhlutann, sem greitt hafi stefnda þá fjárhæð, sem stefndi hafði greitt nefndri Aðalbjörgu. Þá mótmælir stefnandi kröfu stefnanda um hreinsunarkostnað, sem hann telur vera bestu sönnun þess, að stefnandi hefði haldið þeirri lóð, sem hann áður hafði haft, því að ekki hefði verið nauðsynlegt fyrir stefnanda að láta hreinsa lóð, sem hann hafði ekki umráðarétt yfir.

Niðurstöður.

Stefnandi í máli þessu krefur stefnda um bætur vegna ætlaðs tjóns stefnanda af því að fá ekki heimild til endurbyggingar húss síns eftir bruna.

Samkvæmt fundargerðabók skipulagsnefndar Neskaupstaðar sótti stefnandi skömmu eftir brunann um að fá að endurbyggja húsið „sem næst í þeirri mynd sem það var í og af sömu stærð", eins og segir í fundargerðabók nefndarinnar. Honum var synjað um það af hálfu stefnda, vegna þess að húseignin bryti í bága við aðalskipulag. Í maí sama ár samþykkti byggingarnefnd Neskaupstaðar, að stefnandi mætti reisa nýtt hús, að hluta til á sama stað og áður, og var samþykkt þessi staðfest á fundi bæjarstjórnar 8. maí 1990. Í framhaldi þess var gerður lóðarleigusamningur í þessu skyni og stefnanda gert að greiða gatnagerðargjöld af því rúmtaki nýja hússins, sem var umfram rúmtak hússins, sem brann. Því verður ekki litið svo á, að um endurbyggingu hafi verið að ræða, heldur verður að telja, að nýtt hús hafi risið að hluta til á sama stað og hið fyrra hús stóð. Svokölluð botnúttekt á því húsi fór fram 25. júlí 1990, og var húsið fokhelt í ágúst 1990, en tekið í notkun í október það ár. Eftir að stefnandi hafði reist húsið, seldi hann það.

Í 4. gr. laga nr. 59/1954 kemur skýrt fram, að heimild til að krefjast innlausnar er hjá hlutaðeigandi sveitarstjórn, en ekki hjá húseiganda. Telja verður, að sú staðreynd, að stefndi synjaði stefnanda um upphaflegu ósk stefnanda um endurbyggingu hússins á sama stað, feli í sér innlausnarskyldu skv. ákvæðum 4. gr. laga nr. 59/1954, þannig, að stefnda hafi borið að nýta sér heimild til innlausnar, hafi hann viljað taka lóðina af stefnanda, en stefndi leysti til sín vesturhluta hússins.

Stefndi hefur haldið því fram, að stefnandi hafi ekki orðið fyrir tjóni, því að stefndi hafi sýnt stefnanda lipurð vegna þessa máls. Á þá ákvörðun stefnda að gera nýjan lóðarleigusamning við stefnanda, er reisti nýtt hús, sem tekið var í notkun í október 1990, verður því að líta sem sérstaka ákvörðun, en ekki hefur verið sýnt fram á í málinu, að sá háttur, sem hafður var á, væri metinn af báðum aðilum sem ígildi innlausnarbóta.

Samkvæmt því, sem að framan greinir, verður ekki litið til þess við mat á tjóni stefnanda, hvort stefndi hafi veitt honum betri lóð en hann áður hafði eða ekki krafið stefnanda um eins há gatnagerðargjöld og hann taldi sér vera unnt. Ekki ber heldur að líta til þess, hvort stefnandi hafi náð að selja háu verði það hús, sem hann reisti eftir brunann, en stefnandi sinnti ekki þeirri áskorun stefnda að leggja fram í málinu kaupsamning vegna þeirrar sölu, enda liggja margar ástæður að baki söluverði húsa. Það verður að telja mál stefnda eins, hvort stefndi hafi talið sig vera liðlegan í garð stefnanda með því að breyta skipulagi, svo að stefnandi gæti byggt. Það var stefndi, sem af skipulagsástæðum heimilaði ekki, að húsið yrði endurbyggt, eins og stefnandi óskaði, og gat stefndi krafist innlausnar í samræmi við ákvæði 4. gr. laga nr. 59/1954, en hann kaus að hafa þann hátt á, sem áður segir.

Stefnandi kvaðst fyrir dómi telja, að húsið hefði brunnið svo, að hvorki plata þess né sökklar hefðu getað nýst við endurbyggingu. Vitnið Guðmundur Helgi Sigfinnsson, sem var bæjartæknifræðingur Neskaupstaðar og er það enn, sagði, að grunnur hússins hefði ekki allur nýst við endurbyggingu, en gat þess jafnframt, að þarna væri góður staður til að byggja og ódýr grunnur, og kvað það vega á móti. Þá taldi vitnið ekki víst, að byggingarfulltrúi hefði án skoðunar leyft byggingu á gömlu sökklunum, en taldi, að vegna góðrar undirstöðu hefði verið hægt að leyfa grunna sökkla, en að nýi grunnurinn stæði að hluta til inni á þeim gamla.

Í matsskýrslu, unninni af Einari Jóhannssyni og Magnúsi Jónssyni tæknifræðingi, sem undirritaði skýrsluna og staðfesti fyrir dómi, segir m. a.: „Niðurstaða tjónsmats var 5.500.603 kr. á verðlagi tjónsdags og nýtt brunabótamat var á sama verðlagi, 6.200.000 kr.

Mismunur brunabótamats og tjónsmats, þ. e. 799.937 kr. (sic), felst í efn-

islegum verðmætum brunarústanna, þ. e. botnplötu, sökklum o. þ. h. Einnig vil ég benda á önnur verðmæti sem ekki eru innifalin í brunabótamati, þ. e. jarðvinnu, lóðarfrágang, lagnir og inntök." Fyrir dómi kvað vitnið Magnús Jónsson það vera venju, að brunabótamat „væri aðeins bundið við útlínur hússins", eins og vitnið komst að orði.

Ekki verður talið, að stefnandi hafi með framangreindum orðum sínum verið að falla frá kröfugerð sinni eða lækka hana, en vegna framburðar hans og vitnisins Guðmundar Helga má þó telja líklegt, að tjón stefnanda hafi verið minna en nemi mismun á greiðslum brunabótamatsverðs og tjónsbóta. Hins vegar bendir sú staðreynd, að stefnandi fær ekki fullar brunabætur, til þess, að hann hafi orðið fyrir tjóni. Samkvæmt 4. gr. laga nr. 59/1954 getur sveitarstjórn eða eigandi húss krafist endurmats, telji annar hvor brunabótamatsverðið ekki vera rétt. Fallast ber á það með stefnda, að líklega hefði orðið illmögulegt að láta fara fram yfirmat, þar sem stefnandi reisti hús á lóðinni skömmu eftir brunann, en líta ber einnig til þess, að sú bygging var reist skv. samþykki stefnda, sem upphaflega hafði neitað stefnanda um endurbyggingu án þess að innleysa það, sem eftir var af húseigninni eftir brunann. Vart verður talið, að stefndi hafi frekar getað nýtt sér húsgrunninn við Hafnarstræti 1, auk þess sem ekki verður annað séð af fram lögðum samningi stefnda við Aðalbjörgu Þorvarðardóttur, eiganda vesturhluta Hafnarstrætis 1, að stefndi hafi með vísan til 4. gr. laga nr. 59/1954 leyst til sín vesturhlutann, án þess að athugasemdir kæmu fram um tjónsmat.

Í 4. gr. laga nr. 59/1954 segir, að við innlausn skuli sveitarstjórn greiða mismun þann, sem er á brunabótum og heildarmatsverði húss. Þrátt fyrir það að innlausn hafi ekki farið fram, þykir að öllu virtu rétt að leggja til grundvallar fram lagða matsgerð á tjóni stefnanda.

Vegna mótmæla stefnanda verður að telja of seint fram komna þá málsástæðu stefnda, sem hann nefndi í málflutningi, að skuldajöfnuður hafi orðið á milli aðila vegna þeirrar fyrirframgreiðslu, sem stefnandi virðist hafa notið hjá stefnda.

Vegna þess að stefnandi byggði að hluta til á þeirri lóð, er hann áður hafði, og fékk áfram umráðarétt yfir hluta hennar, er kröfu hans um greiðslu hreinsunarkostnaðar hafnað.

Ber því að dæma stefnda til að greiða stefnanda 699.397 kr. ásamt dráttarvöxtum, eins og greinir í dómsorði. Samkvæmt framansögðu og með vísan til 15. gr. laga nr. 25/1987 þykir þó rétt að miða upphafsdag vaxta við 11. desember 1990, er stefndi lét bréflega í ljós kröfugerð sína.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Ólafur Börkur Þorvaldsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, bæjarsjóður Neskaupstaðar, greiði stefnanda, Óskari Jónssyni, 699.397 kr. ásamt dráttarvöxtum skv. 10. gr. og 12. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 11. desember 1990 til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 9. febrúar 1995.

Nr. 146/1993. **Íslandsbanki hf.**
(Jón G. Briem hrl.)
gegn
Ernu Pétursdóttur
(Ólafur Axelsson hrl.)

Þinglýsingar. Kaupmáli. Veðréttur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Markús Sigurbjörnsson og Friðgeir Björnsson dómstjóri.

Áfrýjandi skaut þessu máli til Hæstaréttar með stefnu 13. apríl 1993. Hann krefst sýknu af kröfum stefndu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

I.

Málsatvikum er lýst í hinum áfrýjaða dómi.

Í málinu krefst stefnda dóms um viðurkenningu á því, að réttur hennar samkvæmt kaupmála, skrásettum og færðum í þinglýsingabók 22. nóvember 1989, þar sem fasteignin Bakkahlíð 39 á Akureyri var gerð að séreign hennar, gangi framar réttindum áfrýjanda samkvæmt skuldabréfi, út gefnu af Bílasölunni hf. 24. júlí 1989 til Útvegsbanka Íslands hf. Skuldabréfið er tryggt meðal annars með veði í sömu eign og var afhent til þinglýsingar á útgáfudegi, en ekki fært á eignina í fasteignabók fyrr en 19. febrúar 1990. Einnig krefst stefnda þess, að áfrýjanda verði gert að aflétta veðrétti samkvæmt skuldabréfinu af fyrrnefndri fasteign.

Í málflutningi fyrir Hæstarétti studdi stefnda þessa kröfu aðallega við þá málsástæðu, að skort hefði fullnægjandi heimild frá þáverandi þinglýstum eiganda fasteignarinnar handa útgefanda skuldabréfsins til að setja hana þar að veði. Telur stefnda af þessum sökum, að ekki hafi aðeins brostið heimild til að færa réttindi samkvæmt skuldabréfinu í fasteignabók, sbr. 1. mgr. 24. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978, og að með réttu hefði átt að vísa skjalinu frá þing-

lýsingu að þessu leyti samkvæmt 2. mgr. 7. gr. laganna, heldur leiði þetta í raun til þess, að aldrei hafi verið stofnað til veðréttar í fasteigninni, svo að gilt sé. Af hálfu áfrýjanda er þessu mótmælt og því auk þess haldið fram, að úr þessu verði ekki leyst í málinu, eins og það hefur verið lagt fyrir.

Málsástæða þessi lýtur eftir efni sínu að gildi þess veðréttar, sem áfrýjandi nýtur samkvæmt þinglýstu skuldabréfi. Stefnda krefst þó ekki í máli þessu dóms um ógildingu á veðrétti áfrýjanda, heldur um viðurkenningu á tiltekinni innbyrðis stöðu réttinda þeirra yfir umræddri fasteign, eins og réttindi beggja séu gild að lögum. Þá verður krafa um skyldu áfrýjanda til að afmá réttindi sín úr fasteignabók ekki að réttu lagi reist á því, að þau séu ógild vegna formgalla á veðskjali, enda verður að beina kröfu af slíku tilefni til þinglýsingarstjóra, sbr. 27. gr. laga nr. 39/1978, áður en til kasta dómstóla getur komið. Málsástæða þessi getur því ekki leitt til þeirra málaloka, sem stefnda krefst, og verður ekki tekin efnisleg afstaða til hennar í máli þessu.

II.

Kröfur stefndu í málinu hafa í annan stað verið reistar á 18. gr. laga nr. 39/1978, en hún telur skilyrðum ákvæðisins fullnægt til að kveða á um, að réttindi áfrýjanda samkvæmt fyrrgreindu veðskuldabréfi víki fyrir eignarrétti hennar að fasteigninni samkvæmt kaupmála.

Samkvæmt upphafsmálslið 18. gr. laga nr. 39/1978 getur komið til álita að beita henni í þrenns konar tilvikum, sem nánar eru tilgreind. Fallast verður á það með stefndu, að atvik í máli þessu geti átt þar undir, enda láðist að færa réttindi samkvæmt veðskuldabréfi áfrýjanda í þinglýsingabók á fasteignina Bakkahlíð 39 innan þess frests frá móttöku skjalsins til þinglýsingar, sem mælt er fyrir um í 5. mgr. 7. gr. laganna. Þá verður og að fallast á það með stefndu, að fullnægt sé þeim áskilnaði 18. gr. laga nr. 39/1978, að hún verði talin hafa verið grandlaus um réttindi áfrýjanda, þegar hún fékk þinglýst réttindum sínum samkvæmt kaupmála, enda hefur áfrýjanda ekki tekist að sýna fram á annað.

Samkvæmt A-lið 18. gr. laga nr. 39/1978 er það meðal frekari skil-

yrða fyrir því, að unnt yrði að taka til greina kröfu stefndu, að henni væri bakað óverðskuldað tjón, ef réttindi hennar verði látin þoka fyrir réttindum áfrýjanda. Með kaupmála þeim, sem mál þetta varðar, fékk stefnda að séreign fasteignina að Bakkahlíð 39, sem fram að því var þinglýst eign eiginmanns hennar. Samkvæmt framburði stefndu fyrir héraðsdómi taldi hún, að fasteignin hefði um þær mundir verið um 15.000.000 króna virði, en áhvílandi veðskuldir verið lægri en 8.000.000 króna, að því er virðist að undanskilinni veðskuldinni við áfrýjanda, sem deilt er um í málinu. Með kaupmálanum fékk eiginmaður stefndu á hinn bóginn að séreign hlutabréf í Bílasölunni hf. á Akureyri, sem þar eru sögð vera 67,8% hlutafjár í félaginu. Í skýrslu fyrir héraðsdómi bar stefnda, að hún hefði fyrir gerð kaupmálans átt 3% hlutafjár í félaginu, sem hún hefði þannig afsalað með kaupmálanum til eiginmanns síns. Um verðmæti hlutafjárins, sem stefnda lét þannig af hendi við gerð kaupmálans, liggja að vísu ekki fyrir gögn í málinu, en komið hefur fram að bú Bílasölunnar hf. hefur verið tekið til gjaldþrotaskipta. Má þannig telja sýnt, að verulegur munur hafi verið á því, sem stefnda afsalaði annars vegar með kaupmálanum, og því, sem var hins vegar afsalað henni þar. Verði veðréttur áfrýjanda látinn ganga fyrir réttindum stefndu, dregur það vissulega mjög úr verðmæti þeirrar gjafar, sem hún fékk með kaupmálanum, en eftir framburði hennar sjálfrar fyrir dómi hefði andvirði eignarinnar þó allt að einu nægt ríflega við gerð kaupmálans fyrir áhvílandi veðskuldum að meðtalinni hinni umdeildu kröfu áfrýjanda. Af hálfu stefndu hefur ekkert komið fram um, að ákvörðun hennar um að gera kaupmála þess efnis, sem raun bar vitni, hafi verið byggð svo á trausti á réttmæti þinglýstra heimilda, að hún hefði hafnað því og þar með gjöfinni til sín, sem í kaupmálanum fólst, ef henni hefði verið kunnugt um réttindi áfrýjanda. Verður af þessum sökum að líta svo á, að stefnda verði ekki fyrir óverðskulduðu tjóni í skilningi A-liðar 18. gr. laga nr. 39/1978, þótt réttindi hennar samkvæmt kaupmálanum verði látin þoka fyrir réttindum, sem áfrýjandi nýtur samkvæmt veðskuldabréfi sínu.

Samkvæmt þessu verður áfrýjandi sýknaður af þessari kröfu stefndu. Eftir atvikum er rétt, að aðilar beri hvor sinn kostnað af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Íslandsbanki hf., skal vera sýkn af kröfu stefndu, Ernu Pétursdóttur.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur Héraðsdóms Norðurlands eystra 3. mars 1993.

Mál þetta, sem dómtekið var 3. f. m. að undangengnum munnlegum málflutningi sama dag er höfðað með stefnu, út gefinni á Akureyri 3. janúar 1991 og þingfestri 10. sama mánaðar, af Ernu Pétursdóttur, kt. 240546-4779, þá til heimilis að Bakkahlíð 39, Akureyri, nú til heimilis að Suðurgötu 26, Reykjavík, á hendur Brynjólfi Bjarnasyni, kt. 180746-3909, Bakkagerði 17, Reykjavík, fyrir hönd Íslandsbanka hf.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði gert að þola viðurkenningardóm fyrir því, að réttur stefnanda samkvæmt kaupmála, dagsettum 22. nóvember 1989 og þinglýstum sama dag, þar sem fasteignin Bakkahlíð 39, Akureyri, er gerð séreign stefnanda, gangi framar rétti stefnda samkvæmt veðskuldabréfi, út gefnu 24. júlí 1989 og afhentu til þinglýsingar sama dag, þinglýsingarnúmer 1989/3240, til tryggingar skuld Bílasölunnar hf. við Útvegsbanka Íslands, að fjárhæð 4.000.000 kr. Jafnframt er þess krafist, að stefnda verði gert að aflétta umræddu veði af fasteigninni Bakkahlíð 39. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og enn fremur málskostnaðar úr hendi stefnanda [...].

Upphafleg aðalkrafa stefnda var sú, að máli þessu yrði vísað frá dómi, en með úrskurði bæjarþings Akureyrar, upp kveðnum 31. mars 1992, var þeirri kröfu hafnað. Málið skyldi flutt 14. júlí sl., en forföll urðu þá af hálfu stefnanda.

Málsatvik eru þau, að 24. júlí 1989 gaf Bílasalan hf., kt. 460169-4619, út veðskuldabréf til Útvegsbanka Íslands hf. vegna skuldar við bankann, að fjárhæð 8.000.000 kr. Fyrir hönd Bílasölunnar hf. undirrituðu bréfið tveir stjórnarmenn, þeir Svanlaugur Ólafsson og Ingi Þór Jóhannsson, þáverandi eiginmaður stefnanda. Samkvæmt skuldabréfinu var veðsett fasteignin Skáli við Kaldbaksgötu, A-, E-, F- og G-hlutar, fyrir allri fjárhæð bréfsins. Jafnframt skyldi veðsetja fasteignina Eyrarveg 10, Akureyri, fyrir 1.000.000 kr. og fasteignina Bakkahlíð 39, Akureyri, fyrir 4.000.000 kr. Skuldabréfi þessu var þinglýst sama dag og það var út gefið, en veðið var þá einungis fært inn á fasteignina Skála við Kaldbaksgötu skv. fasteignabókinni. Hinn 19. febrúar 1990 færði þinglýsingardómari hins vegar veðið í fasteignabók-

ina á eignina Bakkahlíð 39, Akureyri. Á sama tíma, þ. e. a. s. 22. 11. 1989, gerðu stefnandi og þáverandi eiginmaður hennar, Ingi Þór Jóhannsson, með sér kaupmála, sem þinglýst var sama dag, þar sem nefnd fasteign varð séreign stefnanda. Er kaupmáli þessi var gerður og honum þinglýst, kom framangreint veð ekki fram á veðbókarvottorði eignarinnar, og kveðst stefnandi hafa verið grandlaus um tilvist þess.

Í desember 1989 seldi stefnandi Akureyrarbæ fasteignina Bakkahlíð 39 og er bundin af þeim samningi.

Stefndi fellst á framangreinda málavaxtalýsingu stefnanda nema þá staðhæfingu, að hún hafi verið grandlaus um tilvist veðsetningar þeirrar, sem er tilefni málsóknar þessarar, og vill bæta eftirfarandi við málavaxtalýsinguna: Hinn 24. júlí 1989, þ. e. a. s. sama dag og Ingi Þór Jóhannsson veðsetti fasteignina Bakkahlíð 39 fyrir 4.000.000 kr. vegna skuldbindingar Bílasölunnar hf. við Útvegsbanka Íslands hf., var þinglýst á eignina skuldabréfi, að fjárhæð 1.000.000 kr., út gefnu af stefnanda máls þessa til Útvegsbanka Íslands hf. á Akureyri, og var þeirrar veðsetningar getið á fyrrgreindu veðskuldabréfi.

Fyrir dómi bar stefnandi, að sér hefði verið alls ókunnugt um tilvist veðskuldabréfsins, sem gefið var út 24. júlí 1989, fyrr en í febrúar 1990, er hún sá skjal þetta hjá Birni Jósef Arnviðarsyni hdl., er hún kærði þinglýsingu þessa skjals. Hafi eiginmaður hennar ekki skýrt henni frá tilvist skjalsins, er það var út gefið, né heldur, er kaupmálinn var gerður, svo að sér hafi verið ókunnugt um tilvist skjalsins, er húseignin var seld í desember 1989. Ekki kveðst stefnandi hafa fylgst neitt með rekstri Bílasölunnar hf. og ekki starfað þar utan 20 árum áður, er hún gerði hreinar skrifstofur þar.

– – –

Álit dómsins.

Skuldabréf það, sem er tilefni málsóknar þessarar, er auðkennt sem skjal nr. 1989/3240 og barst til þinglýsingar 24. 7. 1989 og tryggt með 7. veðrétti í fasteigninni Bakkahlíð 39, Akureyri, og uppfærslurétti næst á eftir þargreindum veðskuldum, og í meginmáli skjalsins segir, að á 6. veðrétti hvíli skuld við Útvegsbanka Íslands hf., 1.000.000 kr., dagsett sama dag. Á því veðskuldabréfi, sem auðkennt er skjal nr. 1989/3238 og móttekið til þinglýsingar sama dag, þar sem Erna Pétursdóttir, stefnandi máls þessa, veðsetur Útvegsbanka Íslands hf. fasteignina Bakkahlíð 39 með 6. veðrétti, er hvergi getið um fyrrgreinda veðsetningu, eins og stefndi heldur fram. Undir veðskuldabréfið, sem um er deilt í máli þessu, er ritað: Í stjórn Bílasölunnar hf. og undirritað: Ingi Þór Jóhannsson, Svanl. Ólafsson, og skjal þetta vottað svo sem að framan er rakið.

Það er álit dómsins, að með undirskrift sinni undir skjal þetta hafi Ingi Þór Jóhannsson eingöngu veðsett fasteign Bílasölunnar hf. við Kaldbaksgötu, en ekki þáverandi hjúskapareign sína, Bakkahlíð 39, Akureyri. Á skjal þetta hefur stefnandi ekki heldur ritað samþykki sitt sem maki né heldur Ingi Þór Jóhannsson persónulega sem þá þinglýstur eigandi. Verður því að telja, að bæði stefnandi og einnig Ingi Þór Jóhannsson hafi verið grandlaus skv. 19. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978, er kaupmála þeirra var þinglýst, og með vísan til 1. mgr. 24. gr. sömu laga verður því að telja, að margnefnt veðskuldabréf hafi ranglega verið fært í fasteignabók, þar sem Ingi Þór Jóhannsson undirritaði aldrei persónulega veðskuldbindingu þessa.

Það er álit dómsins, að stefnanda væri bakað óverðskuldað tjón skv. A-lið 18. gr. þinglýsingalaga, ef réttindi hennar þyrftu að þoka fyrir réttindum stefnda, þar sem upplýst er, að stefnandi hefur ekki fengið greiddar tæpar 2.000.000,00 kr. af verði fasteignarinnar Bakkahlíðar 39 vegna veðsetningar stefnda, svo og verður að telja, að skilyrði B-liðar 18. gr. sömu laga sé fullnægt, þar sem í máli þessu deila annars vegar stefnandi, sem er einstaklingur, og hins vegar stefndi, sem er bankastofnun. Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að taka kröfur stefnanda til greina að fullu, og ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 400.000 kr.

Dóm þennan kvað upp Ásgeir Pétur Ásgeirsson héraðsdómari.

Dómsorð:

Viðurkennt er, að réttur stefnanda, Ernu Pétursdóttur, samkvæmt kaupmála, dagsettum 22. nóvember 1989 og þinglýstum sama dag, þar sem fasteignin Bakkahlíð 39, Akureyri, er gerð að séreign stefnanda, gangi framar rétti stefnda, Íslandsbanka hf., samkvæmt veðskuldabréfi, út gefnu og afhentu til þinglýsingar 24. júlí 1989, þinglýsingarnr. 1989/3240, til tryggingar skuld Bílasölunnar hf. við Útvegsbanka Íslands hf., að fjárhæð 4.000.000 kr. Skal stefndi aflýsa veðsetningu þessari af fasteigninni Bakkahlíð 39, Akureyri.

Stefndi greiði stefnanda 400.000 kr. í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 9. febrúar 1995.

Nr. 122/1993. **Ingibjörg Sigurðardóttir**
(Arnmundur Backman hrl.)
gegn
Prentsmiðjunni Odda hf.
(Pétur Guðmundarson hrl.)

Kjarasamningar. Veikindaforföll.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir og Markús Sigurbjörnsson og Bjarni K. Bjarnason, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 16. mars 1993 að fengnu áfrýjunarleyfi 24. febrúar sama ár. Hún krefst þess, að stefnda verði gert að greiða sér 85.381,50 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 21. mars 1990 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms, en til vara, að krafa áfrýjanda verði „lækkuð verulega eða felld niður". Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður fallist á, að um rétt áfrýjanda til veikindalauna, sem deilt er um í málinu, fari eftir ákvæðum 6. kafla kjarasamnings Félags bókagerðarmanna við Félag íslenska prentiðnaðarins og Vinnuveitendasamband Íslands frá 25. mars 1988, sem gangi þannig framar 5. gr. laga nr. 19/1979 um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla. Stendur 10. gr. laganna því ekki í vegi.

Texti greinar 6. 2. 3. í fyrrnefndum kjarasamningi kemur fram í hinum áfrýjaða dómi. Í ákvæðinu er ekki tekin bein afstaða til þess, hvort þar greindur réttur starfsmanns til launa vegna sjúkdóma eða slysa sé bundinn við samanlagðar fjarvistir í tvo mánuði á hverju tólf mánaða tímabili, eins og stefndi telur rétt að skýra ákvæðið, eða hvort starfsmaður njóti sjálfstæðs réttar til launa vegna hvers slysa- eða sjúkdómstilviks í allt að tvo mánuði, en til þess vísar áfrýjandi um kröfur sínar.

Í gögnum málsins er að finna ýmislegt, sem bendir eindregið til

þess, að í reynd hafi aðilar að kjarasamningnum lengi gert ráð fyrir því, að fyrrgreinda skýringin ætti við um réttindi félagsmanna í Félagi bókagerðarmanna líkt og félagsmanna í þeim stéttarfélögum, sem störfuðu áður á þeim vettvangi fyrir stofnun þess heildarfélags. Í því sambandi verður meðal annars að vísa til þess, að sérstök ákvæði voru í kjarasamningi frá árinu 1977 milli Hins íslenska prentarafélags og viðsemjenda þess um svokallaða ónotaða veikindadaga frá árunum 1955 til 1965, sem vinnuveitendur skuldbundu sig til að greiða fyrir. Bendir þetta til, að ætlast hafi verið til, að fjöldi ónýttra veikindadaga yrði ákveðinn á þann hátt, að starfsmenn ættu tilkall til launa í veikindaforföllum vissan dagafjölda á ári, en ekki þann tíma í hvert sinn, sem nýjan sjúkdóm bæri að höndum. Einnig verður að líta til þess, að í fram lögðu eyðublaði fyrir umsókn um sjúkradagpeninga úr sjúkrasjóði Félags bókagerðarmanna er ráðgert, að umsækjandi afli vottorðs vinnuveitanda um þann fjölda veikindadaga, sem hann hafi fengið greidda á „síðustu 12 mánuðum". Er þar ekki ætlast til, að greint sé frá því, hvort veikindi stafi af einni orsök eða fleiri. Þá er enn fremur ástæða til að taka tillit til þess, að í málinu liggur fyrir bréf frá Félagi bókagerðarmanna frá 21. nóvember 1991, þar sem voru gerðar kröfur fyrir tiltekinn félagsmann um laun vegna veikindaforfalla. Þær kröfur stafa sýnilega af þeim skilningi, að rétturinn til slíkra launa standi um ákveðinn tíma án tillits til þess, að veikindatilvikin hafi verið fleiri en eitt og stafað af ólíkum ástæðum hverju sinni.

Þegar litið er til þess, sem að framan greinir, svo og til þess, sem segir um þetta í forsendum hins áfrýjaða dóms, þykir verða að skýra ákvæði kjarasamningsins, sem um ræðir í málinu, á þann veg, að hann hafi aðeins veitt áfrýjanda rétt til launa vegna veikinda úr hendi stefnda samanlagt í tvo mánuði á tólf mánaða tímabili án tillits til þess, að veikindaforföll hennar hafi stafað af ólíkum ástæðum. Verður hinn áfrýjaði dómur því staðfestur.

Eftir þessum úrslitum verður að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, svo sem í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Ingibjörg Sigurðardóttir, greiði stefnda, Prent-

smiðjunni Odda hf., 80.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 18. desember 1992.

Mál þetta, sem dómtekið var 24. nóvember sl., höfðaði Ingibjörg Sigurðardóttir, kt. 130868-5929, Fagrahvammi 11, Hafnarfirði, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 20. september 1991, gegn Prentsmiðjunni Odda hf., kt. 490269-4019, Höfðabakka 3–7, Reykjavík.

Dómkröfur.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 88.889,50 kr. með dráttarvöxtum [svo og málskostnað].

Höfuðstól kröfu sinnar reiknar stefnandi þannig:

76.000 kr. (mánaðarlaun) ÷ 173,33 = 438,50 × 8 t. (á dag) = 3.508 × 23 dagar (virkir dagar tímabilið 19. febrúar 1990 – 21. mars sama ár) = 80.684 að viðbættu 10.17% orlofi á þá fjárhæð.

Dómkröfur stefnda eru aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda, en til vara krefst hann þess, að stefnukrafan verði lækkuð verulega eða felld niður. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ, sem beri dráttarvexti samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Málavextir, málsástæður og lagarök.

Stefnandi, sem starfað hafði hjá stefnda frá 17. maí 1985, þurfti að láta af störfum 24. janúar 1990 samkvæmt læknisráði vegna þungunar. Stefnandi var þá á 32. viku meðgöngu og þjáðist af grindargliðnun. Samkvæmt vottorði læknis var stefnandi veikindaskrifuð af þessum sökum frá 24. janúar til 21. mars 1990, en þann dag ól stefnandi stúlkubarn.

Stefndi greiddi stefnanda veikindalaun fyrir tímabilið 24. janúar til 18. febrúar 1990. Taldi hann stefnanda þá hafa fengið greidda þá veikindadaga, sem hún ætti rétt á samkvæmt kjarasamningi fyrir tímabilið mars 1989 til febrúar 1990, og hætti því frekari veikindalaunagreiðslu.

Stefnandi sótti um og fékk tveggja mánaða viðbótarfæðingarorlof frá Tryggingastofnun ríkisins.

Ekki er ágreiningur með aðilum um þessa málavexti.

Stefnandi kveðst hafa leitað aðstoðar Félags bókagerðarmanna við að ná rétti sínum hjá stefnda. Ótvírætt sé, að hún eigi rétt til launa vegna veikinda fyrir tímabilið 24. janúar til 21. mars 1990. Samkvæmt kjarasamningi eigi stefnandi rétt á tveggja mánaða veikindalaunagreiðslum, en stefndi hafi aðeins staðið skil á greiðslu veikindalauna tímabilið 24. janúar til 18. febrúar.

Því krefjist stefnandi, að stefnda verði gert að greiða sér veikindalaun fyrir tímabilið 19. febrúar til 21. mars 1990. Veikindi stefnanda í janúar til mars 1990 hafi stafað af grindargliðnun vegna þungunar, en veikindi hennar í mars til desember 1989 hafi verið af allt öðrum toga, þ. e. vöðvabólga og algengar umgangspestir. Gildandi lög og kjarasamningar hafi alltaf verið túlkaðir þannig, að ef um óskyld veikindi sé að ræða, skerði það ekki þann heildarveikindarétt, sem menn njóti. Því til stuðnings bendir stefnandi á dóm Hæstaréttar frá 1960, bls. 332 í dómasafni, og tvo dóma bæjarþings Ísafjarðar.

Stefnandi kveður kröfur sínar styðjast við 5. gr. laga nr. 19/1979 og 6. kafla, gr. 6.2.3., í samningi Félags bókagerðarmanna annars vegar og Félags íslenska prentiðnaðarins og Vinnuveitendasambands Íslands hins vegar frá 25. mars 1988. Krafa um orlof styðjist við lög nr. 30/1987 og krafa um vexti við lög nr. 25/1987, einkum 10. og 12. gr.

Um málskostnað er vísað til 1. mgr. 177. gr. laga nr. 85/1936, nú 129. gr. laga nr. 91/1991, og krafa um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun er reist á lögum nr. 50/1988, en stefnandi sé ekki virðisaukaskattsskyldur og beri því nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefnda.

Stefndi kveðst hafa greitt stefnanda veikindalaun, eins og hún hafi átt rétt á samkvæmt kjarasamningi bókagerðarmanna og ráðningarsamningi miðað við starfstíma sinn hjá stefnda. Hafi stefnanda alls verið greiddir 46 virkir dagar vegna veikinda á tímabilinu mars 1989 til febrúar 1990.

Þegar veikindalaunagreiðslum til stefnanda var hætt, hafi henni verið bent á að snúa sér til Tryggingastofnunar ríkisins og sjúkrasjóðs bókagerðarmanna, þar eð réttur hennar gagnvart stefnda væri tæmdur.

Stefndi kveðst hafa fengið þær upplýsingar hjá stefnanda, að Félag bókagerðarmanna hefði hafnað umsókn hennar um styrk úr sjúkrasjóði á þeim forsendum, að hún ætti ónotaðan veikindarétt á hendur stefnda, þar eð hún hefði fengið nýjan sjúkdóm, grindarlos, á meðgöngu, sem veitti henni nýjan og sjálfstæðan veikindalaunarétt úr hendi stefnda.

Stefndi mótmælir kröfum stefnanda og styður sýknukröfu sína þeim rökum, að stefnandi hafi fengið fulla greiðslu launa vegna starfs síns hjá stefnda, þegar hún hafi verið felld af launaskrá í febrúar 1990. Stefnanda hafi í raun verið greitt langt umfram samningsskyldu og hafi því ekki átt neina frekari launakröfu á hendur stefnda vegna fjarvista, sem stöfuðu af þungun, frá 19. febrúar til 21. mars 1990.

Stefndi mótmælir alhæfingu stefnanda um, að lög og kjarasamningar hafi alltaf verið túlkaðir þannig, að óskyld veikindi rýri ekki þann heildarrétt, sem launþegi eigi, þannig, að nýir sjúkdómar og kvillar veiti launþega ávallt

nýjan veikindarétt. Um þetta hafi Vinnuveitendasamband Íslands um árabil haldið hinu gagnstæða fram. Reglur um veikindarétt launþega séu mjög mismunandi eftir starfsstéttum, eins og ákvæði kjarasamninga og laga sýni. Réttur bókagerðarmanna fari eftir ákvæðum kjarasamnings, en ekki eftir ákvæðum laga nr. 19/1979. Túlkun dómstóla á lögum nr. 16/1958 og lögum nr. 19/1979 sé óviðkomandi veikindarétti bókagerðarmanna samkvæmt kjarasamningi þeirra við vinnuveitendur, því að í grein 6.4.2. í kjarasamningnum segi, að ákvæði 6. kafla hans komi „í stað fyrri samningsákvæða um greiðslur í veikinda- og slysatilvikum og ákvæði laga 19/1979". Réttur stefnanda til veikindalauna fari algerlega eftir grein 6.2.5. í kjarasamningi bókagerðarmanna. Orðalag hennar veiti kröfum stefnanda enga stoð, og hafi það aldrei verið túlkað þannig, að nýir sjúkdómar veiti nýjan rétt.

Stefndi kveður sérstök veikindaákvæði í kjarasamningi Félags bókagerðarmanna og VSÍ vera að stofni til frá árinu 1980. Hinn 17. nóvember 1980 hafi Hið íslenska prentarafélag, Grafíska sveinafélagið og Félag bókbindara undirritað kjarasamning við VSÍ f. h. Félags íslenska prentiðnaðarins. Stéttarfélögin þrjú hafi síðan sameinast í eitt félag, Félag bókagerðarmanna, 1. janúar 1981. Veikindaákvæði í samningum bókagerðarmanna hafi ekkert breyst efnislega frá gerð samningsins 1980. Ástæða þess, að atvinnurekendur og stéttarfélög í prentiðnaði sömdu sérstaklega um veikindarétt launþega, hafi verið sú, að eftir setningu laga nr. 19/1979 hafi fljótlega risið ágreiningur milli prentiðnaðarmanna og vinnuveitenda um, hvort skyldi gilda, lögin eða kjarasamningar aðila. Þessum ágreiningi hafi lokið með undirritun áðurnefnds samnings frá 17. nóvember 1980. Komi fram í bókun, sem fylgdi samningnum, að enginn ágreiningur hafi verið milli aðila um, að lög nr. 19/1979 giltu ekki um veikindarétt bókagerðarmanna eftir undirritun samningsins. Síðan þá hafi enginn ágreiningur verið milli aðila kjarasamningsins um, að réttur til veikindalauna sé tæmandi talinn í kjarasamningi og að hann sé óháður fjölda sjúkdóma.

Sýknukröfu sinni til stuðnings vísar stefndi einnig til þess, að ósannað sé með öllu, að veikindi stefnanda á árinu 1989 og 1990 hafi ekki tengst þungun hennar, og beri stefnandi sönnunarbyrði fyrir þeirri fullyrðingu sinni, að veikindin hafi verið óskyld.

Loks bendir stefndi á, að stefnandi hafi hafið töku fæðingarorlofs 8. febrúar 1990. Fæðingarorlof sé launalaust leyfi, og í slíku leyfi eigi launþegar ekki rétt til launagreiðslna úr hendi vinnuveitanda síns, hvorki veikindalauna né annarra launa. Ljóst sé, að stefnandi hafi fengið tveggja mánaða viðbótarfæðingarorlof vegna veikinda á meðgöngu. Þessi réttur hafi verið samkvæmt 7. mgr. 16. gr. og K-lið 26. gr. almannatryggingalaga nr. 67/1971.

Forsenda fyrir greiðslu slíks fæðingarorlofs hafi verið, að stefnandi nyti ekki óskertra launa og hefði lagt niður launuð störf, sbr. 16. og 26. gr. laga nr. 67/1971. Launakrafa stefnanda fyrir sama tímabil fái því ekki staðist.

Varakröfu sína styður stefndi þeim rökum, að ósannað sé með öllu, að stefnandi hafi orðið fyrir fjárhagslegu tjóni þrátt fyrir launalausar fjarvistir sínar, þar eð hún hafi notið fulls fæðingarorlofs frá þeim tíma, sem hún féll af launaskrá stefnda. Þá hafi stefnandi fætt barn 21. mars 1990, og sé fráleitt að gera launakröfu á hendur vinnuveitanda fyrir þann dag. Krefst stefndi lækkunar eða niðurfellingar stefnufjárhæðar í samræmi við þessar staðreyndir.

Niðurstöður.

Í greinargerð sinni mótmælir stefndi harðlega þeim málatilbúnaði stefnanda að reka mál þetta fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, þar eð það sé hlutverk Félagsdóms að fjalla um og skýra efni kjarasamninga, en við munnlegan málflutning lýsti stefndi yfir, að hann krefðist ekki frávísunar af þessum sökum.

Í aðilaskýrslu stefnanda fyrir dóminum hefur komið fram, að Félag bókagerðarmanna standi straum af kostnaði við málsókn þessa. Þótt eðlilegt hefði verið í ljósi þessa, að aðilar hefðu lagt ágreining sinn um túlkun á kjarasamningnum undir Félagsdóm, þykir það ekki eiga að koma í veg fyrir, að stefnandi geti sótt fjárkröfu sína hér fyrir dómi.

Stefnandi reisir dómkröfur sínar á 5. gr. laga nr. 19/1979 og 6. kafla, gr. 6.2.3., í samningi Félags bókagerðarmanna annars vegar og Félags íslenska prentiðnaðarins og Vinnuveitendasambands Íslands hins vegar frá 25. mars 1988.

Ákvæði greinar 6.4.2. í kjarasamningi þessum er svohljóðandi: „Framangreind ákvæði koma í stað fyrri samningsákvæða um greiðslur í veikinda- og slysatilvikum, svo og ákvæði laga nr. 19/1979. Verði nefndum lögum breytt þannig á samningstímabilinu, að þau tryggi launþega frekari rétt en að framan greinir, þá gildir hinn lögboðni réttur.“ Ákvæði þetta er orðrétt samhljóða grein 7.3.3. í samningi milli Hins íslenska prentarafélags annars vegar og Félags íslenska prentiðnaðarins, Vinnuveitendasambands Íslands og Ríkisprentsmiðjunnar Gutenbergs hins vegar, sem undirritaður var 17. nóvember 1980.

Í samkomulagi milli samningsaðila, sem undirritað var sama dag sem fylgiskjal með samningi þessum, segir svo: „Samningsaðilar eru ásáttir um að leggja prófmál vegna ágreinings um rétt launþega til launa í sjúkdóms- og slysatilvikum fyrir gerðardóm, sbr. 10. gr. í samningi HÍP og FÍP. Ágrein-

ingur þessi er um hver réttindi launþegans eru skv. lögum nr. 19/1979 og/eða hliðstæðum ákvæðum kjarasamnings, þar sem réttur launþegans til greiðslu er skilgreindur á mismunandi veg. Ágreiningur varðar tímabilið frá gildistöku laganna til og með undirritunar kjarasamnings aðila frá 17. nóv. 1980."

Orðalag samkomulagsins verður ekki skilið öðruvísi en svo, að frá 17. nóvember 1980 skuli kjarasamningur aðila gilda um rétt launþega til launa í sjúkdóms- og slysatilvikum, en ekki ákvæði laga nr. 19/1979.

Í sérprentun af gildandi kjarasamningi Félags bókagerðarmanna frá 25. mars 1988, sem lögð hefur verið fram í málinu, eru prentaðir sem viðaukar við samninginn útdrættir úr fimm lögum, sem varða réttindi og starfskjör launafólks. Í útdrætti úr lögum nr. 19/1979 eru aðeins teknar upp fyrstu þrjár greinar laganna, en það bendir til, að aðilar samningsins telji ákvæði laganna um veikinda- og slysarétt starfsmanna víkja fyrir ákvæðum samningsins.

Með vísan til þessa er það álit dómsins, að um rétt stefnanda til greiðslu veikindalauna fari algerlega eftir ákvæðum 6. kafla kjarasamningsins, einkum grein 6.2.3.

Grein 6.2.3. er svohljóðandi: „Fastráðinn starfsmaður, sem ráðinn hefur verið hjá sama atvinnurekanda í þrjú ár samfellt, skal, ef hann forfallast frá vinnu vegna sjúkdóma eða slysa, njóta dagvinnulauna í allt að tvo mánuði og auk þess greiðslna vegna aukavinnu í allt að 7 vikur, s.s. fyrir er mælt í gr. 6.2.5."

Orðalag greinarinnar, „vegna sjúkdóma eða slysa" (í fleirtölu), bendir ótvírætt til þess, að ætlunin sé, að starfsmaður skuli njóta dagvinnulaunanna í tvo mánuði hið mesta án tillits til fjölda sjúkdóma eða slysa. Ekkert er að finna í öðrum ákvæðum nefnds 6. kafla, sem gefur ástæðu til að ætla, að aðilar hafi samið um, að nýjum veikindum fylgdi ávallt nýr réttur til veikindalauna.

Stefnandi heldur því fram í greinargerð, að gildandi kjarasamningar hafi alltaf verið túlkaðir þannig, að ef um óskyld veikindi sé að ræða, skerði það ekki heildarveikindarétt, sem menn njóti. Þannig veiti ný veikindi nýjan rétt til veikindalauna. Hvorki styður stefnandi fullyrðingu þessa rökum né reynir að öðru leyti að sanna hana.

Í aðilaskýrslu sinni fyrir dóminum kvaðst stefnandi ekki hafa kynnt sér, hvort einhverjum hafi verið greidd veikindalaun, vegna þess að hann hafi talið sig vera með nýjan sjúkdóm, og kvaðst ekki vita til, að það hefði verið gert. Hún kvaðst hafa fengið þær upplýsingar frá stéttarfélagi sínu, að stefnda bæri að greiða sér veikindalaun vegna hinna nýju veikinda.

Þorgeir Baldursson, prentsmiðjustjóri stefnda, gaf aðilaskýrslu fyrir dóm-

inum. Hann kvaðst hafa verið í samninganefnd af hálfu Félags íslenska prentiðnaðarins um árabil og fullyrti, að kjarasamningur bókagerðarmanna hefði alla tíð verið framkvæmdur hjá stefnda í samræmi við þá túlkun, að ný veikindi veittu ekki nýjan rétt, án þess að það væri nokkurt ágreiningsmál. Hafi þessi framkvæmd aldrei sætt neinum athugasemdum af hálfu Félags bókagerðarmanna og aldrei risið neinn ágreiningur, fyrr en mál þetta kom upp.

Vitnið Kristín Auðunsdóttir, sem verið hefur gjaldkeri hjá stefnda frá árinu 1975 og séð þar um launagreiðslur, kvaðst fyrir dóminum aldrei hafa heyrt um það, að ný veikindi gætu veitt nýjan rétt til veikindagreiðslna, fyrr en mál þetta hafi komið upp. Alltaf hafi verið talið, að starfsmaður með sama starfsaldur og stefnandi ætti tveggja mánaða veikindarétt á ársgrundvelli. Taldir hafi verið saman veikindadagarnir, og þegar tveir mánuðir voru komnir, hafi rétturinn verið búinn.

Að öllu framansögðu athuguðu er það álit dómsins, að stefnandi hafi 19. febrúar 1990 verið búin að nýta að fullu þann rétt til veikindalauna úr hendi stefnda, sem kjarasamningur bókagerðarmanna veitti henni, og beri því að sýkna stefnda af öllum kröfum hennar í máli þessu.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnanda til að greiða stefnda 76.000 kr. í málskostnað, og hefur þá verið tekið tillit til reglna um virðisaukaskatt.

Dómsorð:

Stefndi, Prentsmiðjan Oddi hf., skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Ingibjargar Sigurðardóttur, í máli þessu.

Stefnandi, Ingibjörg Sigurðardóttir, greiði stefnda, Prentsmiðjunni Odda hf., 76.000 kr. í málskostnað.

Fimmtudaginn 9. febrúar 1995.

Nr. 178/1992. **Alda Árnadóttir og**
Fjóla Guðmundsdóttir
(Jónas A. Aðalsteinsson hrl.)
gegn
Kreditkortum hf.
(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)

Víxilmál. Ábyrgð. Greiðslukort.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma Gunnlaugur Claessen hæstaréttardómari, Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari, og Björn Þ. Guðmundsson prófessor.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. apríl 1992. Þær krefjast þess aðallega, að þær verði sýknaðar af kröfu stefnda, til vara, að þær verði aðeins dæmdar til greiðslu 50.000 króna auk dráttarvaxta samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 21. júní 1990 til greiðsludags, og til þrautavara, að krafa stefnda verði lækkuð verulega. Í öllum tilvikum krefjast áfrýjendur málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að áfrýjendur verði dæmdar til að greiða óskipt málskostnað fyrir Hæstarétti að viðbættum virðisaukaskatti af málflutningsþóknun.

Héraðsdómi er ekki áfrýjað af hálfu Lilju Bjarkar Júlíusdóttur.

Málavextir eru raktir í héraðsdómi.

Áfrýjendur hafa lagt fram nokkur ný gögn og borið fram nýjar málsástæður fyrir Hæstarétti.

Í yfirlýsingu þeirri, er áfrýjendur undirrituðu í tengslum við tryggingarvíxilinn, er mál þetta fjallar um, og tekin er upp í héraðsdóm, felst tvennt. Annars vegar taka áfrýjendur að sér að ábyrgjast vanskil greiðslukortshafans, og hins vegar veita þeir stefnda umboð til að rita fjárhæð o. fl. á víxilinn, ef vanskil verða.

Sú vörn, að hærri fjárhæð hafi verið færð á víxilinn en heimilt er samkvæmt nefndri yfirlýsingu, rétt skýrðri, kemst ekki að í víxilmáli. Verður hún aðeins höfð uppi í endurkröfumáli vegna lögskipta að baki víxlinum.

Aðrar varnarástæður áfrýjenda en þær, sem tekin hefur verið afstaða til, komast ekki að í málinu.

Með þessum athugasemdum og að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann, að því er áfrýjendur varðar. Rétt er, að áfrýjendur greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

Það athugast, að málið var dómtekið í héraði 10. febrúar 1992. Dómur var ekki kveðinn upp fyrr en 16. mars 1992. Er þessi dráttur á uppkvaðningu dómsins aðfinnsluverður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, að því er varðar áfrýjendur, Öldu Árnadóttur og Fjólu Guðmundsdóttur.

Áfrýjendur greiði stefnda óskipt 80.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 16. mars 1992.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 10. febrúar 1992, er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 7. og 11. júní 1990, af Kreditkortum hf., kt. 440686-1259, Ármúla 28, Reykjavík, á hendur Lilju Júlíusdóttur, kt. 310154-3699, Framnesvegi 21, Reykjavík, Öldu Árnadóttur, kt. 151163-2709, Framnesvegi 21, Reykjavík, og Fjólu Guðmundsdóttur, kt. 301056-4279, Hraunbæ 102 d, Reykjavík.

II.

Stefnandi gerir þær dómkröfur, að stefndu verði in solidum dæmdar til greiðslu skuldar, að fjárhæð 631.975,07 kr., ásamt [nánar tilgreindum dráttarvöxtum svo og málskostnað].

Ekki er sótt þing af hálfu stefndu Lilju Júlíusdóttur. Verður því samkvæmt 118. gr. l. nr. 85/1936 að dæma mál þetta, að því er stefndu Lilju varðar, eftir fram lögðum skjölum og skilríkjum.

Stefndu Alda og Fjóla krefjast þess að verða sýknaðar af kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða þeim málskostnað [...].

Leitað hefur verið um sættir í málinu án árangurs.

III.

Mál þetta var þingfest á bæjarþingi Reykjavíkur 21. 6. 1990. Hinn 11. 10. 1990 var málinu úthlutað, en því endurúthlutað 5. 4. 1991 þeim dómara, sem nú fer með málið.

Á bæjarþingi 20. júní 1991 lagði sóknaraðili fram 13 skjöl í málið, sem eru kvaðningar til fyrirsvarsmanna stefnanda, þeirra Gunnars Bæringssonar framkvæmdastjóra og Finnbjörns Agnarssonar deildarstjóra, um að koma fyrir dóm, viðvaranir stefnanda til Lilju Júlíusdóttur varðandi reikning hennar, innköllun hans, svo og útskriftir.

Stefnandi mótmælti framlagningu framangreindra skjala á þeim forsendum, að þau hefðu ekki þýðingu fyrir mál þetta, sem rekið sé eftir 17. kafla laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. 208. gr. þeirra laga. Þá mótmælti hann sérstaklega kvaðningu þeirra vitna, sem að framan getur, væri það ætlunin að spyrja þau um efnisatriði, er ekki hefðu þýðingu í víxilmáli.

Hinn 1. júlí 1991 var kveðinn upp svohljóðandi úrskurður: „Skýrslutaka vitna verður ekki leyfð. Skjöl málsins nr. 12–19 hafa ekki þýðingu í máli þessu." Stefnendur kærðu úrskurðinn til Hæstaréttar. Með dómi Hæstaréttar, upp kveðnum 3. 10. 1991, var úrskurðurinn felldur úr gildi. Segir þar m. a.: „Efnisvarnir sóknaraðila byggjast á því í héraði, að umboð til að fylla víxileyðublaðið út hafi fallið niður 23. nóvember 1989, þar sem þá hafi ár verið liðið frá því að umboðið var gefið út, sbr. 34. gr. víxillaga nr. 93/1933 með lögjöfnun. Þá byggja þeir á því að varnaraðila hafi skort umboð til að fylla víxileyðublaðið út á þann hátt sem hann gerði. Auk þess hafi sóknaraðilar afturkallað umboðið til varnaraðila og séu úttektir Lilju Júlíusdóttur eftir þann tíma þeim óviðkomandi. Að lokum halda þeir því fram að víxillinn uppfylli ekki þær formkröfur sem gera verði til víxla af þessum toga." Og síðar: „Varnir þær sem uppi eru hafðar í héraði af sóknaraðilum lúta að útfyllingu varnaraðila á víxlinum, sbr. 10. gr. víxillaga nr. 93/1933, og umboði hans til þess. Varnir þessar komast að í víxilmáli samkvæmt 2. mgr. 208. gr. laga um meðferð einkamála í héraði."

IV.

Krafan er til komin vegna víxils, að fjárhæð 631.975,07 kr., sem gefinn er út og framseldur af stefndu Öldu 17. maí 1990 í Reykjavík, en samþykktur til greiðslu af stefndu Lilju við sýningu hjá Kreditkortum hf., Reykjavík. Víxillinn er ábektur af stefndu Fjólu. Víxillinn ber áritunina „Tryggingarvíxill v/Eurocard". Víxillinn er án afsagnar, en var afsagður af notarius publicus í Reykjavík 29. maí 1990 til sönnunar á sýningu víxilsins hjá Kreditkortum hf.

V.

Stefnandi rökstyður mál sitt því, að greiðslufall hafi orðið hjá stefndu, innheimtutilraunir vegna hins umstefnda víxils hafi ekki borið árangur, og sé því málshöfðun þessi nauðsynleg.

Um lagarök vísar stefnandi til 43. og 47. gr. laga nr. 93/1933 og 1. mgr. 47. gr. laga nr. 85/1936 og XVII. kafla sömu laga. Kröfu um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun reisir stefnandi á lögum nr. 50/1988, þar sem lögmönnum sé gert að innheimta virðisaukaskatt af þjónustu sinni. Stefnandi sé ekki virðisaukaskattsskyldur. Því beri honum nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefndu.

Stefndu Alda og Fjóla rökstyðja sýknukröfu sína í fyrsta lagi með því, að umboð til að fylla út víxileyðublaðið hafi fallið niður 23. nóvember 1989, en þann dag var ár liðið, frá því að umboðið var gefið, og vísa um þetta atriði til 34. gr. víxillaga nr. 93/1933 per analogiam.

Í öðru lagi telja stefndu, að í byrjun vetrar 1989 hafi ábyrgð beggja verið afturkölluð á kortaúttekt stefndu Lilju. Þeim séu því óviðkomandi skuldir stefndu Lilju við stefnanda, sem stofnað er til eftir þann tíma. Stefndu kveða, að af gögnum málsins virðist sem víxileyðublaðið hafi verið fyllt út samkvæmt skuldastöðu stefndu Lilju löngu síðar. Sé þessi útfylling ólögmæt, en stefnanda hafi skort umboð til að fylla út víxileyðublaðið með þeim hætti, sem hann gerði, sbr. 10. gr. víxillaga nr. 19/1933.

Stefndu halda því fram, að varnir þessar komist að í máli þessu, þótt víxilmál sé, en gera áskilnað um sérstakt bótamál á hendur stefnanda til endurheimtu þess fjár, sem hann kann að vinna úr hendi stefndu, komist varnir ekki að.

Í þriðja lagi er því haldið fram, að víxillinn fullnægi ekki þeim formkröfum, sem gera verði til víxla af þessum toga. Við munnlegan flutning er málsástæða þessi rökstudd með vísan til þess, að greiðslustaður víxilsins sé ekki nægjanlega tilgreindur, þar sem þess er aðeins getið, að hann skuli greiða hjá Kreditkortum hf., Reykjavík. Víxilinn hafi átt að sýna á heimili stefndu, Framnesvegi 21, Reykjavík.

Í greinargerð stefnanda er því mótmælt, að varnir þær, sem hafðar eru uppi, falli undir þær, sem leyfilegar eru samkvæmt 208. gr., 2. mgr., eml. nr. 85/1936. Þeirri málsástæðu stefndu, er lýtur að formhlið víxilsins, er mótmælt sem rangri og of seint fram kominni, þar sem telja verði, að hennar sé fyrst getið við munnlegan flutning málsins.

VI.

Mál þetta er víxilmál, rekið skv. XVII. kafla laga nr. 85/1936. Víxlinum er rétt lýst í stefnu, og fullnægir hann formskilyrðum 1., sbr. 2. gr., l. nr. 93/1933, enda telst tilgreining greiðslustaðar nægjanleg.

Við víxilinn er fest svohljóðandi yfirlýsing/umboð, sem allir stefndu hafa skrifað undir 23. nóvember 1988: „Við undirritaðar, útgefandi, samþykkj-

andi og ábekingur viðfests víxileyðublaðs, sem yfirlýsingu þessari fylgir, lýsum hér með yfir, að víxileyðublað þetta, sem á vantar dagsetningu og fjárhæð, er Kreditkortum hf. hér með afhent vegna notkunar samþykkjanda á Eurocard-kreditkorti, sem gefið er út á nafn hans. Ef til vanskila kemur, er Kreditkortum hf. heimilt að breyta vanskilaskuldinni í víxilskuld og nota til þess þetta víxileyðublað, dagsetja það og setja á það fjárhæð, stimpla og gera það þannig að fullgildum víxli."

Því er haldið fram, að stefndu Alda og Fjóla hafi afturkallað ábyrgð sína á kortaúttekt stefndu Lilju gagnvart stefnanda síðla í nóvember eða í byrjun desember 1989 og að þeim séu því í máli þessu óviðkomandi skuldir stefndu Lilju eftir þann tíma. Með fullyrðingu þessari verður að ætla, að stefndu telji, að þar með hafi heimild stefnanda til útfyllingar á víxlinum fallið niður. Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 208. gr. eml. nr. 85/1936 verður ekki önnur ályktun dregin af dómi Hæstaréttar frá 3. október 1991 en þessi vörn komist að í málinu, og verður hún því tekin til efnisúrlausnar. Gegn mótmælum stefnanda verður ekki fallist á þá málsástæðu, enda ekkert komið fram í málinu, sem styður þá fullyrðingu stefndu, að ábyrgðin hafi fallið niður.

Ekki verður heldur fallist á þá málsástæðu stefndu, að lögjöfnun frá 34. gr. laga nr. 93/1933 leiði til þess, að umboð stefnanda til útfyllingar á víxlinum hafi fallið niður, er ár var liðið frá útgáfu ofannefndrar yfirlýsingar.

Því er jafnframt haldið fram af hálfu stefndu, að útfylling víxilsins sé ekki í samræmi við títtnefnda yfirlýsingu. Telja verður, að þegar víxill er afhentur, án þess að hann sé að öllu leyti útfylltur, felist í afhendingunni umboð til víxilhafa að fylla í eyðuna. Sú málsástæða, að víxill hafi verið útfylltur andstætt heimild, varðar lögskiptin, sem liggja að baki víxlinum, og kemst ekki að samkvæmt 2. mgr. 208. gr. eml. nr. 85/1936. Ber því að taka kröfur stefnanda, sem er lögformlegur handhafi víxilsins, til greina með vöxtum, eins og krafist er.

Eftir atvikum þykir málskostnaður hæfilega ákveðinn 120.000 kr.

Sigrún Benediktsdóttir, ftr. yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan.

Uppkvaðning dóms þessa hefur dregist sökum embættisanna dómarans.

Dómsorð:

Stefndu, Lilja Júlíusdóttir, Alda Árnadóttir og Fjóla Guðmundsdóttir, greiði stefnanda, Kreditkortum hf., in solidum 631.975,07 kr. ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 af 580.659,78 kr. frá 29. maí 1990 til greiðsludags og 120.000 kr. í málskostnað, þar með talinn virðisaukaskatt, en auk þessa 1.580 kr. í stimpilgjald og 365 kr. í afsögn. Málskostnaðarfjárhæð beri dráttar-

vexti skv. III. kafla vaxtalaga frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Viðurkenndur er réttur stefnanda til að leggja áfallna dráttarvexti við höfuðstól skuldarinnar og höfuðstól málskostnaðar á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 12 mánuðum eftir upphafsdag vaxtanna.

Fimmtudaginn 9. febrúar 1995.

Nr. 446/1994. **Ákæruvaldið**
(Egill Stephensen saksóknari)
gegn
Lárusi Stefánssyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Ávana- og fíkniefni. Refsiákvörðun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma Gunnlaugur Claessen hæstaréttardómari, Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari, og Björn Þ. Guðmundsson prófessor.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 2. nóvember 1994. Af hálfu ákærða var málinu upphaflega áfrýjað „til endurskoðunar á niðurstöðum, sem byggðar eru á mati á sönnunargildi annarra gagna en munnlegs framburðar fyrir héraðsdómi sem og endurskoðunar á ákvörðun viðurlaga". Með yfirlýsingu 26. janúar sl. lýsti ákærði yfir, að fallið væri frá kröfu um endurskoðun á sakarmati héraðsdómara. Fellst ákærði á niðurstöðu hans um sakfellingu, að því er tekur til innflutnings á 1000 skömmtum af lýsergíði (LSD) frá Hollandi hingað til lands, og um sýknu af þeim þætti ákæru að hafa selt 430 skammta af efninu. Endanleg krafa ákærða er sú, að refsing sín samkvæmt héraðsdómi verði milduð. Af hálfu annarra ákærðu hefur héraðsdómi ekki verið áfrýjað.

Ákæruvaldið krefst þyngingar á refsingu ákærða og að hann verði dæmdur til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar málsins, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs. Ekki er áfrýjað til sakfellingar samkvæmt þeim hluta ákæru, sem héraðsdómari sýknar ákærða af.

Málavöxtum er lýst í hinum áfrýjaða dómi, og er brot ákærða réttilega heimfært til refsiákvæða.

Með héraðsdómi er ákærði sakfelldur fyrir innflutning á miklu magni af LSD hingað til lands í þeim tilgangi að selja efnið. Stóð ákærði að þessum innflutningi á hættulegu efni í samvinnu við annan mann. Með broti sínu hefur ákærði jafnframt rofið skilorð dóms frá 23. september 1993, þar sem honum var gert að sæta fangelsi í

fjóra mánuði fyrir brot á almennum hegningarlögum nr. 19/1940, þar af tvo mánuði skilorðsbundið. Verður ekki séð, að skilorðsbundni hluti dómsins hafi verið dæmdur með í dómi yfir ákærða, sem kveðinn var upp 15. október 1993 né heldur hafi þessa verið gætt við ákvörðun refsingar samkvæmt hinum áfrýjaða dómi.

Verður refsing ákærða ákveðin með vísan til 60. gr., 1., 3., 5. og 6. tl. 1. mgr. og 2. mgr. 70. gr., og 77. gr. almennra hegningarlaga. Samkvæmt þessu, sakaferli ákærða og með vísan til 3. mgr. 159. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. 19. gr. laga nr. 37/1994, telst refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 24 mánuði.

Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms um upptöku efna og sakarkostnað. Þá ber að dæma ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar málsins, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Ákærði, Lárus Stefánsson, sæti fangelsi í 24 mánuði. Til frádráttar refsingunni skal koma 11 daga gæsluvarðhald, er ákærði sætti.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um upptöku ávana- og fíkniefnis og um sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 23. september 1994.

Ár 1994, föstudaginn 23. september, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Guðjóni St. Marteinssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-540/1994: Ákæruvaldið gegn X, Lárusi Stefánssyni og Y, en málið var tekið fyrir 2. september sl.

Málið er höfðað með tveimur ákæruskjölum, hinu fyrra dagsettu 16. ágúst 1994, á hendur

„1. X [...],

2. Lárusi Stefánssyni, Ásgarði 73, Reykjavík, kennitala 180773-3989, og

3. Y[...]

fyrir eftirtalin brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni:

I.

Ákærðu X og Lárusi er gefið að sök að hafa 30. desember 1993 flutt um 1000 skammta af lýsergíði (LSD) hingað til lands frá Amsterdam, þar sem þeir keyptu efnið, í því skyni að selja það hérlendis með hagnaði, daginn eftir skipt efninu með sér að jöfnu í Reykjavík og ráðstafað því með eftirgreindum hætti:

A. Ákærði X:
Selt ótilgreindu fólki samtals um 170 skammta á 1000–1500 kr. hvern skammt, gefið samtals um 40 skammta, haft 100 skammta af efninu í vörslum sínum í bifreiðinni Ö-1094 við handtöku 14. janúar 1994 á Kringlumýrarbraut í Reykjavík og haft 181 skammt í geymslu að Óttuhæð 9 í Garðabæ, þar sem lagt var hald á þá síðar sama dag.

B. Ákærði Lárus:
Selt samtals 430 skammta af efninu ótilgreindu fólki á 1000 kr. hvern skammt og átt 55 skammta eftir í vörslum sínum á þáverandi dvalarstað sínum að Hraunbæ 182 í Reykjavík, er lögregla gerði þar húsleit aðfaranótt 15. janúar 1994.

– – –

III.

Framangreind brot ákærðu teljast varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. lög nr. 60/1980, sbr. 9. gr. laga nr. 75/1982, sbr. lög nr. 13/1985 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 16/1986.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar. Þess er enn fremur krafist, að framangreint lýsergíð, sem lagt var hald á, samtals 336 skammtar, verði gert upptækt, og jafnframt, að ákærði Lárus sæti upptöku á 40.000 kr., sem hann aflaði með sölu lýsergíðs, samkvæmt 5. og 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 og 2. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 16/1986.“

– – –

Niðurstöður.

– – –

Dómurinn telur sannað með framburði ákærða Lárusar undir frumrannsókn málsins, sem studdur er framburði meðákærða X, sem rakið var, og jafnframt studdur öðrum gögnum málsins, að ákærði hafi framið þá háttsemi, sem í ákæru greinir, utan ekki er sannað gegn eindreginni neitun

ákærða, að hann hafi selt þá 430 skammta af LSD, sem ákært er út af. Ákærði Lárus er því sýknaður af þeim þætti þessa kafla ákæru, en sakfelldur að öðru leyti, þ. á m. að hafa staðið að innflutningi efnisins til landsins í söluskyni.

– – –

Ákærði Lárus hefur hafnað upptökukröfu á 40.000 kr. Svo sem rakið var, bar ákærði Lárus hjá lögreglu, að hann hefði fengið 40.000 kr. frá meðákærða X af sölu fíkniefna, en hann hefði vonast til að fá um 500.000 kr. í sinn hlut af fíkniefnasölunni. Meðákærði X bar, að ákærði Lárus hefði sjálfur ætlað að annast dreifingu á sínum efnishluta. Þótt líklegast sé, að ákærði Lárus hafi selt hluta af þeim 500 skömmtum af LSD, sem komu í hans hlut, enda vakti það fyrir honum með kaupum og flutningi efnisins til landsins, er salan ekki sönnuð, svo sem rakið var að framan. Dómurinn telur því ekki hægt að fullyrða gegn eindreginni neitun ákærða fyrir dómi og eins og framburði meðákærða X er háttað, að hluti þess fjár, sem lagt var hald á við húsleit á heimili ákærða aðfaranótt 15. janúar sl., sé andvirði seldra fíkniefna. Þá verður ekki heldur fullyrt, að ákærði hafi selt fíkniefni fyrir jafnvirði 40.000 kr. og þannig skapað skilyrði fyrir því að beita jafnvirðisupptöku, sbr. 3. mgr. 69. gr. almennra hegningarlaga.

Með vísan til alls ofanritaðs er hafnað upptökukröfu ákæruvaldsins á 40.000 kr.

– – –

Ákærði Lárus hefur frá árinu 1990 hlotið sex refsidóma fyrir skjalafals, þjófnað, líkamsárás og fjársvik. Fjórir fyrstu dómarnir voru skilorðsbundnir, en þar af voru þrír dómar hegningaraukar. Ákærði hlaut síðan fjögurra mánaða fangelsisdóm í september 1993, þar af voru tveir mánuðir skilorðsbundnir. Loks hlaut ákærði átta mánaða fangelsisdóm fyrir þjófnað 15. október sl.

– – –

Refsing ákærða Lárusar þykir með hliðsjón af sakaferli hans hæfilega ákvörðuð 18 mánaða fangelsi, en til frádráttar refsivistinni komi 11 daga gæsluvarðhald ákærða.

Vegna frádráttar gæsluvarðhaldsins vísast til 76. gr. almennra hegningarlaga.

Dómsorð:

– – –

Ákærði Lárus Stefánsson sæti fangelsi í 18 mánuði, en til frádráttar refsivist komi 11 daga gæsluvarðhald hans.

– – –

Ákærði Lárus greiði 50.000 kr. í málsvarnarlaun Helga Jóhannessyni héraðsdómslögmanni.

– – –

Sakarkostnað að öðru leyti greiði ákærðu óskipt, þ. á m. 50.000 kr. í saksóknarlaun, sem renni í ríkissjóð.

Fimmtudaginn 9. febrúar 1995.

Nr. 477/1994. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Hafþóri Hafdal Jónssyni
(Jón Oddsson hrl.)

Líkamsárás. Sönnun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma Gunnlaugur Claessen hæstaréttardómari, Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari, og Björn Þ. Guðmundsson prófessor.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 29. nóvember 1994. Áfrýjar ákærði málinu í heild sinni, bæði að því er varðar sakarmat og refsiákvörðun og krefst sýknu.

Af hálfu ákæruvalds var upphaflega krafist þyngingar á refsingu ákærða. Við flutning málsins fyrir Hæstarétti krafðist saksóknari staðfestingar héraðsdóms og að ákærði yrði dæmdur til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar, þar á meðal saksóknarkostnaðar til ríkissjóðs.

Í hinum áfrýjaða dómi er gerð grein fyrir framburði ákærða og vitna fyrir dómi og skýrslum nokkurra þeirra hjá lögreglu. Kemur niðurstaða héraðsdómara um sönnunargildi þessa framburðar fyrir dómi ekki til endurmats Hæstaréttar, sbr. 4. mgr. 159. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. 19. gr. laga nr. 37/1994, og ekki er tilefni til úrræða samkvæmt 5. mgr. 159. gr. sömu laga. Önnur sönnunargögn, sem sakfelling ákærða er reist á, gefa ekki tilefni til annarrar niðurstöðu en þeirrar, sem í héraðsdómi felst.

Samkvæmt þessu verður hinn áfrýjaði dómur staðfestur og ákærði dæmdur til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Hafþór Hafdal Jónsson, greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 25.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir

Hæstarétti, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 9. nóvember 1994.

Sýslumaðurinn í Hafnarfirði gaf út ákæru í máli þessu 14. september sl. Málið var höfðað með birtingu hennar fyrir ákærða 21. september, þingfest 27. sama mán. Það var tekið til dóms að lokinni aðalmeðferð 28. október sl.

Ákærður er Hafþór Hafdal Jónsson, kt. 240964-5899, Miðvangi 41, Hafnarfirði, „fyrir líkamsárás með því að hafa aðfaranótt sunnudagsins 27. febrúar 1994 að Hringbraut 58, Hafnarfirði, ráðist á Ásgeir Agnarsson, kt. 261264-3589, og slegið hann nokkur hnefahögg í andlitið með þeim afleiðingum, að hann fékk tvo skurði í andlit, sem þurfti að sauma, auk þess sem hann marðist og bólgnaði kringum hægra auga.

Telst brot þetta varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 10. gr. laga nr. 20/1981.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar."

Svo segir í ákæruskjali.

– – –

Um málsatvik.

Síðla aðfaranætur sunnudagsins 27. febrúar 1994 kom allstór hópur fólks saman á heimili Þórs Kristjánssonar og Brynhildar Fjólu Hallgrímsdóttur að Hringbraut 58, Hafnarfirði. Flestir eða allir, sem þarna komu saman, höfðu verið að skemmta sér á Fjörukránni og farið heim til Þórs og Brynhildar Fjólu, þegar veitingastaðnum var lokað. Allt var fólkið meira eða minna undir áhrifum áfengis. Meðal gesta voru ákærði í máli þessu og ætlaður árásarþoli, Ásgeir Þór Agnarsson.

Í frumskýrslu lögreglunnar í Hafnarfirði um málið kemur fram, að hún var beðin um skjóta aðstoð að Hringbraut 58 kl. 4.43. „Þarna voru slagsmál í gangi og lögreglan beðin um að koma á vettvang. Á vettvangi hittum við húsráðanda og Ásgeir [Agnarsson], þarna var töluvert af fólki að skemmta sér. Meintur árásaraðili var farinn af vettvangi, en okkur var tjáð að hann héti Hafþór Jónsson ... Ásgeir tjáði okkur að hann hefði verið að tala við Hafþór og ekki haldið annað en að þeir væru vinir, en hann tjáði okkur að Hafþór hefði allt í einu ráðist á sig án nokkurs tilefnis og lamið sig í andlitið nokkrum sinnum."

Lögreglan fór með Ásgeir Þór Agnarsson á slysadeild Borgarspítalans. Í málinu liggur frammi vottorð Magnúsar Páls Albertssonar læknis, dags. 11. júlí 1994. Þar kemur fram, að Ásgeir kom á slysadeild kl. 5.15. „Kvaðst hann hafa orðið fyrir líkamsárás í miðbæ Hafnarfjarðar skömmu fyrir

komu, en kveðst ekki muna atburði við skoðun hér á slysadeild. Við skoðun kom í ljós skurður hægra megin á enni u. þ. b. 2½ cm að lengd. Veruleg bólga og mar í kringum hægra auga og grunnur skurður u. þ. b. 1½ cm að lengd utanvert undir hægra auga. Það var smásár á nefi, rispur á enni og sjúklingur aumur yfir vinstra kinnbeini." Í vottorðinu er lýst aðgerðum, en síðan sagt, að Ásgeir hafi ekki leitað aftur á slysadeild vegna þessa, að því er best verði séð. Enn segir í vottorðinu: „Það vottast að ofannefndir áverkar geta samrýmst lýsingu á tildrögum. Þeir gætu þannig hæglega stafað af höggum, t. d. hnefahöggum. Áverkarnir voru ekki alvarlegir og ólíklegt að þeir skilji eftir varanleg mein eða skerði starfsgetu. Skurðirnir munu hins vegar að sjálfsögðu skilja eftir sig ör."

Ásgeir Þór Agnarsson gaf skýrslu fyrir rannsóknarlögreglunni í Hafnarfirði mánudaginn næstan eftir atburðinn, 28. febrúar. Segir hann þar svo frá, að þeir ákærði hafi verið staddir inni í stofu og hann, Ásgeir, setið þar í sófa, þegar ákærði hafi rokið upp og slegið sig í andlitið. Segist mætti svo ekki muna miklu meira, nema hann hafi labbað fram og þá mikið blætt úr andliti sér. Kvaðst Ásgeir kæra nefndan Hafþór Jónsson til refsingar fyrir árás á sig.

Skýrslur fyrir lögreglu og dómi.

Rannsóknarlögreglan í Hafnarfirði yfirheyrði ákærða 3. mars, en síðan tók hún skýrslur af nokkrum vitnum: Þór Kristjánssyni, húsráðanda á Hringbraut 58, f. 1962, og nokkrum gestum: Smára Adolfssyni, f. 1955, Gabríelu Elísabetu Þorbergsdóttur, f. 1962, Birni Viðari Ólasyni, f. 1973. Öll hafa þau gefið skýrslu fyrir dómi nema Smári Adolfsson, en af skýrslu hans fyrir lögreglu má ráða, að hann hafi verið ofurölvi og hugstola í samkvæminu. Auk framantalinna manna og ætlaðs árásarþola hafa komið fyrir dóminn sem vitni Sigurður Ásgeir Runólfsson, f. 1960, Brynhildur Fjóla Hallgrímsdóttir, sambýliskona Þórs Kristjánssonar, f. 1971, og Guðmundur Emil Jónsson, f. 1964.

Framburður þessara manna er ekki á einn veg. Þykir dómara nauðsyn til bera að gera allýtarlega grein fyrir honum.

Ákærði, Hafþór Hafdal Jónsson, hefur neitað sakargiftum bæði fyrir lögreglu og dómi. Hann kvaðst hvorki hafa slegið Ásgeir Þór Agnarsson né veitt honum þá áverka, sem lýst er í ákæru. Fyrir dóminum bar hann, að Ásgeir hefði í samkvæminu verið að abbast upp á menn. Hann kvaðst hafa setið á stól inni í stofu, en Ásgeir skáhallt á móti sér. Ásgeir hefði borið á sig, að hann, ákærði, hefði stolið frá sér áfengi. Deila þeirra hefði vaxið orð af orði og Ásgeir orðið æstur. Hann hefði staðið upp og augsýnilega ætlað „annaðhvort að veita mér högg eða rífa í mig". Ákærði kveðst hafa talið sér

þann kost vænstan að verja hendur sínar, og því hefði hann gripið framan í brjóstið á Ásgeiri, þegar hann kom að sér, og skutlað honum út á gólf. Við þetta hefði Ásgeir fallið á grúfu og hálfvankast. Hann hefði þó fljótt staðið á fætur. Þór húsráðandi hefði þá komið og sagt Ásgeiri, að nóg væri komið og að hann skyldi koma sér út. Ásgeir hefði þá orðið alveg brjálaður, og þeir Þór hefðu tuskast. Þór hefði dregið hann í átt að útidyrum. Þar hefði Ásgeir rekið höfuðið í dyrakarminn. Ákærði kvaðst ekki geta fullyrt, hvort Þór hefði ýtt við honum eða Ásgeir hrasað, en hann hefði dottið á útigrill (kolagrill), sem staðið hefði fyrir framan útidyr. Ákærði kvaðst hafa séð, að mikið blæddi úr Ásgeiri, er hann stóð upp. Þór hefði þá tekið hann inn aftur og farið með hann inn á salerni, en sig hefði hann rekið út.

Frásögn ákærða fyrir lögreglu var mjög á sama veg. Í henni segir ákærði þó, að hann hafi það eftir Þór Kristjánssyni, að Ásgeir hafi lent á grillinu. Fyrir dómi bar hann, að Þór hefði viðurkennt fyrir sér, að Ásgeir hefði fallið á grillið.

Ákærði kvaðst hafa verið ölvaður, en muna þó atvik að mestu leyti. Hann tók fram, að ekki hefði blætt úr Ásgeiri, fyrr en hann stóð upp, eftir að hafa fallið á grillið.

Vitnið Ásgeir Þór Agnarsson kvaðst muna lítið eftir, hvað gerðist umrædda nótt. Hann kveðst þó muna, að hann hefði verið inni í stofu í návist þeirra ákærða og Þórs Kristjánssonar. Hann bar, að hann hefði „ábyggilega rotast við höggið þarna inni í stofunni". Hann kvaðst muna eftir að hafa rankað við sér frammi á gangi og að hafa verið inni á salerni mikið blóðugur. Hann minntist þess ekki að hafa farið með Þór Kristjánssyni út eða út í dyr og ekki eftir því, að Þór hefði haft af sér afskipti. Hann kvaðst ekki heldur minnast þess að hafa ögrað ákærða í samkvæminu, en minntist þess hins vegar, að með þeim hefðu orðið væringar niðri á Fjörukrá þremur vikum áður. Þegar vitnið var spurt, hvort það gæti staðfest, að ákærði hefði slegið það, svaraði það: „Ja, ég átti ekkert sökótt við Þór. Ég er bara sleginn út af laginu." Kvaðst vitnið vera visst um að hafa verið slegið í stofunni, það hefði setið þar í sófa, og „þar svíf ég út af vegna höggs".

– – –

Niðurstöður.

Ákærði hefur borið að hafa hrundið Ásgeiri Þór Agnarssyni í samkvæminu á Hringbraut 58 aðfaranótt 27. febrúar 1994, svo að hann féll í gólfið og hálfvankaðist. Framburður ákærða fer að þessu leyti ekki í bága við vætti vitna. Með vitnisburði vitnanna Þórs Kristjánssonar, Gabríelu Elísabetar Þorbergsdóttur, Björns Viðars Ólasonar og Guðmundar Emils Jónssonar er sannað, að átök urðu milli ákærða og Ásgeirs Þórs og að hinn síðarnefndi

hlaut verulega áverka á andliti í þeirri viðureign. Vætti Ásgeirs Þórs Agnarssonar og Brynhildar Fjólu Hallgrímsdóttur styðja þetta og, svo langt sem þau ná. Ber hér að leggja til grundvallar greinargóðan framburð vitnanna Björns Viðars og Gabríelu Elísabetar fyrir lögreglu og fyrir dómi, en vætti hinna fjögurra styðja niðurstöðu um sönnun. Athuga ber, að vitnisburð Þórs Kristjánssonar verður að meta með tilliti til, að hann kunni að hafa haft ástæðu til að bera af sér sakir, og einnig með tilliti til þess, að hann og ákærði eru æskuvinir.

Vætti Sigurðar Ásgeirs Runólfssonar er mjög á annan veg en vitnisburður annarra vitna. Vitnið sá ekki, að Ásgeir Þór félli á útigrill, og framburður þess um, að Ásgeir hefði rekist utan í dyrakarm, var óstöðugur. Vætti Sigurðar Ásgeirs verður því ekki metið trúverðugt að því leyti, sem það fer í bága við vætti annarra vitna.

Að framanrituðu athuguðu þykir dómara efalaust, að áverkar Ásgeirs Þórs Agnarssonar, eins og þeim er lýst í ákæru, séu afleiðingar af árás ákærða á hann. Fram lagt læknisvottorð styður þetta. Er það niðurstaða dómara, að sannað sé, að ákærði hafi gerst sekur um líkamsárás, og varði brot hans við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 10. gr. laga nr. 20/1981, eins og talið er í ákæru.

Ákvörðun refsingar.

Ákærði hefur tvisvar gengist undir dómsátt vegna umferðarlagabrota, á árunum 1982 og 1983. Öðrum refsingum hefur hann ekki sætt, svo að vitað sé.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin eins mánaðar varðhald, en rétt þykir að skilorðsbinda refsinguna í tvö ár samkv. 57. gr. almennra hegningarlaga, svo sem nánar greinir í dómsorði.

Sakarkostnað ber að dæma ákærða til að greiða allan. Undir hann fellur málsóknarkostnaður í ríkissjóð, sem skal vera 50.000 kr., og málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Jóns Oddssonar hrl., sem skulu og vera 50.000 kr. auk virðisaukaskatts.

Finnur Torfi Hjörleifsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði, Hafþór Hafdal Jónsson, sæti 30 daga varðhaldi. Fullnustu þeirrar refsingar skal fresta og hún falla niður að liðnum tveimur árum frá lögbirtingu dóms þessa, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þ. m. t. saksóknarlaun í ríkissjóð, 50.000 kr., og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Oddssonar hrl., 50.000 kr., auk virðisaukaskatts.

Fimmtudaginn 9. febrúar 1995.

Nr. 176/1993. **Herluf Clausen**
(Kjartan Reynir Ólafsson hrl.)
gegn
Guðjóni Ármanni Jónssyni

Víxlar. Greiðslustaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Markús Sigurbjörnsson og Bjarni K. Bjarnason, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut þessu máli til Hæstaréttar með stefnu 4. maí 1993. Hann krefst sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Í víxli þeim, sem stefndi reisir á kröfur sínar, segir, að hann skuli greiða í „Landsbanka Íslands, Reykjavík". Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að fallast á, að með þessum orðum hafi greiðslustaður verið nægilega tilgreindur samkvæmt 5. tölul. 1. gr. víxillaga nr. 93/1933.

Áfrýjandi telur, að þessi fyrirmæli um greiðslustað verði að skilja á þann hátt, að fyrst annað sé ekki tekið fram í víxlinum, hafi átt að greiða hann í aðalbanka Landsbanka Íslands við Austurstræti í Reykjavík. Af þeim sökum hafi víxillinn ekki verið sýndur á réttum stað til greiðslu á gjalddaga, þar sem óumdeilt sé, að hann hafi þá verið til innheimtu í útibúi Landsbankans að Suðurlandsbraut 18 í Reykjavík.

Með 5. tölul. 1. gr. víxillaga er ekki girt fyrir, að tilgreindir séu í víxli tveir eða fleiri greiðslustaðir. Er þá á valdi víxilhafa að ákveða, á hverjum hinna tilgreindu staða víxillinn verði sýndur til greiðslu, og er nægilegt, að það sé gert á einum þeirra. Líta verður svo á, að með tilgreiningu greiðslustaðar í víxli þeim, sem mál þetta varðar, hafi áfrýjandi sem útgefandi lagt á vald víxilhafa að ákveða, í hvaða afgreiðslu Landsbanka Íslands í Reykjavík víxillinn yrði sýndur til greiðslu. Veldur það því stefnda ekki réttarspjöllum, að hann lét

gera það í því útibúi Landsbankans, sem áður getur, fremur en í aðalbanka.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm. Verður áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda málskostnað, svo sem í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Herluf Clausen, greiði stefnda, Guðjóni Ármanni Jónssyni, 150.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 31. mars 1993.

Mál þetta, sem tekið var til dóms miðvikudaginn 24. mars sl., hefur Guðjón Ármann Jónsson, kt. 061248-3079, Ljárskógum 29, Reykjavík, höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur með stefnu, birtri 12. nóvember 1992, á hendur Herluf Clausen, kt. 130944-5159, Hofsvallagötu 1, Reykjavík.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi greiði sér 1.000.000 kr. ásamt [nánar tilgreindum dráttarvöxtum, stimpilgjaldi og málskostnaði].

Dómkröfur stefnda er þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða sér málskostnað [...].

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

1.0.

Stefnandi segir skuld þessa vera samkvæmt víxli, að fjárhæð 1.000.000 kr., út gefnum í Reykjavík 25. ágúst 1992 af stefnda, Herluf, og samþykktum af Sportvali hf. til greiðslu 15. október 1992 í Landsbanka Íslands, Reykjavík, ábektum af útgefanda og afsögn sé óþörf.

Innheimtutilraunir hafa eigi borið árangur.

Krafa um virðisaukaskatt af málflutningsþóknun sé reist á lögum nr. 50/1988. Stefnandi sé ekki virðisaukaskattsskyldur, og beri honum því nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefnda.

Mál þetta sé höfðað á grundvelli víxillaga nr. 93/1933 og rekið samkvæmt þeim og XVII. kafla laga nr. 19/1991.

2.0.

Stefndi segir, að sýknukrafa sín sé studd því, að víxill sá, sem stefnt sé til greiðslu á í máli þessu, sé víxill, sem vistaður sé í Landsbanka Íslands, Reykjavík, þ. e. aðalbanka, Austurstræti 11 í Reykjavík. Víxillinn sé út gefinn af stefnda 25. ágúst 1992 og framseldur, en samþykktur af Sportvali hf. til greiðslu 15. október 1992 í Landsbanka Íslands, Reykjavík.

Víxill þessi hafi verið til innheimtu í Landsbanka Íslands, útibúinu Suðurlandsbraut 18, Reykjavík (0138), sem hafi eitt haft hann í sínum vörslum, þar til stefnandi hafi tekið við vörslu hans til að hefja innheimtuaðgerðir. Víxillinn hafi ekki verið sýndur til greiðslu á greiðslustað lögum samkvæmt, sbr. 91. gr. laga nr. 93/1933, sem leiði til þess, að víxilréttur sé niður fallinn fyrir vangeymslu gagnvart stefnda samkvæmt 1. mgr. 53. gr., sbr. 4. gr., 38. gr. og 2. mgr. 46. gr. laga nr. 93 frá 1933. Sú athugasemd, að víxillinn sé „án afsagnar", breyti engu hér um.

Af því, sem nú hafi verið rakið, og með vísan til tilvitnaðra gagna og lagagreina megi ljóst vera, að sýkna beri stefnda af öllum kröfum stefnanda í víxilmáli þessu.

3.0.

Forsendur og niðurstaða.

Mál þetta er rekið samkvæmt XVII. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Samkvæmt 2. mgr. 118. gr. laganna getur stefndi haft uppi varnir um aðferðina til að halda víxilkröfu í gildi og önnur atriði, sem eru skilyrði til að koma fram víxilrétti eftir víxillögum. Varnir stefnda, reistar á vangeymslu víxilsins, komast því að í máli þessu.

Óumdeilt er í málinu, að umræddur víxill er út gefinn af Herluf Clausen og samþykktur af Sportvali hf. til greiðslu 15. október 1992 í Landsbanka Íslands, Reykjavík. Þá er einnig óumdeilt, að víxillinn hafi verið í vörslum Landsbanka Íslands, útibúinu við Suðurlandsbraut 18, Reykjavík, til innheimtu og sýningar á gjalddaga. Var víxillinn í vörslum útibúsins, allt þar til stefnandi tók við honum og hóf innheimtuaðgerðir.

Á víxilinn er skráð: „Víxillinn greiðist í Landsbanka Íslands, Reykjavík." Deila aðila málsins snýst um það, hvort greiðslustaður víxilsins hafi verið í aðalbanka Landsbanka Íslands í Reykjavík eða útibúi hans að Suðurlandsbraut 18 í Reykjavík. Af hálfu stefnda er því haldið fram, að greiðslustaður víxilsins hafi verið í aðalbanka, og hafi víxillinn því ekki verið sýndur á réttum stað til greiðslu skv. 38. gr. víxillaga nr. 93/1933. Af þessum sökum hafi stefnandi glatað víxilrétti sínum á hendur stefnda fyrir vangeymslu, sbr. 1. mgr. 53. gr. sömu laga.

Samkvæmt 5. tölulið 1. gr. víxillaga nr. 93/1933 er það eitt af formskilyrðum víxils, að tilgreindur sé greiðslustaður á honum. Við túlkun á 5. tölulið 1. gr. víxillaga nr. 93/1933 hefur verið við það miðað, að um nægjanlega tilgreiningu staðar sé að ræða, ef tilgreind er borg, bær eða sveitarfélag, þar sem greiða skal víxilinn, sbr. t. d. H. 1979, 635. Við útgáfu víxils hefur útgefandi það hins vegar í hendi sér að tilgreina nákvæmar greiðslustað víxils.

Af hálfu Herlufs Clausens var greiðslustaður víxilsins ekki tilgreindur nánar en gat um í hinu prentaða formi víxilsins, „Reykjavík".

Samkvæmt 27. gr. víxillaga nr. 93/1933 getur samþykkjandi kveðið nánar á um það, hvar greiðslu skuli krafist á greiðslustaðnum og hjá hverjum greiðsla skuli fara fram, sbr. 4. gr. sömu laga, enda er greiðslustaður efndastaður fyrir greiðanda og ábyrgðarmenn hans. Í hinu prentaða formi víxilsins skal greiðsla fara fram hjá Landsbanka Íslands, og hafa fyrirsvarsmenn Sportvals hf. ekki kveðið nánar á um það, í hvaða útibúi Landsbanka Íslands greiðsla skuli fara fram. Af þessum sökum verður að telja, að stefnanda hafi verið heimilt að sýna víxilinn hjá einhverju útibúa Landsbanka Íslands á hinum tilgreinda greiðslustað, Reykjavík. Verður því að telja, að stefnanda hafi verið heimilt að sýna víxilinn í Landsbanka Íslands, útibúinu við Suðurlandsbraut 18 í Reykjavík. Þar sem stefndi hefur ekki sýnt fram á, að umræddur víxill hafi ekki verið sýndur á réttum stað og hjá réttum aðila, sbr. 5. tl. 1. gr. og 4. gr. víxillaga nr. 93/1933, og innan réttra tímamarka, sbr. 38. gr. og 2. mgr. 46. gr. sömu laga, verður að leggja til grundvallar, að sýning víxilsins hafi verið í samræmi við lög, og er víxilréttur stefnanda á hendur stefnda því ekki fallinn niður fyrir vangeymslu. Af þessum sökum og þar sem hinn fram lagði víxill er í samræmi við lýsingu stefnanda, ber að fallast á kröfur hans, svo sem í dómsorði greinir.

Með tilvísun til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 93/1991 þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda 200.000 kr. í málskostnað.

Jón L. Arnalds héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Herluf Clausen, greiði stefnanda, Guðjóni Ármanni Jónssyni, 1.000.000 kr. ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. október 1992 til greiðsludags auk stimpilgjalds, 2.500 kr., og 200.000 kr. í málskostnað, þ. m. t. virðisaukaskatt. Áfallnir vextir leggist við höfuðstól skuldar á 12 mánaða fresti í samræmi við 12. gr. vaxtalaga nr. 25/1987.

Fimmtudaginn 16. febrúar 1995.

Nr. 105/1993. **Sigurður Vignir Matthíasson**
(Tryggvi Gunnarsson hrl.)
gegn
Guðmundi Guðjónssyni og
Sjóvá – Almennum tryggingum hf.
(Guðmundur Pétursson hrl.)

Skaðabætur. Bifreiðar. Ábyrgð á dýrum. Búfjárræktarlög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma Gunnlaugur Claessen hæstaréttardómari, Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari, og Björn Þ. Guðmundsson prófessor.

Af hálfu áfrýjanda var máli þessu skotið til Hæstaréttar með stefnu 5. mars 1993. Áfrýjandi varð fjárráða eftir útgáfu áfrýjunarstefnu og fer sjálfur með mál sitt fyrir Hæstarétti. Hann krefst þess, að stefndu verði dæmdir til að greiða sér óskipt 480.000 krónur ásamt dráttarvöxtum eftir vaxtalögum nr. 25/1987 frá 30. janúar 1992 til greiðsludags. Einnig krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu gera þær kröfur aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur. Til vara er krafist, „að sök verði skipt og bætur lækkaðar mjög verulega". Stefndu krefjast og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

I.

Ekki er deilt um í málinu, að tjón áfrýjanda hlaust af notkun bifreiðar stefnda Guðmundar Guðjónssonar. Hvílir skaðabótaábyrgð því á honum eftir 1. mgr. 88. gr., sbr. 1. mgr. 90. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Málsaðilar leggja til grundvallar, að orsök þess, að hestur áfrýjanda slapp úr sérstöku hólfi, hafi verið sú, að hlið á girðingunni hafi verið skilið eftir opið. Ekki er ljóst, hvers vegna svo var, en ekkert hefur komið fram um, að áfrýjandi hafi átt þar hlut að máli. Verður því ekki fallist á það álit héraðsdómara, að meta verði áfrýjanda það til gáleysis, að hesturinn komst úr hólfinu, sbr. 3. mgr. 88. gr. umferðarlaga.

Fyrir umferðarslysið var hestur áfrýjanda í vörslum Félags búfjáreigenda á Eyrarbakka, en félagið hafði samningsbundin afnot af beitarlandi á tilteknum jörðum í eigu Eyrarbakkahrepps. Var hesturinn í hagagöngu hjá félaginu. Eftir málsgögnum verður að leggja til grundvallar, að tengsl áfrýjanda og félagsins hafi ekki verið með þeim hætti, að hann verði að þola skerðingu eða brottfall bótaréttar á hendur stefnda Guðmundi vegna atvika, sem félagið kann að bera ábyrgð á. Þarf því hvorki að skera úr um, hvort rekja megi brotthlaup hests áfrýjanda til vangæslu vörslumanna né þess, að félagið hafi haldið hrossum til beitar í andstöðu við ákvæði þágildandi reglugerðar nr. 425/1985 um búfjárhald á Eyrarbakka.

Í búfjárræktarlögum nr. 31/1973, sem í gildi voru á þeim tíma, er hér um ræðir, voru lagðar ríkari skyldur á eigendur stóðhesta en búfjáreigendur almennt, sbr. einkum 31. gr. og 33. gr. laganna. Lagaákvæði þessi styðjast m. a. við þau rök, að af stóðhestum stafi meiri hætta en almennt gerist um búfé. Ekki verður talið, að orsök þess, að hestur áfrýjanda varð fyrir bifreið stefnda Guðmundar, tengist þeirri sérstöku hættu, sem fylgir því að halda stóðhesta. Atvik í þessu máli gefa því ekki tilefni til að láta bótaákvæði 33. gr. laga nr. 31/1973 hafa áhrif, þegar metið er, hvort telja beri áfrýjanda meðábyrgan.

Þegar litið er til þess, sem nú var rakið, þykja ekki vera rök til þess að skipta ábyrgð á tjóni áfrýjanda.

II.

Samkvæmt ofangreindu ber að dæma stefnda Guðmund Guðjónsson bótaskyldan vegna tjóns áfrýjanda og taka til greina bótakröfu hans, að fjárhæð 480.000 krónur, ásamt vöxtum, eins og greinir í dómsorði. Stefndi Sjóvá-Almennar tryggingar hf. er greiðsluskyldur samkvæmt 91. gr. og 1. mgr. 95. gr. umferðarlaga, sbr. 1. mgr. 97. gr. sömu laga. Rétt þykir, að stefndu greiði áfrýjanda samtals 350.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Stefndu, Guðmundur Guðjónsson og Sjóvá-Almennar tryggingar hf., greiði áfrýjanda, Sigurði Vigni Matthíassyni, óskipt

480.000 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 30. janúar 1992 til greiðsludags.

Stefndu greiði áfrýjanda óskipt 350.000 krónur samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 18. janúar 1993.

Mál þetta, sem dómtekið var 18. febrúar sl., hefur Matthías Sigurðsson f. h. ófjárráða sonar síns, Sigurðar Vignis Matthíassonar, kt. 170776-3059, Dvergabakka 24, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, þingfestri 24. mars 1992, á hendur Guðmundi Guðjónssyni, kt. 240942-4299, Túngötu 58, Eyrarbakka, og Sjóvá-Almennum tryggingum hf., Kringlunni 5, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði dæmdir in solidum til greiðslu á 480.000 kr. ásamt dráttarvöxtum [og málskostnaði].

Dómkröfur stefndu eru þær aðallega, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefndu málskostnað [...]. Til vara krefjast stefndu þess, að sök verði skipt og bætur lækkaðar mjög verulega, en málskostnaður dæmdur eins og í aðalkröfu.

I.

Málavextir.

Málavextir eru þeir, að 18. október 1990 um kl. 20.50 ók Guðbjörg Kristín Víglundsdóttir bifreið stefnda Guðmundar eftir Eyrarbakkavegi. Er Guðbjörg nálgaðist Álfsstétt, fann hún högg koma á bifreiðina, og sá hún hross við hana, sem hljóp síðan á brott. Daginn eftir fannst graðhesturinn Gassi, eign stefnanda, dauður skammt frá, og er óumdeilt í málinu, að það hafi verið hestur sá, er varð fyrir bifreið stefnda. Stefnandi kveðst hafa haft hestinn á fimmta vetur í hagagöngu í sérstakri girðingu fyrir unga stóðhesta við Eyrarbakka á vegum hestamannafélagsins þar. Af einhverjum sökum var hesturinn utan girðingar þetta kvöld.

Málsástæður stefnanda.

Stefnandi heldur því fram, að dauði hestsins hafi verið afleiðing ákeyrslu bifreiðar stefnda á hestinn, og beri stefndi Guðmundur skaðabótaábyrgð á tjóni stefnanda sem skráður eigandi bifreiðarinnar R-36643. Bifreið stefnda Guðmundar hafi verið ábyrgðartryggð hjá stefnda Sjóvá-Almennum hf., og beri þessum stefnda að bæta stefnanda tjón hans sem ábyrgðartryggjanda bifreiðarinnar. Dómkrafan 480.000 kr. miðast við niðurstöðu dómkvaddra matsmanna.

– – –

Málsástæður stefndu.

Því er mótmælt, að tilvitnuð lagaákvæði stefnanda eigi við um dauða hestsins.

Í reglugerð um búfjárhald á Eyrarbakka nr. 425/1985, sem sett sé samkvæmt heimild í 1. gr. l. um búfjárhald í kaupstöðum og kauptúnum nr. 44/1964, sé svo kveðið á í C-lið 1. gr., að búfé (sem leyfi hafi fengist fyrir að halda) skuli ávallt vera í öruggri vörslu búfjáreigenda. Þeir (búfjáreigendur) beri fulla bótaábyrgð á öllu því tjóni, sem búfé þeirra kunni að valda. Sérstakt áréttingarákvæði um ábyrgð sé í 6. gr. reglugerðarinnar og taki afstöðu um, til hvers konar tjóns ábyrgðin nái. Í 31. og 33. gr. l. nr. 31/1973, sem enn séu að þessu leyti í gildi, sé kveðið á um, að óheimilt sé að láta stóðhesta ganga lausa í heimahögum og afrétti, og valdi stóðhestur tjóni á eigum annarra en eiganda, sé eigandi skaðabótaskyldur.

Upphaflega studdu stefndu sýknukröfu sína þeim rökum, að þegar atvik það varð, sem sé tilefni málsóknarinnar, hafi lostið saman tveimur tegundum hlutlægrar ábyrgðar og þó einni betur, hlutlægri ábyrgð samkvæmt 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga og hlutlægri ábyrgð samkvæmt reglugerð nr. 425/1985 og 31. og 33. gr. l. nr. 31/1973. Reglur séu ekki í settum lögum um, hvernig með skuli fara, þegar tveimur ólíkum tegundum hlutlægrar ábyrgðar ljósti saman á þann hátt, sem hér um ræði. Benda megi þó á 89. gr. umferðarlaga til túlkunar því, hvernig með skuli fara, það sé, að tjónið skiptist að tiltölu við sök hvors aðila. Til stuðnings þessu sé bent á dóm Hæstaréttar Íslands í málinu nr. 483/1989, dags. 26. 2. 1990.

Við munnlegan málflutning kvaðst talsmaður stefnda falla frá þeirri málsástæðu, að ákvæði reglugerðar nr. 425/1985 valdi því, að búfé almennt hafi verið undir hlutlægri ábyrgð, og kvað málsástæðuna breytast þannig, að það hafi verið verulegt gáleysi hjá eiganda og gæslumanni hestsins, að hann slapp út, og valdi það lækkun eða niðurfellingu skv. 3. mgr. 88. gr. umferðarlaga.

Hestsins Gassa hafi ekki verið betur gætt en svo, að hann slapp úr girðingu. Hljóti full ábyrgð af því að falla á eiganda eða staðgöngumenn hans. Enga sök sé hægt að finna hjá stjórnanda bifreiðarinnar R-36643 umrætt sinn. Mjög hægt hafi verið ekið vegna þess, að bifreiðarstjórinn hugðist beygja inn á Álfsstétt. Þess sé að geta, að skuggsýnt hafi verið, skýjað og rigning.

Einnig sé hugsanlegt að fara með tilvikið að hætti þeirrar reglu siglingalaga, sem birtist í 160. gr. þeirra, þ. e., að hvor aðili beri skaða sinn sjálfur, sem leiði hér til sömu niðurstöðu.

– – –

III.

Niðurstaða.

Ekki er ágreiningur um málsatvik, að því er varðar sjálfan árekstur inn, eða um matsverð hestsins og matskostnað.

Reglugerð nr. 425/1985 tekur ekki til tilviks þess, sem hér um ræðir, þar sem atvikið varð utan þéttbýlis, sbr. 7. gr. reglugerðarinnar, sbr. og 1. gr., sbr. 3. gr. l. nr. 44/1964.

Í 31. gr. l. nr. 31/1973 kemur hins vegar skýrt fram, að óheimilt sé að láta stóðhesta ganga lausa í heimahögum og á afrétti, en óumdeilt er í máli þessu, að hestur stefnanda var stóðhestur. Liggur ekki fyrir, að undanþága hafi verið veitt til lausagöngu stóðhesta á svæðinu á þessum tíma.

Það liggur fyrir, að hestur stefnanda var hafður í girðingu í svokölluðu aðhaldi, þ. e. á vegi, sem afmarkaðist af skurði á báðar hliðar, en girt þvert yfir hann milli skurða. Var hlið á girðingunni, sem haft var lokað, og kom fram í framburði vitnisins Þóris Steindórssonar fyrir dómi, að lokunarbúnaður hefði verið öruggur og jafnvel betri en gengur og gerist. Er ágreiningslaust með aðilum, að hlið þetta var opið, þegar hesturinn slapp út, en því er haldið fram af hálfu stefnanda, að gæslumaður hafi gengið frá því lokuðu, og sé ekki vitað, hver hafi opnað það.

Það, að hliðið var opið, enda þótt óviðkomandi aðili kunni að hafa átt þar hlut að máli, er á ábyrgð stefnanda, og verður að meta honum það til gáleysis, að hesturinn slapp út.

Eins og áður greinir, var því mótmælt af hálfu stefnanda við munnlegan málflutning sem of seint fram komnu, að stefndi gæti stutt kröfur sínar um lækkun eða niðurfellingu bóta við 3. mgr. 88. gr. l. nr. 50/1987. Er ekki fallist á þessi andmæli, þar sem þessi málsástæða þykir felast í málatilbúnaði stefndu í greinargerð.

Af hálfu stefnanda var því haldið fram við munnlegan málflutning, að tjónið yrði rakið til ógætilegs aksturs bifreiðar stefnda. Var þeirri málsástæðu mótmælt af hálfu stefnda sem of seint fram kominni. Af hálfu stefnanda var því haldið fram, að málsástæða þessi væri ekki of seint fram komin, þar sem um hefði verið að ræða eðlileg andsvör við málatilbúnaði stefndu. Má fallast á það með stefnanda, að málsástæða þessi komi til álita.

Samkvæmt lögregluskýrslu var orðið dimmt, þegar slysið varð, skýjað og rigning. Ökumaður bifreiðar stefnda, Guðbjörg Kristín Gunnarsdóttir, kom fyrir dóm og skýrði svo frá, að hún hefði verið á lítilli ferð, enda að nálgast Álfsstétt, sem hún hugðist beygja inn á. Hún skýrði enn fremur svo frá, að hún hefði mætt bifreið, og er hún var farin fram hjá, hefði högg komið á vinstra framhorn bifreiðarinnar. Hún kvaðst hafa staðnæmst og farið út úr

bifreiðinni. Hafi hún þá séð hest hlaupa í burtu. Þessum framburði ökumanns hefur ekki verið andmælt sérstaklega, og ber að leggja hann til grundvallar um málsatvik, enda ekki annað upplýst í málinu.

Með hliðsjón af framangreindum málsatvikum þykir ósannað með öllu, að slysið verði rakið til ógætilegs aksturs ökumanns bifreiðarinnar.

Samkvæmt framansögðu þykir stefnandi bera alla ábyrgð á tjóni sínu, svo að fella ber niður bætur til hans úr hendi stefndu, sbr. 3. mgr. 88. gr. l. nr. 50/1987.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Sigríður Ólafsdóttir héraðsdómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndu, Guðmundur Guðjónsson, Túngötu 58, Eyrarbakka, og Sjóvá-Almennar tryggingar hf., Kringlunni 5, Reykjavík, skulu vera sýknir af öllum kröfum stefnanda, Matthíasar Sigurðssonar v/Sigurðar Vignis Matthíassonar, Dvergabakka 24, Reykjavík, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 16. febrúar 1995.

Nr. 190/1992. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og menntamálaráðherra**
(Guðrún Margrét Árnadóttir hrl.)
gegn
Jóhannesi Ágústssyni
(Viðar Már Matthíasson hrl.)

Stjórnsýsla. Opinberir starfsmenn. Stöðuveiting. Skaðabætur. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjendur skutu málinu til Hæstaréttar með stefnu 27. apríl 1992. Krefjast þeir sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefjast þeir verulegrar lækkunar á dómkröfum stefnda og að málskostnaður verði þá felldur niður.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og að áfrýjendur verði in solidum dæmdir til greiðslu málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Eins og fram kemur í héraðsdómi, sótti stefndi 1. maí 1989 um kennarastöðu í viðskiptagreinum við Fjölbrautaskólann í Breiðholti í Reykjavík, sem menntamálaráðuneytið hafði auglýst í dagblöðum 28. apríl 1989. Í auglýsingunni var þess ekki getið, hve margar stöður væru lausar. Í málinu liggja engin gögn fyrir um formlega ákvörðun þess efnis, hversu mörgum stöðum skyldi ráðstafað með skipun eða setningu. Þegar auglýsingin birtist, höfðu ekki tekið gildi þær breytingar á lögum nr. 57/1988 um framhaldsskóla, sem fólust í lögum nr. 72/1989, en með þeim var heimild 12. gr. eldri laganna til setningar kennara felld niður. Menntamálaráðherra setti því kennara til starfa samkvæmt umsóknum, sem bárust vorið 1989.

Telja verður í ljós leitt, að setningarbréf það, sem menntamálaráðuneytið gaf út 16. ágúst 1989 og barst stefnda í hendur næsta dag, hafi verið gefið út vegna misskilnings milli ráðuneytisins og stjórnenda Fjölbrautaskólans í Breiðholti. Af gögnum málsins verður hins

vegar ekki talið sannað, að stefnda hafi mátt vera þetta ljóst, er hann tók við bréfinu, eða að misskilning þennan megi rekja til aðgerða hans. Ósannað er og, að stefndi hafi eftir móttöku setningarbréfsins samþykkt afturköllun þess. Að þessu athuguðu og með hliðsjón af atvikum málsins í heild verður afturköllun setningar stefnda talin ólögmæt gagnvart honum og eigi hann rétt til skaðabóta úr ríkissjóði vegna þessa. Með skírskotun til forsendna héraðsdóms að öðru leyti verður hann staðfestur, þó þannig, að dráttarvexti skal reikna á fjárhæð þá, sem kemur til frádráttar dæmdri fjárhæð, eins og nánar greinir í dómsorði.

Dæma ber áfrýjendur til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og segir í dómsorði, og hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Það athugast, að í hinum áfrýjaða dómi er ekki gerð grein fyrir kröfugerð stefndu í héraði.

Dómsorð:

Áfrýjendur, menntamálaráðherra og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs, greiði stefnda, Jóhannesi Ágústssyni, 938.979 krónur með dráttarvöxtum, eins og greinir í hinum áfrýjaða dómi, allt að frádregnum 369.610 krónum með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 195.480 krónum frá 1. desember til 31. desember 1989, en af 369.610 krónum frá þeim degi til greiðsludags.

Staðfest er málskostnaðarákvæði hins áfrýjaða dóms.

Áfrýjendur greiði stefnda 150.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 11. mars 1991.

Mál þetta, sem dómtekið var 17. febrúar sl., hefur Jóhannes Ágústsson, kt. 110153-3689, Eiðistorgi 7, Seltjarnarnesi, höfðað fyrir bæjarþinginu með þingfestingu málsins 25. júní 1991 á hendur Friðriki Sophussyni, kt. 181043-4669, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, kt. 550169-2829, Arnarhvoli, Reykjavík, og Ólafi G. Einarssyni, kt. 070732-2629, menntamálaráðherra, kt. 460269-2969, Sölvhólsgötu 7, Reykjavík. Dómkröfur stefnanda eru að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða stefnanda 1.094.530 kr. með

dráttarvöxtum [...]. Þess er einnig krafist, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða stefnanda málskostnað [...].

Sáttaumleitanir fyrir dómi reyndust árangurslausar.

I.

Stefnanda barst í ágústmánuði 1989 bréf frá menntamálaráðherra, dagsett 16. sama mánaðar, þar sem honum var tjáð, að hann væri settur framhaldsskólakennari við Fjölbrautaskólann í Breiðholti til eins árs frá og með 1. ágúst 1989 að telja. Setningarbréf þetta var afturkallað með bréfi sama ráðherra 25. ágúst sama ár.

Í máli þessu krefst stefnandi bóta á þeim grundvelli, að sér hafi verið vikið úr starfi með ólögmætum hætti.

Stefndu halda því fram, að setning stefnanda í stöðuna hafi stafað af misskilningi, þar sem ætlunin hafi verið, að stefnandi yrði einungis ráðinn samkvæmt ráðningarsamningi til stundakennslu. Tilgangur afturköllunarinnar hafi verið sá að leiðrétta þennan misskilning, enda hafi það og verið gert með samkomulagi við stefnanda.

II.

Stefnandi sótti vorið 1989 um stöður framhaldsskólakennara við nokkra framhaldsskóla á Reykjavíkursvæðinu, þar á meðal við Fjölbrautaskólann í Breiðholti. Stefnandi fullnægir skilyrðum til þess að kalla sig framhaldsskólakennara samkvæmt l. nr. 48/1986. Stefnandi hafði á þessum tíma 7–8 ára starfsaldur sem framhaldsskólakennari. Með bréfi, dagsettu 26. júní, var umsóknum hans hafnað að því frátöldu, að ekkert svar barst vegna umsóknar hans um stöðu kennara við Fjölbrautaskólann í Breiðholti. Stefnandi ítrekaði umsóknir sínar með bréfi, dagsettu 5. júlí 1989, og fór þess á leit, að mál sitt yrði tekið til endurskoðunar og synjun um stöður dregin til baka.

Stefnandi var með bréfi menntamálaráðuneytisins, dags. 16. ágúst 1989, settur framhaldsskólakennari við Fjölbrautaskólann í Breiðholti til eins árs frá og með 1. ágúst sama ár.

Stefnandi kveðst hafa fengið setningarbréfið 17. ágúst og farið samdægurs að hitta stjórnendur skólans að máli. Þar hafi hann rætt við aðstoðarskólameistara og fjármálastjóra skólans. Í samtölum við ofangreinda aðila hafi þeir þegar farið þess á leit við sig, að hann undirritaði samning um stundakennslu við skólann, en því hafi hann hafnað, þar sem hann hafi verið settur til kennarastarfa. Einnig kveðst stefnandi hafa átt fund með skólameistara skólans og á þeim fundi komið glögglega fram, að skólameistari teldi sig ekki æskilegan kennara við skólann. Eftir þennan fund hafi hann ritað skólameistara bréf og tilkynnt, að hann hefði ákveðið að segja starfi

sínu lausu frá og með 1. janúar 1990. Ákvörðun þessa hafi hann svo afturkallað með bréfi, dagsettu 19. ágúst, enda hafi á þeim tíma ekki verið búið að fallast á lausnarbeiðni sína.

Með bréfi menntamálaráðuneytisins, dagsettu 25. ágúst 1989, var stefnanda tilkynnt, að hann hefði vegna mistaka verið settur í stöðuna. Stefnandi var beðinn að skila aftur setningarbréfi sínu, svo að ógilda mætti það. Stefnandi mótmælti bréfi þessu með bréfum til menntamálaráðuneytisins og skólans. Lýsti stefnandi þeim skoðunum sínum, að hann teldi aðgerðir ráðuneytisins ekki lögmætar og hann teldi sig eftir sem áður settan til að gegna stöðunni, og bauð fram starfskrafta sína til þeirra starfa.

Stefnandi kveðst þessu næst hafa rætt við Stefán Ólaf Jónsson, deildarstjóra í menntamálaráðuneytinu, og í því samtali hafi komið skýrt fram, að ráðuneytið liti svo á, að hann gegndi ekki lengur stöðunni. Hann hafi þó sótt kennarafund í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti í byrjun september og tilkynnt aðstoðarskólameistara og fjármálastjóra skólans, að hann væri enn kominn til starfa í samræmi við setningu sína í stöðu þar. Á þessum fundi hafi sér einungis verið gefinn kostur á að gera samning um stundakennslu við skólann um það bil 15 tíma á viku fram til áramóta, þ. e. í eina önn. Það starf sé fjarri því að vera sambærilegt þeirri stöðu, sem hann hafi verið settur til að gegna. Bæði hafi kennslan verið að miklum mun minni og samningurinn til skemmri tíma. Setning sé eðlilegur undanfari skipunar í starf, sem hann hafi getað gert ráð fyrir að fá. Þar að auki hafi hann ekki átt aðild að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, ef hann hefði einungis verið ráðinn til stundakennarastarfa um einnar annar skeið.

Stefnandi fékk 25. ágúst 1989 greidd laun vegna setningar sinnar við Fjölbrautaskólann í Breiðholti. Launagreiðsla þessi tók til ágústmánaðar og nam 74.863 kr., og þar af fékk stefnandi útborgaðar 41.808 kr. Stefnandi kveður fjármálaráðuneytið hafa endurkrafið sig um þessa fjárhæð með þeim rökum, að hann hafi ekki komið til starfa og því eigi hann ekki rétt til launagreiðslu þessarar.

Stefnandi kveðst vegna ólögmætrar vikningar úr stöðu hafa orðið fyrir miklu fjárhagstjóni. Hann hafi ekki unnið neina fasta vinnu frá 1. ágúst 1989 til 31. júlí 1990. Telur hann sig eiga rétt á bótum, sem svari til þeirra launa, er hann hefði fengið á þeim tíma, sem setning átti að gilda.

Stefnandi sundurliðar bótakröfu sína svo:

Mánaðarlaun frá 1. ágúst 1989 til 31. júlí 1990 ásamt persónuuppbót og orlofsuppbót miðað við launaflokk 145:6, samtals	kr.	951.164
Laun vegna heimavinnu, greidd í desember 1989, ásamt orlofi	–	30.756

Laun vegna heimavinnu, greidd í júlí 1990, ásamt orlofi .	–	31.923
Ótekið orlof	–	155.551
Samtals	kr.	1.169.394

Stefnandi kveðst hafa fengið greiddar 74.863 kr. 25. ágúst 1989, og nemi því krafa sín 1.094.531 kr., sem séu stefnukrafa málsins.

III.

Málavextir, eins og þeir horfa við stefndu, fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs og menntamálaráðherra.

Hinn 28. apríl 1989 auglýsti menntamálaráðuneytið lausar til umsóknar stöður kennara við Fjölbrautaskólann í Breiðholti. Stefndu kveða, að í lok júní hafi verið lokið við að ráðstafa þeim stöðum við Fjölbrautaskólann í Breiðholti, sem setja átti í, og stefnandi ekki verið meðal þeirra, sem setja átti til þeirra starfa. Af ítrekuðum samtölum við Stefán Ólaf Jónsson deildarstjóra hafi stefnanda verið þetta kunnugt, og með fullri vitneskju og samþykki stefnanda hafi verið unnið að því af hálfu ráðuneytisins í júlí og ágúst 1989, með störfum Stefáns sem formanns undanþágunefndar, að skólinn réði hann í fullt starf stundakennara með ráðningarsamningi, eins og lög gera ráð fyrir. Stefnanda hafi því verið fullkunnugt um, hver ráðningargrundvöllur hans við skólann hafi átt að vera og honum hlotið að vera ljóst vegna samtala sinna við fulltrúa Fjölbrautaskólans í Breiðholti, að útgáfa setningarbréfs, dagsetts 16. ágúst, stafaði af misskilningi þess, er á þeim tíma kom að afgreiðslu máls hans sem staðgengill Stefáns í ráðuneytinu. Stefnanda hafi verið án dráttar, þegar 17. ágúst, gerð grein fyrir, að mistök hefðu orðið, og það enn áréttað 21. ágúst. Viðbrögð stefnanda hafi ráðuneytið skilið svo, að hann hefði fullan skilning á þeim mistökum, sem orðið höfðu, og samþykkti, að setningarbréfið gengi til baka og ráðningargrundvellinum komið í rétt horf með ráðningarsamningi við skólann. Í kjölfar þess hafi setning stefnanda verið afturkölluð og óskað eftir, að hann endursendi setningarbréfið. Eftir þetta samtal hafi stefnandi skipt um skoðun og ekki skilað bréfinu og haldið því fram við skólann, að hann hefði fullgilt setningarbréf í höndum. Eftir að þessi staða kom upp, hafi margsinnis verið reynt að koma á sáttum milli stefnanda og skólans, og um skeið hafi litið svo út sem það tækist. Stefnandi hafi lofað að sækja kennarafund og hefja kennslu við skólann og skólinn heitið því að taka við honum sem stundakennara í fullt starf í eitt ár, eftir að hann hefði undirritað ráðningarsamning. Þegar til átti að taka, hafi stefnandi hins vegar neitað að undirrita slíkan samning. Hann hafi hafnað því algerlega að koma til starfa við skólann,

og þar að auki hafi hann einnig hafnað setningu í stöðu, sem menntamálaráðuneytið hafi boðið honum við Menntaskólann á Egilsstöðum. Stefnandi hafi hins vegar ráðið sig til annarra starfa þegar frá september sama ár.

– – –

V.

Stefnandi sótti um fasta stöðu við Fjölbrautaskólann í Breiðholti, og hann ítrekar þá umsókn sína með bréfi, dagsettu 5. júlí 1989. Stefnanda var ekki sent formlegt synjunarbréf vegna umsóknar sinnar. Fyrsta formlega afgreiðsla erindis hans var setningarbréf honum til handa, dags. 16. ágúst 1989.

Samkvæmt skjölum máls þessa og með hliðsjón af framburði aðila og vitna verður að telja, að með umsóknum hafi það einkum vakað fyrir stefnanda að afla sér fastrar kennarastöðu, enda fylgir hann því eftir með frekari bréfaskriftum og samtölum við menntamálaráðuneytið.

Samkvæmt framburði aðila og vitna er setning til starfa tíðkanlegur máti við ráðningu kennara til framhaldsskólakennslu. Stefnandi hafði ekki fengið endanlegt svar við umsókn sinni um fast starf, fyrr en hann fékk setningarbréfið í hendur. Verður því að ætla, að hann hafi ekki haft ástæðu til annars en treysta þeim upplýsingum, er bréfið greindi, enda fór hann þegar á fund stjórnenda skólans vegna væntanlegs starfs síns.

Setningarbréf stefnanda verður að telja ívilnandi stjórnvaldsákvörðun honum til handa. Staða sú, er stefnandi sótti um, var auglýst af menntamálaráðuneytinu, og bar að skila umsóknum þangað. Staðan var jafnframt veitt af hinu sama ráðuneyti. Hvað sem líður afgreiðslu ráðuneytisins, er varðar undirbúning ákvörðunar um setningu stefnanda, verður að líta svo á, að setning hans samkvæmt setningarbréfi, út gefnu 16. ágúst 1989 af menntamálaráðuneytinu fyrir hönd ráðherra, hafi verið gild stjórnvaldsákvörðun. Ber því að skoða afturköllun hennar sem frávikningu úr starfi.

Stefnandi var settur til eins árs frá og með 1. ágúst 1989 að telja. Setning þessi var afturkölluð með bréfi ráðuneytisins, dagsettu 25. ágúst, án þess að þar væru greindar lögmætar ástæður frávikningar, samanber III. kafla laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 54/1938.

Gegn mótmælum stefnanda og með hliðsjón af eftirfarandi aðgerðum hans sjálfs verður eigi fallist á þá málsástæðu stefndu, að stefnandi hafi með nokkrum hætti samþykkt afturköllun ráðuneytisins. Jafnframt verður eigi annað ráðið af gögnum máls þessa en stefnandi hafi gert það, sem af honum verður krafist, til að hefja störf við skólann, enda lýsti hann sig reiðubúinn til að koma til starfa á þeim grundvelli, sem setning hans markaði, hvenær sem væri.

Með vísan til ofanritaðs verður því fallist á það með stefnanda, að honum beri bætur úr hendi stefndu.

Samkvæmt framburði stefnanda sjálfs, sem og styðst við vætti stjórnenda Fjölbrautaskólans í Breiðholti, þar á meðal skólameistara, var stefnanda boðin stundakennsla, er svaraði 15 kennslustundum á viku og einungis til einnar annar.

Fallast ber á það með stefnanda, að ofangreint starf sé ekki sambærilegt því starfi, er hann var settur til að gegna, og ákvörðun hans að hafna því geti því ekki orðið til þess að firra hann rétti til bóta.

Hvað varðar stöðu þá, er stefnanda stóð til boða við Menntaskólann á Egilsstöðum, verður ekki talið, að skylda stefnanda til að takmarka tjón sitt nái svo langt, að unnt sé að krefjast þess, að hann flytji sig milli landsfjórðunga og taki þar að auki ákvörðun um það á einni nóttu. Samkvæmt framburði aðila og vitna fékk stefnandi sólarhringsfrest til að svara þessu boði.

Stefnandi hefur leitt að því fullnægjandi rök, að hann hefði notið launa vegna heimavinnu kennara til samræmis við aðra kennara Fjölbrautaskólans í Breiðholti, og verður því sú krafa hans tekin til greina ásamt orlofi á heimavinnu.

Stefnandi gerir kröfu til greiðslu ótekins orlofs, og er sú krafa miðuð við yfirvinnu, sem hann gerir ráð fyrir, að hann hefði unnið. Hann gerir hins vegar ekki kröfu til greiðslu launa fyrir yfirvinnu. Gegn mótmælum stefndu þykir krafa þessi ekki nægjanlega rökstudd og verður því ásamt kröfu um greiðslu orlofsuppbótar ekki tekin til greina.

Stefnandi hafði á tímabilinu 1. ágúst 1989 til 31. júlí 1990 laun, er samsvara 654.451 kr. Hann hefur upplýst, að launagreiðsla til sín, að fjárhæð 224.738 kr., frá Heilsuhæli Náttúrulækningafélags Íslands hafi verið vegna vinnu, sem hann hafði þegar innt af hendi fyrir 1. ágúst 1989. Stefnandi þá laun frá sama aðila, sem greind eru á launaseðli sem greiðsla vegna vinnu í september s. á., að fjárhæð 60.103 kr. Segir stefnandi þessa fjárhæð vera vegna starfa í ágúst, áður en kennsla hófst. Stefnandi þá og laun frá sama aðila vegna desembermánaðar s. á., að fjárhæð 174.130 kr. Stefnandi var við störf hjá Blaðaprenti hf. frá 1. september s. á. til loka nóvember s. á. og þá fyrir þá vinnu 195.480 kr. í laun. Vinna þessi fólst í umsjón með útgáfu kynningarrits. Stefnandi kveður vinnutíma hafa verið frjálsan, og fyrir dómi bar hann, að hann hefði, hvort sem var, tekið að sér þetta verk og störf hjá Náttúrulækningafélaginu, þó að hann hefði verið við kennslustörf á sama tíma.

Við ákvörðun bóta til handa stefnanda ber að hafa hliðsjón af launum þeim, er hann aflaði sér á þeim tíma, sem setning hans átti að vara. Þó verða fullyrðingar hans um launagreiðslur í september vegna starfa, sem

hann hafði þegar innt af hendi, áður en kennsla átti að hefjast, lagðar til grundvallar, enda hafa stefndu ekki mótmælt því sérstaklega. Eftir atvikum þykir hæfilegt, að stefndi sæti frádrætti vegna þessa, að fjárhæð 369.610 kr. Að öðru leyti er ekki tölulegur ágreiningur með aðilum.

Vaxtakröfu stefnanda hefur ekki verið mótmælt, og er hún tekin til greina.

Niðurstaða máls þessa verður því sú, að bótakröfur stefnanda eru teknar til greina, að frátalinni kröfu hans um greiðslu orlofs og orlofsuppbótar, auk vaxta og málskostnaðar, sem nánar greinir í dómsorði, allt að frádregnum 369.610 kr.

Eftir niðurstöðu málsins skulu stefndu in solidum greiða stefnanda 170.000 kr. í málskostnað, og skal málskostnaðarfjárhæð, ef til kemur, bera dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags. Við ákvörðun málskostnaðar er höfð hliðsjón af virðisaukaskattsskyldu stefnanda.

Georg Kr. Lárusson, settur borgardómari, kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndu, fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs og menntamálaráðherra, greiði in solidum stefnanda, Jóhannesi Ágústssyni, 938.979 kr. með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 75.985 kr. frá 1. október 1989 til 31. október s. á., af 151.970 kr. frá 1. nóvember 1989 til 30. nóvember s. á., af 229.095 kr. frá 1. desember 1989 til 31. desember s. á., af 344.989 kr. frá 1. janúar 1990 til 31. janúar s. á., af 423.270 kr. frá 1. febrúar 1990 til 28. febrúar s. á., af 501.551 kr. frá 1. mars 1990 til 31. mars s. á., af 579.832 kr. frá 1. apríl 1990 til 30. apríl s. á., af 658.113 kr. frá 1. maí 1990 til 31. maí s. á., af 737.569 kr. frá 1. júní 1990 til 30. júní s. á., af 848.948 kr. frá 1. júlí 1990 til 31. júlí s. á. og af 938.979 kr. frá 1. ágúst 1990 til greiðsludags, allt að frádregnum 369.610 kr.

Heimilt er að höfuðstólsfæra dráttarvexti á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. október 1990. Stefndu skulu in solidum greiða stefnanda 170.000 kr. í málskostnað, og er þar með talinn virðisaukaskattur. Málskostnaðarfjárhæð skal bera dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987.

Dómi þessum ber að fullnægja að liðnum 15 dögum frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 16. febrúar 1995.

Nr. 337/1993. **Lárus Hinriksson**
(Guðmundur Kristjánsson hrl.)
gegn
Birni Benediktssyni og
Öxarfjarðarhreppi
(Andri Árnason hrl.)

Skaðabætur. Sameign. Umboð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Markús Sigurbjörnsson og Bjarni K. Bjarnason, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. ágúst 1993. Hann krefst þess, að stefndu greiði sér in solidum 724.327,50 krónur með tilgreindum dráttarvöxtum frá 4. júní 1984 til greiðsludags auk málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

I.

Svo sem greinir í hinum áfrýjaða dómi, er ágreiningur málsaðila um það, hvort bótum þeim, sem stefndi Björn Benediktsson, oddviti stefnda Öxarfjarðarhrepps, veitti viðtöku fyrir hönd bræðranna Sigurðar Hinrikssonar og áfrýjanda, hafi verið ráðstafað til byggingar nýja íbúðarhússins með heimild áfrýjanda eða hvort svo hafi verið gert í óleyfi hans.

Bræðurnir áttu á þessum tíma saman jarðirnar Skóga I og III. Íbúðarhús var á jörðinni Skógum I, en Skógum III fylgdi ekki íbúðarhús. Vegna afleiðinga landsigs var íbúðarhúsið talið heilsuspillandi og óíbúðarhæft í febrúar 1983. Sigurður var þá ábúandi í Skógum. Áfrýjandi hafði flutt þaðan árið áður, en hafði þó áfram landsnytjar.

Með bréfi 15. febrúar 1983 til Viðlagatryggingar Íslands fór Sigurður þess á leit, að sér yrði bættur húsakostur jarðarinnar. Lýsti

hann þar ástandi öllu. Segir í bréfinu: „Á undanförnum 6 árum hefur það verið að koma í ljós, að búsetumöguleikar í Skógum eru ekki fyrir hendi, meðan húsakostur jarðarinnar er á núverandi stað, . . . Að mínum dómi er ekki annað fyrir hendi en reisa hús jarðarinnar á öðrum stað, þar sem flóðanna gætir ekki."

Í ljós er leitt í málinu, að stefndi Björn aðstoðaði Sigurð við þessa málaleitan. Hefur hann lýst því í bréfi til þáverandi lögmanns áfrýjanda 27. janúar 1985, að af sinni hálfu hafi það skilyrði verið sett, að reyndi hann að aðstoða þá bræður við að ná bótum frá Viðlagatryggingu vegna tjóns á húsum á jörðinni, yrði bótaféð að renna óskipt til uppbyggingar á þeirri jörð, ef það næðist. Þetta hafi báðir bræður samþykkt, munnlega og síðar skriflega, áður en féð var greitt út, með því að veita Öxarfjarðarhreppi umboð til að taka við því.

II.

Sigurður Hinriksson gerði auk kröfunnar fyrir bætur á húsakosti kröfur vegna missis átta kálfa, 10 mánaða gamalla, sem drukknuðu í kálfahúsinu að Skógum I aðfaranótt 31. janúar 1983, er timbur í gólfi brotnaði. Stjórn Viðlagatryggingar Íslands hafnaði öllum kröfunum með bréfi 11. maí 1983, og vísaði Sigurður þá ágreiningnum til Hamfaranefndar, og gekk áfrýjandi inn í málið sem sameigandi.

Hamfaranefnd kvað upp úrskurð sinn 16. mars 1984. Hafnaði nefndin kröfu vegna missis kálfanna, þar sem tjónið yrði ekki rakið til jarðskjálftanna 1975/1976 eða sjávarflóðs 16. nóvember 1982. Hins vegar var talið, að tjón hefði orðið á húsakosti jarðarinnar vegna landsigs í jarðskjálftunum og sjávarflóðsins og það tjón væri því bótaskylt, sbr. lög nr. 52/1975. Sigurður gaf stefnda hreppsnefnd Öxarfjarðarhrepps 26. mars 1984 umboð „til að taka allar þær bætur sem kunna að fást frá Viðlagatryggingu Íslands fyrir húsakost jarðarinnar Skóga I enda verði þeim varið til uppbyggingar þar". Bræðurnir veittu sameiginlega 1. maí 1984 stefnda Birni Benediktssyni oddvita fullt og óskorað umboð til að „taka á móti fjárbótum úr Viðlagatryggingu Íslands vegna húseigna á ofangreindri eignarjörð okkar".

Tjónsuppgjör fór fram 1. júní 1984, og voru bætur til tjónþola

reiknaðar tiltekið hlutfall af brunatryggingarfjárhæð húseignar, 1.448.655 krónur, og hafði þá eigin áhætta verið dregin frá.

Bæturnar voru greiddar út í þrennu lagi þannig: 500.000 krónur 4. júní 1984, 200.000 krónur 5. júlí og eftirstöðvar, 748.655 krónur, 20. ágúst á sparisjóðsbók nr. 1837 í Samvinnubankanum á Kópaskeri á nafni Öxarfjarðarhrepps. Hinn 20. ágúst 1984 var því lýst yfir af hálfu Viðlagatryggingar og oddvita Öxarfjarðarhrepps sameiginlega, að með því að íbúðarhús og útihús að Skógum I og III væru talin ónothæf og þar eð bætur hefðu verið greiddar vegna tjónsins, væru hús þessi felld úr viðlagatryggingu. Verði endurbyggt á jörðinni, skuldbindi eigendur sig til þess, að byggingum verði valinn sá staður, að þær séu úr allri hættu vegna flóða.

III.

Bygging nýs íbúðarhúss hófst vorið 1984, og greiddi stefndi Björn út bótaféð af sparisjóðsbókinni, eftir því sem framkvæmdum miðaði, og var áfrýjanda kunnugt um það. Staðurinn, sem talið var óhætt að byggja á, reyndist í landi næstu jarðar, Ærlækjarsels, og var gert ráð fyrir, að eigendur þeirrar jarðar legðu lóðina til lands Skóga I og III. Samkvæmt gjörðabók jarðanefndar Norður-Þingeyjarsýslu 23. ágúst 1984 var samþykkt, að eigendur Ærlækjarsels seldu Sigurði Hinrikssyni „lóð undir íbúðarhús og refahús um 1,5 ha að stærð úr landi Ærlækjarsels". Áfrýjandi sneri sér til stefnda Björns og lýsti því áliti sínu, að þar með færi uppbygging jarðarinnar fram í Ærlækjarseli, en ekki að Skógum. Fóru áfrýjandi og eiginkona hans fram á það í bréfi til stefnda Björns 24. ágúst 1984, að greiðslur bótanna yrðu stöðvaðar „að því marki að ⅓ hluti þeirra gangi alfarið undir okkar stjórn". Stefndi Björn taldi þetta vera ósætti milli bræðranna og lýsti því, að sala landskikans úr Ærlækjarseli gæti ekki farið fram nema með samþykki sveitarstjórnar, sem myndi ekki verða veitt, „nema lóðinni sé þinglýst á Skóga I og III" til þess að tryggja rétt sameigenda jarðarinnar yfir húsinu. Stefndi Björn kveðst á þessum tíma hafa greitt um 900.000 krónur út af bótafénu, og margir reikningar vegna byggingarinnar hafi beðið ógreiddir. Hann hafi því ekki stöðvað greiðslur þrátt fyrir tilmæli áfrýjanda, en ráðið honum að leita til lögfróðra manna, ef hann teldi sig hafa rétt til að stöðva greiðslurnar.

Áfrýjandi og eiginkona hans skrifuðu stefnda Birni annað bréf 25. september 1984. Er meginefni þess rakið í héraðsdómi. Svo sem þar er og rakið, sendi áfrýjandi stefnda Birni hið þriðja bréf í framhaldi af þessu og tók aftur ummæli í því og baðst afsökunar á þeim.

Lokagreiðsla til húsbyggingarinnar fór fram 3. desember 1984.

Þáverandi lögmaður áfrýjanda skrifaði stefnda Birni bréf 22. janúar 1985 og bað um skýringar á greiðslu bótanna og uppbyggingarinnar á landi Ærlækjarsels. Svaraði stefndi með bréfi 27. janúar 1985, sem að ofan er rakið.

Bræðurnir skiptu með sér jörðunum með kaupsamningum 3. mars 1985. Fékk áfrýjandi Skóga III í sinn hlut, en Sigurður fékk Skóga I. Enginn fyrirvari var þar gerður um hið nýja íbúðarhús eða rétt yfir því. Hinn 16. apríl 1985 skrifuðu áfrýjandi og eiginkona hans bréf til stefnda Öxarfjarðarhrepps og kváðust hyggja á framkvæmdir á eignarhluta sínum í Skógum og fóru fram á, að sér yrðu veittir þeir fjármunir, sem til þeirra hefðu komið vegna bótanna á fasteignum þeirra. Stefndu svöruðu með bréfi 19. sama mánaðar og lýstu yfir því, að hlutur þeirra hjóna af þessu bótafé hefði runnið til byggingar húss þeirra Sigurðar og eiginkonu hans. Af hálfu áfrýjanda var því lýst við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti, að áfrýjandi hefði nytjað jörð sína og ætlað bæturnar til uppbyggingar fiskeldis á henni.

IV.

Hið skriflega umboð, er bræðurnir veittu stefnda Birni, náði samkvæmt efni sínu einungis til að veita bótafénu viðtöku, en ekki til að ráðstafa því. Þegar litið er þó til þess, er að framan greinir um tilgang bótanna, framgang byggingar íbúðarhússins og vitneskju áfrýjanda um hana, verður að telja, að skilningur aðila hafi í upphafi verið, að bótafénu skyldi ráðstafað til að reisa íbúðarhús, sem yrði sameign landeigenda. Þegar leið á sumar 1984, lét áfrýjandi að vísu í ljós, að hann óskaði eftir að fá sinn hluta bótanna greiddan beint. Með hliðsjón af orðum í bréfi áfrýjanda í framhaldi af bréfi 25. september 1984 verður hins vegar að telja, að stefndi Björn hafi mátt skilja áfrýjanda þannig, að fallið væri frá öllum mótmælum fyrra bréfs. Þegar litið er að auki til aðgerðaleysis áfrýjanda á þeim tíma og þegar hann gekk frá skiptingu jarðanna í mars 1985, verður

að telja, að hann hafi með því staðfest umboð stefndu til að ráðstafa fénu á þann hátt, sem gert var. Ber því að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms.

Eftir öllum atvikum er rétt, að hver aðila beri sinn málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur Héraðsdóms Norðurlands eystra 21. maí 1993.

Mál þetta, sem dómtekið var 10. maí sl., hefur Lárus Hinriksson, kt. 280256-4209, Ásvegi 14, Akureyri, höfðað fyrir aukadómþingi Þingeyjarsýslu með stefnu, þingfestri 19. september 1990, á hendur Birni Benediktssyni, kt. 060730-3189, Sandfellshaga II, Öxarfjarðarhreppi, Norður-Þingeyjarsýslu, og Öxarfjarðarhreppi, kt. 430369-0169, Norður-Þingeyjarsýslu. Eru dómkröfur stefnanda þær, að stefndu verði dæmdir til að greiða sér in solidum 724.327,50 kr. auk [nánar tilgreindra dráttarvaxta svo og málskostnað].

Stefndu krefjast algjörrar sýknu af öllum dómkröfum stefnanda í málinu og að stefnanda verði gert að greiða stefndu málskostnað að skaðlausu [...].

Helstu málsatvik eru þau, að á árinu 1980 keyptu stefnandi og tvíburabróðir hans, Sigurður Hinriksson, jarðirnar Skóga I og III í Öxarfjarðarhreppi. Í náttúruhamförum 1975-1976 seig land á þessum slóðum, og var svo komið 1982-1983, að heilbrigðisnefnd Kópaskerslæknishéraðs taldi, að íbúðarhúsið að Skógum I og III væri óíbúðarhæft sökum vatnsgangs á neðri hæð. Vegna tjóns þessa fengu stefnandi og bróðir hans bætur frá Viðlagatryggingu Íslands, samtals óskiptar 1.448.655 kr. Hinn 1. maí 1984 undirrituðu stefnandi og bróðir hans, Sigurður, svofellt umboð:

„Við undirritaðir eigendur að Skógum I og III í Öxarfjarðarhreppi veitum oddvita, hr. Birni Benediktssyni, Sandfellshaga II, Öxarfjarðarhreppi í Norður-Þingeyjarsýslu, fullt og ótakmarkað umboð til að taka á móti fjárbótum úr Viðlagatryggingu Íslands vegna húseigna á ofangreindri eignarjörð okkar.

Til staðfestu umboði þessu ritum við nöfn okkar hér að neðan ásamt vitundarvottum.

Allt sem nefndur umboðsmaður okkar gerir samkvæmt umboði þessu skal vera jafngilt og við hefðum gert það sjálfir."

Samkvæmt umboði þessu veitti stefndi Björn bótunum viðtöku, en þær voru greiddar út í þrennu lagi þannig: 500.000 kr. 4. 6. 1984, 200.000 kr. 5. 7.

1984 og 748.655 kr. 20. 8. 1984. Á þessum tíma var hafin bygging nýs íbúðarhúss á vegum Sigurðar, bróður stefnanda. Var húsinu valin lóð í landi nágrannajarðar, Ærlækjarsels, en gert var ráð fyrir, að eigendur Ærlækjarsels legðu lóðina til lands Skóga I og III. Stefndi Björn ráðstafaði bótunum til greiðslu byggingarkostnaðar húss þessa, þ. e. hlutum beggja bræðranna, á tímabilinu 13. júní til 3. des. 1984.

Stefnandi telur, að stefndi hafi ekki haft heimild sína til þessarar ráðstöfunar fjárins, heldur einungis til móttöku bótanna, og hafi þessi ráðstöfun fjárins verið gegn sinni vitund og vilja. Hefur hann höfðað mál þetta til heimtu síns hluta bótanna og reisir kröfuna á almennum reglum kröfuréttar.

Stefndu vísa um sýknukröfu stefnda Björns Benediktssonar persónulega á 2. mgr. 45. gr. eml. Allar ráðstafanir stefnda Björns í þessu máli hafi hann gert í umboði hreppsnefndar Öxarfjarðarhrepps sem oddviti hennar. Til vara er sýknukrafa stefnda Björns ásamt sýknukröfu stefnda Öxarfjarðarhrepps reist á eftirfarandi sjónarmiðum:

a) Stefnandi og bróðir hans, Sigurður, hafi falið oddvita hreppsnefndar að aðstoða sig við að ná fram bótagreiðslum vegna tjóns á húsakosti jarðarinnar Skóga I og III til uppbyggingar nýs íbúðarhúss á jörðinni, en íbúðarhús þar hafi þá verið óíbúðarhæft. Um þetta hafi stefnanda verið fullkunnugt, og hafi ráðstafanir oddvita hreppsins verið í samræmi við og innan umboðs, sem veitt hafi verið í þessum tilgangi.

b) Bótafénu hafi sannanlega öllu verið ráðstafað til mannvirkjagerðar á jörðinni Skógum I, sem þá hafi verið í sameign stefnanda og bróður hans, Sigurðar. Bæturnar hafi því runnið í reynd til stefnanda að öllu leyti, enda verði eigendur jarðar sjálfkrafa eigendur mannvirkja, sem á henni eru gerð, nema öðruvísi sé um samið. Það, þótt bróðir stefnanda, Sigurður, hafi á þessum tíma ætlað sér að búa í húsinu, skipti engu máli í þessu sambandi, enda hafi stefnandi getað neytt úrræða reglna eignarréttar um sameign, næðist ekki samkomulag með aðilum um nýtingu eignarinnar.

c) Stefnandi og bróðir hans hafi staðið sameiginlega að byggingu íbúðarhússins að Skógum I og stefnandi unnið við byggingu hússins með bróður sínum. Stefnanda hafi því verið fullkunnugt um staðsetningu hússins og hafi borið sem meðeiganda að gæta hagsmuna sinna um lóðarréttindi. Stefnandi og bróðir hans hafi á þessum tíma gert samkomulag við eigendur Ærlækjarsels um jarðarskika þann, sem íbúðarhúsið hafi staðið á. Það, að ekki hafi verið gengið formlega frá eignarheimildum að lóðinni, sé engum um að kenna öðrum en stefnanda og bróður hans, og beri þeir einir hallann af því, að svo var ekki gert.

d) Með kaupsamningi, dagsettum 3. 3. 1985, hafi stefnandi selt athugasemdalaust eignarhluta sinn í jörðinni Skógum I án þess að gera fyrirvara um hlutdeild sína í mannvirkjum, sem á jörðinni hafi verið eða átt hafi að falla undir hana. Tómlæti stefnanda að þessu leyti og um frágang á lóðarréttindum fyrir íbúðarhúsið sé slíkt, að stefnandi hafi þegar af þeirri ástæðu fyrirgert rétti sínum til að krefja stefnda um greiðslu, svo sem gert sé í máli þessu.

e) Með bréfi á dskj. nr. 47, ódagsettu, sé lýst yfir því af hálfu stefnanda, að fyrri ummæli sín í bréfi, dagsettu 20. 9. 1984 (á að vera 25. 9.), séu dregin til baka og að ágreining bræðranna verði að leysa innan fjölskyldunnar. Þegar á þessari stundu hafi stefndi mátt treysta því, að fénu hefði verið ráðstafað í samræmi við vilja aðila. Engar athugasemdir séu síðan gerðar fyrr en í apríl 1985. Á þessu tómlæti og réttaráhrifum þess beri stefnandi ábyrgð.

f) Með vísan til d- og e-liðar hér að framan sé við það miðað af hálfu stefndu, að þar sem stefnandi sjálfur hafi ekki gert neinar ráðstafanir til að tryggja lóðarréttindi íbúðarhússins og gefið út athugasemdalaust afsal vegna Skóga I til handa Sigurði, bróður sínum, hafi stefnandi í reynd firrt sig eignarrétti að íbúðarhúsinu, en eigi eftir atvikum kröfurétt á Sigurð, þó eftir því, hvernig samningum þeirra sé háttað að öðru leyti vegna þessa máls.

g) Til vara sé bent á, að samkvæmt bréfi, dagsettu 24. 8. 1984, á dskj. nr. 45, geri stefnandi eingöngu fyrirvara um ráðstöfun á ⅓ af þeim bótum, sem í hans hlut áttu að koma, þ. e. a. s. ⅓ af helmingi bótanna. Ráðstöfun að öðru leyti hafi því verið heimil þegar af þeirri ástæðu.

Stefnandi og stefndi Björn Benediktsson hafa gefið skýrslur hér fyrir dómi. Þá hefur Einar Friðrik Jóhannesson byggingarfulltrúi borið vitni í málinu.

Hinn 26. mars 1984 sendi Sigurður Hinriksson, bróðir stefnanda, stefnda Birni Benediktssyni símskeyti, þar sem hann veitir hreppsnefnd Öxarfjarðarhrepps umboð til að taka allar þær bætur, sem kunni að fást frá Viðlagatryggingu Íslands fyrir húsakost jarðarinnar Skóga I, enda verði þeim varið til uppbyggingar þar. Fram kemur í málinu, að hreppsnefnd Öxarfjarðarhrepps fjallaði nokkrum sinnum um málið, þ. á m. gerðir stefnda Björns. Skjöl þau, er stefndi Björn undirritaði vegna máls þessa og framangreinds umboðs, undirritaði hann í nafni hreppsins með því að nota stimpil Öxarfjarðarhrepps.

Að þessu virtu svo og orðalagi í umboði frá 1. 5. 1984, þar sem segir, að umboðið sé veitt „oddvita, hr. Birni Benediktssyni", þykir mega við það

miða, að litið hafi verið svo á, að stefndi Björn hafi farið með umboðið og ráðstöfun bótanna í nafni Öxarfjarðarhrepps, en eigi persónulega. Virðist þetta einnig vera í samræmi við skoðanir stefnanda, sem koma fram í bréfi hans til hreppsnefndar Öxarfjarðarhrepps, dags. 16. apríl 1985. Þykir samkvæmt framansögðu mega sýkna stefnda Björn af kröfum stefnanda með vísan til 2. mgr. 45. gr. einkamálalaga nr. 85/1936, sbr. nú 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991.

Ekki er ágreiningur um, að hið skriflega umboð, sem að framan er rakið, náði einungis til þess að veita bótunum viðtöku.

Stefndi Björn telur sig hafa haft samþykki stefnanda og bróður hans til að ráðstafa bótunum svo sem hann gerði. Framganga sín í málinu hafi allan tímann verið háð því skilyrði, að bæturnar rynnu óskiptar til uppbyggingar að Skógum I og III. Hafi báðum bræðrum verið það ljóst og sér vitanlega ekki verið ágreiningur um þann skilning. Hafi framganga sín í málinu verið til þess, að umrædd jörð yrði ábúðarhæf og sveitarfélaginu til hagsbóta. Hafi hann þess vegna staðið í þessu sem oddviti og sveitarstjórn allan tímann fylgst með málinu og verið samþykk gerðum sínum.

Með símskeyti, dags. 26. mars 1984, veitti Sigurður Hinriksson, bróðir stefnanda og meðeigandi að jörðinni, hreppsnefnd Öxarfjarðarhrepps umboð til að veita bótunum viðtöku, enda yrði þeim varið til uppbyggingar á jörðinni.

Í bréfi stefnanda og eiginkonu hans til stefnda Björns, dags. 24. ágúst 1984, segir: „Við undirrituð förum að öllu leyti fram á, að okkar hlutur í bótum, sem veittar voru gagnvart tjóni á fasteignum á jörðinni Skógum I og III, verði stöðvaðar að því marki, að ⅓ hluti þeirra gangi alfarið undir okkar stjórn og ráðum við hvenær og hvernig þeim er ráðstafað, þ. e. a. s. í hvaða fasteign þær muni fara."

Í framhaldi af þessu bréfi virðast hafa farið fram viðræður á milli stefnanda og stefnda Björns um málið, og með bréfi, dags. 20. eða 25. september 1984, krefja stefnandi og eiginkona hans stefnda Björn svara við ýmsum spurningum varðandi málið.

Í ódagsettu bréfi stefnanda til stefnda Björns, þar sem vísað er í framangreint bréf, segir: „Bréf þetta var skrifað undir erfiðum kringumstæðum í máli, sem okkur er mjög viðkvæmt og við nánari athugun verðum að leysa innan okkar fjölskyldu. Viljum við því taka aftur ummæli, sem viðhöfð eru í bréfi þessu, og biðjum þig afsökunar á þeim og láta sem þau hafi aldrei verið skrifuð."

Stefndi Björn kveðst hafa talið, að með bréfi þessu hefði stefnandi fallið frá framangreindri ósk sinni um, að hann héldi eftir ⅓ hluta bótanna, og í

framhaldi af því greiddi hann eftirstöðvar bótanna upp í kostnað af húsbyggingu Sigurðar.

Ekki verður af gögnum málsins ráðið, að neitt hafi gerst í málinu eftir þetta, þar til stefnandi og eiginkona hans rituðu hreppsnefnd Öxarfjarðarhrepps svofellt bréf, dags. 16. apríl 1985: „Við undirrituð hyggjumst hefja framkvæmdir á eignarhluta okkar í Skógum eða jafnvel selja hann síðar. Förum við undirrituð því þess á leit við hreppsnefnd Öxarfjarðarhrepps, að hún vinsamlega framkvæmi eins fljótt og kostur er að okkur verði veittir þeir fjármunir, sem til komu vegna bóta á fasteignum okkar á fyrrnefndri jörð."

Með bréfi, dags. 19. apríl 1985, svaraði stefndi Björn bréfi þessu og upplýsti, að hlutur þeirra hjóna af bótafénu hefði runnið til byggingar húss þeirra Sigurðar og Fanneyjar, eiginkonu hans, og taldi sig hafa haft fulla heimild til þeirrar ráðstöfunar.

Í framhaldi af þessu hófust nokkur bréfaskipti milli lögmanns stefnanda og stefnda Björns, sem ekki þykir ástæða að rekja.

Hinn 23. nóvember 1989 voru tekin fyrir í skiptarétti Þingeyjarsýslu gjaldþrotaskipti á búi Sigurðar Hinrikssonar, bróður stefnanda. Við yfirheyrslu þar kveðst Sigurður fyrir u. þ. b. 4–5 árum hafa reist íbúðarhús í landi Ærlækjarsels ásamt bróður sínum Lárusi Hinrikssyni. Kveður Sigurður Lárus, bróður sinn, hafa lagt fram helming af því fé, sem til þurfti til húsbyggingarinnar.

Með bréfi, dags. 22. janúar 1990, til stefnanda óskar sýslumaðurinn í Þingeyjarsýslu eftir því, að embættinu verði sent bréf fyrir 27. febrúar 1990 um það, hvort stefnandi telji sig eiga helming nefndrar húseignar.

Með ódagsettu bréfi til skiptaréttar Þingeyjarsýslu, sem lagt er fram í skiptarétti 28. febrúar 1990, lýsir Ásmundur S. Jóhannsson hdl. yfir því f. h. stefnanda, að stefnandi sé eigandi að hálfu húsinu.

Að framangreindu virtu þykir mega við það miða, að ráðstöfun stefnda á bótunum til byggingar framangreinds húss hafi verið með vitund og samþykki stefnanda, allt þar til hann með bréfi sínu, dags. 24. ágúst 1984, óskaði eftir því, að ⅓ hluti bóta sinna gengi til sín til annarra nota. Í framhaldi af framangreindu og eins og bréfaskriftum stefnanda til stefnda Björns var háttað og að framan er lýst, var stefnda Birni rétt að skilja stefnanda svo, að hann stæði því ekki lengur í vegi, að öllum bótunum skyldi varið svo sem gert var.

Með vísan til framangreinds ber einnig að sýkna stefnda Öxarfjarðarhrepp af kröfum stefnanda í máli þessu.

Rétt er, að málskostnaður falli niður.

Dóm þennan kvað upp Freyr Ófeigsson dómstjóri.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Björn Benediktsson og Öxarfjarðarhreppur, skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Lárusar Hinrikssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 16. febrúar 1995.

Nr. 204/1992. **Ólafur Rúnar Gunnarsson**
(Magnús M. Norðdahl hdl.)
gegn
Rúnari Valssyni
(Gylfi Thorlacius hrl.)

Skaðabótamál. Líkamsmeiðingar. Lögreglumenn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 8. maí 1992. Krefst hann þess aðallega, að hann verði sýknaður af kröfum stefnda, en til vara, að sök verði skipt milli sín og stefnda og kröfur stefnda lækkaðar verulega. Hann krefst þess jafnframt, að hin áfrýjaða gerð fógetaréttar Norður-Múlasýslu verði felld úr gildi. Þá krefst hann þess aðallega, að stefnda verði gert að greiða sér málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, en til vara, að málskostnaður verði felldur niður.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Um atvik að handtöku áfrýjanda 17. desember 1983 og átökum við hann hennar vegna liggur fyrir lögregluskýrsla, er stefndi gerði þá sem lögregluvarðstjóri. Er þess þar getið, að stefndi hafi meiðst á hné í þessum átökum og leitað læknis daginn eftir. Um atvikin var og fjallað skömmu síðar í refsimáli á hendur áfrýjanda fyrir sakadómi Norður-Múlasýslu. Gaf áfrýjandi skýrslu fyrir dóminum 11. maí 1984, en stefndi daginn eftir og einnig héraðslögregluþjónninn Ingibjörn Heiðar Sigurjónsson, sem stóð að handtökunni með stefnda. Komu þeir og allir fyrir dóm í máli þessu.

Um áverka stefnda og afleiðingar þeirra liggja fyrir þau læknisfræðigögn, sem lýst er í hinum áfrýjaða dómi. Af þeim verður ráðið, að eftir aðgerðina á hægra hné árið 1984 hafi hann ekki leitað til sérfræðinga um athugun á varanlegum skaða sínum fyrr en í september 1987. Var örorka hans fyrst metin 16. febrúar 1988. Ekki er

fram komið, hvenær hann gerði skaðabótakröfu á hendur áfrýjanda, en áfrýjandi kveðst fyrst hafa orðið þess var á árinu 1986, að hennar mætti vænta. Mál þetta höfðaði stefndi í nóvember 1990.

Á það ber að fallast með héraðsdómara, að fram sé komin í málinu nægileg sönnun þess, að vegna mótþróa áfrýjanda við handtöku hans hafi stefndi hlotið áverka, er leitt hafi til varanlegrar örorku, og verði við það að miða, að hún sé réttilega talin nema 25% að læknisfræðilegu mati. Hafi áfrýjandi orðið valdur að þessum áverkum, án þess að stefndi hafi átt þar sök eða áhættu, og beri hann því fulla bótaábyrgð gagnvart stefnda á tjóni hans af þeim. Hina síðbúnu kröfugerð vegna tjónsins hefur stefndi skýrt með því, að ekki hafi verið talið tímabært að meta varanlegar afleiðingar áverkanna, fyrr en raun varð. Með hliðsjón af því og atvikum að öðru leyti verður ekki á það fallist, að bótaréttur stefnda hafi glatast fyrir tómlæti af hans hálfu.

Með samþykki stefnda hefur áfrýjandi lagt fyrir Hæstarétt nýjan líkindareikning Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingastærðfræðings 24. janúar 1995 um fjárhagstjón stefnda. Samkvæmt honum eru óskertar árstekjur stefnda 1991 og síðan áætlaðar 3.072.100 krónur og árlegt tekjutap hans 768.000 krónur í hlutfalli við þá varanlegu örorku, sem honum hefur verið metin. Höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps vegna varanlegrar örorku miðað við slysdag er áætlað 7.827.900 krónur, en verðmæti tapaðra lífeyrisréttinda 469.700 krónur. Reikningsgrundvöllur er hinn sami og í fyrri útreikningum frá 25. október 1989 og 13. janúar 1992, en tillit tekið til síðari kauplagsbreytinga. Að beiðni áfrýjanda hefur tryggingastærðfræðingurinn einnig tekið fram, að slysdagsverðmæti örorkutjónsins nemi 4.382.600 krónum á sömu forsendum, ef gert sé ráð fyrir, að stefndi hafi verið án vinnutekjutaps til ársloka 1994.

Fyrir Hæstarétt hafa einnig verið lögð afrit af skattframtölum stefnda vegna áranna 1991-1993 og launaseðli fyrir árið 1994. Í héraði var fram komið, að stefndi fékk greiddar 495.816 krónur frá Tryggingastofnun ríkisins í nóvember 1988 sem eingreiðslu örorkubóta úr lögmæltri slysatryggingu launþega. Á því ári fékk hann einnig greiddar 109.225 krónur í örorkubætur úr slysatryggingu samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja.

Óþarft er að einskorða mat á tjóni stefnda við þann útreikning þess, sem fyrir lá við málshöfðun, þótt kröfugerð í héraðsstefnu hafi verið mörkuð eftir honum. Er rétt að taka mið af hinum nýja líkindareikningi. Jafnframt honum ber að líta til þess, að stefnda var unnt að halda áfram starfi sem lögreglumaður á Vopnafirði þrátt fyrir meiðsli sín, og verður ekki séð, að þau hafi að ráði valdið skerðingu á tekjum hans fram að þessu, þótt ætla megi, að aflahæfi hans framvegis sé óvissu háð. Með hliðsjón af þessu hvoru tveggja og að teknu tilliti til þeirra slysabóta, sem fyrr var getið, ásamt hagræði af eingreiðslu og skattfrelsi hennar þykja bætur til stefnda fyrir fjártjón vegna örorku hans hæfilega ákveðnar 2.600.000 krónur.

Auk þessa á stefndi rétt til miskabóta, og verða þær eftir atvikum ákveðnar 200.000 krónur.

Samkvæmt þessu verður áfrýjanda gert að greiða stefnda samtals 2.800.000 krónur ásamt vöxtum frá 1. desember 1986 til greiðsludags og málskostnaði í héraði og fyrir Hæstarétti, svo sem nánar er um mælt í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Ólafur Rúnar Gunnarsson, greiði stefnda, Rúnari Valssyni, 2.800.000 krónur með 9% ársvöxtum frá 1. desember 1986 til 21. janúar 1987, 10% ársvöxtum frá þeim degi til 14. apríl sama ár og vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til uppsögudags dóms þessa, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laganna frá þeim degi til greiðsludags.

Áfrýjandi greiði stefnda samtals 600.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur aukadómþings Norður-Múlasýslu 17. febrúar 1992.

I.

Mál þetta var höfðað með stefnu, birtri 29. nóvember 1990, og dómtekið 27. janúar sl. Stefnandi er Rúnar Valsson, kt. 240648-2109, Skálanesgötu 15, Vopnafirði, en stefndi Ólafur Rúnar Gunnarsson, kt. 201153-7949, Hafnarbyggð 27, Vopnafirði. Þá er ríkissjóði stefnt til réttargæslu í málinu.

Kröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða 5.700.284 kr. með [nánar tilgreindum vöxtum svo og málskostnað].

Stefndi krefst þess aðallega, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og dæmdur málskostnaður úr hans hendi skv. gjaldskrá LMFÍ að viðbættum virðisaukaskatti, til vara, að sök verði skipt og dómkröfur stefnanda lækkaðar verulega. Í varakröfu krefst stefndi málskostnaðar á sama hátt og í aðalkröfu, en til vara, að málskostnaður verði felldur niður.

Réttargæslustefndi sótti þing við þingfestingu málsins, en eigi síðar. Hann gerir ekki kröfur í málinu.

II.

Hinn 17. desember 1983 ók stefndi Ólafur Rúnar bifreið út af veginum skammt fyrir utan kauptúnið á Vopnafirði. Var hann í framhaldi af því handtekinn og færður fyrst á lögreglustöðina, en síðan á heilsugæslustöð til töku blóðsýnis. Reyndist hann hafa verið undir áhrifum áfengis. Var hann fluttur þaðan að nýju á lögreglustöðina og færður að lokum í fangageymslu. Handtökuna og flutning þennan á stefnda framkvæmdu lögreglumennirnir Ingibjörn Heiðar Sigurjónsson og Rúnar Valsson, stefnandi máls þessa. Stefnandi heldur því fram, að við færslu á heilsugæslustöðina og síðar á lögreglustöðina og þar á stöðinni hafi stefndi veitt mótspyrnu. Því er haldið fram í stefnu, að í þessum átökum á lögreglustöðinni hafi hægri hnéskel stefnanda rekist harkalega í og hann einnig snúist um hægri hnélið. Enn fremur segir hann, að í lögreglubifreiðinni hafi stefndi gripið sig hálstaki, og við það hafi hægri hnéskel rekist upp undir mælaborðið. Bar stefnandi á sama veg í aðilaskýrslu sinni fyrir dómi.

Stefndi hefur í aðilaskýrslu fyrir dómi ekki viljað kannast við að hafa veitt mótspyrnu, en kveðst ekki hafa farið viljugur, látið ýta sér áfram. Hann neitar að hafa valdið stefnanda þeim meiðslum, er hann telur sig hafa hlotið á lögreglustöðinni. Þá kveðst hann ekki hafa ráðist á stefnanda í lögreglubifreiðinni og ekki stofnað til neinna átaka á stöðinni.

Vitnið Ingibjörn Heiðar Sigurjónsson hefur staðfest í öllu verulegu frásögn stefnanda um mótþróa stefnda, stimpingar við hann og átök þeirra, allt til þess er stefndi hafði verið lokaður inni í klefa.

Áverkum stefnanda er lýst ýtarlega í læknisvottorðum og í örorkumati Björns Önundarsonar og Júlíusar Valssonar. Í þessum gögnum kemur fram, að stefnandi leitaði til heilsugæslulæknis á Vopnafirði 18. desember 1983, þ. e. daginn eftir að hann hafði handtekið stefnda. Var þá sett gifs um hægri hnélið, en 4. janúar 1984 var hann sendur á Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri. Var gerð aðgerð 9. janúar 1984 og fjarlægður rifinn innri liðþófi úr hnénu. Ekki sýnist ástæða til að rekja læknismeðferð stefnanda frekar en fram kemur hér á eftir, að í örorkumati Júlíusar Valssonar, dags. 19. apríl 1991, segir m. a. svo:

„Ávallt þegar liðþófi er fjarlægður úr hnélið verður aukin hætta á ótímabærum slitbreytingum í liðnum, þar sem um burðarlið er að ræða. Slasaði er enn í dag með einkenni sem rekja má til áðurnefnds vinnuslyss þrátt fyrir að rúm sjö ár eru nú liðin frá því að það gerðist. Er því ljóst að vinnuslysið 18. 12. 1983 hefur valdið vissri varanlegri örorku."

Síðar í matinu segir:

„Þau einkenni sem slasaði hefur í dag eru, að hann þreytist mjög við allt álag, langar göngur og setur. Fær þá verki í hægra hnélið. Oft heyrast smellir og brak í hnénu. Hann hlífir hægra hnélið mjög mikið. Þreytist hann við akstur bifreiðar og burð. Ekki er saga um læsingar eða bólgur í liðnum eftir að liðþófinn var tekinn. Slasaði telur að óþægindin frá hægra hné hafi valdið því að álag hafi aukist á það vinstra og hefur hann haft vaxandi óþægindi frá vinstra hné síðustu árin. ...

Læknisskoðun: Það er greinileg rýrnun á lærvöðvum í báðum fótum, þetta á sérstaklega við um vastus medialis bilateralt. Það er aðgerðarör yfir innanverðum báðum hnjáliðum. Það eru greinileg merki um chondromalacia patellae (brjóskeyðingu á hnéskel) hægra megin sem ekki er til staðar vinstra megin. Báðir hnjáliðirnir eru stöðugir til hliðanna. Það eru ekki merki um aukinn liðvökva. Smávægileg þreifieymsli eru yfir liðhimnu að innanverðu í hægra hné og að utanverðu í vinstra hné. Tauga- og æðaskoðun í fótum er eðlileg og hreyfiferill er óskertur í báðum hnjám. ...

Enn í dag er slasaði með einkenni frá hægra hnélið sem rekja má til áðurnefnds vinnuslyss. Ber þar helst að geta þreytuverkja við alla áreynslu, t.d. göngur, setu og burð. Þreytist mjög við keyrslur. Oft heyrast smellir og brak í hnénu og við læknisskoðun koma fram greinileg merki um brjóskeyðingu og milli liðarins á milli hnéskeljar hægra megin og liðflatarins á hægra lærlegg. Þetta er nefnt á latínu „chondromalacia patellae". Á nýlegum röntgenmyndum koma ekki fram merki um slitbreytingar nema á hnéskel svo að ekki virðist um alvarlega brjóskeyðingu í sjálfum hnéliðnum að ræða. Brjóskeyðing á hnéskel getur hins vegar valdið miklum óþægindum með verkjum og þreytutilfinningu eins og slasaði lýsir. Einnig kemur fram við líkamsskoðun rýrnun á innri lærvöðva sem bendir til þess að hann hlífir hnénu við álagi. Hér er um burðarlið að ræða og vel þekkt er að ótímabærar slitgigtarbreytingar í einum burðarlið geta valdið sömu breytingum í öðrum burðarlið. Ekki er því hægt að útiloka að óþæg-

indin sem slasaði hefur haft í hægra hnélið hafi valdið auknu álagi á vinstra hné. ...

Ekki er ólíklegt að höggið sem varð er slasaði rak hægra hnéð upp undir mælaborð bifreiðarinnar hafi leitt til ótímabærra slitbreytinga í femuropatellar liðnum hægra megin.

Slasaði varð þann 28. 10. 1988 metinn til 25% varanlegrar örorku af Birni Önundarsyni. Í því mati var tekið tillit til hættunnar á ótímabærum slitbreytingum í liðnum þar sem liðþófi hafi verið fjarlægður og er sú hætta enn fyrir hendi og í ljós framansögðu (sic) þykir ekki tilefni til breytinga á því mati."

Með úrskurði, upp kveðnum 20. ágúst sl., var mál þetta lagt fyrir Læknaráð til umsagnar um örorku stefnanda og orsakir hennar. Ráðið komst að þeirri niðurstöðu, að áverki sá, er stefnandi fékk á hægra hné 17. desember 1983, teldist orsök varanlegrar örorku hans og að hann hefði þá náð sér að fullu eftir aðgerð á vinstra hné, er gerð var 1980. Jafnframt féllst ráðið á mat þeirra Björns Önundarsonar og Júlíusar Valssonar á varanlegri örorku stefnanda.

III.

Stefnandi reisir kröfur sínar um bótaskyldu stefnda á almennu skaðabótareglunni. Hann telur, að stefndi hafi veitt mótspyrnu við handtöku og færslu á lögreglustöð og síðar á heilsugæslustöð og þannig valdið stefnanda meiðslum. Af meiðslum þessum telur stefnandi, að hann hafi hlotið varanlega örorku, er metin hafi verið 25%.

Í kröfum stefnanda felst annars vegar krafa um bætur vegna varanlegrar örorku samkvæmt útreikningi Jóns Erlings Þorlákssonar, hins vegar krafa um miskabætur. Fyrri krafan, að fjárhæð 5.200.284 kr., er greiðsla frá Tryggingastofnun ríkisins og hefur verið dregin frá niðurstöðutölu útreiknings, en miskabótakrafan er að fjárhæð 500.000 kr.

IV.

Stefndi styður sýknukröfu sína aðallega því, að ósannað sé, að stefnandi hafi slasast með þeim hætti, er hann haldi fram.

Í öðru lagi vísar stefndi til þess, að stefnandi hafi um árabil átt við meiðsl að stríða í baki og hafi, nokkru áður en þeir atburðir gerðust, er um sé fjallað í þessu máli, verið skorinn upp vegna meiðsla í vinstra hné. Verulegan hluta örorku stefnanda megi rekja til þess, að vinstra hné hafi ekki verið fært um að taka við auknu álagi. Þennan veikleika í vinstra hné sé að rekja til allt annars tjónsatburðar. Telur stefndi það til eigin áhættu stefnanda og vinnuveitanda hans, að lagðar voru skyldur á stefnanda sem hann hafi ekki

verið fær um að sinna. Telur hann sig ekki eiga sök, þó að veikleikar stefnanda komi fram við framkvæmd eðlilegra skyldustarfa. Varakrafa stefnda um skiptingu sakar er enn fremur á þessu reist.

Loks styður stefndi kröfu sína um sýknu við tómlæti stefnanda. Mál sé ekki höfðað fyrr en að sjö árum liðnum, frá því að tjón varð. Þá skerpi þessi langi tími sönnunarbyrði stefnanda um atvik þau, sem ágreiningur sé um, átök, sem stefndi kannist ekki við og fótur finnist ekki fyrir í skjölum málsins. Þá telur hann varhugavert að leggja framburð samstarfsmanna stefnanda til grundvallar.

Stefndi krefst þess, að við ákvörðun bóta komi greiðsla vegna slysatryggingar stefnanda sem ríkisstarfsmanns að fullu til frádráttar. Þá krefst hann verulegs frádráttar vegna skatt- og eingreiðsluhagræðis, sem hann telur eiga að vera mikinn í samræmi við dómvenju, er tjónþolar geti áfram sinnt fyrra aðalstarfi sínu. Vísar hann á fjölmörg dómafordæmi, er hann telur styðja þessa fullyrðingu sína.

V.

Stefnanda og vitni ber saman að miklu leyti um atvik við handtöku og gæslu stefnda 17. desember 1983. Kemur framburður þeirra nú einnig heim og saman við fyrri frásagnir þeirra í lögregluskýrslu og fyrir sakadómi. Telja verður því sannað, að stefndi hafi veitt mótþróa við handtökuna, og jafnframt, að stefnandi hafi þá hlotið áverka, er leitt hafi til þeirrar örorku, er metin hefur verið varanleg 25%. Með hliðsjón af niðurstöðu Læknaráðs verður einnig að telja, að ekki verði fundnar aðrar orsakir til örorku stefnanda en áverkar þeir, er hann hlaut af völdum stefnda umrætt sinn, svo að einhverju skipti um niðurstöðu máls þessa. Verður að telja stefnda eiga sök á tjóni stefnanda og því bótaskyldan gagnvart honum vegna þessa tjóns. Verður eigi fallist á, að krafan sé niður fallin vegna tómlætis. Þá hefur eigi verið sýnt fram á, að stefnandi hafi verið ófær um að gegna löggæslustörfum. Verður sök á tjóni stefnanda eigi skipt.

Í málinu hafa verið lagðir fram útreikningar Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingastærðfræðings. Hefur hann reiknað fjárhagstjón stefnanda miðað við, að tjón hans sé í réttu hlutfalli við varanlega örorku hans. Útreikningar þessir eru dagsettir 25. október 1989 og 13. janúar 1992. Í fyrri útreikningnum er höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps vegna varanlegrar örorku talið nema 5.696.100 kr., en í hinum síðari 6.959.500 kr., auk þess sem þar kemur fram, að hann telur verðmæti tapaðra lífeyrisréttinda nema 417.600 krónum. Í útreikningi tryggingastærðfræðingsins er miðað við árstekjur stefnanda skv. skattframtölum áranna 1980–1982, þ. e. þrjú síðustu heilu árin fyrir slysdag, svo sem tíðkanlegt er. Þá eru á tímabilinu frá slysdegi til útreikn-

ingsdags notaðir vextir af almennum sparisjóðsbókum, eins og þeir hafa verið í Landsbanka Íslands, en án vaxtavaxta. Frá útreikningsdegi eru notaðir 6% vextir og vaxtavextir í samræmi við dómvenju.

Þar sem stefndi samþykkti ekki hækkun kröfugerðar, er kröfugerð stefnanda í málinu studd hinum fyrri útreikningi. Þykir því, eins og málið er vaxið, rétt að miða við hann við ákvörðun bótafjárhæðar.

Lögð hafa verið fram skattframtöl stefnanda. Sýna þau ekki, að tekjutap hafi komið fram svo mikið sem miðað er við í útreikningi tryggingastærðfræðingsins. Hvað sem því líður, er ljóst, að vinnugeta stefnanda er verulega skert, og má heita, að veruleg óvissa sé um, hversu lengi hann geti haldið áfram fyrra starfi. Verður því að telja, að áverki sá, er hann hlaut 17. desember 1983, hafi þegar og muni leiða til verulegs tekjutaps fyrir hann.

Að teknu tilliti til skatt- og eingreiðsluhagræðis í samræmi við dómvenju og greiðslu Tryggingastofnunar ríkisins þykja bætur vegna varanlegrar örorku stefnanda hæfilega ákveðnar 3.800.000 kr. Bætur, er stefnandi hefur fengið vegna slysatryggingarskyldu réttargæslustefnda, koma hér eigi til frádráttar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 20/1954. Miskabætur þykja hæfilega ákveðnar 250.000 kr. Málskostnaður ákveðst 600.000 kr., er beri vexti svo sem krafist er.

Vaxtakröfu stefnanda er mótmælt, og þykir þrátt fyrir ákvæði 7. gr. vaxtalaga rétt að dæma vexti fram til útreikningsdags á sama hátt og tryggingastærðfræðingur gerir í útreikningi sínum. Frá þeim degi dæmast vextir skv. 7. gr. vaxtalaga til þingfestingardags, 12. desember 1990, en dráttarvextir frá þeim degi til greiðsludags.

Lárus Bjarnason sýslumaður vék sæti í máli þessu 12. desember 1990. Með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 22. janúar 1991, var Jón Finnbjörnsson, settur héraðsdómari á Keflavíkurflugvelli, skipaður setudómari í málinu, og kveður hann upp dóm þennan. Dómsuppkvaðning hefur dregist nokkuð vegna anna.

Dómsorð:

Stefndi, Ólafur Rúnar Gunnarsson, greiði stefnanda, Rúnari Valssyni, 4.050.000 kr. með [nánar tilgreindum vöxtum svo og málskostnað, 600.000 krónur].

Fimmtudaginn 16. febrúar 1995.

Nr. 122/1992. **Kristján Þorvaldsson**
Þóra Kristín Ásgeirsdóttir og
Blað hf.
(Jón Magnússon hrl.)
gegn
Gallerí Borg hf. og
Úlfari Þormóðssyni
(Viðar Már Matthíasson hrl.)
og gagnsök

Ærumeiðingar. Miskabætur. Ómerking ummæla. Sératkvæði. Ábyrgð á prentuðu máli.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Markús Sigurbjörnsson.

Aðaláfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. mars 1992. Þeir gera þær dómkröfur, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og þeir sýknaðir af öllum kröfum gagnáfrýjenda. Þá krefjast þeir málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjendur áfrýjuðu málinu til réttarins með stefnu 10. apríl 1992. Þeir gera þær dómkröfur aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur að öðru leyti en því, að aðaláfrýjendurnir Kristján Þorvaldsson og Þóra Kristín Ásgeirsdóttir verði dæmd in solidum til að greiða gagnáfrýjendum hvorum um sig 250.000.00 kr. í miskabætur og gagnáfrýjandanum Gallerí Borg hf. 1.500.000 kr. í skaðabætur vegna fjártjóns og að fjárhæðir sekta þeirra Kristjáns og Þóru Kristínar verði stórlega hækkaðar. Þá er þess krafist, að dæmt verði, að heimilt verði, eftir atvikum með aðför, ef þörf krefur, að innheimta allar dæmdar fjárhæðir í málinu hjá aðaláfrýjandanum Blaði hf. Til vara er þess krafist, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur. Þá krefjast gagnáfrýjendur málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Blað hf., sem stóð að áfrýjun málsins ásamt aðaláfrýjendunum Kristjáni og Þóru Kristínu, var tekið til gjaldþrotaskipta 2. desember 1994. Með bréfi til Hæstaréttar 18. janúar sl. tilkynnti skipta-

stjóri þrotabúsins, að hann hefði ákveðið að falla frá áfrýjun málsins, enda teldi hann ekki fjárhagslegar forsendur fyrir rekstri þess. Við málflutning fyrir Hæstarétti féllu gagnáfrýjendur frá þeirri kröfu sinni, að aðaláfrýjendur yrðu dæmdir til að birta forsendur og niðurstöðu dóms í máli þessu í vikublaðinu Pressunni, þar sem blaðið er ekki lengur gefið út.

I.

Málsatvikum er lýst í héraðsdómi. Ummæli þau, sem stefnt er út af í máli þessu, birtust í grein og fyrirsögnum í vikublaðinu Pressunni 6. desember 1990. Grein þessi, sem var undirrituð af aðaláfrýjendunum Kristjáni og Þóru Kristínu, fjallaði um starfsemi gagnáfrýjandans Gallerí Borgar hf., sem rak sýningarsal og listmunasölu og gekkst fyrir listmunauppboðum, og þátt gagnáfrýjandans Úlfars í rekstrinum, en hann var framkvæmdastjóri félagsins. Kröfðust gagnáfrýjendur ómerkingar ummæla í 13 töluliðum, eins og rakið er í héraðsdómi, en hér fyrir dómi una þeir mati héraðsdóms, sem ómerkti ummæli í 11 töluliðum. Ummælin fjölluðu annars vegar um það, að félagið beitti fyrir sig rannsóknum, sem ekki hefðu farið fram, og hins vegar það, að félagið hefði til sölu vafasöm málverk og stundaði vafasama viðskiptahætti. Fyrirsagnir og uppsetning greinarinnar var með mjög áberandi hætti. Á forsíðu blaðsins er aðalfyrirsögnin: „Úlfar í Gallerí Borg“ – og svo með afar stóru letri: „LAUG TIL UM RANNSÓKNIR Á MÁLVERKUM“. Á forsíðu kemur einnig fram, að þetta sé ekki eina dæmið um vafasöm málverk eða viðskiptahætti gagnáfrýjandans Gallerí Borgar hf. Blaðsíða 7 er lögð undir fyrirsögn með jafnstóru letri og á forsíðu: „GALLERÍ BORG BEITTI FYRIR SIG RANNSÓKNUM SEM ALDREI FÓRU FRAM“. Sú fyrirsögn er einnig yfir greininni, sem hefst á blaðsíðu 8. Í undirfyrirsögnum og greininni sjálfri koma síðan fram átalin ummæli um vafasöm málverk eða viðskiptahætti félagsins.

Aðaláfrýjendur segja, að ritstjórn blaðsins hafi tekið þá ákvörðun að láta kanna starfsemi gagnáfrýjenda, eftir að ábendingar höfðu borist um vafasama viðskiptahætti félagsins. Þá hafði gagnáfrýjandinn Úlfar látið svo um mælt í útvarpsviðtali 28. nóvember 1990, degi fyrir uppboð, þar sem til sölu voru tvær myndir eftir Sigurð Guð-

mundsson málara, að þær myndir hefðu verið settar í röntgengreiningu til þess að staðfesta aldur þeirra. Í ljós er leitt, að fyrrverandi eigandi málverkanna hafði samband við Úlfar eftir útvarpsviðtalið og sagði honum, að röntgengreining hefði ekki farið fram, en listaverkasali í Danmörku hefði ekki talið ástæðu til rannsókna á myndunum og verið tilbúinn að taka þær á uppboð. Þetta vissu aðaláfrýjendur, þegar hin umdeilda grein var skrifuð, enda var í sama blaði viðtal við gagnáfrýjandann Úlfar, þar sem hann sagðist einfaldlega hafa misskilið starfsmann danska uppboðsfirmans og verið gæti, að hann hafi sagt of mikið, þegar hann sagði, að myndirnar hefðu verið röntgengreindar.

II.

Framangreind ummæli gagnáfrýjandans Úlfars um röntgengreiningu myndanna, sem ekki reyndust á rökum reist, gáfu aðaláfrýjendum visst tilefni til þess að fjalla um starfshætti gagnáfrýjenda. Tjáningarfrelsi er grundvallarregla í lýðfrjálsu þjóðfélagi. Við skýringu á lagareglum, sem vernda æru manna, ber að hafa hliðsjón af þeim grundvallarreglum um frelsi manna til að tjá sig í ræðu og riti, sem felast í 72. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, sbr. meðal annars einnig 10. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, sem nú hefur verið lögfestur hér á landi með lögum nr. 62/1994. Fyrirtæki, sem bjóða almenningi þjónustu sína, verða að þola gagnrýni um þá starfsemi í meira mæli en aðrir. Fjölmiðlar hafa mikilvægu hlutverki að gegna í nútímaþjóðfélagi, og verður að játa blaðamönnum frelsi til tjáningar. Hins vegar verður að gera þær kröfur til blaðamanna, að þeir byggi umfjöllun sína á vandaðri könnun á staðreyndum.

Þegar litið er til kröfuliða 1.1., 1.3. og 1.5., sem fjalla um fyrirsagnir á forsíðu og á blaðsíðum 7 og 8 í vikublaðinu Pressunni 6. desember 1990 og lýst er í kafla I hér að framan, þá er ljóst, að þær eru dregnar upp á mjög áberandi hátt, og er framsetning þeirra öll á þann veg, að hún er til þess fallin að varpa rýrð á starfsemi gagnáfrýjenda. Eftir því sem fyrir liggur í málinu, á fullyrðingin á forsíðu um, að gagnáfrýjandinn Úlfar hafi logið til um rannsóknir á málverkum, ekki við rök að styðjast. Aðaláfrýjendur vissu, þegar þeir skrifuðu greinina, að gagnáfrýjandinn Úlfar taldi, að um misskilning hefði

verið að ræða, eins og fram kom í viðtali við hann, sem birtist í sama blaði. Þá má skilja á fyrirsögnum þessum, að vísað sé til fleiri tilvika, þar sem gagnáfrýjendur hafi gefið rangar upplýsingar um rannsóknir. Er þar um of víðtæka fullyrðingu að ræða, enda er í greininni aðeins fjallað um rannsókn á málverkum eftir Sigurð Guðmundsson málara. Í fyrirsögnum þessum felast þannig aðdróttanir um sviksamlegar blekkingar og vafasöm viðskipti af hálfu gagnáfrýjenda. Aðalinntak greinarinnar er síðan nánari útlistun á því, að engin rannsókn hefði farið fram á síðastnefndum málverkum, og fullyrðingar um, að efasemdir væru uppi um, að þau væru eftir Sigurð málara, en þau væru ekki eina dæmið um vafasamar myndir, sem hefðu verið seldar á uppboði hjá gagnáfrýjandanum Gallerí Borg hf. Eru þar tekin sem dæmi málverk af „biskupshjónunum" Ara Magnússyni og Kristínu Guðbrandsdóttur og myndir eftir Kristínu Jónsdóttur og Jóhannes Kjarval, sem seldar voru á uppboði hjá gagnáfrýjanda, eins og nánar kemur fram í kröfuliðum 1.2., 1.4., 1.6. til 1.12. og lýst er í héraðsdómi. Greinin sjálf er mun hógværari á allan hátt en fyrirsagnir þær, sem að framan er getið, en allt er þó dregið fram á neikvæðan hátt gagnvart gagnáfrýjendum. Ekki er í ljós leitt, að neinn vafi hafi leikið á því, að myndir kenndar við Sigurð málara og Kristínu Jónsdóttur, sem um var fjallað í greininni, væru eftir þá listamenn. Þá er fram komið, að uppboðsskrá gagnáfrýjenda sagði rétt til um aldursgreiningu á mynd af „biskups"-hjónunum.

Aðaláfrýjendur halda því fram, að þeir hafi ekki séð um uppsetningu og fyrirsagnir greinarinnar, heldur hafi það verið á ábyrgð ritstjórnar blaðsins. Aðaláfrýjandinn Kristján var annar tveggja ritstjóra þess á umræddum tíma. Aðaláfrýjendur skrifuðu bæði undir greinina, og bera þau því ábyrgð á fyrirsögnum greinarinnar sjálfrar jafnt sem aðalefni hennar, sbr. 1. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1956 um prentrétt. Hins vegar verður að telja, að uppsláttur á forsíðu og sérstakri uppsláttarsíðu sé svokallað ritstjórnarefni og því á ábyrgð ritstjóra Pressunnar, sbr. 2. mgr. sömu greinar. Ábyrgð ritstjóranna var ekki aðgreind og verður aðaláfrýjandinn Kristján því gerður ábyrgur fyrir efninu á þessum síðum, en hinum ritstjóranum hefur ekki verið stefnt í málinu. Af þessu leiðir, að hann einn verður tal-

inn bera ábyrgð á liðum 1.1., 1.2., 1.3. og 1.4., en aðaláfrýjendur sameiginlega á öðrum átöldum ummælum, sem birtust í greininni sjálfri.

III.

Þegar meta skal ummæli þau, sem átalin eru, er óhjákvæmilegt að líta á uppsláttarsíður, fyrirsagnir og greinina sem eina heild. Ekki hefur verið sýnt fram á réttmæti átalinna ummæla. Verður umdeilt efni blaðsins ekki skilið öðruvísi en svo, að verið sé að drótta því að gagnáfrýjendum, að þeir stundi vafasöm viðskipti, sem almenningur eigi að varast. Ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms um ómerkingu ummæla. Þá ber og að staðfesta niðurstöðu héraðsdómara um refsinæmi ummælanna, annarra en um getur í kröfulið 1.12., sem þykja ekki varða refsingu. Ber og að staðfesta niðurstöðu héraðsdómara, að með þessum ummælum og þá sérstaklega á uppsláttarsíðum og í fyrirsögnum sé á þann veg sveigt að æru gagnáfrýjenda, að refsingu varði samkvæmt 235. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 1. gr. laga nr. 71/1928 um vernd atvinnufyrirtækja gegn óréttmætum prentuðum ummælum. Þykir refsing aðaláfrýjandans Kristjáns, 25.000 króna sekt, hæfilega ákveðin í héraðsdómi. Hins vegar þykir refsing aðaláfrýjandans Þóru Kristínar hæfilega ákveðin 8.000 króna sekt, þar sem hún verður ekki talin bera ábyrgð á uppsláttarsíðum blaðsins. Greiði aðaláfrýjendur ekki sektarfjárhæðirnar innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa skal koma til vara átta daga varðhald aðaláfrýjandans Kristjáns og þriggja daga varðhald aðaláfrýjandans Þóru Kristínar.

Ummæli þau, sem hér um ræðir, fóru út fyrir mörk hæfilegrar gagnrýni. Þau eru til þess fallin að valda gagnáfrýjendum, sem höfðu atvinnu af sölu listaverka, hneisu og óþægindum og stuðla að trúnaðarbresti milli þeirra og viðskiptamanna þeirra. Óhjákvæmilegt er þó að taka nokkurt tillit til þess tilefnis, sem gagnáfrýjandinn Úlfar gaf til skrifanna. Ber að taka kröfur gagnáfrýjandans Úlfars um miskabætur til greina samkvæmt 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 2. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1956. Við mat á þeim ber meðal annars að taka tillit til eftirfarandi háttsemi vikublaðsins Pressunnar, sem hélt áfram að vega að gagnáfrýjendum, eftir að mál þetta var höfðað, og sinnti ekki þrátt fyrir áskoranir skyldu sinni til leiðréttinga samkvæmt 2. mgr. 18. gr. laga nr. 57/1956. Þykja

bæturnar hæfilega ákveðnar 100.000 krónur úr hendi aðaláfrýjandans Kristjáns með vöxtum, svo sem í dómsorði greinir. Aðaláfrýjandinn Þóra Kristín skal vera samábyrg fyrir 35.000 krónum af þeirri fjárhæð.

Þótt leiða megi líkur að því, að skrif aðaláfrýjenda hafi bakað gagnáfrýjandanum Gallerí Borg hf. fjárhagstjón, er skaðabótakrafa félagsins engum gögnum studd. Ótvírætt er þó, að ummælin voru til þess fallin að skaða viðskiptavild og raska stöðu fyrirtækisins. Ber því að dæma aðaláfrýjandann Kristján til að greiða félaginu bætur, sbr. 1. gr. laga nr. 71/1928, sem þykja hæfilega ákveðnar 200.000 krónur með vöxtum, svo sem í dómsorði greinir. Aðaláfrýjandinn Þóra Kristín skal vera samábyrg fyrir 70.000 krónum af þeirri fjárhæð.

Fallast ber á þá niðurstöðu héraðsdóms að dæma aðaláfrýjendur samkvæmt 2. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga óskipt til að greiða gagnáfrýjendum 150.000 krónur til að kosta birtingu á forsendum og niðurstöðu dóms þessa í þremur dagblöðum.

Eins og að framan er lýst, var bú Blaðs hf. tekið til gjaldþrotaskipta 2. desember 1994. Fallist er á, að heimta megi dæmdar fjárhæðir af þrotabúi félagsins samkvæmt 17. gr. laga nr. 57/1956.

Staðfesta ber málskostnaðarákvæði héraðsdóms.

Aðaláfrýjendur greiði gagnáfrýjendum málskostnað fyrir Hæstarétti, svo sem í dómsorði greinir, og hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Staðfest er ákvæði héraðsdóms um ómerkingu ummæla.

Aðaláfrýjandi Kristján Þorvaldsson greiði gagnáfrýjanda Úlfari Þormóðssyni 100.000 krónur og gagnáfrýjanda Gallerí Borg hf. 200.000 krónur með 2,6% ársvöxtum frá 6. desember 1990 til 21. sama mánaðar, 2,8% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1991, 3,2% ársvöxtum frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 4% ársvöxtum frá þeim degi til 1. febrúar sama ár, 4,7% ársvöxtum frá þeim degi til 7. mars 1991, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til

greiðsludags. Aðaláfrýjandi Þóra Kristín Ásgeirsdóttir skal samábyrg fyrir 35.000 krónum af dæmdri fjárhæð til gagnáfrýjandans Úlfars, en 70.000 krónum af dæmdri fjárhæð til gagnáfrýjandans Gallerí Borgar hf., hvoru tveggja með þeim vöxtum, sem að framan greinir.

Aðaláfrýjandi Kristján Þorvaldsson greiði 25.000 króna sekt til ríkissjóðs, en til vara komi 8 daga varðhald, verði sektin ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Aðaláfrýjandi Þóra Kristín Ásgeirsdóttir greiði 8.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi í stað hennar 3 daga varðhald, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Aðaláfrýjendur, Kristján og Þóra Kristín, greiði óskipt gagnáfrýjendum 150.000 krónur til að kosta birtingu á forsendum og dómsorði dóms þessa í þremur dagblöðum.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms er staðfest.

Aðaláfrýjendur, Kristján og Þóra Kristín, greiði óskipt gagnáfrýjendum 150.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Heimta má dæmdar fjárhæðir af þrotabúi Blaðs hf.

S é r a t k v æ ð i
Guðrúnar Erlendsdóttur og
Markúsar Sigurbjörnssonar

Við erum samþykk atkvæði meiri hluta dómenda um annað en það, sem hér greinir:

Aðaláfrýjendur skrifuðu bæði undir grein þá, sem birtist í vikublaðinu Pressunni 6. desember 1990. Enginn fyrirvari var gerður um, að fyrirsagnir væru ekki á ábyrgð þeirra. Verður því ekki komist hjá að telja þau bæði bera ábyrgð á fyrirsögnum, sem varða greinina, með sama hætti og aðalefni hennar, og á það jafnt við um fyrirsagnir við greinina sjálfa, á forsíðu og á öðrum stöðum í blaðinu. Við teljum því, að staðfesta beri niðurstöðu héraðsdóms um refsingu aðaláfrýjandans Þóru Kristínar. Þá teljum við, að dæma verði aðaláfrýjandann Þóru Kristínu til að greiða gagnáfrýjendum

bætur sömu fjárhæðar og aðaláfrýjandinn Kristján er dæmdur til, og að leggja beri á þau sameiginlega ábyrgð á greiðslu bótanna í heild.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 12. mars 1992.

Mál þetta, sem dómtekið var 10. febrúar sl., er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur af Ragnari Árnasyni, kt. 060249-3189, Unnarbraut 2, Seltjarnarnesi, f. h. Gallerí Borgar hf., kt. 650584-0589, Pósthússtræti 9, Reykjavík, og Úlfari Þormóðssyni, kt. 190644-2949, Pósthússtræti 9, Reykjavík, gegn Kristjáni Þorvaldssyni ritstjóra, kt. 040562-7299, Rauðalæk 20, Reykjavík, Þóru Kristínu Ásgeirsdóttur blaðamanni, kt. 100866-5879, Hverfisgötu 58, Reykjavík, og Stefáni Friðfinnssyni, kt. 210448-2099, til heimilis að Laugarásvegi 37, formanni stjórnar, f. h. Blaðs hf., kt. 650674-0149, Ármúla 36, Reykjavík, með stefnu, þingfestri 7. febrúar 1991.

Dómkröfur stefnenda eru svofelldar á hendur þeim Kristjáni og Þóru Kristínu:

1. Að eftirgreind ærumeiðandi ummæli, sem eru innan tilvísunarmerkja og birtust í vikublaðinu Pressunni, 49. tölublaði 3. árgangs, sem út kom fimmtudaginn 6. desember 1990, verði dæmd dauð og ómerk:

1.1. „Laug til um rannsóknir á málverkum.“, en ummæli þessi eru í fyrirsögn á forsíðu blaðsins.

1.2. „Þetta er ekki eina dæmið um vafasöm málverk eða viðskiptahætti Gallerís Borgar.“, en ummæli þessi eru í undirfyrirsögn á forsíðu blaðsins.

1.3. „Gallerí Borg beitti fyrir sig rannsóknum, sem aldrei fóru fram.“, en ummæli þessi eru í fyrirsögn á bls. 7 í blaðinu.

1.4. „Þetta er ekki eina dæmið um vafasamar myndir í sölu hjá Gallerí Borg. Auk myndanna eftir Sigurð málara nefna heimildarmenn Pressunnar dæmi um myndir eftir Kristínu Jónsdóttur, Kjarval og fleiri.“, en ummæli þessi eru í undirfyrirsögn á bls. 7 í blaðinu.

1.5. „Gallerí Borg beitti fyrir sig rannsóknum, sem aldrei fóru fram.“, en ummæli þessi eru í fyrirsögn á bls. 8 í blaðinu.

1.6. „Mynd eftir Kristínu Jónsdóttur, sem seld var á uppboði hjá Gallerí Borg í fyrra, þykir einnig vafasöm.“, en ummæli þessi eru í undirfyrirsögn á bls. 8 í blaðinu.

1.7. „..., en á uppboði hjá Nellemann og Thomsen í Árósum nokkrum mánuðum áður var hins vegar tekið fram um sömu mynd að hún væri „ekki merkt“.“, en ummæli þessi eru í undirfyrirsögn á bls. 8 í blaðinu.

1.8. „Efasemdir um höfund myndanna. Það hafa verið uppi vissar efasemdir um að umræddar myndir séu eftir Sigurð Guðmundsson málara. Þær má skoða sem beina afleiðingu af þeim rangfærslum sem Úlfar lætur hafa eftir

sér í fjölmiðlum, ...“, en ummæli þessi eru í millifyrirsögn og kafla í grein á bls. 8 í blaðinu.
1.9. „Einkum er tvennt sem gerir myndirnar vafasamar. Þær þykja í lágum gæðaflokki miðað við aðrar myndir Sigurðar...“, en ummæli þessi eru í grein á bls. 8 í blaðinu.
1.10. „Fleiri vafasamar myndir. Myndirnar tvær eftir Sigurð málara eru ekki eina dæmið um vafasamar myndir sem seldar hafa verið á uppboði hjá Gallerí Borg. Frægasta dæmið er málverkið af biskupshjónunum Ara Magnússyni og Kristínu Guðbrandsdóttur, sem selt var á uppboði í nóvember í fyrra. Fyrir uppboðið hélt Úlfar því ítrekað fram að myndin væri um 400 ára gömul, jafnvel þótt rannsókn hjá forverði hafi leitt annað í ljós.“, en ummæli þessi eru í millifyrirsögn og kafla í grein á bls. 8 í blaðinu.
1.11. „Vafi leikur á um merkingu myndar eftir Kristínu Jónsdóttur, sem seld var á uppboði hjá Gallerí Borg þann 30. nóvember í fyrra. Myndin var sögð „ekkert merkt“ á uppboði hjá Nellemann og Thomsen í Árósum, en á uppboðinu hjá Gallerí Borg var notað orðalagið „óljós merking“.“, en ummæli þessi eru í grein á bls. 8 í blaðinu.
1.12. „Þá fullyrðir einn viðmælenda Pressunnar að mynd sem seld var á uppboði hjá Gallerí Borg í fyrra og sögð eftir Kjarval sé eftir Jóhönnu Sigurðarson, sem málaði á sínum tíma mikið í anda Kjarvals.“, en ummæli þessu eru í grein á bls. 9 í blaðinu.
1.13. „Á uppboði erlendis fylgdi jafnan vönduð úttekt hverju verki, þannig að kaupandi vissi eftir því, sem kostur væri, allt um það verk sem hann væri að kaupa.“, en ummæli þessi eru í grein á bls. 9 í blaðinu.
2. Að stefndu verði in solidum dæmd til að greiða stefnendum, Gallerí Borg hf. og Úlfari Þormóðssyni, kr. 250.000,00 hvorum um sig í miskabætur með dráttarvöxtum [...].
3. Að stefndu verði in solidum dæmd til að greiða stefnandanum Gallerí Borg hf. skaðabætur vegna fjártjóns, að fjárhæð kr. 1.500.000,00 með dráttarvöxtum [...].
4. Að stefndu verði dæmd til þyngstu refsinga, sem lög leyfa.
5. Að dæmt verði, að skylt sé að birta í fyrsta tölublaði vikublaðsins Pressunnar, sem út kemur eftir uppsögu dóms í málinu, forsendur og niðurstöðu dóms í máli þessu á áberandi stað í blaðinu.
6. Að stefndu verði in solidum dæmd til að greiða stefnendum kr. 150.000,00 til að kosta birtingu á forsendum og niðurstöðu dóms í máli þessu í þremur dagblöðum.
7. Að dæmt verði, að heimilt sé að innheimta, eftir atvikum með aðför, ef þörf krefur, allar dæmdar fjárhæðir í máli þessu hjá Blaði hf., kt. 650674-0149, Ármúla 36, Reykjavík, sem er útgefandi vikuritsins Pressunnar.

8. Að stefndu verði in solidum dæmd til að greiða stefnendum málskostnað [...].

Á hendur Blaði hf. eru gerðar þær kröfur, að félaginu verði dæmt skylt að þola dóm í málinu.

Dómkröfur stefnda eru um sýknu af öllum dómkröfum stefnenda og að þeim verði tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnenda að mati dómsins.

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

I.

Tildrög og aðild máls.

Stefnandinn Gallerí Borg hf. rekur viðskipti með listmuni, m. a. uppboðsstarfsemi á listmunum í samvinnu við annað hlutafélag, og tengda starfsemi. Starfsemin er rekin undir firmanafninu Gallerí Borg. Formaður stjórnar félagsins er dr. Ragnar Árnason, og höfðar hann mál þetta fyrir hönd félagsins. Stefnandinn Úlfar Þormóðsson er framkvæmdastjóri hlutafélagsins og hefur prókúruumboð fyrir það. Málið er höfðað af báðum aðilum, sbr. 1. mgr. 47. gr. eml. nr. 85/1936.

Hinn 6. desember 1990 birtist í 49. tölublaði 3. árgangs vikublaðsins Pressunnar grein undir fyrirsögninni: „Gallerí Borg beitti fyrir sig rannsóknum, sem aldrei fóru fram." Á forsíðu blaðsins var kynning greinarinnar mjög áberandi með yfirskriftinni „Úlfar í Gallerí Borg", en síðan aðalfyrirsögnin með mjög stóru letri í upphafsstöfum: „Laug til um rannsóknir á málverkum."

Í undirfyrirsögn á forsíðu segir: „Þegar tvö málverk, sem sögð voru eftir Sigurð málara, komu til sölu í Gallerí Borg sagði Úlfar Þormóðsson að þær hefðu verið gegnumlýstar til að kanna aldur þeirra. Það var aldrei gert. Úlfar segist nú hafa misskilið sérfræðingana. Þetta er ekki eina dæmið um vafasöm málverk eða viðskiptahætti Gallerís Borgar." Greinin var birt á 8. og 9. bls. blaðsins, en á bls. 7 áðurgreind fyrirsögn greinarinnar.

Málið er höfðað vegna ætlaðra ærumeiðandi ummæla, sem birtust í framangreindu tölublaði Pressunnar, og gera stefnendur kröfur um ómerkingu ummæla, refsingu og kröfur um bætur vegna miska og fjártjóns. Standa báðir stefnendur að öllum kröfum að því þó frá töldu, að Gallerí Borg gerir eitt kröfur um skaðabætur vegna fjártjóns. Um er að ræða samrættar kröfur, sem hafa má uppi í einu máli, sbr. 1. mgr. 70. gr. eml.

Stefndu í málinu eru bæði starfsmenn Blaðs hf., sem gefur út vikublaðið Pressuna. Stefndi Kristján Þorvaldsson er tilgreindur sem annar tveggja ritstjóra blaðsins á þessum tíma, en stefnda Þóra Kristín Ásgeirsdóttir er tilgreind sem blaðamaður. Stefndu rita fullum nöfnum undir grein þá í téðu

blaði, þar sem ummæli þau eru viðhöfð, sem stefnt er út af í máli þessu. Varnaraðild þeirra samrýmist því 2. mgr. 15. gr. l. nr. 57/1956 um prentrétt.

Blaði hf. er stefnt til að þola dóm í málinu, og er aðild félagsins studd 17. gr. l. um prentrétt nr. 57/1956.

– – –

Niðurstaða.

Svo sem fram er komið, er tilefni málshöfðunar þessarar greinaskrif um stefnendur í 43. tbl. 3. árgangs vikublaðsins Pressunnar, sem út kom 6. desember 1990. Stefndu eru nafngreindir sem höfundar greinarinnar, auk þess sem stefndi Kristján Þorvaldsson er í blaðinu skráður sem annar tveggja ritstjóra þess. Málsókninni er því réttilega að þeim beint samkvæmt 2. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1956 um prentrétt.

Kröfuliður 1. Refsi- og ómerkingarkröfur:

1.1. „Laug til um rannsóknir á málverkum."

Stefndu hafa haldið því fram, að ummæli þessi séu sönn og því hvorki ástæða til að refsa fyrir ummælin né ómerkja þau. Hafa stefndu vísað til þess, að stefnandi Úlfar Þormóðsson hafi upplýst í einkasamtölum, að myndir Sigurðar málara hefðu verið röntgengreindar. Hið sama komi fram í viðtali við hann á Rás 2 28. nóvember 1990. Í sérstöku viðtali við Úlfar Þormóðsson í Pressunni sama dag og hin umrædda grein birtist er haft eftir honum, að hann hafi misskilið starfsmann Bruun Rasmussen í Kaupmannahöfn varðandi röntgengreiningu myndanna. Stefnandinn Úlfar Þormóðsson hefur og fyrir dómi áréttað, að um misskilning sinn hafi verið að ræða varðandi rannsóknir á umræddum málverkum.

Ekkert liggur fyrir um það, að sérstök ástæða hafi verið til að efast um, að myndir þessar væru eftir Sigurð Guðmundsson málara, enda kemur fram í umræddri grein, að viðmælendur Pressunnar dragi fæstir í efa, að myndirnar séu eftir Sigurð.

Stefndu var ljóst við birtingu greindra ummæla á forsíðu blaðsins, að ekki var sérstök ástæða til að vefengja, að myndir þessar væru eftir greindan málara, og jafnframt lá fyrir yfirlýsing stefnandans Úlfars Þormóðssonar um misskilning hans á sérstakri rannsókn myndanna. Stefndu hafa því engan veginn réttlætt ummæli þessi, sem fela í sér ólögmæta árás á æru stefnandans Úlfars Þormóðssonar, og er um refsiverða aðdróttun að ræða, sem varðar við 235. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Samkvæmt 1. mgr. 241. gr. alm. hgl. ber að ómerkja hin óviðurkvæmilegu ummæli.

1.3. og 1.5. Rétt þykir að fjalla í einu lagi um þessa tvo kröfuliði, sem báðir varða ummælin: „Gallerí Borg beitti fyrir sig rannsóknum, sem aldrei

fóru fram.“ og koma fram í fyrirsögnum á bls. 7 og 8 í blaðinu. Stefndu hafa haldið því fram, að staðhæfing þessi sé rétt, og vísað þar um til sömu atriða og greinir undir 1.1. Stefnendur hafa sýnt fram á með fram lögðum kynningarbæklingi Listmunauppboðs nr. 30 29. nóvember 1990 og fréttatilkynningu frá Gallerí Borg, sem birt var í dagblöðum, að ekki hafi komið fram í opinberri kynningu af hálfu félagsins fullyrðingar um rannsóknir á myndum þeim eftir Sigurð málara, sem vísað er til í undirfyrirsögnum og staðhæfing þessi vísar til. Fallast verður á það með stefnendum, að umrædd staðhæfing verði ekki skilin með öðrum hætti en sem áburður um blekkingar af hálfu stefnanda Gallerís Borgar hf. í viðskiptum félagsins. Felst í orðum þessum refsiverð aðdróttun skv. 235. gr. alm. hgl. nr. 19/1940, sem telja verður setta fram í því skyni að ófrægja stefnandann Gallerí Borg hf. Þá ber að taka ómerkingarkröfu stefnenda til greina skv. 1. mgr. 241. gr. alm. hgl. nr. 19/1940.

1.8. og 1.9. Rétt þykir að fjalla næst um þessa kröfuliði og í einu lagi, þar sem þeir varða báðir myndirnar eftir Sigurð Guðmundsson málara. Undir fyrirsögninni: „Efasemdir um höfund myndanna.“ á bls. 8 í blaðinu er m. a. að finna ummæli þau, sem greind eru í þessum kröfuliðum: „Það hafa verið uppi vissar efasemdir um að umræddar myndir séu eftir Sigurð Guðmundsson málara. Þær má þó skoða sem beina afleiðingu af þeim rangfærslum sem Úlfar lætur hafa eftir sér í fjölmiðlum, ... Einkum er tvennt nefnt sem gerir myndirnar vafasamar. Þær þykja í lágum gæðaflokki miðað við aðrar myndir Sigurðar...“ Í kröfugerð stefnenda hefur í tilvísun síðargreindra ummæla fallið niður orðið „nefnt“, en ekki verður séð, að það hafi merkingarbreytingu í för með sér.

Stefndu hafa ekki sýnt fram á réttmæti þeirra ummæla, að efasemdir hafi verið uppi um höfund mynda þeirra, sem seldar voru á uppboði 29. nóvember 1990, eða sýnt fram á orsakasamband þess ætlaða vafa og fullyrðinga stefnanda Úlfars Þormóðssonar. Ummæli þau, sem greinir í kröfulið 1.8., verða ekki talin fela í sér refsiverða aðdróttun, en í samhengi við önnur ummæli greinarinnar og ályktanir, sem þar koma fram, þykja ummælin óviðurkvæmileg gagnvart stefnendum, og ber að fallast á ómerkingarkröfu þeirra með vísan til 1. mgr. 241. gr. alm. hgl. nr. 19/1940.

Ummæli þau, sem greinir undir kröfulið 1.9., varða atriði, sem greinarhöfundar telja, að geri myndirnar vafasamar. Til skýringar er tekið fram, að myndirnar séu málaðar á skólaárum Sigurðar og að hann hafi tekið stöðugum framförum á þeim tíma. Ummæli þessi verða ekki talin fela í sér refsiverðar aðdróttanir, en með sömu rökum og fyrr greinir þykir verða að fallast á ómerkingarkröfu stefnenda á ummælunum: „Einkum er tvennt nefnt

sem gerir myndirnar vafasamar.“ undir kröfulið 1.9. Síðari hluti ummæla þeirra, sem krafist er ómerkingar á, þykja ekki með þeim hætti óviðurkvæmileg fyrir stefnendur, að ómerkja beri þau.

Ummæli þau, sem í kröfugerð stefnenda eru merkt 1.2., 1.4., 1.6., 1.7., 1.10., 1.11. og 1.12., varða öll viðskiptahætti stefnandans Gallerí Borgar hf. Í texta greinarinnar eru innbyrðis mótsagnir um það, hvort myndir þær, sem um ræðir, séu vafasamar eða ekki, í skilningi greinarhöfunda, og er þar slegið úr og í. Stefndu hafa vísað til þess, að orðið „vafasamt“ taki til þess, sem óvissa sé um eða efast megi um. Þá hafa stefndu haldið því fram, að staðhæfingar þeirra í grein sinni hafi snúist um það, að myndir hafi verið kynntar með vafasömum hætti og meginatriðið í umfjöllun þeirra í greininni verið, að ekki hafi alltaf legið fyrir nægilegar upplýsingar um myndir, sem stefnandi Gallerí Borg hf. hafi selt. Því ályktí greinarhöfundar sem svo, að um vafasamar myndir hafi verið að ræða, og telji þá viðskiptahætti jafnframt vafasama.

Telja verður hugtakið „vafasamt“, eins og það er notað í grein stefndu, hafa víðtækari skírskotun en til þess, sem efast má um. Eins og orðið er notað um tilteknar myndir og í ályktunum greinarhöfunda, verður að telja það fela í sér ávirðingar um óvönduð vinnubrögð og ámælisverða viðskiptahætti.

Samhengis vegna verður fjallað um síðastgreinda kröfuliði í þeirri röð, sem hér greinir:

1.10. „Fleiri vafasamar myndir. Myndirnar tvær eftir Sigurð málara eru ekki eina dæmið um vafasamar myndir sem seldar hafa verið á uppboði hjá Gallerí Borg. Frægasta dæmið er málverkið af biskupshjónunum Ara Magnússyni og Kristínu Guðbrandsdóttur, sem selt var á uppboði í nóvember í fyrra. Fyrir uppboðið hélt Úlfar því ítrekað fram að myndin væri um 400 ára gömul, jafnvel þótt rannsókn hjá forverði hafi leitt annað í ljós.“ Svo sem fram er komið, hafa stefndu ekki sýnt fram á réttmæti þeirrar fullyrðingar, að stúlkumyndir þær, sem seldar voru sem myndir Sigurðar Guðmundssonar málara, séu vafasamar, svo að efast megi um, að þær séu eftir greindan listamann. Vísun til þeirra í því samhengi, sem ummæli þessi eru sett fram í, eru óréttlætt aðdróttun um ámælisverða viðskiptahætti, sem þykir varða við 235. gr. alm. hgl. nr. 19/1940. Þá hafa stefndu ekki sýnt fram á, að málverk það af Ara Magnússyni og Kristínu Guðbrandsdóttur biskupsdóttur, sem selt var á uppboði hjá Gallerí Borg hf. í febrúar 1990, hafi verið vafasamt. Aðdróttun sú, sem í ummælunum felst, varðar einnig við 235. gr. alm. hgl. nr. 19/1940 og varðar stefndu refsingu, enda eru greind ummæli til þess fallin að verða virðingu stefnandans Gallerí Borgar hf. til

hnekkis. Stefnendur hafa lagt fram kynningu uppboðs þessa, þar sem fram kemur, að vísað er til niðurstöðu forvarðar um aldur myndarinnar, þ. e., að samkvæmt aldursgreiningu virðist málverkið vera frá 1830–1910. Hafa stefndu ekki réttlætt ummæli þessi og ekki sannað, að stefnandinn Úlfar Þormóðsson hafi margsinnis haldið því fram, að myndin væri 400 ára gömul, eins og fram kemur í niðurlagi greindra ummæla. Ummæli þessi þykja ómakleg gagnvart stefnandanum Úlfari, og ber að ómerkja þau, en þau þykja ekki varða stefndu refsingu. Að kröfu stefnenda verða ummæli undir kröfulið 1.10. dæmd dauð og ómerk samkvæmt 1. mgr. 241. gr. alm. hgl. nr. 19/1940.

1.6. „Mynd eftir Kristínu Jónsdóttur, sem seld var á uppboði hjá Gallerí Borg í fyrra, þykir einnig vafasöm." Ummæli þessi koma fram í kynningartexta við grein stefndu á bls. 8 í blaðinu, þar sem segir: „Viðmælendur Pressunnar draga fæstir í efa að myndirnar séu eftir Sigurð, en telja þær hins vegar ófullgerðar, það er skissur. Mynd eftir Kristínu Jónsdóttur, sem seld var á uppboði hjá Gallerí Borg í fyrra, þykir einnig vafasöm."

Enda þótt órökrænt samhengi ummæla þessara sé til þess fallið að draga úr aðdróttun um vafasama viðskiptahætti, þykja ummæli þau, sem stefnendur krefjast ómerkingar á, með sama hætti og áður greinir til þess fallin að vera álitsspillandi fyrir stefnendur. Varða ummælin, sem ekki hafa verið réttlætt, við 235. gr. alm. hgl. nr. 19/1940 og verða að kröfu stefnenda ómerkt, sbr. 1. mgr. 241. gr. alm. hgl. nr. 19/1940.

1.11 „Vafi leikur á um merkingu myndar eftir Kristínu Jónsdóttur, sem seld var á uppboði hjá Gallerí Borg þann 30. nóvember í fyrra. Myndin var sögð „ekkert merkt" á uppboði hjá Nellemann og Thomsen í Árósum, en á uppboðinu hjá Gallerí Borg var notað orðalagið „óljós merking"." Óumdeilt er, að mynd sú, sem ummæli þessi varða, var seld hjá danska uppboðshúsinu Nellemann & Thomsen í lok ágústmánaðar 1989. Í fram lögðum uppboðsbæklingi er myndinni, sem þar er nr. 1072, lýst með nafni höfundar, heiti, stærð og gerð (olíumálverk), en aðrar upplýsingar um þá mynd er ekki að finna í bæklingnum. Að jafnaði er í lokalínu kynningar gerð grein fyrir merkingu með tilvísuninni „Sign". Vitnið Guðmundur Axelsson hefur borið fyrir dómi, að uppboðsskrár séu gerðar þannig í Danmörku, að merking sé ekki tilgreind, séu myndir ómerktar. Stefnendur hafa lagt fram afrit bréfs firmans Nellemann & Thomsen, dags. 15. 1. 1991, þar sem fram kemur með vísun í uppboðsbæklinginn, að myndin hafi verið seld sem ómerkt.

Í fram lögðum uppboðsbæklingi eru flestar myndir auðkenndar með merkingu, í nokkrum tilvikum er ekkert skráð um merkingu, í einu tilviki

„Utydelig signeret", og í einu tilviki er tekið fram, að myndin sé ómerkt með auðkenningunni „Usigneret". Þá hafa stefnendur lagt fram afrit bréfs Nellemann & Thomsen, dags. 4. 7. 1989, þar sem fram kemur í lýsingu á myndinni, að hún sé „meget utydeligt signeret í nederste højre hjørne".

Í kynningarbæklingi vegna 24. listmunauppboðs Gallerí Borgar 30. nóvember 1989 kemur fram í lýsingu á myndinni: „Óljós merking".

Þegar framangreint er virt, verður talið, að sú staðhæfing stefndu í grein þeirra, að vafi leiki á um merkingu myndarinnar, eigi við rök að styðjast og varða stefndu hvorki refsingu né þykir eiga að ómerkja þau utan ummælin: „Myndin var sögð „ekkert merkt" á uppboði hjá Nellemann og Thomsen í Árósum ...", sbr. það, sem greinir undir úrlausn um kröfulið 1.7.

1.7. „...., en á uppboði hjá Nellemann og Thomsen í Árósum nokkrum mánuðum áður var hins vegar tekið fram um sömu mynd að hún væri „ekki merkt"." Stefndu hafa ekki sannað, að ummæli þessu séu rétt, en gögn þau, sem lögð hafa verið fram, benda til hins gagnstæða. Í uppboðsbæklingi þeim, sem lagður hefur verið fram, er þannig ekki tekið fram, að myndin sé „ekki merkt", en ekkert er tekið fram um merkingu myndarinnar. Þykja ummælin, metin í samhengi við texta greinarinnar, ótilhlýðileg gagnvart stefnendum og verða að kröfu þeirra ómerkt, sbr. 1. mgr. 241. gr. alm. hgl. nr. 19/1940. Ummælin fela hins vegar ekki í sér aðdróttun sem slík og varða stefndu ekki refsingu.

1.12. „Þá fullyrðir einn viðmælenda Pressunnar að mynd sem seld var á uppboði hjá Gallerí Borg í fyrra og sögð eftir Kjarval sé eftir Jóhönnu Sigurðarson, sem málaði á sínum tíma mikið í anda Kjarvals." Stefndu hafa ekki reynt að réttlæta ummæli þessi í málatilbúnaði sínum, en þau eru höfð eftir ónafngreindum heimildarmanni. Ummælin varða stefndu refsingu samkvæmt 235. gr. alm. hgl. nr. 19/1940, þar sem þau eru til þess fallin að verða stefnendum til hnekkis. Þá ber að ómerkja ummælin að kröfu stefnenda með vísan til 1. mgr. 241. gr. alm. hgl.

1.4. „Þetta er ekki eina dæmið um vafasamar myndir í sölu hjá Gallerí Borg. Auk myndanna eftir Sigurð málara nefna heimildarmenn Pressunnar dæmi um myndir eftir Kristínu Jónsdóttur, Kjarval og fleiri."

Stefndu hafa ekki sýnt fram á réttmæti ummæla þessara, sem fela í sér refsiverða aðdróttun í garð stefnenda skv. 235. gr. alm. hgl. nr. 19/1940. Ber samkvæmt kröfu stefnenda að ómerkja þau, sbr. 1. mgr. 241. gr. sömu laga.

1.2. „Þetta er ekki eina dæmið um vafasöm málverk eða viðskiptahætti Gallerís Borgar." Svo sem rakið er undir áðurgreindum töluliðum, hafa stefndu ekki réttlætt ummæli þessi, er vísa til dæma þeirra, sem áður eru rakin. Ber að ómerkja ummæli þessi með vísan til 1. mgr. 241. gr. alm. hgl. nr. 19/1940, og varða þau stefndu refsingu skv. 235. gr. sömu laga.

1.13. „Á uppboðum erlendis fylgdi jafnan vönduð úttekt hverju verki, þannig að kaupandi vissi eftir því, sem kostur væri, allt um það verk sem hann væri að kaupa.“ Ummæli þessi eru höfð eftir nafngreindum aðila í þeim kafla greinarinnar, þar sem rætt er um framkvæmd listmunauppboða, lög og reglugerðir á því sviði. Guðbjörg Kristjánsdóttir, sem ummælin eru höfð eftir, hefur komið fyrir dóminn og lýst því, að reynsla sín miðist einkum við framkvæmd uppboða á Englandi. Enda þótt ofmælt kunni að vera það, sem haft er eftir formanni félags listfræðinga, verður ekki talið, að um refsiverða aðdróttun sé að ræða gagnvart stefnendum. Þá verður að telja ummæli þessi innan marka réttmætrar og almennrar umfjöllunar blaðamanna. Sæta ummæli þessi því hvorki refsingu né ómerkingu.

2. Samkvæmt 1. mgr. 264. gr. alm. hgl. nr. 19/1940, sbr. 2. mgr. 15. gr. laga um prentrétt, ber að taka til greina kröfu stefnandans Úlfars Þormóðssonar um miskabætur, sem þykja hæfilega ákveðnar 80.000 kr. Ber að dæma stefndu til að greiða stefnendum bótafjárhæð þessa óskipt og með vöxtum samkvæmt 7., sbr. 15. gr. laga nr. 25/1987, frá 6. desember 1990 til 7. mars 1991, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 71/1928 um vernd atvinnufyrirtækja gegn óréttmætum prentuðum ummælum njóta þar greindir lögaðilar sömu lagaverndar sem einstakir menn gegn óréttmætum prentuðum ummælum, sem fallin eru til að hnekkja atvinnurekstri þeirra. Ljóst er, að ummæli þau, sem hér um ræðir, eru til þess fallin að valda stefnandanum Gallerí Borg hf. álitshnekki út á við, en bætur til hans af þeim sökum ber að meta með hliðsjón af fjárhagstjóni hans. Verður um það fjallað í kröfulið nr. 3.

3. Stefnendur telja, að þeir hafi orðið fyrir verulegu tjóni í viðskiptum vegna greindra skrifa Pressunnar. Verulegur samdráttur hafi orðið strax í desember 1990 og einnig í janúar 1991. Stefnendur hafa ekki stutt kröfu sína um bætur fyrir fjárhagslegt tjón gögnum þrátt fyrir áskilnað þar um. Ljóst er, að sönnun þar um er vandkvæðum bundin, en þar sem ætla má, að skrif stefndu hafi spillt áliti stefnandans Gallerí Borgar hf. út á við, eins og um getur undir lið 2, og þar með bakað honum fjártjón, verður stefndu gert, sbr. 2. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1957 og laga nr. 71/1928, að greiða Gallerí Borg hf. óskipt skaðabætur, sem þykja hæfilega ákveðnar 300.000 kr. Greiða ber af fjárhæð þessari vexti samkvæmt 7., sbr. 15. gr. laga nr. 25/1987, frá 6. desember 1990 til 7. mars 1991, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

4. Við ákvörðun refsingar ber að líta til þess, að hin meiðandi ummæli eru sumpart sett fram með mjög áberandi hætti í fyrirsögnum, svo sem á

forsíðu blaðsins, með heilsíðufyrirsögn á bls. 7 og endurtekningu með stóru letri á bls. 8 í blaðinu með undirfyrirsögnum og millifyrirsögnum. Með slíkri framsetningu aðdróttana má búast við, að þær nái athygli mun fleiri en þeirra, sem lesa sjálfa greinina. Telja verður, að með greinaskrifum þessum og framsetningu allri sé mjög ómaklega vegið að stefnendum og starfsheiðri þeirra.

Refsing stefndu vegna framangreindra brota gegn 235. gr. alm. hgl. nr. 19/1940, sbr. 1. gr. laga nr. 71/1828, þykir hæfilega ákveðin sú, að hvort þeirra greiði 25.000 kr. í sekt til ríkissjóðs, en til vara komi 8 daga varðhald, ef sektin verður eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

5. Samkvæmt 22. gr. laga nr. 57/1956 er útgefanda vikublaðsins Pressunnar, stefnda Blaði hf., skylt að birta forsendur og niðurstöður dómsins í fyrsta tölublaði blaðsins, sem út kemur eftir birtingu dómsins.

6. Þá ber skv. 2. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940 að dæma stefndu óskipt til að greiða stefnendum 150.000 kr. til að kosta birtingu á forsendum og niðurstöðu dóms þessa í þremur dagblöðum, eins og krafist er.

7. Með vísan til 17. gr. laga nr. 57/1956 um prentrétt er fallist á, að heimilt sé að innheimta með aðför tildæmdar fjárhæðir hjá stefnda Blaði hf., enda var stefndi Kristján Þorvaldsson ritstjóri blaðsins Pressunnar, er greinin birtist. Ekki eru skilyrði til að taka aðrar kröfur stefnenda á hendur Blaði hf. til greina samkvæmt greindu lagaákvæði.

8. Samkvæmt þessum úrslitum málsins ber að dæma stefndu til að greiða stefnendum óskipt málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 170.000 kr. Er þá ekki tekið tillit til virðisaukaskatts. Málskostnaður skal bera dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir uppkvaðningu dóms í málinu.

Eggert Óskarsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsuppsaga hefur dregist vegna embættisanna dómarans.

Dómsorð:

Framangreind ummæli skulu vera ómerk.

Stefndu Kristján Þorvaldsson og Þóra Kristín Ásgeirsdóttir greiði stefnanda Úlfari Þormóðssyni óskipt 80.000 kr. í miskabætur með vöxtum samkvæmt 7. gr. laga nr. 25/1987 frá 6. desember 1990 til 7. mars 1991, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndu Kristján Þorvaldsson og Þóra Kristín Ásgeirsdóttir greiði stefnanda Gallerí Borg hf. óskipt 300.000 kr. í skaðabætur með vöxtum samkvæmt 7. gr. laga nr. 25/1987 frá 6. desember 1990 til 7. mars

1991, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndu Kristján Þorvaldsson og Þóra Kristín Ásgeirsdóttir greiði hvort um sig 25.000 kr. í sekt til ríkissjóðs, en til vara komi 8 daga varðhald, ef sektin verður eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Birta skal forsendur og niðurstöður dóms þessa í fyrsta tölublaði Pressunnar, sem út kemur eftir birtingu dómsins.

Stefndu Kristján Þorvaldsson og Þóra Kristín Ásgeirsdóttir greiði stefnendum, Úlfari Þormóðssyni og Gallerí Borg hf., óskipt 150.000 kr., til að kosta birtingu á forsendum og niðurstöðu dóms þessa í þremur dagblöðum.

Stefndu Kristján Þorvaldsson og Þóra Kristín Ásgeirsdóttir greiði stefnendum, Úlfari Þormóðssyni og Gallerí Borg hf., óskipt 170.000 kr. í málskostnað. Málskostnaður beri dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir uppkvaðningu dóms í málinu.

Tildæmdar fjárhæðir eru aðfararhæfar hjá stefnda Blaði hf.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 16. febrúar 1995.

Nr. 133/1993. **Agnar Smári Einarsson**
(Guðmundur Pétursson hrl.)
gegn
Einari Þórarni Magnússyni
(Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hrl.)

Björgunarlaun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason og Markús Sigurbjörnsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. mars 1993. Hann krefst sýknu af öllum kröfum stefnda gegn greiðslu á 980.457 krónum með einföldum ársvöxtum Landsbanka Íslands af almennum sparisjóðsbókum frá 15. febrúar 1992 til greiðsludags og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

I.

Í frumvarpi til siglingalaga, sem lagt var fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983-1984 og endurflutt óbreytt á 107. löggjafarþingi 1984, var nýmæli í 2. mgr. 165. gr. Um nýmæli þetta sagði í athugasemdum með frumvarpinu, að rétt þætti að kveða sérstaklega á um það í lögum, hvernig ákveða skuli björgunarlaun í þeim tilvikum, þegar skip kemst ekki til hafnar fyrir eigin vélarafli, en er þó ekki statt í yfirvofandi hættu. Í þeim tilvikum hafi um of verið einblínt við ákvörðun björgunarlauna á verðmæti þess, sem bjargað var, en miklu minna tillit tekið til annarra þátta, sem taldir hafi verið í 1. tl. 1. mgr. 200. gr. þágildandi siglingalaga nr. 66/1963. Síðan segir:

„Hafa fjárhæðir björgunarlauna verið mjög mismunandi, þótt um sambærileg verk hafi verið að ræða, t. d. þegar skorið hefur verið úr skrúfu skips, og annað skipið hefur verið nýlegt og verðmæti þess mikið, en hitt eldra og verðminna.

Ákvæði málsgreinarinnar miðar að því, að við ákvörðun björg-

unarlauna í þeim tilvikum, sem málsgreininni er ætlað að taka til, skuli einkum miða við að bæta þann tilkostnað og tekjutap, sem bjargendur hafa haft vegna björgunarinnar, jafnframt því sem hliðsjón sé höfð af þeim tíma og þeirri fyrirhöfn, sem til björgunarinnar var varið."

Frumvarpið var samþykkt sem lög frá Alþingi, og voru þau gefin út sem lög nr. 34/1985. Við útgáfu laganna var 2. mgr. 165. gr. skeytt beint aftan við 2. tl. 1. mgr. í stað þess að verða sjálfstæð málsgrein. Hér á eftir verður reglan allt að einu nefnd 2. mgr. 165. gr.

II.

Fallast ber á þá niðurstöðu héraðsdóms, að björgunarlaun til stefnda skuli ákvörðuð samkvæmt 2. mgr. 165. gr. siglingalaga nr. 34/1985, þar sem skipið var eigi statt í yfirvofandi hættu, en gat þó eigi komist til hafnar fyrir eigin vélarafli.

Áfrýjandi hefur borið fyrir sig samkomulag það, sem frá er greint í héraðsdómi og gert var fyrst 16. september 1986, enda sé í 1. gr. þess gert ráð fyrir, að það taki til tilviks sem þessa, með beinni vísan til 2. mgr. 165. gr. siglingalaga. Hann bendir á, að samkvæmt upplýsingum Íslenskrar endurtryggingar hafi verið farið eftir samkomulaginu við uppgjör í öllum tilvikum, sem það hafi óumdeilanlega verið talið eiga við, en þau hafi verið 79 árið 1988, 82 árið 1989, 54 árið 1990 og 53 árið 1991. Þetta hafi í reynd verið öll björgunarmál þessara ára vegna fiskiskipa, sem samkomulagið náði til, utan eitt 1988, fjögur 1989, þrjú 1990 og eitt 1991. Í þessum örfáu tilvikum hafi ýmist verið farið eftir niðurstöðum dómstóla eða fyrir hafi þótt liggja, að skip þau, er bjargað var, hafi verið talin í yfirvofandi hættu, og því hafi samkomulagið ekki átt við. Öllum útgerðarmönnum sé vel kunnugt um samkomulagið og forsendur þess og hvernig björgunarlaun séu reiknuð í því. Samkomulagið hafi sérstaklega verið kynnt í umburðarbréfi Landssambands íslenskra útvegsmanna 4. febrúar 1991, og menn telji sig almennt bundna af því. Það séu hagsmunir heildarinnar að hafa slíkt samkomulag, sem allir virði. Tilboð áfrýjanda, 980.457 krónur, hafi verið við þetta miðað.

III.

Fyrir héraðsdómi kannaðist stefndi við fyrrgreint samkomulag um björgunarlaun og kvaðst ekki hafa mælt því í gegn.

Eigi verður talið, að Landssamband íslenskra útvegsmanna hafi með aðild sinni að samkomulaginu getað bundið stefnda við að hlíta ákvæðum þess við ákvörðun björgunarlauna, enda er slíkt ekki ráðgert í samþykktum landssambandsins. Á hinn bóginn verður til þess að líta, að samkomulagið hefur verið virt í reynd af félagsmönnum landssambandsins í miklum meiri hluta tilvika. Telja verður því, að áfrýjandi hafi sýnt fram á, að slík festa hafi myndast um að fara eftir samkomulagi þessu við uppgjör þóknunar fyrir björgun fiskiskipa, þegar samkomulagið hefur átt við samkvæmt ákvæðum þess, að til þess beri að líta í máli þessu.

Þegar tekið er tillit til þess, er greinir í 2. mgr. 165. gr. siglingalaga, og hliðsjón höfð af uppgjörsreglum samkomulagsins, þykja björgunarlaun til stefnda hæfilega ákveðin 1.900.000 krónur. Hefur þá meðal annars verið tekið tillit til tjóns stefnda vegna veiðarfæra. Verður áfrýjanda gert að greiða stefnda fjárhæð þessa ásamt vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 2. gr. laga nr. 67/1989, frá 15. febrúar 1992 til 1. mars 1993, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem telst hæfilega ákveðinn samtals 450.000 krónur.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Agnar Smári Einarsson, greiði stefnda, Einari Þórarni Magnússyni, 1.900.000 krónur með 1,8% ársvöxtum frá 15. febrúar 1992 til 21. s. m., 1,6% frá þeim degi til 1. mars s. á., 1,5% frá þeim degi til 21. s. m., 1,1% frá þeim degi til 1. maí s. á., 1% frá þeim degi til 1. ágúst s. á., 0,9% frá þeim degi til 1. janúar 1993, 1,3% frá þeim degi til 11. s. m., 1,2% frá þeim degi til 21. s. m., 1,1% frá þeim degi til 11. febrúar s. á., 1% frá þeim degi til 1. mars s. á., en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Áfrýjandi greiði stefnda 450.000 krónur samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 15. febrúar 1993.

I.

Ár 1993, mánudaginn 15. febrúar, er í Héraðsdómi Reykjaness kveðinn upp dómur í máli nr. E – 20/1992: Einar Þórarinn Magnússon gegn Agnari Smára Einarssyni.

Mál þetta dæma Sigurður Hallur Stefánsson, settur héraðsdómari, og samdómendurnir Ingólfur Falsson og Jóhann Pétursson, fyrrum skipstjórar. Það var dómtekið 21. f. m., en höfðað með stefnu, birtri 27. júlí 1992.

Dómkröfur stefnanda.

Að stefndi verði dæmdur til að greiða sér björgunarlaun, að fjárhæð 7.363.958 kr. [með nánar tilgreindum vöxtum og málskostnaði]. Þá er krafist staðfestingar á sjóveðsrétti í mb. Þresti, GK-211, fyrir tildæmdum fjárhæðum.

Dómkröfur stefnda.

Að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda gegn greiðslu á 980.457 kr. með einföldum ársvöxtum Landsbanka Íslands af almennum sparisjóðsbókum frá 15. 2. 1992 til greiðsludags. Þá krefst stefndi málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

II.

Laugardaginn 15. febrúar 1992 var mb. Þröstur, GK-211, sem er 112 rúmlestir, að togveiðum u. þ. b. 4–5 sjómílur undan Hafnabergi á Reykjanesi. Kl. um 6 fór poki vörpunnar í skrúfu með þeim afleiðingum, að drapst á vél skipsins. Reynt var, en án árangurs, að hífa pokann lausan. Var þá ákveðið að fá skip til að draga mb. Þröst upp undir Hafnaberg, þar sem sjór var sléttari, og fá síðan kafara þangað á björgunarbáti frá Sandgerði. Að sögn skipstjórans á mb. Þresti, Halldórs Einars Smárasonar, bað hann um, að mb. Þór, EA-108, sem var þar nærri, drægi skipið upp undir Hafnaberg. Því hafi verið hafnað, þar sem mb. Þór væri með erfið spil. Þá var haft samband við stefnanda á mb. Ósk, 81 rúmlesta stálskipi, sem var að netaveiðum grunnt undan Hafnabergi, og féllst hann á að veita hjálpina, eftir að hann hefði dregið eina trossu. Kom mb. Ósk að mb. Þresti kl. um 7. Vindur var þá suðaustanstæður, 7–8 vindstig, og skipið um 7 sjómílur undan (vestur af) Hafnabergi.

Vel gekk að koma dráttartaug frá mb. Þresti milli skipanna. Kröpp vindalda, en engir brotsjóir voru, meðan suðaustanáttin hélst. Síðan, samkvæmt frásögn Halldórs Smára Einarssonar: „Það gekk bara hægt og rólega og við höfðum samband við kafara, þeir voru orðnir klárir í Sandgerði. Veðurspáin kl. 10, þá fór hann að spá minnkandi suðaustanátt en vaxandi suðvestan.

Þá leist okkur ekkert á að fara þarna upp eftir, ef það kæmi suðvestanalda. Þá ákváðum við að fara í Njarðvík. Ætli við höfum ekki átt 3 mílur upp í land, við komnir norður undir Stafnes, það voru komin suðvestan 5. Svo erum við komnir rétt norður fyrir Skaga, þá slitnaði í tvígang á milli bátanna." Fram kom í sjóprófi, að í 4–5 sjómílna fjarlægð frá Hafnabergi, er vindur var enn af suðaustri, hafi vindhæð náð 10–12 vindstigum í um 20 mínútur, – „suðaustanhvellur". Aðspurður um hættu af völdum veðurofsa sagði Halldór Smári fyrir dómi, að unnt hefði verið að láta akkeri falla og að það hefði dugað til að halda skipinu upp í vind og sjó, þótt þau næðu ekki festu (44 faðma dýpi, mjúkur botn). Hann var spurður: „Var hætta á að þið hefðuð rekist á land, ef engin hjálp hefði borist? Hvenær hefðuð þið rekist á land?" Hann svaraði: „Eftir 1–1½ sólarhring eða tvo daga, held ég. Ég held að okkur hafi rekið norður fyrir Garðskaga og inn á Faxaflóa."

Frásögn stefnanda um hættuástand er svohljóðandi: „Ég hef ekki lent í öðru eins veðri áður. Og að vera með þennan bát aftan í var ekkert gaman. Við fengum á okkur skvettur, góð brot. Hann varði sig nú þokkalega báturinn en ég var ekkert mjög sáttur við hann, ég var ekki alveg nógu öruggur, mér leist ekki alveg nógu vel á blikuna. Það voru bátar þarna í kring, t. d. Arney og Hafnaberg, sem voru staddir grunnt undir Hafnaberginu inn að Sandvík og voru þar í vari út af veðri. Og þeir voru, sérstaklega skipstjórinn á Hafnaberginu, alltaf að hringja í mig og fylgjast með ferðum okkar út af því að honum leist ekkert á blikuna út af veðrinu." Hann kvað mb. Þröst tvímælalaust myndu hafa rekið á land innan sólarhrings, hefði ekkert verið að gert.

Skipin komu til hafnar í Njarðvík kl. um 14.30 eftir um 7 stunda siglingu, sem var áfallalaus að undanskildu því, er áður greinir um slit dráttartaugar.

Samkvæmt vottorði Veðurstofu Íslands var veður og sjólag á Reykjanesvita 15. febrúar 1992 þannig:

Kl.	9	SA	9	Mikill sjór
–	12	SV	5	Allmikill sjór
–	15	SV	5	Talsverður sjór
–	18	SV	4	Allmikill sjór
–	21	SV	4	Allmikill sjór

Af hálfu stefnanda var lagður fram listi yfir veiðarfæri, samtals að verðmæti 863.958 kr.: 40 blýteinar, 40 flotteinar, 60 netaslöngur, 4 færi, 2 drekar, 2 keðjur, 3 baujur. Einar Þórarinn Magnússon bar, að hann hefði orðið að skilja eftir í sjó níu netatrossur (90 net), er mb. Ósk fór mb. Þresti til hjálpar. Hann kvað báta, sem verið höfðu á svipuðum slóðum, hafa hætt að draga kl. um 14 umræddan dag. Hann kvaðst hafa farið aftur út seint dag-

inn eftir og náð þá 50 netum, en um 3 stunda sigling hafi verið frá Njarðvík að netatrossunum. Það, sem þá hafi verið eftir, hafi náðst næsta miðvikudag og laugardag og allt verið ónýtt.

Um ætlað aflatjón skýrði Einar Þórarinn Magnússon svo frá, að komið hefði verið með allan aflann í land, en hann verið ónýtur. Hann kvað glataðan afla samkvæmt kröfugerð vera miðaðan við afla báta, sem verið höfðu að veiðum í kringum mb. Ósk, t. d. mb. Hafnabergs.

Í málinu liggur frammi fullt og ótakmarkað umboð útgerðar og áhafnar mb. Óskar, KE-5, dags. 20. febrúar 1992, til Vilhjálms H. Vilhjálmssonar hrl. til þess að semja um og taka á móti björgunarlaunum vegna þess atburðar, sem um ræðir í málinu.

Lögmaðurinn krafði tryggingafélag stefnda, Tryggingamiðstöðina hf., um greiðslu björgunarlauna, að fjárhæð 7.363.958 kr., með bréfi, dagsettu 21. maí 1992. Félagið hafnaði þeirri kröfu, en bauð greiðslu fyrir hjálpina samkvæmt samkomulagi milli Samsteypu íslenskra fiskiskipatryggingafélaga og Landhelgisgæslu Íslands o. fl. frá 16. september 1987, 980.000 kr.

Vátryggingarverðmæti mb. Þrastar, GK-211, er 61.800.000 kr.

III.

A.

Stefnandi telur það ekki orka tvímælis, að hjálpin, sem áhöfn mb. Óskar veitti mb. Þresti, sé björgun í skilningi meginreglu 1. mgr. 164. gr. siglingalaga nr. 34/1985. Ljóst sé, að skipið hafi verið í yfirvofandi hættu og hefði ekki komist til hafnar af eigin rammleik.

Framangreindu til stuðnings er einkum bent á, að mb. Þröst hafi rekið flatt fyrir aflandsvindi, sem snúist hafi í álandsvind, en áhöfnin hafi hvorki getað beitt stýri né vél og engin tök haft á að skera vörpuna úr skrúfunni. Veður hafi farið versnandi og skipið verið í nokkurri hættu. Það hefði getað lent í meiri erfiðleikum, hefði það verið stjórnlaust á reki í storminum, sem skall á skömmu eftir, að mb. Ósk tók það í tog. Ljóst sé, að mb. Þröstur hefði ekki komist hjálparlaust að landi. Björgunin hafi verið fagmannlega af hendi leyst og alls ekki án hættu fyrir björgunarskipið. Þá er áhersla á það lögð, að mun stærra skip en mb. Ósk, þ. e. mb. Þór, hafi vikist undan því að draga mb. Þröst til hafnar.

Stefnandi kveður fyrrgreint samkomulag Samsteypu íslenskra fiskiskipatrygginga við Landhelgisgæslu Íslands o. fl. ekki vera bindandi fyrir sig. Um þóknun fyrir björgun beri að fara eftir ákvæðum 165. gr. siglingalaga, enda styðjist hún við langa hefð og hafi að geyma viðurkenndar meginreglur til ákvörðunar um fjárhæð björgunarlauna.

Dómkrafan er sundurliðuð þannig:

1. Björgunarlaun með hliðsjón af atvikum og húftryggingarverðmæti mb. Þrastar 5.500.000 kr.
2. Tjón á veiðarfærum, sem áhöfn mb. Óskar varð vegna hjálparinnar að skilja eftir í sjó, en unnt hefði að öðrum kosti verið að ná þegar eftir hádegi umræddan dag, 863.958 kr.
3. Verðmæti tapaðs afla, 10 tonn, 1.000.000 kr.

B.

Stefndi styður dómkröfur sínar þessum rökum:

Hann kveður mb. Þröst ekki hafa verið í yfirvofandi hættu. Skipið sé yfirbyggt, það verji sig vel fyrir áföllum, og engin hætta hafi verið á, að það ræki í land.

Fram boðin fjárhæð, sem reist sé á samkomulagi milli Samsteypu íslenskra fiskiskipatrygginga og Landhelgisgæslu Íslands o. fl., sé eðlileg og fullnægjandi, enda venja að miða greiðslur í málum sem þessu við það samkomulag. Jafnvel þótt dómurinn teldi samkomulagið ekki eiga hér við, sé tilboð stefnda engu að síður í fyllsta samræmi við dómvenju, sbr. og 2. tl. 165. gr. siglingalaga.

Af hálfu stefnda er kröfum vegna tjóns á afla og veiðarfærum mótmælt sérstaklega. Um aflatjón er á það bent, að um kvótafisk hafi verið að ræða. Um veiðarfæri er því haldið fram, að ástand þeirra hafi verið lélegt fyrir, hafi þau komið ónýt úr sjó. Að auki beri stefnandi sjálfur ábyrgð á því að hafa ekki vitjað netanna þegar eftir að hafa dregið mb. Þröst til hafnar, en það hefði hann getað veðurs vegna.

Vaxtakröfu er mótmælt, en krafa um dráttarvexti frá tjónsdegi eigi ekki stoð í lögum.

IV.

Það er álit dómsins, að mb. Þröstur, GK-211, hefði ekki komist af eigin rammleik til lands og að skipið hefði rekið á land á Reykjanestá, í námunda við Sandgerði.

Áhöfn mb. Óskar, KE-5, þykir því hafa bjargað mb. Þresti úr hættu. Hún var þó eigi yfirvofandi með hliðsjón af fjarlægð skipsins frá landi og því, að verjast hefði mátt áföllum af völdum „SA-hvellsins“, ef ekki með því að láta akkeri falla, þá með því að slaka út togvírum og -hlerum.

Niðurstaða málsins er sú, að útgerð og áhöfn mb. Óskar, KE-5, eigi rétt til björgunarlauna samkvæmt 1. mgr. 164. gr., sbr. 1. og 2. mgr. 169. gr. siglingalaga nr. 34/1985.

Aðspurður fyrir dómi kvaðst stefnandi ekki hafa mótmælt áður tilvitnuðu samkomulagi milli Samsteypu íslenskra fiskiskipatrygginga og Land-

helgisgæslu Íslands, Landssambands ísl. útvegsmanna, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og Sjómannasambands Íslands, enda hefði það ekki verið tekið upp á fundum (LÍÚ), sem hann hefði sótt. Í samþykktum Landssambands ísl. útvegsmanna, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands eða Sjómannasambands Íslands er ekki að finna ákvæði, er heimili fyrirsvarsmönnum þessara samtaka að binda félagsmenn á þann hátt, sem að er stefnt með samkomulaginu. Þá er ekki fallist á, að venja skyldi til þess, að greiðsla fyrir björgun skips, sem eigi var statt í yfirvofandi hættu, sé ákvörðuð eftir mælikvarða samkomulagsins.

Við ákvörðun björgunarlauna skal gætt þeirra atriða, er greinir í lokaákvæði 1. mgr., stafl. a – d, 165. gr. siglingalaga. Um fjártjón, sbr. stafl. c, skal þetta tekið fram: Kröfu um bætur vegna veiðarfæra, 863.958 kr., ber að áliti hinna sérfróðu meðdómenda að taka að fullu til greina, þótt hún sé ekki studd sönnunargögnum. Eigi er fallist á kröfu vegna glataðs afla, þar eð sönnunargögn skortir algjörlega fyrir þeim kröfulið, þótt stefnanda hefði átt að vera í lófa lagið að leggja fram nótur yfir verðmæti landaðs afla, en um kvótafisk var að ræða.

Samkvæmt því, er að framan greinir, ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda björgunarlaun, sem þykja hæfilega ákveðin 2.717.958 krónur, ásamt vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1989, sbr. 2. gr. laga nr. 67/1989, frá 15. febrúar 1992 til 15. dags eftir dómsbirtingu, en dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags. Dráttarvextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. ágúst 1993. Málskostnaður ákveðst 400.000 krónur, sem beri samkvæmt 4. mgr. 129. gr. laga nr. 91/1991 dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá 15. degi eftir uppkvaðningu dómsins til greiðsludags.

Staðfestur er sjóveðsréttur í mb. Þresti, GK-211, fyrir tildæmdum fjárhæðum.

Dómsorð:

Stefndi, Agnar Smári Einarsson, greiði stefnanda, Einari Þórarni Magnússyni, 2.717.958 krónur ásamt vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 2. gr. laga nr. 67/1989, frá 15. febrúar 1992 til 15. dags eftir dómsbirtingu, en dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags. Dráttarvextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. ágúst 1993.

Stefndi greiði stefnanda 400.000 krónur í málskostnað ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá 15. degi eftir uppsögu dómsins til greiðsludags.

Stefnandi á sjóveðsrétt í mb. Þresti, GK-211, fyrir tildæmdum fjárhæðum.

Fimmtudaginn 16. febrúar 1995.

Nr. 256/1992. **Hekla hf.**
(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)
gegn
fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs
(Sigrún Guðmundsdóttir hrl.)

Skattar. Sjóðir.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 16. júní 1992. Hann krefst þess, að ógiltur verði með dómi úrskurður ríkisskattanefndar nr. 222/1991 frá 7. mars 1991 og stefndi dæmdur til að endurgreiða ofgreiddan tekjuskatt, að fjárhæð 2.500.000 krónur, auk dráttarvaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 500.000 krónum frá 1. ágúst 1989 til 1. september sama ár, af 1.000.000 króna frá þeim degi til 1. október sama ár, af 1.500.000 krónum frá þeim degi til 1. nóvember sama ár, af 2.000.000 króna frá þeim degi til 1. desember sama ár og af 2.500.000 krónum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Ágreiningur í máli þessu snýst um það, hvort áfrýjanda hafi verið heimilt samkvæmt 3. mgr. 1. tl. 31. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt að draga frá tekjum sínum á árinu 1988 framlag sitt, að fjárhæð 5.000.000 krónur, til Sjóðs Heklu hf. til minningar um hjónin Rannveigu Ingimundardóttur og Sigfús Bjarnason. Eins og lýst er í héraðsdómi, var sjóður þessi stofnaður með skipulagsskrá, sem staðfest var af forseta Íslands 30. desember 1986, og var sú skipulagsskrá í gildi árið 1988. Sjóðurinn var háður eftirliti Ríkisendurskoðunar, sbr. lög nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir, sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, sbr. áður lög nr. 20/1964 um eftirlit með opinberum sjóðum.

Einn aðaltilgangur sjóðsins samkvæmt þessari skipulagsskrá var samkvæmt 3. gr., 1. lið, að „stuðla að aukinni verkmenntun starfsmanna Heklu hf.“. Er fallist á það með héraðsdómara, að þessi liður geti ekki fallið undir 31. gr. laga nr. 75/1981, sbr. reglugerð nr. 615/1987 um frádrátt vegna gjafa til menningarmála o. fl. Í 6. gr. skipulagsskrárinnar var fjallað um úthlutun styrkja úr sjóðnum. Þar sagði í 2. mgr.: „Stjórnin getur ákveðið að auglýsa eftir umsóknum til einstakra verkefna. Þó skal úthlutað skv. 3. gr., 1. lið, ekki sjaldnar en annað hvert ár.“ Eins og skipulagsskráin var úr garði gerð á þessum tíma, hvíldi engin skylda á stjórn sjóðsins að úthluta úr honum til þeirra málaflokka, sem um var fjallað í 2. og 3. lið 3. gr. skipulagsskrárinnar. Ber þegar af þeirri ástæðu að sýkna stefnda af kröfum áfrýjanda og staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 23. mars 1992.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 21. febrúar sl., er höfðað af Heklu hf., kt. 600169-5139, Laugavegi 170–174, Reykjavík, með stefnu, birtri 14. júní 1991, á hendur fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að ógiltur verði með dómi úrskurður ríkisskattanefndar nr. 222/1991, upp kveðinn 7. mars 1991, og að stefndi verði dæmdur til að endurgreiða stefnanda ofgreiddan tekjuskatt, að fjárhæð 2.500.000 kr., auk dráttarvaxta [...].

Þá krefst stefnandi málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnda [...].

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og sér tildæmdur málskostnaður að mati réttarins.

Sátt var reynd árangurslaust.

II.

Málsástæður stefnanda.

Stefnandi kveður sjóð Heklu hf. til minningar um hjónin Rannveigu Ingimundardóttur og Sigfús Bjarnason hafa verið stofnaðan með skipulagsskrá, staðfestri af forseta Íslands 30. desember 1986. Í 3. gr. skipulagsskrárinnar hafi sagt, að tilgangur sjóðsins væri:

1) Að stuðla að aukinni verkmenntun starfsmanna Heklu hf.
2) Að stuðla að rannsóknum á sviði hugvísinda og raunvísinda, m. a. í því skyni að efla tengsl milli atvinnulífs og æðri menntunar.
3) Að hlúa að menningarstarfsemi og listiðkun.

Hinn 27. júlí 1989 hafi skattstjórinn í Reykjavík tilkynnt stefnanda um breytingar á skattframtali hans árið 1989. Meðal þeirra breytinga hafi verið, að framlag, að fjárhæð 5.000.000 kr., til sjóðs Heklu hf. til minningar um hjónin Rannveigu Ingimundardóttur og Sigfús Bjarnason, er gjaldfært hafi verið á rekstrarreikningi stefnanda, hafi verið „fellt niður", þar sem framlagið teldist ekki falla undir 1. tl. 31. gr. l. nr. 75/1981. Stefnandi hafi kært þessa ákvörðun með bréfi, dags. 24. ágúst 1989. Hinn 7. mars 1990 hafi skattstjóri kveðið upp úrskurð, er gekk á sömu leið og fyrri ákvörðun hans. Hafi skattstjóri rökstutt niðurstöðu sína með tvennum hætti, annars vegar, að starfsemi, „sem í eðli sínu" falli undir reglugerð nr. 615/1987, þurfi að ná til ótakmarkaðs fjölda einstaklinga, og hins vegar, að starfsemi sjóðsins sé svo nátengd og bundin stjórn og starfsemi stefnanda, að eigi hafi verið unnt að fallast á, að starfsemin félli undir reglugerðina.

Í kjölfar úrskurðar skattstjórans í Reykjavík í mars 1990 hafi verið ákveðið að breyta skipulagsskrá sjóðsins þannig, að 1. tl. 3. gr. skipulagsskrárinnar var felldur niður. Engu að síður hafi stefnandi talið, að skattstjóri hefði með þessum röksemdum sínum farið út fyrir þær reglur, er gilt hafi um frádrátt frá tekjum af atvinnurekstri, og í raun búið til nýjar reglur um þessi efni. Hafi hann því skotið úrskurði skattstjóra til ríkisskattanefndar með kæru 3. apríl 1990. Ríkisskattanefnd hafi kveðið upp úrskurð í málinu 7. mars 1991. Gangi sá úrskurður á sömu leið og úrskurður skattstjóra, en sé án rökstuðnings. Þó megi af úrskurðinum ráða, að ríkisskattanefnd hafi ekki séð sér fært að staðfesta þær röksemdir, sem skattstjórinn í Reykjavík setti fram fyrir sínum niðurstöðum.

Tekjuskattur atvinnurekenda sé 50%, og þurfi stefnandi því að greiða 2.500.000 kr. í tekjuskatt vegna þessara úrlausna skattyfirvalda, og sé sú fjárhæð stefnufjárhæð máls þessa.

Stefnandi telji því nauðsynlegt að höfða mál þetta til að fá úrskurð ríkisskattanefndar ógiltan og til að fá endurgreitt fé það, er hann hafi verið úrskurðaður til að greiða í ríkissjóð.

– – –

Niðurstaða.

Tilgangur skattfrelsis gjafa skv. 1. tl. 3. mgr. 31. gr. l. nr. 75/1981 er að efla menningarstarf, vísindi, rannsóknarstörf og líknarstörf alls konar, eins og nánar er tilgreint í reglugerð nr. 615/1987.

Samkvæmt 3. gr. skipulagsskrár fyrir sjóð Heklu hf., sem staðfest var af forseta Íslands 31. desember 1986 í samræmi við 11. gr. skipulagsskrárinnar, er tilgangur sjóðsins þessi:

1. Að stuðla að aukinni verkmenntun starfsmanna Heklu hf.
2. Að stuðla að rannsóknum á sviði hugvísinda og raunvísinda, m. a. í því skyni að efla tengsl milli atvinnulífs og æðri menntunar.
3. Að hlúa að menningarstarfsemi og listiðkun.

Einungis verður litið svo á, að tveir síðustu liðir 3. gr. skipulagsskrárinnar falli undir 31. gr. l. nr. 75/1981, sbr. reglugerð nr. 615/1987, en 1. liður, styrkur til verkmenntunar starfsmanna Heklu hf., fellur ekki þar undir.

Samkvæmt skipulagsskránni er það algerlega í höndum stjórnar Heklu hf. að breyta skipulagsskránni. Þá eru fjórir af fimm stjórnarmönnum sjóðsins kosnir á aðalfundi Heklu hf., og hinn fimmti, sem jafnframt er stjórnarformaður, er skipaður af stjórn Heklu hf. Er það stjórn sjóðsins, sem ákveður úthlutun úr sjóðnum.

Ekki liggur fyrir, að aðrir hafi setið í stjórn sjóðs Heklu hf., auk stjórnarformanns, en eigendur og stjórnarmenn Heklu hf.

Í skipulagsskránni er kveðið svo á, að úthluta skuli úr sjóðnum samkvæmt ákvörðun stjórnar hans, en þó skuli úthlutað skv. 1. tl. 3. gr. ekki sjaldnar en annað hvert ár. Er því engin skuldbinding til að úthluta úr sjóðnum til þeirra málaflokka, sem falla undir 31. gr. l. nr. 75/1981, sbr. reglugerð nr. 615/1987. Er þannig unnt að fullnægja ákvæðum skipulagsskrárinnar með því að úthluta styrkjum úr henni, sem renna eingöngu í þágu Heklu hf., þ. e. til verkmenntunar starfsfólks hlutafélagsins.

Ekki liggur fyrir, að úthlutað hafi verið skv. 1. tl. nema í eitt skipti á árunum 1987–1990 þrátt fyrir ákvæði skipulagsskrárinnar, og voru það 150.000 kr. Þá var á árinu 1989 úthlutað 500.000 kr. til stofnunar Sigurðar Nordals. Um aðrar styrkveitingar var ekki að ræða á þessu tímabili þrátt fyrir verulegar vaxtatekjur sjóðsins.

Með breytingu skipulagsskrárinnar árið 1990, sem liggur reyndar ekki fyrir, að hafi verið staðfest af forseta Íslands í samræmi við 11. gr. hennar, var numinn brott 1. tl. 3. gr. Jafnframt var felld niður skylda til að verja tekjum sjóðsins til styrkja, og er þar einungis um heimild að ræða. Segir svo í niðurlagi 5. gr. skipulagsskrárinnar: „Raunvaxtatekjum sjóðsins má verja samkvæmt 3. gr.“ Er augljóst, að báðar skipulagsskrárnar eru þannig úr garði gerðar, að eigendur Heklu hf. geta í raun einir ráðið því, hvort og að hve miklu leyti tilgangi sjóðsins er framfylgt. Verður því ekki litið svo á, að umdeilt framlag Heklu hf. í sjóð Heklu hf. falli undir skilgreiningu 3. mgr. 1. tl. 31. gr. l. nr. 75/1981, sbr. reglugerð nr. 615/1987, og nýtur því ekki skattfrelsis samkvæmt þessu lagaákvæði.

Ber því þegar af þeim sökum að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðila beri sinn kostnað af málinu.

Sigríður Ólafsdóttir borgardómari kvað upp dóminn, en uppkvaðning hans hefur dregist vegna embættisanna dómarans.

D ó m s o r ð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Heklu hf., í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 16. febrúar 1995.

Nr. 325/1992. **Gunnarstindur hf.**
(Garðar Garðarsson hrl.)
gegn
Hólma hf.
(Örn Clausen hrl.)
og gagnsök

Kauptilboð. Skip. Tómlæti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Aðaláfrýjandi, Gunnarstindur hf., skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 5. ágúst 1992, en með ákvörðun hluthafafundar í Hraðfrystihúsi Stöðvarfjarðar hf. 24. október 1991 hafði félagið verið sameinað aðaláfrýjanda, sem tók við öllum réttindum þess og skyldum. Aðaláfrýjandi krefst þess, að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér skaðabætur, að fjárhæð 22.359.773 krónur, með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 22. apríl 1989 til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 30. september 1992 og krefst þess, að héraðsdómur verði staðfestur, þó með þeirri breytingu, að sér verði dæmdur málskostnaður í héraði. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Í héraðsdómi er gerð grein fyrir kauptilboði gagnáfrýjanda 15. desember 1988 til aðaláfrýjanda í bv. Álftafell, SU-100. Hljóðaði tilboðið upp á 190.000.000 króna heildarverð skipsins. Í því voru sett fram nokkur skilyrði varðandi ástand skipsins við afhendingu, sem skyldi fara fram 29. desember 1988, og skyldur aðaláfrýjanda í því sambandi. Jafnframt var boðið upp á þann kost, að gagnáfrýjandi tæki að sér að sjá um þessi atriði fyrir ákveðna fjárhæð, sem aðilar kæmu sér saman um, og drægist hún frá kaupverði skipsins.

Með símskeyti aðaláfrýjanda 21. desember 1988, sem óumdeilt er,

að barst gagnáfrýjanda innan tilskilins frests, samþykkti hann tilboðið á þann veg, að hann lýsti sig reiðubúinn til samninga um frádrátt frá kaupverðinu vegna þeirra verka, sem nefnd voru í tilboðinu, og vísaði í því sambandi til afhendingartíma skipsins.

Í framhaldi þessa fóru fram viðræður milli aðila 26. desember 1988 um afslátt af kaupverði, og heldur aðaláfrýjandi því fram, að samkomulag hafi náðst um 5.000.000 króna afslátt. Gegn mótmælum gagnáfrýjanda þykir það ósannað.

Líta verður svo á, að í svari aðaláfrýjanda við kauptilboði gagnáfrýjanda hafi ekki falist neinar þær viðbætur, takmarkanir eða fyrirvarar, sem jafngildi því, að hann hafi hafnað tilboðinu, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Mátti gagnáfrýjanda vera það ljóst, að aðaláfrýjandi liti á svar sitt sem samþykki við tilboðinu, og verður ekki séð af gögnum málsins, að gagnáfrýjandi hafi látið í ljós, að hann liti öðruvísi á það, sbr. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1936.

Aðaláfrýjandi sendi gagnáfrýjanda símskeyti 30. og 31. desember 1988, þar sem hann áskildi sér rétt vegna ætlaðra vanefnda hins síðarnefnda. Eftir það aðhafðist hann ekkert til að halda rétti sínum til laga í tæplega eitt og hálft ár. Hann seldi skipið öðrum aðila 22. apríl 1989 án þess að gera gagnáfrýjanda viðvart eða áskilja sér rétt til bóta úr hans hendi vegna óhagstæðara söluverðs. Lágu þó ljósar fyrir þær staðreyndir um hækkun eftirstöðva áhvílandi veðskulda, sem aðaláfrýjandi reisir á kröfur sínar í málinu. Loks 14 mánuðum síðar, 15. júní 1990, sendi aðaláfrýjandi gagnáfrýjanda bréf, þar sem hann hafði uppi kröfur þessar. Verður að líta svo á, að aðaláfrýjandi hafi með þessu sýnt svo verulegt tómlæti um gæslu þess réttar, sem hann taldi sig eiga á hendur gagnáfrýjanda, að hann hafi ekki lengur getað haft uppi kröfur vegna viðskiptanna. Verður niðurstaða hins áfrýjaða dóms um sýknu gagnáfrýjanda því staðfest. Rétt þykir og að staðfesta málskostnaðarákvæði hans. Eftir atvikum þykir aðaláfrýjandi eiga að greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

Það athugast, að í hinum áfrýjaða dómi var ekki greint frá málsástæðum og lagarökum aðila málsins, sbr. h- og i-lið 1. mgr. 193. gr. þágildandi laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, nú e-lið 1. mgr. 114. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Gunnarstindur hf., greiði gagnáfrýjanda, Hólma hf., 200.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Eskifjarðar 29. maí 1992.

Mál þetta, sem höfðað var hér fyrir dómi með stefnu, út gefinni 1. maí 1991, var tekið til dóms að loknum munnlegum málflutningi 25. maí 1992.

Stefnandi er Hraðfrystihús Stöðvarfjarðar hf., kt. 630169-1869, til heimilis að Stöðvarfirði, Suður-Múlasýslu.

Stefndi er Þorsteinn Sveinsson, kt. 020524-3759, Miðhúsaseli, Fellahreppi, Norður-Múlasýslu, sem stjórnarformaður Hólma hf., kt. 480272-0569, Strandgötu 39, 735 Eskifirði, f. h. félagsins.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skaðabætur, að fjárhæð 22.359.773 kr., auk dráttarvaxta [svo og málskostnað].

Dómkröfur stefnda eru þær, að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað [...].

Málavextir eru þeir, að síðla árs 1988 ákvað stjórn stefnanda að selja bv. Álftafell, SU-100, og var skipið auglýst til sölu í framhaldi af þeirri ákvörðun, en stefnandi hafði fengið leyfi til greiðslustöðvunar á þessum tíma, og var þessi aðgerð meðal annars þáttur í því að rétta við fjárhag fyrirtækisins.

Margir sýndu skipinu áhuga, m. a. Útgerðarfélagið Njörður (KEA) á Akureyri, feðgar frá Suðurnesjum, Baldvin Njálsson og sonur hans, Halldór Jónsson frá Súðavík, Jóhannes G. Jónsson, Ísafirði, og Eyþór Jónsson frá Sandgerði, Ásmundur Jóhannsson frá Grindavík, Adolf Guðmundsson, Seyðisfirði, og Þorsteinn Sveinsson, Egilsstöðum, en það bar þannig að, að í byrjun desember 1988 voru þeir Guðjón Smári Agnarsson, þáverandi framkvæmdastjóri stefnanda, og Þorsteinn Sveinsson, stjórnarformaður stefnda, samferða í flugvél frá Reykjavík til Egilsstaða. Barst þá í tal á milli þeirra, að stefnandi hygðist selja umrætt skip, Álftafell, SU-100. Stjórnarformaður stefnda sýndi málinu áhuga, og endaði það með því, að 15. desember 1988 kom tilboð frá stefnda til stefnanda í skipið. Var það fyrst sent á telefaxi og barst síðan bréflega. Tilboðsfjárhæðin var 190.000.000 kr., er greiða skyldi með því að taka við áhvílandi veðskuldum, sem voru áætlaðar um 125.000.000 kr., og síðan með peningum og skuldabréfum, ca. 65.000.000 kr. Í tilboðinu sagði, að það stæði til kl. 17 miðvikudaginn 21. desember 1988.

Í tilboði þessu sagði síðan: „Greiðsla samkvæmt tölulið 4 hækki/lækki eftir fjárhæð áhvílandi veðskulda, eins og þær verða á afhendingardegi skipsins. Kaupandi veit af vanskilum á nokkrum áhvílandi lánum og samþykkir að taka við þeim þannig og semja sjálfur um greiðslu vanskila.

Skipið afhendist með athugasemdalausu haffærisskírteini til næstu 12 mánaða og án kvaða frá flokkunarfélagi.

Seljandi skal fyrir afhendingu hafa tekið skipið í slipp, botnhreinsað, zinkað og málað samkvæmt venju. Auk þess mála bol, ofan þilfars, millidekk og lest.

Við upptöku skipsins skal seljandi láta framkvæma bolskoðun í viðurvist tryggingafélags þess og mun kaupandi einnig hafa fulltrúa Tryggingamiðstöðvarinnar hf. viðstaddan.

Að öðru leyti skal skipið afhent í núverandi ástandi, sem kaupandi hefur kynnt sér við skoðun. Kaupanda er kunnugt um væntanlega viðgerð, sem gera þarf á aðalvél skipsins, og mun sjálfur sjá um hana, en seljandi bera þann kostnað, sem af hlýst.

Að öðrum kosti getur kaupandi tekið að sér að sjá um ofantalin verk fyrir ákveðna upphæð, sem samningsaðilar koma sér saman um, og komi sú upphæð til frádráttar kaupverði skipsins. Skipið verði afhent í höfn á Stöðvarfirði þann 29. desember 1988.

Veiðarfæri skipsins fylgi með í kaupunum. Skipinu fylgi einn umgangur af kössum. Auk þess fylgi því allir varahlutir og annar búnaður, sem keyptur hefur verið til skipsins og telst til útbúnaðar þess, hvort sem hann er um borð í skipinu eða á landi. Fiskveiðiréttindi skipsins skulu fylgja því, að því marki sem slík réttindi verða framseld.

Tilboðið stendur til kl. 17.00 miðvikudaginn 21. desember 1988.

Verði tilboðinu tekið, skal kaupsamningur gerður hið fyrsta. Afsal verði gert við lokagreiðslu útborgunar. Kaupandi greiði allan kostnað við stimplun og þinglýsingu afsals fyrir skipinu og verðbréfs/veðbréfa."

Tilboð þetta var, eins og áður sagði, dagsett 15. desember 1988, undirritað af Aðalsteini Jónssyni f. h. stefnda og vottað af þeim Þorsteini Kristjánssyni og Magnúsi Bjarnasyni. Áður en tilboðið var gert, hafði stefndi látið skoða skipið í höfn á Stöðvarfirði. Stjórn stefnanda ákvað að ganga að tilboði þessu, og að morgni 21. desember var stefnda sent símskeyti þessu til staðfestingar. Umrætt símskeyti er svohljóðandi:

„Hrað Hólmi hf., bt. Aðalsteinn Jónsson og Emil Thorarensen, Strandgötu 39, Eskifirði. Tilboð yðar dags. 15. 12. 1988 í Álftafell, SU-100, er hér með samþykkt vegna afhendingar 29. 12. 1988. Er umbjóðandi minn tilbúinn til samninga við yður um frádrátt af kaupverði vegna slipptöku máln-

ingarvinnu og viðgerðar á vél sem ekki er hægt að framkvæma fyrr en í janúar 1989.

F. h. Hraðfrystihúss Stöðvarfjarðar,
Vilhjálmur H. Vilhjálmsson."

Næst gerist það í málinu, að forsvarsmenn aðila, þ. e. þeir Aðalsteinn Jónsson, Guðjón Smári Agnarsson, Þorsteinn Kristjánsson, Ingimar Jónsson og Emil Thorarensen, koma saman til fundar 26. desember 1988 (á annan í jólum) á heimili Aðalsteins Jónssonar á Eskifirði. Á þessum óformlega fundi kom það fram, að stefnandi vildi lækka kaupverð skipsins um 5.000.000 króna gegn því, að stefndi tæki að sér allar viðgerðir á skipinu, sem krafist hafði verið í tilboðinu, og að auki viðgerðina, sem gera þurfti á aðalvél skipsins og alls óvíst væri, hversu umfangsmikil væri eða hver kostnaður yrði. Ekki virðist stefnandi hafa verið til viðræðu um frekari lækkun.

Næsta dag, 27. desember 1988, ræddi Aðalsteinn Jónsson við stjórnarmenn stefnda og skýrði þeim frá ofangreindum hugmyndum stefnanda. Stjórnarmenn stefnda hafa sagt, að þeir hafi ekki talið þetta fýsilegan kost, enda töldu þeir eftir upplýsingum, sem þeir höfðu fengið, m. a. frá áhöfn skipsins, að ekki myndi kosta undir 10–12 milljónum króna að lagfæra það, sem krafist var í upphaflega tilboðinu, og því kæmi ekki til greina að samþykkja þessar hugmyndir stefnanda.

Forsvarsmenn stefnda, þeir Aðalsteinn Jónsson og Þorsteinn Kristjánsson, áttu síðan fund um mál þetta 28. desember 1988 síðla dags ásamt Magnúsi Bjarnasyni, framkvæmdastjóra Hraðfrystihúss Eskifjarðar hf., og voru menn sammála um, að ekki væri hægt að ganga að hugmyndum stefnanda, enda hafði legið ljóst fyrir eftir fundinn á heimili Aðalsteins Jónssonar 26. desember 1988, að stefnandi væri ófáanlegur til að lækka kaupverðið um meira en þessar fimm milljónir króna. Þetta styðst við bókun frá stjórnarfundi stefnanda frá 28. des. 1988.

Þennan sama dag, 28. desember 1988, hringdi Aðalsteinn Jónsson til stjórnarformanns stefnda, Þorsteins Sveinssonar á Egilsstöðum, og tilkynnti honum, að það væri samdóma álit nánustu samstarfsmanna sinna og stjórnarmanna stefnda, að enginn grundvöllur væri fyrir kaupum stefnda á skipinu.

Eftir þetta hringdi Þorsteinn Sveinsson til Vilhjálms H. Vilhjálmssonar og tjáði honum, að ekki gæti orðið af kaupunum, en spurði hann jafnframt að því í leiðinni, hvort einhver eftirmál yrðu í sambandi við þetta. Hafi Vilhjálmur svarað, að engin eftirmál yrðu, en hann þyrfti að senda mótmæli „pro forma". En Þorsteinn hefur sagt, að hann hafi gert sér grein fyrir, að einhver eftirmál gætu orðið og sér þótt öruggara að nefna þetta.

Í tengslum við þær samningsumleitanir, sem hér að framan eru raktar, útbjó Vilhjálmur H. Vilhjálmsson kaupsamning, sem sendur var á telefaxi 28. desember 1988 forsvarsmönnum stefnda, að því er stefnandi hefur sagt, til yfirlestrar, og hafi efni hans verið rætt símleiðis við Þorstein Sveinsson og Aðalstein Jónsson. Daginn eftir hafi samningurinn verið sendur sérstaklega með Flugleiðum til Þorsteins Sveinssonar á Egilsstöðum.

Fram hefur komið, að samningurinn hafi ekki sætt neinum efnislegum athugasemdum af hálfu stefndu, en samningur þessi var aldrei undirritaður.

Í samningi þessum kemur fram, að greiða átti 20 milljónir af kaupverði við afhendingu skipsins, en 10 milljónir 6. janúar 1989, en þetta bendir til þess, að einhverjar samningaviðræður hafi farið fram á milli aðila um það, hvernig fyrirkomulag átti að vera, en gegn andmælum stefndu verður ekki fullyrt nánar um það, með hvaða hætti þetta gerðist.

Hinn 30. desember 1988 kl. 11.00 var af hálfu stefnanda sent svohljóðandi símskeyti frá Vilhjálmi H. Vilhjálmssyni til stefndu: „Með símskeyti 21. þ. m. var tilboði yðar í mb. Álftafell, SU-100, samþykkt og bindandi samningur um kaupin kominn á. Hinn 27. þ. m. varð samkomulag um 5 milljónir kr. til frádráttar kaupverði vegna slipptöku vélaviðgerðar og fleira og kaupsamningi breytt í samræmi við það.

Þér hafið ekki borgað umsamda peningagreiðslu, kr. 20 milljónir, eða sótt skipið.

Skipið var tilbúið til afhendingar á Stöðvarfirði umsaminn dag, 29. þ. m., og er frá þeim degi á yðar ábyrgð.

Verði umbjóðandi minn fyrir tjóni vegna tafa af yðar hálfu, t. d. vegna áfallinna vaxta eða hækkunar lána frá 29. 12. 1988, er áskilinn réttur til skaðabóta."

Hinn 31. desember 1988 kl. 12.04 sendi Vilhjálmur H. Vilhjálmsson stefndu annað símskeyti svohljóðandi: „Áskilinn er réttur til skaðabóta frá yður, verði Hraðfrystihús Stöðvarfjarðar hf. fyrir tjóni vegna vanefnda á kaupsamningi um bv. Álftafell, SU-100."

Stefnandi virðist síðan hafa gert skipið út frá 3. janúar 1989 og þar til það var selt Samherja hf. á Akureyri með kaupsamningi og afsali, dagsettu 22. apríl 1989, á 177.646.875 kr., en áður hafði skipið lent í strandi og var nær sokkið á siglingu milli Fáskrúðsfjarðar og Neskaupstaðar, þar sem skipið fór m. a. í slipp.

Hinn 15. júní 1990 sendi lögmaður stefnanda kröfubréf til stefnda. Stefna var síðan gefin út í málinu 1. maí 1991. Í málinu hafa verið nokkrar vangaveltur um samskipti stjórnarmanna stefnda og stefnanda innbyrðis og eins þeirra á milli og þá samskipti þeirra við Vilhjálm H. Vilhjálmsson, og hefur dómari þessi atriði í huga við úrlausn málsins.

Álit réttarins.

Í málinu er sannað, að 15. desember 1988 sendi stefndi stefnanda tilboð í Álftafell, SU-100, eins og áður er rakið, með skilyrðum, sem rakin eru í tilboðinu. Þessu tilboði svaraði stefnandi með símskeyti 21. desember 1988 með þeirri takmörkun, að stefndi tæki að sér að sjá um það viðhald, sem gera þurfti á skipinu, gegn ákveðnum afslætti, og ljóst var, að skipið yrði ekki afhent á tilsettum tíma svo farið sem í tilboðinu greindi.

Í framhaldi fóru fram samningaviðræður, og virðist stefnandi hafa bundið sig við ákveðna fjárhæð, 5.000.000 kr., í afslátt af söluverði, en ekki er sannað, að samkomulag hafi orðið um það atriði.

Þá hefur verið gert líklegt, að viðgerðakostnaður hefði getað orðið hærri og þar með endanlegt kaupverð lækkað.

Þessu hafa kaupendur ekki viljað una. Verður því að telja, að aðilar hafi ekki náð samkomulagi um það veigamikla atriði, sem söluverðið var, og ber því að líta á símskeytið sem gagntilboð og höfnun hins fyrra frá 15. desember 1988, sbr. 6. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. En m. a. með hliðsjón af samningafundinum, sem fram fór á annan í jólum á heimili Aðalsteins Jónssonar, er ljóst, að stefnandi mátti ætla, að svar hans í símskeytinu 21. desember var ekki í samræmi við tilboðið frá 15. desember 1988.

Það er því álit réttarins, að með símskeytinu 21. desember 1988 hafi ekki komist á bindandi samningur milli aðila og stefndu því óbundnir af þessum lögskiptum.

Niðurstaða og ákvörðun málskostnaðar.

Með vísun til ofanritaðs ber að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda.

Eins og mál þetta er vaxið, er þó rétt, að málskostnaður falli niður.

Dóm þennan kveður upp Sigurður Eiríksson, sýslumaður og bæjarfógeti.

Dómsorð:

Stefndi, Þorsteinn Sveinsson sem stjórnarformaður Hólma hf. fyrir hönd félagsins, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Hraðfrystihúss Stöðvarfjarðar hf., í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 16. febrúar 1995.

Nr. 412/1992. **Halldór Valgeirsson**
(Jón Oddsson hrl.)
gegn
Véltaki hf.
(Hlöðver Kjartansson hdl.)

Kaup. Riftun. Samningalög. Hlutafélög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. nóvember 1992. Hann krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að sæta riftun á kaupum áfrýjanda á hlutabréfum í Söluturninum Suðurhöfn hf., sem fram fóru 3. og 7. september 1990. Jafnframt krefst áfrýjandi þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 770.000 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 6. september 1990 til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Málavöxtum er lýst í hinum áfrýjaða dómi.

Aðila málsins greinir á um, hvaða upplýsingar hafi legið fyrir við kaup áfrýjanda á hlutabréfum stefnda í Söluturninum Suðurhöfn hf. Eins og málið liggur fyrir, þykir mega leggja til grundvallar dómi, að nauðsynlegar upplýsingar hafi ýmist legið fyrir við kaupin eða verið áfrýjanda auðfengnar, svo að honum yrði kleift að leggja raunhæft mat á verðmæti umræddra hlutabréfa. Áfrýjanda var því unnt að kanna mun nánar en hann gerði forsendur fyrir þeim atvinnurekstri, sem hann hugðist festa fé sitt í. Hann leitaði sér ekki heldur sérfræðilegrar aðstoðar við kaupin, þótt hann væri ekki kunnugur verslunarrekstri.

Hvorki verður á það fallist, að skilyrði séu til þess, að kaupunum verði rift vegna sviksamlegrar framgöngu seljanda við kaupin né að þau sæti ógildingu á grundvelli III. kafla laga nr. 7/1936 um samn-

ingsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Samkvæmt þessu og með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður hann staðfestur að öðru leyti en að því, er varðar málskostnað, en rétt þykir, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en um málskostnað.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 28. október 1992.

I.

Mál þetta, sem var dómtekið 8. þ. m., var höfðað með stefnu, birtri 30. mars 1992.

Stefnandi er Halldór Valgeirsson, kt. 110240-7919, Reykjavíkurvegi 34, Hafnarfirði.

Stefndi er Véltak hf., kt. 440471-0139, Hvaleyrarbraut 3, Hafnarfirði.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að sæta riftun á kaupum stefnanda á hlutabréfum stefnda í Suðurhöfn hf., kt. 661186-1519. Jafnframt er þess krafist, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 770.000 kr. ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987 frá 6. 9. 1990 til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar [...].

Dómkröfur hins stefnda félags eru aðallega þær, að það verði sýknað af öllum kröfum stefnanda, og til vara, að þær verði lækkaðar verulega. Í báðum tilvikum er þess krafist, að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað [...].

2. Málavextir.

Stefndi er eigandi fasteignarinnar nr. 3 við Hvaleyrarbraut í Hafnarfirði. Í hluta hússins hefur verið rekinn söluturn um árabil. Guðmundur nokkur Eyjólfsson seldi Íslenskri þjónustu hf. 10. 8. 1988 reksturinn á 2.100.000 kr. Nokkru síðar keypti Björg Ásgeirsdóttir reksturinn á kaupleigu til þriggja ára á 3.000.000 kr. Rak hún söluturninn í u. þ. b. eitt ár. Rekstrarðilar söluturnsins leigðu allan tímann 40 fermetra húsnæði af stefnda. Kaupleiga Bjargar gekk til baka, og varð að samkomulagi með Hagskiptum hf. og stefnda, sbr. samning, dags. 20. júní 1990, að hann tæki við tækjum og áhöldum, sem rekstrinum fylgdu, vegna vangoldinnar húsaleigu. Um þessar mundir hófst samstarf stefnda og Bjargar Ásgeirsdóttur. Guðbjartur Einarsson, framkvæmdastjóri stefnda, hafði yfir að ráða hlutafélaginu Slitvara

með hlutafé að fjárhæð 200.000 kr., að hálfu eign hans. Á aðalfundi félagsins 12. júní 1990 var nafni þess breytt í Söluturninn Suðurhöfn hf., og skyldi tilgangur þess vera að veita þjónustu með matvöru og nýlenduvörum og annast innflutning á vörum með almennum verslunarrekstri. Bókað var, að Guðbjartur Einarsson afsalaði sér hlutabréfum sínum til stefnda og að aðrir hluthafar hefðu afsalað hlutabréfum sínum til Bjargar Ásgeirsdóttur. Ákveðið var að auka hlutafé um 1.000.000 kr. Var bókað, að samþykkt væri, að „aukning á hlutafé stefnda kæmi í formi goodwill frá söluturni sem er í byggingu félagsins og hefur verið starfandi í mörg ár". Einnig er upplýst, að stefndi lagði til rekstrarins nauðsynleg tæki og áhöld auk fastra innréttinga. Björg Ásgeirsdóttir skyldi greiða sinn hluta aukins hlutafjár, þ. e. 500.000 kr., í peningum innan 14 daga. Einnig fylgdi húsaleigusamningur um 230 fermetra að Hvaleyrarbraut 3 fyrir 120.000 kr. á mánuði. Leigufjárhæðin var bundin byggingarvísitölu og samningstíminn þrjú ár frá 10. júní 1990. Félaginu fylgdi ónotað rekstrartap frá fyrri árum, að fjárhæð 644.276 kr. Björg Ásgeirsdóttir var ráðin framkvæmdastjóri félagsins, og var hún m. a. skráð fyrir tékkareikningi félagsins nr. 416 í Sparisjóðnum í Keflavík, Grindavíkurútibúi.

Guðbjartur Einarsson kom einn fram af hálfu stefnda í viðskiptum þeim, sem um ræðir í málinu.

Stjórnarfund í Söluturninum Suðurhöfn 3. september 1990 sátu Guðbjartur Einarsson, Björg Ásgeirsdóttir, stefnandi, eiginkona hans, Hólmfríður Jónsdóttir, og Sigurlinni Sigurlinnason, sem annast hafði reikningshald félagsins. Á honum var gengið frá kaupum stefnanda á öllum hlutum stefnda í félaginu á nafnverði 600.000 kr. Síðan var afráðið, að stefndi keypti hluti af fyrirhugaðri eignarhlutdeild Bjargar Ásgeirsdóttur, að nafnverði 170.000 kr., og greiddi með reikningum sömu fjárhæðar vegna efnis og vinnu við leiguhúsnæðið. Gerð var grein fyrir því, að Björg Ásgeirsdóttir myndi greiða það, sem eftir stóð af hlutakaupum sínum, 330.000 kr., innan fárra daga. Á fundinum var ákveðið að stefna að myndbandaleigu og lottósölu. Þá var bókað, að vörutalning hefði farið fram, en vörulager reyndist vera 177.320 kr.

Á stjórnarfundi 5. september 1990 var prókúra Bjargar Ásgeirsdóttur afturkölluð og ákveðið, að Hólmfríður Jónsdóttir tæki að sér prókúru fyrir félagið.

Hinn 7. september 1990 var enn haldinn stjórnarfundur í Söluturninum Suðurhöfn hf., og var sala hlutabréfa á dagskrá. Björg Ásgeirsdóttir afsalaði sér rétti til kaupa á hlutabréfum, að verðmæti 330.000 kr. Stefnandi óskaði að kaupa hlutabréf fyrir 300.000 kr. og sonur hans, Ingþór, fyrir 30.000 kr.

Stefndi bauð hlutabréf sín, 170.000 kr., einnig til kaups, og keypti stefnandi þá hluti. Ný stjórn var kjörin, og var hún þannig skipuð: Halldór Valgeirsson formaður, Hólmfríður Jónsdóttir og Ingþór Halldórsson.

Stefnandi hafði til þess tíma, er hér um ræðir, haft á leigu frá stefnda húsnæði að Hvaleyrarbraut 3 til atvinnustarfsemi.

Stefnandi greiddi stefnda kaupverð hlutabréfanna með tveimur skuldabréfum, að fjárhæðum 600.000 kr. og 170.000 kr. Stefndi seldi skuldabréfin í banka, en þurfti að innleysa þau vegna vanskila stefnanda og fékk lagt lögbald á fasteign hans 22. maí 1991 til tryggingar skuldinni.

Björg Ásgeirsdóttir starfaði áfram við rekstur söluturnsins og gaf út tékka á reikning nr. 416 til loka októbermánaðar 1990, er yfirdráttur nam 506.640 kr. Yfirdráttur 7. september 1990 nam 391.468 kr. Sparisjóðnum í Keflavík hafði verið afhentur víxill, út gefinn af stefnda, að fjárhæð 500.000 kr., til tryggingar yfirdrættinum, og hefur sparisjóðurinn höfðað mál gegn stefnda og Söluturninum Suðurhöfn hf. til heimtu víxilfjárhæðarinnar auk vaxta og kostnaðar.

Er Sigurlinni Sigurlinnason hafði skilað af sér möppu með reikningsgögnum í nóvember 1990, skilaði Hólmfríður Jónsdóttir virðisaukaskattsskýrslu vegna tímabilsins júlí – ágúst 1990, og var skattskyld velta tilgreind 610.029 kr. Á virðisaukaskattsskýrslu fyrir 1. september – 15. nóvember 1990 er skattskyld velta 1.336.602 kr. Á virðisaukaskattsskýrslu fyrir 16. nóvember – 31. desember 1990 er skattskyld velta 697.290 kr.

Gylfi Traustason, er stefnandi réð til að færa bókhald, setti upp rekstrarreikninga Söluturnsins Suðurhafnar hf., annars vegar tímabilið 15. júní til 7. september 1990 og hins vegar 8. september til 31. desember s. á. Á fyrra tímabili eru vörukaup tilgreind 920.353 kr. og vörunotkun 743.033 kr., en vörusala 749.498 kr. og rekstrartap 456.100 kr. Á síðara tímabilinu er vörusala 2.033.892 kr., vörukaup 1.408.846 kr., vörubirgðir 31. 12. 1990 0 kr. og tap 6.225 kr. Lögð hafa verið fram gögn, er sýna, að 5. og 7. janúar 1991 greiddi Söluturninn Suðurhöfn hf. Svansbakarí upp í skuld með vörulager, að verðmæti 94.355 kr. Starfsmaður Svansbakarís, Baldvin Örn Baldvinsson, bar fyrir dóminum, að samkomulag hefði orðið um, að vörur yrðu teknar á niðursettu verði. Þó hafi bakaríið ekki tekið allan vörulagerinn.

Samkvæmt vætti Gylfa Traustasonar mun tíðkast að ákvarða söluverð söluturna miðað við söluandvirði tveggja – þriggja mánaða.

Áform um að færa út rekstur söluturnsins urðu að engu, og reyndist leiguhúsnæðið óhæfilega stórt. Rekstrinum var haldið áfram frá 7. september 1990 til áramóta 1990 – 1991, er stefnandi gafst upp vegna taprekstur, að því er hann heldur fram. Á tímabili þessu lækkaði húsaleiga í 100.000 kr.

á mánuði. Hinn 2. janúar 1991 sendi stefnandi stefnda riftunarbréf vegna kaupanna, en riftunin var ekki tekin til greina, sbr. bréf stefnda, dags. 16. janúar 1991.

3. Málsástæður stefnanda.

Með villandi upplýsingum fékk stefndi stefnanda til að kaupa hlutabréf fyrir 770.000 kr., sem í raun voru minna en einskis virði. Upphafshlutir félagsins voru einskis virði og ekkert greitt af hlutafjáraukningunni. Hlutafjáraukningin stenst ekki ákvæði V. kafla laga nr. 82/1978 með áorðnum breytingum, einkum 31. gr. Auk þess hafði félagið verið rekið með stórfelldu tapi, án þess að nokkur grein væri fyrir því gerð, og skuldaði miklar vanskilafjárhæðir, en átti engar eignir utan vörubirgðir, að verðmæti 177.320 kr. Enn fremur var félagið bundið af leigusamningi, sem engin tök voru á að efna með þeim rekstri, sem það hafði með höndum. Hið selda svaraði á engan hátt til þeirrar lýsingar, sem á því var gefin, sbr. 42. gr. laga nr. 39/1992 með lögjöfnun, eða þeirra væntinga, sem stefnandi mátti gera sér um hann. Auk þess notfærði stefndi sér fákunnáttu stefnanda í bókhaldi og reikningsskilum til þess að afla sér hagsmuna, sem voru langt umfram það, sem innt var af hendi í staðinn, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1960.

Málsástæður stefnda.

Stefnanda voru veittar allar upplýsingar við kaupin, er máli skiptu. Við verðlagningu hlutdeildar stefnda í hlutafjáraukningu hafði verið leitað ráða hjá mönnum með þekkingu á þessu sviði, og einnig var tekið mið af fyrri sölum á rekstrinum. Því er mótmælt, að forsvarsmaður stefnda hafi kveðið hreina eign Söluturnsins Suðurhafnar hf. vera 1.200.000 krónur eða látið líta svo út við kaup stefnanda á hlutum í félaginu. Með kaupunum tókst stefnanda það ætlunarverk sitt að kaupa og hefja rekstur söluturns á höfuðborgarsvæðinu. Honum var ekki óhagfelldara að kaupa hluti í Söluturninum Suðurhöfn hf. en kaupa reksturinn eingöngu af félaginu. Afkoma félagsins mánuðina fyrir kaupin höfðu engin markandi áhrif á þau eða upphæð kaupverðs, enda voru það miklu fremur fyrirhuguð verulega aukin umsvif sem máli skiptu og stefnandi taldi mikla von í. Rekstraryfirlitum, sem að framan greinir, er mótmælt sem röngum og ósönnuðum. Um fyrra tímabilið er tekið fram, að stefnanda hafi við kaupin verið kunnugt, að svo virtist miðað við yfirdrátt á tékkareikningi í Sparisjóðnum í Keflavík, að álagning á selda vöru hefði ekki skilað sér, enda hafi af þeim sökum prókúra Bjargar Ásgeirsdóttur verið afturkölluð. Um yfirlit vegna síðara tímabilsins er bent á, að hlutfall milli vörunotkunar og vörusölu fái ekki staðist miðað við álagningu í slíkum rekstri. Þá er staðhæft, að um áramót 1990 – 1991 hafi vörubirgðir numið a. m. k. 200.000 kr.

4. Niðurstöður.

Við kaupin, sem um ræðir í máli þessu, galt stefnandi 770.000 kr., en hlaut í staðinn rekstur söluturns, vörubirgðir að fjárhæð 177.320 kr., nauðsynlegar vélar, áhöld og fastar innréttingar til rekstrarins og ónotuð töp frá fyrri árum, 644.276 kr., sem nýst hefðu sem verulegt skatthagræði við hagfelldan rekstur. Stefnandi ber því í gegn, að sér hafi verið gerð ljós yfirdráttarskuld á tékkareikningi nr. 416. Um tékkareikninginn var honum hins vegar kunnugt og var í lófa lagið að afla sér upplýsinga um stöðu hans, sem eðlilegt hefði verið.

Dómurinn fellst ekki á, að atvik að kaupunum hafi verið með þeim hætti, að fallast beri á kröfur stefnanda á grundvelli 42. gr. laga nr. 39/1922 eða af þeim ástæðum, er áður greindi, í 7. gr. laga nr. 58/1960, sjá nú 31. gr. laga nr. 7/1936, sbr. 1. gr. laga nr. 11/1986. Það þykir falla utan úrlausnarefna dómsins, hvort gætt hafi verið réttra aðferða við hlutafjáraukningu 12. júní 1990, sbr. V. kafla laga nr. 32/1978, enda hefur ekki verið sýnt fram á sviksamlega launung um það atriði.

Niðurstaða dómsins er samkvæmt framangreindu sú, að sýkna ber stefnda af öllum kröfum stefnanda. Dæma ber stefnanda til að greiða stefnda málskostnað, 130.000 kr., ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Sigurður Hallur Stefánsson, settur héraðsdómari, kveður upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi, Véltak hf., er sýknaður af öllum kröfum stefnanda, Halldórs Valgeirssonar.

Stefnandi greiði stefnda 130.000 kr. í málskostnað auk dráttarvaxta samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Fimmtudaginn 16. febrúar 1995.

Nr. 445/1992. **Íslandsbanki hf.**
(Jón G. Briem hrl.)
gegn
Ólafi Jónssyni og
Kristínu Eysteinsdóttur
(Agnar Gústafsson hrl.)

Skaðabætur. Skuldabréf. Bankar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason og Gunnlaugur Claessen og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. desember 1992 og krefst þess, að hann verði sýknaður af kröfum stefndu. Einnig krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu gera þær kröfur, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda dæmt að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

I.

Við fasteignarkaup þau, sem lýst er í héraðsdómi, undirrituðu stefndu tvö skuldabréf til handhafa, samtals að fjárhæð 4.300.000 krónur, og voru þau fengin í hendur Steintaki hf. Jafnframt veittu stefndu hlutafélaginu ótakmarkað umboð til að „taka lán í Landsbanka Íslands, veðdeild hans, vegna lántöku hjá Húsnæðisstofnun ríkisins, allt að kr. 4.300.000“, gegn veðtryggingu í íbúð þeirri, sem þau voru að kaupa. Enn fremur undirrituðu stefndu ávísun til Steintaks hf. á lán frá „Húsnæðisstofnun ríkisins“ fyrir sömu fjárhæð. Steintak hf. afhenti síðar veðdeild Landsbanka Íslands umboðsskjalið og ávísunina. Afgreiddi veðdeildin fyrri hluta lánsins fyrir hönd Byggingarsjóðs ríkisins 31. ágúst 1990 á grundvelli þeirra skjala.

II.

Steintak hf. rak um árabil umsvifamikla byggingarstarfsemi, en bú félagsins var tekið til gjaldþrotaskipta 1. febrúar 1991. Skiptum lauk í desember 1994. Ekkert fékkst greitt upp í almennar kröfur á

hendur búinu. Samkvæmt gögnum málsins var Iðnaðarbankinn hf. „eini viðskiptabanki Steintaks“ til 1. janúar 1990, en þá tók áfrýjandi við réttindum og skyldum Iðnaðarbankans hf., þar á meðal viðskiptum við Steintak hf. Hlutafélagið seldi áfrýjanda 12. janúar 1990 veðskuldabréf það, sem deilt er um í málinu. Gerði stjórnandi útibús áfrýjanda í Lækjargötu, Jafet Ólafsson, kaupin fyrir hönd bankans. Jafet þekkti sem starfsmaður Iðnaðarbankans hf. og síðar áfrýjanda vel til bankaviðskipta Steintaks hf. og var að eigin sögn „í stöðugu sambandi við“ framkvæmdastjóra hlutafélagsins á þeim tíma, sem hér skiptir máli. Í framburði útibússtjórans fyrir héraðsdómi kemur m. a. fram, að Steintak hf. hafi töluvert misnotað tékkareikning, sem félagið hafði hjá bankanum.

Eins og greinir í héraðsdómi, var í veðskuldabréfinu svofellt ákvæði: „Heimild er veitt fyrir hámarksláni frá Húsnæðisstofnun ríkisins, fyrri og seinni hluta, á undan þessu veðskuldabréfi, enda renni andvirði húsnæðisláns til uppgreiðslu veðskuldabréfs þessa, samanber ávísun skuldara á lán frá Húsnæðisstofnun ríkisins.“

Framangreint ákvæði veðskuldabréfsins bar ótvírætt með sér, að stefndu höfðu gefið út ávísun til handa þriðja manni á húsnæðislán, sem þau áttu í vændum. Þess vegna mátti útibússtjóri áfrýjanda vita, er hann keypti skuldabréfið, að ekki var öruggt, að andvirði lánsins, sem stefndu var veitt úr Byggingarsjóði ríkisins, gengi til greiðslu skuldabréfsins í samræmi við forsendur fyrir hinu sérstaka ákvæði skuldabréfsins.

Gera verður ríkar kröfur til banka um vandvirkni og varúð í viðskiptum með verðbréf. Samkvæmt því, sem nú var rakið, og vegna kunnugleika áfrýjanda á rekstri og fjárhagsstöðu Steintaks hf. verður að telja, að honum hafi borið að kanna sérstaklega, áður en hann keypti veðskuldabréfið, hver hefði með höndum ávísun þá, sem getið var í bréfinu, eða umboð til að taka við byggingarsjóðsláninu. Mátti áfrýjanda vera ljóst, að skuldarar bréfsins gátu orðið fyrir verulegu tjóni, ef umboðsmaður eða handhafi ávísunarinnar tæki við láninu án þess að verja því til greiðslu margnefnds veðskuldabréfs. Í ljósi þessa verður að telja áfrýjanda skylt að greiða stefndu hina umdeildu fjárhæð.

III.

Með þessum athugasemdum ber að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefndu málskostnað, eins og greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi greiði stefndu 200.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 26. nóvember 1992.

Mál þetta, sem dómtekið var 3. nóvember 1992, er höfðað með stefnu, þingfestri 3. desember 1991, af Ólafi Jónssyni, kt. 110364-3349, Hrauntungu 105, Kópavogi, og Kristínu Eysteinsdóttur, kt. 110764-5619, sama stað, gegn Einari Sveinssyni, kt. 030448-2789, Bakkaflöt 10, Garðabæ, formanni stjórnar Íslandsbanka hf., kt. 421289-5069, Kringlunni 7, Reykjavík, vegna Íslandsbanka hf., útibús Lækjargötu 12, Reykjavík, kt. 421289-1319, f. h. félagsins til greiðslu 2.246.410 kr. með dráttarvöxtum skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá 31. 8. 1990 til greiðsludags. Þá er þess krafist, að dráttarvextir bætist við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta skipti 31. 8. 1991. Krafist er málskostnaðar [...].

Af hálfu stefnda er krafist sýknu af stefnukröfum. Einnig er krafist málskostnaðar [...].

I.

Með kaupsamningi, dags. 29. 12. 1989, keyptu stefnendur íbúð í smíðum af Steintaki hf., kt. 690482-1189, Bíldshöfða 16, Reykjavík, nánar tilgreint íbúð 0604 á 6. hæð hússins nr. 1 við Klapparstíg í Reykjavík. Kaupsamning annaðist Fasteignasala Vagns E. Jónssonar.

Við undirskrift kaupsamnings skrifuðu stefnendur einnig undir tvö veðskuldabréf, sem tryggð voru með veði í eigninni. Var hvort veðskuldabréf að fjárhæð 2.150.000 kr. Gjalddagi annars bréfsins var 15. 7. 1990, en hins 15. 1. 1991.

Í bréfunum er svofellt ákvæði: „Heimild er veitt fyrir hámarksláni frá Húsnæðisstofnun ríkisins, fyrri og seinni hluta, á undan þessu veðskuldabréfi, enda renni andvirði húsnæðisláns til uppgreiðslu veðskuldabréfs þessa, samanber ávísun skuldara á lán frá Húsnæðisstofnun ríkisins.“ Í samræmi við þetta undirrituðu stefnendur ávísun á lán frá Húsnæðisstofnun ríkisins til handa Steintaki hf.

Steintak hf. seldi umrædd veðskuldabréf í Íslandsbanka hf., Lækjargötu 12, Reykjavík, 12. 1. 1990, og var andvirði þeirra lagt sama dag inn á reikning Steintaks hf. í bankanum nr. 0514-26-000359.

Fyrri hluti húsnæðisláns stefnenda kom til útborgunar 31. 8. 1990. Var nettóandvirði lánsins, 2.246.410 kr., greitt þann dag af veðdeild Landsbanka Íslands um Reiknistofnun bankanna inn á reikning nr. 0514-26-000659. Virðast aðilar sammála um, að reikningsnúmer viðtakanda hafi verið skráð vegna mistaka -659 í stað -359, sem var reikningsnúmer Steintaks hf. Hinn 3. 9. 1990 er fjárhæðin síðan lögð inn á reikning Steintaks hf. í Íslandsbanka hf. nr. 0514-26-000359, sem var í verulegum yfirdrætti umfram heimild. Voru innstæðulausar ávísanir og kostnaður þegar bókað greitt með hinni innlögðu fjárhæð, en skuldabréfið, sem greiðslan átti að ganga upp í, var ekki greitt.

Aðilar deila um aðild stefnda að málinu, hver beri ábyrgð á því, að greiðslan misfórst, og hvort stefndi beri ábyrgð á því, að leiðrétting var ekki gerð á reikningsfærslu innborgunarinnar.

II.

Stefnendur halda því fram, að stefndi hafi vitað eða mátt vita að greiða hafi átt skuldabréfið með útborgun húsnæðisstjórnarláns stefnenda, og hafi verið óheimilt að ráðstafa þeirri greiðslu á annan hátt. Umrætt veðskuldabréf hafi ótvírætt borið með sér, að ætlunin hafi verið að greiða það upp með væntanlegu láni frá Húsnæðisstofnun ríkisins. Þegar stefndi hafi keypt bréfið hafi hann tekið á sig öll réttindi og skyldur, sem af bréfinu leiði, þ. á m. að stuðla að því, að peningar frá Húsnæðisstofnun (veðdeild Landsbanka Íslands) yrðu notaðir til þess að greiða upp bréfið.

Einnig telji Vignir Benediktsson, forsvarsmaður Steintaks hf., að er hann hafi selt stefnda bréfið, hafi því fylgt eintak af ávísun þeirri á lánið, sem stefnendur undirrituðu.

Samkvæmt upplýsingum veðdeildar Landsbanka Íslands hafi stefnda enn fremur verið sent ljósrit af kaupnótunni.

Í stað þess að láta fjárhæð þessa renna til greiðslu upp í veðskuldabréf stefnenda hafi peningunum hins vegar verið ráðstafað til greiðslu á yfirdrætti Steintaks hf. á umræddum reikningi. Virðist það hafa verið ákvörðun stefnda að ráðstafa fénu þannig. Munu hafa legið í bankanum vanskilatékkar, út gefnir af Steintaki hf., sem greiddir hafi verið upp með láninu. Hafi stefnda verið bent á það, að í bréfunum væri ákvæði um það, að þau skyldu greidd upp með væntanlegum lánum frá Húsnæðisstofnun ríkisins. Geti bankinn því ekki verið í góðri trú um það að ráðstafa láni frá Húsnæðisstofnun ríkisins til greiðslu á vanskilatékkum Steintaks hf., hvort sem það

hafi verið gert í samráði við Steintak hf. eða stefndi hafi gert það á eigin spýtur. Þessi ráðstöfun lánsfjárhæðarinnar hafi verið óheimil, og beri stefnda að endurgreiða stefnendum fjárhæðina. Þrátt fyrir ítrekuð tilmæli stefnenda hafi stefndi reynst ófáanlegur til þess að breyta þessu, og hafi stefnendur neyðst til þess að greiða umrætt veðskuldabréf upp að fullu, þar sem í bréfinu hafi verið vísað til 17. kafla laga nr. 85/1936.

Steintak hf. hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta 1. febrúar 1991, og muni ekkert fást upp í almennar kröfur í búinu.

Stefnendur vísa til reglna kröfuréttar um góða trú. Stefndi hafi ekki getað verið í góðri trú um það að ráðstafa láni húsnæðisstofnunar til annars en greiðslu á veðskuldabréfinu. Þau vísa til meginreglna samningalaga um heiðarleika í viðskiptum, sem t. d. komi fram í 33. gr. og 36. gr. samningalaga nr. 7/1936, sbr. lög nr. 11/1986.

Um dráttarvaxtakröfu er vísað til III. kafla laga nr. 25/1987, sbr. 5. gr. laga nr. 67/1989. Um málskostnað er vísað til XII. kafla laga nr. 85/1936 og þá sérstaklega 177. gr., og um dráttarvexti af málskostnaði er vísað til 3. mgr. 175. gr. laganna. Krafan um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun sé reist á lögum nr. 50/1988, þar sem lögmönnum sé gert að innheimta virðisaukaskatt af þjónustu sinni. Stefnendur séu ekki virðisaukaskattsskyld og beri því nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum.

III.

Af hálfu stefnda er því mótmælt, að veðdeild Landsbanka Íslands hafi sent stefnda afrit af kaupnótu veðskuldabréfsins. Einnig er mótmælt þeirri fullyrðingu, að ávísun stefnenda á lán frá Húsnæðisstofnun ríkisins hafi fylgt skuldabréfinu, þegar stefndi keypti það.

Stefndi kveður stefnendur hafa ávísað væntanlegu láni frá Húsnæðisstofnun ríkisins til Steintaks hf. Steintak hf. hafi framvísað þeirri ávísun við húsnæðisstofnun, sem hafi greitt andvirði lánsins inn á reikning Steintaks hf. í Íslandsbanka í Lækjargötu. Stefndi hafi hvergi komið nálægt þessari ráðstöfun. Hann hafi hvorki ráðstafað fjárhæðinni upp í yfirdrátt Steintaks hf. né neitt annað. Hann hafi ekki heldur fengið neitt að vita um þessa innborgun frá húsnæðisstofnun á reikning Steintaks hf. Hann hafi hvorki vitað né mátt vita um þessa greiðslu. Það skorti því allar forsendur til að beita í þessu máli reglum um góða (vonda) trú og reglum samningalaga um heiðarleika í viðskiptum, sem fram komi í 33. og 36. grein laga nr. 7/1936, sbr. lög nr. 11/1986, eins og stefnendur halda fram. Enn fremur skorti rök fyrir því, hvernig slíkar reglur gætu leitt til, að stefnda bæri að endurgreiða stefnendum andvirði skuldabréfsins.

Stefndi mótmælir því, að framangreindar lagareglur eigi við hér. Hvað

varði 33. gr., sé því mótmælt, að óheiðarleikaskilyrði sé fullnægt, en þótt svo væri, hefði stefndi ekki getað haft neina vitneskju um það, sbr. framangreint. Hvað varði 36. gr., sé því mótmælt, að hún eigi við hér. Stefnendur hafi ekki sannað, að samningurinn (skuldabréfið) sé ósanngjarn né að það væri andstætt góðri viðskiptavenju að bera hann fyrir sig. Stefndi bendir hér á, að hann hafi ekki verið aðili samnings við stefnendur, heldur hafi það verið Steintak hf. Stefnendur hafi fengið fullt verðmæti fyrir skuldabréfið, þ. e. íbúð að Klapparstíg 1, Reykjavík. Þau lofi að greiða skuldina skv. skuldabréfinu og eigi að bera áhættuna af því, að lán frá húsnæðisstofnun hafi ekki gengið til greiðslu á því.

Þá kveðst stefndi vilja lýsa öðrum skilningi en stefnendur á ákvæði í skuldabréfinu um veðleyfi og ráðstöfun láns. Veðleyfið sé sett til hagsbóta fyrir stefnendur gegn því, að þau greiði skuldina skv. skuldabréfinu á þar til greindan hátt. Það sé greinilega á þeirra áhættu, að lánið frá húsnæðisstjórn gangi til greiðslu á skuldabréfinu. Gangi það ekki upp í skuldabréfið, standi eftir óhögguð skuldbinding stefnenda um að greiða skuldina.

Stefndi telur, að skýra beri þröngt 36. gr. samningalaga. Hún sé undantekningarákvæði frá því grundvallaratriði, að mönnum sé frjálst að semja eins og þeir óska og að þeim beri skylda til að standa við það, sem þeir semji um.

Stefndi kveður, að 31. 8. 1990 hafi verið greiddar 2.246.410 kr. inn á reikning Steintaks hf. nr. 359. Þetta sé sama fjárhæð og húsnæðisstofnun hafi greitt inn á reikning 514-26-000659 (reikningsnúmer eigi væntanlega að vera 000359). Íslandsbanki hf. hafi ekki fengið þessa fjárhæð greidda, heldur Steintak hf., og kveðst stefndi telja, að þar af leiðandi sé málið höfðað gegn röngum aðila. Stefndi hafi ekki heldur tekið á sig neina skyldu til að sjá til þess, að umrætt lán frá húsnæðisstjórn gengi upp í skuldabréfið, enda hafi hann enga möguleika haft til þess að annast slíkt.

IV.

Stefndi krefst sýknu vegna aðildarskorts, þar sem hann hafi ekki sjálfur fengið greiddar þær 2.246.410 kr., sem veðdeild Landsbanka Íslands greiddi vegna Byggingarsjóðs ríkisins inn á reikning 514-26-000659 31. ágúst 1990, heldur hafi viðtakandi greiðslunnar verið Steintak hf.

Viðskiptasamband aðila er samkvæmt veðskuldabréfi því, sem greiða átti með hinni umdeildu fjárhæð, þar sem stefndi var eigandi þess, en stefnendur greiðendur. Ljóst er, að stefnendur hafa tvígreitt skuld samkvæmt greindu veðskuldabréfi. Deila aðila snýst um það, hvort meðhöndlun stefnda á húsnæðisláni stefnenda sé orsök þess, að hún gekk ekki til

greiðslu á greindu skuldabréfi, hvort stefndi hafi verið í góðri trú eða ekki og hvort aðgerðir hans samrýmist meginreglum laga um heiðarleika í viðskiptum. Stefnendur þykja geta beint kröfu sinni vegna þessa að stefnda, og er því ekki fallist á þá málsástæðu hans, að sýkna beri vegna aðildarskorts.

Upplýst er, að greiðslan er send frá veðdeild Landsbanka Íslands um Reiknistofnun bankanna til stefnda, Íslandsbanka hf., og er merkt kennitölu stefnanda Ólafs Jónssonar til greiðslu inn á reikning 659 í banka 514 sem er stefndi. Einnig er upplýst, að reiknistofnun sendir stefnda dagfærslulista, þar sem fram koma athugasemdir, ef einhverjar eru við færslu. Sé til dæmis kennitala seljanda skuldabréfs, í þessu tilviki stefnanda Ólafs, ekki hin sama og kennitala eiganda þess reiknings, sem greiðsla er lögð inn á, kemur athugasemdin „NAST" við færsluna. Ætla verður, að slík athugasemd hafi verið gerð við umrædda innborgun veðdeildar Landsbanka Íslands, þótt ekki hafi verið lagt fram skjal, sem sýni það. Hins vegar hefur verið lagt fram skjal, „aths. v/dagfærslulista", þar sem innborgunin birtist með athugasemdinni „RNUM", sem þýðir, að reikningsnúmer sé rangt, og upplýsir, að greiðslan stöðvist á skekkjureikningi. Færslan er á þessu skjali merkt kennitölu stefnanda Ólafs Jónssonar, 110364-3349. Greiðslan er síðan af starfsmanni bankans lögð inn á reikning Steintaks hf. nr. 0514-26-000359 með kennitölu 690482-1189 3. september 1990, samkvæmt innborgunarseðli og reikningsyfirliti, dagsettum sama dag. Þá er skuld á reikningi Steintaks hf. vegna yfirdráttar umfram heimild 2.788.501,10 kr. Þegar greiðsla veðdeildarinnar hefur verið færð á reikninginn, eru bókaðar inn fjölmargar innstæðulausar ávísanir ásamt áföllnum kostnaði vegna hverrar fyrir sig. Hin fyrri greiðsla húsnæðisláns stefnenda gengur þannig til greiðslu skuldar Steintaks hf. við stefnda.

Ekki hefur annað komið fram en sú ákvörðun að færa greiðsluna af skekkjureikningi inn á reikning 000359 sé tekin af starfsmanni stefnda án samráðs við forsvarsmann Steintaks hf. og án samráðs við Ólaf Jónsson, sem samkvæmt kennitölu átti að fá greiðsluna. Og ekkert virðist tengja greiðsluna við Steintak hf., þegar hún berst stefnda, annað en líkt reikningsnúmer. Stefndi hefur upplýst, að reikningsnúmerið 000659 sé ekki í notkun. Ósannað er, að stefndi hafi leitað um það upplýsinga hjá veðdeildinni, hvert reikningsnúmerið hefði átt að vera. Það telst því vera starfsmaður stefnda, sem ráðstafar fénu til greiðslu yfirdráttar Steintaks hf.

Ekki er fallist á þá röksemd stefnda, að hann hafi ekki vitað neitt um þessa innborgun frá húsnæðisstofnun inn á reikning Steintaks hf., né það sjónarmið, sem fram kom fyrir dómi hjá forsvarsmanni stefnda, að fjöldi viðskiptavina bankans eða umfang starfsemi hans leiddi til grandleysis

stefnda. Eins og að ofan er lýst, fékk stefndi senda dagfærslulista, þar sem innborgunin er tilgreind, og auk þess var innborgunin merkt með skekkju og fékk sérstaka meðhöndlun í bankanum vegna þess. Stefndi verður því að teljast hafa vitað um innborgunina. Umfang starfsemi stefnda, sem er fólgin í varðveislu og meðferð almannafjár, þykir frekar auka ábyrgð hans og grandsemi.

Hinn 21. janúar 1990 kaupir stefndi ofanlýst veðskuldabréf af Steintaki hf. Á skuldabréfið er þá skráð, að andvirði húsnæðisláns til útgefenda bréfsins, stefnenda, skuli renna til uppgreiðslu veðskuldabréfsins. Af þessu vissi stefndi eða mátti vita, að greiða átti skuldabréfið með húsnæðisláni til stefnenda. Enn fremur stendur á bréfinu, að skuldari hafi ávísað láni húsnæðisstofnunar í þessum tilgangi. Stefndi vissi því eða mátti vita, að láninu var ávísað á Steintak hf. og myndi greitt Steintaki hf., sem var í viðskiptum hjá stefnda. Steintak hf. hafði samkvæmt því, sem fram kom fyrir dóminum, selt bankanum fleiri slík bréf. Þykir ekki skipta máli, hvort ávísunin sjálf fylgdi með, er bankinn keypti bréfið af Steintaki hf., þar sem á henni stendur, að hún verði ekki framseld. Bent hefur verið á, að komið var fram yfir gjalddaga bréfsins og stefndi hlaut því að bíða eftir greiðslu þess. Þykir vegna þessa hafa mátt ætlast til þess af stefnda, að hann sýndi sérstaka varkárni við meðferð ofangreindrar innborgunar. Rétt þykir að líta til þess, að vegna hins mikla yfirdráttar á reikningnum gat Steintak hf. ekki ráðstafað fénu án samþykkis bankans, eftir að það var komið inn á reikninginn.

Viðskipti þessi fóru fram í útibúi Íslandsbanka í Lækjargötu. Útibússtjóra, Jafet Ólafssyni, og forsvarsmanni Steintaks hf., Vigni Benediktssyni, ber ekki saman um, hvort farið var fram á það við bankann, að greiðslan yrði bakfærð. Hélt Vignir Benediktsson því fram fyrir dóminum, að hann hefði farið fram á leiðréttingu, strax og honum urðu mistökin kunn, en útibússtjórinn, Jafet Ólafsson, kannaðist ekki við slíka beiðni og taldi jafnframt, að bankanum hefði ekki verið heimilt að leiðrétta hina röngu færslu á reikning Steintaks hf. Þegar útibússtjórinn kom síðar aftur fyrir dóminn, dró hann úr þessari fullyrðingu og taldi, að of langur tími hefði verið liðinn, til að leiðrétting væri möguleg. Það er hins vegar upplýst, að stefndi hafnaði skuldabréfum, er Vignir Benediktsson vildi nota til þess að leysa málið með.

Það er niðurstaða dómsins, að stefndi geti ekki vegna ákvæða veðskuldabréfsins og sérþekkingar sinnar og aðstöðu talist hafa verið grandlaus um það, að umdeild greiðsla veðdeildar Landsbanka Íslands til starfsstofu hans í Lækjargötu hafi átt að ganga til greiðslu skuldabréfs í eigu hans, sem stefnendur voru útgefendur að. Hann þykir verða að bera ábyrgð á með-

ferð greiðslunnar, eftir að hún kom til starfsstofu hans, eins og henni var háttað. Stefndi vissi eða mátti vita um bága fjárhagsstöðu Steintaks hf. af stöðu reiknings þess fyrirtækis hjá stefnda.

Vegna þess, sem hér að framan hefur verið rakið, og vegna sérstöðu stefnda, þykir hann ekki hafa gætt þeirrar sanngirni og heiðarleika, sem af honum verður krafist við meðferð ofangreinds fyrri hluta húsnæðisláns stefnenda og er hann lét fara fram innheimtu á skuldabréfi því, sem greiðsla húsnæðisstofnunar átti að ganga til lúkningar á. Þykir sú innheimta hafa verið andstæð góðri viðskiptavenju og brjóta í bág við þá meginreglu laga, sem fram kemur í 33. gr. og 36. gr. laga nr. 7/1936, sbr. breytingalög nr. 11/1986 um, að gæta beri heiðarleika og sanngirni í viðskiptum.

Með vísan til framangreindra raka eru kröfur stefnenda teknar til greina að fullu.

Málskostnaður ákveðst 450.000 kr., og hefur þá verið tekið mið af virðisaukaskatti á málflutningsþóknun.

Dóminn kvað upp Hjördís Hákonardóttir héraðsdómari.

Dómsorð:

Stefndi, Íslandsbanki hf., útibú Lækjargötu 12, greiði stefnendum, Ólafi Jónssyni og Kristínu Eysteinsdóttur, 2.246.410 kr. með dráttarvöxtum skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá 31. 8. 1990 til greiðsludags, og bætist dráttarvextir við höfuðstól í fyrsta skipti 31. 8. 1991.

Stefndi greiði stefnendum 450.000 kr. í málskostnað, og beri málskostnaðarfjárhæð án virðisaukaskatts dráttarvexti skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Fimmtudaginn 23. febrúar 1995.

Nr. 372/1992. **Egmont Film A/S**
(Sigurður Georgsson hrl.)
gegn
Laugarásbíói
(Hákon Árnason hrl.)

Samningar. Einkaréttindi. Févíti. Aðild. Fyrning.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 24. september 1992. Hann krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 421.500 danskar krónur með tilgreindum dráttarvöxtum frá 3. febrúar 1986 til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Málavöxtum er lýst í héraðsdómi. Eins og þar greinir, fékk stefndi með samningi við hlutafélagið Panorama Film í Danmörku 15. september 1982 „einkarétt til allra myndbandaréttinda Panorama til útleigu myndbandaspóla ... á Íslandi". Stefndi fékk frummyndbönd frá félaginu og hafði heimild til að fjölfalda hvert þeirra í allt að 40 eintökum. Fast leyfisgjald fyrir hverja frumgerð myndar var 600 Bandaríkjadalir. Leyfistími hvers myndbands var tvö ár og þrír mánuðir, og skyldi stefndi skila frummyndböndunum að þeim tíma liðnum. Þá átti stefndi og að sjá til þess samkvæmt 7. gr. samningsins, að öllum útleigðum myndböndum yrði skilað til hans, og myndi Panorama Film tilkynna honum, hvort þau ætti að ónýta. Í því tilviki átti stefndi að senda viðsemjanda sínum yfirlýsingu um eyðinguna, sem staðfest væri af opinberu stjórnvaldi. Þá átti stefndi að sækja bætur samkvæmt 13. gr. úr hendi leigutaka sinna vegna þeirra myndbanda, sem ekki væri skilað, og skyldi hann senda Panorama

Film þær að frádregnu 25% umönnunargjaldi. Í 13. gr. var kveðið á um fjárhæð bóta fyrir hvert glatað myndband. Réðst hún af því annars vegar, hvort myndbandi hefði verið skilað skemmdu, og hins vegar, hvort hvarf myndbandsins hefði verið kært til lögreglu, en um slíka kæru átti Panorama Film þá að setja fram ósk. Bótafjárhæðin var 250 danskar krónur fyrir hvert myndband í þessum tilvikum, en 500 danskar krónur, ef hvarf myndbands var ekki kært.

II.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lögð útskrift frá Erhvervs- og Selskabsstyrelsen, sem starfar á vegum iðnaðarráðuneytisins í Kaupmannahöfn, þar sem fram koma ýtarlegri upplýsingar um firmaskráningu áfrýjanda en fyrir lágu í héraði. Þar greinir frá því, að hlutafélagið Panorama Film var stofnað 26. júní 1967. Nafni þess var breytt árið 1988 í Egmont Film A/S, nafn áfrýjanda. Af skráningarskjölum verður ekki séð, að önnur breyting hafi þá eða síðar orðið á lögteiknum hins upphaflega félags. Áfrýjandi hefur í útskriftinni sama skráningarnúmer og Panorama Film hafði. Undir núverandi heiti áfrýjanda er jafnframt vísað til stofndagsins 1967. Er áfrýjandi réttur aðili þessa máls.

III.

Aðilar eru sammála um, að samningsbundinn réttur stefnda til útleigu þeirra myndbanda, sem hann veitti viðtöku frá áfrýjanda, hafi að fullu verið á enda runninn 1. júní 1985. Með símbréfi 9. september sama ár gerði áfrýjandi stefnda tilboð um eins árs framlengingu heimildar til útleigu myndbanda gegn viðbótargjaldi. Í tilboðinu var sagt, að óskaði stefndi ekki að gera nýjan samning, myndi áfrýjandi „fara eftir samningnum frá 15. september 1982, 7. gr. og 13. gr.“. Stefndi hafnaði þessu tilboði með bréfi 24. september 1985. Þar fór hann þess jafnframt á leit við áfrýjanda, að hann félli frá kröfum sínum á grundvelli hinna tilvitnuðu samningsákvæða. Ekki gekk saman með aðilum, og var mál þetta höfðað með birtingu stefnu 6. september 1989.

Hinn umdeildi samningur er í eðli sínu leigusamningur um réttindi, og aðalkrafa áfrýjanda samkvæmt honum er um tiltekið leyfisgjald fyrir hverja frumgerð myndar. Kröfur áfrýjanda í þessu máli

eru samningsbundnar bóta- og févítiskröfur. Þær fyrnast á fjórum árum eins og aðalkrafan um leyfisgjald, sbr. 1. tl. 3. gr. laga nr. 14/1905 um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda. Í framangreindu bréfi stefnda til áfrýjanda 24. september 1985 fólst tvímælalaus viðurkenning á tilvist févítiskröfunnar. Þar sem mál þetta var höfðað innan fjögurra ára frá dagsetningu þessa bréfs, eru kröfur áfrýjanda eigi fyrndar.

IV.

Í umræddum samningi var ekki gert ráð fyrir því, að stefndi skilaði áfrýjanda öðrum myndböndum en frumgerðinni. Er ekki ágreiningur um, að það hafi hann jafnan gert. Þá er óumdeilt, að stefndi átti sjálfur þær spólur, sem fjölfaldað var á. Samningsákvæði um skil leigutaka á myndböndum til stefnda sjálfs verður að skilja svo, að með þeim hafi átt að tryggja það, að myndböndin væru ekki í útleigu eða annarri umferð eftir lok leyfistímans. Í fram lögðum yfirlýsingum Bergvíkur sf. og Texta hf. frá árinu 1986 segir, að á 777 eintök myndbanda með efni frá áfrýjanda hafi verið endurfaldað fyrir stefnda annað efni á árinu 1985, en áfrýjandi gerir kröfu til bóta vegna 823 myndbanda. Ekki er fram komið, að hvarf þeirra hafi verið kært til lögreglu. Fyrirsvarsmenn þessara félaga staðfestu yfirlýsingar sínar fyrir dómi, en gátu ekki gefið nákvæmar upplýsingar um myndböndin. Stefndi hefur ekki lagt fram skrá um þau myndbönd með efni frá áfrýjanda, sem hann lét endurfalda yfir. Gegn neitun áfrýjanda er ósannað, að um hafi verið að ræða þau myndbönd frá honum, er samningur aðila frá 1982 tók til. Þá hefur stefndi ekki með öðrum hætti sýnt fram á, að hann hafi heimt hin umdeildu myndbönd frá leigutökum þeirra.

Samkvæmt framansögðu þykir áfrýjandi eiga rétt til fégreiðslu úr hendi stefnda á grundvelli samningsins frá 15. september 1982. Við ákvörðun hennar verður að líta til þess, að langur tími er liðinn frá því, að skiptum aðila lauk. Ótvírætt er, að verðgildi myndbandanna til útleigu á myndbandamarkaði hér á landi er nú allt annað og minna en það var á gildistíma samningsins og fráleitt í nokkru samræmi við févítisákvæði hans. Áfrýjandi hefur ekki heldur sýnt fram á, að hann hafi orðið fyrir nokkru tjóni vegna háttsemi stefnda. Þá þykir og rétt að hafa í huga, að samkvæmt 7. gr. samningsins átti

áfrýjandi aldrei að fá óskertar bætur, sem innheimtar yrðu, heldur skyldi stefndi halda fjórðungi þeirra vegna svonefndrar umönnunar. Það er því bersýnilega ósanngjarnt að beita févítisákvæði samningsins óskorað. Með hliðsjón af 35. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, eins og hún var við samningsgerð aðila, og núgildandi 36. gr. laganna, sbr. lög nr. 11/1986, þykir hæfilegt, að stefndi gjaldi áfrýjanda 82.300 danskar krónur. Skal sú fjárhæð bera meðaltalsvexti á innlendum gjaldeyrisreikningum í dönskum krónum og dráttarvexti, eins og nánar greinir í dómsorði.

Rétt þykir, að stefndi greiði áfrýjanda 300.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Stefndi, Laugarásbíó, greiði áfrýjanda, Egmont Film A/S, 82.300 danskar krónur með eftirgreindum ársvöxtum: 8,8% frá 3. febrúar 1986 til 21. sama mánaðar, 8,7% frá þeim degi til 1. mars sama ár, 8% frá þeim degi til 11. sama mánaðar, 7,6% frá þeim degi til 1. apríl sama ár, 7,3% frá þeim degi til 11. sama mánaðar, 7,1% frá þeim degi til 21. maí sama ár, 7% frá þeim degi til 1. júní sama ár, 6,7% frá þeim degi til 11. júlí sama ár, 6,6% frá þeim degi til 1. ágúst sama ár, 7,1% frá þeim degi til 1. september sama ár, 7,3% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 7,6% frá þeim degi til 1. október sama ár, 8,2% frá þeim degi til 11. sama mánaðar, 8,4% frá þeim degi til 1. nóvember sama ár, 8,5% frá þeim degi til 1. desember sama ár, 8,6% frá þeim degi til 11. sama mánaðar, 8,7% frá þeim degi til 11. janúar 1987, 8,6% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 9% frá þeim degi til 1. febrúar sama ár, 9,1% frá þeim degi til 11. sama mánaðar, 9,2% frá þeim degi til 1. mars sama ár, 9,3% frá þeim degi til 11. sama mánaðar, 9,5% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 9,6% frá þeim degi til 11. apríl sama ár, 9,7% frá þeim degi til 1. maí sama ár, 9,6% frá þeim degi til 11. sama mánaðar, 9,4% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 9,2% frá

þeim degi til 21. júní sama ár, 8,9% frá þeim degi til 1. júlí sama ár, 8,7% frá þeim degi til 11. sama mánaðar, 8,6% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 8,7% frá þeim degi til 1. ágúst sama ár, 8,8% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 9,4% frá þeim degi til 21. september sama ár, 9,3% frá þeim degi til 1. október sama ár, 9,1% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 8,8% frá þeim degi til 21. nóvember sama ár, 8,9% frá þeim degi til 21. desember sama ár, 8,8% frá þeim degi til 21. janúar 1988, 8,1% frá þeim degi til 21. febrúar sama ár, 8% frá þeim degi til 21. apríl sama ár, 8,3% frá þeim degi til 21. maí sama ár, 8,4% frá þeim degi til 21. júní sama ár, 7,8% frá þeim degi til 21. ágúst sama ár, 7,7% frá þeim degi til 21. október sama ár, 7,2% frá þeim degi til 21. nóvember sama ár, 7,1% frá þeim degi til 21. desember sama ár, 7% frá þeim degi til 21. janúar 1989, 6,9% frá þeim degi til 21. apríl sama ár, 7,2% frá þeim degi til 21. maí sama ár, 7,8% frá þeim degi til 21. júní sama ár, 8,2% frá þeim degi til 21. ágúst sama ár og 8,1% frá þeim degi til þingfestingardags 12. september 1989, en með dráttarvöxtum samkvæmt 11. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Heimilt er að leggja vexti við höfuðstól, í fyrsta skipti 12. september 1990.

Stefndi greiði áfrýjanda 300.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 25. júní 1992.

Mál þetta, sem dómtekið var 29. maí sl., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 6. september 1989, af Egmont Film A/S, Dorthevej 71, Kaupmannahöfn, Danmörku, gegn Laugarásbíói, kt. 420269-1539, Hrafnistu, Brúnavegi.

Dómkröfur.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda danskar krónur 411.500 með [nánar tilgreindum vöxtum svo og málskostnað].

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda

og honum dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda, sem beri dráttarvexti samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Málavextir.

Stefnandi lýsir málavöxtum svo, að með samningi, dags. 15. september 1982, hafi stefnandi látið stefnda í té einkarétt á öllum myndbandaréttindum stefnanda til útleigu á íslensku yfirráðasvæði. Samkvæmt 4. gr. samningsins hafi réttur stefnda til útleigu verið miðaður við tvö ár og þrjá mánuði frá eindaga greiðslu fyrir hvert myndband, sbr. 3. gr. samningsins.

Samkvæmt 7. gr. samningsins hafi stefnda borið, er leyfi hvers myndbands rann út, að sjá til þess, að öllum myndböndum væri skilað til stefnanda. Væri myndbandi ekki skilað til stefnanda, skyldi greiða honum skaðabætur. Samkvæmt 13. gr. samningsins séu skaðabætur fyrir horfin myndbönd, sem ekki hafi verið kærð stolin, ákveðnar Dkr. 500,00 fyrir hvert myndband. Fyrir myndbönd, sem kærð hafi verið stolin, eða skemmd myndbönd, sem skilað er, skuli greiða Dkr. 250,00 sem eingreiðslu.

Samkvæmt 17. gr. samningsins skyldi ágreiningur, ef upp kæmi, lagður í gerð og endanlega og á bindandi hátt útkljáður með gerðardómi.

Stefnandi hafi sent stefnda myndbönd til útleigu á samningstímabilinu. Með telexskeyti, dags. 9. september 1985, hafi stefnandi tilkynnt stefnda, að hann gæti boðið framlengingu á 48 titlum í eitt ár til viðbótar gegn greiðslu USD 300 fyrir hvern titil. Samkvæmt tilboðinu hafi stefndi átt þess kost að halda myndböndunum eftir lok leyfistímans. Tilboðið hafi staðið í 14 daga, og í því hafi einnig verið ákvæði þess efnis, að sæi stefndi sér ekki fært að gera nýjan samning, yrðu skil myndbandanna gerð upp með hliðsjón af 7. gr. og 13. gr. samnings aðila, dags. 15. september 1982. Stefndi hafi ekki fallist á tilboð stefnanda, og hafi stefnandi þá með bréfi, dags. 1. október 1985, tilkynnt stefnda, að samkvæmt gildandi samningi ætti hann að skila myndböndunum, en að öðrum kosti yrði hann krafinn um bætur, eins og greini í samningnum.

Með bréfi, dags. 4. desember 1985, hafi stefnandi tilkynnt stefnda, að 1169 myndbönd vantaði upp á, að stefndi hefði skilað öllum myndböndunum, er fengin voru á leigu. Stefndi hafi skilað 379 myndböndum, og auk þess hafi 346 myndbönd verið eyðilögð af upphaflega leigðum 1548 myndböndum. Vanti því enn 823 myndbönd á, að stefndi hafi efnt skilaskyldu sína við stefnanda.

Hinn 3. janúar 1986 hafi stefnandi gert stefnda reikning fyrir 1169 myndbönd, en sá reikningur hafi nú verið lækkaður í andvirði 823 myndbanda, Dkr. 411.500, sem eru stefnufjárhæð máls þessa.

Með bréfi, dags. 31. janúar 1986, hafi Sören Lund Rasmussen lögmaður vegna lögfræðifirma Ole Olsen tekið kröfu stefnanda til innheimtu. Þegar hér var komið sögu, hafi bréfaskipti hafist milli lögmanns stefnda, Gunnars Guðmundssonar hdl., og hins danska lögmanns stefnanda, þar sem stefndi hafði gert kröfu um, að gerðardómur skæri úr ágreiningi aðila, svo sem ráð sé fyrir gert í 17. gr. samningsins.

Stefndi hafi leitað til lögfræðifirmans Viltoft og Høberg-Petersen sér til fulltingis við gerðardómsmeðferðina, en þeim viðskiptum hafi lokið svo, að Bjørn Høberg-Petersen hafi sagt upp viðskiptum við stefnda og lögmann hans. Stefndi hafi ekki fullnægt því skilyrði samningsins að tilnefna mann í gerðardóm, og þess vegna hafi gerðardómur aldrei orðið starfshæfur. Stefnandi hafi á hinn bóginn gengið frá sínum málatilbúnaði. Eftir enn ítrekaðar árangurslausar tilraunir stefnanda til þess að fá stefnda til þess að efna sinn hluta samningsins hafi hinn danski lögmaður leitað til lögmanns stefnanda og falið honum málið.

– – –

Niðurstaða.

Af hálfu stefnda var í greinargerð gerð krafa um frávísun máls þessa. Var sú krafa m. a. studd því, að samningar væru allir á milli Laugarásbíós og Panorama Film A/S og að í sóknargögnum væri enga lýsingu að finna á stöðu stefnanda, Egmont Film A/S, í þessu máli eða um það, hvernig stefnandi hefði öðlast þau réttindi, sem um er krafið í málinu.

Í þinghaldi 28. mars 1990 féll stefndi frá kröfu sinni um frávísun málsins, en ekki verður litið svo á, að stefndi hafi þar með fallið frá fyrrgreindri málsástæðu, enda var að henni vikið í munnlegum málflutningi til stuðnings sýknukröfu og á það bent, að fram lögð gögn skýri ekki breytta aðild að umstefndri kröfu. Þá leiða varnir studdar aðildarskorti til sýknu, ef þær metast á rökum reistar, sbr. 2. mgr. 45. gr. laga nr. 85/1936.

Samkvæmt fram lögðu endurriti úr bæjarþingsbók Kaupmannahafnar kom þar fyrir dóm vitnið Johnny Johansen og lýsti yfir, að hann hefði verið framkvæmdastjóri í Panorama Film A/S frá því í maí 1982 fram til ágúst 1987. Fyrst í stað hefði hann verið forstjóri vídeófyrirtækis, en síðan orðið framkvæmdastjóri í Panorama Film í ágúst 1984. Bar hann, að fyrirtækið hefði verið í eigu Just Betzer þangað til í maí 1985, en þá hefði hann selt það norsku fyrirtæki, sem síðan hefði runnið saman við annað norskt fyrirtæki og síðan verið selt til Egmont Film A/S, sem sé hluti af Gutenberghussamstæðunni.

Þá bar vitnið Mogens Betzer fyrrverandi starfsmaður Panorama Film, m. a. fyrir dómi, að fyrirtækið hefði upphaflega verið eign bróður síns.

Staðfesti hann, að hann ætti sjálfur ekki neinn hluta í hinni umdeildu kröfu. Hún væri eingöngu eign félagsins (nú Egmont Film A/S).

Samningur sá, sem stefnandi reisir á kröfur sínar í málinu, var gerður 15. september 1982 milli A/S Panorama Film og Laugarásbíós. Samkvæmt fyrrgreindum vitnisburði var Panorama A/S í eigu tveggja aðila, áður en stefnandi keypti fyrirtækið. Af gögnum máls og framburði vitna verður ekki ráðið, að stefnandi hafi tekið við réttindum og skyldum Panorama Film A/S eða að umdeild krafa hafi verið framseld stefnanda.

Gegn andmælum stefnda þykir stefnandi því ekki hafa sýnt fram á, að hann sé réttur aðili máls þessa, og ber því þegar af þeim sökum að sýkna stefnda af kröfum stefnanda.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber stefnanda að greiða stefnda málskostnað, sem ákveðst 400.000 kr.

Kristjana Jónsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Laugarásbíó, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Egmont Film A/S.

Stefnandi, Egmont Film A/S, greiði stefnda, Laugarásbíói, 400.000 kr. í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 23. febrúar 1995.

Nr. 246/1994. **M**

(Kjartan Ragnars hrl.)

gegn

K

(Sigurmar K. Albertsson hrl.)

Börn. Forsjá. Hjón.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. maí 1994. Hann krefst þess, að sér verði falin forsjá Agnesar, dóttur sinnar og stefndu, sem fædd er 21. ágúst 1991. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafvarnarmál, en stefnda fékk gjafvörn fyrir réttinum með bréfi dómsmálaráðuneytis 5. desember 1994.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn. Meðal þeirra er skýrsla Þorgeirs Magnússonar sálfræðings um hagi, líðan og þroska barnsins frá 14. febrúar sl.

Aðilar gengu í hjónaband 26. maí 1989. Meðan hjónaband þeirra stóð, bar stefnda nafnið X C S. Hún fékk íslenskt ríkisfang 14. janúar 1994 og ber nú nafnið K. Stefnda krafðist skilnaðar að borði og sæng 27. febrúar 1992, og hafa deilur aðila um forræði barnsins staðið síðan. Þau gerðu um það samkomulag 4. maí 1992, að konan skyldi hafa forsjá barnsins, meðan á forsjárdeilu þeirra stæði, og um umgengnisrétt föðurins við barnið á þeim tíma. Engu að síður var það með föður sínum mikinn hluta þess tíma, sem málið var til meðferðar í héraðsdómi, og allt þar til það var tekið þaðan með aðför 31. maí 1994. Aðila greinir á um það, hvers vegna barnið dvaldist hjá föður sínum á þessum tíma. Lögskilnaðarleyfi var gefið út 7. október 1994.

Á fundi Barnaverndarnefndar Reykjavíkur 28. apríl 1993 var

mælt með því, að móðurinni væri falin forsjá barnsins, þó þannig, að tryggt væri, að það nyti eðlilegrar umgengni við föður. Áður en nefndin lét í ljós þetta álit sitt, höfðu félagsráðgjafar Félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar kannað ýtarlega hagi aðila og barnsins. Var það álit barnaverndarnefndar á grundvelli þessarar könnunar, að foreldrarnir væru báðir hæfir til þess að fara með forsjána og að barnið ætti rétt á að njóta beggja foreldra sinna. Skýrsla Gylfa Ásmundssonar sálfræðings, sem aflað var að frumkvæði formanns héraðsdómsins, hnígur í sömu átt.

Samkvæmt 2. mgr. 34. gr. barnalaga nr. 20/1992 skal skera úr ágreiningi um forsjá barns samkvæmt eftirfarandi grunnreglu:

„Dómstóll eða dómsmálaráðuneytið kveða í úrlausnum sínum á um hjá hvoru foreldri forsjá barns verði eftir því sem barni er fyrir bestu. Eigi verður mælt fyrir um sameiginlega forsjá barns, nema foreldrar séu sammála um þá skipan. ... "

Aðilar hafa ekki komið sér saman um sameiginlega forsjá, og verður að meta, hvað er barninu fyrir bestu. Það er niðurstaða héraðsdóms, sem skipaður var sérfróðum meðdómendum, að með tilliti til framtíðar virðist það henta best hag barnsins að fela stefndu forsjá þess. Reisir dómurinn álit sitt aðallega á aldursmun aðila og heilsufari. Faðirinn sé fæddur 1932, en móðirin 1949 og sé því til muna yngri. Áfrýjandi sé 100% öryrki, og ekki sé búist við bata, en stefnda sé við eðlilega heilsu og vinnugetu. Þá skipti máli ungur aldur barnsins og kyn þess.

Hér fyrir dómi mótmælir áfrýjandi þessum niðurstöðum héraðsdóms á þann veg, að hann geti unnið heimilisstörf og annast barnið, þótt hann sé 100% öryrki til þeirra starfa, sem hann hafi stundað. Hefur hann lagt fram vottorð Helga Guðbergssonar yfirlæknis, sérfræðings í atvinnulækningum, þessu til sönnunar. Þá hefur hann beint því til héraðsdóms, að aflað verði gagna um hagi, líðan og þroska barnsins. Að tilstuðlan héraðsdóms tók Þorgeir Magnússon sálfræðingur að sér að kanna þessi atriði. Áfrýjandi hefur lagt skýrslu sálfræðingsins fyrir Hæstarétt, eins og að framan greinir, og leggur mikla áherslu á niðurstöðu hans. Ályktun sálfræðingsins er eftirfarandi:

„B er samkvæmt þessari athugun nokkuð eðlilega þroskuð þriggja og hálfs árs gömul telpa sem alist hefur upp á talsverðum

flækingi milli foreldra sinna. Ekki verður betur séð en að hún búi við hlýlegt atlæti hjá móður sinni. Það ber á seinkuðum málþroska hjá stúlkunni sem beinast liggur við að rekja megi til lítillar kunnáttu móðurinnar í íslensku. Í því sambandi er áhyggjuefni að þótt þær mæðgur séu nánar eiga þær ekki sameiginlegt tungumál sem báðar hafa fullt vald á. Hafa þarf í huga að skipist forsjáin móður í hag þurfa tengslin við hana að verða barninu ein helsta þroskauppsprettan í framtíðinni. Notkun tungumálsins er þar eitt lykilatriðið. Ef ekki verður þarna breyting á til batnaðar er viss hætta á að hinum ófullkomnu tjáskiptum mæðgnanna fylgi seinkun í þróun tengslahátta, tilfinningalífs og vitsmuna hjá B.

Til að hindra slíkt virðist nauðsynlegt að rjúfa félagslega einangrun K, yfirvinna tortryggni hennar og ótta og hraða aðlögun að íslenskum staðháttum og málsamfélagi. B þarf að komast aftur á góðan leikskóla þar sem fagfólk getur haldið áfram að fylgjast með og koma til móts við þarfir hennar.

Fram kemur að í báðum þessum greinum er Félagsmálastofnun með ýmsum ráðum reiðubúin að koma til skjalanna. Námsgetu K og aðlögunarhæfni eru nokkrar skorður settar samkvæmt fyrirliggjandi sálfræðiathugun á henni og ljóst að gott traust þarf að skapast ef aðstoð við hana á að skila sér. Það er þó mat undirritaðs að hægt sé að búa svo um hnútana að B geti búið við þroskavænlegar aðstæður hjá móður sinni í framtíðinni."

Fallast ber á það með áfrýjanda, að mikilvægt sé, að barnið taki út málþroska og hafi tækifæri til að aðlagast íslensku samfélagi. Sú aðstaða, að móðirin er af erlendu bergi brotin og hefur ekki fullt vald á íslenskri tungu, getur þó ekki ráðið úrslitum í málinu. Íslendingum er skylt að virða rétt þeirra, sem hingað flytjast, og barnið á rétt á því að fá að njóta þess menningarumhverfis, sem báðir foreldrar geta boðið upp á, eftir því sem aðstæður leyfa.

Samkvæmt framansögðu ber að fallast á það álit héraðsdóms, að ungur aldur telpunnar og aldurs- og heilsumunur foreldranna eigi að ráða því, að metið verði barninu fyrir bestu að vera hjá móður sinni. Það er þó mikilvægt með tilliti til hagsmuna barnsins, að umgengni föðurins við það verði komið í eðlilegt horf. Héraðsdómur er því staðfestur.

Rétt þykir, að hvor aðila beri sinn kostnað af máli þessu fyrir Hæstarétti.

Gjafvarnarkostnaður stefndu greiðist úr ríkissjóði, svo sem nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Gjafvarnarkostnaður stefndu, K, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun talsmanns hennar, Sigurmars Albertssonar hæstaréttarlögmanns, 200.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 18. maí 1994.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 20. apríl sl., er höfðað af M gegn K með stefnu, birtri 13. september 1993.

Kröfur stefnanda eru þær, að hann fái forsjá dóttur málsaðila, X, f. 21. ágúst 1991. Stefnandi hefur fengið gjafsókn í málinu, en hann gerir kröfu um, að gagnaðila verði gert að greiða málskostnað, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál. Fallið hefur verið frá kröfu stefnanda á hendur stefndu um greiðslu meðlags, sem fram kemur í stefnu.

Kröfur stefndu eru þær, að hún verði sýknuð af kröfu stefnanda um, að stefnanda verði falin forsjá stúlkunnar, og gerir stefnda sjálf kröfu um, að sér verði falin forsjá barnsins. Stefnda krefst sýknu af málskostnaðarkröfu stefnanda. Krefst hún málskostnaðar úr hendi stefnanda, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, en henni hefur einnig verið veitt gjafsókn í málinu.

Yfirlit málavaxta og ágreinings málsaðila.

Málsaðilar gengu í hjónaband 26. maí 1989. Nokkrum vikum áður hafði stefnda komið til landsins frá þáverandi ættlandi sínu, Filippseyjum. Þau höfðu kynnst með bréfaskriftum og hófu strax sambúð, er stefnda kom til Íslands. Þau eignuðust dóttur 21. ágúst 1991, og deila þau í máli þessu um forsjá hennar.

Fjölskyldan bjó [...] í Reykjavík. Stefnda fluttist af heimilinu í lok janúar 1992, og fór hún þá í Kvennaathvarfið. Hún var þá nýkomin frá Filippseyjum, en þar hafði hún verið í heimsókn hjá ættingjum í fimm vikur. Stúlkan var hjá föður sínum, á meðan stefnda var á Filippseyjum, en er stefnda fór í Kvennaathvarfið, hafði hún stúlkuna með sér. Stefnandi bjó áfram á heimilinu [...] og býr þar enn.

Samkvæmt greinargerð starfsmanns Kvennaathvarfsins, dags. 20. mars

sl., og framburði hans fyrir dóminum var stefnda mjög miður sín og hrædd, er hún kom þangað. Virtist hún hræðast hótanir stefnanda, m. a. um, að hann myndi taka barnið af henni. Hún bjó í Kvennaathvarfinu í rúma þrjá mánuði, en á þeim tíma hefði stefnandi í eitt skipti neitað að skila barninu úr helgarheimsókn, en úr því var leyst án frekari vandræða. Þá hefur einnig komið fram í frásögn starfsmanns Kvennaathvarfsins, að stefnda hafi verið natin við barnið og umhyggjusöm.

Stefnda fór á Mæðraheimilið í maí 1992, en fékk íbúð á vegum Félagsmálastofnunar í [...], og fluttist hún þangað í nóvember sama ár. Þaðan fluttist hún að [...], þar sem hún býr nú ásamt tveimur öðrum konum, sem einnig eru frá Filippseyjum.

Samkvæmt gögnum málsins dvaldist stúlkan, sem deilt er um í máli þessu, hjá stefnanda frá maí 1992, þar til stefnda fór aftur í Kvennaathvarfið í febrúar 1993. Hafði hún stúlkuna með sér þangað eins og áður. Í greinargerð starfsmanns Kvennaathvarfsins, sem áður er getið, kemur fram, að stefnda hafi leitað þangað vegna þess, að stefnandi hafi neitað að láta hana hafa barnið, en sett henni þau skilyrði, að hún fengi aðeins að sjá barnið á hans heimili. Í apríl eða maí 1993 fór stúlkan aftur til stefnanda, og hefur hún verið þar síðan. Stefnda heldur því fram, að stefnandi haldi stúlkunni hjá sér í óþökk stefndu, en stefnandi telur, að stefnda sjálf hafi komið stúlkunni fyrir hjá sér, og hafi stefnda hvorki vilja né getu til að annast hana, og því verði stúlkan að vera hjá sér.

Stefnda leitaði eftir skilnaði að borði og sæng í lok febrúar 1992. Er stefnandi mætti við fyrirtöku á málinu hjá yfirborgardómara 20. mars s. á., hafnaði hann skilnaðarkröfu stefndu, og var málinu vísað til dómsmálaráðuneytisins 6. apríl s. á. Ráðuneytið óskaði umsagnar Barnaverndarnefndar Reykjavíkur með bréfi, dags. 27. apríl 1992, og var málið afgreitt af hálfu nefndarinnar með bókun á fundi hennar 28. apríl 1993. Er í bókuninni mælt með því, að stefndu verði falin forsjá barnsins, þó þannig, að tryggt verði, að það njóti eðlilegrar umgengni við föður og að hið góða samband feðginanna haldist. Með bréfi lögmanns stefnanda, dags. 27. maí 1993, var ráðuneytinu tilkynnt, að stefnandi hefði í ljósi afstöðu barnaverndarnefndar í málinu fallið frá samþykki fyrir því, að ráðuneytið leysti úr forsjárdeilu málsaðila. Hefur stefnandi höfðað mál þetta til að fá úrlausn dómstólsins á forsjárdeilu málsaðila.

Umgengni stúlkunnar við móður sína síðastliðið ár hefur verið afar takmörkuð. Ber stefnandi því við, að móðirin hafi ekki verið heima, er stefnandi kom með stúlkuna til hennar. Lögmaður stefndu hefur bæði í þinghöldum í máli þessu og með bréfaskrifum til lögmanns stefnanda farið fram

á, að stefnandi leyfði stúlkunni að vera hjá móður sinni. Það hefur ekki borið árangur með þeim undantekningum, að stúlkan fékk að dveljast hjá móður sinni nokkrar klukkustundir á aðfangadag og aftur á jóladag samkvæmt samkomulagi, sem gert var með bókun í þingbók 21. desember sl. Einnig fékk stúlkan að koma í heimsókn til móður sinnar samkvæmt samkomulagi málsaðila og fyrir milligöngu lögmanna þeirra eina helgi í febrúar sl.

Málsástæður aðila og réttarheimildir, sem þeir miða við.

Stefnandi heldur því fram, að það hljóti að vera barninu fyrir bestu, að hann fari með forsjá þess. Vísar hann í því sambandi til barnalaga nr. 20/1992, einkum 34. og 35. gr. svo og ákvæða VIII. kafla laganna. Hann vísar til þess, að barnið hafi að mestu dvalist hjá sér frá samvistarslitum málsaðila. Hafi hann annast það einn og farið það vel úr hendi. Einnig hafi hann annast barnið einn þann tíma, er móðirin fór frá barninu þriggja mánaða gömlu og dvaldist á Filippseyjum um fimm vikna skeið. Gagnkvæm og góð tengsl hafi myndast milli þeirra feðginanna. Stefnda hafi hins vegar haft lítil samskipti við barnið þann tíma, enda hafi hún ekki leitað eftir þeim af neinni alvöru. Þá er því haldið fram af hálfu stefnanda, að hann dragi hæfni stefndu sem uppalanda mjög í efa. Hún hafi ekki alið sjálf upp tvö börn sín af fyrra hjónabandi. Hins vegar hafi stefnandi átt drjúgan þátt í uppeldi barna sinna af fyrri hjónaböndum, og hafi hann m. a. annast þrjú þeirra einn, er móðir þeirra var fjarverandi. Hafi þau öll komist vel til manns. Varðandi vanhæfni stefndu vísar stefnandi aðallega til greindarskorts hennar, ósannsögli og loks, að hún hafi litla sem enga íslenskukunnáttu, en það væri mjög bagalegt fyrir barnið, verði henni falin forsjá þess.

Stefnda heldur því fram, að það samræmist best högum og þörfum barnsins, að það verði í sinni forsjá, enda hafi barnaverndarnefnd mælt með þeirri skipan. Þá telur stefnda óæskilegt, að ungt stúlkubarn alist upp hjá svo fullorðnum föður, en stefnandi er nú 61 árs að aldri. Barnið væri aðeins tveggja ára og aldursmunur því verulegur á feðginunum. Er því haldið fram af hálfu stefndu, að almennt sé talið æskilegra í tilvikum, þar sem aldursmunur er mikill á foreldrum, að veita hinu yngra forsjána, þar eð líkur væru á því, að barnið njóti forsjárforeldrisins lengur. Auk þess væri stefnandi öryrki og ekki sterkur til heilsu, og því væri meira öryggi í því fólgið fyrir barnið, að stefndu yrði falin forsjá þess. Þá er af hálfu stefndu bent á, að hinn mikli aldursmunur stefnanda og barnsins geti leitt til afar erfiðra heimilisaðstæðna fyrir barnið. Stefnda telur, að barnið hafi meiri þörf fyrir sig en stefnanda vegna þess, hve ungt það er, en bæði aldur og kyn barnsins

leiði til, að högum barnsins væri betur borgið í höndum stefndu. Einnig telur hún, að sitt umhverfi væri fordómalausara gagnvart húðlit barnsins en umhverfi það, er stefnandi byði barninu upp á. Er vísað í því sambandi til greinargerðar Félagsmálastofnunar, sem unnin var á vegum barnaverndarnefndar vegna umsagnar í málinu, þar sem fram komi, að stefnandi hafi afar neikvæð viðhorf til stefndu vegna uppruna hennar. Telur stefnda hættu á því, að þau viðhorf sín muni hann yfirfæra á barnið. Loks vitnar stefnda til þess, að stefnandi hafi að meginstefnu til meinað sér umgengni við barnið, eftir að hann tók barnið til sín. Hafi hún einungis fengið að hitta barnið á þeim forsendum, sem stefnandi hafi sett sér einhliða. Hann hafi með því sýnt, að hann hafi ekki skilning á þörfum barnsins fyrir umgengni og samneyti við báða foreldra sína. Hins vegar hafi umgengni barnsins við föður sinn verið með eðlilegum hætti, í samræmi við samkomulag þeirra, á þeim tíma, er barnið dvaldist hjá móður sinni.

Af hálfu stefndu er vísað til barnalaga vegna forsjárkröfunnar, sérstaklega 2. mgr. 34. gr. laganna, en um málskostnaðarkröfu er vísað til 1. mgr. 130. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

Niðurstöður.

Ekki verður heldur fallist á, að stefnda sé vanhæfur uppalandi vegna greindarskorts. Útkomu úr greindarprófi ber að taka með nokkrum fyrirvara, enda getur árangur fólks á slíku prófi liðið verulega fyrir, ef próftaki talar ekki reiprennandi það mál, sem prófið er miðað við, einnig þó að prófatriði séu einkum verkleg. Mat sálfræðings, sem prófaði stefndu, er, að greind hennar sé á bilinu 79–85, sem er talsvert fyrir ofan hefðbundin mörk alvarlegrar greindarskerðingar eða þroskahömlunar. Til þess að greindarskortur væri tæk röksemd til að efast um hæfni stefndu til að ala upp börn, þyrfti slík greining að vera fyrir hendi. Þúsundir kvenna með hliðstæða greind og stefnda telst hafa ala nú upp börn sín hér á landi án nokkurs eftirlits eða athugasemda.

Ekki verður fallist á, að stefnandi hafi staðfest eða sannað, að ósannsögli eða óráðvendni stefndu hljóti að draga úr hæfni hennar sem uppalanda. Eins líklegt er, að þau tilvik, sem nefnd eru ósannsögli hennar til staðfestingar, hafi orðið vegna misskilnings og tungumálaörðugleika, eins og að um vísvitandi blekkingar sé að ræða. Eru þessi tilvik, eins og málið liggur fyrir, hvorki fleiri né alvarlegri en búast má við, að upp komi í deilumálum af þessu tagi. Um börn stefndu af fyrra hjónabandi hefur ekki heldur komið fram, að þau séu vanrækt eða illa haldin, svo að ekki verður stefnuleysi eða reikult ráð stefndu í uppeldismálum gert að úrslitaatriði á þeim grundvelli,

enda ekki ljóst, að samanburður á ferli hennar og stefnanda á þeim vettvangi hljóti að verða henni í óhag.

Þegar litið er til þess, sem liggur fyrir í málinu, verður ekki heldur unnt að líta svo á, að skortur á íslenskukunnáttu stefndu geti ráðið úrslitum í máli þessu. Ljóst þykir, að barnið myndi læra íslensku í samskiptum við aðra, sem tala málið, svo sem önnur börn, fóstrur, kennara o. fl. Ekki er óvenjulegt, að börn læri tungumál án atbeina foreldra.

Með vísan til þessa verður ekki talið, að stefnandi hafi hrundið niðurstöðu álits félagsráðgjafa Félagsmálastofnunar og Barnaverndarnefndar Reykjavíkur, sbr. dskj. nr. 21 og 22, þess efnis, að stefnda sé hæfur uppalandi.

Samkvæmt framburði vitna er stefnda hlý og natin móðir, og í áliti sálfræðings, sem athugaði sérstaklega að beiðni dómsins hæfni hennar til að ala upp barn, sbr. dskj. nr. 37, er hvergi efast um, að stefnda sé hæfur uppalandi. Þar sem engin gögn hafa komið fram, sem draga hæfni stefndu til uppeldisstarfa í efa, önnur en rök stefnanda um greindarskort og óráðvendni, – og á þau verður ekki fallist, eins og áður segir, – er það niðurstaða dómsins, að líta beri á stefndu sem hæfa til að ala upp barnið X. Málið verður því ekki til lykta leitt vegna meintrar vangetu hennar til að ala upp barnið.

Stefnandi hefur annast barnið að verulegu leyti frá fyrstu tíð, og ekki er annað fram komið en það hafi gengið vel. Stefnandi hefur þó ekki gætt þess, að barnið fái notið umgengni við móður sína. Slíkt er að sjálfsögðu óviðunandi fyrir barnið og er til þess fallið að valda barninu skaða, þegar til lengri tíma er litið. Stefnandi hefur kennt stefndu um þann misbrest, sem orðinn er á umgengni barnsins við hana. Rök stefnanda í því efni þykja ekki sannfærandi, og í sálfræðiathugun kemur fram, að stefnanda hætti sennilega til fljótræðis og dómgreindarleysis undir sterkum geðhrifum. Með vísan til þess, sem fram kemur í gögnum málsins, þykir líklegra, að stefnda muni viðhalda eðlilegri umgengni barnsins við föður sinn en að hann muni virða rétt barnsins til umgengni við móður sína. Bendir flest til þess, að stefnda hafi betri skilning en stefnandi á rétti barnsins og þörfum þess fyrir báða foreldra.

Samkvæmt sálfræðiathugun, sem stefnda hefur gengist undir, er hún í góðum raunveruleikatengslum og hefur eðlilega, hagnýta dómgreind. Hún virðist hafa heilbrigt tilfinningalíf og gæti því veitt barni sínu nauðsynlega tilfinningalega aðhlynningu.

Með tilliti til framtíðar virðist sú skipan einnig henta hag barnsins best að fela stefndu forsjá þess. Í því sambandi skiptir máli, að mikill aldursmunur

er á málsaðilum, þar sem stefnda er yngri en stefnandi. Stefnandi er þar að auki 100% öryrki samkvæmt örorkumati yfirlæknis Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur, dags. 14. júlí 1992, og er ekki búist við bata, en stefnda er við eðlilega heilsu og vinnugetu. Líkur eru því á, að barnið geti notið móður lengur sem forsjárforeldris en föður. Þótt aldur og heilsa stefnanda ráði ekki úrslitum ein sér, hlýtur dómurinn að taka tillit til þessara atriða við úrlausn málsins. Einnig skiptir máli, að barnið er stúlka, á smábarnsaldri, og því mikilvægt að tryggja tengsl þess við móður sína. Móðirin virðist hafa sinnt því af umhyggju og natni, eins og fram kemur í gögnum málsins.

Með vísan til alls þessa, sem hér hefur verið rakið, svo og með vísan til 2. mgr. 34. gr. barnalaga nr. 20/1992 er niðurstaða dómsins sú, að barninu verði fyrir bestu, að stefndu, K, verði falin forsjá þess.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Stefnandi hefur fengið gjafsókn, og greiðist málskostnaður hans úr ríkissjóði, þ. m. t. þóknun talsmanns hans, Guðmundar Kristjánssonar hdl., sem þykir hæfilega ákveðin 175.000 kr. án virðisaukaskatts, en engin gögn hafa verið lögð fram um útlagðan kostnað stefnanda vegna málsins.

Gjafvarnarkostnaður stefndu, 400.000 kr., greiðist úr ríkissjóði, þ. m. t. þóknun talsmanns hennar, Valborgar Þ. Snævarr hdl., sem þykir hæfilega ákveðin 351.000 kr. án virðisaukaskatts.

Dóm þennan kváðu upp Sigríður Ingvarsdóttir héraðsdómari og meðdómsmennirnir Álfheiður Steinþórsdóttir og Sigurður Grétarsson sálfræðingar.

Dómsorð:

Stefnda, K, skal fara með forsjá dóttur málsaðila, X, sem er fædd 21. ágúst 1991.

Málskostnaður fellur niður.

Þóknun talsmanns stefnanda, Guðmundar Kristjánssonar hdl., 175.000 kr., greiðist úr ríkissjóði.

Gjafvarnarkostnaður stefndu, 400.000 kr., greiðist einnig úr ríkissjóði, þ. m. t. þóknun talsmanns hennar, Valborgar Þ. Snævarr hdl., 351.000 kr.

Fimmtudaginn 23. febrúar 1995.

Nr. 445/1994. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Sigurði Hilmari Ólasyni
(Jón Magnússon hrl.)

Fjársvik. Tékkamisferli. Skilorð. Saksóknarlaun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Gunnlaugur Claessen og Sigurður Líndal prófessor.

Málinu var áfrýjað til Hæstaréttar af hálfu ákærða og ákæruvalds með stefnu 11. október 1994. Krefst ákærði sýknu af öllum kröfum ákæruvaldsins, en til vara, að sér verði dæmd vægasta refsing, sem lög leyfa, og verði hún skilorðsbundin.

Ákæruvaldið krefst þess, að ákærði verði sakfelldur samkvæmt ákæru, og jafnframt er krafist þyngingar á refsingu. Þá er þess krafist, að ákærði verði dæmdur til greiðslu sakarkostnaðar í héraði, þar á meðal saksóknarkostnaðar til jafns málsvarnarlaunum, svo og til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar málsins, þar með talin hæfileg saksóknarlaun í ríkissjóð.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta niðurstöðu hans, að því er varðar sakfellingu ákærða. Eru brot hans réttilega heimfærð til refsiákvæða.

Brot ákærða eru veruleg, og hann hefur ekki bætt tjón, sem af þeim hefur leitt, nema að hluta. Verður refsing ákærða ákveðin með vísan til 1. tl. 70. gr. og 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Samkvæmt þessu og með vísan til 3. mgr. 159. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. 19. gr. laga nr. 37/1994, verður ákvörðun héraðsdóms um refsingu ákærða staðfest. Þegar til þess er litið, að ákærða hefur ekki áður verið gert að sæta refsingu fyrir brot gegn almennum hegningarlögum, þykir eftir atvikum rétt, að fullnustu 8 mánaða af þeirri refsingu verði frestað skilorðsbundið í tvö ár frá uppsögu dóms þessa.

Með hliðsjón af 1. mgr. 168. gr. laga nr. 19/1991 þykja ekki efni til að gera mun á málsvarnarlaunum og saksóknarlaunum í héraði. Ber

því að dæma ákærða til greiðslu 35.000 króna í saksóknarlaun í héraði, en að öðru leyti er málskostnaðarákvæði héraðsdóms staðfest.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir.

Það athugast, að ekki var tilefni til að vísa bótakröfu ÁTVR frá dómi með þeim röksemdum, sem tilfærðar eru í héraðsdómi. Sá þáttur málsins er hins vegar ekki til endurskoðunar fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurður Hilmar Ólason, sæti fangelsi í 10 mánuði. Fresta skal fullnustu 8 mánaða af refsingunni og sá hluti hennar falla niður að liðnum tveimur árum frá uppsögu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest að öðru leyti en því, að ákærði skal greiða 35.000 krónur í saksóknarlaun í ríkissjóð.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Magnússonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 9. september 1994.

Ár 1994, föstudaginn 9. september, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Sverri Einarssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 536/1994: Ákæruvaldið gegn Sigurði Hilmari Ólasyni, sem tekið var til dóms 6. þ. m.

Málið er höfðað fyrir dóminum með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 16. ágúst sl., á hendur ákærða, Sigurði Hilmari Ólasyni, áður að Álfheimum 42 í Reykjavík, nú að Ásabraut 25 á Raufarhöfn, fæddum 17. ágúst 1955, fæðingarnúmer 396.

Í ákæru segir, að málið sé höfðað á hendur ákærða „fyrir tékkasvik og aðra tékkamisnotkun með því að hafa á árunum 1992 og 1993 gefið út og notað í staðgreiðsluviðskiptum í Reykjavík með eftirgreindum hætti fjóra tékka á reikning fyrirtækis síns, Laugakaffi hf., nr. 1220 í Búnaðarbanka Íslands, bankanúmer 0303, án þess að innstæða væri fyrir þeim á reikningnum, og honum lokað 3. desember 1993:

1. Nr. 2088617, kr. 220.000, dags. 8/12 1992. Geymslutékki, notaður til bjórinnkaupa hjá Viking-brugg við Köllunarklettsveg.

2. Nr. 2119372, kr. 865.236, dags. 19/11 1983, til ÁTVR.

3. Nr. 2119373, kr. 961.150, dags. 25/11 1993, til sama.

4. Nr. 2119374, kr. 1.008.783, dags. 3/12 1993, til sama. Þessir þrír tékkar notaðir til áfengiskaupa fyrir nefnt fyrirtæki ákærða hjá Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins.

Telst þetta varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, hvað varðar útgáfu og notkun tékka, sem lýst er í töluliðum 2–4, en við 73. gr. laga um tékka nr. 94/1933, sbr. lög nr. 35/1977, hvað varðar tékka í tölulið 1.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Eftirgreindir aðilar krefjast skaðabóta úr hendi ákærða:

1. Garðar Briem hdl., kr. 357.386 ásamt hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum frá 27/4 1994 til greiðsludags.

2. Ingólfur Friðjónsson hdl., f. h. ÁTVR, kr. 1.439.864".

Ákærði kveðst telja sig saklausan af lögbrotum með útgáfu þeirra fjögurra tékka, sem gerð er grein fyrir í ákæru, en ákærði kannast við að hafa gefið þá alla út sjálfur sem prókúruhafi fyrir fyrirtækið Laugakaffi hf., sem enn starfar vegna uppgjörs á skuldum fyrirtækisins, en hefur engan rekstur með höndum.

Ákærði kannast við að hafa gefið út tékka þann, að fjárhæð 220.000 krónur, sem gerð er grein fyrir í 1. lið ákæru, og notað hann til bjórkaupa fyrir Laugakaffi hf. hjá Viking-brugg við Köllunarklettsveg í Reykjavík, en tékkann skyldi geyma og framvísa síðar, en innstæða var ekki fyrir honum, þegar tékkinn var sýndur til greiðslu í bankanum. Telur ákærði, að tékkinn hafi verið sýndur til greiðslu á einhverjum öðrum degi en dagsettum útgáfudegi. Tékkinn er ógreiddur.

Ákærði kannast einnig við að hafa gefið út og notað þá þrjá tékka, að fjárhæð 865.236 krónur, 961.150 krónur og 1.008.783 krónur, sem gerð er grein fyrir í 2.–4. lið ákæru, en tékkana notaði ákærði alla þrjá á skráðum útgáfudögum þeirra til áfengiskaupa fyrir Laugakaffi hf. hjá Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins. Ákærði segir, að samkvæmt viðskiptaháttum við það fyrirtæki hafi tékkarnir ekki átt að koma til greiðslu í bankanum fyrr en á mánudegi eða þriðjudegi næst á eftir skráðum útgáfudegi. Svo virðist sem ekki hafi verið til fyrir tékkunum, þegar þeim var framvísað í banka, hverjum um sig. Ákærði lítur svo á, að ekki hafi verið um staðgreiðsluviðskipti að ræða við áfengiskaupin.

Ákærði er stjórnarformaður og eini prókúruhafi Laugakaffis hf., sem rak Hressingarskálann og veitingastaðinn Berlín. Gaf hann alla tékkana fjóra

út í nafni þess fyrirtækis. Ákærði hefur greitt 1.800.000 krónur upp í andvirði tékkanna.

Ákærði telur fulla vitneskju um það hjá gjaldkera ÁTVR, að ekki sé til fyrir út gefnum tékkum veitingastaða á föstudögum, þegar innkaup eru gerð. Hann segir, að eftir að upp kom um innstæðuleysi framangreindra þriggja tékka, hafi tékkareikningnum verið lokað og ákærði ekki fengið áfengi keypt með öðrum hætti en þeim að greiða í peningum eða með tékkum, út gefnum af bönkum, og lítur ákærði á það sem staðgreiðsluviðskipti andstætt því, sem var um viðskiptin, sem lágu að baki útgáfu tékkanna þriggja.

Ákærði mótmælir kröfu Garðars Briem sem of hárri og vekur athygli á því, að hann sé með mál í gangi á hendur Laugakaffi hf., þar sem umræddur tékki kunni að vera innifalinn. Ákærði mótmælir kröfunni eindregið, þar sem Laugakaffi sé skuldarinn. Þá mótmælir ákærði bótakröfu Ingólfs Friðjónssonar hrl. og krefst frávísunar á henni, þar sem þegar hafi verið gerð aðfararhæf sátt vegna sömu skuldar við Laugakaffi hf. Enn fremur tilgreinir ákærði sem ástæðu fyrir frávísunarkröfu sinni, að samkomulag hafi upphaflega verið gert beint við ÁTVR, sem var að fullu staðið við að mati ákærða, en vegna þrýstings og hótana lögmannsins hafi ákærði ekki séð sér kleift að standa við umrætt samkomulag. Loks telur ákærði sig ekki bera persónulega ábyrgð á tékkunum þremur.

Ákærði telur möguleika á því, að Laugakaffi geti borgað eftirstöðvar tékkanna þriggja, sem ÁTVR á, og tékkann í 1. lið ákæru. Engin aðför hefur verið gerð hjá fyrirtækinu vegna skuldanna, sem stofnast hafa vegna tékkanna fjögurra.

Ákærði kveðst hafa rekið framangreind fyrirtæki í veitingarekstri í þrjú ár, en rekstrinum lauk upp úr síðustu áramótum. Telur ákærði sig hafa keypt áfengi fyrir hverja helgi þennan tíma með sama hætti og fyrirkomulagi.

Ákærði telur, að innstæða hafi verið fyrir tékkanum í 1. lið í mörg skipti eftir það skipti, sem honum var framvísað án innstæðu, og var reikningurinn opinn í eitt ár eftir útgáfu tékkans. Telur ákærði, að veltan á reikningnum hafi verið um eða yfir 30.000.000 á ári.

Ákærði staðfestir, að útgáfudagsetningar tékkanna til ÁTVR séu réttar og ekki hafi verið beðið um geymslu þeirra eða hafður fyrirvari við útgáfu þeirra. Byggðist þetta á því, sem ákærði hefur áður sagt um viðskipti sín við ÁTVR.

Vitnið Sigríður Valdís Sörensdóttir, Furugrund 70 í Kópavogi, kveðst vera gjaldkeri í söludeild ÁTVR og hafa starfað þar við þau störf í um fjög-

ur ár. Vitnið sér um að afhenda reikninga og taka á móti greiðslum frá veitingahúsum og tóbakssölum.

Vitnið lýsir viðskiptum við Laugakaffi með þeim hætti, að pantað hafi verið á fimmtudögum, varan sótt á föstudögum og greidd með tékka, sem lagður var í banka á mánudegi næst á eftir. Væri tékki ekki lagður inn fyrr en á þriðjudegi, var það með leyfi yfirmanna vitnisins. Vitnið segir, að einstöku sinnum hafi það komið fyrir, að menn skiluðu inn áfengi á mánudögum, og var þá gefinn út nýr tékki lægri fjárhæðar, en ef tékkinn frá viðkomandi kaupanda var farinn í bankann, fékk hann til baka mismuninn í tékka á bankastofnun sína. Kannað var á þriðjudögum að jafnaði, hvort innstæða hefði verið fyrir tékkum, sem afhentir voru á mánudögum í bankann, og fyrir kom, að þeir væru án nægrar innstæðu. Vitnið segir, að oft hafi komið fyrir, að tékkar frá Laugakaffi væru án nægrar innstæðu, þegar þeim var framvísað í banka. Kæmist málið í lag fyrir næstu úttekt, var aftur tekinn tékki frá fyrirtækinu. Væri ekki búið að kippa málinu í lag, var leitað eftir samþykki yfirmanna fyrir næstu úttekt eða krafist peningagreiðslu fyrir úttektinni.

Vitnið segir, að viðskiptin, sem lágu að baki útgáfu tékkanna þriggja, er mál þetta fjallar um, hafi verið staðgreiðsluviðskipti, en ekki lánsviðskipti við Laugakaffi hf. Vitnið segir, að reikningarnir, sem liggja að baki útgáfu tékkanna þriggja, beri það með sér, að um staðgreiðsluviðskipti hafi verið að ræða. Hefði svo ekki verið, hefði staðið á þeim, að um lánsviðskipti væri að ræða.

Ákærði hefur viðurkennt útgáfu allra tékkanna fjögurra, sem mál þetta fjallar um, og staðfest, að notkun þeirra sé rétt lýst í ákæru. Þá hefur hann staðfest, að ekki hafi verið innstæða fyrir tékkunum, þegar þeim var framvísað í banka til greiðslu. Ákærði hefur greitt 1.800.000 krónur upp í fjárhæðir tékkanna í liðum 2–4, en tékkinn í lið 1 er ógreiddur. Ákærði heldur því fram, að um lánsviðskipti hafi verið að ræða hjá ÁTVR.

Með játningu ákærða, sem er í samræmi við annað, sem fram er komið í málinu, er sannað, að ákærði gaf út alla fjóra tékkana, sem um ræðir í ákæru, og notaði þá eins og þar er lýst, og að þeir voru allir innstæðulausir við sýningu í banka.

Á reikningum frá ÁTVR vegna viðskiptanna, sem liggja að baki útgáfu tékkanna í liðum 2–4, stendur, að um staðgreiðsluviðskipti sé að ræða. Þetta hefur einnig vitnið Sigríður Valdís staðfest. Það eitt, að venjan hafi verið sú, að tékkum frá föstudögum hafi ekki verið framvísað í banka fyrr en á mánudögum eða þriðjudögum, breytir í engu því, að um staðgreiðsluviðskipti hafi verið að ræða, enda eru það viðskiptin, en ekki ákvörðun síð-

ar um framvísun greiðslutékka í banka, sem ráða því, hvers eðlis viðskipti eru. Eru brot ákærða því rétt færð til refsiákvæða í ákæru.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann fjórum sinnum gengist undir að greiða sekt fyrir brot á umferðarlögum, árin 1980, 1984, 1990 og 1991. Öðrum refsingum hefur ákærði ekki sætt, svo að kunnugt sé.

Refsing ákærða verður ákveðin með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga og því, að brot ákærða eru stórfelld, hann hefur ekki bætt fyrir þau að fullu né sýnt vilja til þess að samþykkja bótakröfur, sem uppi eru hafðar í málinu á hendur honum persónulega vegna refsiverðrar háttsemi hans. Með hliðsjón af þessu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 10 mánuði, en eftir atvikum þykir mega ákveða, þar sem ákærði hefur ekki áður hlotið refsidóm, að fresta skuli fullnustu 7 mánaða af refsingunni og niður skuli sá hluti hennar falla að 2 árum liðnum frá uppkvaðningu dómsins að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Áður er gerð grein fyrir ástæðum þess, að ákærði vill ekki samþykkja fram komnar skaðabótakröfur og verjandi hans krefst frávísunar þeirra.

Krafan vegna tékkans í lið 1 er um höfuðstól tékkans, dráttarvexti til 27. apríl sl., 53.652 krónur, málskostnað 32.202 krónur, fjárnámskostnað 2.828 krónur, kostnað vegna fjárnáms 13.435 krónur, kostnað vegna greiðsluáskorunar 1.000 krónur, þinglýsingar- og stimpilgjald 2.828 krónur, uppboðsbeiðni sama fjárhæð, kostnað vegna uppboðs 17.484 krónur og loks vexti af kostnaði 6.124 krónur, samtals 357.386 (?) krónur, auk áfallandi dráttarvaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987. Engin gögn fylgja kröfu þessari um það, að bótakrefjandinn hafi innt af hendi þær greiðslur, sem hann krefst, auk höfuðstóls og dráttarvaxta. Þykir því bera að vísa öllum þessum kröfuliðum frá dóminum, en þar sem ákærði er sakfelldur fyrir refsiverða útgáfu tékkans, ber að dæma hann til þess að greiða höfuðstól hans, 220.000 krónur. Svo virðist sem dráttarvaxtakrafan, að fjárhæð 53.652 krónur, sé miðuð við sýningardag tékkans í banka, en hann var sýndur þar 11. desember 1992. Þykir rétt að dæma um dráttarvexti frá þeim degi til greiðsludags.

Krafa Ingólfs Friðjónssonar hdl., sem gerð er grein fyrir í ákæru, er dagsett 11. apríl sl. og er um höfuðstól tékkanna þriggja, 2.835.174 krónur, auk málskostnaðar og dráttarvaxta, sem var miðað við þennan dag, 1.404.819 krónur, þegar frá höfðu verið dregnar 1.800.000 krónur, er ákærði hafði greitt upp í skuldina, sem var samkvæmt aðfararhæfri dómsátt, sem gerð var 4. mars sl. í dóminum við Laugakaffi hf. vegna framangreindrar skuldakröfu. Þessar eftirstöðvar voru samkvæmt útreikningum lögmannsins

1.439.864 krónur 23. júní sl., og er það sú fjárhæð, sem tilgreind er í ákæru. Engin aðför hefur verið gerð hjá fyrirtækinu vegna sáttarinnar, og ákærði telur möguleika á því, að Laugakaffi hf. geti borgað eftirstöðvar skuldarinnar. Þegar þetta er virt, þykir ekki rétt, þar sem fyrir hendi er aðfararhæf sátt, er ekki hefur reynt á, að dæma um kröfuna á þessu stigi, þótt ljóst sé, að ákærði ber persónulega ábyrgð á bótum vegna útgáfu tékkanna, þar sem hann hefur valdið því tjóni, sem bótakrafan er reist á, með refsiverðum hætti. Samkvæmt framansögðu verður bótakröfu Ingólfs Friðjónssonar hrl. vegna ÁTVR þó vísað frá dóminum í máli þessu.

Loks ber að dæma ákærða samkvæmt 1. tl. 165. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með taldar 25.000 krónur í saksóknarlaun til ríkissjóðs og 35.000 krónur í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Gísla Gíslasonar héraðsdómslögmanns.

Jón Erlendsson, fulltrúi ríkissaksóknara, flutti málið af hálfu ákæruvalds.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurður Hilmar Ólason, sæti fangelsi í 10 mánuði, en fresta skal fullnustu 7 mánaða af refsingunni, og niður skal sá hluti hennar falla að 2 árum liðnum frá uppkvaðningu dómsins að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði greiði Garðari Briem héraðsdómslögmanni 220.000 krónur í bætur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. lög nr. 67/1989, frá 11. desember 1992 til greiðsludags.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með taldar 25.000 krónur í saksóknarlaun til ríkissjóðs og 35.000 krónur í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Gísla Gíslasonar héraðsdómslögmanns.

Fimmtudaginn 23. febrúar 1995.

Nr. 462/1994. **Ákæruvaldið**
(Egill Stephensen saksóknari)
gegn
Ólafi Bragasyni
(Þórður Þórðarson hrl.)

Tolllagabrot. Skilorð. Vítur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Gunnlaugur Claessen og Sigurður Líndal prófessor.

Málinu var áfrýjað til Hæstaréttar af hálfu ákærða og ákæruvalds með stefnu 7. nóvember 1994. Vísar ákærði til a-, b- og c-liðar 147. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. 7. gr. laga nr. 37/1994. Krefst hann þess aðallega, að hann verði sýknaður, en til vara, að sér verði gerð vægasta refsing, sem lög leyfa, og verði hún skilorðsbundin.

Ákæruvaldið krefst þyngingar á refsingu ákærða og að hann verði dæmdur til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar málsins, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs.

I.

Með skjölum málsins, játningu ákærða og vætti vitna er sannað, að ákærði hefur gerst sekur um þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í ákæru. Verður niðurstaða héraðsdóms um sakfellingu ákærða staðfest, og eru brot hans réttilega heimfærð til refsiákvæða. Með hliðsjón af umfangi brotsins verður jafnframt fallist á það með héraðsdómara, að refsing ákærða sé hæfilega ákveðin 12 mánaða fangelsi, en ákærði hefur ekki greitt frekar af því fé, sem hann hefur svikið undan, en lýst er í héraðsdómi. Þá verður ákærða enn fremur gert að greiða 100.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 30 daga varðhald í hennar stað, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá dómsuppsögudegi.

II.

Eins og rakið er í héraðsdómi, varð ákærði uppvís að brotum sínum í nóvember 1991. Kynnti tollgæslustjóri ríkissaksóknara málið í

janúar 1992, sem þó leiddi ekki til neinna viðbragða af hálfu embættis hans fyrr en í desember 1993, er óskað var frekari upplýsinga um málið. Nokkur gagnaöflun fór fram eftir það. Ákæra í málinu var ekki gefin út fyrr en 13. september 1994, tveimur árum og tæplega átta mánuðum eftir að málið barst ríkissaksóknara, en þá var það að verulegu leyti upplýst.

Ekki hafa fengist viðhlítandi skýringar á þeim vítaverða drætti, sem orðið hefur á rekstri málsins hjá embætti ríkissaksóknara. Þessi málsmeðferð brýtur í bága við 1. mgr. 138. gr. þágildandi laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála, sbr. 1. mgr. 133. gr. laga nr. 19/1991 um sama efni, og er í andstöðu við ákvæði 1. mgr. 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. auglýsingu nr. 11/1954 og lög nr. 62/1994 um Mannréttindasáttmála Evrópu.

Þegar virt er, að ákærða hefur ekki verið gert að sæta refsingu áður, svo og hinn óhæfilegi dráttur á rekstri málsins, þykir rétt að fresta fullnustu 11 mánaða hinnar dæmdu refsivistar og láta þann hluta hennar falla niður að liðnum tveimur árum frá uppsögu dóms þessa, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað verða staðfest. Dæma ber ákærða til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar málsins, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Ákærði, Ólafur Bragason, sæti fangelsi í 12 mánuði. Fresta skal fullnustu 11 mánaða af refsingunni og sá hluti hennar falla niður að liðnum tveimur árum frá uppsögu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði skal greiða 100.000 króna sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá uppsögu þessa dóms, en sæti ella varðhaldi í 30 daga.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði skal greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur og laun skipaðs

verjanda síns fyrir Hæstarétti, Þórðar Þórðarsonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 11. október 1994.

Ár 1994, þriðjudaginn 11. október, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Sverri Einarssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 605/1994: Ákæruvaldið gegn Ólafi Bragasyni, sem tekið var til dóms 7. þ. m.

Málið er höfðað fyrir dóminum með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 13. september sl., á hendur ákærða, Ólafi Bragasyni, Dvergabakka 24 í Reykjavík, kennitala 020555-4759.

Í ákæru segir, að málið sé höfðað á hendur ákærða „fyrir tolllagabrot með því að hafa við innflutning á frönskum kartöflum hingað til lands frá Kanada á tímabilinu frá apríl til nóvember 1991 á vegum Sómaco hf., en ákærði var þá framkvæmdastjóri og stjórnarmaður félagsins, framvísað við tollyfirvöld vörureikningum og aðflutningsskýrslum, sem sýndu einungis hluta af innkaupsverði vörunnar í því skyni að svíkjast undan greiðslu aðflutningsgjalda, og námu vangreidd gjöld af þessum sökum af fimm vörusendingum, sem tollafgreiddar voru, samtals 6.660.758 kr. og vanreiknuð gjöld af einni sendingu, sem ákærði fékk ekki tollafgreidda, 1.334.835 kr., svo sem hér er rakið:

1) Við innflutning á 17.096 kg af kartöflum í apríl lagt fram vörureikning, að fjárhæð CAD 2.267,40, og greitt aðflutningsgjöld samkvæmt því, kr. 592.801, þrátt fyrir það að innkaupsverð kartaflnanna væri í raun CAD 15.562,33 og aðflutningsgjöld samkvæmt því kr. 1.887.857, og komst ákærði með þessu móti hjá að greiða kr. 1.295.056 við tollafgreiðslu vörunnar.

2) Við innflutning á 17.635 kg af kartöflum í júní lagt fram vörureikning, að fjárhæð CAD 2.355,28, og greitt aðflutningsgjöld samkvæmt því, kr. 594.922, þrátt fyrir það að innkaupsverð kartaflnanna væri í raun CAD 16.150,27 og aðflutningsgjöld samkvæmt því kr. 1.961.434, og komst ákærði með þessu móti hjá að greiða kr. 1.366.512 við tollafgreiðslu vörunnar.

3) Við innflutning á 16.203 kg af kartöflum í júlí lagt fram vörureikning, að fjárhæð CAD 2.181,15, og greitt aðflutningsgjöld samkvæmt því, kr. 580.799, þrátt fyrir það að innkaupsverð kartaflnanna væri í raun CAD 14.991,67 og aðflutningsgjöld samkvæmt því kr. 1.911.684, og komst ákærði með þessu móti hjá að greiða kr. 1.330.885 við tollafgreiðslu vörunnar.

4) Við innflutning á 17.060 kg af kartöflum í september lagt fram vörureikning, að fjárhæð CAD 2.282,79, og greitt aðflutningsgjöld samkvæmt því, kr. 577.823, þrátt fyrir það að innkaupsverð kartaflnanna væri í raun CAD 15.670,44 og aðflutningsgjöld samkvæmt því kr. 1.939.187, og komst

ákærði með þessu móti hjá að greiða kr. 1.361.364 við tollafgreiðslu vörunnar.

5) Við innflutning á 16.697 kg af kartöflum í október lagt fram vörureikning, að fjárhæð CAD 2.262,90, og greitt aðflutningsgjöld samkvæmt því, kr. 560.370, þrátt fyrir það að innkaupsverð kartaflnanna væri í raun CAD 15.524,55 og aðflutningsgjöld samkvæmt því kr. 1.867.311, og komst ákærði með þessu móti hjá að greiða kr. 1.306.941 við tollafgreiðslu vörunnar.

6) Við innflutning á 16.961 kg af kartöflum í nóvember lagt fram vörureikning, að fjárhæð CAD 2.258,40, þrátt fyrir það að innkaupsverð kartaflnanna væri í raun CAD 15.462,40, í því skyni, að honum yrði einungis gert að greiða kr. 556.279 í aðflutningsgjöld, þegar honum bar að greiða 1.891.114, en tollafgreiðsla þessarar sendingar var stöðvuð, og kom eigi til þess, að ákærði leysti hana úr tolli.

Framangreind háttsemi ákærða telst varða við 2. mgr. 126. gr. tollalaga nr. 55/1987.

Þess er krafist, að ákærði verið dæmdur til refsingar."

Málavextir.

Samkvæmt skýrslu Brynjólfs Karlssonar, deildarstjóra hjá Tollgæslu Íslands, dagsettri 12. desember 1991, hafði þá um nokkurn tíma verið til athugunar hjá embættinu innflutningur fyrirtækisins Sómaco hf. á frosnum frönskum kartöflum, en fyrirtækið hafði á árinu flutt til landsins sex sinnum umrædda vöru, sem keypt var af fyrirtækinu Cavendish Farms í Kanada. Við athugun tollgæslunnar var leitað aðstoðar Landsbanka Íslands, og kom í ljós, að mun meira hafði verið yfirfært af gjaldeyri til kanadíska fyrirtækisins en fram kom við tollafgreiðslu vörunnar. Hafði þessu verið hagað á þann veg, að tveir vörureikningar voru yfirfærðir til kanadíska fyrirtækisins vegna hverrar sendingar, annar mun lægri fjárhæðar, og honum einum framvísað við tollafgreiðslu vörunnar. Leiddi þetta til þess, að greidd voru mun lægri aðflutningsgjöld af hverri sendingu en greiða bar. Rannsóknin leiddi í ljós, að tollafgreiddar höfðu verið þær fimm vörusendingar, sem um ræðir í liðum 1–5 í ákæru, en afgreiðsla sendingarinnar, sem um ræðir í 6. lið, var stöðvuð hjá tollgæslu vegna málsins, en aðflutningsskýrsla vegna þeirrar sendingar hafði verið lögð fram til tollafgreiðslu.

Ákærði, Ólafur Bragason, framkvæmdastjóri fyrirtækisins og eini starfsmaður þess, var yfirheyrður hjá tollgæslunni vegna máls þessa 18. nóvember 1991, og staðfesti hann að hafa flutt inn þær sex sendingar af frönskum kartöflum, sem um ræðir í ákæru. Kvaðst ákærði jafnan hafa fengið tvo vörureikninga frá kanadíska fyrirtækinu. Var annar hærri fjárhæðar, en

hinn lægri fjárhæðar. Þeim reikningi var eingöngu framvísað við tollafgreiðslu vörunnar, en báðum í banka til yfirfærslu á greiðslu til kanadíska fyrirtækisins. Kvaðst ákærði snemma árs hafa komist í samband við kanadíska fyrirtækið með það í huga að kaupa franskar kartöflur og flytja hingað til lands. Kynnti ákærði sér markaðsverð svipaðrar vöru á Íslandi og gerði síðan kanadíska fyrirtækinu grein fyrir því, hvaða verð hann teldi sig þurfa til þess að vera samkeppnisfær hér á landi. Var ákærða þá boðið af kanadíska fyrirtækinu að skipta reikningnum eins og gert hefði verið. Gerði ákærði sér grein fyrir, að með því að framvísa lægri reikningnum í tolli myndi hann greiða lægra kartöflugjald í ríkissjóð. Ákærði taldi sig þó ekki vera að gera neitt ólöglegt, og væri þessi framsetning á vörureikningunum algert samningsmál sitt við seljanda vörunnar. Ákærði sagði báða reikningana hverju sinni það verð, sem hann fékk upp gefið í upphafi hjá kanadíska fyrirtækinu, en hinn lægri það verð, sem ákærði taldi gera sig samkeppnisfæran á markaðnum. Ákærði kvað sér vel kunnar þær reglur, sem giltu um innflutning á frystum frönskum kartöflum til landsins. Í lok yfirheyrslunnar yfir ákærða kemur fram, að hann geri sér fulla grein fyrir því, að vangoldin væru aðflutningsgjöld vegna þessa innflutnings, en ekki vildi ákærði að svo komnu máli leggja fram leiðréttar tollskýrslur vegna þessa.

Verður nú gerð grein fyrir framburði ákærða og vitna við meðferð málsins.

Ákærði lýsti sig saklausan af því, sem honum er gefið að sök í ákæru, og kveðst hafa verið í góðri trú, að hann væri að gera rétt við gerð tollskýrslnanna og afhendingu þeirra til yfirvalda. Hann kannast við að hafa flutt inn þær sex sendingar af frönskum kartöflum, sem nánar er gerð grein fyrir í ákæru málsins, og gerir grein fyrir málavöxtum með sama hætti og hjá tollgæslu.

Ákærði taldi það samningsatriði milli sín og seljanda, hvorum reikningnum væri skilað til tollgæslu, og naut í þessu efni ráðgjafar manns, sem aðstoðaði hann, og einnig taldi seljandinn þetta heimilt. Ákærði segir sér nú ljóst, að með því að framvísa lægri reikningnum hafi hann verið að gefa upp rangt innkaupsverð vörunnar, en sér hafi ekki verið það ljóst á sínum tíma. Ráðgjafi ákærða við innflutninginn, Einar Gröndal, starfaði í banka, og m. a. af þeim ástæðum treysti ákærði honum.

Ákærði var framkvæmdastjóri og stjórnarmaður Sómaco hf., og leiddi framangreindur innflutningur til þess, að félagið varð gjaldþrota, en enginn hagnaður varð af innflutningnum, sem var hinn eini á þessum tíma.

Vitnið Brynjólfur Karlsson, deildarstjóri hjá tollgæslunni í Reykjavík, Rauðalæk 15 í Reykjavík, segir, að upphaflega hafi rannsóknin hafist, þar

sem verið var að kanna innflutning á frönskum kartöflum í tengslum við jöfnunargjald á þessari vöru. Þá þótti á þessum tíma innflutningsverð á þessari vöru vera óeðlilega lágt. Við rannsóknina á fyrirtæki ákærða kom í ljós, að vörureikningar voru tveir fyrir sömu sendingu og hafði báðum verið framvísað í banka, en einungis hinum lægri hjá tolli. Í framhaldi af þessu var ákærði boðaður til tollgæslunnar með bókhald sitt, og við athugun á því kom í ljós, að um var að ræða fleiri sendingar, sem eins var ástatt um.

Vitnið segir, að útreikningarnir, sem liggja að baki tölunum um vangreidd gjöld af hálfu ákærða, séu unnir í tölvu hjá ríkistollstjóra, en inni í henni séu forrit um það, hvernig reikna beri gjöldin.

Vitnið Einar Gröndal bankastarfsmaður, Framnesvegi 61 í Reykjavík, kveðst ekki hafa unnið beina vinnu hjá Sómaco hf. á sínum tíma, en fært bókhald fyrir fyrirtækið að beiðni ákærða. Það kveðst ekki hafa komið nálægt útreikningum á aðflutningsskýrslum hjá fyrirtækinu.

Vitnið kveðst hafa haft samband vegna ákærða við einhvern hjá tollgæslunni, sem það getur ekki upplýst, hver var, og borið undir hann, hvort hægt væri að hafa tvöfalt reikningskerfi við innflutning á vörum, en ekki man vitnið, hvort það nefndi sérstaklega franskar kartöflur í þessu sambandi. Sagði viðkomandi aðili, að um væri að ræða algert samkomulagsatriði milli seljanda og innflytjanda hverju sinni. Þá kannaði vitnið verð á þessari vöru og sannfærðist um, að það væri í samræmi við lægri fjárhæðir en þær, sem raunverulega væru greiddar, þ. e. markaðsverð. Vitnið sagði ákærða frá þessu, en það hafði ekki sérstök afskipti af þessu frekar. Vitnið starfaði á þessum tíma í gjaldeyrisdeild Landsbankans og sá þar, að slíkt sem þetta gerðist.

Samkvæmt upplýsingum frá ríkistollstjóraembættinu 5. janúar sl. fengust 611.948 krónur upp í vangreiddu gjöldin vegna fyrstu sendinganna fimm. Síðasta sending var ekki leyst út og fór á uppboð, og fengust við uppboðið greiddar 1.113.527 krónur. Fyrirtækið var úrskurðað gjaldþrota 26. apríl 1993, og lauk skiptum 22. júlí 1993, án þess að frekari greiðslur fengjust.

Með skýlausri játningu ákærða, sem er í samræmi við annað, sem fram er komið í málinu, er sannað, að ákærði hefur framið háttsemi þá, sem honum er gefin að sök og er rétt færð til refsiákvæðis í ákæru. Ekki er fallist á þá röksemd ákærða, að hann hafi talið sig vera í góðri trú á sínum tíma að framvísa lægri reikningnum hverju sinni, og væri þar um að ræða samkomulagsatriði milli sín og seljanda vörunnar. Er þessi röksemd fráleit. Gat ákærða ekki dulist, að greiða bæri aðflutningsgjöld af raunverulegu verði vörunnar og að tvöfalda reikningsgerðin væri í því skyni gerð að hafa af ríkissjóði aðflutningsgjöld.

Refsing ákærða, sem hefur ekki áður sætt refsingu, svo að kunnugt sé, verður ákvörðuð með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga og því, að brotin eru stórfelld. Með hliðsjón af þessu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 12 mánuði, en þar sem ákærði hefur aldrei áður hlotið refsingu og að langt er um liðið, síðan brotin voru framin, þykir mega ákveða, að fresta skuli fullnustu 9 mánaða af refsingunni og niður skuli sá hluti hennar falla að tveimur árum liðnum frá uppkvaðningu dómsins að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Loks ber að dæma ákærða samkvæmt 1. tl. 165. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með taldar 45.000 krónur í saksóknarlaun til ríkissjóðs og 65.000 krónur í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Þórðar Þórðarsonar hæstaréttarlögmanns.

Egill Stephensen saksóknari flutti málið af hálfu ákæruvaldsins.

Dómsorð:

Ákærði, Ólafur Bragason, sæti fangelsi í 12 mánuði, en fresta skal fullnustu 9 mánaða af refsingunni, og niður skal sá hluti hennar falla að 2 árum liðnum frá uppkvaðningu dómsins að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með taldar 45.000 krónur í saksóknarlaun til ríkissjóðs og 65.000 krónur í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Þórðar Þórðarsonar hæstaréttarlögmanns.

Þriðjudaginn 28. febrúar 1995.

Nr. 28/1995. **Jón Eggert Hvanndal**
(Andri Árnason hrl.)
gegn
Lífeyrissjóði Félags íslenskra stjórnunarstarfsmanna á Keflavíkurflugvelli
(Garðar Garðarsson hrl.)

Málskostnaðartrygging.

Úrskurður Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. janúar 1995. Með bréfi 8. febrúar 1995 var þess krafist af hálfu stefnda, að áfrýjanda yrði gert skylt að leggja fram málskostnaðartryggingu við þingfestingu málsins 15. mars 1995.

Áfrýjandi krefst þess aðallega, að kröfu stefnda verði hafnað, en til vara, að tryggingarfjárhæðin verði ekki ákvörðuð hærri en 100.000 krónur.

Rök stefnda eru þau, að áfrýjandi sé búsettur í Bandaríkjunum og sé bandarískur ríkisborgari. Kröfur sínar reisir stefndi á a-lið 1. mgr. 133. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 166. gr. sömu laga, sbr. 20. gr. laga nr. 38/1994.

Af hálfu áfrýjanda er kröfu um málskostnaðartryggingu mótmælt með þeim rökum, að ósannað sé, að áfrýjandi sé ófær um greiðslu málskostnaðar. Einnig séu verulegar líkur á, að málskostnaður fyrir Hæstarétti verði felldur niður. Varakröfu sína styður áfrýjandi þeim rökum, að um sé að ræða sömu fjárhæð og áfrýjandi var dæmdur til að greiða stefnda í málskostnað samkvæmt hinum áfrýjaða dómi, enda þótt honum hafi með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur frá 1. júlí 1994 verið gert að leggja fram helmingi hærri tryggingarfjárhæð, þ. e. 200.000 krónur.

Áfrýjandi er búsettur í Bandaríkjunum. Samkvæmt a-lið 1. mgr. 133. gr. laga nr. 91/1991, sbr. 166. gr. sömu laga, sbr. 20. gr. laga nr. 38/1994, ber að taka til greina kröfu stefnda um, að áfrýjanda verði gert skylt að leggja fram málskostnaðartryggingu, enda er ekki vit-

að til, að menn búsettir á Íslandi séu undanþegnir því að setja slíka tryggingu í heimalandi áfrýjanda. Fjárhæð tryggingarinnar þykir hæfilega ákveðin 150.000 krónur. Skal hún sett með peningum eða bankaábyrgð og hæstaréttarritara afhent skilríki fyrir tryggingunni innan tveggja vikna frá uppkvaðningu úrskurðar þessa.

Úrskurðarorð:

Áfrýjanda, Jóni Eggert Hvanndal, er skylt að setja tryggingu, að fjárhæð 150.000 krónur, fyrir greiðslu málskostnaðar í hæstaréttarmálinu nr. 28/1995. Ber að setja tryggingunа með peningum eða bankaábyrgð innan tveggja vikna frá uppkvaðningu úrskurðar þessa.

Fimmtudaginn 2. mars 1995.

Nr. 104/1993. **Herluf Clausen**
(Hróbjartur Jónatansson hrl.)
gegn
Íslandsbanka hf.
(Jón G. Briem hrl.)

Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 5. mars 1993. Hann krefst sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Mál þetta var tekið til dóms að lokinni aðalmeðferð 6. janúar 1993. Í þinghaldi 17. febrúar 1993 var eftirfarandi bókað: „Af hálfu stefnanda sækir þing Sif Konráðsdóttir hdl. v/Guðjóns Ármanns Jónssonar hdl. Dómari lagði þá fram sem dskj. nr. 33 afrit af símbréfi sínu til lögmanns stefnda vegna þinghalds þessa. Ekki er talin þörf á endurflutningi málsins, sbr. 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991. Í málinu var kveðinn upp svofelldur dómur:. . .“ Í héraðsdómi er engin skýring gefin á drætti á dómsuppsögu eftir aðalflutning.

Samkvæmt framansögðu var málið dæmt án málflutnings að nýju, er sex vikur voru liðnar frá aðalmeðferð. Lögmaður áfrýjanda var þá ekki viðstaddur. Verður ekki talið, að fjarvera lögmannsins feli í sér yfirlýsingu um, að hann hafi talið óþarft að flytja málið munnlega að nýju. Þessi málsmeðferð er skýlaust brot á ákvæðum 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Af þessum sökum verður að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til munnlegs málflutnings og dómsuppsögu að nýju.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað heim í hérað til munnlegs málflutnings og uppsögu dóms að nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Fimmtudaginn 2. mars 1995.

Nr. 421/1993. **Kristján Wendel persónulega og vegna einkafyrirtækja sinna, Draupnissjóðsins og Draupnis,**
gegn
Draupnissjóðnum hf.
(Eiríkur Tómasson hrl.)

Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 20. október 1993. Hann gerir eftirfarandi dómkröfur: Að viðurkennt verði með dómi, að stefnda sé óheimilt að nota orðið Draupnir í firmanafninu Draupnissjóðurinn hf., að stefnda verði dæmt skylt að afmá það úr Hlutafélagaskrá innan 15 daga frá birtingu dóms í málinu að viðlögðum dagsektum, að fjárhæð 15.000 krónur, að notkun stefnda á orðinu Draupnissjóðurinn hf. í auglýsingum, á bréfsefni, reikningum og í hvaða formi sem er, verði dæmd óheimil og að stefnda verði gert að greiða áfrýjanda 500.000 krónur auk dráttarvaxta til greiðslu kostnaðar við birtingu dóms í málinu. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Mál þetta var tekið til dóms að lokinni aðalmeðferð 18. maí 1993. Í þinghaldi 20. júlí 1993 var eftirfarandi bókað: „Ekki var talin þörf á endurflutningi málsins, sbr. 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991. Í málinu var kveðinn upp svofelldur dómur:. . .“ Í héraðsdómi er engin skýring gefin á drætti á dómsuppsögu eftir aðalflutning.

Samkvæmt framansögðu var málið endurupptekið og dæmt án munnlegs málflutnings að nýju, er níu vikur voru liðnar frá aðalmeðferð. Í 1. mgr. 191. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði var sagt, að venjulega skyldi kveða upp dóma í munnlega fluttum málum, áður en annað mál yrði tekið til flutnings og jafnan svo fljótt sem við yrði komið. Í skriflega fluttum málum skyldi dómi

lokið á mál eigi síðar en þremur vikum eftir dómtöku. Samkvæmt 1. mgr. 115. gr. núgildandi laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 skal dómur kveðinn upp svo fljótt sem unnt er. Hafi dómur ekki verið kveðinn upp í munnlega fluttu máli innan fjögurra vikna frá dómtöku þess, skal það flutt að nýju, nema dómari og aðilar telji það óþarft. Í athugasemdum með frumvarpi til hinna nýju laga kemur fram, að um nokkuð breyttar reglur sé að ræða frá hljóðan eldri ákvæða, en í framkvæmd hafi þó verið beitt verklagi, er svipi mjög til ákvæða 1. mgr. 115. gr. Er þá til þess að líta, að Hæstiréttur hefur mótað þá dómvenju um langt árabil, að héraðsdómar hafa einlægt verið ómerktir, ef uppsaga þeirra hefur dregist úr hömlu.

Svigrúm héraðsdómara og lögmanna aðila til samkomulags um, að ekki sé þörf á að endurflytja mál, ef uppsaga þess dregst umfram fjórar vikur frá dómtöku, verður samkvæmt framansögðu að sæta takmörkunum. Með hliðsjón af fordæmum Hæstaréttar þykir rétt að líta svo á, að héraðsdómur verði að jafnaði ekki kveðinn upp að réttu lagi án raunverulegs endurflutnings, ef liðnar eru átta vikur frá munnlegum málflutningi, enda getur hann ekki komið að því gagni, sem til er ætlast, þegar dómsuppsaga dregst svo lengi.

Af þessum sökum verður að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til munnlegs málflutnings og dómsuppsögu að nýju.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað heim í hérað til munnlegs málflutnings og uppsögu dóms að nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Fimmtudaginn 2. mars 1995.

Nr. 80/1994. **Vigfús Björgvinsson**
(Hilmar Ingimundarson hrl.)
gegn
Féfangi hf.
(Þórður S. Gunnarsson hrl.)

Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 14. febrúar 1994. Hann krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 487.352 krónur með nánar tilgreindum vöxtum frá 25. nóvember 1991 til greiðsludags auk málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Mál þetta var tekið til dóms að lokinni aðalmeðferð 9. júní 1993. Hinn 9. desember sama ár var málið endurupptekið, og fór munnlegur flutningur málsins þá fram að nýju. Í þinghaldi 13. janúar 1994, sem boðað var til uppkvaðningar dóms í málinu, var eftirfarandi bókað: „Af hálfu stefnanda (svo) sækir þing Þórður S. Gunnarsson hrl. Ekki var talin þörf á endurflutningi málsins, sbr. 115. gr. laga nr. 91/1991. Í málinu var kveðinn upp svofelldur dómur:. . .“ Í héraðsdómi er engin skýring gefin á drætti á dómsuppsögu eftir aðalflutning.

Samkvæmt framansögðu var málið dæmt án málflutnings að nýju, er fimm vikur voru liðnar frá aðalmeðferð. Lögmaður áfrýjanda var þá ekki viðstaddur. Verður ekki talið, að fjarvera lögmannsins feli í sér yfirlýsingu um, að hann hafi talið óþarft að flytja málið munnlega að nýju. Þessi málsmeðferð er skýlaust brot á ákvæðum 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Af þessum sökum verður að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til munnlegs málflutnings og dómsuppsögu að nýju.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað heim í hérað til munnlegs málflutnings og uppsögu dóms að nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Fimmtudaginn 2. mars 1995.

Nr. 468/1994. **Hilda Hafsteinsdóttir**
(Hilmar Ingimundarson hrl.)
gegn
dómsmálaráðherra og
fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs
(Guðrún Margrét Árnadóttir hrl.)

Ómerking. Heimvísun. Gjafsókn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 24. nóvember 1994. Hún gerir þær dómkröfur, að stefndu verði dæmdir til að greiða sér 1.000.000 króna eða aðra lægri fjárhæð með nánar tilgreindum vöxtum frá 18. mars 1993 til greiðsludags. Þá krefst hún málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Stefndu krefjast aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti, en til vara, að stefnukröfur verði stórlega lækkaðar og málskostnaður verði í því tilviki felldur niður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Mál þetta var tekið til dóms að lokinni aðalmeðferð 27. júní 1994. Í þinghaldi 2. september 1994 var eftirfarandi bókað: „Lögmenn og dómari eru sammála um, að ekki sé þörf á endurupptöku málsins, þótt liðið sé meira en fjórar vikur frá dómtöku málsins, sbr. 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991. Er nú kveðinn upp svohljóðandi dómur:. . .“ Í héraðsdómi er engin skýring gefin á drætti á dómsuppsögu eftir aðalflutning.

Samkvæmt framansögðu var málið endurupptekið og dæmt án munnlegs málflutnings að nýju, er níu vikur og fjórir dagar voru liðnir frá aðalmeðferð. Í 1. mgr. 191. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði var sagt, að venjulega skyldi kveða upp dóma í munnlega fluttum málum, áður en annað mál yrði tekið til flutnings og jafnan svo fljótt sem við yrði komið. Í skriflega fluttum málum skyldi dómi lokið á mál eigi síðar en þremur vikum eftir dómtöku.

Samkvæmt 1. mgr. 115. gr. núgildandi laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 skal dómur kveðinn upp svo fljótt sem unnt er. Hafi dómur ekki verið kveðinn upp í munnlega fluttu máli innan fjögurra vikna frá dómtöku þess, skal það flutt að nýju, nema dómari og aðilar telji það óþarft. Í athugasemdum með frumvarpi til hinna nýju laga kemur fram, að um nokkuð breyttar reglur sé að ræða frá hljóðan eldri ákvæða, en í framkvæmd hafi þó verið beitt verklagi, er svipi mjög til ákvæða 1. mgr. 115. gr. Er þá til þess að líta, að Hæstiréttur hefur mótað þá dómvenju um langt árabil, að héraðsdómar hafa einlægt verið ómerktir, ef uppsaga þeirra hefur dregist úr hömlu.

Svigrúm héraðsdómara og lögmanna aðila til samkomulags um, að ekki sé þörf á að endurflytja mál, ef uppsaga þess dregst umfram fjórar vikur frá dómtöku, verður samkvæmt framansögðu að sæta takmörkunum. Með hliðsjón af fordæmum Hæstaréttar þykir rétt að líta svo á, að héraðsdómur verði að jafnaði ekki kveðinn upp að réttu lagi án raunverulegs endurflutnings, ef liðnar eru átta vikur frá munnlegum málflutningi, enda getur hann ekki komið að því gagni, sem til er ætlast, þegar dómsuppsaga dregst svo lengi.

Af þessum sökum verður að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til munnlegs málflutnings og dómsuppsögu að nýju.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað heim í hérað til munnlegs málflutnings og uppsögu dóms að nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður áfrýjanda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns áfrýjanda, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 15.000 krónur.

Fimmtudaginn 2. mars 1995.

Nr. 191/1994. **Tómas A. Tómasson**
(Skúli Th. Fjeldsted hrl.)
gegn
Jóni Oddssyni

Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 28. apríl 1994. Hann gerir þær dómkröfur aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda, en til vara, að stefnukröfur verði stórlega lækkaðar. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Mál þetta var tekið til dóms að lokinni aðalmeðferð 8. september 1993. Það var endurupptekið 31. janúar 1994, og var þá eftirfarandi bókað: „Lögmenn aðila telja ekki þörf á endurflutningi málsins með vísan til 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991, og er nú kveðinn upp í því svohljóðandi dómur:. . .“ Í héraðsdómi er sagt, að dráttur á dómsuppsögu hafi orðið vegna embættisanna dómara.

Samkvæmt framansögðu var málið endurupptekið og dæmt án munnlegs málflutnings að nýju, er fjórir mánuðir og tuttugu og þrír dagar voru liðnir frá aðalmeðferð. Í 1. mgr. 191. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði var sagt, að venjulega skyldi kveða upp dóma í munnlega fluttum málum, áður en annað mál yrði tekið til flutnings og jafnan svo fljótt sem við yrði komið. Í skriflega fluttum málum skyldi dómi lokið á mál eigi síðar en þremur vikum eftir dómtöku. Samkvæmt 1. mgr. 115. gr. núgildandi laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 skal dómur kveðinn upp svo fljótt sem unnt er. Hafi dómur ekki verið kveðinn upp í munnlega fluttu máli innan fjögurra vikna frá dómtöku þess, skal það flutt að nýju, nema dómari og aðilar telji það óþarft. Í athugasemdum með frumvarpi til hinna nýju laga kemur fram, að um nokkuð breyttar reglur sé að ræða frá hljóðan eldri ákvæða, en í framkvæmd hafi þó verið beitt

verklagi, er svipi mjög til ákvæða 1. mgr. 115. gr. Er þá til þess að líta, að Hæstiréttur hefur mótað þá dómvenju um langt árabil, að héraðsdómar hafa einlægt verið ómerktir, ef uppsaga þeirra hefur dregist úr hömlu.

Svigrúm héraðsdómara og lögmanna aðila til samkomulags um, að ekki sé þörf á að endurflytja mál, ef uppsaga þess dregst umfram fjórar vikur frá dómtöku, verður samkvæmt framansögðu að sæta takmörkunum. Með hliðsjón af fordæmum Hæstaréttar þykir rétt að líta svo á, að héraðsdómur verði að jafnaði ekki kveðinn upp að réttu lagi án raunverulegs endurflutnings, ef liðnar eru átta vikur frá munnlegum málflutningi, enda getur hann ekki komið að því gagni, sem til er ætlast, þegar dómsuppsaga dregst svo lengi.

Af þessum sökum verður að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til munnlegs málflutnings og dómsuppsögu að nýju.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað heim í hérað til munnlegs málflutnings og uppsögu dóms að nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Fimmtudaginn 2. mars 1995.

Nr. 179/1993. **Jenný Lind Árnadóttir**
(Svala Thorlacius hrl.)
gegn
fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og heilbrigðisráðherra
(ríkislögmaður)

Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 5. maí 1993. Hún gerir þær dómkröfur, að stefndu verði dæmdir til að greiða sér 1.860.700 krónur með nánar tilgreindum vöxtum frá 28. apríl 1980 til greiðsludags. Þá krefst hún málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti, en til vara, að kröfur áfrýjanda verði stórlega lækkaðar og að málskostnaður verði í því tilviki felldur niður.

Mál þetta var tekið til dóms að lokinni aðalmeðferð 30. september 1992. Það var endurupptekið 4. nóvember sama ár og frestað til 25. sama mánaðar. Þá var málið dómtekið að nýju án framlagningar skjala og munnlegs málflutnings. Í þinghaldi 5. febrúar 1993 var eftirfarandi bókað: „Lögmenn aðila lýsa því yfir, að þeir teldu óþarft, að málið yrði flutt á ný, og samþykkir dómurinn þetta skv. 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991. Var þá í málinu kveðinn upp svofelldur dómur:. . .“ Í héraðsdómi er engin skýring gefin á drætti á dómsuppsögu eftir aðalflutning.

Samkvæmt framansögðu var málið dæmt án munnlegs málflutnings að nýju, er fjórir mánuðir og fimm dagar voru liðnir frá aðalmeðferð. Í 1. mgr. 191. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði var sagt, að venjulega skyldi kveða upp dóma í munnlega fluttum málum, áður en annað mál yrði tekið til flutnings og jafnan svo fljótt sem við yrði komið. Í skriflega fluttum málum skyldi dómi

lokið á mál eigi síðar en þremur vikum eftir dómtöku. Samkvæmt 1. mgr. 115. gr. núgildandi laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 skal dómur kveðinn upp svo fljótt sem unnt er. Hafi dómur ekki verið kveðinn upp í munnlega fluttu máli innan fjögurra vikna frá dómtöku þess, skal það flutt að nýju, nema dómari og aðilar telji það óþarft. Í athugasemdum með frumvarpi til hinna nýju laga kemur fram, að um nokkuð breyttar reglur sé að ræða frá hljóðan eldri ákvæða, en í framkvæmd hafi þó verið beitt verklagi, er svipi mjög til ákvæða 1. mgr. 115. gr. Er þá til þess að líta, að Hæstiréttur hefur mótað þá dómvenju um langt árabil, að héraðsdómar hafa einlægt verið ómerktir, ef uppsaga þeirra hefur dregist úr hömlu.

Svigrúm héraðsdómara og lögmanna aðila til samkomulags um, að ekki sé þörf á að endurflytja mál, ef uppsaga þess dregst umfram fjórar vikur frá dómtöku, verður samkvæmt framansögðu að sæta takmörkunum. Með hliðsjón af fordæmum Hæstaréttar þykir rétt að líta svo á, að héraðsdómur verði að jafnaði ekki kveðinn upp að réttu lagi án raunverulegs endurflutnings, ef liðnar eru átta vikur frá munnlegum málflutningi, enda getur hann ekki komið að því gagni, sem til er ætlast, þegar dómsuppsaga dregst svo lengi.

Af þessum sökum verður að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til munnlegs málflutnings og dómsuppsögu að nýju.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað heim í hérað til munnlegs málflutnings og uppsögu dóms að nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Fimmtudaginn 2. mars 1995.

Nr. 424/1992. **Gunnar Kristófersson og**
Anna Helgadóttir
(Jóhann Þórðarson hrl.)
gegn
Danilo Markovic og
Emilija Markovic
(Valgeir Kristinsson hrl.)
og gagnsök

Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir og Pétur Kr. Hafstein.

Aðaláfrýjendur skutu málinu til Hæstaréttar með stefnu 30. nóvember 1992. Þau krefjast þess, að gagnáfrýjendur verði dæmd til að greiða sér 362.260 krónur með nánar tilgreindum vöxtum frá 1. maí 1991 til greiðsludags auk málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjendur skutu málinu til Hæstaréttar með stefnu 1. febrúar 1993 og krefjast þess, að allar kröfur þeirra fyrir héraðsdómi verði teknar til greina og þeim dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti. Af hálfu þeirra hefur ekki borist greinargerð í málinu.

Mál þetta var tekið til dóms að lokinni aðalmeðferð 9. september 1992. Í þinghaldi 12. október 1992 var eftirfarandi bókað: „Mál þetta var dómtekið að loknum munnlegum málflutningi hinn 9. september sl. Ekki er talin þörf á endurflutningi þess, sbr. 1. tl. 115. gr. laga nr. 91/1991. Af hálfu stefndu sækir þing Valgeir Kristinsson hrl. Í málinu var kveðinn upp svofelldur dómur:. . .“

Samkvæmt framansögðu var málið dæmt án málflutnings að nýju, er fjórar vikur og fimm dagar voru liðnir frá aðalmeðferð. Lögmaður aðaláfrýjenda var þá ekki viðstaddur. Verður ekki talið, að fjarvera lögmannsins feli í sér yfirlýsingu um, að hann hafi talið óþarft að flytja málið munnlega að nýju. Þessi málsmeðferð er skýlaust brot á ákvæðum 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Af þessum sökum verður að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa

málinu heim í hérað til munnlegs málflutnings og dómsuppsögu að nýju.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað heim í hérað til munnlegs málflutnings og uppsögu dóms að nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Fimmtudaginn 2. mars 1995.

Nr. 222/1993. **Þrotabú Verks hf.**
(Jón Bjarnason hrl.)
gegn
Húsfélögunum Kleppsvegi 136, 138 og 140
(Jón Magnússon hrl.)

Verksamningur. Greiðsludráttur. Dagsektir. Fasteign.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hjörtur Torfason og Markús Sigurbjörnsson og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. maí 1993 og krefst þess, að stefndu verði gert að greiða óskipt 4.181.564 krónur með vöxtum, eins og greinir í héraðsdómi, að frádreginni 3.032.771 krónu. Einnig krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 2. mars 1993 hafði bú Verks hf. verið tekið til gjaldþrotaskipta, og tók þrotabúið við aðild að málinu, sbr. 3. mgr. 22. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Stefndu gera þær kröfur, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda dæmt að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

I.

Eins og getið er í héraðsdómi, gerðu stefndu og Verk hf. 25. júlí 1990 verksamning þess efnis, að Verk hf. tók að sér að gera við íbúðarhús stefndu að utan. Fólst verkið einkum í háþrýstiþvotti, múrviðgerð á svölum, veggjum, tröppum o. fl. svo og sílanböðun múrflatar. Samkvæmt verksamningnum var heildarendurgjald það, er Verk hf. skyldi fá fyrir verkið, miðað við fjölda eininga (magntalna). Var einingafjöldinn nánar greindur og sundurliðaður í útboðsgögnum, sem voru hluti samningsins. Í 3. gr. verksamningsins segir, að samningsfjárhæð breytist því aðeins, að breytingar verði á magntölum. Eftir samningnum átti verk að hefjast, um leið og samningur var undirritaður, og ljúka 20. september 1990. Ákvæði var um dagsektir, ef dráttur yrði á verkinu. Enn fremur var kveðið

svo á, að samningurinn skyldi lúta ákvæðum ÍST 30 (almennra útboðs- og samningsskilmála um verkframkvæmdir) frá 15. september 1988.

Eins og getið er í héraðsdómi, annaðist Verkvangur hf. umsjón og eftirlit með verkinu fyrir hönd stefndu.

II.

Verkið hófst tveimur til þremur dögum eftir samningsgerð með því, að verkpallar voru settir upp, en fljótlega urðu miklar tafir vegna þess, að verktaka skorti mannafla til sjálfra múrviðgerðanna. Virðist verkið hafa tafist í tvær til þrjár vikur af þessum sökum. Einnig kom í ljós, að ástand hússins var mun verra en gert var ráð fyrir í upphafi, svo sem vikið er að í héraðsdómi.

Verktaki gerði stefndu reikninga eftir því, sem verkinu miðaði áfram, en verulegur dráttur varð á greiðslu þeirra af hálfu stefndu. Samkvæmt reikningsyfirliti verktaka nam skuld stefndu við hann 1.148.793 krónum í lok mars 1991, og hafa stefndu ekkert greitt honum síðan.

III.

Hinn 9. janúar 1991 fór fram „lokaúttekt" á verkinu að viðstöddum fulltrúa verktaka, tveimur fulltrúum Verkvangs hf. svo og fulltrúum frá húsfélögum Kleppsvegar 136 og 140. Í úttektinni komu fram nokkrar athugasemdir um atriði, sem talin voru þurfa lagfæringar við. Þeim lagfæringum var lokið samkvæmt yfirlýsingu Verkvangs hf. 22. júlí 1991. Samkvæmt reikningsyfirliti verktaka nam skuld stefndu 8. janúar 1991 3.781.199 krónum, en við þá fjárhæð bættust 12. mars 1991 400.365 krónur, sem var geymslufé, sem verkkaupi hélt eftir samkvæmt verksamningi. Stefnufjárhæðin 4.181.564 krónur er samtala þessara tveggja fjárhæða.

Lögmaður Verks hf. krafði stefndu 18. janúar 1991 um greiðslu á eftirstöðvum skuldarinnar. Stefndu greiddu síðan samtals 3.032.771 krónu á tímabilinu frá 23. janúar til 25. mars 1991. Verður ekki séð, að stefndu hafi þá gert athugasemdir við kröfu Verks hf., en hún studdist við reikninga, sem félagið hafði sent stefndu reglulega eftir því, sem verkinu miðaði áfram, eins og fyrr er vikið að. Til grundvallar reikningum þessum lá mæling á unnum verkeiningum, sem eftirlitsmaður frá Verkvangi hf. stóð að ásamt verktaka.

Á tímabilinu frá 30. júlí til 3. desember 1990 voru haldnir 16 bókaðir verkfundir. Eftirlitsmaðurinn hélt alla fundina, og á flestum þeirra voru einnig einhverjir húseigenda. Mátti þeim, sem fundina sóttu, vera ljóst, hvernig verkinu miðaði hverju sinni. Þá fylgdist eftirlitsmaðurinn með framvindu verksins á vegum verkkaupa. Auk þess gat íbúðareigendum, sem í húsunum bjuggu, þar á meðal stjórnarmönnum stefndu, ekki dulist, að umfang múrskemmda, sem verið var að gera við, varð fljótlega mun meira en í fyrstu var gert ráð fyrir. Allt að einu kröfðust stefndu hvorki endurskoðunar verksamnings né andmæltu því, að haldið væri áfram vinnu að viðgerðum eftir því, sem frekari skemmdir komu í ljós.

Þegar af þessum ástæðum verður ekki fallist á með stefndu, að réttur áfrýjanda til endurgjalds sé háður því, að samið hafi verið skriflega um aukna vinnu.

Fyrir liggur sundurliðað yfirlit um „lokastöðu" verksins 7. janúar 1991. Er yfirlitið gert af eftirlitsfyrirtækinu Verkvangi hf. Á grundvelli þessa yfirlits verður að telja, að hinn aukni kostnaður við verkið verði rakinn til þess, að húsið var miklu verr farið en aðilar gerðu ráð fyrir við samningsgerð. Verða stefndu að bera þann kostnað samkvæmt því, sem áður var rakið.

IV.

Eftir að málið var höfðað, óskaði lögmaður stefndu eftir því, að dómkvaddir yrðu tveir menn til þess að skoða og meta eftirfarandi:

„1. Hvað telst eðlilegt að greiða fyrir það verk, sem unnið var af hálfu Verks hf. við húsin Kleppsveg 136, 138 og 140, Reykjavík, miðað við verksamning aðila, dagsettan 28. júlí 1990?

2. Hvað er eðlilegt, að verktaki greiði verkkaupa í dagsektir vegna tafa á afhendingu verksins, einnig miðað við greindan verksamning?

3. Hvað kostar að lagfæra þá galla, sem eru á umræddu verki?

4. Hvað kostar að lagfæra þær skemmdir, sem urðu á eigum matsbeiðenda fyrir tilverknað matsþola?"

Hinir dómkvöddu menn, Freyr Jóhannesson byggingartæknifræðingur og Vífill Oddsson verkfræðingur, töldu í matsgerð 2. apríl 1992 gæði verksins „vera viðunandi nema í sambandi við frágang svalahandriða að ofan (liður 21), sem eru mjög óslétt, en hægt er að

lagfæra það svo viðunandi sé". Að öðru leyti er niðurstaða mats hinna dómkvöddu manna svohljóðandi:

„Spurning 1.

Sem svar við spurningu 1 í matsbeiðni um, hvað sé eðlileg þóknun til verktaka samkvæmt verksamningi, telja matsmenn, að lokareikningur eigi að lækka um 427.000 kr. vegna eftirfarandi liða:

Liður 19 lækkar um kr. 232.000

Liður 22 lækkar um kr. 195.000

Spurning 2. Dagsektir.

Þar sem umfang verksins nær tvöfaldaðist af orsökum, sem verktaka verður ekki um kennt, og þar að auki færðist yfir á óhentugri verktíma, telja matsmenn ekki ástæðu til að beita dagsektarákvæðum verksamnings.

Spurning 3 um kostnað við lagfæringu á göllum verkliðar 21, telja matsmenn hann hæfilega metinn á kr. 150.000.

Spurningu 4 um kostnað við lagfæringu á skemmdum á eigum matsbeiðanda vilja matsmenn svara á þann hátt, að þegar er búið að lagfæra þær að mestu og því ekki ástæða til að fjalla um hann nánar.

Heildarniðurstaða matsmanna er sú, að lokareikningur eigi að lækka um kr. 577.000.

Matið er á verðlagi í mars 1992 og er með VSK."

Í matsgerð kemur fram, að matsmenn telja 19. og 22. lið í áðurgreindu yfirliti frá Verkvangi hf. um „lokastöðu" verksins 7. janúar 1991 ekki rétta, vegna þess að kostnaðarliðir hafi að nokkru verið tvítaldir. Ekki komu fram glöggar skýringar á þessum atriðum, er matsmenn voru spurðir um þau við aðalmeðferð málsins í héraði. Matsgerðin var borin undir fulltrúa verktaka, Helga Gunnarsson tæknifræðing og Eggert Guðmundsson byggingarfræðing, sem annaðist að mestu útboð og eftirlit af hálfu Verkvangs hf. Telja þeir í yfirlýsingu 15. maí 1992, að engir verkþættir hafi verið tvíreiknaðir. Í lok yfirlýsingarinnar segja þeir, að uppmæling og útreikningur magntalna hafi verið gerð af þeim sameiginlega, og hafi þeir verið að öllu leyti sammála um niðurstöður. Þykir mega leggja yfirlýsingu þessa til grundvallar, og verður því ekki fallist á, að lækka beri kröfu áfrýjanda um 427.000 krónur, eins og gert er ráð fyrir í matsgerð.

Hins vegar ber að fallast á niðurstöðu matsmanna um kostnað við lagfæringu á göllum, að fjárhæð 150.000 krónur. Ber að draga þá fjárhæð frá kröfu áfrýjanda.

Krafa stefndu um frádrátt vegna kostnaðar við að lagfæra skemmdir, sem urðu á eignum þeirra af völdum framkvæmda Verks hf., er vanreifuð. Samkvæmt því og með vísun til niðurstöðu matsmanna um 4. spurningu í matsbeiðni verður ekki fallist á, að lækka beri stefnukröfu af þessum ástæðum.

Stefndu halda því fram, að verktaki hafi bakað sér skyldu til að greiða dagsektir samkvæmt ákvæðum verksamningsins, sem mál þetta varðar. Áður er lýst drætti, er varð í upphafi verktímans af hálfu Verks hf. Sá dráttur er þó ekki verulegur í samanburði við tafir, sem urðu af ástæðum, sem Verk hf. bar ekki ábyrgð á. Seinkunin á verkinu leiddi ekki til þess, að verkið yrði dýrara fyrir stefnda, þar sem verklaun réðust af einingafjölda. Þegar litið er til þessa og þess jafnframt gætt, að stefndu hafa ekki sýnt fram á, að þeir hafi að öðru leyti orðið fyrir tjóni vegna dráttarins, sem rekja megi til Verks hf., þykir ekki vera grundvöllur til að beita dagsektum.

V.

Með skírskotun til þess, sem nú var rakið, ber að dæma stefndu til að greiða áfrýjanda óskipt 1.148.793 krónur að frádregnum 150.000 krónum eða 998.793 krónur ásamt dráttarvöxtum. Eins og málsatvikum er háttað, þykir hæfilegt að miða upphafstíma dráttarvaxta við 18. janúar 1991. Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað, eins og greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Stefndu, húsfélögin Kleppsvegi 136, 138 og 140, greiði áfrýjanda, þrotabúi Verks hf., óskipt 998.793 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 18. janúar 1991 til greiðsludags.

Stefndu greiði áfrýjanda óskipt 500.000 krónur samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 3. febrúar 1993.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er höfðað með framlagningu skjala á bæjarþingi Reykjavíkur 29. október 1991.

Stefnandi er Hlutafélagið Verk, kt. 590790-1799, Súðarvogi 28–30, Reykjavík.

Stefnt er húsfélögunum að Kleppsvegi 136, 138 og 140, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði dæmd eitt fyrir öll og öll fyrir eitt til að greiða stefnanda 4.181.564 krónur með [nánar tilgreindum vöxtum svo og málskostnað].

Dómkröfur stefndu eru þær aðallega, að stefndu verði sýknuð af öllum kröfum stefnanda og tildæmdur málskostnaður úr hendi hans samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Til vara er krafist, að stefnukröfur verði stórlega lækkaðar og málskostnaður felldur niður.

Málavextir, málsástæður og réttarheimildir, sem aðilar styðja með mál sitt.

Með verksamningi, dagsettum 25. júlí 1990, tók stefnandi að sér viðgerðir á húsunum nr. 136, 138 og 140 við Kleppsveg í Reykjavík samkvæmt samningi, sem reistur var á tilboði stefnanda í verkið samkvæmt opnu útboði, sem Verkvangur hf. annaðist fyrir stefndu. Tekið var fram í verksamningi, að verkið væri unnið í samræmi við tilboð og útboðsgögn, sem væru hluti af verksamningi.

Greiðsla fyrir verkið skyldi vera 5.865.350 krónur, og skyldi því lokið 20. september 1990. Þegar til kom, varð umfang verksins miklu meira en áætlun Verkvangs hf. gerði ráð fyrir, svo að endanleg tala varð 10.374.230 krónur að sögn stefnanda.

Stefndu hafa greitt 9.225.437 krónur upp í þá fjárhæð til stefnanda, og kveður stefnandi 1.148.793 krónur standa eftir af höfuðstól skuldar stefndu við sig.

Stefnandi heldur því fram, að lokaúttekt hafi farið fram á verkinu 9. og 10. janúar 1991, en stefndu hafi neitað frekari greiðslum, og ekki hafi tekist að ná sáttum um uppgjör verksins.

Stefndu sömdu við Verkvang hf. um, að Verkvangur hf. sæi um útboð og hefði umsjón og eftirlit með steypuviðgerðum á húsinu Kleppsvegi 136-140, Reykjavík.

Í 2. gr. samnings þessa segir:

„Verkið innifelur eftirfarandi þætti: Útboð: gerð útboðsgagna, kostnaðaráætlun, opnun tilboða, yfirferð tilboða, samningagerð við verktaka. Eftirlit: eftirlit með vinnubrögðum og umgengni á verkstað, mælingar á magntöl-

um, yfirferð reikninga, setu á verkfundum, úttektir, uppgjör verks í verklok."

Stefnandi heldur því fram, að verki sínu hafi verið lokið, enda liggi fyrir um það yfirlýsing frá þeim aðila, er stefndu fólu eftirlit með verkinu, þ. e. a. s. Verkvangi hf., dagsett 22. júlí 1991, að lokaúttekt á steypuviðgerðum hafi farið fram 9. og 10. janúar 1991 og atriði, sem þá höfðu verið gerðar athugasemdir við, hafi verið lagfærð. Hvergi sé í yfirlýsingunni minnst á, að einhverju sé ólokið, og hvergiýjað að því, að frágangur sé slæmur.

Stefnandi telur, að með því að verkið var nánast tvöfalt að magni miðað við það, sem í upphafi var samið um, gefi augaleið, að það hlaut að taka miklu lengri tíma að ljúka þessu miklu umfangsmeira verki, tíð hafi verið mjög óhagstæð til steypuviðgerða og stefndu verið hikandi og óráðin í því, hversu miklu skyldi bætt við upphaflegan verksamning.

Stefnandi heldur því fram, að verkið hafi verið unnið fljótt og vel miðað við allar aðstæður og enginn grundvöllur sé fyrir dagsektum, enda þeirri kröfu harðlega mótmælt. Stefnandi vísar og til þess, að hér hafi verið um útboð að ræða, reist á verði ákveðinna eininga, og að eftirlitsaðili af hálfu stefndu hafi samþykkt alla reikninga frá stefnanda.

Við munnlegan málflutning kom fram sú málsástæða hjá talsmanni stefndu, að ekki hefði verið staðið rétt að tilkynningum um magnaukningu, og vitnaði talsmaður stefndu til reglna ÍST 30 og útboðslýsingar í þessu efni. Þá sé auðséð, að verkinu sé ekki lokið, ef húsið er skoðað, og breyti yfirlýsing Verkvangs hf. þar engu. Stefndu bera því og við, að verulegir gallar séu á verkinu, sem stefnandi beri ábyrgð á og hafi ekki fengist til að lagfæra. Þá hafi stefnandi valdið stefndu tjóni vegna vanhirðu og lélegs umgangs og frágangs, og eigi stefndu því skaðabótakröfu á hendur stefnanda. Samkvæmt verksamningi hafi stefnanda borið að greiða stefndu dagsektir frá 20. september 1990 til þess tíma, er verkinu lauk. Ljóst sé, að verkinu hafi ekki lokið fyrr en árið 1991 samkvæmt þeim gögnum, sem stefnandi vilji miða við.

Varakröfu sína styðja stefndu eftirfarandi:

Stefnukrafa sé röng. Ljóst sé, að stefnukrafa eigi að vera 1.148.793 kr., en sú fjárhæð hafi verið ógreidd, er málið var höfðað.

Önnur sjónarmið, eins og dagsektir og skaðabætur vegna tjóns, sem stefnandi hafi valdið stefndu, komi hér einnig til greina, svo sem áður sé rakið.

Forsendur og niðurstaða.

Íslenskur staðall, ÍST 30, 3. útgáfa, frá 1988 og almennir útboðs- og samningsskilmálar um verkframkvæmdir eru hlutar verksamnings aðila. Í staðl-

inum er m. a. að finna ákvæði um magnuppgjör og breytingar á umfangi verks, auk þess sem greinir í útboðslýsingu. Umfang verksins tvöfaldaðist nánast að verðgildi frá því, sem um var samið í verksamningi. Við þær aðstæður bar aðilum að fara eftir ákvæðum 16. kafla ÍST 30, auk þess sem í útboðslýsingu greinir. Það var ekki gert, og kemur reyndar fram af verkfundargerðum, að verkkaupa var ekki gerð grein fyrir því, hve mjög umfang verksins jókst frá því, sem Verkvangur hf. hafði áætlað og stefndu lögðu til grundvallar ákvörðunum sínum um framkvæmdir.

Samkvæmt reglum ÍST 30 og grein 1.10 í útboðslýsingu, sem er fylgiskjal með verksamningi og hluti hans, bar verktaka að tilkynna eftirlitsmanni verkkaupa það tafarlaust, ef hann yrði var við magnaukningu, og myndi þá verkkaupi ákveða, hvort aukningin yrði unnin, og tilkynna það verktaka. Verkkaupa ber ekki skylda til að greiða fyrir magnaukningu, sem unnin er í heimildarleysi.

Samkvæmt þessum ákvæðum er það verkkaupi einn, sem heimilað getur magnaukningu, þar sem slíkt leiðir að jafnaði til aukins kostnaðar, en ekki hefur verið sýnt fram á, að eftirlitsaðili hafi haft heimild til að skuldbinda stefndu fjárhagslega.

Grundvöllur kröfugerðar stefnanda er sá, að sér beri greiðslur úr hendi stefndu vegna magnaukningar.

Fallist er á það með stefndu, að þau hafi efnt skyldur sínar samkvæmt samningi og að ekki liggi fyrir áskilið samþykki þeirra fyrir verkum þeim, sem stefnandi krefur um greiðslu á, og verða stefndu því þegar af þeirri ástæðu sýknuð af öllum kröfum stefnanda.

Eftir úrslitum málsins ber að dæma stefnanda til að greiða stefndu 400.000 krónur í málskostnað.

Allan Vagn Magnússon héraðsdómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnunum Magnúsi Guðjónssyni húsasmíðameistara og Sæbirni Kristjánssyni byggingartæknifræðingi.

Dómsorð:

Stefndu, húsfélögin Kleppsvegi 136–140, skulu sýkn af öllum kröfum stefnanda, Verks hf.

Stefnandi greiði stefndu 400.000 krónur í málskostnað.

Fimmtudaginn 2. mars 1995.

Nr. 469/1994. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Aðalsteini Aðalsteinssyni
(Kristján Stefánsson hrl.)

Þjófnaður. Hegningarauki. Áfengislagabrot. Upptaka eigna.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Sigurður Líndal prófessor.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. nóvember 1994, hvað ákærða varðar, í samræmi við yfirlýsingu hans um áfrýjun málsins til endurskoðunar á ákvörðun viðurlaga. Krefst ákærði, að refsing á hendur sér samkvæmt héraðsdómi verði milduð.

Af hálfu ákæruvalds hefur málinu einnig verið áfrýjað til þyngingar refsingu.

Við ákvörðun refsingar ákærða ber að taka mið af þeim ákvæðum almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sem getið er í hinum áfrýjaða dómi. Samkvæmt því þykir refsing á hendur honum hæfilega ákveðin tíu mánaða fangelsi.

Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms um upptöku eigna svo og sakarkostnað, hvað ákærða varðar. Þá verður ákærði dæmdur til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Aðalsteinn Aðalsteinsson, sæti fangelsi í tíu mánuði. Ákvæði hins áfrýjaða dóms um upptöku eigna og sakarkostnað skulu vera óröskuð, hvað hann varðar.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Kristjáns Stefánssonar hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 27. október 1994.

Mál þetta, sem var dómtekið 25. október sl., er höfðað af hálfu ákæruvaldsins með ákæru, út gefinni 27. september 1994 og birtri 23. og 24. þ. m., á hendur Aðalsteini Aðalsteinssyni, Klapparstíg 18, Reykjavík, fæddum 12. febrúar 1965 (fæðingarnúmer 423), og X [...] fyrir þjófnað og tilraun til þjófnaðar.

I. Gegn ákærða Aðalsteini fyrir að hafa:

1. aðfaranótt föstudags 29. október 1993 brotist í félagi við annan mann inn í skrifstofuhúsnæði verksmiðjunnar Kötlu, Eirhöfða 18, og stolið þaðan um 800 þýskum mörkum og um 100 hollenskum gyllinum og

2. aðfaranótt þriðjudags 2. nóvember 1993 brotist inn á sama stað og stolið þaðan peningaskáp með ýmsum verðmætum.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II. Gegn ákærðu báðum fyrir að hafa:

að kvöldi miðvikudags 6. apríl 1994 brotist í félagi í þjófnaðarskyni inn í verslunina Gripið og greitt, Skútuvogi 4.

Telst þetta varða við 244. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga.

III. Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar.

Hinn 10. október sl. var gefin út ákæra á hendur Aðalsteini fyrir áfengislagabrot með því að hafa í desember 1993 á heimili sínu bruggað um 400 lítra af áfengi og eimað af því 17 lítra af sterku áfengi.

Telst þetta varða við 7. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. 5. gr. laga nr. 52/1978 og 2. gr. laga nr. 38/1988 um breytingar á þeim lögum.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til að sæta upptöku skv. 8. gr. áfengislaga og 69. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 á eftirtöldu áfengi og áhöldum til áfengisgerðar, sem lagt var hald á við rannsókn málsins:

- eimingartækjum með 25 lítra mjólkurbrúsa,
- þremur 200 lítra plasttunnum,
- tveimur pokum af viðarkolum,
- handdælu,
- 270 lítrum af bruggi, svokölluðum gambra,
- og 17 lítrum af sterku, eimuðu áfengi.

Síðari ákæra var birt ákærða í dag og málin sameinuð.

Ákærðu hafa skýlaust gengist við sakargiftum. Ekkert bendir til annars en þeir hafi aðhafst það, sem þeir eru sakaðir um. Sakir teljast því sannaðar með játningu ákærðu. Málið hefur verið rekið samkvæmt ákvæðum 125. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.

Peningar, sem ákærði Aðalsteinn stal 29. október, voru um 40.000 króna

virði, og virðist hann hafa fengið þá í sinn hlut. Þeir hafa ekki komið til skila.

Samkvæmt játningu ákærða Aðalsteins kom hann aftur á innbrotsstað 2. nóvember, velti peningaskápnum niður stigann, reyndi árangurslaust að opna hann, flutti hann út úr húsinu, faldi hann og vitjaði hans síðan daginn eftir, en var þá staðinn að verki og handtekinn á vettvangi. Honum tókst ekki að ná neinum verðmætum úr skápnum, en hann braut rúðu og skemmdi stigann, múrhúðun á vegg, læsingarjárn á hurð og slípirokk, sem hann reyndi að opna skápinn með.

X átti frumkvæði að innbrotinu í Skútuvogi. Hann stal lyklum frá starfsmanni verslunarinnar og fékk síðan Aðalstein í lið með sér. X fór einn inn, braut upp skápa og tók úr þeim vindlinga. Aðalsteinn kom síðan til liðs við hann, og hjálpuðust þeir að við að raða vindlingunum í körfur. Þeir flýðu af vettvangi, þegar þeir heyrðu til varðmanns, og skildu þýfið eftir, en það var að áliti verslunareigandans jafnvirði 2.537.334,19 króna.

Sakaferill Aðalsteins hófst árið 1981, þegar hann var 16 ára, og hefur verið samfelldur frá upphafi. Frá 18 ára aldri hefur hann sætt refsingum tuttugu og fimm sinnum, þar af fangelsisrefsingu samtals í um fimm ár, þar af ellefu mánuði skilorðsbundið, í níu tilvikum fyrir þjófnaðarbrot og einu sinni jafnframt fyrir fjárdrátt, en einnig fyrir fíkniefnabrot. 1. júní 1984 hlaut hann átta mánaða fangelsi, hegningarauka, en þá var sex mánaða skilorðsdómur dæmdur með, og 10. ágúst 1987 voru 160 dagar reynslulausnar felldir inn í refsingu. Hann var dæmdur í fjögurra mánaða fangelsi fyrir þjófnað 17. nóvember 1993 og fyrir tilraun til þjófnaðar 9. febrúar sl., hegningarauka, en ekki gerð sérstök refsing. Þá fékk hann 11.000 kr. sekt 29. mars sl., hegningarauka, fyrir fíkniefnabrot. 27. júní sl. var hann dæmdur hér fyrir dómi í sex mánaða fangelsi, hegningarauka, fyrir innbrotsþjófnað 1. september 1993.

Refsing fyrir innbrotin 29. október og 2. nóvember 1993 verður hegningarauki við fjórar síðustu refsiákvarðanir, áfengislagabrotið við þrjár síðustu og síðara innbrotið við síðasta dóm. Ákærði Aðalsteinn hefur lagt þjófnaðarbrot í vana sinn. Við ákvörðun refsingar þykir bera að fara eftir ákvæðum 70. gr., 71. gr., 72. gr., 77. gr., 78. gr. og 255. gr. alm. hegningarlaga. Með hliðsjón af sakaferli ákærða, verðmætum í húfi og tjóni, sem af brotum hefur leitt, þykir nú bera að ákveða viðurlög eins og greinir í dómsorði.

– – –

Ákærðu greiði allan kostnað sakarinnar, eins og nánar greinir í dómsorði.

Af hálfu ákæruvalds hefur verið krafist saksóknarlauna, án þess að sú krafa hafi verið rökstudd á nokkurn hátt. Ekki hafa þótt efni til að gera sérstaka athugun í tilefni þessarar kröfu. Samkvæmt eldri lögum um meðferð opinberra mála voru ekki dæmd saksóknarlaun í játningarmálum, enda kom þá sjaldnast til þess, að sótt væri þing af hálfu ákæruvalds. Kom þá aðeins til greiðslu saksóknarlauna, þegar mál var sótt og varið munnlega. Með gildistöku laga nr. 19/1991 var tekin upp sú regla, að jafnan skyldi sótt þing af hálfu ákæruvalds og að mál skyldi sæta munnlegri aðalmeðferð, ef ekki væri skýlaust gengist við sök. Ákvæði a-liðar 1. mgr. 164. gr., 1. mgr. 165. gr. og 1. mgr. 168. gr. um saksóknarlaun eru ekki svo skýr sem vert væri, og hefur þess ekki verið gætt sem skyldi að breyta orðalagi frá eldri lögum til samræmis við hina nýju skipan á málsmeðferð, sem upp var tekin með lögtöku gildandi laga, en ákvæði þeirra hafa verið skilin svo, að ekki væri ætlast til, að sakbornum mönnum væri íþyngt með sakarkostnaði í verulegum mæli vegna saksóknarlauna umfram það, sem við gekkst eftir eldri lögum. Þau hafa því einungis verið dæmd, þegar mál hefur sætt aðalmeðferð. Meðferð ákæruvaldsins er einn þáttur ríkisvalds, og kostnaður við hana hlýtur að greiðast að mestu leyti af almannafé. Ekki verða séð rök til að hverfa frá þeim háttum, sem hafa verið á hafðir um ákvörðun saksóknarlauna um sinn, og ber því að hafna kröfu ákæruvaldsins um saksóknarlaun.

Dómsorð:

Ákærði Aðalsteinn Aðalsteinsson sæti fimmtán mánaða fangelsi, upptöku á eimingartækjum með 25 lítra mjólkurbrúsa, þremur 200 lítra plasttunnum, tveimur pokum af viðarkolum, handdælu, 270 lítrum af gambra og 17 lítrum af sterku, eimuðu áfengi og greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kristjáns Stefánssonar hrl., 15.000 krónur.

Ákærði X sæti fimm mánaða fangelsi, en fullnustu tveggja mánaða fangelsisrefsingar þar af er frestað, og skal hún falla niður að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dóms þessa, enda haldi dómfelldi almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955. Hrundið er kröfu ákæruvalds um saksóknarlaun.

Annan sakarkostnað greiði Aðalsteinn að þremur fjórðu hlutum, en X að öðru leyti.

Fimmtudaginn 2. mars 1995.

Nr. 504/1994. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Reyni Sigurjóni Sigurjónssyni
(Kristján Stefánsson hrl.)

Bifreiðar. Umferðarlög. Svipting ökuréttar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Sigurður Líndal prófessor.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. desember 1994 í samræmi við yfirlýsingu ákærða um áfrýjun málsins til ómerkingar á héraðsdómi og heimvísunar þess og til endurskoðunar á niðurstöðum, byggðum á mati á sönnunargildi annarra gagna en munnlegs framburðar fyrir dómi, sbr. c- og d-lið 147. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. 7. gr. laga nr. 37/1994. Í bréfi til Hæstaréttar 1. febrúar 1995 var lýst yfir af hálfu ákærða, að hann leitaði einnig endurskoðunar á niðurstöðum hins áfrýjaða dóms, sem byggðist á skýringu eða beitingu réttarreglna, sbr. b-lið fyrrnefndrar lagagreinar. Ákærði krefst sýknu af kröfum ákæruvalds.

Af hálfu ákæruvalds hefur málinu verið áfrýjað til þyngingar á refsingu ákærða og frekari sviptingar ökuréttar en honum var gerð í hinum áfrýjaða dómi.

Samkvæmt skýlausri yfirlýsingu ákærða til ríkissaksóknara, dagsettri 15. desember 1994, áfrýjaði hann héraðsdómi til að „fá hnekkt niðurstöðum héraðsdóms með vísan til c- og d-liðar 7. gr. laga nr. 37/1994". Þar sem áfrýjunarfrestur samkvæmt 2. mgr. 151. gr. laga nr. 19/1991, sbr. 11. gr. laga nr. 37/1994, var liðinn, þegar því var lýst af hálfu ákærða, að hann æskti, að áfrýjun sín næði einnig til endurskoðunar á niðurstöðum, sem byggðust á skýringu eða beitingu réttarreglna, kemur hinn áfrýjaði dómur aðeins til endurskoðunar samkvæmt upphaflegri yfirlýsingu hans um áfrýjun ásamt áfrýjun af hálfu ákæruvalds.

Fallist er á sakarmat í hinum áfrýjaða dómi með vísan til forsendna hans.

Af gögnum málsins má telja sýnt, að ákærði, sem var undir áhrifum áfengis, hafi ekið bifreiðinni SZ 094 á miklum hraða og mjög háskalega eftir Hafnarfjarðarvegi, þar til hann missti stjórn á henni og slys það varð, sem um ræðir í málinu. Samkvæmt því, sem fyrir liggur, varð farþegi í bifreiðinni fyrir verulegum meiðslum í slysinu. Þegar tillit er tekið til þessara atriða svo og sakaferils ákærða, þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi sex mánuði. Ákærði hefur með háttsemi sinni unnið sér til sviptingar ökuréttar samkvæmt 101. gr. og 2. og 3. mgr. 102. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. lög nr. 44/1993. Þykir hæfilegt, að ákærði verði sviptur ökurétti ævilangt.

Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað, og verður ákærði dæmdur til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, svo sem í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Ákærði, Reynir Sigurjón Sigurjónsson, sæti fangelsi í sex mánuði.

Ákærði er sviptur ökurétti ævilangt.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað skulu vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Kristjáns Stefánssonar hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 31. október 1994.

Ár 1994, mánudaginn 31. október, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjaness, sem háð er að Brekkugötu 2, Hafnarfirði, af Finnboga H. Alexanderssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-278/1994: Ákæruvaldið gegn Reyni Sigurjóni Sigurjónssyni.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 19. þ. m., er höfðað með ákæru sýslumannsins í Kópavogi, út gefinni 13. júlí 1994, á hendur Reyni Sigurjóni Sigurjónssyni, kt. 291061-3119, nú til heimilis að Skeljagranda 2, Reykjavík, „fyrir að aka að kvöldi laugardagsins 16. apríl 1994 undir áhrifum áfengis og sviptur ökurétti bifreiðinni SZ-094 frá veitingastaðnum Keisaranum í Reykjavík í átt til Hafnarfjarðar, þar til ákærði ók á ljósastaur og girðingu á umferðareyju á Hafnarfjarðarvegi á móts við Kópavogsbraut í Kópavogi

með þeim afleiðingum, að Haukur Steinar Baldursson, kt. 130556-3029, sem var farþegi í bílnum, slasaðist".

Brot ákærða eru talin varða við 1. mgr. 4. gr., 1. og 2. mgr., a- og b-lið, 36. gr. l., sbr. 3. mgr. 45. gr., og 1. mgr. 48. gr., sbr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Af hálfu ákæruvalds er þess krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar ökuréttar samkvæmt 101. og 102. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. lög nr. 44/1993, og til greiðslu alls sakarkostnaðar, þ. m. t. saksóknarlaun, er renni í ríkissjóð.

Af hálfu ákærða er þess krafist, að hann verði sýknaður af öllum kröfum ákæruvalds og að allur sakarkostnaður verði lagður á ríkissjóð, þ. m. t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns.

Fyrirkall var fyrst gefið út í málinu 14. júlí sl., en það tókst ekki að birta, þar sem ákærði var þá við veiðar í „Smugunni". Nýtt fyrirkall, út gefið 4. þ. m., var birt ákærða 5. þ. m.

– – –

Niðurstaða.

Sannað þykir með vætti lögreglumannanna fjögurra, sem önnuðust frumrannsókn málsins, að ófært hafi verið að komast úr bifreiðinni um vinstri dyr að framan, þar sem ekki hafi verið hægt að opna þær nægilega, fyrr en klippt hafði verið á girðingu þá, sem bifreiðin lá upp við.

Með hliðsjón af þessu svo og vætti vitnisins Geirs Viðars Garðarssonar, sem ber, að hann hafi séð ákærða aka bifreiðinni frá veitingahúsinu Keisaranum skömmu fyrir slysið, vætti vitnisins Sigurlaugar Guðjónsdóttur, sem sá ákærða og Hauk Baldursson ganga að bifreiðinni fyrir utan Keisarann þetta kvöld, og því, að ákærði var í bifreiðinni á slysstað og að sjónarvottur að slysinu og þeir, sem fyrstir komu að því, urðu ekki varir við neinn fara út úr bifreiðinni, þykir lögfull sönnun komin fram fyrir því, að ákærði hafi ekið bifreiðinni, er slysið varð. Sannað þykir bæði með eigin framburði ákærða og niðurstöðu alkóhólákvörðunar, sem ekki hefur verið hnekkt, að hann var undir áhrifum áfengis, er hann ók. Háttsemi ákærða er rétt lýst í ákæru og rétt færð til refsiákvæða að öðru leyti en því, að ákærði var ekki sviptur ökurétti, þegar akstur átti sér stað, heldur réttindalaus. Ákærða var 27. september 1988 veitt heimild til ökuleyfis að nýju af dómsmálaráðuneytinu. Eftir það hefur hann verið dæmdur fyrir ölvunarakstur, 5. október 1990, í sakadómi Reykjavíkur, en hann var þá ekki sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi.

Ákærði á að baki langan sakaferil. Samkvæmt fram lögðu sakavottorði hefur hann verið dæmdur 26 sinnum til refsingar, einkum fyrir hegningar-

lagabrot. Þá hefur hann fimmtán sinnum gengist undir sektarrefsingu með dómsátt fyrir fíkniefnabrot og áfengis- og umferðarlagabrot. Frá árinu 1990 hefur hann sex sinnum verið dæmdur fyrir brot gegn 48. gr. umferðarlaga, síðast með dómi Héraðsdóms Reykjaness 10. janúar sl.

Refsing ákærða þykir með tilliti til 72. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 hæfilega ákveðin fangelsi tvo mánuði.

Ákærði var sakfelldur fyrir brot gegn 1., sbr. 2. mgr. 45. gr. umferðarlaga með dómi sakadóms Reykjavíkur 5. október 1990. Sá dómur hefur ítrekunaráhrif í máli þessu, að því er varðar sviptingu ökuréttar ákærða, og ber því samkvæmt 1. mgr., sbr. fyrri málslið 3. mgr. 102. gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 44/1993, að svipta ákærða ökurétti, og þykir sviptingartími hæfilega ákveðinn tvö ár frá birtingu dómsins að telja.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þ. m. t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kristjáns Stefánssonar hrl., 40.000 kr., og saksóknarlaun, er renni í ríkissjóð, 40.000 kr.

Dómsorð:

Ákærði, Reynir Sigurjón Sigurjónsson, sæti fangelsi í tvo mánuði.

Ákærði skal sviptur ökurétti í tvö ár frá dómsbirtingu.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þ. m. t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kristjáns Stefánssonar hrl., 40.000 kr., og saksóknarlaun, er renni í ríkissjóð, 40.000 kr.

Fimmtudaginn 2. mars 1995.

Nr. 35/1992. **Ármann Ægir Magnússon**
(Arnmundur Backman hrl.)
gegn
Róbert Benediktssyni og
Guðjóni Jónssyni
persónulega og f. h.
R. Benediktsson sf.
og Tryggingu hf. til réttargæslu
(Valgeir Kristinsson hrl.)

Skaðabætur. Vinnuslys. Örorka. Miski. Sakarskipting.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 23. janúar 1992. Krefst hann þess, að stefndu verði gert in solidum að greiða sér 4.331.180 krónur með sömu vöxtum og raktir eru í kröfugerð sinni fyrir héraðsdómi fyrir tímabilið frá 10. september 1980 til 15. apríl 1990, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Hann krefst og málskostnaðar óskipt úr hendi stefndu í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og hann hefði ekki notið gjafsóknar fyrir héraðsdómi.

Stefndi krefst staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Á hendur réttargæslustefnda eru engar kröfur gerðar.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

I.

Mál þetta varðar kröfu áfrýjanda um bætur fyrir líkamstjón af slysi, sem hann varð fyrir 10. september 1980 í fjölbýlishúsi við Háengi á Selfossi, sem þá var í byggingu á vegum stefnda R. Benediktssonar sf., en stefndu Róbert Benediktsson og Guðjón Jónsson voru þá sameigendur að því fyrirtæki, og stjórnaði hinn fyrrnefndi framkvæmdum við bygginguna. Var málið höfðað á bæjarþingi Sel-

foss með stefnu, birtri 28. og 30. ágúst 1990, á hendur þessum aðilum og 7. september sama ár á hendur réttargæslustefnda, en þingfest 19. september sama ár.

Atvikum að slysinu er lýst í meginatriðum í hinum áfrýjaða dómi. Gerðist það, þegar steinsteyptur stigi upp á efstu hæð hússins brast undan áfrýjanda, svo að hann féll niður á kjallaragólf. Áfrýjandi hafði áður orðið var við tvær sprungur í stiganum, er náðu yfir hann þveran, og var öðrum starfsmönnum við bygginguna einnig kunnugt um þær. Að sögn stefnda Róberts hafði stiginn verið steyptur 31. júlí 1980, en settur upp í síðustu viku ágústmánaðar. Hann telur það svo hafa verið 2. september, að áfrýjandi benti honum á umræddar sprungur.

Lögreglurannsókn fór fram vegna slyssins, en ekki verður séð, hvort Vinnueftirlit ríkisins hafi um það fjallað. Orsakir þess og atvik að gerð stigans hafa ekki verið skýrð til hlítar, en telja má fullsannað, að stiginn hafi einkum brostið vegna þess, að járnalögn í mót fyrir honum hafi raskast, þegar steypu var hellt í mótið. Hafi burðargrindin færst eða svignað inn í mótið og þannig lagst nærri kverkum stigaþrepanna í stað þess að liggja við neðra borð stigans. Verður við það að miða, að þessi missmíð sé frumorsök slyssins, og styðst það meðal annars við umsagnir Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins.

Stefndi Róbert, sem var trésmíðameistari, bar ábyrgð á byggingu hússins, en hún hafði verið leyfð, án þess að múrarameistari væri skráður aðili að henni. Stjórnaði Róbert uppsteypu hússins, án þess að múrarar kæmu að því verki, og sáu þeir eingöngu um múrhúðun. Það voru ófaglærðir starfsmenn stefndu, sem önnuðust járnabindingu og steypu stigans. Unnu hinir reyndari þeirra tiltölulega sjálfstætt, og er ekki á því byggt af hálfu stefndu, að áfrýjandi hafi gegnt stöðu verkstjóra yfir þeim. Hins vegar kveðst stefndi Róbert hafa treyst mjög á áfrýjanda, sem var lærður trésmiður, um eftirlit á staðnum í fjarveru sinni, en hann var bundinn við framkvæmdir annars staðar um það leyti, er slysið varð.

Þegar áfrýjandi varð var við sprungurnar, var settur upp tréstigi, sem hægt var að ganga við hlið steypta stigans, en ráðstafanir til að styrkja hann voru ekki gerðar. Ljóst er af skýrslum starfsmanna, að þeir gengu steypta stigann í einhverjum mæli eftir sem áður. Kveðst

meistari sá, er annaðist múrhúðun, hafa verið meðal þeirra, sem þetta gerðu, en hann hafði byrjað störf á efstu hæð hússins skömmu fyrir slysið. Ráða má af frásögn vitnisins Sigþórs Haraldssonar, að hann hafi farið stigann á undan áfrýjanda, þegar hann brast á leið þeirra ofan af húsþakinu.

Sýnt er af gögnum málsins, að missmíðin á umræddum stiga var að öllu leyti á ábyrgð stefndu, og verður að rekja hana til vangæslu af þeirra hálfu. Það var skylda byggingarstjórans að ganga úr skugga um hættuna af stiganum og gera viðhlítandi ráðstafanir til að verjast henni. Átti hann meðal annars að verða þess var, að starfsmenn hans gerðu sér ekki næga grein fyrir því, að stiginn væri ónothæfur. Telja verður, að hann hafi brugðist þessum skyldum, þar sem ekki verður séð, að hann hafi bannað umferð um stigann með ótvíræðum hætti, svo sem til mátti ætlast og honum var í lófa lagið. Jafnframt verður ekki séð, að hann hafi gefið áfrýjanda skýr eða fullnægjandi fyrirmæli um að styrkja stigann, og bar hann ábyrgð á því, að ekkert var að gert í því efni. Samkvæmt þessu verður að líta svo á, að stefndu beri skaðabótaábyrgð á tjóni áfrýjanda af völdum slyssins.

Áfrýjandi hefur ekki getað gert sér fulla grein fyrir aðdraganda slyssins, og styður hann frásögn sína af því við frásagnir vinnufélaga sinna. Hann dregur í efa, að hann hafi ætlað að prófa styrk stigans í þetta sinn. Vitnið Sigþór Haraldsson telur, að svo hafi verið, en tekur fram, að það hafi ekki séð til athafna hans. Hvað sem því líður, er ekki unnt að fullyrða, að ferð áfrýjanda um stigann hafi verið að erindislausu. Eigi að síður mátti honum vera fullljóst, að honum væri hætta búin í stiganum, svo að tjón gæti hlotist af. Á hann því sjálfur sök á slysinu að verulegu leyti. Er rétt eftir atvikum, að áfrýjandi beri ábyrgð vegna slyssins að hálfu, en vinnuveitandi hans að hálfu.

II.

Áfrýjandi meiddist mjög í slysinu, meðal annars af höfuðhöggi. Afleiðingar þess telur hann einkum þær, að hann sé haldinn þrálátum og slæmum höfuðverk, sem hái honum varanlega. Hafi bót ekki fengist á honum þrátt fyrir ýtrustu rannsóknir og endurteknar skurðaðgerðir. Afleiðingum slyssins að þessu leyti er lýst í læknis-

vottorðum frá 1983 og 1989, sem rakin eru í héraðsdómi. Var miðað við þessi vottorð, þegar örorka áfrýjanda var metin í síðara sinn, ásamt vottorði 26. júní 1989 frá Þóri Ragnarssyni heila- og taugaskurðlækni. Björn Önundarson tryggingayfirlæknir gekk frá því mati 30. júní 1989 eftir skoðun á áfrýjanda. Eru meginniðurstöður hans á þessa leið:

„Hér er þannig um rúmlega þrjátíu og sjö ára gamlan trésmið að ræða, sem varð fyrir miklu höfuðhöggi, er hann féll niður þrjár hæðir í fjölbýlishúsi, þar sem hann var að vinna sem trésmiður. Slasaði rotaðist og var meðvitundarlaus í nokkrar klukkustundir og með skert minni í heilan sólarhring.

Slasaði hefur frá upphafi haft verulegan höfuðverk, en sá höfuðverkur hefur versnað mjög í seinni tíð og hefur fundist ákveðin organisk lesio fyrir honum, sem talin er bein afleiðing af nefndu slysi. Verra er þó, að hér er um expansivan vöxt að ræða, sem á komandi tíð mun valda því, að slasaði verður stöðugt að vera undir læknishendi og vart hægt að búast við mikilli starfsgetu hér eftir. . . .

Með tilliti til þess, sem að framan greinir, þykir því eðlilegt að endurmeta nú þá örorku sem slasaði telst hafa hlotið af völdum þessa slyss, og þykir sú örorka hæfilega metin sem hér segir:

Í fjóra mánuði	100%
Í fimm mánuði	75%
Varanleg örorka	50%“

Hér fyrir dómi hefur áfrýjandi lagt fram nýtt vottorð Grétars Guðmundssonar taugalæknis frá 9. febrúar 1995. Segir þar meðal annars, að með bættri tækni við myndrænar rannsóknir á áratugnum eftir slysið hafi komið í ljós eyðing í beini í botni höfuðkúpu áfrýjanda hægra megin og æxlisvöxtur þar. Hafi skemmd þessi farið vaxandi smám saman, en tekist hafi þó að halda aftur af henni með fjórum skurðaðgerðum, sem áfrýjandi hafi gengist undir. Virðist greinilegt, að höfuðhögg áfrýjanda hafi komið meininu af stað. Vegna þess hafi áfrýjandi verið haldinn höfuðverkjum, sem reynt hafi verið að meðhöndla með lyfjum, endurhæfingu og öðrum úrræðum, þar á meðal hvíld frá störfum. Árangurinn hafi þó verið takmarkaður, og sé vinnugeta áfrýjanda alvarlega skert, einkum þar sem hann sé ófær um að sinna erfiðisvinnu óslitið.

Eins og um getur í þessum vottorðum, reyndist erfiðleikum bundið að finna tæmandi skýringu á því meini áfrýjanda, sem hrjáði hann eftir slysið, og jafnframt var óvíst lengi vel, hvaða bót mætti á því ráða. Við ítrekaðar rannsóknir telja læknarnir það hafa komið æ betur í ljós, að meinið sé af völdum höfuðáverka, er hann hafi hlotið í slysinu. Styðja vottorð þeirra eindregið þá niðurstöðu tryggingayfirlæknis, að rekja verði meinið til slyssins, og mati hans á örorku áfrýjanda hefur ekki verið hnekkt. Á grundvelli þessara upplýsinga verður að telja nægilega sannað, að heilsubrestur áfrýjanda og þessi örorka hans séu afleiðing af slysinu.

III.

Áfrýjandi virðist fyrst hafa gert tilkall til skaðabóta fyrir slysið í bréfum til réttargæslustefnda á árunum 1983 og 1984, en örorka hans var fyrst metin 18. apríl 1983 og þá lægri en síðar. Bréfum þessum var ekki svarað skriflega, en gefið var til kynna af hálfu félagsins, að um væri að ræða eigin sök. Erindið var ítrekað með bréfum 1986 og 1987 og þar tekið fram, að áfrýjandi teldi þörf á nýju örorkumati. Var félaginu síðast ritað bréf í september 1989, þegar það mat lá fyrir. Í bréfi 12. desember 1989 lýsti félagið yfir, að það myndi ekki greiða áfrýjanda bætur úr frjálsri ábyrgðartryggingu, þar sem slík vátrygging fyrir vinnuveitanda hans hefði ekki verið í gildi á slysdegi. Jafnframt taldi félagið, að ekki yrði séð, að vinnuveitandinn bæri fébótaábyrgð á slysinu, þar sem rekja bæri það til athafna áfrýjanda sjálfs. Höfðaði áfrýjandi mál þetta að fengnu þessu svari, eftir að hann hafði kynnt stefndu kröfugerð sína. Með hliðsjón af sjúkrasögu áfrýjanda og öðrum atvikum verður að telja, að hann hafi ekki glatað bótarétti sínum fyrir tómlætis sakir.

IV.

Endanleg krafa áfrýjanda um bætur fyrir fjártjón vegna slyssins nemur 3.631.180 krónum að höfuðstól, en miskabótakrafa 700.000 krónum. Er hin fyrrnefnda einskorðuð við varanlega örorku áfrýjanda og studd líkindareikningi Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingastærðfræðings, sem gerður var 15. mars 1990. Er áætlun um tekjur áfrýjanda þar miðuð við meðaltekjur iðnaðarmanna, þar sem hann hafði aðeins unnið skamman tíma hérlendis að iðn sinni, þegar slys-

ið varð, en hann var þá 28 ára að aldri. Á þeim grundvelli eru óskertar árstekjur hans 1990 og síðan áætlaðar 1.344.200 krónur og árlegt tekjutap 672.100 krónur í samræmi við fyrrgreint örorkustig. Höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps vegna varanlegrar örorku miðað við slysdag er áætlað 4.006.000 krónur. Er krafa áfrýjanda miðuð við þá fjárhæð að teknu tilliti til slysdagsverðmætis þeirra bóta, sem honum hafa verið tryggðar með öðrum hætti, en það er örorkulífeyrir frá Tryggingastofnun ríkisins ásamt eingreiðslum örorkubóta úr lögmæltri slysatryggingu og samningsbundinni slysatryggingu, sem vinnuveitandi hans hafði keypt hjá réttargæslustefnda. Er krafan sundurliðuð þannig:

Tjón af varanlegri örorku	kr.	4.006.000
– Verðmæti örorkulífeyris	kr.	208.500
– Slysabætur frá Tryggingastofnun	kr.	42.700
– Bætur frá Tryggingu hf.	kr.	123.620
Samtals	kr.	3.631.180

Um hagi áfrýjanda liggur það fyrir, að hann hvarf frá almennum störfum að húsasmíði fljótlega eftir slysið og hefur ekki aflað sér meistararéttinda. Tókst honum að fá fast starf sem umsjónarmaður orlofsbúða í nágrenni Selfoss, og hafa tekjur hans af því verið áþekkar þeim meðaltekjum, sem fyrr getur. Tekjutap hans til þessa er því ekki mikið, en hann hefur þó búið við skert aflahæfi jafnframt því, sem óvissa er um framtíð hans. Með hliðsjón af þessu og líkindareikningnum ásamt hagræði af eingreiðslu og skattfrelsi bóta telst óbætt tjón áfrýjanda vegna örorku af völdum slyssins hæfilega metið 2.400.000 krónur.

Miski áfrýjanda vegna slyssins er alvarlegur, og þykja bætur vegna hans hæfilega ákveðnar 350.000 krónur miðað við slysdag.

Samkvæmt þessu verður stefndu gert að greiða áfrýjanda óskipt helming hérgreindra bótafjárhæða, samtals 1.375.000 krónur. Ber að gjalda þær með vöxtum frá 30. ágúst 1986 til greiðsludags, eins og nánar segir í dómsorði, en eldri vextir eru fyrndir.

Ákvæði héraðsdóms um gjafsóknarkostnað áfrýjanda í héraði á að vera óraskað.

Rétt er, að stefndu greiði áfrýjanda óskipt samtals 600.000 krónur

í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Af þeirri fjárhæð renni 235.647 krónur í ríkissjóð vegna gjafsóknarkostnaðar í héraði, og er virðisaukaskattur af gjafsóknarlaunum innifalinn. Að öðru leyti hefur ekki verið tekið tillit til þess skatts.

Dómsorð:

Stefndu, Róbert Benediktsson og Guðjón Jónsson persónulega og vegna fyrrum sameignarfélags þeirra, R. Benediktssonar sf., greiði áfrýjanda, Ármanni Ægi Magnússyni, in solidum 1.375.000 krónur með 9% ársvöxtum frá 30. ágúst 1986 til 21. janúar 1987, 10% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar sama ár, 11% ársvöxtum frá þeim degi til 14. apríl sama ár og vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til 19. september 1990, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um gjafsóknarkostnað í héraði á að vera óraskað.

Stefndu greiði in solidum 235.647 krónur í ríkissjóð vegna málskostnaðar í héraði.

Stefndu greiði áfrýjanda in solidum 364.353 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Selfoss 6. desember 1991.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 15. f. m., er höfðað fyrir bæjarþinginu af Ármanni Ægi Magnússyni, kt. 190552-3659, Lyngheiði 24, Hveragerði, gegn Róbert Benediktssyni, kt. 280144-3209, Smyrlahrauni 33, Hafnarfirði, og Guðjóni Jónssyni, kt. 160551-5779, Engjavegi 14, Selfossi, persónulega og f. h. afskráðs sameignarfélags þeirra, R. Benediktssonar sf., og Tryggingu hf. til réttargæslu.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu, Róbert Benediktsson og Guðjón Jónsson, persónulega og f. h. R. Benediktssonar sf., verði in solidum dæmdir til að greiða stefnanda 7.000.000 kr. með [nánar tilgreindum vöxtum og málskostnaði].

Stefnandi gerir ekki kröfu á hendur réttargæslustefnda, Tryggingu hf.

Stefndu Róbert Benediktsson og Guðjón Jónsson gera þá dómkröfu, að

þeir verði sýknaðir af kröfum stefnanda. Þá krefjast þeir málskostnaðar úr hendi stefnanda [...].

Af hálfu réttargæslustefnda eru engar kröfur gerðar í málinu, enda engum kröfum að honum beint.

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

II.

Málsatvik eru þau, að 10. september 1980 varð stefnandi fyrir slysi, þar sem hann var að vinna sem trésmiður við smíði fjölbýlishúss við Háengi á Selfossi. Umrætt fjölbýlishús er á þremur hæðum með jafnmörgum samfelldum stigahúsum. Tveir stigar eru á milli hæða. Stigar í hvert stigahús voru forsteyptir. Liggja þeir í falsi að ofan og neðan, en eru ekki festir að öðru leyti. Stuttu eftir uppsetningu stiga í einu stigahúsinu, en íbúðir við þann stigagang teljast vera númer 2 við Háengi, varð stefnandi var við tvær sprungur í efsta stiganum, sem náðu yfir stigann þveran. Segir í stefnu, að stiginn hafi verið skoðaður og ráðgert hafi verið að setja undir hann stoðir. Síðan skyldi stiginn brotinn niður og annar steyptur í hans stað. Þessu hafði ekki verið komið í kring, er stefnandi varð fyrir umræddu slysi.

Stefnandi lýsir tildrögum slyssins svo, að hann hafi ásamt einum starfsmanni stefndu, Sigþóri Haraldssyni, verið að vinna við smíðar á þaki fjölbýlishússins. Er þeir voru að fara niður um hádegið, hafi stefnandi ákveðið að kanna ástand efsta stigans í umræddu stigahúsi. Hafi hann beðið Sigþór, sem þá hafi verið kominn niður á aðra hæð, að fylgjast með sprungunni neðan frá, um leið og stefnandi gengi út á stigann. Hefði það þá engum togum skipt, að stiginn brast undan stefnanda og braut í fallinu niður tvo stiga. Féll stefnandi niður allar þrjár hæðirnar, u. þ. b. 8 metra fall, og lenti á kjallaragólfi við hlið stigabrotanna. Við slysið rotaðist stefnandi og varð auk þess fyrir öðrum áverkum. Var hann fluttur á sjúkrahúsið á Selfossi og skömmu síðar á slysadeild Borgarspítalans í Reykjavík.

Í máli þessu sækir stefnandi stefndu um bætur fyrir fjárhagstjón og miska vegna þeirra líkamsmeiðsla, er hann telur sig hafa orðið fyrir vegna umrædds slyss.

III.

Í skýrslu Hergeirs Kristgeirssonar rannsóknarlögreglumanns, sem liggur frammi í málinu, segir svo: „Húsið Háengi 2 er þriggja hæða fjölbýlishús í smíðum. Búið er að steypa húsið upp og verið að gera yfir það. Er þetta einn stigagangur af þremur í samfelldri byggingu, Háengi 2, 4 og 6, og hinn síðasti, sem gerður er. ... Svo sem áður segir, er húsið þrjár hæðir, og eru tveir stigar milli hæðanna, en pallur á milli. Hver stigi, sem er átta þrep, er steyptur sérstaklega og síðan felldur í gróp í plötunum. Þessir stigar eru

járnbundnir með tveimur „mottum“ af 6 mm stálteinum, sem eru með möskvastærð sem næst 15×15 sm.“

Samkvæmt gögnum málsins var smíði á stigum í umrætt fjölbýlishús, þar á meðal þess, sem hér um ræðir, þannig háttað, að í fyrstu var búið til sérstakt stálmót, sem stigarnir voru síðan steyptir í. Lá mótið á flötum grunni, þannig, að þrepin vísuðu niður. Í mótið var síðan komið fyrir járnmottu þeirri, sem lýst er hér að framan, og steypa því næst lögð í það.

Lögreglurannsókn fór á sínum tíma fram vegna slyss þess, sem hér er til umfjöllunar. Hafa rannsóknargögn verið lögð fram við meðferð málsins hér fyrir dómi. Rétt þykir að gera grein fyrir þeirri rannsókn að því marki, sem þýðingu hefur fyrir úrlausn málsins.

Stefnandi gaf skýrslu hjá lögreglu 17. september 1980. Er þar eftirfarandi m. a. bókað eftir honum: „Ég er búinn að vinna hjá Róbert Benediktssyni síðan fyrri hluta árs 1979. Hef ég unnið við byggingu fjölbýlishúsanna að Háengi 4 og 2. Skömmu eftir að ég hóf þarna störf, gerði ég steypt „plan“ til þess að steypa stigana í fjölbýlishúsinu á. Stálmót fyrir tröppurnar var síðan sett á þetta „plan“ og járn lögð þar í og síðan steypt. ... Ég setti sjálfur steypu í mótið einu sinni, en þá var búið að ganga frá járnunum í það, og ég veit ekki til þess, að til hafi verið teikning af því, hvernig þau ættu að vera, eftir að gerð var breyting á þeim frá upphaflegri teikningu. Ég varð fyrstur til þess að taka eftir tveimur sprungum í efsta stiganum og lét Róbert Benediktsson þá strax vita af því. Ég man ekki, hvenær það var, en það var skömmu áður en stiginn brotnaði. Það var strax talað um að setja undir stigann, og síðan átti að brjóta hann niður og steypa annan í hans stað. Þetta var ekki komið í verk, þegar óhappið varð sl. miðvikudag. ... Það skal tekið fram, að við vorum búnir að leggja tréstiga við hliðina á sprungna stiganum, til þess að ekki þyrfti að ganga eftir honum.“

Í framburðarskýrslu Sigþórs Haraldssonar, sem skráð er eftir honum strax sama dag og slysið varð, segir svo m. a.: „Ég er búinn að vinna hjá Róbert Benediktssyni síðan sl. vor og hef mikið unnið við bygginguna á Háengi 2. Í morgun var ég með Ármanni Ægi Magnússyni, og vorum við að klæða þakið undir járn. Fyrir nokkrum dögum urðum við varir við, að sprunga var komin í miðjan efsta stigann. Var sú sprunga á að giska 8 mm, þar sem hún var breiðust. Neðar í stiganum var önnur minni sprunga. Þær náðu alveg yfir stigann þveran. Þegar við vorum að fara niður um hádegið í dag, var ég aðeins á undan Ármanni Ægi. Þegar hann var í efsta stiganum, kallaði hann til mín að fylgjast með sprungunni. Ég var kominn niður á 2. hæð og horfði upp. Þá hoppaði hann í stiganum, og brotnaði hann og féll niður og braut næstu tvo stiga fyrir neðan.“

Í framburðarskýrslu Sigurjóns Skúlasonar, sem skráð er daginn eftir slysið, segir svo: „Til hagræðis og til þess að stigarnir snerust ekki, var tekið það ráð að steypa „plan“ undir mótið og steypa síðan stigana á hvolfi, þannig, að tröppurnar sneru niður. Það er nú auðséð, að þá hafa járnin færst til í steypunni, en þau voru fest til endanna. Virðast þau hafa hreyfst, strax eftir að komið var fram hjá fyrstu tröppu frá enda, og þá lagst niður undir kverkarnar. ... Skömmu eftir að stiginn var settur upp, kom í ljós sprunga yfir hann þveran, rétt um miðju. Róbert var búinn að biðja Ármann Ægi að setja stífu undir hann, en það hafði ekki komist í verk. Gæti ég trúað, að sprungan hafi verið hér um bil einn og hálfur sentímetri, þar sem hún var breiðust. Hægt var að koma fingri þar upp í.“

Á grundvelli bréfs ríkissaksóknara, dags. 30. desember 1980, var leitað umsagnar Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins um það m. a., hvort telja mætti hrun stiganna stafa að einhverju leyti af því, að forsteyptir stigar væru almennt ótraustir, og hvort og þá að hvaða leyti aðferð þeirri, sem notuð var við að steypa stigana, kynni að hafa verið áfátt. Í svarbréfi Hákonar Ólafssonar yfirverkfræðings segir m. a.: „Rétt hannaðir og útfærðir forsteyptir stigar veita almennt sama öryggi og steyptir stigar á staðnum. Ef mistök verða, eins og í umræddu tilviki, geta afleiðingarnar orðið alvarlegri, þar sem stigarnir hvíla aðeins á stigapöllum eða plötum til enda, en eru ekki fast tengdir þeim, og detta því niður, ef þeir brotna. Járnalögn og steypu stiganna hefur verið áfátt að því leyti, að rétt staðsetning járna var ekki tryggð. Skv. þeim gögnum, sem undirrituðum hafa borist, telur hann líklegt, að þegar steypt var í stigamótin á hvolfi, hafi járngrindin færst til og svignað niður. Hætta á þessu hefur aukist við það, að notuð voru 5–6 mm járn í stað 10 mm, eins og sýnt er á teikningu.“

IV.

Stefnandi telur stefndu Róbert og Guðjón bera fulla fébótaábyrgð á tjóni sínu. Ljóst sé, að þegar umrætt slys varð, hafi stefnandi verið að kanna ástand stigans. Fram komi í gögnum málsins, að járnalögn og steypu stiganna hafi verið áfátt að því leyti, að rétt staðsetning járna hafi ekki verið tryggð. Vísar stefnandi þar um til þess, að stigamót hafi verið á hvolfi, þegar steypt var í þau. Við það hafi járnagrindin færst til eða svignað niður. Sé það álit byggingarfróðra manna, að ástæða þess, að sprungur mynduðust í umræddum stiga, sé sú, að járnabindingar hafi ekki verið á réttum stað í steypunni. Við það að steypa í mótin á hvolfi hafi járnamottan færst inn að kverk hvers stigaþreps.

Þá er því haldið fram af hálfu stefnanda, að samkvæmt upphaflegum

teikningum hafi verið ákveðið, að í stigum skyldu vera 10 mm járn. Hins vegar hafi verið notuð 5–6 mm járn, svokallaðar stálmottur. Hafi það aukið hættuna á því, að járnabindingin svignaði undan steypunni og staðsetning járna í henni yrði þar með ekki rétt. Þá hafi þessi breyting á járnalögn ekki verið umreiknuð eða teiknuð sérstaklega, og úttekt á járnalögninni hafi ekki farið fram.

Eins og áður segir, var stefnandi eftir slysið fluttur á slysadeild Borgarspítalans í Reykjavík. Samkvæmt vottorði Grétars Guðmundssonar taugalæknis, dags. 6. janúar 1983, en þar er vitnað til læknabréfs frá skurðlækningadeild Borgarspítalans frá 17. september 1980, var stefnandi við komuna á Borgarspítalann vakandi og „áttaður", en kúgaðist og kastaði upp. Var hann með skrapsár yfir hægra gagnauga, og þar og niður á hægri kinn var stórt mar. Þá var hann marinn á víð og dreif á útlimum, sérstaklega á vinstri öxl, og geysimikið mar var á vinstri hendi. Ekki fundust merki um skaða á taugakerfi. Röntgenmyndir af höfði, hálsliðum og vinstri öxl sýndu ekki brot. Röntgenmyndir af vinstri hendi sýndu mikla mjúkpartabólgu og hálfmánalagaðan beinflaska. Röntgenmyndir af andlitsbeinum sýndu aukna þéttingu í hægri kjálkaholu, sem talin er stafa af blæðingu í kjálkaholuna. Þó sáust ekki merki um brot á andlitsbeinum. Í vottorði þessu kemur fram, að stefnandi hafi að flestu leyti náð sér fljótt og vel eftir slysið með þeirri undantekningu, að eftir slysið hafi hann nánast haft stöðugan höfuðverk. Hafi þessi höfuðverkur verið þrálátastur á áverkastaðnum hægra megin, en stundum í öllu höfðinu, og hindrað stefnanda í vaxandi mæli í starfi og félagslífi. Að áliti læknisins er augljóst samband á milli höfuðáverka þess, er stefnandi varð fyrir við umrætt slys, og þessara höfuðkvala.

Þá liggur frammi í málinu vottorð, sem skráð er af Grétari Guðmundssyni lækni 20. apríl 1989. Þar kemur fram, að stefnandi hafi að mestu náð sér vel eftir umrætt slys, ef frá sé talinn „króníski", breytilegur, en oft mjög slæmur höfuðverkur, sem sé verstur og þrálátastur hægra megin í höfði framan til. Margs konar meðferð hafi ekki borið árangur. Tölvusneiðmyndir frá árunum 1984 og 1988 sýni æxlisvöxt í höfði hægra megin framan til, miðlægt, neðan og aftan við auga. Í vottorði þessu segir enn fremur, að mjög ýtarleg mjúkvefjameinafræðileg rannsókn í fjórum löndum á vefjasýnum frá æxlinu bendi til þess, að æxlisvöxturinn sé líklegast afleiðing áverka, þó að það sé engan veginn fullsannað. Þessi veikindi hafi haft mikil áhrif á daglegt líf stefnanda og fjölskyldu hans, bæði vinnu og tómstundir. Lokaniðurstaða Grétars Guðmundssonar læknis í vottorði þessu er sú, að þau einkenni, sem rakin hafa verið hér að framan og byrjuðu eftir slysið 10. september 1980, séu af völdum æxlis, sem líklega sé af völdum áverka, og

þá langlíklegast, að sá áverki hafi hlotist af höfuðhöggi, sem stefnandi varð fyrir við greint vinnuslys, enda hafi greinileg áverkamerki verið hægra megin á og í höfði strax eftir slysið samkvæmt skoðun læknis og röntgenlýsingu. Hvað varði frumugerð, sé um góðkynja æxli að ræða, en staðsetning þess sé afleit og hindri lækningu.

Samkvæmt greinargerð Gylfa Ásmundssonar sálfræðings, dags. 23. mars 1983, mælast veilur í skapgerð stefnanda og einkenni um taugaveiklun. Tekið er fram, að ekki sé hægt að sýna fram á bein tengsl við slysið, en hugsanlegt sé, að greind einkenni hafi magnast af þess völdum.

Samkvæmt örorkumati Björns Önundarsonar læknis, dags. 30. júní 1989, telst stefnandi hafa verið 100% öryrki í fjóra mánuði eftir slysið, síðan 75% öryrki næstu fimm mánuði, en síðan 50% varanlegur öryrki. Samkvæmt örorkumati Björns Önundarsonar frá 18. apríl 1983 var varanleg örorka stefnanda hins vegar metin 15%. Jón Erlingur Þorláksson tryggingastærðfræðingur hefur reiknað út örorkutjón stefnanda. Er þar stuðst við örorkumat Björns Önundarsonar frá 30. júní 1989 og eitt skattframtal, en jafnframt tekið fram, að samkvæmt beiðni lögmanns stefnanda hafi við örorkutjónsútreikning verið lagt til grundvallar, að stefnandi væri sveinn í trésmíði. Með hliðsjón af þessu eru tekjur stefnanda áætlaðar jafnar meðaltekjum iðnaðarmanna. Nemur örorkutjón stefnanda samkvæmt útreikningi Jóns Erlings 4.086.000 krónum.

Þá krefur stefnandi stefndu Róbert og Guðjón um miskabætur, að fjárhæð 700.000 krónur.

Viðurkenndur er frádráttur, að fjárhæð 123.125,60 krónur, vegna greiðslna úr atvinnuslysatryggingu, sem stefnandi fékk 18. maí 1983 og 12. desember 1989.

Stefnukrafa málsins er allmiklu hærri en nemur útreikningi á fjárhagslegu tjóni stefnanda að viðbættum miskabótum. Styður stefnandi þá tilhögun við 45. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Er þar höfð í huga möguleg hækkun á kröfu stefnanda í samræmi við endurútreiknað fjárhagslegt tjón hans eða nýtt örorkumat, eins og það kann að verða undir rekstri málsins hér fyrir dómi og Hæstarétti, ef til þess kemur.

Um lagarök vísar stefnandi til IV. kafla laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Krafa stefnanda um málskostnað styðst við 1. mgr. 177. gr. laga nr. 85/1936. Um vaxtakröfu vísar stefnandi til ákvæða vaxtalaga, einkum 10. og 12. gr.

Stefndu reisa sýknukröfu sína á því í fyrsta lagi, að stefnandi sjálfur verði að teljast bera fulla ábyrgð á slysinu vegna eigin sakar, enda verði slysið einungis rakið til atferlis hans sjálfs. Með öllu hafi verið óverjandi af stefn-

anda, sem sé lærður trésmiður, að ganga út á steyptu þrepin og hoppa í þeim til að kanna, hvað þau þyldu. Fyrir hafi legið, að öll umferð um stigann væri bönnuð og að reistur hefði verið sérstakur tréstigi fyrir starfsmenn til að nota í stað hins steypta.

Þá sé til þess að líta, að stefnandi hafi ekkert erindi átt út á stigann, þegar slysið varð; honum hafi ekki verið falið að kanna styrk stigans, sem féll, heldur virðist sem stefnanda hafi sjálfum dottið í hug að kanna það, þegar hann átti leið þarna um í hádegismat. Stefnandi hafi vitað eða mátt vita, að stiginn væri stórhættulegur og vítavert að ganga út á hann til að prófa, hvað hann þyldi, án þess að gera fyrst fullnægjandi öryggisráðstafanir til að koma í veg fyrir, að slys hlytist af. Stefnandi hafi samkvæmt þessu sýnt af sér svo stórfellt gáleysi, þegar slysið varð, að fébótaábyrgð á slysinu verði hann sjálfur að bera óskipt.

Þá er því haldið fram af hálfu stefndu, að fyrir liggi samkvæmt fram lögðum læknisvottorðum, að ekki sé beint og óyggjandi samband milli slyssins og afleiðinga þess, þótt líkur á því séu nokkrar.

Loks er krafa um sýknu á því reist, að í stefnu sé málsókn beint gegn öllum stefndu, en þar sé því hins vegar haldið fram, að stefnandi hafi starfað hjá Róbert Benediktssyni persónulega. Þessu sé aftur breytt í greinargerð, og sé stefndi þar talinn hafa starfað hjá R. Benediktssyni sf. Með málshöfðun, sem í stefnu sé grundvölluð á því, að stefnandi hafi unnið hjá Róbert Benediktssyni einum, sé óhugsandi, að stefnandi eigi lögvarða kröfu á hendur stefndu, þar sem stefnandi hafi í raun starfað hjá annarri lögpersónu. Beri af þessari ástæðu að sýkna alla stefndu.

Af hálfu stefndu er vaxtakröfu stefnanda sérstaklega mótmælt. Umrætt slys hafi orðið fyrir rétt tæpum tíu árum og stefna birt um það bil einum mánuði áður en bótakröfur fyrntust. Einungis sé hægt að krefjast vaxta, frá því er stefna var birt, en eldri vextir séu fyrndir.

V.

Við aðalmeðferð máls þessa gáfu skýrslur fyrir dómi stefnandi, stefndi Róbert Benediktsson, Sigþór Haraldsson húsasmiður, Sigurjón Skúlason trésmiður og Sigurjón Erlingsson múrarameistari.

Í skýrslu stefnanda kom fram, að hann hefði vitað um umrædda sprungu. Stiginn hafi hins vegar verið genginn eftir sem áður, og talsverður efnisflutningur hafi verið um hann. Þá kvaðst stefnandi sjálfur hafa sett tréstiga við hlið sprungna stigans. Það hafi hann gert að eigin frumkvæði. Spurður kvaðst stefnandi minnast þess, að vinnufélagar sínir hefðu sagt sér, að hann hefði hoppað í stiganum í umrætt sinn. Sjálfum fannst honum hins vegar ólíklegt, að hann hefði gert það.

Stefndi Róbert Benediktsson hélt því fram fyrir dómi, að hann hefði bannað allan umgang um stigann, eftir að sprungan uppgötvaðist. Það bann hefði náð til stefnanda eins og annarra starfsmanna. Þá kvaðst stefndi ekki hafa trú á, að stiginn hefði verið genginn eftir þetta.

Vitnið Sigurjón Skúlason segir í skýrslu sinni fyrir dómi, að menn hafi verið farnir að efast um þennan stiga og hætta hafi stafað af honum. Annar stigi, tréstigi, hafi því verið settur við hlið sprungna stigans. Þá kvaðst vitnið hafa heyrt talað um það, að stefnandi hefði hoppað í stiganum skömmu áður en hann hrundi.

Vitnið Sigþór Haraldsson sagði fyrir dómi, að umrætt sinn hefði stefnandi gengið út á hinn sprungna stiga með það í huga að kanna styrk hans. Kvaðst vitnið ekki hafa séð til stefnanda, og það sé rangt, sem skráð hafi verið eftir því við rannsókn málsins hjá lögreglu, að stefnandi hafi hoppað í stiganum. Vitnið hefði að minnsta kosti ekki séð það. Hins vegar kemur fram hjá vitninu, að það telji stefnanda hafa sagt, að hann ætlaði að „dúa sér í stiganum".

Ekki þykir ástæða til að rekja frekar framburð aðila og vitna fyrir dómi.

VI.

Stefnandi máls þessa lauk námi í trésmíði árið 1974 eða 1975. Hann var 28 ára, þegar hann varð fyrir slysi því, sem hér er um fjallað.

Því er áður lýst, hvernig staðið var að smíði og uppsetningu stiga í umræddu fjölbýlishúsi. Telja verður, að stefnanda hafi verið kunnugt um, hvernig því verki var háttað. Við smíði þess stiga, sem hér um ræðir, urðu að líkindum þau mistök, að rétt staðsetning járnalagnar var ekki tryggð. Verður að telja þá missmíði meginorsök þess, að sprunga, sem samkvæmt gögnum málsins var um það bil 1 cm á breidd, myndaðist eftir stiganum þverum. Stefnandi vissi um þessa sprungu. Þrátt fyrir þá vitneskju hans og annarra starfsmanna bendir margt til þess, að um stigann hafi verið gengið, eftir að sprungan uppgötvaðist, en menn greinir þó á um þetta atriði. Allt um það er ljóst, að fyrirhugað var að slá undir stigann, og skyldi hann síðan brotinn niður. Þá er upplýst, að áður en slysið varð, hafi tréstiga verið komið fyrir við hlið sprungna stigans.

Fyrir liggur, að umrætt sinn gekk stefnandi út á hinn sprungna stiga í því skyni að kanna ástand hans. Þegar gögn málsins eru virt, þykir bera að leggja til grundvallar við úrlausn þess, að við þessa athugun sína hafi stefnandi viðhaft einhverja þá aðferð, sem ekki gat talist forsvaranleg, svo sem á stóð. Stefnandi hefur sjálfur skýrt svo frá, að hann hafi ekki haft með höndum verkstjórn á vinnusvæðinu. Þá hafi honum ekki verið falið þetta verkefni af byggingameistara hússins eða starfsmanni hans. Verður umrætt slys í

öllum meginatriðum rakið til athafnar stefnanda, sem talin verður óþörf og utan við starfsskyldur hans.

Þegar litið er til þess, sem rakið hefur verið hér að framan, þykir stefnandi eiga slíka sök á því slysi, sem þarna varð, að hann verði að bera tjón sitt sjálfur. Verða stefndu því sýknaðir af dómkröfum stefnanda í málinu.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Allur gjafsóknarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns stefnanda, Arnmundar Backman hæstaréttarlögmanns, sem ákveðast 200.000 krónur.

Þorgeir Ingi Njálsson, settur héraðsdómari, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Róbert Benediktsson og Guðjón Jónsson persónulega og vegna R. Benediktssonar sf., eru sýknaðir af dómkröfum stefnanda, Ármanns Ægis Magnússonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Allur gjafsóknarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns stefnanda, Arnmundar Backman hæstaréttarlögmanns, 200.000 krónur.

Fimmtudaginn 2. mars 1995.

Nr. 434/1992. **Gleipnir hf.**
(Magnús Guðlaugsson hrl.)
gegn
Kjarnafæði hf.
(Árni Pálsson hrl.)

Þinglýsing. Fasteign. Veðréttindi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. desember 1992. Hann krefst sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Í máli þessu gerir stefndi þá kröfu, að áfrýjanda verði gert að þola viðurkenningardóm þess efnis, að réttur stefnda samkvæmt kaupsamningi við Byggingarfélagið hf. um fasteignina Þverholt 30, íbúð merkta 0501, Reykjavík, sem móttekinn var til þinglýsingar 27. desember 1988, gangi framar rétti áfrýjanda samkvæmt þremur veðskuldabréfum, út gefnum af Byggingarfélaginu hf. til Hf. Ölgerðar Egils Skallagrímssonar, sem móttekin voru til þinglýsingar 25. júní 1985.

Veðskuldabréf þessi voru tryggð meðal annars með 1. veðrétti í fasteigninni nr. 20 við Þverholt í Reykjavík. Hinn 11. mars 1987 var fasteignin nr. 20 við Þverholt, „þ. e. húseignin ásamt tilheyrandi lóðarréttindum“, leyst úr veðböndum og þau afmáð af fasteigninni. Þremur mánuðum síðar, 9. júní 1987, var þinglýst yfirlýsingu byggingarfulltrúans í Reykjavík, þar sem fram kemur, að fasteigninni nr. 20 við Þverholt hafði verið skipt upp í fasteignirnar nr. 20 til 32 við sömu götu. Fram til þess tíma hafði eignin verið skráð í veðmálaskrá borgarfógetaembættisins í Reykjavík sem nr. 20 við Þverholt.

Við þessa skiptingu fékk hver fasteign sérstakt blað í veðmálaskrá, án þess að veðskuldar við Hf. Ölgerðina Egil Skallagrímsson væri þar getið. Af gögnum málsins verður ekki annað séð en veðbandslausnin 11. mars 1987 hafi átt að ná til allrar fasteignarinnar nr. 20 við Þverholt. Ber að fallast á það með héraðsdómara, að hún hafi verið leyst úr veðböndum þann dag.

Kaupsamningi stefnda var þinglýst 27. desember 1988 án athugasemda, og í honum var ekki getið um framangreind veðskuldabréf. Því er ómótmælt af hálfu áfrýjanda, að veðskuldabréfanna hafi ekki verið getið í veðbókarvottorði frá þeim tíma.

Í ljós er leitt, að þinglýsingardómari tók síðar þá ákvörðun að færa hin umdeildu veðskuldabréf inn á eign stefnda, eftir að „fram kom sú staðhæfing af hálfu veðhafa, að með „fasteigninni nr. 20 við Þverholt“ í veðbandslausninni frá 11. 3. 1987 væri aðeins átt við þann hluta heildareignarinnar, sem svo væri auðkenndur skv. hinni nýju lóðarskráningu, þ. e., að veðbréfin, sem eftir væru, hvíldu enn á nr. 22, 24, 26, 28, 30 og 32 við Þverholt“, eins og segir í bréfi borgarfógeta til lögmanns stefnda 5. mars 1990. Þessi úrlausn þinglýsingardómara var dómsathöfn samkvæmt þágildandi þinglýsingalögum nr. 39/1978 reist á 27. gr. laganna. Mátti kæra úrlausnina til Hæstaréttar samkvæmt 3. gr. laganna, en það var ekki gert. Stefnda var ekki tilkynnt þessi ákvörðun þinglýsingardómara, eins og skylt var samkvæmt 1. mgr. 27. gr. þinglýsingalaga, og fékk hann ekki vitneskju um hana fyrr en í janúar 1990.

II.

Stefndi reisir kröfu sína á 18. gr. laga nr. 39/1978. Við mat á skilyrðum hennar ber að hafa í huga hin nánu tengsl útgefanda og framsalshafa veðskuldabréfanna, sem hér um ræðir. Þau voru upphaflega gefin út af Byggingarfélaginu hf. til Hf. Ölgerðarinnar Egils Skallagrímssonar 20. júní 1985. Hinn 19. desember 1989 framseldi Ölgerðin bréfin til Kaupgarðs hf., sem framseldi þau degi síðar, 20. desember 1989, til áfrýjanda máls þessa. Sömu menn voru í stjórn Byggingarfélagsins hf., Kaupgarðs hf. og Gleipnis hf.

Samkvæmt upphafsmálslið 18. gr. laga nr. 39/1978 er unnt að beita henni í þrenns konar tilvikum, sem þar eru nánar tilgreind. Fallast ber á það með stefnda, sbr. 3. mgr. 38. gr. laganna, að atvik í máli

þessu geti átt þar undir, en kaupsamningur stefnda var færður í þinglýsingabók á undan veðskuldabréfunum, sem þinglýsingardómari kvað á um, að hefðu verið ranglega afmáð og hefðu borist til þinglýsingar fyrr. Þá er og fullnægt þeim skilyrðum 18. gr., að réttur stefnda styðjist við samning og stefndi hafi verið grandlaus um réttindi áfrýjanda, þegar hann fékk kaupsamningi sínum þinglýst.

Samkvæmt A-lið 18. gr. er það enn fremur skilyrði fyrir því, að unnt sé að taka kröfu stefnda til greina, að honum væri bakað óverðskuldað tjón, ef réttur hans yrði látinn þoka fyrir rétti áfrýjanda. Með framangreindum kaupsamningi keypti stefndi 5 herbergja íbúð, tilbúna undir tréverk, sem afhenda skyldi í maí 1989. Umsamið kaupverð var 6.100.000 krónur. Stefndi hefur ekki fengið íbúðina afhenta, en hefur greitt 5.392.682 krónur af kaupverðinu. Íbúðinni hefur ekki enn verið komið í umsamið horf. Ljóst er, að stefndi treysti á réttmæti þinglýstra heimilda og ákvæði kaupsamningsins og hefði aldrei keypt íbúðina, ef honum hefði verið kunnugt um, að hin umdeildu veðskuldabréf hvíldu á eigninni, en þau námu með vöxtum og kostnaði 57.499.654,10 krónum samkvæmt innheimtubréfi lögmanns áfrýjanda 31. ágúst 1991. Stefndi verður því fyrir óverðskulduðu tjóni í skilningi A-liðar 18. gr. laga nr. 39/1978, ef réttindi hans samkvæmt kaupsamningnum verða látin víkja fyrir réttindum, sem áfrýjandi nýtur samkvæmt veðskuldabréfunum. Samkvæmt framansögðu verður að telja, að tjónið yrði stefnda, ef hann þyrfti að vægja, miklum mun bagalegra en áfrýjanda, svo að einnig er fullnægt skilyrði B-liðar 18. gr. laganna.

Hinn áfrýjaði dómur er því staðfestur.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, svo sem í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Gleipnir hf., greiði stefnda, Kjarnafæði hf., 200.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 27. nóvember 1992.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 9. október sl., var höfðað með stefnu, birtri 8. janúar 1992.

Stefnandi er Kjarnafæði hf., kt. 581289-1899, Fjölnisgötu 1, Akureyri.

Stefndi er Gleipnir hf., kt. 490288-2019, Tjaldanesi 17, Garðabæ.

Stefnandi gerir þær dómkröfur, að stefnda verði gert að þola viðurkenningardóm um, að réttur stefnanda samkvæmt ódagsettum kaupsamningi um fasteignina Þverholt 30, íbúð merkta 0501, Reykjavík, sem móttekinn var til þinglýsingar 27. desember 1988, gangi framar rétti stefnda samkvæmt þremur veðskuldabréfum, út gefnum 20. júní 1985 af Byggingarfélaginu hf. til Hf. Ölgerðar Egils Skallagrímssonar, að fjárhæð 3.000.000 kr., og tveimur, að fjárhæð 4.000.000 kr., sem móttekin voru til þinglýsingar 25. júní 1985.

Þá er þess krafist, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað [...].

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til þess að greiða sér málskostnað [...].

II.

Málavextir eru þeir helstir, að með kaupsamningi frá desember 1985 keypti Kjarnafæði hf. íbúð í fjölbýlishúsinu að Þverholti 30, merkta 0501, af Byggingarfélaginu hf. Fjölbýlishús þetta gekk jafnan undir nafninu „Egilsborgir". Kaupverð var 6.100.000 kr., sem greiða skyldi m. a. með því, að kaupandi tæki að sér að greiða áhvílandi veðskuldir á eigninni. Í kaupsamningi kemur fram, að þar sé um að ræða tvö aðfararveð, annað hvílandi á 1. veðrétti til Kaupþings hf. og hitt á 2. veðrétti til Gúmmívinnustofunnar hf. Kaupsamningi þessum var þinglýst á eignina án athugasemda 27. desember 1988. Veðskuldir þessar eru nú uppgreiddar og hefur verið aflétt af eigninni.

Í upphafi árs 1990 varð Byggingarfélagið hf. gjaldþrota, og tók Kaupgarður hf. við öllum byggingarframkvæmdum félagsins við „Egilsborgir". Skömmu síðar fengu aðstandendur Kjarnafæðis hf. vitneskju um, að áhvílandi væru veð á umræddri íbúð vegna veðskuldabréfa til Hf. Ölgerðar Egils Skallagrímssonar.

Af hálfu Kjarnafæðis hf. var gerð krafa um það til veðhafa, að veðskuldabréfum þessum væri aflétt af eigninni. Þeirri kröfu var einnig beint til borgarfógetaembættisins í Reykjavík, þar sem litið var svo á af sama aðila, að mistök hefðu orðið af hálfu embættisins.

Með bréfi borgarfógetaembættisins, dags. 5. mars 1990, til lögmanns stefnanda, þar sem aðdragandi málsins er rakinn, segir m. a., að 25. júní

1985 hafi verið þinglýst sex veðskuldabréfum til Hf. Ölgerðar Egils Skallagrímssonar með veði í fasteigninni nr. 20 við Þverholt og fasteigninni nr. 35 við Rauðarárstíg. Hinn 4. mars 1987 hafi verið þinglýst afsali, þar sem Hf. Ölgerð Egils Skallagrímssonar selur og afsalar til Byggingarfélagsins hf. fasteignunum nr. 20 við Þverholt og nr. 35 við Rauðarárstíg.

Hinn 11. mars 1987 hafi verið þinglýst veðbandslausn, dagsettri sama dag, þar sem fasteignin nr. 20 við Þverholt var leyst úr veðböndum. Um þetta segir svo í bréfinu: „Eins og sjá má af meðfylgjandi ljósriti af blaði því í veðmálaskrá, sem þá var notað (og hafði verið notað árum saman) fyrir fasteignina nr. 20 við Þverholt, var umræddum veðbréfum aflýst af fasteign þessari og ekki annað vitað en í veðbandslausninni væri átt við alla þá fasteign, sem gengið hafði undir þessu nafni í bókum hér.

Hinn 9. 6. 1987 er þinglýst yfirlýsingu byggingarfulltrúans í Reykjavík, þar sem fram kemur, að búið er að skrá hjá borginni heildarlóð, sem heitir nr. 35, 37, 39 og 41 við Rauðarárstíg og nr. 20, 22, 24, 26, 28, 30 og 32 við Þverholt. Varðandi áðurnefnda veðbandslausn var staðan skilin þannig hér við embættið, að það, sem áður hét nr. 20 við Þverholt, svaraði til þeirra hluta heildareignar, sem nú voru auðkenndir sem nr. 20, 22, 24, 26, 28, 30 og 32 við Þverholt, og þegar heildareignin var endurbókuð á ný blöð í veðmálaskrá (sem ég veit ekki nákvæmlega, hvenær gerðist), voru því umrædd veðbréf ekki færð á þá hluta, sem svo voru auðkenndir.

Hinn 22. 9. 1987 var þinglýst eignaskiptayfirlýsingu um „Egilsborgir", þar sem fram kemur nánari lýsing og skipting heildareignarinnar, og sama dag er þinglýst veðbandslausn fyrir Rauðarárstíg 41.

Tveimur umræddra bréfa (25279/85 og 25280/85) hefur verið aflýst af heildareigninni.

Þannig stóðu málin haustið 1988, þegar fram kom sú staðhæfing af hálfu veðhafa, að með „fasteigninni nr. 20 við Þverholt" í veðbandslausninni frá 11. 3. 1987 væri aðeins átt við þann hluta heildareignarinnar, sem svo væri auðkenndur skv. hinni nýju lóðarskráningu, þ. e., að veðbréfin, sem eftir væru, hvíldu enn á nr. 22, 24, 26, 28, 30 og 32 við Þverholt. Var þá til bráðabirgða bókaður fyrirvari um veðböndin á þessa hluta (nr. 22–32 við Þverholt). Var síðan unnið að því að upplýsa málið, og er sýnt þótti, að staðhæfing veðhafa væri rétt, voru veðböndin endanlega bókuð á umræddu hluta heildareignar, en jafnframt unnið að því bæði innan embættis og utan, að þau yrðu leyst af, eftir því sem sanngirni mælti með slíku. ..."

Með bréfi sama aðila, dags. 28. febrúar 1991, er hafnað kröfu lögmanns stefnanda um að aflýsa bréfunum. Þar er vísað til fyrra bréfs um efnið. Síðan segir: „Bréfin hafa því í raun hvílt frá upphafi m. a. á umræddri íbúð, þótt fallið hafi niður að geta þeirra í veðbókarvottorðum, sem gefin hafa

verið út, meðan áðurnefnds misskilnings gætti. Kaupsamningnum við Kjarnafæði hf., þar sem einnig féll niður að geta um bréfin, var þinglýst 27/12 1988, en bréfunum var þinglýst 25/6 1986, og hafa þau því forgang. Með hliðsjón af framansögðu tel ég það ekki á valdi embættisins að aflýsa bréfunum án atbeina veðhafa." Undir bæði þessi bréf ritar Sigurður Sveinsson borgarfógeti.

Stefndi hefur nú krafið stefnanda um greiðslu á veðskuldabréfunum og farið fram á nauðungaruppboð á íbúð stefnanda á grundvelli þeirra, en stefnandi tók við réttindum og skyldum Kjarnafæðis hf. í janúar 1990.

Stefnandi styður rétt sinn aðallega við 18. og 19. gr. laga nr. 39/1978. Stefnandi hafi haft undir höndum veðbókarvottorð af íbúðinni að Þverholti 30, þegar kaupsamningur var gerður. Þar hafi umrædd veðskuldabréf ekki komið fram. Þinglýsing kaupsamningsins án athugasemda sýni ótvírætt, að veðskuldabréf stefnanda hafi ekki hvílt á eigninni í lok desember 1988 og stefnandi verið grandalaus um, að sú hafi verið raunin. Telur stefnandi, að sér yrði bakað óverðskuldað tjón og það leiddi til verulegrar röskunar á þinglýstum réttindum sínum, ef núverandi ástand yrði látið standa óhaggað.

Stefndi reisir kröfur sínar einkum á aðildarskorti skv. 45. gr. laga nr. 85/1936. Þannig sé ljóst, eins og stefndi byggir kröfur sínar, að annaðhvort borgarfógetaembættið í Reykjavík eða Hf. Ölgerð Egils Skallagrímssonar hafi bakað honum óverðskuldað tjón. Ekki sé unnt að gera stefnda, sem sé grandalaus framsalshafi veðskuldabréfanna, ábyrgan, þótt mistök hafi verið gerð hjá borgarfógetaembættinu í Reykjavík. Stefndi eigi því að beina kröfum sínum að því embætti til að fá fram leiðréttingu mála sinna.

Þá sé vandséð, hvernig stefnandi geti byggt rétt sinn á 18. og 19. gr. laga nr. 39/1978. Ef litið sé á málavaxtalýsingu stefnanda, megi telja, að eina skjalið, sem ranglega hafi verið fært í þinglýsingabækur, sé kaupsamningur Kjarnafæðis hf. Það skjal samrýmist ekki eldri þinglýstum rétti samkvæmt veðskuldabréfum þeim, sem hér um ræðir og sannanlega bárust fyrr til þinglýsingar og voru innfærð á eignina. Engu af skilyrðum 18. og 19. gr. laga nr. 39/1978 sé því fullnægt.

Hvergi í málatilbúnaði stefnanda séu færð nein rök fyrir því, að stefndi hafi neitt gert á hluta stefnanda, eða með neinum hætti rökstutt, hvers vegna stefnandi ætti að fá dóm á hendur stefnda um þau atriði, er hann krefst. Ljóst sé því, að sýkna beri stefnda af öllum kröfum stefnanda.

III.

Niðurstaða.

Hf. Ölgerð Egils Skallagrímssonar var eigandi sex veðskuldabréfa, sem öll voru út gefin 20. júní 1985 af Byggingarfélaginu hf. Veðskuldabréf þessi,

samtals að fjárhæð 29.000.000 kr., voru tryggð með 1. veðrétti í fasteigninni nr. 20 við Þverholt í Reykjavík og 4. veðrétti í fasteigninni nr. 35 við Rauðarárstíg í Reykjavík. Þrjú þessara veðskuldabréfa, samtals að fjárhæð 11.000.000 kr., hvíla nú á 1. veðrétti á íbúð stefnanda í húsinu nr. 30 við Þverholt samkvæmt veðbókarvottorði um eignina, dags. 9. nóvember 1992, er frammi liggur í málinu.

Hinn 11. mars 1987 gaf Hf. Ölgerðin Egill Skallagrímsson út veðbandslausn fyrir fasteignina nr. 20 við Þverholt í Reykjavík. Var þess óskað, að nefnd fasteign, þ. e. húseignin ásamt tilheyrandi lóðarréttindum, yrði leyst úr veðböndum og þau afmáð af fasteigninni.

Þegar veðbandslausn þessari var þinglýst sama dag, hafði fasteigninni nr. 20 við Þverholt ekki verið skipt, eftir því sem séð verður af gögnum málsins. Af því leiddi, að veðbandslausnin náði til allrar hinnar upphaflegu fasteignar nr. 20 við Þverholt, og þar sem Hf. Ölgerðin Egill Skallagrímsson var þá handhafi veðskuldabréfanna og veðbandslausnarinnar var getið á þeim, svo sem áskilið er í 2. mgr. 39. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978, var öll fasteignin nr. 20 við Þverholt leyst úr veðböndum 11. mars 1987.

Eftir því sem gögn málsins sýna, var það við þinglýsingu yfirlýsingar 9. júní 1987, að fasteigninni nr. 20 við Þverholt var skipt upp í fasteignirnar nr. 20 til 32 við sömu götu. Við það fékk hver fasteign sérstakt blað í fasteignabók, án þess að veðskuldar við Hf. Ölgerðina Egil Skallagrímsson væri þar getið. Stefndi öðlaðist umrædd veðskuldabréf með framsali 20. desember 1989.

Stefnandi er eigandi íbúðar 0501 í húsinu nr. 30 við Þverholt samkvæmt kaupsamningi. Kaupsamningi þessum var þinglýst án athugasemda 28. desember 1988, og í honum var ekki getið um hin umdeildu veðskuldabréf. Eftir því sem upplýst er í málinu, tók þinglýsingardómari þá ákvörðun að færa þau inn á eign stefnanda, eftir að staðhæfing hafði komið fram um það frá veðhafa, að með veðbandslausninni hefði eingöngu verið átt við þann hluta heildareignarinnar, sem auðkenndur var nr. 20 eftir skiptinguna.

Ekki verður séð, á hvaða lagaheimild þinglýsingardómari reisti fyrrgreinda ákvörðun sína. Ekki verður heldur séð af gögnum málsins, að þinglýstum eiganda eignarinnar samkvæmt kaupsamningi hafi verið tilkynnt þessi ákvörðun, svo sem skylt var samkvæmt 1. mgr. 27. gr. laga nr. 39/1978, en ljóst mátti vera, að sá aðili hafði keypt eignina án þessara kvaða.

Það er niðurstaða réttarins, að sú ákvörðun þinglýsingardómara að færa umrædd veðskuldabréf inn á blað fasteignar stefnanda hafi, eins og á stóð, ekki samrýmst þeim rétti, er stefnandi öðlaðist með þinglýsingu kaup-

samnings um fasteignina nr. 30 við Þverholt. Fengi sú ákvörðun að standa óhögguð, myndi það leiða til óverðskuldaðs tjóns fyrir hann í skilningi 18. gr. laga nr. 39/1978, en fallast má á það með stefnanda, að sú grein geti átt við um tilvik það, sem hér er til úrlausnar.

Þar sem það er mat réttarins, að skilyrðum 18. gr. laga nr. 39/1978 sé að öðru leyti fullnægt, þykir rétt, að veðskuldabréf þessi víki fyrir rétti stefnanda. Ber samkvæmt því að taka til greina þá viðurkenningarkröfu stefnanda, að réttur hans samkvæmt kaupsamningnum gangi framar rétti veðhafa samkvæmt hinum umræddu veðskuldabréfum.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Valtýr Sigurðsson héraðsdómari, sem farið hefur með málið frá 17. júlí 1992, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Viðurkennt er, að réttur stefnanda, Kjarnafæðis hf., samkvæmt ódagsettum kaupsamningi um fasteignina Þverholt 30, íbúð merkta 0501, Reykjavík, sem móttekinn var til þinglýsingar 27. desember 1988, gangi framar rétti stefnda, Gleipnis hf., samkvæmt þremur veðskuldabréfum, út gefnum 20. júní 1985 af Byggingarfélaginu hf. til Hf. Ölgerðar Egils Skallagrímssonar, að fjárhæð samtals 11.000.000 kr., áhvílandi á 1. veðrétti fasteignarinnar.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 2. mars 1995.

Nr. 501/1994. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Ágústi Liljan Sigurðssyni
(Sigurður Georgsson hrl.)

Bifreiðar. Ölvunarakstur. Akstur án réttinda. Refsiákvörðun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir og Pétur Kr. Hafstein.

Ákærði óskaði áfrýjunar á máli þessu til lækkunar á refsingu. Af hálfu ákæruvalds var þá málinu einnig áfrýjað. Stefna var út gefin 16. desember 1994. Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar á ákvörðun héraðsdóms um refsingu og önnur viðurlög.

Í héraðsdómi kemur fram, að ákærði var undir verulegum áfengisáhrifum, þegar akstur hans var stöðvaður, í bæði þau skipti, sem getið er í ákæru. Hann hefur margsinnis verið dæmdur fyrir að aka bifreið réttindalaus og undir áhrifum áfengis. Samkvæmt þeim sjónarmiðum, sem fram koma í 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, einkum 1. og 3. lið, sbr. og 72. gr. sömu laga, ber að staðfesta refsiákvörðun hins áfrýjaða dóms með vísan til forsendna hans.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun máls þessa, svo sem nánar er greint í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Ákærði, Ágúst Liljan Sigurðsson, greiði allan kostnað af áfrýjun máls þessa, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigurðar Georgssonar hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 16. nóvember 1994.

Ár 1994, miðvikudaginn 16. nóvember, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Sverri Einarssyni

héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 785/1994: Ákæruvaldið gegn Ágústi Liljan Sigurðssyni, sem tekið er til dóms samdægurs.

Málið er höfðað fyrir dóminum með ákæruskjali lögreglustjórans í Reykjavík, dagsettu 7. nóvember sl., á hendur ákærða, Ágústi Liljan Sigurðssyni, Austurbergi 28 í Reykjavík, kt. 021164-4889.

Í ákærunni segir, að málið sé höfðað á hendur ákærða:

„I. Fyrir að aka bifreiðinni A-11455 föstudaginn 11. mars 1993 undir áhrifum áfengis og sviptur ökurétti um Víðigrund og Öldustíg á Sauðárkróki.

II. Fyrir að aka bifreiðinni A-11455 að kvöldi föstudagsins 29. apríl 1994 undir áhrifum áfengis og sviptur ökurétti um bifreiðastæði við Búnaðarbanka Íslands við Rauðarárstíg og spölkorn út á götuna.

Telst þetta varða við 1., sbr. 3. mgr. 45. og 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til sviptingar ökuréttar skv. 101. og 102. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. 25. og 26. gr. laga nr. 44/1993".

Við þingfestingu málsins hefur ákæruvaldið leiðrétt ártalið í fyrri lið ákæru, en það á að vera 1994, en ekki 1993. Þá er ætlað brot ákærða í II. lið framið í Reykjavík.

Með skýlausri játningu ákærða, sem er í samræmi við annað, sem fram er komið í málinu, er sannað, að hann hefur framið brot þau, sem honum eru gefin að sök og eru rétt færð til refsiákvæða í ákæru, en magn alkóhóls mældist í blóði ákærða í fyrra skiptið 2,49‰ og í síðara skiptið 2,76‰. Fyrrgreindar leiðréttingar breyta engu um sök ákærða, sbr. 1. tl. 117. gr. laga nr. 19/1991.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann frá því í desember 1981 og fram í febrúar sl. hlotið 24 dóma, þrjá hina fyrstu skilorðsbundna, en refsing ákærða samkvæmt hinum 21 nemur samtals 69 mánaða fangelsi, en þar eru innifaldir 133 dagar, sem ákærði fékk skilorðsbundna reynslulausn á og felldir voru inn í refsingu hans í dómi, sem upp var kveðinn í mars á sl. ári. Ákærði hefur með dómunum verið sakfelldur fyrir brot á 1. mgr. 155. gr., 157. gr., 244. gr., 248. gr. og 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga, lögum og reglugerð um ávana- og fíkniefni og margoft fyrir umferðarlagabrot, þ. á m. í 17 dómanna fyrir að aka ölvaður og án ökuleyfis, oftast sviptur ökuleyfi, en því var ákærði sviptur ævilangt í janúar 1983. Í 11 áðurgreindra 17 dóma var ákærði auk umferðarlagabrota einnig dæmdur fyrir önnur brot, oftast hegningarlagabrot. Þá hefur ákærði frá því í apríl 1981 og fram í janúar 1987 gengist fjórum sinnum með dómsátt undir að greiða sektir, í öll skiptin fyrir umferðarlagabrot, fyrst fyrir að aka án ökuleyfis og brjóta auk

þess gegn 157. gr. almennra hegningarlaga, næst fyrir að aka ölvaður og brjóta einnig gegn 257. gr. almennra hegningarlaga og loks tvívegis fyrir að aka sviptur ökuleyfi. Fimm síðustu dómar ákærða eru frá 17. janúar 1992, 60 daga fangelsi frá 9. júní 1992, 4 mánaða fangelsi frá 24. mars 1993, 8 mánaða fangelsi, þar af 133 daga rofin reynslulausn felld inn í refsinguna, frá 22. október 1993, 8 mánaða fangelsi, og loks frá 24. febrúar sl. 10 mánaða fangelsi. Síðustu þrír dómar ákærða eru fyrir að aka ölvaður og sviptur ökuleyfi.

Við ákvörðun refsingar ákærða verður höfð hliðsjón af sakaferli hans og þá sérstaklega hinum tíða akstri hans undir áhrifum áfengis og sviptur ökurétti. Brot ákærða í máli þessu eru framin í mars og apríl sl., en ákærði hlaut, eins og fram er komið, síðasta dóm sinn fyrir sömu sakir í febrúar sl. Með hliðsjón af þessu og 77. gr. almennra hegningarlaga þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í eitt ár.

Þá hefur ákærði unnið sér til þess að vera sviptur ökurétti, svo sem krafist er í ákæru og samkvæmt lagaákvæðum þeim, er þar greinir. Ákærði er þegar sviptur þessum rétti, og ber að árétta, að svo skuli vera ævilangt.

Loks ber að dæma ákærða samkvæmt 1. tl. 165. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með taldar 15.000 krónur í þóknun til skipaðs verjanda síns, Sigurðar Georgssonar hæstaréttarlögmanns.

Dómsorð:

Ákærði, Ágúst Liljan Sigurðsson, sæti fangelsi í eitt ár.

Ákærði skal vera sviptur ökurétti ævilangt.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með taldar 15.000 krónur í þóknun til skipaðs verjanda síns, Sigurðar Georgssonar hæstaréttarlögmanns.

Fimmtudaginn 2. mars 1995.

Nr. 465/1994. **Ákæruvaldið**
(Egill Stephensen saksóknari)
gegn
Starra Hjartarsyni
(Ragnar Halldór Hall hrl.)

Frávísun frá Hæstarétti. Áfrýjunarfrestur. Leiðbeiningar. Sakarkostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Gunnar M. Guðmundsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Málinu var áfrýjað til Hæstaréttar af hálfu ákærða og ákæruvalds með stefnu 2. nóvember 1994. Krefst ákærði þess, að refsing verði ákveðin svo væg sem lög leyfa og að refsivist, ef dæmd verður, verði skilorðsbundin.

Af hálfu ákæruvalds var krafist þyngingar á refsingu ákærða. Endanlegar kröfur ákæruvalds eru þær, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur.

Hinn áfrýjaði dómur var birtur ákærða 21. september 1994, en hann tók sér þá frest til ákvörðunar um áfrýjun dómsins. Með orðsendingu til Héraðsdóms Norðurlands eystra 21. október sl. lýsti ákærði þeirri ákvörðun sinni að áfrýja dóminum til Hæstaréttar. Var þá liðinn sá fjögurra vikna frestur til áfrýjunar frá birtingu dóms, sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 151. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. 11. gr. laga nr. 37/1994. Verður því ekki hjá því komist að vísa máli þessu frá Hæstarétti. Það getur ekki breytt þeirri niðurstöðu, þótt ákærði kunni að hafa fengið rangar leiðbeiningar um lok áfrýjunarfrests, er héraðsdómur var birtur honum, svo sem verjandi hans hefur haldið fram í málflutningi fyrir Hæstarétti.

Þótt gögn málsins hafi borið með sér, að áður greindur annmarki stæði í vegi fyrir áfrýjun dómsins til Hæstaréttar, var athygli ákærða ekki vakin á þessu, áður en áfrýjunarstefna var út gefin af hálfu ákæruvalds og málsgögn útbúin í hendur Hæstaréttar. Á því stigi naut ákærði ekki aðstoðar verjanda. Í ljósi þess þykir rétt að leggja

allan kostnað af áfrýjun sakarinnar á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, svo sem greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Allur sakarkostnaður fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Ragnars Halldórs Hall hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Fimmtudaginn 2. mars 1995.

Nr. 505/1994. **Ákæruvaldið**
(Egill Stephensen saksóknari)
gegn
Bjartmari Vigni Þorgrímssyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Áfengislög. Viðurlagaákvörðun. Upptaka.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Gunnar M. Guðmundsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. desember 1994 í samræmi við yfirlýsingu ákærða um áfrýjun til endurskoðunar á viðurlögum. Ákærði gerir þá kröfu, að refsing á hendur sér verði milduð.

Af hálfu ákæruvalds er héraðsdómi áfrýjað til þyngingar á refsingu ákærða. Fyrir Hæstarétti féll ákæruvaldið frá kröfu á hendur ákærða um upptöku 148,5 lítra af áfengi, sem hann lét af hendi við lögreglu við upphaf rannsóknar, og var því fargað eftir mælingar og sýnatöku.

Þegar litið er til þess, sem getið er í hinum áfrýjaða dómi um ákvörðun refsingar, svo og ákvæða 6. tl. 1. mgr. 70. gr. og 72. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í níu mánuði. Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms um upptöku að því leyti, sem ákæruvaldið hefur ekki fallið frá kröfu um hana fyrir Hæstarétti samkvæmt framansögðu, svo og um sakarkostnað. Þá verður ákærði dæmdur til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Bjartmar Vignir Þorgrímsson, sæti fangelsi í níu mánuði.

Ákærði sæti upptöku á 10,5 lítrum af sterku áfengi, tveimur 200 lítra plasttunnum, sex 20 lítra plastbrúsum, kolasíu og mjólkurbrúsa með eimingartækjum.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað skulu vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 30. september 1994.

Ár 1994, föstudaginn 30. september, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Hirti O. Aðalsteinssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 596/1994: Ákæruvaldið gegn Bjartmari Vigni Þorgrímssyni, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er höfðað með ákæruskjali lögreglustjórans í Reykjavík, dagsettu 12. september sl., gegn ákærða, Bjartmari Vigni Þorgrímssyni, kt. 100251-4189, Krummahólum 4, Reykjavík, lögheimili Mánagötu 14, Reykjavík, „fyrir áfengislagabrot með því að hafa í júní 1994 í bílskúr við Krummahóla 4, Reykjavík, bruggað 147,5 lítra af áfengi og eimað af því 11,5 lítra af sterku áfengi.

Telst þetta varða við 7. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. 5. gr. laga nr. 52/1978 og 2. gr. laga nr. 38/1988 um breytingar á þeim lögum.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til að sæta upptöku samkvæmt 8. gr. nefndra áfengislaga og 69. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 á eftirtöldu bruggi, áfengi og áhöldum, sem lagt var hald á við rannsókn málsins:

- 10,5 lítrum af sterku áfengi, sem fannst í bifreið ákærða,
- 1,0 lítra af sterku áfengi, sem fannst í kolasíubrúsa,
- 127,5 lítrum af bruggi, sem var í 200 lítra tunnu,
- 20 lítrum af bruggi, sem var í mjólkurbrúsa,
- tveimur 200 lítra plasttunnum,
- 20 lítra mjólkurbrúsa,
- sex 20 lítra plastbrúsum,
- kolasíu,
- og eimingartæki úr 30 lítra mjólkurbrúsa".

Við meðferð málsins féll ákærandi frá kröfu um upptöku á 20 l mjólkurbrúsa, enda virtist sú krafa stafa af misskilningi.

Málavöxtum er nægilega lýst í ákæru.

Með skýlausri játningu ákærða þykir sannað, að hann hafi framið brot það, sem honum er gefið að sök og réttilega er fært til refsiákvæða í ákæru.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann frá árinu 1972 hlotið 14 refsi-

dóma fyrir umferðarlagabrot, skjalafals, fjársvik og áfengislagabrot. Þá hefur ákærði tólf sinnum frá árinu 1967 og fram í mars á sl. ári gengist með sáttum og viðurlagaákvörðun undir að greiða sektir fyrir ýmis brot, aðallega á umferðarlögum og áfengislögum, þ. á m. frá árinu 1986 fjórum sinnum fyrir sölu áfengis, síðast 2. mars 1993, og þá einnig fyrir bruggun. Frá og með árinu 1990 hefur ákærði verið dæmdur fimm sinnum fyrir sölu áfengis og í tvö skiptin einnig fyrir bruggun, þ. e. 13. maí 1992 og 1. desember sl. Ákærði hlaut með dóminum 13. maí 1992 50.000 króna sekt fyrir bruggun og sölu, 2. mars 1993 hlaut hann 300.000 króna sekt með viðurlagaákvörðun fyrir sama, þriggja mánaða fangelsi og 300.000 króna sekt fyrir bruggun og sölu með dómi 1. desember sl., 16. febrúar sl. fimm mánaða fangelsi, hegningarauki að hluta, fyrir bruggun, og síðasti dómurinn gekk 17. maí sl., fjögurra mánaða fangelsi fyrir bruggun. Dómurinn frá 16. febrúar sl. var staðfestur í Hæstarétti Íslands 11. maí sl.

Ákærða verða í máli þessu ákvörðuð viðurlög í tíunda skipti frá árinu 1986, ýmist fyrir sölu og/eða bruggun áfengis, en einu sinni var ákærða ekki gerð sérstök refsing, þar sem um hegningarauka hefði verið að ræða. Með viðurlagaákvörðuninni 2. mars 1993 voru afgreidd fjögur brot ákærða, með dóminum 1. desember sl. einnig fjögur brot, með dóminum frá 16. febrúar sl. þrjú brot og með síðasta dóminum tvö brot.

Við ákvörðun refsingar ákærða verður höfð hliðsjón af 72. gr. almennra hegningarlaga og óvenjulega hörðum brotavilja ákærða. Þar sem refsidómar virðast ekki hafa hrinið á ákærða, þykir refsing hans nú hæfilega ákveðin fangelsi í sex mánuði.

Ákærði hefur samþykkt upptökukröfu ákæruvalds, og verður hún tekin til greina með vísan til þeirra lagaákvæða, er í ákæru greinir.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talda þóknun skipaðs verjanda hans, Hilmars Ingimundarsonar hrl., 20.000 krónur.

Sækjandi krafðist saksóknarlauna, en þar sem með mál þetta var farið samkvæmt 125. gr. laga nr. 19/1991 og ekki verður talið, að sókn í merkingu 1. mgr. 168. gr. sömu laga hafi farið fram, verður krafa ákæruvalds að þessu leyti ekki tekin til greina.

Dómsorð:

Ákærði, Bjartmar Vignir Þorgrímsson, sæti fangelsi í sex mánuði.

Ákærði sæti upptöku til ríkissjóðs á 159 l af áfengi, tveimur 200 l plasttunnum, sex 20 l plastbrúsum, kolasíu og mjólkurbrúsa með eimingartækjum.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talda þóknun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hrl., 20.000 krónur.

Fimmtudaginn 2. mars 1995.

Nr. 506/1994. **Ákæruvaldið**
(Egill Stephensen saksóknari)
gegn
Lárusi Birni Svavarssyni
(Páll Arnór Pálsson hrl.)

Líkamsárás. Þjófnaður. Viðurlagaákvörðun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Gunnar M. Guðmundsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari skaut þessu máli, hvað ákærða varðar, til Hæstaréttar með stefnu 30. desember 1994 í samræmi við yfirlýsingu hans um áfrýjun til endurskoðunar á viðurlögum. Ákærði gerir þá kröfu, að refsing á hendur sér verði lækkuð.

Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms.

Í hinum áfrýjaða dómi er ákærði sakfelldur meðal annars fyrir að veitast með öðrum manni að Sigurði Gretti Erlendssyni með þeim afleiðingum, að Sigurður missti meðvitund, og tekið síðan af honum hring og úr. Er þetta talið varða við 1. mgr. 217. gr. og 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Eins og áfrýjun er hagað í málinu, koma önnur atriði í þessu sambandi ekki til endurskoðunar en viðurlög á hendur ákærða. Við ákvörðun þeirra verður meðal annars að líta til þess, að aðdragandinn að árásinni er um margt óljós, eins og getið er í hinum áfrýjaða dómi, en allir þeir, sem áttu þar í hlut, munu hafa verið ölvaðir. Þá er í málinu lítið upplýst um verðmæti þess, sem ákærði tók ásamt félaga sínum af Sigurði Gretti í kjölfar árásarinnar, en þó má ætla, að það hafi verið mjög óverulegt. Á hið sama við um verðmæti þess, er ákærði bar úr býtum með öðrum brotum, sem mál þetta varða.

Þegar litið er með þessum hætti til umfangs brotanna, sem ákærði er sakfelldur fyrir í málinu, en einnig til sakaferils hans svo og 2. mgr. 70. gr., 72. gr., 77. gr. og 255. gr. almennra hegningarlaga, þykir refsing á hendur honum hæfilega ákveðin fangelsi í 18 mánuði. Ákærði sætti gæsluvarðhaldi vegna þessa máls frá 25. mars til 9. maí

1994, í 45 daga, og kemur það að fullu til frádráttar dæmdri refsingu, sbr. 76. gr. almennra hegningarlaga.

Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað, hvað ákærða varðar. Þá verður hann dæmdur til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, svo sem í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Ákærði, Lárus Björn Svavarsson, sæti fangelsi í 18 mánuði. Gæsluvarðhaldsvist hans í 45 daga komi til frádráttar þeirri refsingu.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað skulu vera óröskuð, hvað ákærða varðar.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 11. nóvember 1994.

Ár 1994, föstudaginn 11. nóvember, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Pétri Guðgeirssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 550/1994: Ákæruvaldið gegn Lárusi Svavarssyni og X, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 23. ágúst sl., á hendur ákærðu, Lárusi Svavarssyni, Vegghömrum 47, fæddum 12. september 1951, fæðingarnúmer 483, og X [...] „fyrir eftirgreind brot á almennum hegningarlögum, framin í Reykjavík í mars 1994:

A. Rán.

Mál er höfðað á hendur ákærðu fyrir að hafa sunnudaginn 13. mars um kl. 18.40 ráðist að Sigurði Gretti Erlendssyni, kt. 260857-5419, á gangstétt framan við veitingahúsið Keisarann, Laugavegi 116, í því skyni að hafa af honum fé, ákærði X fyrst slegið hann í höfuð og ákærði Lárus síðan slegið höfði hans utan í vegg og sparkað í hann með þeim afleiðingum, að Sigurður Grettir missti meðvitund, og í félagi stolið af Sigurði Gretti hring og úri.

Telst þetta varða við 252. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

B. Þjófnaður.

Mál er höfðað á hendur ákærða Lárusi fyrir eftirgreinda þjófnaði:

1.

Fyrir að hafa aðfaranótt föstudags 4. mars brotist inn í bifreiðina G-12766 á Barónsstíg við Grettisgötu og stolið úri og tveimur lyklakippum.

2.

Aðfaranótt föstudags 25. mars brotist í þjófnaðarskyni inn í kaffihúsið Tíu dropa í kjallara hússins nr. 27 við Laugaveg, en lögreglumenn komu að honum á vettvangi.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga og háttsemin samkvæmt ákærulið B 2 jafnframt, sbr. 20. gr. sömu laga.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmdir til refsingar."

A-kafli ákæru.

– – –

Niðurstaða.

Mikið ber á milli skýrslna manna í máli þessu. Eru skýrslur ákærðu óstöðugar, og skýrslur Sigurðar Grettis rekast um sumt á annað í málinu. Er á það að líta, að ákærðu og Sigurður Grettir virðast allir hafa verið ölvaðir. Ákærðu hafa frá upphafi neitað því, að þeir hafi ætlað að ræna Sigurð Gretti. Enda þótt taka verðmætanna af Sigurði Gretti virðist hafa verið í beinu framhaldi af átökunum við hann, er gegn neitun ákærðu ekki alveg unnt að fullyrða, að fyrir þeim hafi vakað að taka þau af honum fyrr en eftir að átökunum lauk. Er á það að líta, að átökin munu hafa byrjað inni í veitingastaðnum. Ber samkvæmt þessu að sýkna ákærðu af ákæru fyrir rán.

Í málflutningi var vikið að því, að brot ákærðu gætu varðað við 217. og 244. gr. almennra hegningarlaga. Kemur þetta nú til álita, sbr. 1. mgr. 117. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991. Eins og þessi kafli ákæru er orðaður, verður að telja, að hvor ákærðu um sig sé aðeins saksóttur fyrir árás á Sigurð Gretti með þeim verknaði, sem honum er sérstaklega gefinn þar að sök.

Ákærði X hefur viðurkennt að hafa slegið Sigurð Gretti í höfuðið, svo að hann féll við. Er það í samræmi við það, sem þeir Lárus og Sigurður Grettir hafa borið. Er hann þar með orðinn sannur að þessum verknaði.

Að því er ákærða Lárus varðar, kemur í fyrsta lagi aðeins til álita, hvort hann hafi slegið höfði Sigurðar Grettis utan í vegg, svo að leitt hafi til þess, að maðurinn rotaðist, en ekki það tilvik, sem síðar varð að sögn hjónanna, að höfuðið hefði slegist utan í við það, að ákærðu hefðu verið að leita á manninum. Í öðru lagi kemur til álita, hvort hann hafi sparkað í Sigurð Gretti. Um fyrra atriðið eru eindregnar skýrslur Sigurðar Grettis bæði hjá rannsóknarlögreglu og fyrir dómi. Frásögn meðákærða X við lögregluyfirheyrslurnar styður þetta. Ekkert er hins vegar á dómskýrslu hans að græða

um þetta. Sjálfur neitaði Lárus því algerlega við yfirheyrslur hjá rannsóknarlögreglu að hafa nokkuð gert á hluta Sigurðar Grettis, en fyrir dómi hefur hann kannast við að hafa slegist við manninn og hrint honum frá sér, svo að hann skall í vegginn og datt. Með þessu er sannað, að ákærði skellti höfði Sigurðar Grettis utan í vegginn, eftir að X hafði veist að honum og slegið hann. Að því er varðar síðara atriðið, er þess að geta, að X skýrði frá því hjá lögreglu, að Lárus hefði sparkað í hann, þar sem hann lá, og fyrir dómi sagði hann sig minna, að Lárus hefði sparkað eitthvað í Sigurð Gretti. Ákærði Lárus hefur aftur á móti staðfastlega neitað þessu frá upphafi. Gegn neitun hans verður að telja ósannað, að hann hafi sparkað í manninn, og ber að sýkna hann af þessu atriði ákæru.

Ákærðu hafa með því, sem ályktað er hér að ofan, og með vísan til læknisvottorðsins orðið sekir við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga.

Með skýrslum hjónanna fyrrnefndu er sannað, að ákærðu stóðu saman að því að leita á Sigurði Gretti. Í skýrslu Lárusar hjá lögreglu segir, að meðákærði hafi tekið bæði hring og úr af manninum, en fyrir dómi segir hann, að aðeins hafi verið tekið úr. Ákærði X nefndi aðeins úr hjá lögreglu, og hér fyrir dómi hefur hann sagt, að ekkert hafi verið tekið af manninum. Ekki er að sjá, að hringur sá, sem Sigurður Grettir saknar, hafi fundist á ákærðu. Aftur á móti hafa hjónin bæði borið, að ákærðu hafi virst vera að taka hring af fingri hans. Verður því að miða við, að ákærðu hafi einnig tekið hring af honum. Hafa þeir þannig orðið sekir við 244. gr. almennra hegningarlaga.

B-kafli ákæru.

Ákærði Lárus hefur skýlaust játað það atferli, sem hann er saksóttur fyrir í þessum kafla, og breytir viðbára hans um kaffihúsið engu þar um. Hefur hann orðið sekur um brot þau, sem greinir í þessum kafla ákæru og réttilega eru þar færð til refsiákvæða.

Viðurlög.

Ákærði Lárus, sem er síbrotamaður, hefur til þessa hlotið 32 refsidóma, ýmist fyrir þjófnað, hylmingu, líkamsárásir, skjalafals, fjársvik eða fyrir brot gegn umferðar- og áfengislögum. Síðast var hann dæmdur í 18 mánaða fangelsi fyrir þjófnaði og skjalafals í október 1993. Er samanlögð refsivist ákærða samkvæmt dómum þessum orðin tæp 14½ ár. Þá hefur hann þrásinnis verið sektaður fyrir önnur brot, aðallega gegn lögum um ávana- og fíkniefni. Samtals hefur ákærða verið refsað 5 sinnum fyrir ofbeldisbrot. Það er refsingunni til þyngingar, að ákærði stal verðmætum af manni, sem hann hafði ráðist á og rotað þá rétt áður. Þykir refsing hans að þessu athug-

uðu hæfilega ákveðin fangelsi í tvö ár. Frá refsingunni ber að draga 45 daga gæsluvarðhaldsvist ákærða.

– – –

Dæma ber ákærða Lárus til þess að greiða helming málsvarnarlauna verjanda, Páls Arnórs Pálssonar hrl., sem ákvarðast 60.000 krónur, en helmingur greiðist úr ríkissjóði. Þá ber á sama hátt að skipta málsvarnarlaunum til verjanda ákærða X, Arnar Clausen hrl., sem einnig ákveðast 60.000 krónur. Annan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 45.000 krónur, greiði ákærðu óskipt.

Dómsorð:

Ákærði Lárus Svavarsson sæti fangelsi í tvö ár. Frá refsingunni dregst 45 daga gæsluvarðhaldsvist ákærða.

Ákærði X sæti fangelsi í þrjá mánuði.

Ákærði Lárus greiði 30.000 krónur í málsvarnarlaun verjanda síns, Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmanns, en 30.000 krónur greiðist verjanda úr ríkissjóði.

Ákærði X greiði 30.000 krónur í málsvarnarlaun til verjanda síns, Arnar Clausen hrl., en 30.000 krónur greiðist verjanda úr ríkissjóði.

Annan sakarkostnað, þar með talin 45.000 króna saksóknarlaun í ríkissjóð, greiði ákærðu óskipt.

Fimmtudaginn 2. mars 1995.

Nr. 496/1994. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Karli Jóhannesi Mortensen
(Ólafur Garðarsson hrl.)

Kynferðisbrot. Börn. Refsiákvörðun. Skilorð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Af hálfu ákæruvalds var héraðsdómi skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 13. desember 1994 til þyngingar á refsingu, en jafnframt til endurskoðunar á ákvörðun um skilorð og á ákvæðum dómsins um framkvæmd þess með hliðsjón af 2.-4. tl. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 48/1988 um fangelsi og fangavist.

Ákærði krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms.

Fallist er á refsiákvörðun héraðsdóms og færslu brota til refsiákvæða.

Í héraðsdómi er gerð ýtarleg grein fyrir skýrslum sérfræðinga um hagi ákærða og þá erfiðleika, sem hann hefur átt við að etja og tengjast atburðum á unglingsárum hans. Í skýrslu dr. Gunnars Hrafns Birgissonar sálfræðings kemur meðal annars fram, að ákærði hafi lagt kapp á að leita aðstoðar hans að undanförnu. Sálfræðingurinn telur, að ákærði geri sér grein fyrir rangri hegðan sinni í þeim tilvikum, er mál þetta varðar, og þekki betur en áður afleiðingar hennar og þá áhættuþætti, sem tengjast misgjörðum hans. Fyrir héraðsdómi lýsti sálfræðingurinn þeirri skoðun sinni, að ákærði hefði „lagt sig alvarlega fram um það að reyna að læra af þessum gerðum sínum og tileinka sér heppilegri hugsunarhátt til þess að vega á móti, að þetta gerist aftur. . .“ Fram er komið, að ákærði, sem nú er 24 ára að aldri, hefur verið í sambúð með konu um sex ára skeið, og eiga þau tvö börn saman, annað fimm ára og hitt mánaðargamalt. Þá mun ákærði vera í góðri atvinnu. Ákærði gekkst undir dómsátt fyrir sjö árum vegna ölvunar við akstur, en hefur annars ekki gerst brotlegur fyrr en nú.

Með hliðsjón af öllu þessu og skírskotun til forsendna héraðsdóms að öðru leyti þykir rétt að staðfesta ákvörðun hans um skilorðsbindingu refsingar ákærða. Ríkissaksóknara ber lagaskylda til að tilnefna þann, sem hafa skal á hendi hina sérstöku umsjón með ákærða, sbr. 1. tl. 3. mgr. 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, enda var 58. gr. laganna ekki felld úr gildi með lögum nr. 48/1988. Rétt er hins vegar og í samræmi við réttarþróun, að Fangelsismálastofnun ríkisins, verði sérfræðingur á hennar vegum ekki tilnefndur, hafi eftirlit með framkvæmd umsjónarinnar og veiti ákærða þá félagslegu þjónustu, sem stofnunin hefur tök á og að gagni má koma, sbr. 3. og 4. tl. 2. gr. laga nr. 48/1988.

Ákvörðun héraðsdóms um skaðabætur er ekki til endurskoðunar fyrir Hæstarétti, sbr. 1. mgr. 173. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað. Samkvæmt 169. gr. laga nr. 19/1991 greiðist allur áfrýjunarkostnaður málsins úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, Ólafs Garðarssonar hæstaréttarlögmanns, 60.000 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, Ólafs Garðarssonar hæstaréttarlögmanns, 60.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 8. desember 1994.

Ár 1994, fimmtudaginn 8. desember, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Guðjóni St. Marteinssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-562/1994: Ákæruvaldið gegn Karli Jóhannesi Mortensen, en málið var dómtekið 14. nóvember sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali, dagsettu 25. ágúst sl., á hendur „Karli Jóhannesi Mortensen, Langholtsvegi 181, Reykjavík, fæddum 21. maí 1970, fæðingarnúmer 527, fyrir eftirgreind kynferðisbrot, framin á árinu 1993 í Hafnarfirði og Reykjavík:

I.

Að kvöldi þriðjudagsins 21. september í bifreið sinni, Þ-3663, í nágrenni við sundlaug Hafnarfjarðar við Herjólfsgötu tekið út getnaðarlim sinn og farið höndum um hann í viðurvist telpnanna A og B, fæddra 1987, og drengsins C, fædds 1990, en ákærði hafði fengið börnin upp í bifreiðina undir því yfirskini, að þau ættu að vísa honum til vegar.

II.

Sunnudaginn 24. október í bifreið sinni við skautasvellið í Laugardal sýnt telpunni D, fæddri 1985, klámrit, tekið út getnaðarlim sinn og farið höndum um hann, en ákærði hafði fengið telpuna upp í bifreiðina með sama hætti og í ákærulið I greinir.

III.

Telst framangreind háttsemi ákærða varða við 209. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 15. gr. laga nr. 40/1992, og 66. gr. laga um vernd barna og ungmenna nr. 58/1992.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Í málinu krefst X [...], Hafnarfirði, þess fyrir hönd dóttur sinnar, A, að ákærði verði dæmdur til að greiða henni skaðabætur, að fjárhæð 200.000 krónur, ásamt hæstu leyfilegu vöxtum frá 5. maí 1994 til greiðsludags".

– – –

Niðurstöður.

Ákæruliðir I og II.

Dómurinn telur sannað með framburði ákærða, sem studdur er öðrum gögnum málsins, að ákærði hafi framið háttsemi þá, sem í ákæru greinir, og eru brot ákærða rétt heimfærð til refsiákvæða í ákæru.

Undir meðferð málsins kom í ljós, að kynferðisafbrotamaður framdi skírlífisbrot, sem nú heitir kynferðisbrot, gegn ákærða, er hann var 14 ára gamall, og jafnframt brot gegn lögum um vernd barna og ungmenna. Þessi brot voru heimfærð til sömu refsiákvæða og brot þau, sem ákærði er nú sakfelldur fyrir. Með þetta í huga gekkst ákærði undir sálfræðipróf hjá dr. Gunnari Hrafni Birgissyni sálfræðingi, þar sem rannsakað skyldi andlegt ástand ákærða með hliðsjón af brotum þeim, sem hann er ákærður fyrir í máli þessu, og jafnframt kannaðar hugsanlegar afleiðingar og áhrif háttsemi þeirrar, sem ákærði varð fyrir í æsku, á háttsemi þá, sem nú er ákært út af.

Sálfræðiskýrsla dr. Gunnars Hrafns Birgissonar sálfræðings er dags. 3. október 1994, og segir þar m. a.:

„Tilfinninga- og félagslíf.

Það finnast ekki vísbendingar um, að Karl eigi við geðveiki eða taugaveilu að stríða, en í persónuleika hans verður vart spennusækni, óeirðar og hvatvísi, ásamt viðkvæmni, hlédrægni, óákveðni og áhyggjusemi. Mótlætisþol er takmarkað, kvíði nokkur, og borið getur á aðlögunarerfiðleikum eða fáti gagnvart mikilli streitu. Vísbendingar eru um, að hann eigi erfitt með tilfinningatjáningu og með að bindast öðrum tilfinningaböndum. Einstaklingar, sem fá svipaða útkomu, skynja sig gjarnan sem einmana, einangraða, misskilda og utanveltu. Oft búa þeir yfir reiði gagnvart öðrum, en eiga erfitt með að höndla tilfinninguna eða tjá hana með viðeigandi hætti. Það vefjast gjarnan fyrir þeim áleitnar spurningar um grundvallaratriði varðandi eigin kynímynd og manngildi.

Samanburður við kynferðisbrotamenn.

Niðurstöður benda til þess, að Karl sé f. o. f. kynferðislega hneigður til fullvaxta kvenna, en ekki barna. Flokkunin „pedophile“ á því ekki við hann, heldur svipar einkennum hans til mynsturs kynferðisbrotamanna, sem framið hafa kynferðisbrot á aðstæðubundnum forsendum. Hér er átt við, að sennilegt sé, að kynferðisbrot hans tengist óleystri tilfinningatogstreitu hans frá því að hann varð fórnarlamb kynferðisofbeldis, kvíðavænlegu streituálagi á tíma eigin afbrota og dómgreindarleysi hans undir tilfinningaálagi.

Rannsóknir á kynferðisbrotamönnum sýna, að meiri hluti þeirra hefur orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi í æsku. Fylgni, sem fundist hefur á milli þess að vera þolandi fyrst og svo gerandi, bendir til flókins orsakalegs samhengis, þótt ekki sé hægt að fullyrða um það. Það skiptir miklu máli fyrir meðhöndlun kynferðisbrotamanna, hvort þeir voru í æsku fórnarlömb kynferðisbrota, þó að það afsaki ekki afbrot þeirra. Það að vera þolandi kynferðisbrots er hvorki nauðsynlegt né nægjanlegt skilyrði fyrir því, að maður fremji kynferðisbrot; fleiri mögulegir orsakaþættir eru til staðar.

Vafalaust markaði það djúp spor í sálarlíf Karls, að hann varð fórnarlamb kynferðislegs ofbeldis Steingríms Njálssonar á unglingsárum. Vegna þess hefur hann fyllst skömm, sjálfsefasemdum og heift. Auk þess hefur hann öðlast vantraust til annarra og fundið sig óöruggan í tilverunni. Þó að hann hafi getað sagt frá ofbeldinu á sínum tíma, fer því fjarri, að hann hafi fengið viðeigandi andlegan stuðning og úrlausn sinna mála, enda hefur slík hjálp varla staðið til boða á þeim tíma.

Það virðist sem að undir tilfinningaálagi, kvíða og langvinnri reiði og við

aukna streitu hafi hugsun Karls ruglast, dómgreind skerst og frumstæðar hvatir komið fram, er hann framdi kynferðisbrot sín. Spennusækni og hvatvísi urðu ráðandi í leit að úrlausn frá áleitnu hugarangri, en skynsemi varð víkjandi. Hegðunin veitti skammtímalausn frá hugarangri, en víðtækar og neikvæðar afleiðingar brotsins urðu honum skýrar löngu síðar.

Karl glímir nú við þungbærar tilfinningar bæði sem þolandi og gerandi. Reiðin, sem áður beindist að Steingrími, gæti snúist í sjálfsfordæmingu og með tilheyrandi vansæld. Karl er þess meðvitaður, að hann gerði rangt, og er hræddur um að missa mannorð sitt og traust annarra. Hann hræðist við að missa vinnuna og að illa muni fara fyrir fjölskyldu hans. Hann óttast að brjóta af sér aftur, en hefur reynt að tileinka sér heppilegri hugsunarhátt og hegðun, sem dregur úr líkum á því. Hann þekkir afleiðingar hegðunar sinnar betur en áður, kann betur að hemja skap sitt og þekkir til áhættuþátta, sem tengjast misgjörðum hans. Það hefur létt á honum að hafa opnað sig og rætt um reynslu sína af S. N.

Karl virðist hafa reynt að nýta sér sálfræðiviðtöl vel, sem hann sótti, en þörf er á frekari vinnu hjá honum við að temja sér betri aga í hugsun og hegðun, styrkja kynímynd, og að bæta tilfinningaúrvinnslu og félagslega aðlögun. Rannsóknir í Bandaríkjunum á undanförnum árum hafa gefið vonir um, að sérhönnuð sálfræðimeðferð, eftir atvikum samtvinnuð við skilorðseftirlit og/eða fangelsun, skili árangri í að draga úr endurteknum brotum hjá sambærilegum hópi kynferðisbrotamanna. Þar sem flest bendir til, að Karl sé f. o. f. hneigður kynferðislega til fullvaxta kvenna, eru horfur þess, að hann tileinki sér samfélagslega viðeigandi hegðun á þessu sviði meiri heldur en ef kynhneigð hans beindist að börnum.

Samantekt.

Karl er 24 ára gamall, verkstjóri. Hann er búsettur í Reykjavík ásamt konu sinni, barni og á barn í vændum. Karl hefur gengist við því að hafa í tvígang tælt börn upp í bíl til sín og sýnt þeim klámblað. Hann hefur jafnframt upplýst, að hann varð á unglingsárum fórnarlamb kynferðislegs ofbeldis af hálfu Steingríms Njálssonar. Lögmaður Karls óskaði eftir sálfræðilegri athugun á honum í tilefni af því, að brátt á að dæma í máli hans.

Karl lýsir því, að hann hafi alist upp í foreldrahúsum hjá samheldinni fjölskyldu. Karl lauk grunnskólaprófi og fór að því loknu að vinna til sjós og lands. Fyrir utan að hafa meiðst í baki hefur hann verið heilsuhraustur. Karl kvaðst neyta áfengis í hófi, u. þ. b. einu sinni í mánuði, og ekki neyta annarra vímuefna.

Sálfræðilegar prófanir sýna, að greind Karls mælist heldur fyrir neðan meðallag, en líklegt er, að fljótfærni og kvíði hafi aðeins lækkað einkunn

hans. Vitsmunaþroski hans er nægilegur til þess, að hann geti axlað ábyrgð og aðlagað sig í samfélaginu. Útkoma Karls bendir hvorki til geðveiki né taugaveiklunar, en í persónugerð koma fram spennusækni og hvatvísi ásamt tilhneigingu til viðkvæmni, óákveðni og áhyggjusemi. Mótlætisþol er skert og kvíði nokkur. Vísbendingar eru um erfiðleika í tilfinningalegum samskiptum, og hætt er við hlédrægni og einmanaleika hjá honum. Innibyrgð reiði er til staðar, sem hann hefur ekki kunnað að höndla, og sjálfsefasemdir eru, eftir að hafa þolað kynferðislegt ofbeldi í æsku.

Niðurstöður benda til þess, að Karl sé kynferðislega hneigður til fullvaxinna kvenna fremur en barna. Brot hans tengist ytri aðstæðum sennilega meir en innri hneigð. Hann hefur átt í mikilli tilfinningatogstreitu og hugarangri, frá því að hann var misnotaður af S. N., og fyrir vikið er hann viðkvæmari fyrir streituálagi en annars. Aukið streituálag og gremja út í meinta ósanngirni annarra stuðlaði að órökréttri hugsun og skertri dómgreind á tíma brota hans. Í ljósi þess, að brot Karls virðist aðstæðubundið, eru horfur þess, að hann geti bætt hegðun sína, betri heldur en ef brot hans byggðist á kynhneigð. Rannsóknir undanfarinna ára gefa vonir um, að sérhönnuð sálfræðimeðferð, eftir atvikum samtvinnuð við skilorðseftirlit og/eða fangelsun, hjálpi mönnum í stöðu Karls til þess að tileinka sér samfélagslega viðurkennda kynhegðun".

Dr. Gunnar Hrafn Birgisson sálfræðingur kom fyrir dóminn 14. nóvember sl. og staðfesti þá ofangreinda skýrslu sína.

Spurður um það, hverjar væru þekktar eða líklegar afleiðingar brota, eins og í ákæru greinir, á börn á því aldursskeiði, sem hér um ræðir, kvað Gunnar það mjög breytilegt. Afleiðingarnar gætu verið alvarlegar og einnig vægar. Það færi eftir ýmsu, svo sem hversu alvarlegt brotið væri, hversu oft hefði verið brotið á barni, hvernig brugðist hefði verið við í umhverfi barna og hvaða stuðning þau hefðu fengið, og „bakgrunnur" barnanna skiptir einnig máli í þessu sambandi. Afleiðingar brota, eins og í ákæru greinir, á börn á þessum aldri geti komið fram síðar á lífsleiðinni, en ekkert sé hægt að segja um það með vissu.

Einar Ingi Magnússon sálfræðingur kom fyrir dóminn 14. nóvember sl. og staðfesti skýrslu sína, sem hann skrifaði eftir samtöl við stúlkurnar, sem getið er um í ákærulið I, svo sem rakið var. Einar Ingi kvað oft koma fram hræðslueinkenni hjá börnum, sem verða fyrir lífsreynslu eins og þeirri, sem lýst er í ákæru, börn lokist og vilji ekki segja frá, og þessi einkenni hafi komið fram hjá a. m. k. annarri stúlknanna, sem hann ræddi við. Þá greindi Einar Ingi frá því, að kvíði og vantraust gæti komið fram síðar á lífsleið barna, sem verða fyrir slíkri lífsreynslu sex ára gömul. Þessi einkenni komi mjög oft við sögu, en þetta sé persónubundið.

Ekki verður nú með neinni vissu fullyrt, hvaða einkenni í fari barnanna, er mæðurnar lýstu, verða beint rakin til háttsemi ákærða, þótt samband kunni að vera þar á milli, en ekki hefur umfram það, sem rakið var, verið leitað aðstoðar sálfræðinga eða lækna. Þá er, svo sem rakið hefur verið, ekki loku fyrir það skotið, að afleiðingar háttsemi ákærða gagnvart börnunum geti komið fram síðar á lífsleið þeirra, þótt ekki verði með vissu um það fullyrt. Brot ákærða beindust því að sálarheill barnanna, og eru þau gæði mikilsverð, sbr. 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði hefur játað brot sín hreinskilnislega.

Refsing ákærða er ákvörðuð með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og þykir hún hæfilega ákvörðuð fangelsi í níu mánuði. Ákærði gekkst á árinu 1988 undir dómsátt fyrir umferðarlagabrot, en hefur ekki sætt öðrum refsingum, svo að kunnugt sé. Með vísan til þessa og með vísan til þess, sem rakið hefur verið að ofan, og með vísan til þess, sem segir hér á eftir um sérstakt skilorð ákærða, þykir eftir atvikum rétt að fresta fullnustu refsivistarinnar skilorðsbundið í fimm ár frá uppsögu dómsins að telja, og skal refsingin falla niður að þeim tíma liðnum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 22/1955, en það er álit dómsins, að eins og á stendur í máli þessu, sé skilorðsbinding refsivistar, þar sem ákærða er auk hins almenna skilorðs einnig gert að sæta sérstöku skilorði, sem síðar verður vikið að, líklegri til þess að bera árangur og koma í veg fyrir frekari brot en óskilorðsbundin refsivist. Skilorðsbinding að hluta þykir til þess fallin að draga úr líkum á árangri, sem bundin er við hið sérstaka skilorð.

Í skýrslu dr. Gunnars Hrafns Birgissonar sálfræðings kemur fram, við hvers konar aðstæður ákærði framdi brot sín. Þá kemur jafnframt fram, hvernig lífsreynsla ákærða sem fórnarlambs kynferðisafbrots hefur þar áhrif.

Ákærði hefur nú notið aðstoðar í því skyni að kenna honum að temja sér hugsunarhátt og hegðun, sem dragi úr líkum á því, að brot endurtaki sig. Í skýrslu dr. Gunnars Hrafns segir, að því fari fjarri, að ákærði hafi fengið viðeigandi stuðning eftir þá reynslu, sem hann varð fyrir á sínum tíma, og er þá átt við kynferðisafbrotið.

Fyrir dóminum greindi dr. Gunnar Hrafn frá því, að verulega hefði dregið úr líkum á því, að brot þau, sem hér er ákært út af, hefðu átt sér stað, hefði ákærði á sínum tíma fengið viðeigandi aðstoð. Sálfræðingurinn greindi jafnframt frá því, fyrir hvers konar afbroti ákærði varð, er hann var 14 ára gamall, og útskýrði hinar alvarlegu afleiðingar, sem það hefur haft á ákærða.

Í skýrslu sálfræðingsins segir, að ákærði sé ekki „pedophile“. Rannsóknir hafi sýnt, að til séu aðferðir, sem skili árangri í því að draga úr endurteknum brotum sambærilegs hóps kynferðisafbrotamanna. Vegna þess að ákærði er ekki „pedophile“, heldur hneigður kynferðislega til fullvaxta kvenna, séu horfur á að ætla, að ákærði tileinki sér samfélagslega viðeigandi hegðun á þessu sviði, meiri en ef kynhneigð hans beindist að börnum.

Svo sem rakið hefur verið, hefur það haft áhrif á gerðir ákærða, að hann varð sjálfur fyrir kynferðisbroti í æsku. Fyrir liggur í máli þessu, að til eru aðferðir til þess fallnar að draga verulega úr líkum á því, að brot endurtaki sig, og að ákærði hafi nú hlotið lágmarksstuðning. Ekki er af þeirri meðferð, sem ákærði hefur þegar hlotið, unnt að fortaka endurtekningu brota, en ákærði hefur að mati dr. Gunnars Hrafns lagt sig fram um að temja sér hugsunarhátt til að takmarka hættu á ítrekuðum brotum, en í skýrslu dr. Gunnars Hrafns kemur fram, að ákærði óttist endurtekningu brota.

Í 1. tl. 3. mgr. 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1995, segir, að frestun ákvörðunar um refsingu eða fullnustu refsingar skuli vera bundin því skilyrði, að aðili gerist ekki sekur um nýtt brot á skilorðstíma. Þá segir, að frestun megi einnig binda skilyrðum, sem talin eru upp í lagagreininni, þ. á m. er 1. tl., sem segir, að frest megi binda því skilyrði, að aðili sæti á skilorðstíma umsjón einstakra manna, félags eða stofnunar.

Í greinargerð með 1. tl. 3. mgr. 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, segir, að starf umsjónarmanns eigi ekki að vera fólgið í því einu að kynna sér hegðun aðila til að ganga úr skugga um, hvort hann fullnægi settum skilyrðum. Umsjónarmaður eigi að hafa persónulegt samband við aðila, svo sem föng eru á, leiðbeina honum og veita honum ráðleggingar í vandamálum hans, aðstoða hann um öflun samastaðar, atvinnu, menntunar o. s. frv. og yfirleitt að halda honum að siðlegum lifnaðarháttum.

Mikilsverðir hagsmunir eru í húfi varðandi það að koma í veg fyrir, að brot eins og í ákæru greinir komi fyrir. Í því skyni að hindra brot ber að beita öllum tiltækum úrræðum, sem kunna að vera til þess fallin að takmarka hættu á brotum og/eða koma í veg fyrir ítrekuð brot.

Fyrir liggur, að ákærði hefur einungis hlotið lágmarksaðstoð, svo sem rakið var. Þá hefur komið fram, að til eru aðferðir til þess fallnar að draga úr líkum á ítrekun brota sambærilegum þeim, sem í ákæru greinir, hjá einstaklingum með líkan bakgrunn og kringumstæður og ákærði. 1. tl. 3. mgr. 57. gr. almennra hegningarlaga, sem rakin var, gerir ráð fyrir því, að frestun fullnustu refsingar megi binda því sérstaka skilyrði, að ákærður maður sæti á skilorðstímanum umsjón einstakra manna. Svo sem rakið var, er ekki

unnt að fortaka, að brot endurtaki sig, en þær sérstöku aðstæður eru í máli þessu, að hættan á endurtekningu brota hjá ákærða hefur verið rannsökuð sérstaklega og ákærði sjálfur sagt sig óttast endurtekningu. Hins vegar eru, svo sem rakið hefur verið, til leiðir, sem eru til þess fallnar að draga úr hættunni á ítrekun brota.

Með þetta í huga og það, að beita ber öllum tiltækum úrræðum til að reyna að koma í veg fyrir, að brot endurtaki sig, og jafnframt með vísan til þess, sem rakið hefur verið um ævi og hagi ákærða, þykir rétt að binda frestun fullnustu refsivistar hans því sérstaka skilyrði 1. tl. 3. mgr. 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, að hann sæti þrjú fyrstu ár skilorðstímans umsjón einstakra manna og þá í því skyni, að umsjónarmaðurinn eða umsjónarmennirnir leiðbeini honum og veiti honum ráðleggingar í vandamálum hans, eins og segir efnislega í greinargerðinni með 1. tl. 1. mgr. 57. gr. almennra hegningarlaga, sem rakin var að framan. Tvö síðustu ár skilorðstímans á því einungis við hið almenna skilorð 57. gr. almennu hegningarlaganna.

Lög standa ekki til þess, að dómurinn tilnefni umsjónarmann, heldur skal saksóknari gera það, sbr. 1. mgr. 58. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Um bótakröfuna, sem tekin er upp í ákæru, hefur ákærði viðurkennt bótaskyldu sína, en telur kröfuna þó of háa.

Ákærði er dæmdur til þess að greiða X f. h. dóttur sinnar, A, 200.000 kr. í skaðabætur ásamt dráttarvöxtum frá 5. maí 1994 til greiðsludags.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þ. m. t. 80.000 kr. í málsvarnarlaun til verjanda síns, Sveins Andra Sveinssonar héraðsdómslögmanns, og 80.000 kr. í saksóknarlaun, sem renni í ríkissjóð.

Ragnheiður Harðardóttir, fulltrúi ríkissaksóknara, flutti mál þetta af hálfu ákæruvalds.

Dómsorð:

Ákærði, Karl Jóhannes Mortensen, sæti fangelsi í 9 mánuði, en fresta skal fullnustu refsivistarinnar skilorðsbundið í 5 ár frá uppsögu dómsins að telja, og falli refsingin niður að þeim tíma liðnum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Þá er frestun á fullnustu refsivistarinnar jafnframt bundin því skilyrði, að ákærði sæti fyrstu þrjú ár skilorðstímans umsjón einstakra manna, sbr. 1. tl. 3. mgr. 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði X, kt. 111059-3739, fyrir hönd dóttur sinnar, A,

200.000 kr. auk dráttarvaxta frá 5. maí 1994 að telja og til greiðsludags.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þ. m. t. 80.000 kr. í málsvarnarlaun til Sveins Andra Sveinssonar héraðsdómslögmanns, og 80.000 kr. í saksóknarlaun, sem renni í ríkissjóð.

Fimmtudaginn 2. mars 1995.

Nr. 134/1993. **Helgi Marteinn Gunnlaugsson**
(Björgvin Þorsteinsson hrl.)
gegn
Guðbjarti Halldórssyni
(Einar Gautur Steingrímsson hdl.)

Lausafjárkaup. Greiðsla. Viðskiptabréf.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hjörtur Torfason, Garðar Gíslason og Markús Sigurbjörnsson.

Áfrýjandi skaut þessu máli upphaflega til Hæstaréttar að fengnu áfrýjunarleyfi 10. október 1991 með stefnu 6. nóvember sama ár. Var málið fellt niður 1. mars 1993 vegna útivistar áfrýjanda, og áfrýjaði hann því að nýju með stefnu 29. sama mánaðar. Hann krefst aðallega sýknu, en til vara, að kröfur stefnda verði lækkaðar. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess aðallega, að málinu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Krafa stefnda um frávísun er á því reist, að í fyrrnefndu áfrýjunarleyfi hafi verið sett það skilyrði, að málið yrði rekið með hæfilegum hraða. Þetta skilyrði hafi áfrýjandi ekki virt, enda hafi hann ekki skilað ágripi dómsgerða og greinargerð fyrr en tuttugu og átta mánuðum eftir útgáfu áfrýjunarleyfis. Telur stefndi áfrýjanda hafa af þessum sökum fyrirgert þeim rétti, sem áfrýjunarleyfið veitti honum.

Við meðferð málsins á fyrri stigum fyrir Hæstarétti hreyfði stefndi ekki athugasemdum við, að áfrýjanda yrðu veittir frestir í þeim mæli, sem raun ber vitni, og kom ekki heldur til þess, að réttturinn synjaði honum um frest af sjálfsdáðum. Eru því ekki efni til að bregðast nú við þessum verulega drætti af hendi áfrýjanda á rekstri málsins með þeim hætti, sem stefndi krefst.

Áfrýjandi styður kröfu sína um sýknu einkum því, að hann hafi afhent stefnda skuldabréfin, sem um er rætt í málinu, til að greiða honum kaupverð bifreiða, og hafi stefndi tekið við þeim sem fulln-

aðargreiðslu. Vitað hafi verið um áhættuna, sem fylgdi því að taka við þessum bréfum í viðskiptum. Stefndi hafi þannig tekið á sig alla áhættu af því, hvort skuldabréfin fengjust greidd.

Gegn mótmælum stefnda verður ekki talið, að áfrýjanda hafi tekist að sýna fram á, að samkomulag hafi verið um, að stefndi tæki við skuldabréfunum sem fullnaðargreiðslu eða að það leiði á annan hátt af viðskiptum þeirra. Verður um þetta að gæta sérstaklega að því, að áfrýjandi hefur ekki fært fram gögn fyrir þeirri staðhæfingu sinni, að bifreiðirnar hafi verið metnar hærra verði í viðskiptum aðila en nam gangverði þeirra með tilliti til áhættu stefnda. Verður að þessu athuguðu að fallast á það með héraðsdómi, að fyrra réttarsamband málsaðila hafi raknað við, þegar leitt var í ljós, að skuldarar samkvæmt umræddum skuldabréfum væru ógjaldfærir.

Samkvæmt framansögðu verður að telja, að stefndi eigi nú tilkall til greiðslu úr hendi áfrýjanda fyrir bifreiðir þær, sem þeir áttu viðskipti um. Í málinu hefur ekki komið fram, að aðilar hafi samið um, að kaupverð bifreiðanna væri annað en nafnvirði skuldabréfanna, sem gengu á milli þeirra sem greiðsla, og gangverð á bréfunum hafa þeir ekki reynt að meta. Þá hafa engin gögn verið færð fram fyrir því, hvort gangverð bifreiðanna hafi verið lægra en þessu nafnvirði nemur. Verður við það að miða, að stefndi eigi rétt til greiðslu úr hendi áfrýjanda með þeim hætti, sem hann krefst, en áfrýjandi hefur ekki mótmælt kröfufjárhæð hans tölulega.

Varakrafa áfrýjanda er á því einu reist, að í afsali fyrir einni bifreiðinni, sem aðilar áttu viðskipti um, hafi stefndi skuldbundið sig til að greiða fyrir 15. september 1989 skuld vegna þungaskatts, að fjárhæð 67.421 krónu, sem hafi verið tryggð með lögveðsrétti í bifreiðinni. Fyrir Hæstarétti var lýst yfir því af hálfu stefnda, að hann viðurkenndi skyldu sína til að greiða þessa kröfu og mótmælti ekki fjárhæð hennar, en teldi sér á hinn bóginn heimilt að taka hana til skuldajafnaðar við aðrar kröfur, sem hann ætti á hendur áfrýjanda. Þar sem þessi andmæli stefnda eru haldlaus, verður að fallast á þá kröfu áfrýjanda, að umræddri fjárhæð verði skuldajafnað við kröfur stefnda.

Samkvæmt þessu verður áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda 1.788.214,50 krónur að frádreginni 67.421 krónu, þ. e. 1.720.793,50 krónur, með vöxtum, eins og fyrir er mælt í dómsorði, en vaxtakrafa

stefnda hefur ekki sætt andmælum. Þá verður áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 400.000 krónur samanlagt í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Helgi Marteinn Gunnlaugsson, greiði stefnda, Guðbjarti Halldórssyni, 1.720.793,50 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 1.499.035,80 krónum frá 10. október 1989 til 8. nóvember sama ár, af 1.713.359,50 krónum frá þeim degi til 20. júní 1990, en af 1.720.793,50 krónum frá þeim degi til greiðsludags.

Áfrýjandi greiði stefnda samtals 400.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 3. júlí 1991.

Mál þetta, sem dómtekið var 7. júní sl., er höfðað með stefnu, birtri 20. júní 1990.

Stefnandi er Guðbjartur Halldórsson, kt. 051255-7049, Efstasundi 25, Reykjavík.

Stefndi er Helgi Gunnlaugsson, kt. 180766-3839, Laugarásvegi 73, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 1.788.214,50 krónur auk eftirfarandi vanskilavaxta á ári skv. 10. gr., sbr. 12. gr. vaxtalaga nr. 25/1987: af 1.566.456,80 krónum frá 10. október 1989 til greiðsludags, af 214.323,70 krónum frá 8. nóvember 1989 til greiðsludags og af 7.434 krónum frá stefnubirtingardegi til greiðsludags.

Stefnandi krefst málskostnaðar að skaðlausu.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands að viðbættu virðisaukaskattsígildi. Þess er krafist, að tildæmd málskostnaðarfjárhæð beri hæstu löglevfða dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Málavextir, málsástæður og lagarök.

Stefndi keypti fjórar bifreiðar af stefnanda í ágústmánuði 1989 og greiddi með sex skuldabréfum, samtals að fjárhæð 2.200.000 krónur. Bifreiðar þessar voru X-19045, Buick Park Avenue, árgerð 1982, R-12265, Volvo 244, árgerð 1978, G-25212, Plymouth, árgerð 1983, og BMW 728 I, árgerð 1981.

Fimm af þessum bréfum eru ógreidd, en það eru fjögur bréf, út gefin af Sigurði Jóhannssyni, Þingholtsstræti 17, Reykjavík, 11. ágúst 1989, tryggð með sjálfskuldarábyrgð Guðmundar H. Svavarssonar, Ásbraut 19, Blönduósi, og Smára Jóns Guðlaugssonar, Grenimel 19, Reykjavík. Eru tvö að fjárhæð 500.000 krónur, hið þriðja að fjárhæð 300.000 krónur og hið fjórða að fjárhæð 200.000 krónur. Gjalddagi skyldi 10. hvers mánaðar, í fyrsta sinn 10. október 1989, og skyldu bréfin greidd á tveimur árum. Þá var eitt bréf, út gefið af Böðvari Guðmundssyni, Seilugranda 6, Reykjavík, tryggt með sjálfskuldarábyrgð Ingjalds Kárasonar, Ránargötu 10, Reykjavík, og Daníels Péturssonar, Njálsgötu 23, Reykjavík, að fjárhæð 200.000 krónur. Gjalddagi skyldi mánaðarlega, í fyrsta sinn 8. nóvember 1989, og lánstími tvö ár.

Greiðslufall varð á öllum bréfunum, og eru skuldarar samkvæmt þeim ógjaldfærir.

Stefnandi undirritaði afsal til stefnda fyrir bifreiðunum á stöðluð eyðublöð. Þar er kaupverðs ekki getið, en sagt, að það sé að fullu greitt.

Stefnandi heldur því fram, að afhending umræddra bréfa hafi ekki verið fullnaðargreiðsla, þar sem það hafi verið forsenda fyrir viðtöku þeirra, að þau greiddust. Hafi stefndi vitað eða mátt vita um ógjaldfærni skuldara bréfanna og beri því ábyrgð á greiðslu þeirra vegna vanrækslu á upplýsingaskyldu. Því er haldið fram, að krafa stefnanda um kostnað vegna árangurslausrar löghaldsgerðar grundvallist á því, að stefndi hafi ábyrgst greiðslugetu skuldara og verði því að bera kostnað þann, sem stefnandi hafi haft af innheimtunni.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að stefnandi hafi gefið út fullnaðarkvittun fyrir kaupverðinu, enda segi í afsali, að það sé að fullu greitt. Stefnandi hafi haft það í hendi sér að krefjast þess, að stefndi tæki á sig sjálfskuldarábyrgð á bréfunum. Það hafi hann ekki gert og sjálfur tekið á sig áhættuna af því, að bréfin yrðu ekki greidd. Þá hafi verð bifreiðanna verið allt of hátt.

Forsendur og niðurstaða.

Í máli þessu liggur ekki fyrir, hvert hafi verið ástand og verðmæti bifreiða þeirra, sem stefndi keypti af stefnanda. Telja verður, að stefndi verði að bera hallann af sönnunarskorti um þetta atriði.

Þá verður ekki fallist á það með stefnda, að með því að stefnandi hafi átt þess kost að kynna sér fjárhagsstöðu skuldara á bréfum þeim, er stefndi greiddi bifreiðarnar með, hafi hann tekið á sig áhættuna af því, að bréfin yrðu ekki greidd. Þykir það skipta máli hér, að ekki liggja fyrir gögn um raunvirði bifreiða þeirra, er stefndi keypti, eins og að framan greinir.

Þykir því ósannað, að stefnandi hafi tekið við framangreindum skulda-

bréfum sem fullnaðargreiðslu fyrir bifreiðarnar, og verður við það að miða, að stefnandi hafi tekið við þeim á þeirri forsendu, að þau fengjust greidd af skuldurum þeirra. Þar sem svo varð ekki, varð hið fyrra skuldasamband aðila aftur virkt.

Samkvæmt þessu verða kröfur stefnanda teknar til greina.

Málskostnaður ákveðst 375.000 krónur.

Allan Vagn Magnússon borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Helgi Gunnlaugsson, greiði stefnanda, Guðbjarti Halldórssyni, 1.788.214,50 krónur með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 1.566.456,80 krónum frá 10. október 1989 til greiðsludags, af 214.323,70 krónum frá 8. nóvember 1989 til greiðsludags og af 7.434 krónum frá stefnubirtingardegi, 20. júní 1990, til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda 375.000 krónur í málskostnað, sem beri dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga, frá því að liðnir eru 15 dagar frá uppkvaðningu dóms.

Fimmtudaginn 2. mars 1995.

Nr. 100/1992. **Laugarásbíó**
(Helgi V. Jónsson hrl.)
gegn
fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs
(Sigrún Guðmundsdóttir hrl.)

Söluskattur. Eigin úttekt. Fordæmi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma Garðar Gíslason hæstaréttardómari, Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari, og Sigurður Líndal prófessor.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4. mars 1992 og krefst þess, að felldur verði úr gildi úrskurður ríkisskattanefndar nr. 437 frá 19. júlí 1989 og að stefnda verði dæmt að greiða 1.648.402 krónur ásamt dráttarvöxtum eftir vaxtalögum nr. 25/1987 frá 3. ágúst 1989 til greiðsludags. Einnig krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda dæmt að greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi hafði í héraði uppi gagnkröfur á hendur áfrýjanda og skaut héraðsdómi til Hæstaréttar með stefnu 5. mars 1992. Í bréfi til réttarins 23. febrúar 1995 féll stefndi frá kröfum sínum í gagnsök.

Við munnlegan málflutning hér fyrir dómi studdi áfrýjandi kröfur sínar þeim rökum, að meðferð málsins hjá skattyfirvöldum hefði dregist úr hófi og verið andstæð lögum, sbr. m. a. 13. gr. laga nr. 10/1960 um söluskatt, sem þá voru í gildi. Ekki verður séð, að málsástæða þessi hafi komið fram fyrr við flutning málsins. Kemur hún því ekki til álita hér.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms og þegar jafnframt er litið til dóms Hæstaréttar 29. mars 1994 í máli nr. 101/1992, ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Laugarásbíó, greiði stefnda, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, 75.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 6. desember 1992.

Mál þetta, sem dómtekið var 11. nóvember sl., er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur af Laugarásbíói, kt. 420269-1539, við Kleppsveg, Reykjavík, gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs með stefnu, þingfestri 11. janúar 1990.

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, höfðaði gagnsök í málinu með stefnu, þingfestri 25. október 1990.

Dómkröfur stefnanda í aðalsök eru þessar:

1. að felldur verði úr gildi úrskurður ríkisskattanefndar á dskj. nr. 9,
2. að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 1.648.402 kr. ásamt dráttarvöxtum [...],
3. að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað [...].

Dómkröfur stefnda í aðalsök eru um sýknu af öllum kröfum stefnanda í málinu og að honum verið tildæmdur málskostnaður að mati réttarins.

Í gagnsök gerir gagnstefnandi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, þær dómkröfur aðallega, að gagnstefnda, Laugarásbíói, verði gert að greiða áður niðurfellda dráttarvexti af söluskattsskuld, 912.133 kr., en til vara 750.003 kr., ásamt dráttarvöxtum af hinum umstefndu fjárhæðum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 19. júlí 1989 og til greiðsludags. Þess er krafist, að úrskurður ríkisskattanefndar nr. 437 19. júlí 1989 verði felldur úr gildi, að því er tekur til ofangreindra dráttarvaxta. Krafist er málskostnaðar úr hendi gagnstefnda að mati réttarins. Þá er þess krafist, að gagnsök þessi til sjálfstæðs dóms verði sameinuð aðalsök málsins.

Dómkröfur gagnstefnda í gagnsök eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum gagnstefnanda. Krafist er málskostnaðar úr hendi gagnstefnanda að mati réttarins. Fallist er á, að gagnsök verði sameinuð aðalsök málsins.

Mál þetta var dómtekið að loknum munnlegum málflutningi 29. apríl sl., en var endurupptekið, endurflutt og dómtekið að nýju 11. nóvember sl.

I.

Málsatvik eru þau, að starfsemi aðalstefnanda er m. a. fólgin í innflutningi myndbanda-„mastera“, sem eru fjölfaldaðir og síðan ráðstafað til annarra fyrirtækja, aðallega myndbandaleigna, sem leigja þau síðan notendum. Hefur aðalstefnandi gert samninga við erlenda rétthafa um fjölföldun og dreifingu myndefnis hér á landi.

Rannsóknardeild ríkisskattstjóra gerði athugun árið 1987 á bókhaldi, tekjuskráningu og söluskattsskilum aðalstefnanda rekstrarárin 1985 og 1986. Samkvæmt skýrslu rannsóknardeildarinnar, sem dags. er 22. júní 1987, var söluskattsskyld velta aðalstefnanda vantalin um 8.278.868 kr. þessi tvö ár. Var við það miðað, að aðalstefnandi hefði átt að greiða söluskatt af tilteknum vörukaupum, tengdum dreifingu myndbanda, þar sem um útleigu hefði verið að ræða, en ekki sölu. Niðurstaða rannsóknarinnar og ætlaðar söluskattshækkanir voru kynntar aðalstefnanda með bréfi ríkisskattstjóra, dags. 15. október 1987, og var þeim andmælt af hálfu aðalstefnanda með bréfi, dags. 28. október 1987. Með úrskurði ríkisskattstjóra, dags. 15. febrúar 1988, var aðalstefnanda gert að greiða viðbótarsölugjald fyrir rekstrarárin 1985 og 1986, samtals að fjárhæð 1.648.403 kr., auk álags, að fjárhæð 1.431.819 kr. Umboðsmaður aðalstefnanda kærði úrskurðinn til ríkisskattstjóra með kæru, dags. 29. febrúar 1988. Með úrskurði ríkisskattstjóra, dags. 3. maí 1988, var kveðið á um það, að viðbótarsölugjald rekstraráranna 1985 og 1986 ásamt álagi skyldi standa óbreytt. Með bréfi umboðsmanns aðalstefnanda, dags. 17. maí 1988, var úrskurður þessi kærður til ríkisskattanefndar. Var gerð sú krafa, að úrskurðað viðbótarsölugjald rekstraráranna 1985 og 1986 ásamt álagi yrði fellt niður. Til vara var gerð sú krafa, að úrskurðað viðbótarálag yrði fellt niður. Ríkisskattanefnd kvað upp úrskurð 19. júlí 1989, þar sem kröfu aðalstefnanda um niðurfellingu viðbótarsölugjalds var hafnað. Álag samkvæmt 1. tl. 2. mgr. 21. gr. laga nr. 10/1960 um söluskatt vegna áranna 1985 og 1986, að fjárhæð 329.681 kr., var fellt niður svo og álag, að fjárhæð 1.995.079 kr., samkvæmt 2. tl. 2. mgr. 21. gr. sömu laga vegna áranna 1985 og 1986. Niðurfellt álag nam því samtals 2.324.760 krónum. Aðalstefnandi greiddi viðbótarsölugjaldið 3. ágúst 1989, að fjárhæð 1.648.402 krónur.

Mál þetta hefur stefnandi í aðalsök höfðað til þess að fá úrskurð ríkisskattanefndar felldan úr gildi og til endurgreiðslu á viðbótarsölugjaldi. Stefndi í aðalsök hefur höfðað gagnsök í málinu til greiðslu á niðurfelldum dráttarvöxtum samkvæmt greindum úrskurði ríkisskattanefndar, jafnframt því sem krafist er, að sá úrskurður verði felldur úr gildi, að því er til þeirra dráttarvaxta tekur. Aðalsök og gagnsök hafa verið sameinaðar til úrlausnar í máli þessu.

II.

Af hálfu aðalstefnanda er m. a. tekið fram um málavexti, að samningar hans við hina erlendu rétthafa séu á þá leið, að hann kaupi af rétthöfum einkarétt til að dreifa í tiltekinn tíma, oft þrjú ár, tilteknu myndbandaefni á Íslandi. Hann fái afhenta svokallaða „mastera“, sem hann láti fjölfalda.

Myndböndin séu síðan seld öðrum, aðallega myndbandaleigum, sem leigi þau út til notenda. Í flestum tilfellum sé „masterunum" skilað til rétthafa að samningstíma loknum.

Aðalstefnandi og önnur fyrirtæki, sem stundi sams konar starfsemi, hafi verið í nokkurri óvissu um, hvernig haga skyldi greiðslu söluskatts vegna starfseminnar. Aðalstefnandi hafi því spurst fyrir um þetta hjá skattyfirvöldum og hagað söluskattsskilum í samráði við þau. Þegar myndbanda-„masterinn" sé fluttur til landsins, sé ekki greiddur söluskattur. Við fjölföldun myndbandaefnis hafi fjölföldunarfyrirtækin ekki krafið stefnanda um söluskatt, enda um vöru að ræða, sem ætluð sé til endursölu. Aðalstefnandi greiði síðan söluskatt af andvirði seldra myndbanda.

Aðalstefnandi reisir málsókn sína á því, að hann sé ekki réttur aðili til að greiða hið umdeilda viðbótarsölugjald, – enn fremur á því, að úrskurðir skattyfirvalda séu reistir á röngum forsendum varðandi eðli afhendingar sinnar á myndböndum til viðskiptavina sinna, og loks á því, að söluskattsskilum vegna þeirra viðskipta, sem mál þetta fjallar um, hafi verið hagað í samráði við skattyfirvöld. Fái því ekki staðist, að sú framkvæmd sé síðar úrskurðuð ólögmæt.

Samkvæmt 2. mgr. 2. gr. laga nr. 10/1960 um söluskatt sé það seljandi vöru eða þjónustu, sem innheimta skuli söluskatt samkvæmt 1. mgr. greinarinnar. Ef greiða hefði átt söluskatt af fjölföldun og annarri þjónustu og vörukaupum, sé aðalstefnandi ekki sá aðili, sem greiða ætti, heldur þau fyrirtæki, sem selji þessa vöru og þjónustu. Hvergi í úrskurðum skattyfirvalda sé tilgreint, við hvaða lagaákvæði sé stuðst. Skattyfirvöld vísi þó til þess, að aðalstefnandi hafi leigt út til viðskiptavina sinna myndbönd, sem hann hafi látið fjölfalda eftir svokölluðum „master".

Aðalstefnandi heldur því hins vegar fram, að hann hafi selt viðskiptavinum sínum þessi myndbönd. Þar sem um sölu hafi verið að ræða, en ekki útleigu, skipti það sköpum um skyldu til að greiða söluskatt þann, sem um sé deilt í málinu. Mótmælt er þeirri fullyrðingu, sem fram er sett í rannsóknarskýrslu ríkisskattstjóra, að það breyti engu, hvort myndböndin séu seld eða leigð. Aðalstefnandi telur, að þar sem myndböndin hafi ekki verið áfram í sinni eigu, sé hann ekki notandi þeirra í skilningi 3. gr. söluskattslaga nr. 10/1960 og beri ekki að greiða hinn umdeilda söluskatt. Sé ekki unnt að fallast á þetta sjónarmið, verði a. m. k. að líta svo á, að jafna verði afhendingu á myndböndum til viðskiptavina til sölu og fara með afhendinguna eins og svo væri.

Ef athuguð sé bókhaldsleg meðferð myndbandanna í bókhaldi stefnanda og viðskiptavina hans og þegar höfð sé í huga sú staðreynd, að myndböndin

séu í raun aldrei afhent stefnanda til baka, sjáist, að myndböndin séu seld, en ekki leigð.

Aðalstefnandi heldur því fram, að áritun á reikning, sem fylgir skýrslu rannsóknardeildar ríkisskattstjóra, „leiga til 2 ára“, eigi rætur að rekja til þess, að sumir eigendur höfundarréttar að myndbandaefni muni semja þannig við dreifingaraðila, að þeim sé óheimilt að selja myndbönd, heldur megi einungis leigja þau út. Sala myndbanda sé í sumum tilfellum háð skilyrðum, t. d. þeim, að myndbandaleigum sé óheimilt að selja myndbönd, heldur einungis heimilt að leigja þau út. Það breyti þó ekki því, að afhending til myndbandaleignanna sé sala, en ekki útleiga.

Söluskattsinnheimta af hálfu aðalstefnanda hafi verið framkvæmd í fullu samráði við skattyfirvöld. Söluskattur hafi ekki verið innheimtur af hálfu fjölföldunarfyrirtækjanna og hafði ekki heldur áhrif á útsöluverð aðalstefnanda, þ. e., söluskattur til þeirra fyrirtækja hafi ekki verið reiknaður inn í söluverð, heldur aðeins söluskattur vegna sölu til myndbandaleigna og dreifingaraðila.

Aðalstefnandi telur, að skattyfirvöld hafi sýnt tómlæti, þar sem framkvæmd söluskattsinnheimtu af umræddum viðskiptum hafi varað um langan tíma, áður en athugasemd hafi verið gerð við þau, og að það leiði til þess, að taka eigi dómkröfu sína til greina.

Fallist dómurinn ekki á, að aðalstefnandi selji myndböndin viðskiptavinum sínum, heldur telji, að um útleigu sé að ræða, svarar aðalstefnandi því til, að greiðsluskylda sín á sölugjaldi af úttekt til eigin nota fái ekki staðist. Greiðsluskylda söluskatts af úttekt til eigin nota er skv. 2. gr. söluskattslaga nr. 10/1960, einnig 4. gr., e-lið. Með úttekt til eigin nota sé átt við úttekt úr eigin fyrirtæki gjaldanda, sem þá greiði söluskatt samkvæmt 9. gr. laganna af almennu gangverði í sams konar viðskiptum. Það, að aðalstefnandi skuli greiða söluskatt af innkaupsverði vöru og þjónustu, er hann kaupi frá öðru fyrirtæki, geti því ekki verið skv. framangreindum lagaákvæðum.

Aðalstefnandi reisir málsókn sína einkum á 1. og 2. mgr. 2. gr. og 3. gr. söluskattslaga nr. 10/1960. Hann vísar einnig til 1. mgr. 2. gr., 4. gr. og 9. gr. sömu laga.

Krafa um dráttarvexti styðjist við 9. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, krafa um málskostnað við 1. mgr. 175. gr. og 3. mgr. 177. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði og krafa um vexti af málskostnaði við 3. mgr. 175. gr. sömu laga.

III.

Aðalstefndi reisir sýknukröfu sína í fyrsta lagi á því, að afhendingargerningurinn á þeim myndböndum, sem aðalstefnandi hafi látið fjölfalda, sé

leigugerningur, en ekki sölugerningur, og þar með söluskattsskyldur samkvæmt f-lið 4. gr. laga nr. 10/1960. Styðjist það við skýrslu rannsóknardeildar ríkisskattstjóra. Í endurriti úr gerðabók rannsóknardeildar ríkisskattstjóra sé yfirheyrsla yfir forstjóra aðalstefnanda, Garðari Hjartarsyni. Sem svar við 1. spurningu rannsóknarmanna telji hann, að rekstur Laugarásbíós sé fólginn í: . . .„í kvikm-hússrekstri og sölu á myndböndum, þ. e. dreifingu og útleigu á myndböndum. Við leigjum út myndb. til myndbandaleigna". Þarna komi berlega fram, að forstjóri aðalstefnanda telji, að þeir leigi myndbönd sín. Jafnframt komi það fram á reikningi, sem fylgi rannsóknarskýrslunni. Því sé eindregið mótmælt, að jafna megi leigusamningunum til sölu. Fyrir þeim séu fullgild viðskiptaleg rök og samningar og ekkert, sem hnekki leiguforminu. Aðalstefnandi hafi ekki þann ráðstöfunarrétt yfir myndböndunum, að honum sé heimilt að selja þau. Þegar á þetta sé litið, verði að telja, að engan veginn geti verið um sölu að ræða, heldur sé þetta leiga.

Aðalstefnandi kaupi fjölföldunina og tilheyrandi aðföng án þess að greiða söluskatt. Hann fái hvort tveggja söluskattsfrjálst í skjóli söluskattskírteinis samkvæmt 11. gr. laga nr. 10/1960. Hann megi ekki í þessu tilviki afla leiguhlutarins án greiðslu sölugjalds frekar en t. d. bifreiðaleiga kaupa nýja bifreið til útleigu. Í báðum tilvikum sé leigugjaldið söluskattsskylt samkvæmt f-lið 4. gr. laga nr. 10/1960. Í því máli, sem um ræðir, verði vart til þess ætlast af þeim, er selt hafi aðalstefnanda fjölföldunina og aðföng til hennar, að þeir geti dæmt um, hvort myndböndin séu ætluð til sölu eða leigu. Með því að kaupa fjölföldunina og aðföngin í skjóli söluskattsskírteinis sé stofnunin búin að fella á sig skyldu til að standa skil á sölugjaldinu samkvæmt e-lið 4. gr. laga nr. 10/1960, sbr. 2. gr. laga nr. 35/1986.

Til vara heldur aðalstefndi því fram, að aðalstefnandi hafi bakað sér greiðsluskylduna á grundvelli skaðabótasjónarmiða. Hann noti söluskattskírteini sitt af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi með ólögmætum hætti, hafi keypt út á það vöru, sem hann hafði ekki rétt til. Með því hafi hann svipt ríkissjóð sölugjaldinu og ekki bætt úr af sjálfsdáðum.

Engin rök hafi verið að því leidd, að skattyfirvöld hafi lagt blessun sína yfir söluskattsskil stefnanda. Slíku „samráði" sé mótmælt. Þegar megi þó ljóst vera, að ekki sé um að ræða samráð við ríkisskattstjóra. Hér vísast til 101. gr. laga nr. 75/1981, sbr. 28. gr. laga nr. 10/1960. Skattkrafan sé krafa reist á lögum. Vansköttun hjá skattstjóra bindi ekki hendur ríkisskattstjóra um leiðréttingu.

Að öðru leyti vísar aðalstefndi til úrskurða ríkisskattstjóra og ríkisskattanefndar til stuðnings sýknukröfunni, en þau gögn liggi fyrir í málinu.

Vöxtum og upphafstíma vaxta er mótmælt. Kröfu aðalstefnanda um álag á málskostnað samkvæmt 3. mgr. 177. gr. eml. er vísað á bug. Varðandi málskostnað er vísað til 177. gr. eml.

IV.

Aðalkrafa í gagnsök er sett þannig fram tölulega:

Meðaldráttarvextir frá 16. mars 1988 til 16. mars 1989, 37,10% af 1.648.403 kr.	kr.	611.558
+ 13,30% dráttarvextir af 2.259.961 kr. frá 16. mars 1989 til 19. júlí s. á.	-	300.575
	Kr.	912.133

Varakrafa í gagnsök er sett þannig fram tölulega:

Meðaldráttarvextir frá 19. maí 1988 til 19. maí 1989, 35,60% af 1.648.403 kr.	kr.	586.831
+ 7,30% dráttarvextir af 2.235.234 kr. frá 19. maí 1989 til 19. júlí s. á.	-	163.172
	Kr.	750.003

Mismunur aðal- og varakröfu er sá einn, við hvaða upphafstíma dráttarvextir eru miðaðir.

Í gagnsök rökstyður gagnstefnandi aðallega mál sitt því, að með vísan til 1. mgr. 21. gr. söluskattslaga skuli aðili sæta álagi til viðbótar söluskatti, ef söluskattur hefur ekki verið greiddur á tilskildum tíma eða söluskattsskýrslu hefur ekki verið skilað eða henni verið ábótavant. Staðfest sé af ríkisskattanefnd, að um vanframtalda söluskattsskylda veltu hafi verið að ræða hjá gagnstefnda. Hafi því verið ótvíræð lagaskylda til að bæta álagi við. Með því að ríkisskattanefnd hafi fellt niður dráttarvexti eftir 16. mars 1988 skv. 2. tl. 2. mgr. 21. gr. laganna, hafi hún farið út fyrir verksvið sitt. Til þess hafi hún ekki haft heimild, þar sem fyrir henni hafi ekki annað legið til úrskurðar en álagning ríkisskattstjóra á hinum vangreidda söluskatti samkvæmt bréfi hans frá 15. febrúar 1988, sbr. úrskurð hans frá 3. maí s. á. Þetta styðjist við 13. gr. söluskattslaga, því að samkvæmt henni sé kveðið á um, að kæruheimildin nái aðeins til söluskattsins sjálfs. Enn fremur segi í 5. mgr. sömu greinar, að áfrýjun skattákvörðunar eða deila um skattskyldu hvorki fresti eindaga skattsins né leysi undan viðurlögum, sem lögð séu á vegna vangreiðslu hans. Varakrafan er reist á sama grunni og aðalkrafa. Eini munur þeirra sé upphafstími vaxtanna. Telji dómurinn, að ríkisskattanefnd hafi haft heimild til að fella niður dráttarvexti eftir 16. mars 1988, sé þó ljóst, að eftir að krafan sé komin til innheimtu hjá innheimtumanni, 19.

maí 1988, sé hún ótvírætt komin undan lögsögu álagningaryfirvalda, að því er vöxtum við kemur. Ef einhver geti fellt niður dráttarvexti af skuldum við ríkissjóð, sé vart öðrum til að dreifa en fjármálaráðherra.

V.

Gagnstefndi reisir sýknukröfu sína á því, að ríkisskattanefnd sé bær aðili til að úrskurða í ágreiningsmálum um söluskatt og álag og dráttarvexti á hann. Í því sambandi er bent á 2. mgr. 13. gr. laga nr. 10/1960, þar sem heimilað sé að áfrýja úrskurði skattstjóra til ríkisskattanefndar, og samkvæmt 3. mgr. sé fjármálaráðherra heimilt að skjóta ákvörðunum skattstjóra til ríkisskattanefndar. Heimildir þessar séu ekki bundnar við söluskatt einan. Í 6. mgr. 21. gr. söluskattslaga sé skattstjórum veitt heimild til að fella niður álag skv. 2. mgr. 21. gr., ef skattaðili hefur fært gildar ástæður sér til afsökunar að mati skattyfirvalda.

Álag samkvæmt 2. mgr. 21. gr. sé, eins og fram komi í málsgreininni, annars vegar álag samkvæmt 1. tl. og hins vegar álag samkvæmt 2. tl. Sé ljóst, að skattyfirvöldum sé heimilað samkvæmt framangreindri 6. mgr. 21. gr. að fella niður bæði álag samkvæmt 1. tl. og 2. tl. Þetta styðjist og við 1. mgr. 25. gr. i. f., þar sem ástæða þyki að tilgreina sérstaklega, að álag samkvæmt 1. tl. 2. mgr. 21. gr. dragist frá sektarfjárhæð. Þá styðji framkvæmd laganna þessa túlkun á þeim, en ríkisskattanefnd hafi árum saman fellt niður álag bæði samkvæmt 1. og 2. tl. 21. gr. laganna.

Samkvæmt ofanrituðu sé mótmælt þeirri málsástæðu gagnstefnanda, að ríkisskattanefnd hafi farið út fyrir umboð sitt með því að fella niður álag samkvæmt 2. tl. 2. mgr. 21. gr. Þá er því mótmælt, að fyrir ríkisskattanefnd hafi ekki legið annað til úrskurðar en álagning ríkisskattstjóra á hinum vangreidda söluskatti. Í því sambandi sé vísað til varakröfu gagnstefnda til ríkisskattanefndar.

Í úrskurði ríkisskattanefndar frá 19. júlí 1989 komi fram, að nefndin telur „að virtum atvikum“, að fallast skuli á varakröfu kæranda um, að viðbótarálag skuli fellt úr gildi. Af þessu megi leiða, að nefndin hafi talið gildar ástæður til að fella niður álag það, sem skattstjóri hafi úrskurðað. Úrskurður ríkisskattanefndar sé fullnaðarúrskurður, og því beri að hlíta honum, hvað þetta atriði varði, enda hafi nefndin ekki farið út fyrir valdsvið sitt með því að fella niður álagið.

Þá er mótmælt þeirri málsástæðu gagnstefnanda, að kæruheimild samkvæmt 13. gr. söluskattslaga nái aðeins til söluskattsins sjálfs. Með sömu rökum og gagnstefnandi beiti megi halda því fram, að óheimilt sé að skjóta ágreiningi um álag samkvæmt 2. mgr. 21. gr. til dómstóla samkvæmt 14. gr. söluskattslaga.

Ljóst sé, að dómstólar geti aldrei dæmt dráttarvexti lengra aftur í tímann en frá 11. degi, eftir að innheimtumaður hafi fengið kröfu til innheimtu, sbr. 4. mgr. 12. gr. laganna.

Þá er því mótmælt, að heimild skattyfirvalda til niðurfellingar álags samkvæmt 2. mgr. 21. gr. laganna sé takmörkuð við tímann fram til þess, að söluskattsálagning sé komin til innheimtu hjá innheimtumanni. Sú ætlaða takmörkun eigi sér ekki stoð í lögum.

Með vísan til framangreinds sé kröfu gagnstefnanda um greiðslu álags mótmælt.

Málskostnaðarkrafan er byggð á 177. gr. eml.

Gefið hafa skýrslur fyrir dómi í máli þessu Grétar Hjartarson, forstjóri aðalstefnanda, og Ásgeir Ingvarsson fjármálastjóri.

VI.

Við aðalmeðferð málsins setti aðalstefnandi fram þá viðbótarkröfu, að felldur yrði úr gildi úrskurður ríkisskattanefndar frá 19. júlí 1989. Af hálfu aðalstefnda var því mótmælt, að sú krafa kæmist að í málinu. Við úrlausn um fjárkröfu aðalstefnanda kemur til álita réttmæti söluskattsálagningar á hann. Framangreind viðbótarkrafa hefur því ekki sjálfstæða þýðingu varðandi niðurstöðu málsins. Þykja því ekki vera efni til að vísa henni sérstaklega frá dómi.

Í aðalsök reisir stefnandi málsókn sína í fyrsta lagi á því, að hann sé ekki réttur aðili til að greiða hið umdeilda viðbótarsölugjald. Ekki verður á þessa málsástæðu fallist. Fyrir liggur samkvæmt gögnum málsins, að aðalstefnandi hefur keypt frá öðrum án söluskatts fjölföldun á myndböndum, sem hann er rétthafi að. Er þar um að ræða söluskattsskylda vöru og þjónustu, sem aðalstefnandi gat þannig keypt á grundvelli söluskattsskírteinis samkvæmt 3. mgr. 11. gr., sbr. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 10/1960.

Þá heldur aðalstefnandi því fram, að úrskurðir skattyfirvalda séu reistir á röngum forsendum varðandi eðli afhendingar sinnar á myndböndum til viðskiptavina sinna.

Í úrskurði ríkisskattstjóra frá 15. febrúar 1988 segir svo m. a. „Athugun rannsóknardeildar beindist að þeirri starfsemi gjaldanda, sem felst í, að hann gerir samninga við erlenda aðila um myndrétt að myndböndum, sem hann lætur fjölfalda hér á landi og notar til útleigu. Fram er komið, að gjaldandi hefur keypt söluskattsskylda vöru og þjónustu, þ. e. fjölföldun myndbanda, hulstur o. fl., án söluskatts. Litið er svo á, að með því að kaupa söluskattsskylda vöru og þjónustu án söluskatts gegn framvísun söluskattsskírteinis taki kaupandi að sér að innheimta og standa skil á söluskattinum, annaðhvort við endursölu til notanda eða úttekt til eigin nota,

þ. e. til útleigu. Þar sem fjölfölduð myndbönd eru áfram í eigu gjaldanda og eru ætluð til útleigu, en ekki endursölu, telst gjaldandi vera „neytandi" þeirra, þ. e., um er að ræða úttekt til eigin nota á keyptri vöru/þjónustu án söluskatts, sem söluskattsskyld er skv. 2. gr. laga nr. 10/1960."

Samkvæmt framansögðu styðja skattyfirvöld álagningu sína því, að aðalstefnandi hafi verið notandi í skilningi 1. mgr. 3. gr. laga um söluskatt nr. 10/1960, en samkvæmt því ákvæði telst sá vera neytandi, sem ekki endurselur vöru eða vinnu í atvinnuskyni. Við það er miðað, að myndbönd, sem fjölfölduð hafi verið, séu áfram í eigu gjaldanda og séu ætluð til útleigu, en ekki endursölu, þ. e., um sé að ræða úttekt til eigin nota á vöru, sem söluskattsskyld sé samkvæmt 2. gr. laga nr. 10/1960, sbr. 5. tl. 1. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 486/1982 um söluskatt.

Samkvæmt framansögðu skiptir meginmáli, hvort aðalstefnandi hefur leigt eða selt myndbönd þau, sem hér um ræðir, til viðskiptavina sinna. Við skýrslutöku hjá rannsóknardeild ríkisskattstjóra hefur forstjóri aðalstefnanda skýrt frá því, að myndbönd hans séu leigð myndbandaleigum. Þá er reikningur frá aðalstefnanda, sem rannsókninni fylgir, áritaður um leigu til tveggja ára. Þótt myndbönd þessi hafi ekki verið eignfærð í bókhaldi félagsins eða skilað aftur að leigutíma loknum, verður því ekki jafnað við sölumeðferð andstætt ótvíræðum yfirlýsingum um leigu myndbandanna. Þá er á það að líta, að sala myndbandanna kann að vera vandkvæðum bundin vegna samninga við erlenda rétthafa myndefnis, auk þess sem til þess geta legið viðskiptaleg sjónarmið að leigja myndböndin í stað þess að selja þau. Að þessu virtu verður ekki fallist á þá málsástæðu aðalstefnanda, að myndböndin hafi verið seld. Verður því að fallast á þá túlkun skattyfirvalda, að myndbönd þessi hafi verið eign gjaldanda og útleiga þeirra því verið úttekt til eigin nota á vöru, sem söluskattsskyld sé samkvæmt 2. gr. laga nr. 10/1960, sbr. 5. tl. 1. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 486/1982 um söluskatt. Leigugjald var svo gjaldskylt samkvæmt f-lið 4. gr. laganna, sbr. 7. tl. 10. gr. greindrar reglugerðar.

Viðbótarálagning sölugjaldsins var ákvörðuð af ríkisskattstjóra að undangenginni sérstakri rannsókn á bókhaldi og söluskattsskilum aðalstefnanda. Skattaleg meðferð málsins að þessu leyti var í samræmi við ákvæði 16. gr. söluskattslaga nr. 10/1960, sbr. 11. gr. laga nr. 10/1974. Málsástæður aðalstefnanda um samþykki eða tómlæti skattyfirvalda um söluskattsskil félagsins eiga því ekki við rök að styðjast. Þótt sölugjald hafi ekki verið reiknað inn í stofnverð myndbanda, breytir það engu um skattskyldu aðalstefnanda, sbr. 10. gr. laga nr. 10/1960.

Samkvæmt framansögðu verður fallist á þá niðurstöðu rannsóknardeild-

ar ríkisskattstjóra, að um vantalin söluskattsskyld eigin not aðalstefnanda hafi verið að ræða.

Ber því að sýkna aðalstefnda af öllum kröfum aðalstefnanda í aðalsök.

Gagnsök í málinu snýst um það, hvort ríkisskattanefnd hafi haft heimild til að fella niður dráttarvexti (álag) af hinum vangreidda söluskatti frá álagningu hans eða frá því að krafan var komin til innheimtu á vegum tollstjóra og til 19. júlí 1989.

Samkvæmt 2. mgr. 13. gr. laga nr. 10/1960, sbr. 34. gr. reglugerðar nr. 486/1982, má áfrýja úrskurðum skattstjóra til ríkisskattanefndar, sem kveður upp fullnaðarúrskurð. Samkvæmt 6. mgr. 21. gr. laganna, sbr. 38. gr. greindrar reglugerðar, mega skattyfirvöld fella niður álag samkvæmt 2. mgr. þeirrar greinar, ef aðili færir gildar ástæður sér til afsökunar að mati skattyfirvalda. Álag samkvæmt 2. mgr. 21. gr. söluskattslaganna er tvenns konar. Samkvæmt 1. tl. er um að ræða álag, allt að 20%, til viðbótar þeirri fjárhæð, sem vangreidd var, en samkvæmt 2. tl. er um að ræða álag samsvarandi dráttarvöxtum, eins og þeir eru á hverjum tíma.

Úrskurði ríkisskattstjóra var skotið til ríkisskattanefndar. Af hálfu kæranda var uppi höfð sú varakrafa, að viðbótarálag yrði fellt niður. Á þá kröfu var fallist með úrskurði ríkisskattanefndar. Með vísan til 6. mgr. 21. gr. laga nr. 10/1960 var ríkisskattanefnd heimilt að fella álagið niður. Ekki verður séð, að sú lagaheimild sé takmörkuð með þeim hætti, sem gagnstefnandi heldur fram, og er ekki fallist á þær málsástæður hans. Ber því að sýkna gagnstefnda af öllum kröfum gagnstefnanda í gagnsök.

Málskostnaður fellur niður bæði í aðalsök og gagnsök.

Eggert Óskarsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Aðalstefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, skal vera sýkn af kröfum aðalstefnanda, Laugarásbíós, í aðalsök.

Gagnstefndi, Laugarásbíó, skal vera sýkn af kröfum gagnstefnanda, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, í gagnsök.

Málskostnaður í aðalsök og gagnsök fellur niður.

Fimmtudaginn 2. mars 1995.

Nr. 475/1994. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Árna Sverri Reynissyni
(Örn Clausen hrl.)

Ölvunarakstur. Manndráp af gáleysi. Svipting ökuréttar. Sakarkostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Gunnar M. Guðmundsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Málinu var skotið til Hæstaréttar af hálfu ákærða og ákæruvalds með stefnu 29. nóvember 1994. Áfrýjun ákærða beinist að því, að refsiákvörðun verði endurskoðuð. Krefst hann þess, að refsing verði milduð og að refsivist, ef dæmd verður, skuli höfð skilorðsbundin. Enn fremur krefst hann þess, að tími ökuleyfissviptingar verði styttur.

Af hálfu ákæruvalds var upphaflega krafist þyngingar á refsingu ákærða. Endanlegar kröfur ákæruvalds eru þær, að hin áfrýjaða refsiákvörðun og ökuréttarsvipting verði staðfest.

I.

Málavöxtum er að nokkru lýst í hinum áfrýjaða dómi. Slys það, sem ákærði er sakfelldur fyrir að vera valdur að, varð um kl. 12.20 laugardaginn 23. október 1993. Í lögregluskýrslu hefur ákærði lýst atvikum svo, að hann og Birgir Rúnar Guðmundsson hafi verið við drykkju frá því deginum áður. Hafi ákærði lítið sofið um nóttina. Skömmu fyrir slysið hafi þeir farið frá heimili Birgis á Vatnsleysuströnd í bifreið í eigu eiginkonu hins síðarnefnda. Hafi Birgir ekið henni að söluskála í Vogum, en ákærði hafi beðið í bílnum, á meðan Birgir sinnti verslunarerindum þar. Er hann kom þaðan aftur, hafi Birgir beðið ákærða að taka við akstri bifreiðarinnar. Hafi hann orðið við því. Fram er komið, að ákærði hefur aldrei öðlast réttindi til að aka bifreið.

Kveðst ákærði síðan hafa ekið frá Vogum austur Vatnsleysu-

strandarveg. Hafi hann einungis verið kominn skammt áleiðis, er hann missti vald á akstri bifreiðarinnar með þeim afleiðingum, að hún fór út af veginum og valt.

II.

Vitnið Sigurður Kristinsson hefur gefið skýrslu fyrir lögreglu. Kvaðst hann hafa ekið eftir Vatnsleysustrandarvegi í átt að Vogum, er bifreið sú, sem ákærði ók, kom úr gagnstæðri átt. Hafi þeirri bifreið verið ekið á miklum hraða, sem hafi leitt til þess, að vitnið hafi sjálft stöðvað sína bifreið úti í vegarkanti. Augnabliki síðar hafi hinum bílnum verið ekið gegnum rimlahlið á veginum, og í kjölfarið hafi ökumaður misst stjórn á bílnum. Hafi bíllinn farið vegkanta á milli, og í baksýnisspegli sá vitnið, hvar bíllinn fór út af veginum hægra megin rétt aftan við bíl vitnisins.

Ummerki á vettvangi renna stoðum undir þessa lýsingu vitnisins. Benda þau enn fremur til þess, að bíllinn hafi stungist á endann, er hann fór út af veginum, oltið síðan og staðnæmst á hliðinni utan vegar talsvert langt frá þeim stað, er ákærði missti stjórn á bifreiðinni. Kastaðist Birgir við þetta út úr bílnum og lést samstundis. Ákærði hlaut sjálfur mikil meiðsl, þar á meðal tvíbrotið viðbein og brot á mörgum rifbeinum. Fimm ára drengur, sem í bifreiðinni var, hlaut einungis minni háttar meiðsl við atburðinn.

III.

Ákærði hefur gengist við sakargiftum. Í blóði hans fannst 1,51‰ alkóhóls eftir slysið. Eru brot hans réttilega heimfærð til refsiákvæða í ákæru. Verður refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í sex mánuði. Þá verður ákærði jafnframt sviptur ökuréttindum ævilangt.

Ákærða hefur ekki áður verið gert að sæta refsingu fyrir brot gegn almennum hegningarlögum nr. 19/1940. Þá hafa verið lögð fyrir Hæstarétt gögn, sem gefa vísbendingu um takmarkaðan andlegan þroska ákærða. Með hliðsjón af öllu framangreindu svo og aðdraganda að ölvunarakstri ákærða og atvikum að öðru leyti þykir mega skilorðsbinda helming refsingarinnar og láta þann hluta hennar falla niður að liðnum tveimur árum frá uppsögu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Í yfirliti sýslumannsins í Keflavík um sakarkostnað eru reikningar

frá Rannsóknastofnun háskólans vegna krufningar á líki hins látna farþega í bílnum, að fjárhæð 49.534 krónur, og frá Rannsóknastofnun í lyfjafræði vegna alkóhóls- og lyfjaleitar í blóði hans og þvagi, að fjárhæð 106.934 krónur. Ekki liggur fyrir, af hvaða sökum stofnað var til þessa kostnaðar í þágu rannsóknar málsins. Verður hann ekki talinn eðlilegur eða nauðsynlegur hluti kostnaðar við saksókn gegn ákærða, eins og hér stendur á. Verður ákærða gert að greiða allan sakarkostnað í héraði að frátöldum þessum kostnaði. Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Árni Sverrir Reynisson, sæti fangelsi í 6 mánuði. Fresta skal fullnustu 3 mánaða af refsingunni og sá hluti hennar falla niður að liðnum tveimur árum frá uppsögu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði er sviptur ökurétti ævilangt.

Ákærði greiði allan sakarkostnað málsins í héraði að frátöldum þeim kostnaði, sem að framan greinir.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og laun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 8. nóvember 1994.

Ár 1994, þriðjudaginn 8. nóvember, er lagður svohljóðandi dómur á sakamálið nr. 568/1994: Ákæruvaldið gegn Árna Sverri Reynissyni, í Héraðsdómi Reykjavíkur.

Steingrímur Gautur Kristjánsson héraðsdómari dæmir málið.

Mál þetta, sem var dómtekið í dag, hefur ríkissaksóknari höfðað fyrir dóminum með ákæruskjali, út gefnu 30. september 1994 og birtu 25. október sl., á hendur Árna Sverri Reynissyni, Haðarstíg 12, Reykjavík, kt. 021262-2559, fyrir að hafa laugardaginn 23. október 1993 ekið bifreiðinni Y-3778 undir áhrifum áfengis án tilskilinna ökuréttinda, án nægjanlegrar aðgæslu og of hratt miðað við aðstæður frá Vogum á Vatnsleysuströnd

áleiðis austur Vatnsleysustrandarveg með þeim afleiðingum, að bifreiðin hafnaði utan vegar skammt austan við Voga og valt. Við þetta kastaðist farþegi í bifreiðinni, Birgir Rúnar Guðmundsson, f. 26. október 1949, út úr henni og hlaut við það hálsbrot og blæðingu í heila, og lést hann nær samstundis af völdum áverkanna.

Telst þetta varða við 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 1. mgr. 4. gr., 1. mgr. 36. gr., 1., sbr. 3. mgr. 45. gr. og 1. mgr. 48. gr., í öllum tilvikum sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til sviptingar ökuréttar samkvæmt 101. og 102. gr. nefndra umferðarlaga, sbr. lög nr. 44/1993.

Ákærði hefur skýlaust gengist við sakargiftum. Ekkert bendir til annars en hann hafi aðhafst það, sem hann er sakaður um. Brot, sem ákært er fyrir, teljast því sönnuð með játningu ákærða. Hinn látni var eigandi bifreiðarinnar og hafði fengið ákærða stjórn hennar. Banamein Birgis Rúnars var hálsbrot og heilablæðing. Í blóði ákærða fannst 1,51‰ etýlalkóhóls eftir slysið, en 1,22‰ í blóði hins látna. Hinn látni hafði ekki spennt öryggisbelti. Rannsókn hefur ekki leitt í ljós, að gallar á bifreiðinni eða ástand vegarins ættu þátt í, hvernig fór. Ákærði viðbeinsbrotnaði og rifbeinsbrotnaði, hlaut mar á lungum og e. t. v. sprungu í hryggjarlið. Barn, sem var í bifreiðinni, hlaut ekki líkamlega áverka við slysið. Vitni, sem kom akandi á móti bifreið hins látna, tók það til bragðs, þegar hann sá til hennar, að leggja sínum bíl við vegarbrún vegna árekstrarhættu. Ákærði missti síðan stjórn á bílnum, er hann ók yfir rörahlið, lenti yfir á vinstri vegarhelmingi, tókst þó að komast hjá árekstri og koma bílnum yfir á réttan vegarhelming, en missti hann loks út af veginum sunnan megin.

Ákærði hefur ekki, svo að vitað sé, gerst sekur um brot, sem hafa þýðingu fyrir ákvörðun refsingar í þessu máli. Þykir nú bera að ákveða ákærða viðurlög, eins og greinir í dómsorði. Af hálfu ákæruvalds er krafist saksóknarlauna. Málið hefur verið rekið samkvæmt ákvæðum 125. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, og þykja þá ekki skilyrði til að fallast á þá kröfu, en ákærða ber að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun.

Dómsorð:

Ákærði, Árni Sverrir Reynisson, sæti sex mánaða fangelsi og ævilangri ökuréttarsviptingu. Þá greiði hann allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hrl., 30.000 krónur.

Mánudaginn 6. mars 1995.

Nr. 60/1995. **Þórður Örn Stefánsson**
(Guðmundur Jónsson hrl.)
gegn
Ferðamálasjóði
Frjálsa lífeyrissjóðnum
Landsbanka Íslands
Takmarki hf.
Bjarna Stefánssyni
Grindavíkurbæ
Guðjóni Jónssyni
Sparisjóðnum í Keflavík
Stefáni Kristjánssyni og
Vátryggingafélagi Íslands hf.
(Sigurður G. Guðjónsson hrl.)

Kærumál. Nauðungarsala.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 13. febrúar 1995. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjaness, upp kveðinn 31. janúar sl., þar sem ógilt var nauðungarsala á fasteigninni Gistihúsinu við Bláa lónið í Grindavík frá og með framhaldi uppboðs, sem haldið var 9. nóvember 1994. Kæruheimild er í 1. mgr. 85. gr. laga um nauðungarsölu nr. 90/1991. Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði breytt á þá leið, að nauðungarsala á umræddri fasteign „verði dæmd ógild“ og að varnaraðilum verði í sameiningu gert að greiða sér málskostnað.

Varnaraðilarnir Ferðamálasjóður, Frjálsi lífeyrissjóðurinn, Landsbanki Íslands og Takmark hf. krefjast staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Aðrir varnaraðilar hafa ekki látið málið til sín taka.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dæma verður sóknaraðila til að greiða kærumálskostnað, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Þórður Örn Stefánsson, greiði varnaraðilunum Ferðamálasjóði, Frjálsa lífeyrissjóðnum, Landsbanka Íslands og Takmarki hf., hverjum um sig, 25.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 31. janúar 1995.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 26. janúar 1995, hefur Þórður Örn Stefánsson, kt. 040945-3509, Sólvallagötu 11, Reykjavík, gerðarþoli við nauðungarsölu, höfðað fyrir dóminum með kröfugerð fyrir dómi og framlagningu skjala í dóm 14. desember 1994 á hendur gerðarbeiðendunum Ferðamálasjóði (Leifur Árnason hdl.), Takmarki hf. (Kristinn Bjarnason hdl.), Frjálsa lífeyrissjóðnum (Kristinn Bjarnason hdl.), Vátryggingafélagi Íslands hf. (ekki tekið til varna) og kröfulýsendunum Grindavíkurbæ (ekki tekið til varna), Landsbanka Íslands (Jakob Árnason hdl.), Sparisjóðnum í Keflavík (Garðar Garðarsson hrl., ekki tekið til varna) og bjóðendum öðrum en gerðarbeiðendum, þeim Stefáni Kristjánssyni, Frostaskjóli 73, Reykjavík (útivist), Guðjóni Jónssyni, Heiðarhrauni 60, Grindavík (gerir ekki sjálfstæðar kröfur í málinu), og Bjarna Stefánssyni, Laugavegi 41, Reykjavík (gerir ekki sjálfstæðar kröfur í málinu).

Dómkröfur sóknaraðila eru þær, að nauðungarsala á Gistihúsinu við Bláa lónið í Grindavík ásamt þeim búnaði, sem þarf til starfrækslu þess, er fram fór á eigninni, sem lauk 9. 11. 1994, verði dæmd ógild og þeim varnaraðilum, sem taka til varna í málinu, verði in solidum gert að greiða sóknaraðila málskostnað að mati dómsins ásamt virðisaukaskatti.

Af hálfu þeirra varnaraðila, sem tekið hafa til varna í máli þessu, Ferðamálasjóðs, Takmarks hf., Frjálsa lífeyrissjóðsins og Landsbanka Íslands, eru þær dómkröfur gerðar, að kröfum sóknaraðila verði hrundið og að nauðungarsala á Gistihúsinu við Bláa lónið ásamt lóð úr Járngerðarstaðatorfunni í Grindavík verði aðeins ógilt frá og með framhaldssölu 9. nóvember 1994, en gildi hennar verði staðfest að öðru leyti. Þá krefjast þessir varnaraðilar þess, að málskostnaður verði látinn niður falla.

II.

Svo sem fram kemur í framangreindri kröfugerð, eru aðilar máls þessa öldungis sammála um, að ógilda beri framhaldssölu þá á umræddri eign, sem fram fór 9. nóvember 1994.

Aðferð sýslumanns við sölu þann dag hafi verið ólögmæt.

Stefnandi telur, að af því leiði, að ógilda beri alla nauðungarsölumeðferðina frá upphafi.

Varnaraðilar telja á hinn bóginn, að aðeins beri að ógilda umrædda framhaldssölu 9. nóvember 1994 og auglýsa og halda framhaldssölu að nýju, enda sé því ekki haldið fram af hálfu sóknaraðila, að neinir gallar hafi verið á nauðungarsölumeðferðinni fram að þeim degi. Varnaraðilar telja, að samkvæmt 2. mgr. 83. gr. laga nr. 90/1991 sé heimilt að hafa uppi kröfur um ógildingu nauðungarsölumeðferðar að hluta. Í greinargerð með frumvarpi að lögunum sé sérstaklega tekið fram, að leita megi úrlausnar um ógildingu nauðungarsölu að hluta, t. d. ógildingu hennar varðandi sölu á einum hlut meðal margra, sem ráðstafað var, eða ógildingu á ráðstöfunum, sem hafa átt sér stað frá tilteknu tímamarki, þannig, að það, sem gert var við framkvæmd hennar á fyrri stigum, standi óhaggað. Þetta sé í samræmi við gildandi rétt í tíð eldri laga, og vísa sóknaraðilar t. d. til Hrd. í málinu nr. 188/1994 frá 18. maí 1994 og til Hrd. 1992, bls. 283.

Þá benda varnaraðilar á, að af hálfu sóknaraðila eru ekki færðar fram neinar málsástæður eða lagarök í greinargerð hans í málinu fyrir því, að eigi sé nægilegt að ógilda nauðungarsölumeðferðina aðeins að hluta, eins og kröfur varnaraðila lúta að. Við þingfestingu málsins var bókuð sú varakrafa umræddra varnaraðila, að nauðungarsalan verði aðeins ógilt frá og með framhaldssölu 9. nóvember 1994. Hafi sóknaraðili því haft nægilegt tilefni til að færa fram málsástæður og lagarök sín vegna kröfu þessarar í greinargerð sinni, er rituð var og lögð fram eftir þingfestingu að fram komnum kröfum varnaraðila, sbr. 3. mgr. 83. gr. laga um nauðungarsölu.

III.

Sem fyrr greinir, eru aðilar sammála um, að meðferð nauðungarsölumálsins hafi verið óaðfinnanleg, þar til framhaldssala 9. nóvember 1994 var auglýst og haldin, og einnig sammála um það, að ógilda beri sölu þann dag, þar eð nauðungarsöluskilmálar við þá sölu standist ekki.

Samkvæmt þeim nauðungarsöluskilmálum hafi fasteignin þá verið seld eigi aðeins með fylgifé, heldur „ásamt þeim búnaði, sem þarf til starfrækslu þess, sem fram fer á eigninni“.

Sem dæmi um slíkan búnað, er seldur hafi verið, nefna aðilar máls þessa

rúm, sængurfatnað, borð, stóla og aðra slíka muni á hótelherbergjum, í veitingasal og öðrum vistarverum hótelsins, eldhússáhöld, borðbúnað o. s. frv. Uppboðsheimildir uppboðsbeiðanda hafi ekki náð til þessa búnaðar. Uppboðs hafi ekki verið beiðst á honum í uppboðsbeiðnum. Hans hafi ekki verið getið í neinni af þeim auglýsingum, sem birtar höfðu verið. Bjóðendum hafi því ekki gefist kostur á að skoða umræddan búnað, því að sýslumaður hafi leitað eftir boðum í beinu framhaldi af því, að hann tók ákvörðun um, að téður búnaður fylgdi. Engin skrá um hann hafi legið frammi.

Við uppboðið var hæstbjóðandi Bjarni Stefánsson, bróðir gerðarþola, Þórðar Arnar. Hann bauð 54.000.000 kr. Lögmaður sóknaraðila í máli þessu lagði fram við þingfestingu máls þessa 14. desember sl. yfirlýsingu Bjarna, svohljóðandi:

„Hér með tilkynnist yður, að undirritaður telur sig óbundinn af boði sínu í gistihúsið, verði það niðurstaðan, að lausafé til rekstrar gistihússins hafi ekki fylgt með í sölunni."

Næsthæstbjóðandi var Guðjón Jónsson. Hann bauð 53.000.000 kr. Hann lýsti yfir og lét bóka á sama dómþingi, að afstaða sín sé hin sama og Bjarna; hann telji sig óbundinn af boði sínu, nema lausafé til rekstrar gistihúss fylgi.

Á undan boðum þeirra Bjarna og Guðjóns bauð Stefán Kristjánsson 41.000.000 kr. Hann hefur ekki sótt þing í máli þessu, en var þó löglega boðaður.

IV.

Sóknaraðili hefur einkum stutt kröfu sína um ógildingu nauðungarsölumeðferðarinnar frá upphafi með eftirfarandi rökum:

1. Með hinum nýju nauðungarsölulögum hafi formreglur verið hertar í þeim tilgangi að tryggja hagsmuni gerðarþola, þ. á m. með ákvæðum 35. gr. um auglýsingu uppboðs.

2. Með hinum nýju lögum hafi verið lögfest samfelld nauðungarsölumeðferð. Það komi m. a. fram í ákvæðum 2. mgr. 35. gr., 34. gr. og 21. gr. Næstu fyrirtöku skuli jafnan ákveða á næsta söluþingi á undan.

3. Lög ákveði, hvenær ákvörðun um framhaldssölu skuli tekin. Samkvæmt 2. mgr. 35. gr. beri að taka ákvörðun um framhaldssölu, um leið og lokið sé að leita boða í eignina á byrjunarsölu. Byrjunarsölu skuli sýslumaður ákveða í lok fyrstu fyrirtöku. Sú niðurstaða, að einungis skuli fara fram framhaldssala, fullnægi ekki þessum kröfum laganna, formreglum laganna um þennan samfellda feril.

4. Ef fallist væri á kröfur varnaraðila, nyti sóknaraðili þess ekki að fá þrisvar auglýst uppboð á eigninni með nálægt því fjögurra vikna millibili.

Nýja framhaldssölu væri þá nægilegt að auglýsa einu sinni með stuttum fyrirvara. Sóknaraðili telur, að slíkt fái ekki staðist, auglýsa verði að nýju byrjun uppboðs.

Álit réttarins.

Sóknaraðili máls þessa og þeir varnaraðilar, sem tekið hafa til varna, eru sammála um, að ógilda beri framhaldssölu á umræddri fasteign, er fram fór 9. nóvember 1994. Engin andmæli við slíkri ógildingu hafa komið fram af hálfu annarra varnaraðila.

Á það má fallast með aðilum máls þessa, að sú breyting, er gerð var á söluskilmálum á umræddu söluþingi, skömmu áður en leitað var boða í eignina, fái ekki staðist, en það er ágreiningslaust, að umrædd breyting eða viðauki og þar með hinir endanlegu söluskilmálar fóru í bága við auglýsingar um nauðungarsölu á eigninni, er birtar höfðu verið, nauðungarsölubeiðnir og nauðungarsöluheimildir.

Af þessum sökum ber að dæma ógilda framhaldssölu, er fram fór 9. nóvember 1994.

Varnaraðilar hafa lýst yfir því, að þeir telji, að ekkert verði að nauðungarsölumeðferðinni fundið fram að umræddri framhaldssölu. Sóknaraðili hefur ekki bent á neina ágalla. Kemur þá til úrlausnar, hvort laganauðsyn beri til að ógilda alla nauðungarsölumeðferðina frá upphafi, svo sem sóknaraðili krefst.

Á það verður ekki fallist með sóknaraðila. Ákvæði XIV. kafla laga um nauðungarsölu nr. 90/1991, þ. á m. 2. mgr. 83. gr., ber að skýra svo, að ógilda megi nauðungarsölumeðferð frá tilteknu tímamarki, þannig, að það, sem gert var við framkvæmd hennar á fyrri stigum, standi óhaggað.

Samkvæmt þessu verða úrslit máls þessa þau, að dæmd er ógild nauðungarsölumeðferð á Gistihúsinu við Bláa lónið, Svartsengi, á lóð úr Járngerðarstaðalandi, Grindavík, frá og með framhaldssölu, er fram fór 9. nóvember 1994.

Málskostnaður fellur niður.

Már Pétursson héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Nauðungarsölumeðferð á fasteigninni Gistihúsinu við Bláa lónið í Grindavík skal vera ógild frá og með framhaldssölu, er fram fór 9. nóvember 1994.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 6. mars 1995.

Nr. 70/1995. **Herrabúðin hf.**
(Valgeir Kristinsson hrl.)
gegn
Gjaldheimtunni í Reykjavík

Kærumál. Gjaldþrotaskipti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 17. febrúar 1995, sem barst réttinum 2. mars sl. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 31. janúar 1995 um töku bús sóknaraðila til gjaldþrotaskipta. Kæruheimild er í 1. mgr. 179. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl. Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði úrskurður verði ómerktur og felldur úr gildi, en til vara, að hinum kærða úrskurði verði vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar. Þá er krafist kærumálskostnaðar.

Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka fyrir Hæstarétti.

Sóknaraðili hefur ekki fært fram nein þau rök, sem nú geta leitt til þess, að hnekkt verði hinum kærða úrskurði. Ber því að staðfesta hann með vísan til forsendna hans.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 8. febrúar 1995.

Málið var tekið til úrskurðar 6. þ. m. vegna fram kominnar beiðni um endurupptöku þess.

Málavextir eru þeir, að með bréfi, sem barst Héraðsdómi Reykjavíkur 8. nóvember sl., krafðist Gjaldheimtan í Reykjavík, kt. 570169-0849, Tryggvagötu 28, Reykjavík, þess, að bú Herrabúðarinnar hf., kt. 470269-5459, Laugavegi 47, Reykjavík, yrði tekið til gjaldþrotaskipta.

Kvaðst skiptabeiðandi eiga kröfu á hendur skuldaranum vegna vangreiddra opinberra gjalda. Í bréfinu var höfuðstóll skuldarinnar ásamt vöxtum og kostnaði tilgreindur 828.762 kr., en krafan um gjaldþrotaskipti var

reist á árangurslausu fjárnámi hjá skuldaranum 19. september sl. Kröfu sinni til stuðnings vísaði skiptabeiðandi til 1. tl. 2. mgr. 65. gr. laga nr. 21/1991.

Við þingfestingu málsins 7. desember sl. sótti stjórnarformaður skuldara þing. Að ósk hans var málinu þá frestað til 4. janúar sl. Við fyrirtöku málsins þann dag sótti stjórnarformaður skuldara einnig þing. Málið var tekið til úrskurðar sama dag.

Af hálfu skuldara komu ekki fram mótmæli við kröfu skiptabeiðanda, og leit dómurinn því svo á með vísan til 2. mgr. 70. gr. laga nr. 21/1991, að skuldari viðurkenndi, að fullyrðingar skiptabeiðanda væru réttar. Því væri fullnægt skilyrðum 1. tl. 2. mgr. 65. gr. sömu laga til að verða við kröfu skiptabeiðanda og bú skuldara samkvæmt því tekið til gjaldþrotaskipta. Úrskurður þar um var kveðinn upp 31. janúar sl. og skiptastjóri skipaður samdægurs.

Á dómþingi í gær var af hálfu skuldara sett fram beiðni um endurupptöku meðferðar á kröfu um gjaldþrotaskipti á búi hans. Var í því sambandi vísað til 1. mgr. 137. gr. laga nr. 91/1991. Var á það bent, að skuldari hefði greitt skuld sína við skiptabeiðanda að fullu 2. þ. m. Jafnframt væri þess að geta, að skuldari ætti nægar eignir umfram skuldir.

Af hálfu skiptabeiðanda var lýst yfir því, að hann hefði ekkert við beiðni þessa að athuga og féllist þar með á hana, jafnframt því sem staðfest var, að skuldari hefði greitt skuld sína að fullu 2. þ. m.

Áður er að því vikið, að sóknaraðili reisi kröfu sína um endurupptöku á 1. mgr. 137. gr. laga nr. 91/1991. Í tilvitnaðri lagagrein segir, að hafi dómur gengið eða stefna verið árituð í máli, þar sem stefndi sótti ekki þing eða þingsókn hans féll niður, geti stefndi beiðst endurupptöku innan tiltekins frests. Þegar þess er gætt, að stjórnarformaður sóknaraðila sótti þing bæði við þingfestingu málsins og einnig þann dag, sem málið var tekið til úrskurðar, verður ekki byggt á þessu lagaákvæði.

Í lögum nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl. er ekki að finna beina heimild fyrir endurupptöku. Samkvæmt 4. mgr. 67. gr. laganna er heimilt að afturkalla kröfu um gjaldþrotaskipti, allt þar til úrskurður er kveðinn upp um hana fyrir héraðsdómi. Þá eru í 72.–74. gr. laganna almennar reglur um þýðingu gjaldþrotaskipta. Samkvæmt þeim hefur úrskurðurinn einn og sér þegar eftir uppkvaðningu veigamikil áhrif að lögum gagnvart þrotamanni og þriðja manni, án tillits til, hvort innköllun vegna gjaldþrotaskiptanna hefur birst. Loks er þess að geta, að í 154. gr. laganna eru ákvæði um, að þrotamaður geti fengið eignir búsins afhentar að nýju eftir lok kröfulýsingarfrests með samþykki skiptabeiðanda og annarra, er lýst hafi kröfum í

þrotabúið. Þykir mega lesa út úr þessu, að málsforræðisreglan eigi ekki við um álitaefni það, sem hér er til meðferðar.

Þótt fyrir liggi í málinu, að enginn ágreiningur sé um endurupptökubeiðnina, telur dómurinn með vísan til framanritaðs, að hafna beri beiðninni.

Júlíus B. Georgsson dómarafulltrúi kveður upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Framangreindri beiðni um endurupptöku máls þessa er hafnað.

Miðvikudaginn 8. mars 1995.

Nr. 75/1995. **Rannsóknarlögregla ríkisins**
gegn
Kristjáni Haukssyni
(Kristján Stefánsson hrl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald. A-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 3. mars 1995, sem barst réttinum 6. sama mánaðar. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og sér verði tafarlaust veitt frelsi. Hann krefst og kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 3. mars 1995.

Ár 1995, föstudaginn 3. mars, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Ingveldi Einarsdóttur dómarafulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi:

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess með vísan til a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, að Kristjáni Haukssyni, kt. 140163-7599, með lögheimili að Skólavörðustíg 28, Reykjavík, en dvalarstað að Brekkugerði 1, Reykjavík, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudags 29. mars 1995 kl. 16.00 vegna grunar um brot gegn 252. gr. alm. hgl. nr. 19/1940.

– – –

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, er ljóst, að kærði er undir rökstuddum grun um aðild að auðgunarbroti, sem fangelsisrefsing getur legið við samkvæmt XXVI. kafla alm. hgl., og er nauðsynlegt, að rækileg rannsókn fari fram á ferðum hans og gerðum undanfarið. Eftir er að yfirheyra

vitni, sem hugsanlega geta gefið upplýsingar um ferðir hans umræddan dag. Þá þarf viðhlítandi skýring að fást á því, hvernig hann hefur komist yfir svo mikið fé, en útskrift af bankareikningi hans nr. 7599 við Búnaðarbanka Íslands styður ekki frásögn hans um söfnunarfé hans.

Verður því með vísan til ofangreinds, rannsóknargagna málsins og skírskotun til a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 að fallast á þá kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins, að kærði sæti gæsluvarðhaldi, þó eigi lengur en til 13. mars næstkomandi kl. 16.00.

Ingveldur Einarsdóttir dómarafulltrúi kveður upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Kærði, Kristján Hauksson, sæti gæsluvarðhaldi til mánudagsins 13. mars næstkomandi kl. 16.00.

Fimmtudaginn 9. mars 1995.

Nr. 67/1995. **M**

gegn

K

Kærumál. Börn. Bráðabirgðaforsjá.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 16. febrúar 1995, sem barst réttinum 28. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 3. febrúar sl. um bráðabirgðaforsjá með börnum málsaðila. Sóknaraðili krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og sér verði úrskurðuð bráðabirgðaforsjá allra barna þeirra, en til vara, að sóknaraðila verði úrskurðuð bráðabirgðaforsjá tveggja drengjanna. Til þrautavara krefst sóknaraðili þess, að sér verði úrskurðuð bráðabirgðaforsjá yngsta drengsins. Loks krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar.

Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka fyrir Hæstarétti.

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur var varnaraðila úrskurðuð bráðabirgðaforsjá með fjórum börnum hennar og sóknaraðila. Var úrskurðurinn kveðinn upp í tengslum við forsjárdeilumál aðila, sem til meðferðar er í sama dómi, og bindur hann ekki hendur dómara málsins við úrlausn þess. Málatilbúnaður aðila styðst við barnalög nr. 20/1992.

Samkvæmt 58. gr. laga nr. 20/1992 fer um rekstur mála vegna forsjár barna að hætti einkamála, nema um frávik sé mælt í lögum. Sóknaraðili hefur ekki í kæru sinni til Hæstaréttar vísað til kæruheimildar. Kæra á úrskurði héraðsdóms er ekki heimil samkvæmt 143. gr. laga nr. 91/1990 um meðferð einkamála, og ekki er að finna sérstaka kæruheimild í lögum nr. 20/1992. Ber því að vísa máli þessu sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaðar verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Fimmtudaginn 9. febrúar 1995.

Nr. 371/1994. **Albert Reimarsson**
(Brynjólfur Kjartansson hrl.)
gegn
Söltunarfélagi Dalvíkur hf.
(Árni Pálsson hrl.)
og gagnsök

Skaðabætur. Vinnuslys. Sjómenn. Örorka. Sakarskipting.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. ágúst 1994. Krefst hann þess, að gagnáfrýjanda verði gert að greiða sér 5.238.463 krónur eða til vara aðra lægri fjárhæð með sömu vöxtum og raktir eru í kröfugerð hans fyrir héraðsdómi fyrir tímabilið frá 10. júní 1985 til þingfestingardags í héraði 15. júní 1989, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Hann krefst og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 16. september 1994. Hann krefst þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur um annað en málskostnað og sér dæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess, að sök verði skipt og kröfur aðaláfrýjanda lækkaðar verulega.

Mál þetta var áður fyrir Hæstarétti sem mál nr. 189/1991 og hafði þá verið dæmt á bæjarþingi Dalvíkur af öðrum dómendum en þeim, er nú hafa um það fjallað í Héraðsdómi Norðurlands eystra. Var dómur kveðinn upp síðara sinnið að undangengnum munnlegum málflutningi, en aðilar og vitni komu ekki aftur fyrir dóm til skýrslugjafar.

I.

Í málinu krefur aðaláfrýjandi bóta fyrir líkamstjón vegna slyss, sem hann varð fyrir 11. september 1984 um borð í m/s Dalborgu, EA

317, þegar skipið var að leggja frá bryggju á Dalvík. Skip þetta er tæplega 300 brúttórúmlesta skuttogari, sem gagnáfrýjandi átti og gerði út. Var það nýkomið af veiðum með fullfermi, en átti að sigla til Englands með aflann. Aðaláfrýjandi var tvítugur að aldri og hafði lokið námi til skipstjórnar á fiskiskipum árið áður. Hafði hann verið 2. stýrimaður á Dalborgu frá ársbyrjun 1984 og gegnt þeirri stöðu í veiðiferðinni. Í söluferðinni átti hann að leysa af sem 1. stýrimaður, en Willard Helgason, er venjulega hafði þá stöðu, tók við stjórn skipsins af Snorra Snorrasyni skipstjóra, sem fór í land. Stýrði Willard skipinu frá bryggju, en Snorri var nýgenginn frá borði og fylgdist með af bryggjunni, þar sem hann tók þátt í losun landfesta. Aðaláfrýjandi var á framþilfari skipsins og átti að stýra þar verkum samkvæmt stöðu sinni.

Atvik að slysinu eru rakin í hinum áfrýjaða dómi eftir skýrslum skipverja hjá lögreglu og fyrir bæjarþingi Dalvíkur. Sjóferðapróf samkvæmt 39. gr. þágildandi siglingalaga nr. 66/1963 var ekki haldið eftir slysið. Var það ekki fyrr en í janúar 1986, eftir að fram var komið við ítrekaða læknismeðferð, að afleiðingar þess fyrir aðaláfrýjanda gætu orðið varanlegar, sem beðið var um rannsókn á slysinu. Var hún þá falin lögreglunni á Akureyri, er gerði málinu ýtarleg skil. Aðdragandi slyssins er þó ekki svo ljós sem skyldi, og verður gagnáfrýjandi að bera af því nokkurn halla vegna hinnar síðbúnu rannsóknar.

Þegar lagt var upp, lá skipið við syðri hafnargarð á Dalvík með stjórnborðssíðu að garðinum og stefni í norður. Til að koma því út úr höfninni þurfti að sigla fyrir enda garðsins og beygja þar þvert á stjórnborða út um hafnarmynnið austur með nyrðri hafnargarðinum. Var ákveðið sem oft áður að snúa skipinu um garðsendann með því að sigla í fremstu landfesti þess, sem brugðið var á nyrsta bryggjupollann. Á skipinu var henni slegið um þilfarspolla bakborðs megin við akkerisspil, og sá aðaláfrýjandi þar sjálfur um hana með aðstoð eins hásetanna. Stóð hann aftan við pollann og hélt við festina, þegar skipið var sett á ferð. Frá pollanum lá festartógið um kefa í borðstokk skipsins framan við járnrúllu, sem sat á bolta í miðjum kefanum. Siglt var í festina með þungu skriði, án þess að hún gæfi eftir, og kom af því hnykkur á skipið. Segja báðir skipstjórarnir, að það hafi slegist í bryggjuna og dældast við. Um leið brotn-

aði járnboltinn, er hélt fyrrgreindri kefarúllu, og þeyttist hún í akkerisspilið og þaðan í aðaláfrýjanda, sem slasaðist á mjöðm.

Skipstjórinn, Willard Helgason, bar ábyrgð á þeim stjórntökum, sem beitt var í þetta sinn, og stjórnaði vél skipsins úr brúnni. Í skýrslu sinni fyrir lögreglu 5. febrúar 1986 sagði hann um orsakir slyssins, að þar hefðu einkum komið til tveir samverkandi þættir. Annars vegar hefði hann misreiknað slakann á landfestinni eða ekki vitað, hversu lítill hann var. Hins vegar hefði festin verið látin liggja framan við kefarúlluna, svo að átakið lenti á henni, en ekki á kefanum sjálfum. Þetta síðarnefnda hefði þó ekki verið óvanalegt. Hann kvað ferð skipsins hafa verið of mikla, þegar í festina tók. Í greinargerð og framburði fyrir bæjarþingi Dalvíkur skýrði hann þetta nánar og lagði á það áherslu, að aðaláfrýjandi hefði átt að geta gefið eftir af festinni með því að slá vafningi af þilfarspollanum, þannig, að strekkjast myndi á tóginu með sígandi átaki. Kvaðst hann ekki hafa verið búinn að skipa aðaláfrýjanda að setja tógið fast á pollanum, en aðaláfrýjandi heldur hinu gagnstæða fram. Að því slepptu er skýrsla skipstjórans mjög í samræmi við aðrar frásagnir af slysinu.

II.

Samkvæmt gögnum málsins verður ekki á það fallist, að aðaláfrýjandi hafi þurft að færa festina aftur fyrir kefarúlluna að eigin frumkvæði, og ekki verður fullyrt, að skipstjóri hafi ætlast til, að svo yrði gert. Þá verður ekki á því byggt, að aðaláfrýjandi hafi átt að standa úti við stjórnborðssíðu skipsins og stýra þaðan slaka á landfestinni, þar sem fyrir liggur, að hvorugur skipstjóranna gerði athugasemd við staðsetningu hans við pollann bakborðs megin. Rekja verður slysið til þess, að ferð skipsins hafi verið of mikil, og er það á ábyrgð skipstjóra. Á hinn bóginn verður einnig að telja, að aðaláfrýjandi hefði átt að geta stýrt átakinu á festina að nokkru marki, en ósannað er, að skipstjóri hafi gefið skipun um að setja tógið fast. Verður að rekja það til mistaka áfrýjanda sjálfs, að hann var ekki nægilega viðbúinn því, sem gerðist. Þykir rétt eftir öllum atvikum, að aðaláfrýjandi beri tjón sitt af slysinu að hálfu, en stefndi ábyrgist það að hálfu.

III.

Afleiðingum slyss aðaláfrýjanda er lýst í hinum áfrýjaða dómi. Jónas Hallgrímsson læknir mat örorku hans 31. október 1986 og taldi varanlega örorku af völdum slyssins nema 25%. Mati þessu hefur ekki verið hnekkt, og er rétt að hafa það til hliðsjónar við ákvörðun bóta til aðaláfrýjanda.

Jón Erlingur Þorláksson tryggingastærðfræðingur gerði líkindareikning um fjárhagstjón aðaláfrýjanda 3. nóvember 1987 á grundvelli örorkumatsins. Höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps vegna varanlegrar örorku var þar áætlað 4.965.800 krónur á slysdegi. Reikningi þessum hefur ekki verið mótmælt tölulega, og ný gögn um tekjur aðaláfrýjanda hafa ekki verið lögð fram.

Kröfu sinni um bætur fyrir fjártjón vegna slyssins hefur aðaláfrýjandi breytt á þann veg hér fyrir dómi, að hann gerir nú einvörðungu tilkall til bóta fyrir varanlega örorku. Er krafan studd fyrrgreindum reikningi og nemur umgetnu höfuðstólsverðmæti að frádregnum 227.337 krónum, sem hann fékk greiddar frá Brunabótafélagi Íslands úr slysatryggingu sjómanna, eins og um getur í héraðsdómi. Verður fjárhæð kröfunnar þá 4.738.463 krónur. Miskabótakrafa er óbreytt, 500.000 krónur miðað við slysdag.

Eins og um getur í héraðsdómi, kom aðaláfrýjandi aftur til starfa á m/s Dalborgu nokkru eftir slysið, en hvarf þaðan í september 1986 að landbúnaðarstörfum til júlíloka 1987. Hann stundaði síðan ýmsa vinnu, en frá því um vorið 1989 hefur hann aðallega starfað á togskipum, síðast sem stýrimaður á Björgólfi, EA 312. Hann kveður þau störf þó ganga nærri sér og þannig óvíst, hvað við taki á næstunni. Um tekjur hans til þessa verður að ætla, að þær hafi ekki rýrnað að marki vegna slyssins.

Með hliðsjón af því, sem hér var rakið, ásamt hagræði af eingreiðslu og skattfrelsi bóta telst óbætt tjón aðaláfrýjanda vegna varanlegrar örorku af völdum slyssins hæfilega ákvarðað 2.650.000 krónur, en bætur fyrir miska 150.000 krónur. Verður gagnáfrýjanda gert að greiða aðaláfrýjanda helming þessara fjárhæða, samtals 1.400.000 krónur.

Bæturnar ber að gjalda með vöxtum frá 10. júní 1985, eins og nánar er mælt um í dómsorði.

Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda samtals 600.000 krónur í

málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, Söltunarfélag Dalvíkur hf., greiði aðaláfrýjanda, Albert Reimarssyni, 1.400.000 krónur með 22% ársvöxtum frá 10. júní 1985 til 28. febrúar 1986, 12% ársvöxtum frá þeim degi til 31. mars sama ár, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 20. janúar 1987, 10% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar sama ár, 11% ársvöxtum frá þeim degi til 14. apríl sama ár og vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til 15. júní 1989, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laganna frá þeim degi til greiðsludags.

Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda samtals 600.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Norðurlands eystra 15. júní 1994.

Mál þetta, sem dómtekið var 20. f. m. að undangengnum munnlegum málflutningi, hefur Brynjólfur Kjartansson hrl. höfðað f. h. Alberts Reimarssonar, Reynishólum 5, Dalvík, með stefnu, út gefinni 10. 4. 1989 og þingfestri 15. 6. s. á., á hendur Söltunarfélagi Dalvíkur hf., Dalvík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi greiði sér skaðabætur, að fjárhæð 5.946.500 kr., auk [nánar tilgreindra vaxta og málskostnaðar].

Aðalkrafa stefnda er, að hann verði sýknaður af öllum dómkröfum stefnanda. Til vara krefst hann þess, að sök verði skipt og dómkröfur stefnanda lækkaðar verulega og að stefnandi verði í öllum tilvikum dæmdur til að greiða stefnda málskostnað.

Við munnlegan málflutning kröfðust báðir aðilar gagnkvæmt greiðslu virðisaukaskatts á málskostnað í stað söluskatts.

Dómur gekk í máli þessu á bæjarþingi Dalvíkur 1. febrúar 1991, en með dómi Hæstaréttar 5. maí 1994 var sá dómur ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar frá og með munnlegum málflutningi 7. janúar 1991 og uppsögu dóms að nýju.

Samkvæmt gögnum málsins eru málavextir þeir, að þriðjudaginn 11. september 1984 kl. 10.20, er b/v Dalborg, EA-317, var að fara frá bryggju á Dalvík, vildi til það slys, að rúlla brotnaði úr kefa á stjórnborðskinnungi og þeyttist í mjöðm stefnanda. Var til kvaddur læknir og sjúkrabíll og farið

með stefnanda á sjúkrahús á Akureyri, og kl. 10.45 lét skipið úr höfn. Efnislega á þessa leið er svo bókað um atvik þetta í leiðabók skipsins: Stefnandi var 1. stýrimaður í afleysingum á skipinu, en skipið var að fara í söluferð til Englands. Hafði það verið bundið við syðra hafnargarðinn á Dalvík, og voru allar landfestar lausar nema frambandið. Skipstjóri ákvað að keyra í það til þess að snúa skipinu, svo að hægt yrði að sigla beint út úr höfninni. Frambandið var fest við nyrsta bryggjupollann og lá í framkefa stjórnborðs megin og inn á aftari dekkpolla bakborðs megin. Í miðjum kefanum, þar sem bandið lá, var föst rúlla, og lá bandið framan við rúlluna. Er skipið var komið rétt norður fyrir bryggjuhausinn, fór að reyna mikið á landfestina, og vildi þá svo til, að bolti, sem hélt rúllunni í kefanum, brotnaði, og spýttist rúllan þá í átaksstefnu aftur á dekk og lenti á stefnanda með þeim afleiðingum, að hann mjaðmarbrotnaði.

Nánari atvikum verður nú lýst samkvæmt framburði vitna og aðila málsins, þar sem stefnandi reisir málsástæður sínar og lagarök á því, hvernig að verki var staðið.

Stefnandi bar fyrir lögreglu 5. febrúar 1986, að þeir hefðu verið að leggja upp í siglingu til Hull í Englandi, þar sem átt hefði að selja aflann, en skipið verið fulllestað með 105,8 tonnum af fiski. Hefðu þeir komið til heimahafnar á Dalvík til að taka ís og setja í land þá skipverja, sem áttu siglingarfrí. Í veiðiferðinni hafi Snorri Snorrason verið skipstjóri, en Willard Helgason 1. stýrimaður og stefnandi 2. stýrimaður. Hafi Snorri skipstjóri farið í frí og Willard tekið hans stöðu og stefnandi stöðu 1. stýrimanns. Eftir rúmlega tveggja tíma stopp við bryggju átti að leggja af stað í siglinguna. Hafi skipið legið vestan á suðurgarðinum í Dalvíkurhöfn með stefni í norður. Minnti hann, að skipið hefði verið bundið við endapollann á bryggjunni og að Willard hafi verið uppi í stýrishúsi skipsins. Einn maður hefði verið aftur á þilfari og þrír frammi á, þ. á m. stefnandi. Willard hafði talað um að keyra í frambandið stjórnborðs megin, væri það þægilegra en keyra í springinn og þetta oft gert. Búið hefði verið að losa skipið að aftan og springinn, en Willard síðan gefið skipun um það, hvenær ætti að setja frambandið fast. Með því að keyra þannig í frambandið hefði verið ætlunin að snúa skipinu í því skyni að auðvelda siglingu austur úr höfninni. Þar eð skipið var fulllestað, hefði átakið verið meira. Á framdekki framan við brú eru grandaraspil á hvorri hlið, framan við þau fyrir miðju akkerisspil og tveir pollar sinn hvorum megin við akkerisspilið, annar því sem næst við hlið spilsins og hinn aðeins framar. Þegar keyrt er í frambandið, sé fest í annan hvorn pollann, að jafnaði hinn fremri, og minnti stefnanda, að þannig hefði það einmitt verið í þetta skipti. Frambandið liggi svo fram í kefann, þá ýmist bak-

borðs eða stjórnborðs megin, í þessu tilviki stjórnborðs. Bandið komi fyrir kefarúlluna og liggi síðan aftur með skipinu, þannig, að það myndar nánast V frá pollanum um kefann og í festipunkt í landi. Þegar þá er keyrt var í frambandið, sé beygt um leið á stjórnborða, og snúist þá skipið. Frammi á dekki auk stefnanda hafi verið Stefán Aðalsteinsson, sem stóð frammi við fremri pollann bakborðs megin, og Smári Björnsson, sem stóð aftur undir brú eða framan við stjórnborðsganginn. Hann kveðst hafa staðið við aftari pollann. Hafi Willard svo gefið þeim merki um að festa í pollann, um leið og hann keyrði í frambandið. Ekki mundi stefnandi, hvort hann kallaði í hátalarakerfið eða hvort hann barði í brúarglugga. Þeir hefðu fylgst með og beðið eftir þeirri bendingu. Þegar hún kom, hefði hann og Stefán hjálpast að við að setja bandið fast. Mikil átök urðu á bandinu, pollanum og kefanum, sérstaklega þar sem skipið var fulllestað, og í varúðarskyni hefði hann fært sig aftar á dekkið, þegar fór að strekkjast á bandinu. Hefði átakið aukist meira og meira, þar til allt í einu virtist bolti, sem festir kefarúlluna við kefann, brostið, svo að rúllan spýttist með miklu afli aftur á dekkið. Kefarúllan, sem er allþungt járnstykki, virðist í fyrstu hafa lent á spilkopp akkerisspilsins eftir ummerkjum á rúllunni að dæma og síðan lent á mjöðm stefnanda eða strokist við hana hægra megin. Hefði hann fundið strax til mikils sársauka og fallið niður á dekkið og þurft að bíða smástund eftir lækni og sjúkrabifreið, en síðan verið fluttur á sjúkrahús á Akureyri. Þar hefði komið í ljós, að hægri mjaðmaspaði hefði brotnað. Hefði hann legið þar í 10 daga og síðan verið sendur heim. Hefði hann þurft að notast við hækjur í 1½ mánuð og síðan eina hækju í 3 vikur eftir það. Þrisvar hefði hann farið til eftirlits á slysadeild á vikufresti og nokkru síðar verið lagður inn á Borgarspítalann og þá komið í ljós við sneiðmyndatöku, að brotið var meira en talið var í fyrstu.

Stefnandi staðfesti skýrslu þessa fyrir dómi 7. janúar 1991 og sagði, að sér hefði verið gefið merki af skipstjóra um að festa í pollann, annaðhvort í gegnum hátalarakerfi eða hann hefði barið í rúðu á stýrishúsinu. Hefði Stefán Aðalsteinsson aðstoðað sig við frambandið, að setja það fast og losa upp á því og setja það fast aftur, en Stefán hefði verið háseti. Þeir hefðu verið samtaka um að setja það fast. Hefði hann verið 1. stýrimaður, þegar þetta var, og unnið við þetta áður og farið eftir þeim vinnureglum, sem verið hafi. Hann kvað það almennt, þar sem hann þekkti til, að 1. stýrimaður sinnti þessum störfum. Hefðu þeir tekið slakann af og þá áttað sig á því á síðustu stundu, að bandið myndi slitna, og farið til baka og kallað í Stefán. Hefði skipstjóri ekki gefið skipun um að slaka á bandinu á pollanum, og ekki kveðst hann minnast þess, að 1. stýrimaður tæki við stjórn frammi án

fyrirskipana skipstjóra. Ef hann hefði slakað á bandinu, hefði skipið ekki snúið út úr höfninni og stefnt á nyrðri hafnargarðinn, en hægt hefði verið að stöðva það, áður en það hefði lent á honum. Hann kvað slakann hafa verið tekinn af og hann fest frambandið, og fari það eftir veðri, hvort það sé gert, þegar siglt er út. Hann upplýsti, að ekki hefði verið hægt að hafa opinn glugga framan í brúnni. Hann kvað það vera venju að setja fast og keyra í það. Hann kvaðst hafa talið, að bandið myndi fara og því varað Stefán við. Hann upplýsti, að hann hefði starfað sem 2. stýrimaður frá áramótum 1983–1984 og leyst af sem 1. stýrimaður. Þar sem hann starfi nú, sé frambandið sett fast og skipinu snúið þannig. Hann kvaðst hafa komið á skipið aftur í lok febrúar 1985 og hætt þar í september 1986, og þá hefði hann starfað við landbúnaðarstörf til júlíloka 1987, við landanir í mánuð og verið á rækjubáti í 11 mánuði og hjá Dalvíkurbæ á gröfu og dráttarvél í rúman mánuð og unnið á loðdýrabúi til 1. maí 1989, þá í frystihúsi í 3 mánuði, á bv. Súlnafelli, EA, í september 1989 til páska 1990 og til aprílloka það ár á bv. Björgúlfi, EA, og verið þar síðan 2. stýrimaður. Þoli hann illa langar tarnir í einu og sé þá lengi að jafna sig.

5. febrúar 1986 var tekin lögregluskýrsla af Níelsi Heiðari Kristinssyni, Hlíðarbraut 17, Dalvík, fæddum 13. júlí 1943, en vitnið var starfsmaður stefnda, sem er útgerðarmaður Dalborgar, EA-317. Hann kvaðst hafa verið við vinnu sína niðri á bryggju við að losa skipið frá, en skipið hefði verið nyrst við syðri hafnargarðinn. Fastsetningarbönd skipsins hefðu verið losuð nema frambandið. Það var ákveðið að keyra í frambandið til þess að snúa skipinu, svo að stefnið snerist til austurs, til að hægt yrði að sigla beint út úr höfninni. Taldi hann, að frambandið hefði verið á nyrsta pollanum, en þó kunni það að hafa verið á næstnyrsta polla, og hefði frambandið legið frá pollanum í framkefa stjórnborðs megin og þaðan inn á aftari dekkpolla bakborðs megin. Í miðjum kefanum hefði verið föst rúlla, og hefði frambandið legið fyrir framan rúlluna, og þegar keyrt sé áfram, reyni því mikið á rúlluna í kefanum. Í umrætt sinn hefði verið keyrt áfram, þar til frambandið fór að taka í. Þá hefði frambandið verið farið að liggja aftur með skipinu, og megi segja, að þá hafi það legið í V, þ. e. a. s. frá fastsetningarstað í skipinu og í pollann í landi, og átakspunkturinn hafi því, megi segja, aðallega verið rúllan í kefanum. Hann kvaðst margsinnis hafa verið viðstaddur á bryggju, þegar keyrt hafi verið í frambandið á sama hátt og þarna var gert. Þarna hefði ekkert verið staðið að hlutunum öðruvísi en venja var. Hið eina, sem þarna var frábrugðið, var það, að skipið var fulllestað, en oftast sé það tómt, þegar þetta hafi verið gert. Hefði framhluti skipsins verið rétt kominn norður fyrir bryggjuendann, þegar frambandið fór að taka í.

Hefði verið tekið í með sígandi afli eða hraða, enginn kippur eða hnykkur hefði komið á frambandið, og það hefði verið tekið í með ákveðnu sígandi afli í bandið og aflið ekki verið aukið, eftir að skipið var farið að taka í bandið. Hefði skipið verið farið að færast lítils háttar frá bryggjunni að aftan, þegar hann heyrði brest. Um leið hefði komið smáhnykkur á skipið. Strax á eftir hefði verið sett á stopp. Í ljós hefði komið, að rúllan í kefanum hefði gefið sig þar, sem frambandið reyndi á. Hefðu þrír menn verið á dekki frammi á, þegar þetta gerðist, þ. á m. stefnandi, og hann orðið fyrir rúllunni, þegar hún kastaðist aftur með skipinu, fyrst í spil og síðan lent á honum. Þegar ljóst var, að eitthvað hafði komið fyrir, hefðu verið gerðar viðeigandi ráðstafanir. Hefði stefnandi verið með fulla meðvitund, en kvartað undan verkjum í hægri síðu eða mjöðm.

Sama dag var tekin lögregluskýrsla af Smára Björnssyni, Furulundi 8 g, Akureyri, fæddum 11. 11. 1956, háseta á Dalborgu, EA-317. Sagði hann, að þegar slysið varð, hefði verið búið að losa öll festingabönd skipsins nema frambandið. Ákveðið var að keyra í frambandið til þess að snúa skipinu. Skipið hefði verið nyrst við bryggjuna og snúið norður. Þegar verið var að keyra í bandið og það fór að taka í, hefði framhluti skipsins verið rétt norðan við norðurenda garðsins, en ætlunin hefði verið að snúa skipinu til austurs, svo að hægt væri að sigla út úr höfn. Að verki hefði verið staðið að öllu leyti eins og venja væri. Það hefði fyrr verið keyrt í spring, eins og þarna var gert. Taldi hann, að þarna hefði verið nauðsynlegt að keyra í frambandið til þess að komast með góðu móti út úr höfninni, því að þarna sé þröngt. Hefði verið tekið í frambandið með sígandi afli og hann ekki orðið var við neinn hnykk og afl ekki verið aukið, eftir að frambandið var farið að taka í. Hefði hann verið á dekki og staðið fast við brúna stjórnborðs megin og verið með hugann við fólk, sem þarna var á bryggjunni. Stefán Aðalsteinsson skipverji hefði verið fremst við kefann stjórnborðs megin, en stefnandi verið staddur við aftari pollann bakborðs megin, en frambandið verið fest í fremri polla bakborðs megin. Hefði bandið legið þaðan í kefa á stjórnborðshlið og síðan aftur með skipinu í polla í landi. Í miðjum kefanum hefði verið föst rúlla og frambandið legið framan við rúlluna, þannig, að allt átak lenti á henni. Tekið hefði verið í með sígandi afli, svo sem áður getur, en er skipið var byrjað að færast frá bryggju að aftan, heyrðist hvellur, og næst hefði hann orðið var við, að skífur og þess háttar járn þeyttist um í átt að brúnni. Skipið hefði strax verið stöðvað og fólk þyrpst að stefnda, sem hafði hlotið meiðsl við að fá kefarúlluna í sig, en hún hefði brotnað. Hefði verið hlúð að honum, þar til læknir kom á vettvang.

Sama dag var tekin lögregluskýrsla af Stefáni Aðalsteinssyni háseta,

fæddum 14. 9. 1933, Víðilundi 2 b, Akureyri. Hann kvað þá hafa verið að leggja upp í siglingu og Willard verið skipstjóri á skipinu, sem legið hefði vestan á suðurgarðinum í Dalvíkurhöfn og verið nyrst á garðinum. Þegar slysið varð, var búið að sleppa springnum, og hefði verið ætlun skipstjóra að keyra í frambandið til þess að snúa skipinu og auðvelda á þann hátt siglingu út úr höfninni. Frammi á dekki voru auk hans stefnandi og Smári Björnsson. Hefði hann staðið fremst á dekkinu með það í huga að draga inn frambandið, um leið og það yrði gefið laust. Skipstjóri hefði svo keyrt í frambandið, eins og venja er til, en átakið orðið meira, þar sem skipið var fulllestað. Ekki varð hann var við, að neitt óvenjulegt kæmi upp á eða staðið væri að þessu á annan hátt en venja væri til. Er keyrt hefði verið í frambandið, hefði það gerst, að bolti, sem haldi kefarúllunni í kefanum, virðist hafa brotnað undan átakinu með þeim afleiðingum, að rúllan spýttist undan bandinu í átaksstefnu aftur á dekk, þar sem hún mun hafa lent á stefnanda. Hann kvaðst raunar hafa snúið baki við honum, svo að hann sá ekki, þegar rúllan lenti á honum, en sá, þegar hún brotnaði. Þá hefði hann orðið var við, að eitthvert stykki, hugsanlega boltinn, sem festi rúlluna, lenti í sjónum 20–30 metra frá skipinu. Eftir slysið hefði verið slegið strax af og skipið stöðvast þá um leið, en það hafði þá lítið sem ekkert færst frá bryggju. Kvaðst hann álíta, að einhver slaki hefði verið á frambandinu, áður en keyrt var í það; hins vegar hefði ekki komið snöggt átak, er keyrt var í bandið.

Eftir slysið hafi verið gerðar viðeigandi ráðstafanir.

Hinn 7. janúar 1991 kom vitnið Stefán Aðalsteinsson, nú grunnskólakennari, fyrir dóm. Staðfesti hann skýrslu sína, gefna hjá lögreglu. Hann kvað þetta oft hafa gerst áður þ. e. a. s. siglt svona út, og yfirleitt hefði bandið verið látið liggja í rúllunni. Þegar tekið hefði í bandið, hefði hann verið við kefann og aftan við bandið, en þegar tekið hefði í það, hefði hann farið fram fyrir það, en einhver slaki hefði verið á bandinu, þegar farið var af stað. Hann kvað 1. stýrimann alltaf hafa stjórnað frammi á og öll framkvæmd verið eins og venja var. Vera kunni, að ferð skipsins hafi verið heldur meiri en venjulega, en það hafi ekki verið neitt óvenjulegt. Hann minntist þess, að skipstjóri hefði kallað af brúarvæng, og hefði það verið, er verið var að undirbúa sleppingu. Það hefði verið, áður en skipið fór af stað. Hann kvaðst ekki minnast þess, að skipstjóri hefði barið í glugga í stýrishúsi eða kallað í hátalarakerfið. Eftir á að hyggja kvaðst hann ekki vilja fullyrða, á hvern hátt skipstjóri hefði haft samband við þá frammi á, en það hefði verið eitthvað af þessu þrennu, sem hér var nefnt að framan.

Willard Helgason skipstjóri, Svarfaðarbraut 30, Dalvík, fæddur 11. 5. 1951, gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglu 5. 2. 1986.

Hann kvaðst hafa verið skipstjóri á b/v Dalborgu, EA-317, þegar slysið varð, en þeir hefðu verið að fara í söluferð til Englands með fullfermi af fiski. Í þetta sinn hefði hann ákveðið að keyra í frambandið, til þess að auðveldara væri að sigla skipinu út úr höfninni. Hefði frambandið verið fært á nyrsta polla bryggjunnar. Það lá síðan um kefann stjórnborðs megin, en ekki mundi hann, hvort frambandið var fest í festingarpolla skipsins bakborðs eða stjórnborðs megin. Eftir að frambandið hafði verið fært á nyrsta pollann, hefði komið á það slaki, og hefði hann því gert ráð fyrir, að skipið næði eitthvað norður fyrir norðurenda bryggjunnar, þegar strekktist á frambandinu. Hefði hann verið með minnsta mögulega afl á vél, sem hann hefði stjórnað uppi í brú. Hefði hann misreiknað eða ekki fylgst nægilega vel með því, hversu langur slakinn var á frambandinu. Hefði hann kúplað saman og skipið farið að færast áfram. Hefði hann svo ætlað að kúpla sundur og setja í bakkgír, áður en færi að strekkjast á frambandinu. Rétt áður en fór að stríkka á frambandinu, áttaði hann sig á því, hversu stuttur slakinn hefði verið á því, en nokkrar sekúndur líði, áður en skipið fer að fara aftur á bak. Hefði því komið snöggt átak á frambandið, þegar stríkkaði á því. Við þetta átak slitnaði úr boltinn, sem heldur rúllunni í kefanum og allt átakið var á. Hefði hann heyrt brest og síðan séð stefnanda hníga niður bakborðs megin rétt við akkerisspilið. Hann áleit, að þriðjungur skipsins hefði verið kominn norður fyrir bryggjuendann, þegar tók í frambandið. Eftir slysið hefði hann lagt á það alla áherslu að komast sem fyrst að bryggju, og hlúð hefði verið að stefnanda. Segja megi, að þarna hafi verið um að ræða tvo samverkandi þætti varðandi slysið, annars vegar sá feill hjá sér að misreikna eða vita ekki, hversu slakinn var lítill á frambandinu, og hins vegar að láta frambandið liggja framan við rúlluna, svo að allt átakið lenti á henni. Það hefði mátt láta frambandið liggja aftan við rúlluna í kefanum. Hann vildi taka fram, að það væri ekki óvanalegt, að frambandið sé látið liggja framan við rúlluna, ferð skipsins hefði verið of mikil, þegar tók í frambandið.

Í þinghaldi 7. september 1989 var lögð fram greinargerð Willards Helgasonar, og er hún þingmerkt sem dskj. nr. 10. Hann upplýsir, að hann hafi verið afleysingarskipstjóri á skipinu, er slysið varð, en ella hafi hann gegnt stöðu 1. stýrimanns. Hann getur þess, að 23. janúar 1986 hafi hann farið fram á, að sjópróf yrðu haldin, en í stað þess hafi farið fram lögregluyfirheyrslur 5. febrúar það ár. Telur hann, að við sjópróf hefði skýrsla sín verið mun ýtarlegri og margt komið þar fram, er hann lét ósagt í skýrslu hjá lögreglu. Í þetta sinn hafi skipið verið mjög framarlega á garðinum, og hafi þeir notað þessa aðferð oftar en ekki, að snúa skipinu á enda hans út úr

höfninni. Öðru máli gegni, ef innar er legið, þá sé oftar bakkað í afturbandið til að fá stefnið frá og farið síðan út í sveig frá garðinum. Í þetta sinn megi segja, að ferð skipsins hafi verið of mikil miðað við lengd slakans á frambandinu. En til varna því, að snögg átök komi á landfestingarendana, sé maður hafður við pollana til að láta bandið renna smávegis eftir átaki um pollann til að mýkja átakið. Það stöðvi enginn skip með bandi á punktinum. Hann fullyrti, að aldrei hefði verið gefin skipun um að setja fast, þegar keyrt er í frambönd, fyrr en bandið sé fullstrekkt undan átaki skipsins áfram og það hafi verið mýkt með því að láta renna mismikið um pollann, áður en fastsett sé endanlega. Í þessu tilfelli var fast á pollanum og bandið flutt á milli bryggjupolla þannig, að hann hefði ekki gefið skipun um að setja fast.

Stefnandi, 1. stýrimaður, var við endann og pollann, og honum var fullkunnugt um þessa vinnuvenju, enda verkstjóri á dekki í umrætt sinn og hefði starfsins vegna átt að vera sér meðvitaður um, hvað var að gerast, og slá vafningum af pollanum, er strekktist á honum, í stað þess að færa sig frá. Átti hann að taka eftir því, að bandið var ekki fært aftur fyrir rúlluna, og sjá til þess, að það yrði gert, því að ljóst var, að allur átakspunkturinn yrði þarna. Skipstjóri geti ekki haft augun alls staðar í einu, en með 1. stýrimann frammi á endum felist nokkurt öryggi fyrir skipstjóra, því að hann eigi að fylgja ákveðnum og þekktum vinnureglum, sem skipstjóri eigi ekki að þurfa sí og æ að endurtaka. Sé það rangt, eins og fram komi í vitnisburði flestra, að um sígandi átak hafi verið að ræða. Of mikill hnykkur hafi komið á skipið, og það hafi henst með kinnunginn á garðinn. Megi enn sjá dældina, sem komið hafi. Einnig dró hann í efa, að lestun skipsins hefði nokkru máli skipt. Eftir langar veiðiferðir, eins og flestir siglingatúrar séu, hafi skipið lést um 40 til 60 tonn af olíu, og heildarþungi þess sé ekki eins mikill og sýnist á legu þess, heldur hafi þungi þess verið fluttur aftan frá og fram, sem valdi stefnuhallabreytingu, og virðist skipið fyrir vikið mikið hlaðið. Einnig séu það hrein ósannindi, sem fram komi í greinargerð stefnanda, að hann hafi ekki gegnt neinum stjórnunarstörfum um borð í þetta sinn. Hafi hann verið 2. stýrimaður á veiðum og vaktformaður á annarri vaktinni og tekinn við sem 1. stýrimaður, er leggja átti í siglinguna, og þar með hægri hönd skipstjóra og verkstjóri á dekki. Sé það einnig rangt, sem fram komi í greinargerð stefnanda, að hann og Stefán Aðalsteinsson hafi hjálpast við að festa frambandið. Eins og áður greinir, hafi bandið verið fast og flutt á milli bryggjupolla, og neiti hann því, að um gáleysi hafi verið að ræða í þessu tilviki. Ef hann hefði haft minnsta grun um, að þessi aðgerð gengi ekki eðlilega, hefði hann beitt annarri aðferð. En með 1. stýrimann á

endanum frammi á taldi hann sig hafa ákveðið öryggi, þar sem stýrimaður átti starfs síns vegna að þekkja hefðbundnar vinnureglur í slíkum tilvikum. Í lögregluskýrslu sinni segi hann, að um tvo samverkandi þætti hafi verið að ræða, en svo sem hér að framan sé rakið, hafi þeir verið miklu fleiri, t. d. það, að hann hafi ekki tekið eftir því, að bandið hafi verið fyrir framan rúlluna í kefanum. Svo hafi stefnandi einnig gert, sem var að vinna við endann athugasemdalaust, og öryggið við að hafa hann við pollann hafi brugðist. Í lögregluskýrslu stefnanda 15½ mánuði eftir slysið komi hvergi fram, að neitt hafi verið óeðlilega staðið að verki, þaðan af síður, að um gáleysi hafi verið að ræða. En síðan sé hann borinn þeim sökum af lögmanni stefnanda að hafa sýnt gáleysi í starfi og að hann hefði mátt vita, að eitthvað myndi undan láta.

Willard Helgason staðfesti efni lögregluskýrslu og greinargerðar sinnar fyrir dómi 7. janúar 1991. Hann kvað það ekki hafa verið gáleysi að sigla út með því að setja frambandið fast. Hann kvað Albert hafa stjórnað frammi á, það sé venja, að 1. stýrimaður stjórni frammi á og sjái þar um verkstjórn. Hann kvaðst ekki kannast við að hafa gefið Albert merki um að losa frambandið, og bandið hefði verið fært á nyrsta polla af næstnyrsta og hengt á hann. Hann segir það rangt hjá stefnanda, að hefði verið slakað á frambandinu, hefði skipið ekki getað siglt út úr höfninni. Hefðu vafningar verið slegnir út á pollanum og þeir fengið að renna út, segir hann, að ekkert hefði farið úrskeiðis. Hann segir það vinnuvenju, er hann var 1. stýrimaður, að vera tilbúinn að gefa út bandið og hafa ekki nema 1–2 vafninga á pollanum. Hann kvaðst hafa sagt stefnanda, hvað hann ætlaði að gera, þ. e. að nota frambandið til að snúa skipinu. Hann kvað þá sennilega ekki hafa starfað áður saman við þessar aðstæður, þ. e. a. s. hann sem skipstjóri og stefnandi sem 1. stýrimaður. Hann kvað við þetta notaðar sömu vinnureglur og þegar springur væri notaður. Hann kvað það eflaust hafa einhver áhrif, hvort skipið væri fulllestað eða tómt, en ekki mikil, og það hefði oft verið gert áður á sama stað að snúa skipinu svona.

Á dskj. nr. 9, sem er greinargerð Snorra Snorrasonar skipstjóra, Karlsbraut 10, Dalvík, dags. 3. september 1989, er lögð var fram í dómi 7. s. m., segir, að 11. september 1984 hafi þeir komið á b/v Dalborgu, EA-317, úr veiðiferð til hafnar á Dalvík til að taka ís og búast til siglingar til Englands. Afli hafi verið góður, og hafi þeir verið með rúmlega 100 tonn, er séu sá afli, sem nánast rúmist í skipinu. Sú venja sé, þegar siglt er með afla og skipverjar fara í siglingarfrí, að þeir skipverjar sjái um undirbúning ferðar. Svo hafi verið að þessu sinni; hann ásamt öðrum skipverjum sá um það, sem gera þurfti. Ekki hafi verið staðið við nema rúmar 2 klukkustundir.

Hafi þeir þá skipt störfum og Willard Helgason tekið við skipstjórn af sér, en Willard hafi verið 1. stýrimaður í veiðiferðinni, og stefnandi hafi tekið við störfum 1. stýrimanns, en hann var 2. stýrimaður í veiðiferðinni. Við komuna hafi hann lagt skipinu við syðri hafnargarð eins og oft áður og farið að því eins og venjulega. Skipið sneri í norður, var bundið að framan í næstfremsta bryggjupolla. Síðan hafi það óhapp viljað til, þegar haldið var frá bryggju, að rúlla í framkefa stjórnborðs megin hafi brotnað og lent á stefnanda, sem meiddist illa. Læknir hafi komið fljótt á vettvang og stefnandi fluttur í sjúkrabíl á Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri.

Þó að hann hafi skipt eða látið af störfum 5 mínútum áður en slysið varð, telur hann sér skylt að segja álit sitt á orsökum þessa óhapps, þar sem hann sé hinn reglulegi skipstjóri skipsins og þekki öll viðbrögð þess og hafi mótað allar aðferðir við að koma skipi í og úr höfn. Fullyrðir hann, að þar sé í öllu farið með fyllstu gætni og af öryggi. Í þetta sinn, er þeir Willard ræddu saman, áður en lagt var úr höfn, hafi það verið hið síðasta, sem á milli þeirra fór, að farið yrði að öllu eins og venjulega og eins og gert hafi verið í tugi skipta áður, þ. e. að sleppa afturbandi og spring, en framband, sem lá í framkefa stjórnborðs megin, fært, um leið og skipið færðist áfram, á fremsta bryggjupollann í því skyni að snúa skipinu til austurs og auðvelda siglingu út úr höfninni. Þrír menn hafi verið framan á skipinu við böndin; stýrimaður, stefnandi, hafi sjálfur verið með frambandið, sem var bundið í fremri polla bakborðs megin. Nauðsynlegt sé, þegar þannig er keyrt í bönd, að þess sé gætt, að böndin séu ekki rígföst í polla, heldur slakað á þeim, þegar tekur í. Svo hafi átt að vera að þessu sinni. Annar maður stóð nálægt kefanum og beið þess að draga inn bandið, þriðji maðurinn dró inn springinn. Hann kvaðst hafa sleppt springnum á bryggjunni og gengið með skipinu fram bryggjuna, og hafi sér virst ferðin á skipinu vera óþarflega mikil, en þar sem hann sá stýrimann kláran við pollann með fastsetningarbandið í höndum sér, taldi hann allt í góðu lagi. Frá þeim stað, sem hann var á, hafi hann ekki séð, að gleymst hafði að færa bandið til í kefanum. Afleiðingin af þessu hafi orðið sú, þegar tók í bandið, sem var fast á pollanum, að átök urðu mikil og skipið hentist á bryggjuna. Dæld hafi komið í kinnunginn og boltinn í rúllunni í kefanum brotnað með fyrrgreindum afleiðingum. Orsök þessa slyss sé að hans mati, að þess hafi ekki verið gætt, að frambandið var fast á pollanum, og að gleymst hafði að færa bandið aftur fyrir rúlluna í kefanum, eins og á að gera, þegar frambandið er notað sem springur. Stýrimaður í þessu tilviki var þaulvanur og hafði verið lengi á skipinu. Hann var frammi á með böndin og hefði auðvitað átt að sjá um þetta hvort tveggja. Það sé tæpast hægt að ætlast til þess, að skipstjórnarmaður geti í hverju ein-

stöku tilviki passað svo upp á hvert handtak og hvert viðvik eða þurfi að gæta svo manna við vanaverk, að ekki megi treysta næstráðanda við venjuverk við fastsetningarbönd. Margt manna hafi verið á bryggjunni, og virðist það hafa truflað athygli manna. Eftir þetta óhapp hafi hann og vélstjórar skipsins og margir fleiri skoðað boltabrotið, sem fast var í kefanum, og hafi allir verið samdóma um, að brotið væri hreint og ekki nein skemmd. Framkvæmdastjóri útgerðarinnar, Jóhann Antonsson, hafi verið staddur á bryggjunni, þegar óhappið varð, og hafi hann spurt hann, hvort ekki væri ástæða til að hafa sjópróf, þegar skipið kæmi úr siglingunni. Hafi hann tjáð sér nokkrum dögum síðar, að ekki væri talin ástæða til þess. Eftir að stefnandi hafði náð sér af þessum meiðslum, hefði hann komið aftur til starfa á skipinu. Kvaðst hann hafa haft vitneskju um það, að fyrst á eftir hefði hann haft einhver óþægindi, svo sem eðlilegt væri, en hann hefði aldrei séð þess merki og stefnandi aldrei orðað það við sig.

Fyrir liggur í málinu örorkumat Jónasar Hallgrímssonar læknis á dskj. nr. 4, dags. 31. október 1986. Kom stefnandi til læknisins 26. 9. 1986. Hann skoðaði ekki stefnanda, þar sem fyrir lá nýleg niðurstaða frá Júlíusi Gestssyni, sérfræðingi í bæklunarlækningum, dags. 12. 10. 1986, og er vottorð Júlíusar tekið upp í örorkumatinu, en vottorð hans er reist á sjúkraskýrslum Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri svo og skoðun hans á stefnanda 18. 9. og 22. 9. 1986. Við komu stefnanda á Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri er áverka hans lýst svo:

„Við komu hér hafði hann mikið mar hægra megin yfir mjaðmargrind aftanvert utanvert og smásár í húðinni. Hann átti erfitt með hreyfingar í hægri mjöðm. Röntgenrannsókn á F.S.A. sýndi brot á hægra mjaðmarspaða með allmörgum beinbitum, en ekki verulegri tilfærslu. Hann var meðhöndlaður með rúmlegu, bólgueyðandi lyfjum og sýklalyfjum. Líðan fór smátt og smátt batnandi, og við útskrift 10 dögum seinna gat hann hreyft sig um með hjálp tveggja hækjustafa, sem hann notaði enn til gangs 17. 10. '84, þá enn haltur.

Samkvæmt læknabréfum frá slysadeild Borgarspítalans var Albert síðan lagður þar inn til rannsókna 6. 12. '84 – 7. 12. '84 vegna kvartana um óþægindi, sem geisluðu frá hægri mjöðm og niður eftir ganglimnum. Í þessari legu var gerð skuggaefnisrannsókn á mænugöngum og tölvusneiðmyndartaka af hrygg, mjaðmagrind og hægri mjöðm. Skuggaefnisrannsókn af mænugöngum gaf grun um, að blæðing hefði orðið á milli himnanna, sem klæða mænugöngin og hryggjarliðina framan við neðri hluta mænuganganna. Við tölvusneiðmyndatökuna kom í ljós, að auk brotanna uppi í mjaðmarspaðanum hafði orðið sprunga í þakinu á hægra mjaðmarlið.

Þessar rannsóknir gáfu ekki tilefni til frekari læknisaðgerða, en þar eð áfram voru kvartanir um óþægindi, var Albert lagður inn á slysadeild Borgarspítalans aftur 5. 9. '85 – 6. 9. '85 og þá á ný gerð skuggaefnisrannsókn á mænugöngum, og var ástand óbreytt frá fyrri rannsókn samkvæmt læknabréfinu.

Ég hafði Albert til skoðunar 10. 9. '86, og við þá skoðun lýsir hann, að eftir áverkann '84 hafi alltaf sótt í óþægindi frá utanverðu mjaðmarsvæði hægra megin með geislun niður eftir ganglimnum í sambandi við álag. Hann kvaðst hafa verið 1. stýrimaður á togara og lítið þurft að vinna á dekki. Hann kvaðst hafa verið óþægindalítill í góðviðri, en í brælum sæki fljótt í þreytuónot í mjaðmarsvæðinu með geislun niður undir hné, eitthvað upp í bak, en þó ekki verulega. Ef hann síðan þyrfti að taka eitthvað á úti á dekki, sækti í svipuð óþægindi. Hvað varðar óþægindi í frítíma, kveðst hann vera óþægindalítill eða -laus, þegar hann sé í rólegheitum í landi, en eigi þó erfitt með að sitja lengi, þannig að ef hann aki bíl frá Dalvík til Reykjavíkur, þurfi hann að stansa og hreyfa sig á um 100 km fresti.

Við skoðun er hann verulega ofan við kjörþyngd, annars hraustlegur. Hryggur virðist eðlilega lagaður og hreyfigeta góð. Það var inndráttur í húðinni á litlu svæði yfir hægra mjaðmarkambi á gamla áverkasvæðinu. Hann lýsti svolítið minnkaðri tilfinningu fyrir snertingu fingra innanvert á hægri fótlegg niður á stórutá. Við próf á viðbrögðum í vöðvum, þegar slegið er með gúmmíhamri á vöðvafestur fyrir lærvöðva og á hælsin, var ekki að finna merki um, að verulegur þrýstingur væri á taugarætur tauga til viðkomandi vöðva upp í hrygg.

Við skoðun á hægri mjöðm var minni snúningshreyfing í hægri mjöðminni en þeirri vinstri, og hann kvartaði um sársauka við núning inn á við í mjöðminni. Hann kvartaði einnig um eymsli yfir lærhnútu.

Röntgenrannsókn 19. 9. '86 af mjaðmagrind og hægri mjöðm sýndi nokkra aflögun á hægri mjaðmarspaða, en ekki var að sjá sjúklegar breytingar við þessa rannsókn á hægri mjöðm. Við endurtekna skoðun á hægri mjöðm 22. 9. '86, eftir að Albert hafði tekið þátt í göngum, lýsti hann, að hann hefði verið við þokkalega líðan, á meðan hann var á ferli, en sólarhring seinna sótti í veruleg óþægindi frá mjaðmarsvæðinu. Við skoðun hafði hann sársauka, sem virtist koma frá utanverðu mjaðmarsvæði við snúning inn á við í mjöðminni, og veruleg eymsli yfir og í kringum lærhnútuna. Gerð var tilraun til að hafa áhrif á þessi óþægindi með því að sprauta bólguminnkandi efni (Cortison) í og kringum vöðvafestur á hægri lærhnútu. Ekki hefur verið aðstaða til að kanna áhrif þeirrar meðferðar, þar eð Albert var í þann mund að flytjast búferlum til Danmerkur.

Við fyrri skoðun strax eftir og fljótlega eftir áverkann og aftur nú hef ég ekki fundið neitt, sem mælir gegn því, að áverkinn hafi orðið á þann hátt, sem Albert lýsir. Það hefur ekki heldur komið neitt fram, sem mælir gegn því, að óþægindin, sem hann lýsir nú í starfi og frítíma, séu afleiðingar áverkans '84. Þar eð um 2 ár hafa þegar liðið frá áverkanum, er ekki að vænta verulegra breytinga á óþægindunum. Vegna sprungunnar niður í hægri mjaðmarlið er viss hætta á, að slitbreytingar verði í mjaðmarliðnum, fyrr en vænta mætti aldurs sjúklings vegna. Þar eð slíkar breytingar eru ekki komnar fram á röntgenmyndum nú, er þó ótrúlegt, að svo verði á næstu árum."

Einnig er örorkumatið reist á vottorði frá Rögnvaldi Þorleifssyni, lækni við slysadeild Borgarspítalans, sem dagsett er 10. 10. 1986, og er það vottorð tekið upp í heild sinni, en niðurstöður úr því eru raktar hér að framan í vottorði Júlíusar Gestssonar.

Við komuna til Jónasar Hallgrímssonar læknis 26. 9. 1986 upplýsti stefnandi lækninn, að hann hefði verið í landi í 4 mánuði eftir slysið, en síðan hefði hann aftur farið á sjó sem 1. stýrimaður. Hefði hann verið það samfellt nema 2 mánuði 1985, er hann var í landi til að hvíla sig og til að vera í rannsóknum, sem fram koma í vottorðum læknanna Júlíusar Gestssonar og Rögnvalds Þorleifssonar. Stefnandi segist finna fyrir mjöðminni nánast hvern dag; sé hann mjög slæmur, þegar veður er vont, því að þá þurfi hann að stíga ölduna. Hafi hann verkjarseyðing á kvöldin, þó að ekki hafi verið slæmt í sjó. Mikla vinnu þoli hann illa. Verkurinn sé mestur í hægri mjaðmarlið og leggi upp í spjaldhrygginn hægra megin. Sé hann slæmur, ef hann gangi mikið, og geti lítið hlaupið. Enn fremur sé hann misjafn í göngu í stiga. Þegar óþægindin séu veruleg, verði hann haltur, og við komuna til læknisins gengur hann örlítið haltur. Hafi hann verið miklu meira frá vinnu en ella. Hafi hann pínt sig í 6–7 túra í röð og síðan tekið 3–4 túra frí til þess að hvíla sig. Nú sé hann á förum til léttrar vinnu við landbúnað í Danmörku, þar sem allt mun vera vélvætt, og sé hann að þessu til reynslu, þar sem hann telji sig ekki færan um að stunda sjó eins og áður.

Niðurstaða örorkumatsins er þessi:

„Albert hefur orðið fyrir tímabundinni og varanlegri örorku af slysinu. Við slysið varð gliðnun í hægri mjaðmarlið, en ekki misgengi. Enn fremur fannst útbungun á liðþófa á milli 4. og 5. lendaliðar og 5. og efsta spjaldhryggjarliðar. Er nokkur grunur á, að þetta hafi orðið við slysið auk brotsins í mjaðmagrindinni, og benda einkennin til þess, að þar sé væg erting á taugarætur. Hann hefur minnkaða snúningshæfni í hægri mjöðm og sársauka við hreyfingar. Útlitið er því þannig, að hann sé með byrjandi slitgigt í

mjaðmarliðnum og enn fremur væg einkenni frá taugarótum neðst í mænugangi. Allar horfur eru á því, að hann verði að hætta sjómennsku, og er það mjög skaðlegt fyrir hann, þar sem menntun hans og starfsreynsla er á því sviði. Hann þarf því að leita sér annarra starfa, og eru töluverðar líkur á því, að hann þurfi að fara í lægra launað starf, þar sem ekki er krafist sérstakrar menntunar, eða að hann þurfi að endurmennta sig. Við örorkumat þetta er gert ráð fyrir, að byrjandi slitgigt í hægri mjöðm svari til 20% varanlegrar örorku og væg einkenni frá liðþófa svari til 5% örorku, samtals 25%. Örorka Alberts vegna slyssins er því sem hér segir:

Frá slysinu í 4 mánuði	100%
síðan í 8 mánuði	20%
síðan í 2 mánuði	100%
loks varanleg örorka	25%“

Á grundvelli þessa örorkumats reiknaði Jón Erlingur Þorlákssson tryggingastærðfræðingur út höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps stefnanda á slysdegi. Er útreikningur þessi á dskj. nr. 5 og dagsettur 3. nóvember 1987. Segir svo í forsendum útreiknings tryggingastærðfræðingsins:

„Samkvæmt ljósritun af skattframtölum Alberts voru vinnutekjur hans næstu 3 árin fyrir slysið að slysaárinu meðtöldu eins og að neðan greinir, og eru þar einnig sýndar tekjur, eftir að þær hafa verið umreiknaðar vegna kaupbreytinga:

		Tekjur	Umreiknaðar tekjur
Árið 1982	kr.	125.459	609.200
Árið 1983	–	415.870	1.333.000
Árið 1984	–	684.316	1.770.800

Árin 1982 og 1983 var Albert í Stýrimannaskólanum í Reykjavík, 8 mánuði fyrra árið og 5 mánuði hið síðara. Hann er sagður hafa verið stýrimaður á togara, þegar slysið varð. Ég geri ráð fyrir, að hann hafi notið svo til fullra tekna árið 1984 þrátt fyrir slysið. Með hliðsjón af því, hve háar þær tekjur eru, geri ég ekki ráð fyrir hærri tekjum síðar, heldur miða framtíðartekjur Alberts við tekjur hans árið 1984.

Á framangreindum forsendum um tekjur og miðað við, að tekjutap vegna slyssins sé á hverjum tíma sami hundraðshluti tekna og örorka er metin, eins og tíðkast hefur, fæst eftirfarandi áætlun:

	Áætlaðar tekjur		Tekjutap
Árið 1984, frá slysdegi	kr.	226.500	226.500
Árið 1985	–	915.600	347.200

Árið 1986	–	1.237.400	309.300
Árið 1987	–	1.655.000	413.700
Síðan árlega	–	1.770.800	442.700

Höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps reiknast mér nema á slysdegi:

Vegna tímabundinnar örorku		kr.	480.700
Vegna varanlegrar örorku		–	4.965.800
	Samtals	kr.	5.446.500

Albert fékk dagpeninga frá Tryggingastofnun ríkisins vegna slyssins, 9.207 kr., en engar örorkubætur."

Við útreikning höfuðstólsverðmætisins fram að útreikningsdegi 3. nóvember 1987 voru notaðir einfaldir vextir af almennum sparisjóðsbókum í Landsbanka Íslands og eftir útreikningsdag 6% vextir og vaxtavextir. Dánarlíkur eru eftir reynslu áranna 1976–1980 og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi eftir sænskri reynslu. Ekki var tekið tillit til launa í veikindum eða skatta.

Samkvæmt dskj. nr. 6 greiddi Brunabótafélag Íslands stefnanda 19. 12. 1986 vegna slysatryggingar sjómanna 243.472 kr., en skv. bótakvittuninni nam vátryggingarfjárhæð vegna örorku 909.348 kr., og samkvæmt sundurliðun fjárhæðarinnar er greiðsla 25% af vátryggingarfjárhæðinni vegna örorku 227.337 kr., áður greiddir dagpeningar 20.100 kr., + vextir í 458 daga, 36.235 kr., eða 243.472 kr. Á dskj. nr. 3 kemur fram, að stefndi hefur greitt stefnanda í veikindalaun frá slysdegi 11. 9. 1984 til 27. 11. s. á. 227.738,02 kr., og segir í bréfi lögmanns stefnanda, dagsettu 24. f. m., að þetta hafi verið laun skv. kjarasamningi. Á dskj. nr. 2, sem er vottorð sýslumannsins á Akureyri, dags. 26. 4. 1994, um siglingatíma stefnanda kemur fram, að árið 1990 hefur hann verið lögskráður á b/v Björgúlfi, EA-312, í samtals 149 daga, þar af stýrimaður í 102 daga, bátsmaður í 38 daga og háseti í 9 daga. Árið 1991 var hann skráður stýrimaður í alls 233 daga, árið 1992 samtals í 247 daga og árið 1993 stýrimaður samtals í 295 daga.

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi reisir skaðabótakröfu sína á hendur stefnda á því, að óvarlegt hafi verið af skipstjóra að reyna að snúa fullhlöðnu skipi með því að láta allan þunga þess hvíla á framtauginni. Hefði hann mátt gera ráð fyrir, að eitthvað myndi láta undan, hvort sem það væri sjálf landfestin, kefi, rúlla eða pollar. Gáleysi skipstjóra sé því um að kenna, hvernig fór, enda hafi stefnandi ekki gegnt neinum skipstjórnarstörfum, er skipið lagði úr höfn. Sé slysið því á ábyrgð útgerðar skipsins samkvæmt almennu skaðabótaregl-

unni og reglum íslensks skaðabótaréttar um húsbóndaábyrgð. Við munnlegan málflutning féll lögmaður stefnanda frá þeirri málsástæðu, að krafan væri reist á hlutlægri ábyrgð samkvæmt siglingalögum nr. 66/1963 og sjómannalögum nr. 67/1963.

Stefndi mótmælir þeim málsástæðum sem röngum, að slysið megi rekja til þess, hvernig sigla átti skipinu út úr höfninni, þ. e. a. s., að skipstjóri hafi látið allan framþungann hvíla á framtauginni, þar sem gera mátti ráð fyrir, að eitthvað myndi undan láta. Svo og er þeirri staðhæfingu mótmælt sem rangri, að skipstjóri, Willard Helgason, hafi skipað stefnanda að festa frambandið, og því mótmælt, að Willard hafi sýnt af sér gáleysi, og er því sérstaklega mótmælt sem alröngu, að stefnandi hafi ekki gegnt stjórnunarstörfum, er skipið lagði úr höfn.

Fyrir aðalkröfu sinni færir stefndi fram þær málsástæður og lagarök, að orsakir slyssins megi rekja til þess, að stefnandi, sem stjórnaði vinnu frammi á dekki sem 1. stýrimaður skipsins, gætti þess ekki að færa frambandið af kefarúllunni, svo að allur þungi skipsins hvíldi ekki á einum járnstaur, þ. e. kefarúllunni, þegar skipinu yrði snúið út úr höfninni. Hefði hann séð til þess, að frambandið lægi í sjálfum kefanum, hefði a. m. k. rúllan aldrei brotnað. Hafi stefnandi sem stjórnandi vinnunnar frammi á átt að gera sér grein fyrir því, að járnstaurinn, sem rúllan snerist í, héldi aldrei öllum þunga skipsins. Ágreiningslaust sé, að hvorki steypugalli né sprunga hafi verið í járnstautnum, heldur hafi hann brotnað vegna átaksins, svo og telur stefndi, að ástæðu slyssins megi rekja til annarra stjórnunarmistaka stefnanda sjálfs. Hafi honum borið sem stjórnanda frammi á að sjá til þess, að frambandið væri það laust í pollanum, að hægt væri að slaka á því, ef átakið yrði of mikið á frambandið, þegar skipið tæki í. Í stað þess hafi stefnandi látið frambandið vera áfram kirfilega fest á pollann og fært sig frá því, þegar fór að reyna á það. Þessi stjórnunarmistök stefnanda hafi umfram allt leitt til þess, að óhappið varð. Stefndi bendir á, að Willard Helgason skipstjóri neiti því að hafa fyrirskipað stefnanda að festa frambandið, sem var fast fyrir. Sé það ekki venja, að skipstjóri segi 1. stýrimanni, sem stjórni frammi á bakka, hvernig hver einstök handtök hans eigi að vera, enda hafi skipstjóri um nóg annað að hugsa. Þá bendir stefndi á það, að fram komi í lögregluskýrslum, að staðið hafi verið að siglingu skipsins út úr höfninni eins og venja hafi verið til. Reisir stefndi sýknukröfu sína á því, að stefnandi hafi sjálfur átt sök á því, að hann slasaðist, vegna eigin gáleysis. Hafi hann sem 1. stýrimaður stjórnað vinnunni frammi á, er sigla átti skipinu úr höfn, og hafi hann gert þau mistök að færa ekki frambandið af rúllunni og látið það liggja í kefanum, áður en keyrt var í bandið. Eigin mistök

hafi verið fólgin í því, að honum hafi láðst að losa um frambandið, svo að hægt væri að slaka á, þegar stríkkaði á því, er á það reyndi. Þó að hraði skipsins hafi e. t. v. verið meiri en efni stóðu til, hefði það ekki átt að koma að sök og slysið aldrei orðið, ef stefnandi, sem stjórnaði vinnunni frammi á, hefði farið rétt að, svo sem áður er getið. Verði því að telja, að slysið megi eingöngu rekja til mistaka stefnanda, og leiði það til sýknu. Á þeim tíma, er slysið varð, hafi verið í gildi siglingalög nr. 66/1963, sbr. lög nr. 108/1972, sbr. lög nr. 25/1977. Samkvæmt 205. gr. laganna hafi útgerðarmaður borið hlutlæga skaðabótaábyrgð á lífs- og líkamstjóni skipverja, sem slasast, þegar þeir voru staddir um borð í skipi. Samkvæmt bráðabirgðaákvæði laga nr. 25/1977 bar útgerðarmaður ekki frekari fébótaábyrgð, ef hann hefði keypt sér líf- og örorkutryggingu og ekki var um sök af hans hálfu eða skipverja hans að ræða. Þessa tryggingu hafi stefndi keypt og stefnandi fengið hana greidda hjá Brunabótafélagi Íslands, sbr. dskj. nr. 6. Þar sem stefnandi hafi sjálfur átt sök á óförum sínum, eigi hann ekki frekari fébótakröfur á hendur stefnda. Stefndi gerir það ekki að málsástæðu, að kvittun stefnanda fyrir þeirri greiðslu sé án fyrirvara.

Að því er varakröfuna varðar, krefst stefndi þess, að tekið verði tillit til hagræðis stefnanda af eingreiðslu og skattfrelsi bóta, svo og verði við ákvörðun bóta tekið tillit til annarra greiðslna, sem stefnandi kynni að hafa fengið, svo og er miskabótakröfu stefnanda mótmælt sem allt of hárri.

Stefndi bendir á, að hann hafi óskað eftir sjóprófi með bréfi, dagsettu 23. janúar 1986, til bæjarfógetans á Dalvík, en það hafi ekki verið haldið, svo að stefndi hafi gert sitt til að reyna að upplýsa málið. Svo og bendir stefndi á starfsskyldur stefnanda skv. 45. gr. þágildandi sjómannalaga nr. 67/1963.

Álit dómsins.

Það er álit dómsins, að ósönnuð sé sú staðhæfing og málsástæða stefnanda, að Willard Helgason hafi gefið honum þá skipun að setja frambandið fast í bakborðspollann. Neitar Willard skipstjóri því að hafa skipað stefnanda að gera það, svo og styrkir hvorki framburður Stefáns Aðalsteinssonar né Smára Björnssonar þá staðhæfingu stefnanda, svo sem að framan er rakið. Ber vitnið Stefán Aðalsteinsson það, að 1. stýrimaður stjórni alltaf frammi á. Er það álit dómsins, að það hafi verið starfsskylda stefnanda sem 1. stýrimanns að standa þannig að verki, þegar keyrt var í landfestina, að ekki stafaði hætta af. Hefði verið eðlilegt, að stefnandi stæði úti við stjórnborðssíðu og fylgdist með og gæfi skipun um það, hvenær átt hefði að setja fast á pollann. Er því fallist á málsástæður stefnda fyrir sýknukröfu hans, og er stefndi því sýknaður af skaðabótakröfum stefnanda.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dóm þennan kvað upp Ásgeir Pétur Ásgeirsson héraðsdómari ásamt meðdómsmönnunum skipstjórunum Gunnari Arasyni og Sverri Valdimarssyni.

D ó m s o r ð:

Stefnda, Söltunarfélag Dalvíkur hf., er sýknað af kröfum stefnanda, Alberts Reimarssonar.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 9. mars 1995.

Nr. 245/1993. **Vilborg Yrsa Sigurðardóttir**
(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)
gegn
íslenska ríkinu
(Guðrún Margrét Árnadóttir hrl.)

Skaðabætur. Haldlagning.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma Hrafn Bragason hæstaréttardómari, Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari, og Sigurður Líndal prófessor.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. júní 1993. Hann krefst þess aðallega, að stefndi greiði skaðabætur, að fjárhæð 775.800 krónur, með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 2. ágúst 1992 til greiðsludags. Til vara krefst hann þess, að stefndi greiði 360.000 krónur í skaðabætur með dráttarvöxtum frá 27. mars 1991 til greiðsludags. Í báðum tilfellum krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt nýtt skjal. Er það yfirlýsing Guðlaugs Magga Einarssonar frá 30. janúar 1994 um, að hann hafi haustið 1988 selt Ólafi Þór Þórhallssyni, þáverandi sambúðarmanni áfrýjanda, bifreiðina R-49061, af gerðinni Ford Fiesta, og fengið andvirði hennar greitt. Hann kvaðst því ekki gera kröfu til bifreiðarinnar, þótt ekki hafi verið gefið út afsal eða tilkynnt um sölu hennar, svo sem venjulegt sé.

I.

Lögreglan í Reykjavík lagði hald á framangreinda bifreið 5. júlí 1989, og skömmu síðar var henni komið til geymslu hjá Vöku hf. Samkvæmt lögregluskýrslu var ætlað, að hún væri í eigu Ólafs Þórs og Vilborgar Yrsu, og allt þótti benda til þess, að hún væri keypt fyrir andvirði sölu fíkniefna. Við rannsókn og meðferð mála á hendur þeim vegna brota á fíkniefnalöggjöfinni þrættu þau bæði fyrir það, að Ólafur Þór væri eigandi bifreiðarinnar, og kvaðst hann hafa

bifreiðina að láni. Guðlaugur Maggi og sambúðarkona hans, Guðbjörg Sævarsdóttir, báru hins vegar, að bifreiðin hefði verið seld honum. Með dómi sakadóms Reykjavíkur 5. júní 1990 í máli Ólafs Þórs var krafa ríkissaksóknara um, að hann sætti upptöku bifreiðarinnar, tekin til greina. Hæstiréttur hafnaði hins vegar kröfunni í dómi sínum 26. mars 1991 í því sama máli. Segir í dóminum, að telja megi sannað, að hann hafi greitt Guðlaugi Magga 360.000 krónur vegna bifreiðarinnar fyrir árslok 1988 í þrennu lagi og haft umráð bifreiðarinnar. Beinum gögnum um eigendaskipti sé hins vegar ekki til að dreifa. Hvorugur þeirra geri tilkall til bifreiðarinnar. Ekki var talið nægilega sannað, að fé það, sem Ólafur Þór lagði til bifreiðarinnar, væri fengið með sölu fíkniefna. Þóttu því ekki og vegna atvika málsins að öðru leyti vera skilyrði til að gera bifreiðina upptæka sem jafnvirði hagnaðar af broti samkvæmt 3. tl. 1. mgr. 69. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Ólafur Þór var í máli þessu dæmdur í 4 ára fangelsi, til greiðslu sektar með tilliti til fjárvinnings af brotinu og til greiðslu alls sakarkostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Nam sektin 150.000 krónum og sakarkostnaðurinn 1.107.942 krónum. Ólafur Þór hvarf hins vegar af landi brott, áður en dómur féll í Hæstarétti. Hann hefur hvorki afplánað dóm sinn né greitt dómskuldir sínar.

Með bréfi lögreglustjórans í Reykjavík 27. júní 1991 var Vöku hf. heimilað að selja bifreiðina fyrir áföllnum kostnaði, en það, sem fengist umfram það, óskaðist afhent lögreglu. Segir í bréfinu, að bifreiðin hafi verið í „vörslum lögreglunnar" í tæp tvö ár og enginn gert kröfu til að fá hana afhenta. Bifreiðin var síðan seld á uppboði sama dag að beiðni Vöku hf., en áður hafði það verið auglýst í tveimur dagblöðum. Fengust fyrir bifreiðina 145.000 krónur á uppboðinu, en áfallinn kostnaður Vöku hf. nam þá 323.737 krónum.

Með bréfi til lögreglustjóraembættisins 27. febrúar 1992 óskaði lögmaður áfrýjanda fyrir hönd föður hennar eftir því, að bifreiðinni yrði skilað að Sefgörðum 28, Seltjarnarnesi, þaðan sem hún var tekin. Með yfirlýsingu 22. júní 1992 viðurkenndi Ólafur Þór Þórhallsson að hafa keypt bifreiðina af Guðlaugi Magga Einarssyni haustið 1988 og framselt áfrýjanda allan rétt sinn til hennar. Lögmaður áfrýjanda gerði síðan kröfu til bóta 2. júlí 1992 og höfðaði mál fyrir héraðsdómi með stefnu, birtri 12. október 1992. Hann reisti kröfuna

á því, að meðferð embættis lögreglustjóra á bifreiðinni hefði verið andstæð lögum. Ólafur Þór hafi átt bifreiðina allt frá haustinu 1988, og þar sem Hæstiréttur hafi hafnað að gera hana upptæka, hafi lögreglunni borið að skila henni aftur að Sefgörðum 28. Sala bifreiðarinnar á uppboði hafi verið algjörlega heimildarlaus, og beri lögreglan því ábyrgð á öllu því tjóni, sem áfrýjandi hafi orðið fyrir. Áfrýjandi sundurliðar kröfu sína svo, að 360.000 krónur séu vegna verðmætis bifreiðarinnar, en 415.000 krónur séu vegna afnotamissis hennar frá 26. mars 1991 til 2. júlí 1992. Áfrýjandi bar fyrir héraðsdómi 7. maí 1993, að bifreiðin hefði verið keypt haustið 1988 af Guðlaugi Magga Einarssyni.

II.

Dæma verður mál þetta eftir því, sem atvik lágu fyrir við uppboð það, sem fram fór 27. júní 1991 að beiðni Vöku hf. Áfrýjandi leiðir þann rétt, sem hún telur sig eiga til skaðabóta vegna sölu bifreiðarinnar, af eignarrétti Ólafs Þórs Þórhallssonar og verður að sæta öllum þeim vörnum, sem hafa má uppi gegn honum. Ólafur Þór hafði staðfastlega þrætt fyrir að eiga bifreiðina, og áfrýjandi hafði við rannsókn og meðferð málsins stutt þann framburð hans. Skráður eigandi, Guðlaugur Maggi Einarsson, gerði ekkert tilkall til bifreiðarinnar. Ólafur Þór hafði flúið af landi brott, og í tæpt ár frá hæstaréttardómi gerði enginn kröfu um að fá bifreiðina afhenta. Áfrýjandi og foreldrar hennar vissu, að lögreglan hafði lagt hald á bifreiðina. Kostnaður hlóðst upp vegna geymslu hennar, og Ólafur átti óloknar skuldir vegna fíkniefnamálsins og gerði engan reka að því að ljúka þeim. Algjör óvissa var um eignarhald bifreiðarinnar. Síðasti umráðamaður hennar, sem vitað var um, var horfinn af landinu undan ábyrgð sinni á refsiverðu athæfi, sem hann hafði verið dæmdur fyrir. Verður að telja, að lögreglan hafi, eins og hér stóð á, mátt heimila fyrir sitt leyti, að Vaka hf. seldi bifreiðina fyrir áföllnum kostnaði fyrirtækisins á uppboði, en fyrirtækið átti haldsrétt í bifreiðinni fyrir áföllnum kostnaði. Ber þegar af þessum ástæðum að staðfesta dóm héraðsdóms. Þarf ekki, eins og kröfugerð og málsástæðum áfrýjanda er háttað, að taka afstöðu til uppgjörs yfirvalda við Ólaf Þór Þórhallsson, þegar eða ef hann velur að gera upp sekt og kostnað, sem af dómi hans leiddi.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað, svo sem í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Vilborg Yrsa Sigurðardóttir, greiði í ríkissjóð 150.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 28. maí 1993.

1.0.

Mál þetta, sem tekið var til dóms föstudaginn 7. maí sl., hefur Vilborg Yrsa Sigurðardóttir, kt. 240863-7319, Sefgörðum 28, Seltjarnarnesi, höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur með stefnu, birtri 12. október 1992, á hendur dómsmálaráðherra f. h. íslenska ríkisins.

Dómkröfur stefnanda eru þær aðallega, að stefndi verði dæmdur til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð 775.800 kr., ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 [...].

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og sér dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati réttarins. Til vara krefst stefndi, að stefnukröfur verði stórlega lækkaðar og málskostnaður í því tilviki felldur niður.

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

2.0.

Stefnandi segir, að haustið 1988 hafi Ólafur Þór Þórhallsson, kt. 170264-2669, keypt bifreiðina R-49061 (fast nr. JÖ 015), sem sé Ford Fiesta, árgerð 1987, af Guðlaugi Magga Einarssyni, kt. 191064-3999, á 360.000 kr. Í júlímánuði 1989 lagði lögreglan í Reykjavík hald á bifreiðina í tengslum við rannsókn á opinberu máli, en stefnandi kveður bifreiðina hafa þá verið í vörslum íbúa að Sefgörðum 28, Seltjarnarnesi, en þar búi foreldrar stefnanda, Sigurður B. Þorsteinsson og Kristín Jónsdóttir. Með dómi sakadóms Reykjavíkur 5. júní 1990 var Ólafi gert að sæta upptöku á bifreiðinni, sem þá var í vörslum lögreglunnar í Reykjavík. Með dómi Hæstaréttar 26. mars 1991 í málinu nr. 323/1990 var synjað kröfu ákæruvalds um upptöku á bifreiðinni til ríkissjóðs. Hinn 27. júní 1991 ritaði deildarlögfræðingur við embætti lögreglustjórans í Reykjavík Vöku hf. bréf, þar sem hann heimilaði, að bifreiðin yrði seld á uppboði fyrir áföllnum geymslukostnaði. Sama dag var bifreiðin seld á uppboði, sem fram fór að Smiðshöfða 1 hér í borg. Hæsta boð í bifreiðina var 145.000 kr., og fór allt uppboðsandvirðið til greiðslu á ýmsum kostnaði við uppboðið og það, sem eftir var, til greiðslu geymslu-

kostnaðar hjá Vöku hf. Hinn 27. febrúar 1992 ritaði lögmaður stefnanda embætti lögreglustjórans bréf, þar sem þess var farið á leit við embættið, að það skilaði bifreiðinni í bifreiðageymslu þá, sem hún var tekin úr að Sefgörðum 28, Seltjarnarnesi. Stefnandi segir, að þessu bréfi hafi ekki verið svarað af hálfu embættis lögreglustjóra fyrr en 6. mars 1992. Hafi þá verið upplýst um afdrif bifreiðarinnar. Hann segir einnig, að 22. júní 1992 hafi Ólafur Þór Þórhallsson ritað yfirlýsingu þess efnis, að hann framseldi stefnanda máls þessa öll réttindi sín til bifreiðarinnar. Með bréfi, dags. 2. júlí 1992, hafi af hálfu stefnanda verið gerðar skaðabótakröfur á hendur embætti lögreglustjórans í Reykjavík vegna meðferðar embættisins á bifreiðinni. Hafi málið þá verið sent frá embætti lögreglustjórans til embættis ríkislögmanns. Það embætti hafi hafnað öllum bótakröfum á hendur stefnda með bréfi, dags. 21. ágúst 1992. Stefnandi hafi því átt engra annarra kosta völ en höfða mál þetta til að fá skaðabætur vegna þess tjóns, sem embætti lögreglustjórans í Reykjavík hafi valdið við meðferð þess á bifreiðinni, en stefnandi hafi nú með fyrrgreindu framsali öðlast rétt til bótanna.

– – –

6.0. *Forsendur og niðurstaða.*

Stefnandi fullyrðir, að sambýlismaður sinn, Ólafur Þór Þórhallsson, hafi haustið 1988 keypt áðurgreinda bifreið, R-49061, af Guðlaugi Magga Einarssyni. Hinn 5. júlí 1989, er lögreglan í Reykjavík lagði hald á bifreiðina í tengslum við rannsókn á opinberu máli, var hún enn skráð eign Guðlaugs Magga Einarssonar. Í skýrslugjöf fyrir lögreglu vegna rannsóknar málsins 5., 8. og 10. júní 1989, sem fyrir liggur í gögnum málsins, neitar Ólafur Þór því, að hann eigi bifreiðina, en segist vera með hana að láni frá Guðlaugi Magga, þótt grunur lægi á, að hann hefði keypt hana. Stefnandi málsins fullyrðir einnig í yfirheyrslum hjá lögreglu 13. júní 1989, að bifreiðin hafi verið fengin að láni.

Með dómi sakadóms Reykjavíkur frá 5. júní 1988 var Ólafi Þór að vísu gert að sæta upptöku á bifreiðinni, sem þá var í vörslum lögreglunnar, en í dómi Hæstaréttar frá 26. mars 1991 er hafnað kröfu ákæruvalds um upptöku bifreiðarinnar til ríkissjóðs. Í þeim dómi er ekki að finna staðfestingu þess, að Ólafur Þór hafi verið eigandi bifreiðarinnar, svo sem stefnandi heldur fram.

Yfirlýsing Ólafs Þórs, dags. 22. júní 1992, þar sem hann lýsir yfir því, að hann hafi keypt umrædda bifreiða að Guðlaugi Magga og framselt stefnanda rétt til bifreiðarinnar, breytir engu um, að bein gögn um yfirfærslu eignarréttar til hans frá skráðum eiganda skortir í gögnum málsins. Yfirlýs-

ing þessi er reyndar ekki staðsett, þótt hún virðist hafa verið undirrituð í Kaliforníu í Bandaríkjunum, og hún er óstaðfest. Hefur stefndi mótmælt henni sem rangri. Þótt Guðlaugur Maggi hafi borið fyrir lögreglu 19. júní 1989 að hafa selt Ólafi Þór bifreiðina í desember 1988, verður slíkri yfirlýsingu engan veginn jafnað til afsals á bifreiðinni, og getur hún því ekki talist nægjanleg eignarheimild. Ólafur Þór hefur ekki gert reka að því að fá skráða eignarheimild að bifreiðinni, jafnvel eftir að hann skipti um skoðun og taldi sig eiganda hennar. Bifreiðin hefur því aldrei verið skráð eign Ólafs Þórs, og ekki liggur fyrir afsal eða önnur gögn um sölu hennar frá Guðlaugi Magga til Ólafs Þórs.

Telja verður, að stefnandi verði að sæta öllum þeim mótbárum, sem Ólafur Þór hefði sjálfur þurft að sæta af hendi stefnda, þar sem hún leiðir rétt sinn af ætluðum bótarétti hans. Bifreiðin mun hafa verið seld á uppboði 27. júní 1991. Kröfur stefnanda eru fyrst settar fram af henni rúmlega ári síðar, þ. e. með bréfi, dags. 2. júlí 1992, en það er fyrst með því bréfi, að fullyrt er, að Ólafur Þór hafi verið eigandi bifreiðarinnar á árinu 1989. Verður að telja, að Ólafur Þór hafi með þessu sýnt verulegt tómlæti gagnvart ætlaðri eign sinni, og rennir það stoðum undir fullyrðingar stefnda um ótrausta eignarheimild hans.

Þegar litið er til framangreinds, verður ekki séð, að stefnandi hafi sýnt fram á heimild sína til þeirrar kröfu á hendur íslenska ríkinu, sem hún gerir í þessu máli. Verður því þegar af þeirri ástæðu að fallast á kröfu stefnda um sýknu honum til handa vegna aðildarskorts, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991.

Eftir atvikum og með tilvísun til 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 þykir rétt, að hvor málsaðili beri sinn kostnað af málinu.

Jón L. Arnalds héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, íslenska ríkið, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Vilborgar Yrsu Sigurðardóttur, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 9. mars 1995.

Nr. 138/1993. **Olgeir Kristjónsson**
(Páll Arnór Pálsson hrl.)
gegn
Aðalheiði Erlendsdóttur og
Önnu Erlendsdóttur
(Ólafur Axelsson hrl.)
og gagnsök

Skuldabréf. Veðheimild. Búskipti. Erfðir.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Aðaláfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 1. apríl 1993. Hann krefst sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjenda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjendur skutu málinu til Hæstaréttar með stefnu 17. maí 1993. Þær krefjast þess í aðalsök, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur. Í gagnsök krefjast þær þess, að héraðsdómi verði breytt þannig, að aðaláfrýjandi verði jafnframt dæmdur til að greiða þeim málskostnað í héraði. Í báðum tilvikum krefjast þær málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Aðaláfrýjandi gaf út skuldabréf til Lífeyrissjóðs Verkfræðingafélags Íslands 5. nóvember 1980 fyrir láni, er skyldi greiða á næstu 35 árum. Skuldin var tryggð með veði í fasteigninni Karlagötu 10 í Reykjavík. Eigendur hennar, hjónin Karl Eiríksson og Júlíanna Jónsdóttir, veittu aðaláfrýjanda veðleyfi, en eiginkona hans var fósturdóttir þeirra. Hjónin áttu enga skylduerfingja, og var bú þeirra tekið til opinberra skipta við lát Júlíönnu 16. júní 1990, en hún hafði lifað mann sinn. Af hálfu dánarbúsins hefur umrætt skuldabréf verið greitt upp með 1.907.362 krónum. Gagnáfrýjendur,

sem eru dætur hálfsystur Júlíönnu og því meðal lögerfingja hennar, gerðu ekki athugasemdir á skiptafundi 24. október 1991, þegar frumvarp að skiptagerð með þessu efni var afgreitt. Á fyrri skiptafundum hafði hins vegar verið látin í ljós andstaða gegn því af þeirra hálfu, að bréfið hvíldi áfram á íbúðinni, og á skiptafundi 15. apríl 1991 var þeim gerð grein fyrir því, að þær gætu sjálfar reynt að innheimta skuldina með málsókn, yrði henni ekki aflétt og búið þyrfti að greiða hana. Gagnáfrýjendur krefjast þess, að aðaláfrýjandi gjaldi þeim þann hluta greiðslunnar, er svarar til arfshluta þeirra í búinu. Eiginkona aðaláfrýjanda greiddi þeim 131.813,40 krónur 27. janúar 1992, en sú greiðsla var hluti þeirra í gjaldföllnum afborgunum af skuldabréfinu auk dráttarvaxta til greiðsludagsins.

II.

Fram er komið í málinu, að reglur Lífeyrissjóðs Verkfræðingafélags Íslands standa gegn skuldskeytingu á lánum sjóðsins. Í umræddu skuldabréfi aðaláfrýjanda er ákvæði þess efnis, að skuldin falli í gjalddaga án fyrirvara, ef eigendaskipti verða að veðsettri eign samkvæmt bréfinu. Mátti aðaláfrýjandi gera ráð fyrir því, að þau atvik kynni að bera að höndum, að eigendaskipti yrðu að fasteigninni og hann yrði þá að standa fullnaðarskil á láninu eða semja við lánveitanda um nýja veðtryggingu. Við það verður að miða, eins og málið liggur fyrir, að óhjákvæmilegt hafi verið að greiða lánið upp í kjölfar andláts Júlíönnu Jónsdóttur. Voru þá ekki forsendur til þess að binda erfingja við ákvæði skuldabréfsins fremur en veðsalar hefðu sjálfir verið bundnir við slíkar aðstæður, á meðan þeir voru enn á dögum. Verður ekki talið, að gagnáfrýjendur hafi firrt sig rétti til þess að hafa uppi kröfur á hendur aðaláfrýjanda vegna uppgjörs skiptaráðanda á skuldabréfinu.

Samkvæmt framansögðu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm um annað en vexti. Eftir atvikum þykir rétt, að almennir innlánsvextir reiknist á skuldina frá lokum búskipta 24. október 1991 fram að þingfestingu málsins 9. janúar 1992 en dráttarvextir frá þeim tíma til greiðsludags.

Aðaláfrýjandi skal greiða gagnáfrýjendum málskostnað fyrir Hæstarétti óskipt, eins og nánar greinir í dómsorði. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Olgeir Kristjónsson, greiði gagnáfrýjendum, Aðalheiði Erlendsdóttur og Önnu Erlendsdóttur, sameiginlega 476.841 krónu með almennum innlánsvöxtum frá 24. október 1991 til 9. janúar 1992 og dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags, allt að frádregnum 131.813,40 krónum miðað við 27. janúar 1992. Heimilt er að leggja vexti við höfuðstól, í fyrsta skipti 9. janúar 1993.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms er staðfest.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjendum óskipt 60.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 23. febrúar 1993.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 11. febrúar sl., er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur af Aðalheiði Erlendsdóttur, kt. 071014-3719, Stakkhömrum 9, Reykjavík, og Önnu Erlendsdóttur, kt. 130922-2289, Skerjabraut 7 A, Seltjarnarnesi, með stefnu, birtri 7. 12. 1991, á hendur Olgeiri Kristjónssyni, kt. 210948-3689, Logalandi 7, Reykjavík.

Endanlegar dómkröfur stefnenda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnendum 476.841 kr. ásamt [nánar tilgreindum dráttarvöxtum og málskostnaði]. Frá kröfunni dragist innborgun, að fjárhæð 131.813,40 kr., sem greidd var inn á skuldina 27. janúar 1992.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnenda og að stefnendum verði gert að greiða stefnda málskostnað [...].

II.

Málsástæður stefnenda.

Stefnendur kveða stefnda, Olgeir, hafa tekið lán hjá Lífeyrissjóði verkfræðinga 5. 11. 1980, og hafi fasteignin Karlagata 10, Reykjavík, þinglesin eign Júlíönnu Jónsdóttur, verið sett til tryggingar skuldinni. Júlíanna Jónsdóttir hafi látist 16. 6. 1990, og hafi eftirstöðvar skuldarinnar þá numið 1.907.362 kr. Skiptaráðandinn í Reykjavík hafi greitt upp skuld stefnda með fjármunum dánarbúsins. Stefnendur máls þessa séu erfingjar að samtals 2/8 hlutum dánarbúsins. Þar sem greiðslan á skuldabréfinu hafi minnkað eignir búsins um ofangreinda fjárhæð, þurfi stefnendur að endurkrefja stefnda um skuldina. Tjón stefnenda vegna greiðslu dánarbúsins nemi 476.841 kr.

Skuldabréfið hafi verið greitt úr dánarbúinu 3. 6. 1991, og sé dráttarvaxta því krafist frá þeim degi.

Stefnendur kveða málið höfðað á grundvelli almennra reglna kröfuréttar um greiðslu skuldbindinga og ákvæða samningalaga nr. 7/1936. Vaxtakrafa er studd lögum nr. 25/1987 og málskostnaðarkrafa við 12. kafla l. nr. 85/1936. Krafa um virðisaukaskatt á málskostnað er studd l. nr. 50/1988. Stefnendur kveðast ekki vera virðisaukaskattsskyldir.

Málsástæður stefnda.

Stefndi kveður lánið hafa verið að fjárhæð 149.270 nýkrónur, er hann fékk það 5. 11. 1980. Hafi það verið veitt til 35 ára. Gjalddagi hafi verið 15. október ár hvert. Þinglýstir eigendur fasteignarinnar að Karlagötu 10, Reykjavík, Júlíanna Jónsdóttir og Karl Eiríksson, hafi veitt veðleyfi fyrir láninu í fasteign sinni. Eftir lát Karls hafi Júlíanna orðið eigandi að fasteigninni skv. gagnkvæmri erfðaskrá þeirra í milli. Júlíanna hafi síðan látist 16. 6. 1990. Hafi bú hennar verið tekið til opinberra skipta hjá skiptaráðandanum í Reykjavík. Það hafi verið ákveðið að selja framangreinda eign og greiða lánið upp, þar sem óheimil hafi verið yfirtaka kaupanda á láninu skv. reglum lífeyrissjóðs verkfræðinga. Hafi skuldabréfið verið greitt upp 3. 6. 1991, og hafi stefnendur gert kröfu á stefnda um fjórðung af fjárhæðinni sem erfingjar að þeim hluta úr dánarbúinu. Hafi stefndi greitt stefnendum 27. janúar 1992 fjórðung af gjaldföllnum afborgunum ásamt dráttarvöxtum til greiðsludags.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að stefnendur séu sem erfingjar bundnir af gerningnum, sem hin látna hafi gert í lifanda lífi. Hér sé um gerning að ræða, sem bindi erfingja, enda engin lagastoð eða sérstakar málsástæður fyrir því, að dánarbúið eða einstakir erfingjar þess hafi meiri rétt en hin látna hafi haft í lifanda lífi.

Stefndi kveðst með öllu hafna því, að veðlánið rýri eignir búsins. Dánarbúið eignist kröfu lífeyrissjóðsins, þótt það hafi ekki heimild til að krefja skuldarann um uppgreiðslu lánsins. Um tjón sé því ekki að ræða, þar sem erfingjar geti krafist greiðslu af bréfinu á gjalddögum.

Um lagarök vísar stefndi til almennra reglna samninga- og kröfuréttar.

Krafa um málskostnað er studd 12. kafla l. nr. 85/1936, sbr. l. nr. 54/1988.

Stefndi kveðst ekki vera virðisaukaskattsskyldur.

III.

Niðurstaða.

Við munnlegan málflutning var bókuð eftir talsmanni stefnda ný málsástæða, þar sem krafist var sýknu vegna aðildarskorts og vísað til þess, að

krafan hefði aldrei verið afhent stefnendum, og sé dánarbúið því eigandi hennar.

Af hálfu stefnenda var málsástæðu þessari mótmælt sem of seint fram kominni.

Samkvæmt 5. mgr. 101. gr. l. nr. 91/1991 er fallist á andmæli stefnenda.

Af hálfu stefnda var enn fremur við munnlegan málflutning mótmælt sem nýjum málsástæðum of seint fram komnum umfjöllun talsmanns stefnenda í málflutningsræðu þar að lútandi, að lífeyrissjóðurinn hefði verið búinn að gjaldfella lánið vegna eigendaskipta, og hins vegar, að veðleyfið væri fallið niður vegna brostinna forsendna, þar sem þurft hefði að selja veðið, og einnig, að unnt væri að segja upp veðinu við sölu eignarinnar. Af hálfu stefnenda var því mótmælt, að umfjöllun hans í málflutningi um framangreind atriði hefði verið nýjar málsástæður, heldur hefði verið um að ræða andsvör við málsástæðum stefnda.

Af hálfu stefnenda var ekki farið fram á, að bókað yrði um framangreind ummæli hans eða þess farið á leit, að nýjar málsástæður kæmust að í málinu. Var málflutningur talsmanns stefnenda ekki skilinn á þann veg, að nýjar málsástæður hefðu komið fram í málflutningi hans, sem hann vildi byggja á. Verður því litið svo á, að málsástæður stefnenda séu óbreyttar frá því, sem fram kemur í stefnu.

Telja verður, að málatilbúnaði stefnenda í stefnu og greinargerð sé að ýmsu leyti áfátt. Ekki hefur þó komið fram krafa af hálfu stefnda um frávísun málsins. Með því að gagnaöflun hefur farið fram af hálfu beggja aðila, sem skýrir málið nokkuð, þykir mega leggja á málið efnisdóm.

Það kemur fram í bréfi á dskj. nr. 8, dags. 17. apríl 1991, að skiptaráðandinn í Reykjavík beindi þeim tilmælum til eiginkonu stefnda, að láninu yrði aflétt hið fyrsta af fasteigninni, þar sem til stæði að selja hana. Af hálfu stefnda hafa ekki komið fram athugasemdir í greinargerð eða öðrum málskjölum hans við það, að kröfu þessari hafi verið beint til eiginkonu hans, og liggur ekki annað fyrir en stefnda hafi verið kunnugt um þessa kröfu.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á því, að stefnendur séu bundnir af gerningi arfleifanda, og geti þeir ekki haft meiri rétt en hin látna hafði í lifanda lífi.

Málsástæða þessi er ekki skýr, þar sem stefndi gerir enga grein fyrir því, hver ætlaður réttur arfleifanda var eða á hverju hann er byggður. Virðist þó mega skilja málsástæðu þessa svo, að stefndi líti svo á, að hin látna, eigandi veðsins, hafi með veðheimildinni gefið stefnda óafturkræft loforð.

Engin gögn liggja fyrir um það í málinu, að veðheimild til handa stefnda hafi verið óuppsegjanleg, og verður ekki litið svo á, að það leiði af eðli málsins, að veðinu verði ekki sagt upp.

Með vísan til þess, að stefndi sinnti ekki tilmælum dánarbúsins um að losa veðið af eigninni, og með því að ekki hefur verið sýnt fram á, að dánarbúið hafi átt annarra kosta völ en greiða upp lánið til að fá veðinu aflétt, svo og með vísan til þess, sem að framan er rakið að öðru leyti, þykir mega taka til greina kröfur stefnenda að öllu leyti, en vaxtafæti og upphafstíma vaxta hefur ekki verið andmælt.

Eftir atvikum þykir rétt, að aðilar beri hvor sinn kostnað af málinu.

Sigríður Ólafsdóttir héraðsdómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi, Olgeir Kristjónsson, Logalandi 7, Reykjavík, greiði stefnendum, Aðalheiði Erlendsdóttur, Stakkhömrum 9, Reykjavík, og Önnu Erlendsdóttur, Skerjabraut 7 A, Seltjarnarnesi, 476.841 kr. ásamt dráttarvöxtum skv. 10. gr. l. nr. 25/1987 frá 3. 6. 1991 til greiðsludags, allt að frádregnum 131.813,40 kr., og leggjast dráttarvextir við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 12 mánuðum eftir upphafsdag vaxta, skv. 12. gr. l. nr. 25/1987.

Aðilar beri hvor sinn kostnað af málinu.

Fimmtudaginn 9. mars 1995.

Nr. 116/1993. **Brimborg hf. og**
Sjóvá-Almennar tryggingar hf.
(Haraldur Blöndal hrl.)
gegn
Gísla Konráðssyni
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

Skaðabætur. Bifreiðar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Gunnar M. Guðmundsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Áfrýjendur skutu málinu til Hæstaréttar með stefnu 12. mars 1993. Þeir krefjast sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjenda in solidum í héraði og fyrir Hæstarétti.

I.

Atvikum að umferðarslysi því, sem mál þetta snýst um, eru ekki gerð fullnægjandi skil í hinum áfrýjaða dómi.

Slys það, er um ræðir í málinu, varð á Vesturlandsvegi í Dalasýslu 24. nóvember 1989.

Í frumskýrslu lögreglunnar í Dalasýslu er haft eftir stefnda, að vörubifreiðunum þremur, sem á móti honum var ekið, hafi verið vikið illa, sérstaklega hinni öftustu. Hefði hann ekki komist fram hjá þeim nema með því að aka mjög tæpt á vegbrún, en við það hafi hann misst stjórn á bifreið sinni. Ökuhraði hennar er í lögregluskýrslunni sagður hafa verið 50–60 km miðað við klukkustund, en leyfilegur hámarkshraði á veginum 90 km.

Í aðilaskýrslu við aðalmeðferð málsins lýsir stefndi málavöxtum þannig, að er hann var kominn dálítið suður fyrir vegamótin við bæinn Glerárskóga, hafi hann séð til ferða vörubifreiðanna. Þær hafi þá verið uppi á hæð og fram undan brekkan, þar sem slysið varð. Telur hann, að fjarlægðin milli sín og vörubifreiðanna hafi þá verið 500–600 metrar og ökuhraði sinnar bifreiðar um 65–70 km. Stefndi

kveðst hafa byrjað að draga úr ökuhraða, þegar hann átti ófarna á að giska 50 metra að vörubifreiðunum. Áætlar hann, að ökuhraðinn hafi verið 30–35 km, þegar hann mætti fyrstu bifreiðinni. Bifreiðunum hafi verið ekið hratt og vikið illa og hin aftasta verið sem næst á miðjum vegi. Hafi ökuhraði sinn, er hann mætti þeirri bifreið, líklega verið 20–25 km og hann þá verið kominn upp í miðja brekkuna.

Í lögregluskýrslu er gefið til kynna með merkingum í þar til ætlaðan reit, að sumarhjólbarðar hafi verið á bifreið stefnda, en hann kveðst í aðilaskýrslu sinni halda, að radíalhjólbarðar hafi verið á bifreiðinni umrætt sinn, ef til vill allt að ársgamlir.

II.

Í maí 1990 voru teknar lögregluskýrslur af ökumönnum umræddra vörubifreiða.

Sigursteinn Jósefsson ók fremstu bifreiðinni. Framan á henni var snjóplógur, sem mun hafa verið aðeins mjórri en bifreiðin. Sigursteinn segir, að innan við Búðardal hafi verið mjög mikil hálka á veginum og ökuhraði því ekki verið meiri en um 30–40 km. Hann kveður hægri hjól sinnar bifreiðar hafa verið utan við bundið slitlag vegarins. Fjarlægðin milli vörubifreiðanna hafi verið 100–200 metrar.

Ólafur Friðsteinsson ók næstfremstu vörubifreiðinni. Hann kveður mjög mikla hálku hafa verið á veginum og giskar á, að hraði vörubifreiðanna hafi verið um 50 km. Bilið á milli þeirra telur hann hafa verið um 100–200 metra. Hann kveðst hafa reynt að halda bifreið sinni eins utarlega á veginum og kostur var.

Bjarni Arnarson ók öftustu vörubifreiðinni. Hann segir, að mikil hálka hafi verið og því mjög hægt ekið. Bilið milli vörubifreiðanna telur hann hafa verið um 50 metra. Hann kveðst hafa ekið eins utarlega í vegbrún og kostur var og telur, að sú hafi einnig verið raunin um bifreið stefnda. Hann áætlar ökuhraða vörubifreiðanna 20–30 km. Vegurinn hafi verið beinn og í „fullri breidd". Engir snjóruðningar hafi verið á vegköntum. Hálka hafi verið hið eina, sem varast þurfti.

Enginn bifreiðarstjóranna kveðst hafa orðið ófarnaðar stefnda var.

III.

Í frumskýrslu lögreglu er haft eftir vitninu Moniku Einarsdóttur, að hún hafi verið stödd í 200–300 metra fjarlægð frá slysstað. Bifreið stefnda hafi verið ekið á eðlilegum hraða. Hann hafi greinilega misst stjórn á henni við að mæta öftustu vörubifreiðinni. Tæpum mánuði eftir slysið er Monika borin fyrir því í upphafi lögregluskýrslu, sem þá var tekin af vitninu Elínu Þ. Melsteð, að hún hafi ekki verið í aðstöðu til að sjá staðsetningu öftustu vörubifreiðarinnar og bifreiðar stefnda á veginum, er þær mættust. Í apríl 1990 var loks tekin sjálfstæð lögregluskýrsla af Moniku Einarsdóttur. Þá fyrst víkur hún að ökuhraða vörubifreiðanna. Kveðst hún hafa verið úti á hlaði í Glerárskógum og séð, er vörubifreiðarnar þrjár komu á mikilli ferð niður brekkuna hjá Glerárskógaklifi. Í sama mund hafi hún séð bifreið stefnda ekið fram hjá heimreiðinni í Glerárskóga. Hafi hún mætt fremstu vörubifreiðinni neðarlega í brekkunni. Segir vitnið, að sér hafi sýnst vörubifreiðarnar vera á miðjum vegi.

Eftir vitninu Elínu Þ. Melsteð er haft í frumskýrslu lögreglu, að hún hafi mætt umræddum vörubifreiðum í Glerárskógabrekku og stöðvað bifreið sína, meðan þeim var ekið fram hjá. Hún kveðst hafa vitað af bifreið stefnda rétt fyrir aftan sig og séð í baksýnisspegli, að honum tókst ekki að mæta síðustu vörubifreiðinni. Í lögregluskýrslu, sem tekin var af Elínu tæpum mánuði eftir slysið, kveðst hún hafa verið komin ofarlega í umrædda brekku, er hún sá til vörubifreiðanna. Kveðst hún hafa vikið vel út á vegbrún og staðnæmst, meðan þeim var ekið fram hjá. Hún hafi síðan ekið rólega af stað, enda vegurinn háll. Jafnframt hafi hún litið í baksýnisspegilinn og séð, að bifreið stefnda skrensaði í vegkantinum og fór út af veginum. Hún kveðst ekki geta sagt til um, hvar á veginum aftasta vörubifreiðin var, er hún og bifreið stefnda mættust, en áætlar, að þá hafi verið 100–150 metrar milli bifreiðar stefnda og sinnar bifreiðar. Í þessum framburði Elínar er ekki minnst á ökuhraða umræddra bifreiða. Í lok framburðarins kveðst hún ekki hafa meira um málið að segja.

Við aðalmeðferð málsins gaf Elín Þ. Melsteð skýrslu. Þá var liðið nokkuð á fjórða ár frá slysinu. Greinir hún þar frá því, að sér hafi fundist vörubifreiðunum vera ekið á miðjum vegi og hratt miðað við aðstæður, en kveðst eftir svo langan tíma ekki alveg dómbær

um, hversu mikill ökuhraðinn nákvæmlega var. Sér hafi fundist bifreiðarnar svolítið ógnvekjandi, er hún sá þær koma hratt niður brekkuna. Hún giskar á, að ökuhraði bifreiðar stefnda hafi verið 50–60 km. Ekki kemur fram, hverrar tegundar bifreiðin var, sem Elín ók, en hún telur hana hafa verið töluvert minni en bifreið stefnda. Hún kveður snjóföl hafa verið á veginum og ísingu. Aðspurð um mun á ökuhraða vörubifreiðanna annars vegar og bifreiðar stefnda hins vegar svaraði Elín því til, að sér hefði fundist vörubifreiðunum ekið hraðar. Ef til vill hafi munur á ökuhraða ekki verið mikill, „en stórir bílar eru kannski bara meira ógnvekjandi".

IV.

Í reit á forsíðu lögregluskýrslu fyrir upplýsingar um veður, færð o. fl. er merkt, að dagsbirta hafi verið, yfirborð vegar malbikað, ísing og hálka. Ekki er merkt við, að snjór hafi verið. Fram kemur í lögregluskýrslunni, að tilkynning um slysið hafi borist lögreglunni í Dalasýslu kl. 16.00 samdægurs.

Í skýrslu Sigvalda Guðmundssonar lögregluvarðstjóra, sem dagsett er 3. apríl 1990, greinir frá því, að á vettvangsuppdrætti, sem fylgdi lögregluskýrslu um slysið, komi fram, að hjólför eftir bifreið stefnda hafi verið greinileg, þar sem bifreiðin fór út af malbikuðu yfirborði vegarins yfir á vegaröxlina. Hafi förin síðan verið greinileg eftir vegkantinum og frá honum út á grýttan og þýfðan mel, þar sem bifreiðin stöðvaðist. Þessi för greinast lítt á vettvangsuppdrættinum. Í skýrslu þessari kemur og fram, að engin hjólför hafi verið sjáanleg eftir öftustu vörubifreiðina, hvorki á veginum né hægri vegaröxl miðað við akstursstefnu bifreiðarinnar. Ítrekað er í skýrslunni, að ísing hafi verið og hálka, en ekki minnst á snjó eða snjóföl á veginum eða vegaröxlum. Vettvangsuppdrátturinn er ekki aðeins ófullkominn að því leyti, sem að framan greinir. Mælikvarða er ekki getið á uppdrættinum. Útlínur vegarins eru færðar inn á hann, og á milli þeirra er skráð breidd hins malbikaða yfirborðs vegarins 3 metrar og breidd hvorrar vegaraxlar 0,70 metrar. Samkvæmt því hefur heildarbreidd milli vegbrúna verið 4,40 metrar. Vörubifreiðarnar voru allar jafnbreiðar, hver þeirra 2,48 metrar. Bifreið stefnda var 1,67 metrar. Rými til að mætast var því samkvæmt uppdrættinum 0,25 metrar. Er því ljóst, að nefnd mál á vegarbreidd fá ekki

staðist og að næsta lítið er á uppdráttinn að treysta um aðstæður á vettvangi og ummerki á honum, er tengja megi slysinu og aðdraganda þess.

V.

Upplýsinga nýtur ekki í málinu um hæð eða frágang á vegkantinum í brekkunni hægra megin við vörubifreiðarnar, en hafa ber í huga, að víða á vegum hérlendis getur verið varhugavert að aka þungum bifreiðum alveg að vegbrún vegna hættu á, að hún láti undan. Að því er varðar för á veginum eða vegaröxlinni eftir vörubifreiðarnar, er á það að líta, að eigi kemur fram, hve langur tími leið, frá því að lögreglu barst tilkynning um slysið, uns hún kom á vettvang, en ætla má, að þá hafi verið erfitt orðið að greina hjólför vegna þverrandi dagsbirtu. Þá er þess að gæta, að umferð annarra ökutækja um veginn eftir slysið og áður en lögreglan kom á vettvang kynni að hafa máð út eða raskað hjólförum, hafi þeirra á annað borð séð stað, eins og færi var háttað. Í því efni ber og að hafa í huga, að óvíst er, hver fjarlægð kann að hafa verið milli þess staðar, þar sem bifreið stefnda fór út af veginum, og þess staðar, þar sem hún mætti öftustu vörubifreiðinni.

VI.

Leitt er í ljós, að stefndi sá til ferða þriggja stórra vörubifreiða, sem ekið var í röð niður halla ofan brekkunnar, í að minnsta kosti 1/2 km fjarlægð. Stefnda mátti vera ljóst, að erfitt yrði og áhættusamt að mæta svo stórum og fyrirferðarmiklum bifreiðum í brekkunni, þar sem vegurinn var mjór, að því er ætla verður, og háll og á það skorti, að bifreið hans væri fullkomlega búin til aksturs í hálku. Við þessar aðstæður hefði stefndi átt að stöðva bifreið sína eins utarlega á veginum og kostur var, áður en að brekkunni kom, og bíða þess þar, að vörubifreiðunum væri ekið fram hjá, enda átti hann þess bersýnilega hægari kost en ökumenn þeirra að vægja og hliðra til á veginum. Þess í stað ók stefndi ótrauður áleiðis upp brekkuna og lét skeika að sköpuðu um, hvernig til tækist. Stefndi hann með þessu fyrirhyggjuleysi bifreið sinni og eigin öryggi í augljósa hættu.

Framangreind vitni að slysinu voru í slæmri aðstöðu til að sjá

gjörla aðdraganda og nákvæm tildrög þess. Rýrir það sönnunargildi framburðar þeirra. Hefur stefnda með þeim gögnum, sem við er að styðjast í málinu, hvorki tekist að sanna, að vörubifreiðunum hafi, miðað við aðstæður, verið ekið óhæfilega hratt niður brekkuna né óeðlilega innarlega á veginum. Ekki er heldur leitt í ljós, að öftustu vörubifreiðinni hafi verið sveigt inn á veginn áður eða í þann mund, er hún mætti bifreið stefnda.

Samkvæmt framanskráðu telst ósannað, að ófarnað stefnda sé til annars að rekja en þeirrar ógætni hans sjálfs, sem að framan er lýst. Ber því að sýkna áfrýjendur af kröfum hans í málinu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Áfrýjendur, Brimborg hf. og Sjóvá-Almennar tryggingar hf., eiga að vera sýknir af kröfum stefnda, Gísla Konráðssonar, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 19. febrúar 1993.

Mál þetta, sem dómtekið var 17. þ. m., er höfðað með framlagningu skjala í dómi 9. apríl 1991.

Stefnandi er Gísli Konráðsson, kt. 280460-5089, Eyjabakka 5, Reykjavík.

Stefndu eru Sjóvá-Almennar hf., kt. 701288-1739, Kringlunni 5, Reykjavík, og Brimborg hf., kt. 701277-0239, Faxafeni 8, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði dæmdir in solidum til að greiða sér 767.538 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá 1. febrúar 1991 til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar [...].

Stefndu gera þær kröfur aðallega, að þeir verði alsýknaðir af öllum kröfum stefnanda og dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda, er beri vexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987.

Til vara er þess krafist, að sök verði skipt í málinu, stefnukröfur stórlega lækkaðar og málskostnaður felldur niður.

Stefnandi er eigandi bifreiðarinnar R-57741, sem er Chevrolet-Monsafólksbifreið, árgerð 1987. Hann var í bifreið sinni á leið eftir Vesturlandsvegi 24. nóvember 1989 frá bænum Rauðbarðaholti í Hvammssveit í Dalasýslu. Er hann hafði ekið nokkurn spöl eftir Vesturlandsvegi og var á leið upp brekku við bæinn Glerárskóga, mætti hann þremur vöruflutningabif-

reiðum í eigu stefnda Brimborgar hf. Var þar um að ræða sýningarbifreiðar á ferð um landið, svonefnda Brimborgarlest.

Stefnandi lýsir atvikum svo, að hann hafi ekið á um 50-60 km hraða miðað við klukkustund, og er hann sá Brimborgarlestina, hafi hann hægt á ferð sinni, uns hann var á u. þ. b. 20 km hraða, og ók þá upp brekkuna á móti vöruflutningabifreiðunum. Er hann mætti þriðju bifreiðinni í lestinni, DF-53772, var henni ekið svo innarlega á veginum, að stefnandi kveðst hafa hrakist undan og út af veginum og lent í grjóti og urð og stöðvast að lokum á girðingu utan vegar. Hann skall með höfuðið í framrúðu bifreiðar sinnar, missti meðvitund og var síðan fluttur á sjúkrahús á Akranesi.

Við áreksturinn skemmdist bifreið stefnanda, og krefst stefnandi sannvirðis bifreiðar sinnar, 454.750 króna, í bætur, en um þá fjárhæð er ekki ágreiningur með aðilum.

Þá krefur stefnandi um bætur fyrir afnotamissi í 110 daga, samtals 295.460 krónur, og kostnað vegna flutnings bifreiðarinnar, 17.328 krónur.

Stefnandi telur, að bifreiðinni DF-53772 hafi verið ekið óhæfilega hratt miðað við aðstæður og mjög ógætilega. Vörubifreiðarnar hafi verið á leið undan brekku, og snjófjúk hafi verið á veginum, og fram komi í skýrslum vitnanna Moniku Einarsdóttur og Elínar Þ. Melsteð auk skýrslu stefnanda sjálfs, að hraði bifreiðanna hafi verið mikill og þeim verið ekið innarlega á veginum, er vitnið Elín mætti þeim, og einnig komi fram í skýrslum sömu vitna, að stefnandi hafi ekið út af í sama mund og hann mætti bifreiðinni DF-53772. Þá liggi fyrir uppdráttur, gerður af Sigvalda Guðmundssyni lögregluvarðstjóra, svo og skýrsla hans, þar sem fram komi, að slitlag vegar sé 3 metra breitt og beggja vegna séu 70 sentímetra breiðir malarkambar. Í skýrslu Sigvalda komi og fram, að á teikningu sjáist greinilega hjólför eftir bifreið stefnanda, en ekki sjáist þess nein merki, að bifreiðinni DF-53772 hafi verið ekið út á malaröxlina, svo að sú bifreið hljóti að hafa að nokkru verið á vegarhelmingi stefnanda, er bifreiðarnar mættust, og með tilliti til stærðar bifreiðarinnar DF-53772, sem er 2,48 metrar á breidd, og aðstæðna allra sé ljóst, að ökumaður hennar hafi ekið mjög ógætilega. Hafi honum borið brýn skylda til að víkja alveg út í vegbrún og hægja alveg á sér og jafnvel stöðva bifreiðina.

Þá sé óhugsandi annað en ökumaður bifreiðarinnar hafi orðið var við atvik þetta, ef aksturslag hans hefði verið eðlilegt, og með því að hann hafi ekið af vettvangi, verði stefndu að bera hallann af hugsanlegum sönnunarskorti um staðsetningu bifreiðarinnar.

Stefndu telja ósannað, að óhapp stefnanda verði rakið til atvika, er stefndu beri ábyrgð á, enda er því mótmælt, að ökumaður DF-53772 hafi

ekki vikið út í vegbrún, svo og því, að bifreið þeirri hafi verið ekið á mikilli ferð. Miklu heldur er því haldið fram, að ökumenn vöruflutningabifreiðanna hafi ekið eins hægt og gætilega og unnt var miðað við aðstæður greint sinn. Hins vegar viðurkenni stefnandi sjálfur í lögregluskýrslu, að hann hafi ekið á 50–60 km hraða miðað við klukkustund. Þá sé óupplýst og ósannað, hvar bifreið stefnanda og DF-53772 voru á veginum, er þær mættust.

Þá er varakrafa studd þeim rökum, að stefnandi beri nokkra sök á óhappinu sjálfur vegna þess, hvernig hann stóð að akstri og búnaði bifreiðar sinnar umrætt sinn, en hann hafi ekið bifreið sinni á sumarhjólbörðum á töluverðri ferð í mikilli hálku, og beri því að lækka bætur til hans stórlega.

Fjárhæð kröfu vegna afnotamissis er sérstaklega mótmælt, en stefnandi, sem krefjist bóta fyrir afnotamissi í 110 daga, hafi legið á sjúkrahúsi fram til loka janúarmánaðar 1990. Fram að þeim tíma hafi ekki verið um raunverulegan afnotamissi að ræða. Fljótlega eftir óhapp stefnanda hafi legið fyrir sú afstaða stefnda Sjóvá-Almennra tryggínga hf., að félagið neitaði eindregið bótaskyldu. Þá hafi það einnig verið ljóst, að stefnandi þurfti að útvega sér nýja bifreið. Stefnanda hafi því borið strax skylda til að forðast hið óbeina tjón. Raunverulegur afnotamissir stefnanda hafi því aðeins varað þann tíma, sem áætla má, að taki að afla nýrrar bifreiðar, þ. e. fáeina daga.

Stefndu halda því fram, að miða beri við daggjaldagreiðslu tryggingafélaga til tjónþola fyrir afnotamissi samkvæmt dómvenju.

Þá er vaxtakröfu og mótmælt.

Forsenda og niðurstaða.

Er stefnandi var að aka upp brekkuna við Glerárskóga, mætti hann þremur vörubifreiðum, sem komu í röð suður og niður brekkuna. Samkvæmt framburði vitnanna Elínar Þ. Melsteð, sem ók skammt á undan stefnanda, og Moniku Einarsdóttur, sem horfði á atvikið úr 2–300 metra fjarlægð, var bifreiðum þessum ekið greitt, enda þótt hált væri á veginum og vegurinn þar að auki þröngur miðað við stærð bifreiðanna. Þá kemur það fram hjá vitnum þessum, að bifreið stefnanda var ekið út af veginum í sömu svipan eða rétt eftir, að hún og aftasta bifreiðin mættust í brekkunni. Samkvæmt uppdrætti lögreglunnar í Dalasýslu er vegurinn þarna 3 metra breiður og 70 sentímetra malarkambur beggja vegna vegarins. Bifreið stefnda, sem öftust fór, er 2,48 metra breið. Ökumaður hennar sagði í skýrslu sinni hjá lögreglu, að hann hefði ekki tekið eftir því, að bifreið stefnanda var ekið út af veginum.

Er óhappið varð, var snjóföl á veginum og hált. Bifreiðar stefnda Brim-

borgar hf. voru á leið niður brekku á mjóum vegi. Bifreiðarstjóri á bifreið þeirri, er fyrst fór, kvað ökuhraða hafa verið um 50 km miðað við klukkustund, en ökumaður bifreiðar þeirrar, er önnur var í röðinni, sagði hraðann hafa verið 30–40 km. Eins og aðstæður voru á vettvangi, þykir ökuhraði bifreiðarinnar DF-53772 hafa verið of mikill umrætt sinn, og verður hér sérstaklega að líta til þess, hversu breið bifreiðin er. Þegar litið er til skýrslu vitnisins Elínar, sem bar, að henni hefði ekki verið sveigt til hliðar vegna bifreiðar stefnanda, og skýrslu Sigvalda Guðmundssonar lögregluvarðstjóra, þar sem fram kemur, að ekki hafi sést á vettvangi, að bifreiðinni DF-53772 hafi verið vikið til hliðar, þykir mega fallast á það með stefnanda, að ökumaður DF-53772 hafi með akstri sínum brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 4. gr. umferðarlaga, 1. mgr. 14. gr. og 1. mgr. 19. gr. og 1. og 2. mgr. 36. gr. sömu laga og hafi með þessu aksturslagi verið valdur að því, hvernig fór.

Því er haldið fram af stefndu, að bifreið stefnanda hafi ekki verið búin hjólbörðum, ætluðum til vetraraksturs, án þess þó að það komi fram í gögnum málsins, hvort svo hafi verið. Sjálfur lýsti stefnandi því, að hann hefði ekið á radíal-hjólbörðum, svonefndum heilsársdekkjum. Fram er komið í málinu, að orsök slyssins var sú, að bifreiðinni DF-53772 var ekið að hluta á vegarhelmingi stefnanda og hann þannig þvingaður til að aka eins utarlega og honum var unnt og að lokum þrengdi svo að honum vegna aksturs fyrrnefndrar bifreiðar, að hann ók út af veginum. Ekki hefur verið sýnt fram á, að útbúnaði bifreiðar stefnanda hafi verið áfátt, né heldur þykir fram komið, að hann hafi sýnt af sér slíka óvarkárni við aksturinn, að hann beri hluta sakar.

Ekki er ágreiningur um fjárhæð 1. töluliðar í kröfugerð stefnanda um sannvirði bifreiðarinnar R-57741, 454.750 krónur, og ber stefndu að greiða stefnanda þá fjárhæð.

Þá verða stefndu dæmdir til að greiða stefnanda flutningskostnað bifreiðar hans af slysstað, 17.328 krónur.

Ekki liggja fyrir í máli þessu gögn um útlagðan kostnað stefnanda vegna afnotamissis bifreiðar eftir óhappið, en eftir atvikum er fallist á það með stefnanda, að honum beri bætur vegna þessa liðar, og þykja þær hæfilega ákveðnar 100.000 krónur.

Samkvæmt þessu verða stefndu dæmdir til að greiða stefnanda 572.078 krónur með vöxtum, eins og greinir í dómsorði.

Eftir úrslitum málsins ber að dæma stefndu til að greiða stefnanda 140.000 krónur í málskostnað, og hefur þá verið tekið tillit til reglna um virðisaukaskatt.

Allan Vagn Magnússon héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Sjóvá-Almennar og Brimborg hf., greiði in solidum stefnanda, Gísla Konráðssyni, 572.078 krónur með vöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. febrúar 1991 til greiðsludags.

Stefndu greiði stefnanda in solidum 140.000 krónur í málskostnað, og beri málskostnaðarfjárhæð dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga, frá því að 15 dagar eru liðnir frá dómsuppsögu til greiðsludags.

Fimmtudaginn 9. mars 1995.

Nr. 238/1993. **Steindór V. Steindórsson**
(Gunnar Jónsson hdl.)
(Ragnar H. Hall hrl.)
gegn
bæjarsjóði Akureyrar
(Jakob Möller hdl.)
(Hreinn Pálsson hrl.)

Kjarasamningar. Vátrygging. Flugslys.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 9. júní 1993. Krefst hann þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 4.237.269 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 9. janúar 1992 til greiðsludags auk málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og sér dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess, að stefnufjárhæð verði lækkuð verulega og málskostnaður þá látinn niður falla.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fram í Hæstarétti.

I.

Í greinargerð og munnlegum málflutningi fyrir Hæstarétti hefur því verið haldið fram af hálfu stefnda, að málið sé ranglega höfðað gegn sér, og hefði áfrýjanda verið rétt að höfða það gegn Vátryggingafélagi Íslands hf., sem stefndi keypti slysatryggingu hjá fyrir starfsmenn sína. Vísar stefndi þessu til stuðnings til 122. gr., sbr. 102. gr. laga nr. 20/1954 um vátryggingarsamninga. Beri að sýkna stefnda vegna aðildarskorts samkvæmt 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Áfrýjandi höfðaði mál þetta á grundvelli 7. kafla kjarasamnings milli stefnda og Starfsmannafélags Akureyrarbæjar frá 2. febrúar

1990, en þar er fjallað um slysatryggingar starfsmanna. Stefndi keypti tryggingu hjá Vátryggingafélagi Íslands hf., en félagið neitaði greiðsluskyldu, er áfrýjandi krafði það um bætur. Ber að fallast á það með áfrýjanda, að honum hafi verið heimilt að höfða mál gegn stefnda til efnda á fyrrgreindum ákvæðum kjarasamningsins.

II.

Þegar áfrýjandi varð 16. júlí 1990 fyrir slysi því, sem mál þetta er risið af, var í gildi „samkomulag um breytingar og framlengingu á kjarasamningum aðila“ frá 2. febrúar 1990, sem launanefnd sveitarfélaga og nokkur starfsmannafélög sveitarfélaga höfðu gert, þar á meðal Starfsmannafélag Akureyrarbæjar. Segir í 1. gr. samkomulagsins, að gildandi kjarasamningar aðila framlengist til 31. ágúst 1991. Eins og rakið er í héraðsdómi, var í 7. kafla kjarasamnings þessa fjallað um slysatryggingar starfsmanna, og var þar kveðið á um skyldu stefnda til að tryggja starfsmenn sína vegna dauða eða varanlegrar örorku. Í gr. 7.1.7. er vísað til þess, að um tryggingarnar skuli gilda „almennir skilmálar, sem í gildi eru fyrir atvinnuslysatryggingar launþega hjá Sambandi íslenskra tryggingafélaga, þegar samkomulag þetta er gert, . . .“. Höfðu þessi orð ákvæðisins staðið óbreytt frá því í kjarasamningum aðilanna á árinu 1980. Í sérstakri bókun IV við kjarasamninginn sagði, að „ef ákvæði í þessum samningi ganga skemur en sambærileg ákvæði síðustu aðal- og sérkjarasamninga að mati viðkomandi bæjarstarfsmannafélags, skal eldra ákvæðið sett inn í þennan samning, en hið nýja fellt úr gildi“.

Hinn 17. júlí 1989 hafði Vátryggingafélag Íslands hf. sett nýja almenna skilmála fyrir slysatryggingar launþega í stað eldri skilmála, sem Brunabótafélag Íslands gaf út. Varð þar sú breyting frá fyrri skilmálum, að tekin var upp ný 5. gr., um íþróttir, flugferðir o. fl. Í b-lið hennar var berum orðum tekið fram, að félagið bætti ekki slys, „sem verða í flugi, nema sá, sem tryggður er, sé farþegi í áætlunar- eða leiguflugi á vegum aðila, sem hefur tilskilin leyfi hlutaðeigandi flugmálayfirvalda“.

Ætla verður, að þegar upphaflega var samið um slysatryggingu starfsmanna stefndu og vísað til skilmála hennar, hafi báðum aðilum verið kunnugt efni þeirra. Ekki verður séð af gögnum málsins, að við gerð samkomulagsins 2. febrúar 1990 hafi hinir nýju skilmálar

slysatryggingarinnar verið lagðir fram og breytingar á þeim ræddar sérstaklega eða Starfsmannafélagi Akureyrarbæjar tilkynnt um þá. Af þessum sökum og með hliðsjón af ofangreindri bókun IV þykir ekki unnt að leggja þá til grundvallar, og ber því við úrlausn máls þessa að miða við hina eldri skilmála.

III.

Áfrýjandi reisir kröfur sínar á því, að í eldri skilmálum slysatryggingar launþega hafi slys í einkaflugi ekki verið undanskilin og engin önnur atvik getað orðið til þess, að greiðsluskylda stefnda vegna slyssins félli niður. Stefndi heldur því hins vegar fram, að glögglega megi sjá af skilmálunum, að þeir hafi að öllu leyti verið miðaðir við atvinnuslysatryggingu, sem ekki gildi í frítíma. Í skilmálana hafi því ekki verið settar undanþágur vegna áhættu, sem ekki reyndi á í vinnutíma, þar á meðal einkaflugs. Þegar algengara hafi orðið, að slíkar tryggingar væru látnar gilda allan sólarhringinn, hafi að sjálfsögðu verið varlegra að breyta skilmálunum, fyrr en gert var. Samkvæmt 5. gr. skilmálanna, þar sem fjallað var um áhættubreytingu, hefði félagið verið laust úr ábyrgð vegna einkaflugs, og styðjist það enn fremur við 121. gr. laga nr. 20/1954.

Í kjarasamningi stefnda og Starfsmannafélags Akureyrarbæjar á árinu 1977 var í 7. kafla fjallað um tryggingar, og í gr. 7.1.1. var sagt, að starfsmenn skyldu slysatryggðir fyrir dauða eða vegna varanlegrar örorku. Grein 7.1.7. hljóðaði svo: „Skilmálar séu almennir skilmálar, sem í gildi eru fyrir atvinnuslysatryggingar launþega hjá Sambandi íslenskra tryggingafélaga, þegar samkomulag þetta er gert. Tryggingin gildir allan sólarhringinn.“

Þetta ákvæði mun hafa verið óbreytt í kjarasamningi aðila, þar til gerður var samningur í ágúst 1980, en í honum hljóðaði gr. 7.1.7. svo: „Skilmálar séu almennir skilmálar, sem í gildi eru fyrir atvinnuslysatryggingar launþega hjá Sambandi íslenskra tryggingafélaga, þegar samkomulag þetta er gert, eftir því sem við á, með þeim frávikum, sem í samningi þessum greinir.“ Jafnframt kom inn nýtt ákvæði, gr. 7.1.8., sem hljóðaði svo: „Tryggingin gildir allan sólarhringinn. Takmarkanir á bótaskyldu, sem um getur í tryggingaskilmálum, falla niður, þegar starfsmaður er við störf sín eða á ferðalagi þeirra vegna, nema tjón hljótist af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi

starfsmannsins.“ Þessi ákvæði stóðu óbreytt í kjarasamningi, þegar áfrýjandi slasaðist í júlí 1990.

Skilmálar þeir, sem vísað var til í kjarasamningnum 1980 og hér verður miðað við, bera heitið „Vátryggingarskilmálar fyrir slysatryggingu launþega“. Í 7. og 8. gr. skilmálanna er kveðið á um takmarkanir á bótaskyldu, og skipta þær ekki máli hér. Í 5. gr., sem ber fyrirsögnina „Áhættubreyting“, segir svo:

„Sérhverjar breytingar, sem kunna að verða á starfi þess, sem tryggður er, og aðrar breytingar, sem hafa áhættuaukningu í för með sér, ber að tilkynna félaginu tafarlaust, svo að það geti dæmt um, hvort vátryggingin skuli gilda áfram óbreytt eða með breyttum kjörum.

Sé slík tilkynning ekki send félaginu, er félagið laust úr ábyrgð, meðan áhættuaukningin varir, ef félagið myndi eigi hafa veitt vátryggingu, ef vitað hefði verið um hina breyttu áhættu, þegar vátryggingin var tekin. . . .“

Fyrir aftan hina stöðluðu skilmála er vélritað ákvæði undir fyrirsögninni „Sérstakir skilmálar“, þar sem segir svo meðal annars: „Innifalin í tryggingunni er frítímatrygging, sem gildir allan sólarhringinn.“

Til stuðnings því, að skilmálar þessir nái ekki til áhættu vegna einkaflugs, hefur stefndi lagt fram í Hæstarétti skilmála áðurgreindra vátryggingafélaga fyrir almennar slysatryggingar. Í tryggingarskilmálum, sem giltu frá 1. febrúar 1979 til 17. júlí 1989, var sérstakt ákvæði í 5. gr. um íþróttir og flugferðir, þar sem segir í lið b: „Félagið bætir ekki slys, sem verða í flugi, nema sá, sem tryggður er, sé farþegi í farþegaflugi. . . .“. Í skilmálum, sem tóku gildi 17. júlí 1989, er ákvæði samhljóða því, sem nú er í b-lið 5. gr. vátryggingarskilmála fyrir slysatryggingu launþega, sbr. II hér að framan.

Þá vísar stefndi til upplýsinga um iðgjöld, er fram komu hjá Ingvari Sveinbjörnssyni, deildarstjóra hjá Vátryggingafélagi Íslands hf., í sérstöku vitnamáli, er stefndi stofnaði til eftir uppsögu héraðsdóms. Sagði hann, að venjulegt iðgjald vegna launþegatryggingar með frítímaáhættu, þ. e. í 3. áhættuflokki, væri um 9.000 krónur, en aukaiðgjald vegna áhættu af einkaflugi yrði um 23.000 krónur. Hefur þessu ekki verið andmælt.

IV.

Ótvírætt verður að telja, að flug með einkaflugvél feli í sér aukna áhættu miðað við hefðbundna frístundaiðju, og fram er komið, að trygging slíkrar áhættu er í raun að miklum mun dýrari en venjuleg trygging. Þegar litið er til gr. 7.1.8. í kjarasamningi stefnda og Starfsmannafélags Akureyrarbæjar, sem áður var rakin, verður að líta svo á, að það hafi verið sameiginlegur skilningur aðila, að slysatrygging í frítíma væri háð undantekningum vegna sérstakrar áhættu. Þykir bera að túlka kjarasamninginn svo, að ákvæði hans um slysatryggingu starfsmanna í frítíma hafi sætt takmörkunum og undanþágum, sem almennt giltu í slysatryggingum hjá vátryggingafélögum. Svo sem áður er fram komið, voru slys í einkaflugi undanskilin í skilmálum almennra slysatrygginga hjá Vátryggingafélagi Íslands hf. á umræddum tíma, og er ómótmælt, að það hafi verið í samræmi við venju í slíkum tryggingum.

Með ofangreind atriði í huga verður að telja, að ferð áfrýjanda með einkaflugvél hinn 16. júlí 1990 hafi falið í sér áhættubreytingu samkvæmt 5. gr. gildandi vátryggingarskilmála, sem studdist við 1. mgr. 121. gr. laga nr. 20/1954. Því er stefnda ekki skylt að bæta tjón áfrýjanda samkvæmt kjarasamningi við stéttarfélag hans, sem í gildi var framangreindan dag. Samkvæmt þessu verður hinn áfrýjaði dómur staðfestur.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur Héraðsdóms Norðurlands eystra 12. maí 1993.

Mál þetta, sem dómtekið var 14. f. m. að undangengnum munnlegum málflutningi sama dag, er höfðað með stefnu, út gefinni í Reykjavík 10. apríl 1992, af Ragnari Halldóri Hall hrl., og birtri 15. s. m., fyrir hönd Steindórs V. Steindórssonar, Flötusíðu 8, Akureyri, gegn bæjarsjóði Akureyrar til greiðslu bóta, að fjárhæð 4.237.269 kr., auk dráttarvaxta skv. 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 5. gr. laga nr. 67/1989, frá 9. janúar 1992 til greiðsludags. Svo og krefst stefnandi málskostnaðar skv. málskostnaðarreikningi, alls að fjárhæð 844.667 kr. [...].

Stefndi krefst þess, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og stefnandi greiði sér málskostnað skv. málskostnaðarreikningi, að fjárhæð samtals 651.026 kr.

Aðalkrafa stefnda var upphaflega, að máli þessu yrði vísað frá dómi, en með úrskurði, upp kveðnum 26. janúar 1993, var þeirri kröfu hafnað.

Málsatvik eru þau, að stefnandi lenti í alvarlegu flugslysi sem farþegi í einkaflugvél 16. júlí 1990 og hlaut í því fjöláverka. Flugmaðurinn beið bana. Samkvæmt örorkumati var hann metinn 100% öryrki í 7 mánuði frá slysdegi, 50% öryrki næstu 2 mánuði þar á eftir og örorka hans eftir það metin varanleg 45%.

Er slysið varð, var stefnandi starfsmaður Akureyrarbæjar og sem slíkur félagsmaður í Starfsmannafélagi Akureyrarbæjar. Í 7. kafla kjarasamnings Akureyrarbæjar og Starfsmannafélags Akureyrarbæjar eru ákvæði um, að Akureyrarbær skuli tryggja starfsmenn sína vegna dauða eða varanlegrar örorku, sem þeir kunna að verða fyrir. Í gr. 7.1.7. er tilgreint, hvernig slysatrygging skuli vera, en ákvæðið er svohljóðandi: „Skilmálar séu almennir skilmálar, sem í gildi eru fyrir atvinnuslysatryggingar launþega hjá Sambandi íslenskra tryggingafélaga, þegar samkomulag þetta er gert, eftir því sem við á, með þeim frávikum, sem í samningi þessum greinir.“ Gildistími kjarasamnings þessa er 1. janúar 1990 til 31. ágúst 1991. Á grundvelli þessa ákvæðis hefur stefnandi leitað eftir greiðslu bóta hjá stefnda. Stefndi hefur keypt vátryggingu hjá Vátryggingafélagi Íslands hf. vegna þessarar ábyrgðar og vísaði stefnanda til vátryggingafélagsins. Þar fékk stefnandi þau svör, að slys það, sem hann hefði lent í, væri undanskilið sem áhætta skv. vátryggingarskilmálum félagsins, og studdi félagið afstöðu sína 5. tl. vátryggingarskilmála félagsins, staflið b, þar sem segir, að félagið bæti ekki slys, sem verða í flugi, nema sá, sem tryggður er, sé farþegi í áætlunar- eða leiguflugi á vegum aðila, sem hefur tilskilin leyfi hlutaðeigandi flugmálayfirvalda. Samkvæmt þessu hefði félagið neitað stefnanda um bætur, þar sem stefnandi hafi orðið fyrir tjóni sem farþegi í einkaflugi.

Ákvæði um slysatryggingu starfsmanna Akureyrarbæjar mun hafa komið inn í kjarasamninga bæjarins og starfsmannafélags árið 1977, og var orðalag þess þá svohljóðandi: „Skilmálar séu almennir skilmálar, sem í gildi eru fyrir atvinnuslysatryggingar launþega hjá Sambandi íslenskra tryggingafélaga, þegar samkomulag þetta er gert. Tryggingin gildir allan sólarhringinn.“

Með kjarasamningi sömu aðila 15. ágúst 1980 var orðalagi ákvæðisins breytt í það horf, sem það er nú. Í ljós kom, að skilmálum slysatryggingar launþega hjá Vátryggingafélagi Íslands hf. var breytt 17. júlí 1989. Meðal breytinganna var að undanskilja áhættu vegna einkaflugs. Segir stefnandi

þessa breytingu hafa verið gerða, án þess að stefndi tilkynnti hana Starfsmannafélgi Akureyrarbæjar, og megi raunar ráða af hinum breyttu vátryggingarskilmálum, að unnt hefði verið að fá sumar af þeim áhættum, sem undanskildar voru, innifaldar í tryggingunni með viðauka við samninginn, en svo virðist sem stefndi hafi ekki óskað eftir því.

Um fjárhæð örorkubóta eru ákvæði í grein 7.1.3. í kjarasamningi þeim, sem stefnandi reisir á kröfur sínar, en þar segir: „Bætur vegna varanlegrar örorku greiðast í hlutfalli við vátryggingarupphæðina, 6.117.714 kr., þó þannig, að hvert örorkustig frá 25-50% verkar tvöfalt og hvert örorkustig frá 51–100% verkar þrefalt. Örorkubætur verði greiddar sem næst verðlagi greiðslumánaðar í stað slysdags."

Samkvæmt þessu telur stefnandi sig eiga rétt til 65% af ofangreindri viðmiðunarfjárhæð, eða 3.976.514 króna, og þá fjárhæð beri að framreikna m. v. hækkun framfærsluvísitölu til þess dags, er bóta var krafist, þ. e. 9. desember 1991. Þá var framfærsluvísitalan 156 stig, en í kjarasamningum er miðað við vísitöluna 146,4 stig. Þessi hækkun vísitölunnar nemur 260.755 krónum, og samtals nema þessar fjárhæðir 4.237.269 krónum, sem eru stefnufjárhæð málsins.

Það, sem hér að framan er rakið, er samkvæmt málavaxtalýsingu stefnanda, og hefur stefndi því við að bæta, að stefnandi er sagður hafa verið farþegi í einkaflugvélinni TF-BÍÓ, Piper PA 28-161, er vélin hrapaði til jarðar í Ásbyrgi 16. júlí 1990. Sá, er sagður var flugmaður vélarinnar, lést, og stefnandi hlaut alvarleg meiðsl og er metinn til 45% læknisfræðilegrar örorku. Vélinni var flogið lágflug inn í Ásbyrgi neðan klettaveggja að sögn sjónarvotta og þar á raflínu og hrapaði til jarðar. Lágmarksflughæð yfir Ásbyrgi á slysdegi var 300 metrar yfir klettaveggjum. Flug vélarinnar var alvarlegt brot á flugreglum.

Málsástæður og lagarök stefnanda eru þau, að stefnandi reisir kröfur sínar í máli þessu á reglum landsréttar um uppgjör skaðabóta skv. vátryggingarsamningum, og vísar til þess, að stefndi hafi með kjarasamningi, sem gerður var 2. febrúar 1990 af launanefnd sveitarfélaga f. h. ýmissa sveitarsjórna, þ. á m. stefnda, við Starfsmannafélag Akureyrarbæjar, tekið á sig skuldbindingu um að greiða starfsmönnum sínum, sem kjarasamningurinn tekur til, bætur vegna varanlegrar örorku, sem þeir kynnu að verða fyrir. Í þessum kjarasamningi sé sérstakur kafli um tryggingar, og í grein 7.1.3. séu ákvæði um ákvörðun bótafjárhæðar, og um skilmála séu ákvæði í grein 7.1.7., svo sem áður hefur verið rakið. Með vísan til þessara ákvæða telur stefnandi ljóst, að stefndi hafi við úrlausn um kröfur stefnanda stöðu vátryggingafélags. Vátryggingarsamningur hafi komist á með kjarasamningi

15. ágúst 1980 og verið endurnýjaður í óbreyttri mynd í hvert sinn, sem stefndi og Starfsmannafélag Akureyrarbæjar framlengdu gildi hans, og efni vátryggingarsamningsins hafi enn verið óbreytt, er stefnandi varð fyrir því slysi, sem olli örorku hans. Varðandi þessa málsástæðu fyrir utan að vísa til kjarasamningsins vísar stefnandi til meginreglu 3. mgr. 14. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 20/1954. Leggur stefnandi áherslu á, að við könnun á efni kjarasamnings verði að líta til þess, að samningurinn kveði á um, að eldri kjarasamningar aðila séu framlengdir með þeim breytingum, sem aðilar hafa orðið ásáttir um. Á dskj. nr. 8 hefur stefnandi lagt fram vátryggingarskilmála fyrir slysatryggingu launþega, sem hann telur hafa verið í gildi hjá Sambandi íslenskra tryggingafélaga árið 1980 og hafa að geyma þá skilmála, sem vísað sé til í kjarasamningi aðila frá 15. október 1980. Svo virðist sem stefndi hafi keypt slíka tryggingu, a. m. k. hafi hann verið með slíka tryggingu í gildi hjá Vátryggingafélagi Íslands hf., er tjónsatburðurinn varð. Vátryggingafélag Íslands hf. hafi hins vegar breytt skilmálum slíkra trygginga í verulegum atriðum 17. júlí 1989, áður en tjónsatburðurinn varð. Samkvæmt dskj. nr. 8 féll tjónsatvikið undir þá vátryggingarskilmála. Leggur stefnandi á það áherslu, að kaup stefnda á vátryggingu hafi með engu móti getað haft í för með sér réttindamissi fyrir þá, sem vátrygging samkvæmt kjarasamningnum átti að ná til. Stefndi hafi keypt vátryggingu án samráðs við Starfsmannafélag Akureyrarbæjar. Skilmálar vátryggingafélagsins gagnvart stefnda geti því ekki haft áhrif á innihald vátryggingar samkvæmt kjarasamningum, heldur getur slíkt aðeins skipt máli um uppgjör milli stefnda og vátryggingafélagsins. Þessu til stuðnings vekur stefnandi sérstaka athygli á bókun IV með kjarasamningi stefnda og Starfsmannafélags Akureyrarbæjar á dskj. nr. 3 bls. (sic), svohljóðandi: „Ef ákvæði í þessum samningi ganga skemur en sambærileg ákvæði síðustu aðal- og sérkjarasamninga að mati viðkomandi bæjarstarfsmannafélags, skal eldra ákvæði sett inn í þennan samning, en hið nýja fellt úr gildi. Sama gildi um sérákvæði úr síðustu samningum, sem ekki koma fram í samningi þessum."

Heldur stefnandi því fram, að Starfsmannafélag Akureyrarbæjar hafi ekki fengið neinar tilkynningar frá stefnda um breytingar á skilmálum vátryggingarinnar, og telur raunar ljóst, að stefndi gæti ekki breytt efni vátryggingarinnar né skilmálum nema í tengslum við gerð nýs kjarasamnings. Framangreind bókun sýni, svo að ekki verði um villst, að ekki stóð til að hrófla við efni vátryggingarkafla kjarasamnings, þegar hann var endurnýjaður árið 1990, að minnsta kosti ekki í þá átt að skerða réttindi starfsmanna.

Í annan stað reisir stefnandi kröfur sínar á því, að stefndi hafi með kjarasamningi við Starfsmannafélag Akureyrarbæjar allt frá 15. ágúst 1980 skuldbundið sig til að kaupa vátryggingu, sem bæta myndi örorku í tilviki eins og því, sem stefnandi varð fyrir. Stefnda hafi í þessu efni verið skylt að vátryggja starfsmenn sína með þeim hætti, sem skilmálar slysatryggingar launþega mæltu fyrir á þeim tíma, sem stefndi tók þessa skyldu á sig, og efnislega hafi sú skylda ekkert breyst síðan. Þessa skyldu hafi stefndi ekki efnt að fullu, og verði hann því að bæta stefnanda það tjón, sem stefnandi hefur hlotið vegna þessarar vanrækslu. Vekur stefnandi sérstaka athygli á því, að í vátryggingarskilmálum um slysatryggingar launþega hjá Vátryggingafélagi Íslands hf., eins og þeir eru eftir breytinguna 17. júlí 1989, sbr. dskj. nr. 9, sé í 5. tl. fjallað um ýmsar takmarkanir á greiðsluskyldu vátryggingafélagsins, en í d-lið þess ákvæðis sé opnuð leið til þess að kaupa vátryggingu fyrir þeim atvikum, sem vátryggingafélagið undanskilur sig ábyrgð á, þ. á m. bætur vegna slysa í einkaflugi. Þetta ákvæði í skilmálunum telur stefnandi sýna glögglega, að stefndi hefði með því að notfæra sér þá möguleika, sem vátryggingin bauð upp á, getað haldið vátryggingunni eðlilega við hjá félaginu og þannig tryggt stefnanda greiðslu samkvæmt henni. Þetta hafi stefnda borið skylda til að gera vegna ákvæðis kjarasamnings, en hann hafi látið það hjá líða og verði því að greiða stefnanda það tjón, sem af því hlaust.

Vaxtakröfu sína styður stefnandi með ákvæðum vaxtalaga, sem rakin hafa verið, og er stefndi hafi verið formlega krafinn um greiðslu bótanna 9. desember 1991, hafi honum verið gefinn eins mánaðar frestur til greiðslu og þess getið, að dráttarvaxta yrði krafist, bærist greiðsla ekki, og upphafstími vaxtakröfu við það miðaður.

Málsástæður og lagarök stefnda fyrir sýknukröfu sinni eru þau, að í fyrsta lagi er krafist sýknu á grundvelli ákvæða skilmála Sambands slysatryggjenda frá 1. janúar 1989, er gildi tóku 17. júlí 1989, sbr. dskj. nr. 9, 5. gr., þar sem tekið er fram, að vátryggingafélagið bæti ekki slys, sem verði í flugi, nema sá, sem tryggður sé, sé farþegi í áætlunar- eða leiguflugi á vegum aðila, sem hafi tilskilin leyfi hlutaðeigandi flugmálayfirvalda. Er stefnandi slasaðist, hafi verið í gildi á milli stefnda og Starfsmannafélags Akureyrarbæjar kjarasamningur, undirritaður gildandi frá 1. janúar 1990 til 31. ágúst 1991. Í þeirri grein kjarasamningsins, þ. e. a. s. 7.1.7., sem áður er rakin, beri að túlka samkvæmt almennum reglum um túlkun samninga og samkvæmt orðanna hljóðan, og hljóti því að vera átt við skilmála þá hjá Sambandi slysatryggjenda, sem í gildi voru 2. febrúar 1990, er samningurinn var undirritaður. Þeir skilmálar komi fram á dskj. nr. 9, en þar sé slysatilvik stefnanda undanþegið vátryggingu.

Hugleiðingar stefnanda um, að líta beri til kjarasamningsins frá 15. ágúst 1980, fái ekki staðist við nánari skoðun. Augljóst sé, að gerður hafi verið nýr kjarasamningur 2. febrúar 1990, og þegar eldri kjarasamningur rennur út, sé ávallt gerður nýr kjarasamningur, og er þeirri fullyrðingu og málsástæðu stefnanda mótmælt, að vátryggingarskilmálar fyrir slysatryggingu launþega hafi verið óbreyttir frá gerð kjarasamningsins 1980. Ekki orki það heldur tvímælis, að í gildi hafi verið nýir vátryggingarskilmálar vegna slysatryggingar launþega, er í þessu tilviki giltu frá 17. júlí 1989 og tóku til slysatilviks stefnanda, þar sem það var berlega undanþegið vátryggingu. Stefndi mótmælir því sérstaklega, að hann hafi stöðu vátryggingafélags gagnvart stefnanda og að efni slysavátryggingarinnar hafi verið óbreytt frá 1980. Kröfugerð stefnanda taki af öll tvímæli um, að staðhæfingar um, að samningurinn hafi verið óbreyttur, fái ekki staðist. Stefnandi vitni við útreikning kröfu sinnar til ákvæðis, er kom fyrst inn í kjarasamninga árið 1989, að því er varðar verðtryggingarákvæðið í grein 7.1.3. í kjarasamningnum frá 1990. Verði ekki fallist á það sjónarmið, að skilmálarnir frá 17. júlí 1989 hafi gilt á slysdegi, krefst stefndi sýknu á grundvelli eldri skilmála fyrir slysatryggingar launþega, sbr. dskj. nr. 8. Við skoðun á gildissviði eldri skilmála verði að líta til forsögu skilmálanna. Þegar sú skipan var upp tekin að slysatryggja launþega í starfi, hafi ekki verið gert ráð fyrir, að launþegar væru tryggðir í frítíma, og með hliðsjón af því hafi skilmálarnir verið samdir. Hafi því verið óþarfi að setja í skilmálana ýmsar undanþágur, sem voru í skilmálum fyrir almenna slysatryggingu, m. a. flugáhættu. Litið hafi verið svo á, að undanþágur almennra skilmála ættu einnig við. Í framkvæmd hafi enginn ágreiningur verið um það, að flugáhætta væri ekki innifalin í eldri skilmálum, og vísar stefndi í því sambandi til yfirlýsingar frá Sambandi slysatryggjenda, dags. 26. 8. 1992, á dskj. nr. 19, svohljóðandi:

„Að gefnu tilefni vill undirritaður lýsa yfir eftirfarandi:

Skilmálar fyrir atvinnuslysatryggingar voru upphaflega miðaðir eingöngu við áhættu vegna atvinnuslysa. Skilmálunum var ekki breytt, þegar farið var að innifela áhættu vegna annarra slysa í vátryggingunni. Það er ekki fyrr en 1. jan. 1989, að skilmálarnir taka mið af þessari staðreynd, en það var aldrei ætlunin, að tryggingin yrði víðtækari en almenn slysatrygging fyrir einstaklinga og innifæli t. d. áhættu vegna einkaflugs.

Mér er ekki kunnugt um, að vátryggingafélög hafi innifalið áhættu vegna einkaflugs í atvinnuslysatryggingu, eftir að hinir nýju skilmálar tóku gildi, en í nokkrum tilvikum hefur þessi áhætta verið innifalin í einstaklingstryggingum gegn sérstöku viðbótargjaldi.“

Stefnandi mótmælir dskj. nr. 19 sem óstaðfestu, vilhöllu og þýðingarlausu. Stefndi heldur því fram, að þegar frítímaáhættu hafi verið bætt við skilmálana, hafi eingöngu verið átt við venjulega áhættu í einkalífi. Engum komi t. d. í hug, að geimferðir hafi verið tryggðar skv. eldri skilmálum. Þessu sjónarmiði mótmælir stefnandi og bendir á, að einkaflug sé síður en svo nýtilkomin starfsemi. Stefndi heldur því fram, að atvinnurekendur hafi ekki átt kost á að kaupa atvinnuslysatryggingu með innifalinni áhættu vegna einkaflugs í frítíma. Engin dæmi séu um það, að atvinnurekendur hafi leitað eftir því, enda hefði það hleypt upp verðlagningu vátryggingarinnar. Hins vegar séu nokkur dæmi um, að félagsmenn starfsmannafélaga leiti eftir viðbótarvernd við atvinnuslysatryggingu og þá vegna einkaflugs. Sé áhætta þessi ávallt seld sér sem almenn slysatrygging gegn sérstöku iðgjaldi, sem viðkomandi starfsmaður greiði fyrir. Í þessu sambandi vísar stefndi á reglu nr. 31/1990 um skilmála slysatryggingar ríkisstarfsmanna skv. kjarasamningi vegna slysa, er starfsmenn verða fyrir utan starfs. Í 7. gr. þeirra reglna séu undanþegin bótaskyld slys í einkaflugi. Verði fallist á sjónarmið stefnanda, leiði það til ósanngjarnrar niðurstöðu, þar sem réttarstaða stefnanda yrði gerð miklu betri en annarra launþega. Í þessu sambandi vísar stefndi til 32. og 33. gr. laga nr. 7/1936. Einnig bendir stefndi á 121. gr. laga nr. 20/1924 sýknukröfu sinni til stuðnings, en í 5. gr. hinna eldri skilmála hafi verið ákvæði um áhættubreytingu, er sé í samræmi við það lagaákvæði, sem áskilji, að sérhverja áhættubreytingu beri að tilkynna. Hafi tilkynning um áhættubreytingu ekki verið send, beri vátryggingafélag enga ábyrgð, ef vátrygging hefði ekki verið veitt, ef vitað hefði verið um hina breyttu áhættu. Um slíkt hafi verið að ræða í tilviki stefnanda. Þá heldur stefndi því fram, að með vísan til 124. gr. laga nr. 20/1954 beri að sýkna stefnda á grundvelli c-liðar 8. gr. eldri skilmála um stórkostlegt gáleysi, sem eigi sér stoð í þessu lagaákvæði. Svo sem rakið sé í skýrslu Flugslysanefndar hafi verið um gróft brot á sjónflugsreglum að ræða, er flugvélinni var flogið inn í Ásbyrgi. Stefnanda, sem sé lærður flugmaður, hefði mátt vera ljóst, að brotið var gegn sjónflugsreglum, og honum í lófa lagið að gera athugasemdir og hugsanlega að grípa inn í stjórn flugvélarinnar. Bendir stefndi á, að stjórntæki flugvélarinnar hafi verið þannig, að stefnandi, sem sat við hlið flugmannsins, hefði getað stjórnað flugvélinni. Einnig bendir stefndi á það og leggur á það áherslu, að stefnandi sé einn til frásagnar um, að hann hafi ekki flogið flugvélinni. Háttsemi stefnanda í þessu sambandi verði að teljast stórkostlegt gáleysi.

Stefndi gerir ekki athugasemdir við tölulegar fjárhæðir, en mótmælir dráttarvaxtakröfu stefnanda og vísar í því sambandi til ákvæða kjarasamn-

ings, er gilti á slysadegi, gr. 7.1.3., þar sem segir, að greiða beri bætur sem næst verðlagi greiðslumánaðar. Hafi ákvæðið verið tekið upp til að tryggja, að verðgildi bótafjárhæðarinnar raskaðist ekki vegna dráttar á uppgjöri. Samkvæmt þessu eigi að reikna bæturnar frá vísitölu 30. júlí 1990 til dómsuppsögudags, og komi þá dráttarvextir frá dómsuppsögudegi.

Stefnandi heldur því fram, að vátryggingafélag geti ekki einhliða rofið réttarsamband stefnanda og stefnda, sem sé bundið í kjarasamningi, og enginn geti breytt því nema aðilar sjálfir með kjarasamningi, sbr. 12. gr. laga nr. 94/1986. Hvergi sé í kjarasamningnum skylda á sveitarfélögum að kaupa vátryggingu, heldur sé það á þeirra valdi að gera það, en þá þurfi sveitarfélög að kaupa vátryggingu vegna þeirra hagsmuna, sem þau hafi samið um að efna.

Um einhliða breytingu á vátryggingarskilmálum vísar stefnandi til Hrd. 1969, bls. 188, og 1981, bls. 345, máli sínu til stuðnings, þannig, að hinir upphaflegu skilmálar skv. dskj. nr. 8 hafi gilt á slysdegi, en ekki hinir nýju skilmálar skv. dskj. nr. 9. Sérstaklega mótmælir stefnandi þeirri málsástæðu og lagarökum stefnda, að hann hafi sýnt af sér gáleysi með því að grípa ekki inn í stjórn flugvélarinnar sem farþegi, og fráleitt, að hann hefði tekið við stjórn flugvélarinnar af flugmanninum, því að slíkt hefði verið stórkostlegt gáleysi af honum. Svo og hafi engin áhættubreyting orðið hjá stefnanda, enda þótt hann hafi verið farþegi í einkaflugvél, þar sem einkaflug sé ekki nýtilkomið fyrirbrigði og flug einkaflugvéla ekki undanskilið samkvæmt hinum eldri skilmálum. Undantekningin skv. hinum nýju skilmálum á dskj. nr. 9 sýni einmitt, fyrir hvaða tilvikum tryggt hafi verið skv. hinum eldri skilmálum. Hann bendir á Hrd. 1978, bls. 379, þeirri málsástæðu til stuðnings, að atvinnurekandi sé skyldur að kaupa umsamda vátryggingu, en vanræki hann það, komi upp sú réttarstaða, að hann sé bótaskyldur sem vátryggður væri.

Stefndi heldur því fram, að leitast hafi verið við, að almennir skilmálar tryggingafélaga giltu um starfsmenn stefnda á hverjum tíma, og um þróun vátryggingarskilmála vísar hann til dskj. nr. 19, svo sem áður greinir. Telur stefndi, að sér hafi ekki borið frekari skyldur en Starfsmannafélagi Akureyrarbæjar, stéttarfélagi stefnanda, að fylgjast með almennum breytingum á vátryggingarskilmálum. Aldrei hafi komið fram sérstakar óskir frá starfsmannafélaginu um að vátryggja fyrir sérstökum tilvikum eða undanþiggja sérstök atvik.

Stefnandi telur tilvitnanir stefnda í 32. og 33. gr. laga nr. 7/1936 fáránlegar og út í hött og segir ósannað, að skilmálarnir á dskj. nr. 9 hafi tekið gildi 1. janúar 1989.

Hér fyrir dómi bar stefnandi, að hann hefði haft einkaflugmannspróf, en prófið ekki í gildi og það útrunnið sennilega 2 árum áður en slysið varð. Hann sagði það reglu, að farþegi í flugvél gripi aldrei í stjórntæki vélarinnar og tæki stjórnina af flugmanninum. Hann hafi haft orð á því við flugmanninn, að hann væri farinn að fljúga helst til lágt, en hann hefði ekki getað á nokkurn hátt gripið inn í flug flugmannsins að öðru leyti. Eftir slysið hefði hann haft samband við Hrein Pálsson bæjarlögmann og hann talið, að stefnandi ætti rétt á bótum og ætti að snúa sér að VÍS, en VÍS hefði neitað bótum. Hefði þá Karl Jörundsson, starfsmannastjóri Akureyrarbæjar, sagt, að bærinn væri ábyrgur.

Fyrir dóminn kom sem vitni Karl Jörundsson, starfsmannastjóri Akureyrarbæjar. Hann upplýsti, að aldrei hefði verið rætt við Starfsmannafélag Akureyrarbæjar um útfærslu á slysatryggingu í kjarasamningi, heldur hefðu aðilar treyst á, að Akureyrarbær stæði við sitt. Eina vátryggingarmál, er komið hefði sérstaklega til umfjöllunar, hefði verið ósk tónlistarkennara um, að Akureyrarbær tryggði hljóðfæri þeirra sérstaklega, en því hefði verið hafnað. Vitnaskýrsla var tekin af Rannveigu Guðmundsdóttur, alþingismanni og fyrrverandi bæjarfulltrúa í Kópavogi. Vitnið upplýsti, að hún hefði fyrir hönd samningsaðila í svokölluðum samflotssamningum árið 1987 á vegum launanefndar sveitarfélaga og starfsmannafélaga sveitarfélaga, þá sem bæjarfulltrúi í Kópavogi, farið ofan í tryggingarákvæði þágildandi kjarasamninga. Hefði farið fram heildarsamræming á tryggingarákvæðum kjarasamninganna, þ. e. a. s. tölulega, og hefði komið í ljós, að á Akureyri voru langhæstu tölurnar, og í þeim samningum hefðu verið ákvæði, þar sem tekið var fram í einni grein, að ef hagstæðari tryggingarákvæði væru í viðkomandi kjarasamningum, skertust þau ákvæði ekki.

Álit dómsins.

Dómurinn getur ekki fallist á þá málsástæðu stefnanda, að með kjarasamningi Starfsmannafélags Akureyrarbæjar og stefnda 15. ágúst 1980, þar sem samið var um slysatryggingu starfsmanna og hann síðan framlengdur óbreyttur, hafi komist á vátryggingarsamningur með aðilum máls þessa. Svo sem rakið er í atvikalýsingu, segir í gr. 7.1.7. í kjarasamningi aðila, að um slysatryggingu starfsmanna skuli gilda almennir skilmálar, sem í gildi eru fyrir atvinnuslysatryggingar launþega hjá Sambandi íslenskra tryggingafélaga, þegar samkomulag þetta er gert, eftir því sem við á, með þeim frávikum, sem í samningi þessum greinir. Við skýringu á þessu ákvæði kjarasamningsins ber að líta til hinna almennu skilmála, er gilda hverju sinni. Er stefnandi varð fyrir slysi því, er mál þetta er rekið út af, voru í gildi skilmálar, er tóku gildi 17. júlí 1989, þar sem flug með einkaflugvélum var undan-

skilið tjónsbótum. Verður ekki á það fallist, að bótaskylda stefnda sé ríkari en hinir almennu skilmálar, sem í gildi voru fyrir atvinnuslysatryggingar launþega hjá Sambandi íslenskra tryggingafélaga á hverjum tíma. Má á þá málsástæðu stefnda fallast, að sú skylda hvíli ekki síður á Starfsmannafélagi Akureyrarbæjar en stefnda að fylgjast með því, hvaða almennir vátryggingarskilmálar gilda á hverjum tíma, og koma að athugasemdum og sjónarmiðum til breytinga, ef svo vill til. Ekki er heldur fallist á þá málsástæðu stefnanda, að stefndi hafi með kjarasamningi við Starfsmannafélag Akureyrarbæjar allt frá 15. ágúst 1980 skuldbundið sig til að kaupa vátryggingu, sem myndi bæta örorku í tjónstilviki, eins og stefnandi varð fyrir, og byggist sú niðurstaða dómsins á því, að vátryggingarskilmálarnir séu þeir almennu skilmálar, sem í gildi eru hverju sinni. Er kjarasamningurinn, sem gilti fyrir tímabilið 1. janúar 1990 til 31. ágúst 1991, telur dómurinn sannað (sic), að í gildi hafi verið þeir almennu vátryggingarskilmálar, er giltu hjá Vátryggingafélagi Íslands hf. og tóku gildi gagnvart aðilum 17. júlí 1989. Að þessu virtu ber að sýkna stefnda af kröfum stefnanda. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dóm þennan kvað upp Ásgeir Pétur Ásgeirsson héraðsdómari.

Dómsorð:

Stefndi, bæjarsjóður Akureyrar, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Steindórs V. Steindórssonar.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 9. mars 1995.

Nr. 270/1993. **Gígja Skúladóttir**
(Sigurmar K. Albertsson hrl.)
gegn
Jónasi Kristjánssyni og
Vátryggingafélaginu Skandia hf.
(Jóhannes Sigurðsson hrl.)

Skaðabætur. Bifreiðar. Umferðarlög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Gunnar M. Guðmundsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 24. júní 1993 og krefst þess, að stefndu verði dæmdir in solidum til að greiða sér 345.050 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 307.700 krónum frá 10. september 1992 til 26. janúar 1993, en af 345.050 krónum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefndu.

Stefndu krefjast aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti, en til vara, að kröfufjárhæð verði stórlega lækkuð.

Milli Suðurlandsbrautar og verslunar- og skrifstofuhúsa sunnan hennar liggja tvær akbrautir samsíða henni um svæðið milli Hallarmúla og Vegmúla. Einstefna er á syðri akbrautinni til austurs, en á hinni nyrðri til vesturs. Eru umferðarmerki uppi, sem gefa það til kynna. Bifreiðastæði skilja á milli þessara akbrauta og eru þannig skipulögð, að bifreiðum skal leggja á ská til suðvesturs sunnan megin við nyrðri akbrautina, en á ská til norðausturs norðan megin við hina syðri. Báðar eru akbrautirnar til almennrar umferðar, og bifreiðastæðin eru opin almenningi. Umferð um þær er mikil á verslunartíma og ekki einskorðuð við nýtingu bifreiðastæðanna. Verður að líta svo á, að þessar akbrautir séu hluti af gatnakerfi borgarinnar, þótt hin syðri sé á einkalóð, og vegir samkvæmt skilgreiningu á því orði í 2. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Á baklóðum húsa sunnan Suðurlandsbrautar á milli Hallarmúla

og Vegmúla eru bifreiðastæði, sem liggja að syðri akbrautinni um þrjú húsasund. Eru þau á milli húsa nr. 4 A og 6, 8 og 10 og 12 og 14. Aðeins verður ekið frá húsasundunum á milli húsa nr. 4 A og 6 og 12 og 14 yfir syðri akbrautina og inn á þá nyrðri. Bifreiðastæðið bak við hús nr. 6 er opið, en baklóð húss nr. 4 A er hægt að loka með rafknúnu hliði og takmarka þannig aðgang að henni.

Í 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 er svohljóðandi umferðarregla: „Nú ætlar ökumaður að aka út á veg af bifreiðastæði, lóð, landareign, bensínstöð eða svipuðu svæði eða af götuslóða, stíg, göngugötu, vistgötu, heimreið eða svipuðum vegi eða af gangstétt eða vegaröxl, og skal hann þá veita umferð í veg fyrir leið hans forgang."

Húsasundið, sem bifreið áfrýjanda var ekið eftir, er nauðsynleg tenging bifreiðastæðanna á baklóð húsanna nr. 4 A og 6 við áðurnefnda vegi samhliða Suðurlandsbraut og getur ekki talist vegur, er notaður sé til almennrar umferðar eins og þeir. Verður því að meta það svo, að bifreið áfrýjanda, E-793, sem kom um sundið frá baklóð hússins nr. 6, hafi umrætt sinn verið ekið af bifreiðastæði út á veg. Bar ökumanni hennar því samkvæmt téðri 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga að víkja fyrir bifreið stefnda Jónasar, R-29304, sem ekið var austur syðri akbrautina.

Með skírskotun til þessa ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Það athugast, að í dómsorði hins áfrýjaða dóms er tilgreint nafn fyrirsvarsmanns stefnanda, en ekki hennar sjálfrar.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 16. júní 1993.

Mál þetta, sem dómtekið var 28. maí sl., er höfðað með framlagningu skjala í dómi 26. janúar sl.

Stefnandi er Kristjana E. Guðbjartsdóttir, kt. 140559-3939, Rjúpufelli 35, Reykjavík, vegna ófjárráða dóttur sinnar, Gígju Skúladóttur, kt. 050384-2849, til heimilis á sama stað.

Stefndu eru Vátryggingafélagið Skandia hf., kt. 681272-0469, Sóleyjargötu 1, Reykjavík, og Jónas Kristjánsson, kt. 280921-3439, Freyjugötu 1, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði dæmdir in solidum til að greiða stefnanda 345.050 kr. með dráttarvöxtum af 307.700 kr. skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum frá 10. september 1992 til þingfestingardags 26. janúar 1993, en með dráttarvöxtum af 345.050 kr. skv. III. kafla vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags. Þess er krafist, að dráttarvexti skuli leggja við höfuðstól kröfunnar á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 26. janúar 1994, en síðan árlega þann mánaðardag. Að lokum er þess krafist, að stefndu verði dæmdir til að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu að mati réttarins.

Dómkröfur stefndu eru þær aðallega, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefndu málskostnað miðað við hagsmuni málsins, vinnu lögmanns og kostnað, allt að mati réttarins. Til vara krefjast stefndu þess, að dómkröfur verði stórlega lækkaðar og málskostnaður látinn niður falla.

I.

Miðvikudaginn 15. apríl 1992 kl. 13.53 var lögreglunni í Reykjavík tilkynnt um árekstur á húsagötu við Suðurlandsbraut 4–6. Hafði bifreiðinni R-29304 verið ekið austur húsagötu Suðurlandsbrautar, en bifreiðinni E-793 til norðurs götu frá bílastæðum við húsin nr. 4–6 við Suðurlandsbraut. Stefndi Jónas Kristjánsson ók bifreiðinni R-29304, sem tryggð er lögboðinni ábyrgðartryggingu hjá stefnda, Vátryggingafélaginu Skandia hf., en stefnandi bifreiðinni E-793. Skráður eigandi þeirrar bifreiðar er dóttir stefnanda, Gígja Skúladóttir. Ökumaður R-29304 kvaðst hafa ætlað að aka áfram austur húsagötuna. Hefði hann litið til hægri eftir umferð, en ekki séð til ferða bifreiðarinnar E-793 fyrr en rétt í þann mund, er árekstur varð. Ökumaður bifreiðarinnar E-793 kvaðst hafa ekið frá vinnustað sínum, sem er á bak við húsið nr. 6 við Suðurlandsbraut, og ætlað áfram norður að útkeyrslu við aðalgötu Suðurlandsbrautar. Hefði hann litið eftir umferð „austur húsagötuna“, eins og segir í lögregluskýrslu, en enga séð og ekki vitað, fyrr en árekstur varð með bifreiðunum.

Hinn 7. maí 1992 ritaði lögmaður stefnanda hinu stefnda vátryggingafélagi bréf og krafði félagið um skaðabætur fyrir bifreiðina E-793, sem reyndist ónýt eftir áreksturinn. Var því bréfi svarað formlega af hálfu félagsins með bréfi lögmanns þess 21. júlí 1992, og hafnaði það bótaskyldu sinni.

II.

Stefnandi reisir málsókn sína á þeim grundvelli, að bifreiðinni R-29304 hafi verið ekið á syðri akbraut á skipulögðu bifreiðastæðasvæði við einkalóð

fasteignanna nr. 4 A og 6 við Suðurlandsbraut hér í borg, en bifreið stefnanda í norðurátt á sama skipulagða bifreiðastæðasvæði á mótum einkalóða ofangreindra fasteigna. Hafi báðar bifreiðarnar verið á einkalóðum áðurgreindra fasteigna, þegar árekturinn varð. Hafi ökumaður bifreiðarinnar R-29304 átt að veita stefnanda forgang skv. 4. og 5. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og nema staðar við vegamótin, þar sem vegirnir skerast á nefndu bifreiðastæðasvæði. Þá liggi fyrir viðurkenning ökumanns bifreiðarinnar R-29304 um, að hann hafi ekki gætt nægilegrar varúðar, er hann ók meðfram fasteignunum nr. 4 A og 6 við Suðurlandsbraut. Einnig er haldið fram þeirri málsástæðu, að báðir ökumenn hafi ekið bifreiðum sínum á bifreiðastæðasvæði á einkalóðum áðurgreindra fasteigna í Reykjavík, og því eigi 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga ekki við í þessu tilviki. Telji stefnandi, að hin almenna regla, sem fram komi í 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga, eigi hér við. Það sé hin almenna regla, sem gildi í umferðinni skv. umferðarlögum, og með hliðsjón af almennum lögskýringarsjónarmiðum verði að telja, að skýra beri 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga þröngt. Þá verði að telja, að ekki verði til þess ætlast af ökumönnum, sem aka á opnum bifreiðastæðasvæðum eða á einkalóðum, að þeir þurfi að velkjast í vafa um það, hvernig umferðarrétti sé háttað. Fráleitt sé að halda því fram, að þeir verði að meta þetta á einu andartaki og að aðrar reglur eigi að gilda, þegar verið er að aka á sama bifreiðastæðasvæði, en þegar ekið er úti í umferðinni á eðlilegum akbrautum. Slíkt leiði aðeins til aukinnar hættu í umferðinni, en telja verði, að reglur umferðarlaga séu einmitt til þess fallnar að draga úr hættu í umferðinni. Það sé því skoðun stefnanda, að hinn almenni umferðarréttur, sem fram komi í 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga, eigi við í þessu tilviki, og því beri stefndu fébótaábyrgð á því tjóni, sem varð á bifreið stefnanda.

Um bótagrundvöll vísar stefnandi til 88. gr. og 90. gr. umferðarlaga og um málshöfðun gegn Vátryggingafélaginu Skandia til 1. mgr. 97. gr. sömu laga. Kröfu um dráttarvexti reisir stefnandi á 15. gr. laga nr. 24/1987, sbr. 10. gr. sömu laga, og er vísað til þess, að hinn 10. september 1992 hafi sannanlega verið liðinn mánuður, frá því að hið stefnda félag hafi fallist á fjárhæð tjóns stefnanda ásamt því að svara upplýsingum um bótaskyldu félagsins. Um höfuðstólsfærslu dráttarvaxta vísar stefnandi til 12. gr. vaxtalaga og um málskostnaðarkröfu til 130. gr. laga nr. 91/1991.

Stefnandi sundurliðar kröfu sína sem hér segir:		
Verðmæti bifr. E-793	kr.	80.000
Bætur fyrir afnotamissi í 90 daga × 2.530 á dag	–	227.700
Útlagður kostnaður	–	37.350
Samtals	kr.	345.050

Til rökstuðnings kröfunni um afnotamissi er vísað til þess, að skýr afstaða Vátryggingafélagsins Skandia hf. hafi ekki legið fyrir fyrr en rúmum þremur mánuðum eftir tjónið, og það hafi ekki verið fyrr en þá, sem stefnanda hafi verið ljóst, að hann fengi bifreiðina ekki bætta, og þurft að snúa sér að því að afla annarrar bifreiðar. Þá hafi stefnandi þurft að greiða 37.350 kr. í geymslukostnað og flutning á bifreiðinni E-793; sú greiðsla hafi verið innt af hendi í júní 1992, en reikningur gefinn út 7. desember 1992.

Af hálfu stefndu er því haldið fram, að 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga eigi við í tilvikum sem þeim, er hér um ræðir, og leiði skipulag umferðar um svonefndar húsagötur Suðurlandsbrautar ótvírætt til þeirrar niðurstöðu. Svæðið frá húsunum við Suðurlandsbraut og að aðalgötunni, Suðurlandsbraut sjálfri, hafi verið skipulagt þannig, að þar liggi tvær akreinar með einstefnu í hvora átt, austur og vestur, samsíða aðalgötunni. Milli þessara akreina séu bifreiðastæði. Bak við húsin við Suðurlandsbraut séu einnig bifreiðastæði, og frá þeim stæðum liggi leiðir að akreinum húsagötunnar við Suðurlandsbraut og þaðan leiðir að sjálfri Suðurlandsbraut. Fráleitt sé að líta svo á, að þær leiðir, sem liggi upp með húsunum, séu jafnréttháar og akreinar húsagötunnar. Þessar leiðir séu ekki annað en inn- og útakstursleiðir bifreiðastæða eða öldungis sambærilegir vegir. Telja stefndu fráleitt, að akstursleiðir þarna við húsin séu allar jafnréttháar eða að um opið svæði sé að ræða, og ekki ráði úrslitum, hvort hér sé um einkalóðir að ræða eða ekki. Benda verði t. d. sérstaklega á, að akstursleið E-793 skeri leið gangandi vegfarenda eftir gangstéttum, sem liggi meðfram húsunum við Suðurlandsbraut. Ef niðurstaða yrði sú, að stefnandi hefði verið í fullum rétti, sé heimilt að aka rakleitt milli húsanna og að aðalgötunni við Suðurlandsbraut án þess að gæta að umferð. Þetta sé mjög óeðlilegt og stórkostlega varhugavert miðað við aðstæður og myndi valda fleiri slysum en það kæmi í veg fyrir. Einnig verði að benda á, að ökumaður E-793 viðurkenni að hafa litið eftir umferð austur húsagötuna og þar með, að honum hafi verið skylt að gæta varúðar. Stefndu mótmæla því, að ökumaður R-29304 hafi ekki sýnt af sér nægilega varúð. Það sé skoðun stefndu, að alla sök verði að leggja á ökumann E-793, og því beri að sýkna stefndu.

Um varakröfu kveða stefndu aðila sammála um sannvirði bifreiðarinnar E-793, en stefndu telji kröfur fyrir afnotamissi allt of háar, og þá mótmæla stefndu kröfulið vegna útlagðs kostnaðar sem ósönnuðum. Krefji stefnandi um fjárhæð vegna ætlaðs afnotamissis, sem nemi allt að þreföldu sannvirði bifreiðarinnar. Stefndu bendi í fyrsta lagi á, að eigandi bifreiðarinnar hafi ekki leyfi til að aka bifreið og það liggi ekki fyrir, að eigandi bifreiðarinnar

hafi haft neinar tekjur af því einu að eiga bifreiðina. Stefnandi hafi því alls ekki orðið fyrir neinu fjárhagstjóni vegna afnotamissis. Ef talið verði, að stefnanda beri fjárhæð vegna þessa, verði að benda á, að stefnanda hafi verið ljós afstaða stefndu, stuttu eftir að slysið varð. Málið hafi ekki farið fyrir lögmannanefnd bifreiðatryggingafélaganna nema af því, að stefndu hafi hafnað bótaskyldu, og niðurstaða nefndarinnar legið fyrir 26. maí 1992. Stefnanda hafi verið fullkunnugt um þessa meðferð málsins. Auk þessa mótmæla stefndu þeirri fjárhæð, sem krafið er um í bætur fyrir hvern dag, sem allt of hárri.

Um lagarök vísa stefndu til meginreglna umferðarlaga nr. 50/1987, m. a. 4. gr. og 25. gr. þeirra laga. Um málskostnað vísa stefndu til 130. gr. laga nr. 91/1991.

III.

Við aðalmeðferð málsins fóru dómari og lögmenn aðila á vettvang og könnuðu aðstæður.

Á árekstrarstað háttar svo til, að meðfram Suðurlandsbraut og á milli hennar og atvinnuhúsnæðis sunnan þeirrar götu liggja tvær akbrautir. Á hinni syðri er einstefna í austur, en á hinni nyrðri til vesturs. Við báðar brautirnar eru afmörkuð bifreiðastæði. Umferðareyja er á milli akbrautanna, en skarð í hana gerir kleift að aka þvert yfir akbrautirnar við húsagötuna og út á Suðurlandsbraut. Svo sem hér að framan greinir, ók stefndi Jónas bifreið sinni, R-29304, austur syðri akbraut húsagötunnar. Bifreiðinni E-793 var ekið af bifreiðastæði við húsið nr. 6 við Suðurlandsbraut niður veg í húsasundi til norðurs áleiðis út á Suðurlandsbraut með aksturssteﬁnu þvert yfir fyrrnefndar akbrautir, sem liggja samsíða henni. Engar umferðarmerkingar eru á gatnamótum húsagötunnar og vegarins niður húsasundið. Í máli þessu reynir því á, hvort 3. eða 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 eigi við um umferðarrétt á gatnamótunum.

Það er álit dómsins, að eðli sínu samkvæmt megi líkja vegunum frá bifreiðastæðunum á bak við húsagötu þá, sem stefndi Jónas ók, við heimreiðir, sem liggi út á umferðargötu. Í því sambandi má sérstaklega benda á, að vegurinn sker gönguleið vegfarenda, sem sækja þjónustu í húsin meðfram húsagötunni. Þykir því hér í raun vera um að ræða inn- og útakstursleið til og frá bifreiðastæðunum á lóðunum bak við húsin, sem vita út að Suðurlandsbraut. Samkvæmt því verður að telja, að húsagatan sé rétthærri en vegur sá, er ökumaður bifreiðar stefnanda ók greint sinn. Bar ökumanni síðarnefndu bifreiðarinnar þar af leiðandi að víkja fyrir bifreið stefnda Jónasar, sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga. Það gerði hún ekki og ber því sök á árekstrinum, en af gögnum málsins verður eigi ráðið, að stefndi Jónas hafi

sýnt af sér óaðgæslu við aksturinn umrætt sinn. Með vísan til þessa ber að sýkna stefndu af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir atvikum er rétt, að hvor aðili beri sinn kostnað af rekstri málsins.

Dóminn kvað upp Helgi I. Jónsson héraðsdómari.

Dómsorð:

Stefndu, Vátryggingafélagið Skandia hf. og Jónas Kristjánsson, eiga að vera sýknir af kröfum stefnanda, Kristjönu E. Guðbjartsdóttur, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 9. mars 1995.

Nr. 281/1992. **Skarphéðinn Árnason**
(Gunnar Sæmundsson hrl.)
gegn
Vélorku hf.
(Jónatan Sveinsson hrl.)

Lausafjárkaup. Galli. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma Garðar Gíslason hæstaréttardómari, Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari, og Gunnar M. Guðmundsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. júní 1992. Hann krefst þess, að stefnda verði gert að greiða sér 500.022 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 10. og 12. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 26. maí 1991 til greiðsludags. Hann krefst og sýknu af kröfu stefnda í gagnsök í héraði. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda samkvæmt fram lögðum reikningi.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt. Vitnamál var og haldið í Héraðsdómi Reykjavíkur 22. september og 5. október 1993 að beiðni áfrýjanda.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti. Telst hann hæfilega metinn 150.000 krónur, og hefur þá verið tekið tillit til útlagðs kostnaðar stefnda vegna rannsóknar Iðntæknistofnunar.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Skarphéðinn Árnason, greiði stefnda, Vélorku hf., 150.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 10. apríl 1992.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 24. mars sl., er höfðað af Skarphéðni Árnasyni, kt. 310324-7799, Kirkjubraut 58, Akranesi, með stefnu, þingfestri 27. júní 1991, á hendur Vélorku hf., kt. 540684-0499, Grandagarði 3, Reykjavík.

Með stefnu, birtri 30. ágúst 1991, höfðaði aðalstefndi gagnsök á hendur aðalstefnanda í máli þessu.

Dómkröfur aðalstefnanda eru þær, að aðalstefndi verði dæmdur til að greiða 500.022 kr. ásamt dráttarvöxtum [...]. Þá krefst aðalstefnandi málskostnaðar [...].

Dómkröfur aðalstefnda eru þær aðallega, að hann verði sýknaður af öllum dómkröfum aðalstefnanda og að aðalstefnanda verði gert að greiða aðalstefnda hæfilegan málskostnað [...].

Til vara krefst aðalstefndi þess, að varakrafa í aðalsök og gagnkrafa í gagnsök verði sameinaðar og að stefnukröfur verði lækkaðar verulega og gagnkrafa aðalstefnda komi þá til skuldajafnaðar að því marki, sem þurfa þyki. Í þessu tilviki verði málskostnaður felldur niður. Þá komi gagnkrafa einnig til sjálfstæðs dóms að því marki, sem hún kemur ekki til skuldajafnaðar.

Dómkröfur gagnstefnanda eru þær, að gagnstefndi verði dæmdur til að greiða gagnstefnanda 145.996 kr. auk dráttarvaxta [...]. Þá krefst gagnstefnandi málskostnaðar [...].

Dómkröfur gagnstefnda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum gagnstefnanda. Þá krefst gagnstefndi málskostnaðar [...].

Sættir hafa verið reyndar árangurslaust í aðalsök og gagnsök.

II.

Aðalsök.

Málavaxtalýsing aðalstefnanda.

Aðalstefnandi kveður málavexti vera þá, að hann hafi árið 1987 látið Knörr á Akranesi smíða fyrir sig bát úr trefjaplasti, 10 brl. að stærð. Hafi báturinn hlotið nafnið Ásrún, AK-3, skipaskrárnúmer 1775. Aðalstefnandi hafi ásamt eiganda Síldarinnar, AK, snúið sér til aðalstefnda með það í huga að fá frá aðalstefnda vél ásamt nauðsynlegum búnaði í bátinn. Hafi aðalstefndi gert aðalstefnanda tilboð um Mermaid-vél, gerð Mariner, sem hafi verið 115 hö. við 2600 sn/mín., ásamt öllum búnaði, þ. m. t. rafkerfi, gír og skrúfubúnaði öllum. Hafi aðalstefnandi pantað þessa vél frá aðalstefnda ásamt nauðsynlegum búnaði frá sama framleiðanda. Hafi umsamið verð verið PDS 10.759,42, en við afhendingu hafi það hækkað í PDS 10.992,24, og hafi höfuðskýring þess verið sú, að aðalstefndi hafði fengið annan

skrúfubúnað en ráð hafði verið fyrir gert í tilboði aðalstefnda frá öðrum framleiðanda, Teignbridge Propellers Ltd. Um niðursetningu á vél og meðfylgjandi búnaði í bátinn hafi Knörr á Akranesi annast.

Strax við sjósetningu á Ásrúnu, AK-3, hafi komið í ljós, að óeðlilegur hávaði var frá bátnum, auk þess sem báturinn hafi titrað mjög mikið, er honum var siglt, og hafi titringurinn aukist eftir því, sem vél bátsins var keyrð hraðar. Þá hafi vél bátsins ekki náð fullum snúningshraða, svo sem gefið hafi verið upp. Hafi aðalstefnandi strax kvartað við aðalstefnda og stöðvað greiðslur til hans til að knýja á um úrbætur. Hinn 29. 12. 1987 hafi verið gert samkomulag milli aðalstefnanda og aðalstefnda, þar sem aðalstefndi skuldbatt sig til að bæta úr göllum á vél og skrúfubúnaði. Hafi komið fram í samkomulaginu, að ef hávaða eða titring væri að rekja til niðursetningar á vél, myndi aðalstefnandi endurgreiða aðalstefnda allan kostnað.

Aðalstefndi hafi haft nokkra tilburði til að reyna að standa við samkomulagið. Hafi verið komist fyrir hávaðann í bátnum, en ekki hafi aðalstefnda tekist að komast að orsökum fyrir titringnum, né heldur hafi hann skipt um skrúfu á bátnum. Með bréfi, dags. 13. janúar 1989, hafi aðalstefndi tilkynnt aðalstefnanda, að hann teldi sig vera búinn að gera allar þær athuganir, sem samkomulagið frá 29. desember 1987 kvæði á um, og að ekki yrði um frekari aðgerðir að ræða af hálfu aðalstefnda.

Í desember 1989 hafi verið framkvæmd af hálfu tæknideildar Fiskifélags Íslands mæling á Ásrúnu, AK-3, og hafi þar verið staðfest, að skrúfa bátsins væri of þung.

Í matsgerð dómkvaddra matsmanna, dags. 3. ágúst 1990, hafi verið staðfest, að titringur í bátnum við snúningshraða aðalvélar yfir 1800 sn/m væri óeðlilegur. Hins vegar hafi matsmenn ekki treyst sér til að meta orsakir titringsins. Hafi þeir ráðlagt tilteknar úrbætur, áður en ráðist yrði í titringsmælingar, sem væru mjög kostnaðarsamar. Aðalstefnandi hafi leitað til tæknideildar Fiskifélags Íslands, sem hafi annast titringsmælingar á bátnum. Hafi fyrri mæling farið fram 6. 11. 1990, en hin síðari 11. 1. 1991. Á meðan hafi aðalstefnandi unnið að því að komast fyrir titringinn. Hafi komið í ljós, að stýring á gírtengi passaði ekki við stýringu á flansi. Hafi stýring á flansi við gír verið rennd of víð. Er úr því hafði verið bætt, hafi titringurinn lagast. Í niðurstöðu tæknideildar fiskifélagsins segi, að hægt væri að einangra titringinn við öxulbúnaðinn.

Kröfur sínar sundurliðar aðalstefnandi þannig:

1. 125.000 kr. vegna skrúfuskipta skv. niðurstöðu matsmanna.
2. 375.022 kr. vegna útlagðs kostnaðar aðalstefnanda við efniskaup og aðkeypta vinnu við að komast fyrir titringinn skv. reikningum.

Málsástæður aðalstefnanda.

Aðalstefnandi kveðst reisa málsókn sína á því, að aðalstefndi hafi selt sér vél og meðfylgjandi búnað, sem hafi verið gallaður við söluna. Þá hafi aðalstefndi skuldbundið sig til að bæta úr göllunum samkvæmt samkomulagi aðalstefnanda og aðalstefnda. Hafi aðalstefndi í fyrsta lagi skuldbundið sig til að setja skrúfu við hæfi í bátinn og í öðru lagi að komast fyrir titringinn, ef hann væri að rekja til vélbúnaðar þess, sem hann hafði selt aðalstefnanda. Hafi aðalstefndi vanefnt þetta samkomulag. Aðalstefndi hafi ekki sett rétta skrúfu í bátinn, og hann hafi ekki komist fyrir titringinn, sem rekja hafi mátt til búnaðar þess, sem aðalstefndi hafði selt aðalstefnanda. Hafi aðalstefnandi því sjálfur orðið að kosta þær viðgerðir, sem nauðsynlegar voru til að bæta úr titringnum. Niðurstöður mælinga Fiskifélags Íslands svo og viðgerð aðalstefnanda hafi staðfest, að titringinn í bátnum mætti rekja til öxul- og skrúfubúnaðar þess, sem aðalstefndi hafði selt aðalstefnanda, en ekki til niðursetningar búnaðarins í bátinn. Aðalstefndi sé því skaðabótaskyldur fyrir því tjóni, sem aðalstefnandi hafi orðið fyrir.

Lagarök aðalstefnanda.

Aðalstefnandi reisir kröfu sína um skaðabætur á 42. gr. l. nr. 39/1922 og að aðalstefnandi hafi í tíma kvartað við aðalstefnda, sbr. 54. gr. s. l. Þá vísar aðalstefnandi til almennra reglna samningaréttar, enda hafi aðalstefndi með samkomulagi skuldbundið sig til að bæta úr göllunum.

Krafan um dráttarvexti styðst við 10. og 12. gr. l. nr. 25/1987.

Krafan um málskostnað og vexti af málskostnaði er reist á 177. gr., 184. gr. og 2. mgr. 175. gr. l. nr. 85/1936 með síðari breytingum.

Krafan um virðisaukaskatt af málskostnaði byggist á lögum nr. 50/1988, en aðalstefndi sé ekki virðisaukaskattsskyldur.

Málavaxtalýsing aðalstefnda.

Aðalstefndi kveður málsatvikum í meginatriðum rétt lýst í stefnu og greinargerð aðalstefnanda á dskj. nr. 2, en þó fari aðalstefnandi rangt með nokkur meginatriði málavaxta eða geti þeirra ekki.

Fullyrðing aðalstefnanda í greinargerð á 2. bls., að verkið hafi verið tekið út af aðalstefnda og niðursetning Knarrar á vélinni ásamt meðfylgjandi búnaði samþykkt, sé röng. Hljóti hér að vera átt við úttekt starfsmanna Siglingamálastofnunar ríkisins á því verki eins og öðrum verkum í smíði skipsins, svo sem lög og reglugerðir bjóði, einkum V. kafli l. nr. 51/1987 um eftirlit með skipum, sbr. dskj. nr. 47. Hið rétta í þessum efnum sé, að aðalstefndi hafi hvergi komið nærri niðursetningu vélbúnaðarins og ekki tekið það verk sérstaklega út, enda slík verk ekki í verkahring starfsmanna aðalstefnda, heldur starfsmanna Siglingamálastofnunar. Eins og venja sé til,

hafi starfsmaður aðalstefnda verið viðstaddur reynslusiglingu bátsins og annast gangsetningu vélar og gengið úr skugga um, að allt væri með felldu í þeim efnum.

Aðalstefndi hafi þegar í upphafi tekið þá afstöðu, að hann telji, að öll kvörtunarefni aðalstefnanda um vélbúnaðinn, sem felist framar öðru í óeðlilegum titringi á bát og búnaði, þegar vél sé verulega beitt, eigi rót sína að rekja til undirbyggingar og niðursetningar vélarinnar, gerð afturstefnis bátsins og í þeim samböndum fyrirkomu skrúfunnar, sem hafi fyrir bragðið haft of litla rýmd til að vinna í. Þar hafi aðalstefndi hvergi komið nærri og beri þegar af þeim ástæðum enga ábyrgð á því, hvernig þau verk hafi til tekist.

Í greinargerð aðalstefnanda sé því enn fremur ranglega haldið fram, að aðalstefndi hafi afgreitt til aðalstefnanda aðra skrúfu með vélbúnaðinum en upphaflega hafi verið ákveðið og látið að því liggja, að sú skrúfa, sem afgreidd var, hafi verið öðruvísi en sú skrúfa, sem til stóð að afgreiða, og að rekja megi vandræði aðalstefnanda til þess.

Skrúfubúnaðurinn (ekki einvörðungu skrúfan) hafi verið afgreiddur frá sama framleiðanda og upphaflega hafi verið áformað. Sú breyting hafi ein orðið á þessari afgreiðslu, að skrúfubúnaðurinn hafi komið beint frá framleiðandanum, en ekki með meðalgöngu vélaframleiðandans, eins og upphaflega hafi verið áformað. Skrúfubúnaðurinn hafi þó verið afgreiddur í fullu samráði við vélaframleiðandann.

Í tilboði aðalstefnda til aðalstefnanda hafi verið boðinn „standard" skrúfubúnaður með 27″ skrúfu, sbr. dskj. nr. 3 og 4. Þegar aðalstefnandi staðfesti pöntun sína, hafi mál á skrúfubúnaði verið óþekkt, en þau hafi átt að koma síðar frá skipasmiðnum. Þetta mál á skrúfu hafi komið síðar, þ. e. 29″ samkvæmt málgjöf frá skipasmiðnum, og hafi þeim málum verið komið áleiðis til skrúfuframleiðandans. Það hafi því verið aðalstefnandi með meðalgöngu skipasmíðastöðvarinnar, sem ákvað endanlega þvermál skrúfunnar. Þessi stækkun á skrúfunni hafi leitt til þess, að skrúfan varð dýrari en upphaflega var gert ráð fyrir. Þetta ásamt fleira hafi leitt til ágreinings við aðalstefnanda, sbr. dskj. nr. 9, er lyktaði með því, að aðalstefndi sat uppi með þennan aukakostnað af skrúfunni.

Ekki sé vitað til þess, að aðalstefnandi hafi látið kunnáttumenn reikna út stærð og gerð skrúfu, svo sem algengt sé við slíkar aðstæður, a. m. k. þegar um stærri skip sé að ræða. Af þessum ástæðum sé rétt að leggja á það áherslu, að ákvörðun um stærð skrúfunnar hafi verið tekin í öllum meginatriðum á grundvelli upplýsinga frá skipasmíðastöðinni, eins og áður greini. Hafi sú skrúfa, sem valin var, átt að skila góðri nýtingu fyrir það vélarafl,

sem fyrir var í bátnum, ef annað hefði ekki komið til, sem seinna verði vikið að, þegar fjallað verði sérstaklega um ætlaða galla á vélbúnaðinum, sem komi fram í hávaða frá vélbúnaði og titringi, og vélin hafi ekki náð upp fullum snúningi.

Það sé rétt hjá aðalstefnanda, að þegar við sjósetningu bátsins hafi komið í ljós mikill hávaði og titringur á bátnum, sem aukist hafi við aukinn snúningshraða. Enn fremur hafi vélin ekki náð fullum snúningshraða. Starfsmenn aðalstefnda hafi lagt í það mikla vinnu að kanna, hvort rekja mætti þennan hávaða og titring til sjálfs vélbúnaðarins eða skrúfubúnaðarins. Þessi athugun þeirra hafi sannfært þá um það, að ekkert væri að sjálfum vél- eða skrúfubúnaðinum. Eigi að síður hafi aðalstefndi fallist á að gera samkomulag það við aðalstefnanda, sem greini á dskj. nr. 9. Þar hafi einkum ráðið vilji hans til þess að reyna að stuðla að lausn þessa vandamáls aðalstefnanda, eins og kappkostað hafi verið gagnvart öllum viðskiptamönnum aðalstefnda.

Aðdragandi að samkomulaginu á dskj. nr. 9 hafi verið sá, að aðalstefnandi hafi ekki staðið við loforð um að ganga frá greiðslum, svo sem upphaflega hafi verið samið um, m. a. hafi hann ekki undirritað lánsskjöl, þrátt fyrir það að hann hafði fengið allan vélbúnaðinn í hendur og sá búnaður hafi verið kominn niður í bátinn. Aðalstefnandi hafi nú gert kröfu um verðlækkun vegna skrúfunnar, og hafi hann krafist þess, að aðalstefndi leysti titringsmálin, ella yrði ekki gengið frá lánsskjölum. Undir þessum óbilgjörnu kröfum aðalstefnanda hafi samkomulagið verið gert, og setji sú staðreynd óhjákvæmilega nokkurt mark á efni þess.

Það sé rangt af hálfu aðalstefnanda að halda því fram, að samkomulagið feli í sér viðurkenningu af hálfu aðalstefnda á því, að þessa annmarka mætti rekja til sjálfs vélbúnaðarins. Starfsmenn aðalstefnda hafi, svo sem 5. tl. samkomulagsins beri með sér, frá upphafi hallast að því, að ástæðna til hávaða og titrings í bátnum væri miklu fremur að leita til mistaka eða annmarka í undirbyggingu og niðursetningu vélbúnaðar en til vélbúnaðarins sjálfs, enda reynsla þeirra góð af þessum vélbúnaði. Aftur á móti hafi verið talið líklegra, að ástæður þess, að vélin náði ekki upp snúningshraða, mætti frekar rekja til sjálfrar skrúfunnar, en þó hafi ýmsar aðrar ástæður getað komið þar til álita, svo sem afstaða skrúfu til nærliggjandi hluta skipsins, þess rýmis, sem skrúfan vann í, og svo þess, sem reyndar hafi síðar komið í ljós, að skrúfan hafi legið allt of nærri sjálfu skipinu, m. a. afturstefni skipsins, sem auk þess hafi reynst vera mjög þvert fyrir og þykkt.

Málsástæður aðalstefnda.

Aðalstefnandi reisi kröfur sínar á tveimur málsástæðum: Hin fyrri sé, að skrúfubúnaður sá, sem aðalstefndi seldi honum, hafi verið gallaður, en hin síðari, að aðalstefndi hafi vanefnt samkomulag aðila frá 29. desember 1987.

Því er harðlega mótmælt, að aðalstefndi hafi afgreitt til aðalstefnanda of þunga skrúfu á bátinn. Aðalstefndi hafi afgreitt þá skrúfu, sem endanlega var pöntuð af aðalstefnanda fyrir milligöngu skipasmíðastöðvarinnar. Sú skrúfa sé í fullkomnu lagi sem slík og sé enn undir bátnum. Skrúfunni hafi verið komið rangt fyrir í upphafi, þ. e. of nærri afturstefni skipsins, sem að auki hafi verið of þykkt og þvert fyrir. Eftir að þetta hafi verið lagfært, skili hún viðunandi árangri, sbr. dskj. nr. 44. Benda megi á, að reyndir skipstjórnarmenn kjósi að jafnaði að ná fullu afli út úr aðalvél, áður en náð sé fullum snúningshraða á vél.

Þá skírskotar aðalstefndi til þess, að aðalstefnandi hafi ekki skilgreint neina hönnunar- eða byggingargalla á sjálfum skrúfubúnaðinum, en reyni í stað þess að yfirfæra gallahugtakið á það, að skrúfan vinni ekki eins og til sé ætlast. Aðalstefndi reisi sýknukröfu sína á því, að búnaðurinn sé ógallaður, en vandkvæðin megi rekja til fyrirkomu hans á skipinu. Á því beri aðalstefndi ekki ábyrgð.

Í þessum samböndum bendir aðalstefndi á, að nákvæmlega sömu vandkvæðin hafi komið upp í systurskipi Ásrúnar, AK-3, þ. e. Síldinni, AK-88, sem sé sams konar skip, smíðað á sama stað og búið sama vélbúnaði, þ. m. t. skrúfubúnaði. Bendir aðalstefndi á ljósmyndir af skrúfubúnaði Síldarinnar á dskj. nr. 49, eins og honum var komið fyrir í upphafi. Með vísan til dskj. nr. 50 megi öllum kunnáttumönnum vera ljóst, að skrúfan geti ekki skilað viðunandi árangri við þessar aðstæður. Við úrbætur á því skipi hafi í öllu verið farið að ráðum starfsmanna aðalstefnda. Eftirfarandi aðgerðir hafi verið framkvæmdar með þeim árangri, að titringur og hávaði hurfu með öllu, báturinn jók hámarkshraða um hálfa sjómílu og snúningshraði aðalvélar jókst um 100 snúninga:

1. Nýir og heldur stífari púðar voru settir undir vélina og þeim fjölgað úr fjórum í sex.
2. Skutpípa var gerð sveigjanleg að innanverðu með DEEPSEAL-þéttingu.
3. Afgreiddur var lengri háls á ytri flans á skutpípu til að geta komið fyrir lengri skrúfuás.
4. Lengri skrúfuás var afgreiddur til að geta fært skrúfuna aftar. Með því fékkst betra aðstreymi frá hinu breiða afturstefni og meira rými frá skrúfu upp í byrðing bátsins, allt í samræmi við fyrirmæli í fræðibókum í þeim efnum, sbr. dskj. nr. 50.

5. Sama skrúfa var notuð áfram.

Útgerðarmaður Síldarinnar hafi greitt alla þá vinnu, sem aðalstefndi lét í té við þessar lagfæringar, og allan efniskostnað. Af þessu megi sjá, að allt tal aðalstefnanda um galla á vélbúnaði eigi ekki við rök að styðjast.

Að því er hina málsástæðuna varði, þ. e. vanefnd á samkomulagi aðila, er henni mótmælt sem rangri. Aðalstefndi telji sig hafa efnt skyldur sínar samkvæmt samkomulaginu í öllum efnum, en það hafi aðalstefnandi hins vegar ekki gert.

Samkomulagið hafi verið í fimm liðum, m. a. um lækkun á verði skrúfubúnaðar og vexti vegna skrúfubúnaðar og sérstakan afslátt vegna Jabscodælu. Aðalstefnandi viðurkenni í málatilbúnaði sínum, að aðalstefndi hafi í öllu staðið við fjóra fyrstu liði samkomulagsins, en hann hafi hins vegar vanefnt fimmta lið þess. Í þessum fimmta lið séu þrjú meginatriði:

1. Að Vélorka hf. muni skipta um skrúfu á bát aðalstefnanda, þ. e. setja þriggja blaða skrúfu í stað þeirrar fjögurra blaða skrúfu, sem afgreidd var með bátnum.
2. Aðalstefndi hafi skuldbundið sig til þess að setja . . . „skrúfuás í bekk vegna könnunar á, hvort skekkja geti verið í ás eða tengjum".
3. Aðalstefndi hafi skuldbundið sig til þess . . . „að finna, hvað veldur hávaða í fremri legu í skutpípu".

Þá sé vakin athygli á niðurlagssetningu 5. liðar samkomulagsins, þar sem segi: „Ef í ljós kemur, að orsök titrings og hávaða sé að finna í niðursetningu í vél, mun Skarphéðinn endurgreiða allan útlagðan kostnað Vélorku hf. Vélorka hf. skuldbindur sig til þess að hafa gert ofangreindar breytingar fyrir 1. 9. 1988. Skarphéðinn mun aðstoða menn frá Vélorku hf. við framkvæmd lagfæringa."

Aðalstefndi telji sig hafa staðið við öll atriði þessa samkomulags. Vísar aðalstefndi í því sambandi til bréfs aðalstefnanda, dags. 17. ágúst 1990, sbr. dskj. nr. 22. Í bréfi þessu komi fram um fyrsta atriðið, að aðalstefnanda hafi verið send þriggja blaða skrúfa, mun léttari en sú skrúfa, sem afgreidd var með vélbúnaðinum. Samkvæmt útreikningum hafi skrúfa þessi átt að auka snúningshraða vélarinnar um 200 snúninga undir álagi. Fram komi, að skrúfan hafi verið prófuð, en aðalstefnandi kosið að endursenda hana vegna þess, að titringur í bátnum minnkaði ekki. Með öðrum orðum sé ástæðan fyrir því, að aðalstefnandi tók ekki við þessari skrúfu, sú, að hún upphóf ekki þann titring, sem ávallt gætti við mikinn snúningshraða. Ekki sé annað vitað en vélin hafi náð upp fullum snúningshraða með þessari skrúfu, og sé fullyrt af hálfu aðalstefnda, að svo hafi verið. Þessi þriggja

blaða skrúfa hafi verið 30″ × 19″ (þvermál × stigning), sem samsvari fjögurra blaða skrúfu 28,2″ × 18,6″, eða svipuð skrúfa og tæknideild fiskifélagsins mælti með, sbr. dskj. nr. 18 og 44.

Samkvæmt öðrum atriðum samkomulagsins hafi aðalstefndi skuldbundið sig til að setja skrúfuás í rennibekk til könnunar á því, hvort skekkja gæti verið á ás eða tengjum. Þetta hafi allt verið gert, m. a. hafi skrúfuás verið endurbættur, heill ás verið settur í stað samsetts áss og allar umræddar mælingar framkvæmdar, og hafi niðurstaða þeirra mælinga verið sú, að um enga slíka skekkju væri að ræða.

Aðalstefndi hafi skuldbundið sig til að komast að því, hvað ylli hávaða í fremri legu á skutpípu. Þessa skyldu hafi aðalstefnandi ávallt túlkað á þann veg, að aðalstefndi hafi skuldbundið sig til þess að komast fyrir titring í bátnum frá vélbúnaði. Þessum skilningi á samkomulaginu hafi þrásinnis verið mótmælt af hálfu aðalstefnda. Vísar aðalstefndi m. a. til bréfs aðalstefnda á dskj. nr. 22, þar sem hann reki, hvað gert hafi verið í þessum efnum. Komi þar fram, að ástæður hávaðans hafi fundist og úr því verið bætt af hálfu aðalstefnda. Rétt sé að vekja athygli á því, að starfsmenn aðalstefnda hafi mælt með sérstakri lausn á þessu vandamáli, þ. e. að setja skutpípu í bátinn, sem væri sveigjanleg að innanverðu. Aðalstefnandi hafi ekki fallist á þessa ráðleggingu aðalstefnda til betri lausnar, og verði aðalstefndi ekki sóttur til ábyrgðar fyrir þá ákvörðun aðalstefnanda.

Aðalstefnandi hafi látið dómkveðja matsmenn til að segja til um ástæður hávaða og titrings í bátnum, og enn fremur hafi þess verið óskað, að matsmenn létu í ljós viðhorf sitt til þess, hvort skrúfa bátsins væri hæfileg miðað við vélarstærð og aðstæður. Samkvæmt matsgerð á dskj. nr. 20 sé það niðurstaða hinna dómkvöddu matsmanna, að þeir hafi ekki treyst sér til við þær aðstæður, sem þarna voru, að segja til um ástæður titringsins, sem frá upphafi hafi virst vera meginástæða þess, að aðalstefnandi fór af stað með mál þetta. Hins vegar hafi matsmenn komist að þeirri niðurstöðu, að skrúfa bátsins væri of þung og það væri ástæða þess, að vélin næði ekki fullum snúningi.

Tæknideild Fiskifélags Íslands hafi tvívegis framkvæmt skoðun á vélbúnaði bátsins. Túlki aðalstefnandi niðurstöður þeirra mælinga á þann veg, að upphaflegur skrúfubúnaður hafi verið gallaður með þeim hætti, að aðalstefndi beri þar fébótaábyrgð gagnvart aðalstefnanda. Aðalstefndi telji þennan skilning á niðurstöðu skýrslunnar rangan og óskiljanlegan. Aðalstefndi haldi því fram, að þessar mælingar tæknideildarinnar staðfesti einmitt það, sem hann hafi allt frá upphafi haldið fram, að annmarkar á vélbúnaðinum verði ekki raktir til neinna galla á sjálfum vélbúnaðinum eða

skrúfunni sjálfri, heldur sé hér einkum um að ræða annmarka á niðursetningu vélarinnar og vélbúnaðarins. Aðalstefndi telji, að skýrslurnar leiði ótvírætt í ljós, að ábendingar sínar um lagfæringu hafi átt við rök að styðjast.

Undirrót vandræða aðalstefnanda sé sú, að aðalstefnandi eða trúnaðarmenn hans við hönnun skipsins hafi ekki farið svo að við undirbúning smíðinnar á sjálfu skipinu og þar með ákvörðun um vélbúnað þess á þann veg, sem venja sé og reglur um nýsmíði mæli fyrir um. Ekki verði séð, að neinar teikningar hafi verið gerðar fyrir undirstöðu vélarinnar sjálfrar og skrúfubúnaðarins. Engar slíkar teikningar hafi verið lagðar fyrir starfsmenn aðalstefnda til að auðvelda þeim ráðgjöf um stærð og gerð skrúfubúnaðarins. Af þessari vanrækslu eða tómlæti verði aðalstefnandi að bera hallann.

Af framangreindu leiði, að sýkna beri aðalstefnda af öllum kröfum aðalstefnanda í máli þessu.

Varakröfuna kveður aðalstefndi gerða ex tuto.

Verði talið, að aðalstefndi beri fébótaábyrgð gagnvart aðalstefnanda á einhverjum þætti þessara annmarka, hljóti það einvörðungu að beinast að sjálfri skrúfunni, en allir þeir annmarkar, sem tengist titringi og hávaða frá vél, verði ekki taldir á ábyrgð aðalstefnda samkvæmt framansögðu. Verði aðalstefndi talinn bera ábyrgð á þeim kostnaði, sem beinlínis sé tengdur skrúfuskiptum eða prófunum á skrúfum, verði lagður til grundvallar einvörðungu hluti þess kostnaðar, sem aðalstefndi sé hér krafinn um. Ljóst sé, að meginhluti þessa kostnaðar sé tengdur því að reyna að grafast fyrir um titring frá vélbúnaði og upphaf hávaða frá skrúfubúnaði. Í ljós sé leitt, að bæði titringinn og hávaðann sé að rekja til mistaka og/eða hönnunargalla á undirstöðum vélar og vinnu við sjálfa niðursetninguna og síðast, en ekki síst, fyrirkomu skutpípu og tengsla skrúfubúnaðar við aðalvél.

III.

Gagnsök.

Málsástæður gagnstefnanda.

Gagnstefnandi reisir kröfur sínar í gagnsök á því, að í ljós hafi verið leitt, að umdeildur titringur í bát gagnstefnda verði ekki rakinn til ástæðna, sem gagnstefnandi beri ábyrgð á sem seljandi vélbúnaðarins. Því standi upp á gagnstefnda að greiða gagnstefnanda útlagðan kostnað við tilraunir hans til að ráða bót á þessum annmarka, sbr. samkomulag þar um á dskj. nr. 9. Skorað hafi verið á gagnstefnda að greiða þessa skuld, en án árangurs.

Dómkrafan er reist á reikningi gagnstefnanda á hendur gagnstefnda, nr. 11132, dagsettum 16. júní 1989, en fjárhæð reikningsins sé ekki umdeild. Dráttarvaxta er krafist frá dagsetningu reikningsins til greiðsludags.

Lagarök.

Gagnstefnandi vísar til meginreglna samninga- og kröfuréttar um skuldbindingargildi loforða, vanefndir og vanefndaúrræði, sbr. lög um lausafjárkaup nr. 22/1939 og lög um samningsgerð o. fl. nr. 7/1936. Um dráttarvaxtakröfur vísar gagnstefnandi til laga nr. 25/1987, sbr. l. nr. 67/1989 um breytingar á þeim lögum. Um dráttarvexti af málskostnaði er vísað til 2. mgr. 175. gr. l. nr. 85/1936, sbr. l. nr. 54/1988.

Málsástæður gagnstefnda.

Gagnstefndi telur sannað og sannanlegt, að orsök gallanna sé ekki að rekja til niðursetningar á vél, heldur til þess búnaðar, sem gagnstefnandi seldi honum. Beri því að sýkna gagnstefnda af kröfum gagnstefnanda í gagnsök.

Lagarök.

Um lagarök vísar gagnstefndi til greinargerðar í aðalsök á dskj. nr. 2.

IV.

Niðurstaða.

Fyrir dóminn komu til skýrslugjafar aðalstefnandi, Skarphéðinn Árnason, framkvæmdastjóri aðalstefnda, og stjórnarmaður, Úlfar Ármannsson, Stefán Kárason, tæknifræðingur hjá Fiskifélagi Íslands, Jón Sigurðsson vélstjóri, tæknideild Fiskifélags Íslands, Emil Ragnarsson skipaverkfræðingur, tæknideild Fiskifélags Íslands, Claus Ballzar vélfræðingur, Kristján Hermannsson, þjónustustjóri hjá aðalstefnda, og Pétur Svavarsson, sölumaður hjá aðalstefnda.

Aðalstefnandi reisir kröfur sínar í aðalsök á því, að aðalstefndi hafi selt sér gallaða vél og búnað og að hann hafi skuldbundið sig til þess að bæta úr göllunum samkvæmt sérstöku skriflegu samkomulagi, sem liggur fyrir á dskj. nr. 9. Er ágreiningslaust, að aðalstefndi hefur staðið við samkomulagið, að því er varðar töluliði 1–4, en því er haldið fram af hálfu aðalstefnanda, að aðalstefndi hafi ekki staðið við það að setja nýja skrúfu í bátinn skv. 5. tölulið samkomulagsins, auk þess sem hann hafi skuldbundið sig til að komast fyrir titring, ef hann væri að rekja til vélbúnaðar þess, sem hann hafði selt aðalstefnanda.

Fram hefur komið, að í tilboði því, sem aðalstefndi gerði aðalstefnanda um vélbúnað, var miðað við ákveðna skrúfustærð, 27″×19″. Er óumdeilt, að stærð skrúfunnar, sem aðalstefnandi þurfti í bát sinn, lá ekki fyrir, þegar pöntunin var gerð, og átti skipasmiðurinn, sem smíðaði bátinn, að gefa aðalstefnda upp málin, þegar ljóst væri, hver þau yrðu. Eftir að upplýsingar höfðu borist frá skipasmiðnum um skrúfustærð, var síðan pöntuð 29″×19″

skrúfa. Ekki er upplýst, hvort skipasmiðurinn gaf upp skrúfustærðina 29″×19″ eða hvort hann gaf upp mál, sem skrúfustærð var síðan reiknuð út frá. Aðspurður kvaðst aðalstefnandi ekki muna, hvort hann hefði átt einhvern þátt í þeirri ákvörðun að panta 29″ skrúfu í stað 27″ skrúfu. Liggur ekkert fyrir skriflegt í þeim efnum, og verður aðalstefnandi að bera hallann af því, að sönnun skortir um það, hvort aðalstefndi kunni að hafa afgreitt ranga skrúfustærð miðað við þær upplýsingar, sem hann fékk hjá skipasmiðnum.

Það liggur fyrir, að aðalstefndi sendi aðalstefnanda þriggja blaða skrúfu til reynslu, eins og kveður á um í 5. tölulið samkomulagsins, en aðalstefnandi endursendi hana, þar sem hann kvað hana hafa verið bæði stærri og þyngri en þá, sem fyrir var. Þá heldur aðalstefnandi því fram, að sú skrúfa hafi ekki verið send til efnda á samkomulaginu, heldur hafi það verið miklu fyrr. Hann gat þó ekkert upplýst um það, hvenær það átti að hafa verið, og hefur hann ekki lagt fram nein gögn um það, að skipt hafi verið um skrúfu í bátnum fyrir gerð samkomulagsins, svo sem reikninga eða kvittanir, en hins vegar liggja fyrir nokkrir reikningar vegna skrúfuskipta frá síðari tíma. Er því ósannað, að aðalstefndi hafi ekki staðið við þennan hluta samkomulagsins.

Þá hefur aðalstefnandi ekki upplýst eða lagt fram gögn um það, hvers konar skrúfa sé undir bátnum nú, hvort hún sé í einhverju frábrugðin þeirri skrúfu, sem upphaflega var sett undir bátinn, eða hvort sama skrúfan sé þar enn, eins og aðalstefndi hefur staðhæft. Hefur aðalstefnandi borið, að hann nái þeirri skrúfu í 2500 snúninga, og sé það fullnægjandi. Þá hefur ekkert komið fram í málinu, sem bendir til þess, að upphaflega skrúfan hafi verið gölluð.

Hefur aðalstefnandi því ekki fært fram nein rök fyrir því, að aðalstefnda beri að kosta skrúfuskipti á bátnum, eins og krafa er gerð um.

Ekki verður á það fallist með aðalstefnanda, að af orðalagi 5. tl. samkomulagsins verði ráðið, að aðalstefndi hafi skuldbundið sig til að komast að orsök titrings, eins og aðalstefnandi heldur fram. Samkvæmt samkomulaginu skuldbatt aðalstefndi sig til að komast að orsök hávaða, og er ekki ágreiningur um, að það hafi verið gert. Um titring felur samkomulagið einungis í sér, að komi í ljós, að orsakir titrings og hávaða sé að rekja til vélbúnaðar þess, sem aðalstefndi seldi aðalstefnanda, beri Vélorka þann kostnað, sem fyrirtækið hefur lagt út, en ella beri aðalstefnanda að endurgreiða þann kostnað, verði orsökin rakin til niðursetningar á vél.

Aðalstefnandi hefur því ekki sýnt fram á, að aðalstefndi hafi skuldbundið sig með samkomulaginu til að greiða annan kostnað en þann, sem beint er

talinn upp þar, eða fyrirtækið hafði þegar lagt út, og þá því aðeins, að orsök titringsins verði ekki rakin til niðursetningar búnaðar, eins og að framan greinir.

Aðalstefnandi lét dómkveðja matsmenn til þess m. a. að finna orsök titringsins í bátnum. Eins og fram kemur í matsgerð, treystu matsmenn sér ekki til að skera úr um það.

Í málatilbúnaði sínum fullyrðir aðalstefnandi, að orsök titringsins hafi verið sú, að stýring á gírtengi passaði ekki við stýringu á flansi, og hafi stýring á flansi við gír verið rennd of víð, og hafi titringur lagast, eftir að úr því hafði verið bætt, eins og nánar greinir í stefnu.

Aðalstefnandi hefur lagt fram gírflans, sem upprunalega var settur í bátinn, ásamt tengistykki úr næloni, sem hann kveður síðast hafa verið skipt úr bátnum. Hinir sérfróðu meðdómsmenn hafa mælt gírflansinn og tengistykkið, og er það niðurstaða þeirra, að mál séu rétt og ekkert bendi til þess, að gírflansinn hafi verið renndur of víður. Er þessi staðhæfing aðalstefnanda því ósönnuð.

Aðalstefnandi lét titringsmæla bátinn tvívegis hjá tæknideild Fiskifélags Íslands. Er niðurstaða þeirra mælinga sú, að titringur stafi frá skrúfuás vegna skekkju og að hægt hafi verið að einangra titringinn við öxulbúnaðinn.

Starfsmenn tæknideildarinnar, sem umsjón höfðu með mælingunum, komu fyrir dóminn og staðfestu niðurstöður sínar.

Það er álit hinna sérfróðu meðdómsmanna með hliðsjón af þeim gögnum, sem fyrir liggja í málinu, að ranglega hafi verið staðið að niðursetningu á vélbúnaði og af því stafi skekkja á öxlinum, sem rekja megi titringinn til, og telja þeir framangreinda titringsmælingu staðfesta þá niðurstöðu. Meðal annars reisa þeir þessa niðurstöðu sína á ásigkomulagi fram lagðs gírflans og nælontengis, en boltagöt á þeim eru greinilega útásuð, en eins og fyrr hefur verið rakið, getur útásunin ekki stafað af því, að stýring á gírflansi hafi verið rennd of víð. Kemur því ekki annað til álita en skekkja hafi verið á niðursetningu á vél og skrúfubúnaði.

Það er því niðurstaða dómsins, að sýkna beri aðalstefnda af öllum kröfum aðalstefnanda í aðalsök.

Með því að titringur verður einungis rakinn til niðursetningar á búnaði, ber að taka kröfur gagnstefnanda í gagnsök til greina, sem reistar eru á samkomulagi á dskj. nr. 9, 5. tölulið. Hefur gagnstefndi ekki mótmælt skyldu sinni samkvæmt samkomulaginu, og er fjárhæð í gagnsök óumdeild.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma aðalstefnanda til að greiða aðalstefnda málskostnað, sem þykir eftir atvikum hæfilega ákveðinn 100.000 kr. í aðalsök og gagnsök.

Sigríður Ólafsdóttir borgardómari kvað upp dóminn ásamt meðdómendunum Birni Magnússyni vélfræðingi og Lárusi Björnssyni vélfræðingi.

Dómsorð:

Aðalstefndi, Vélorka hf., Grandagarði 3, Reykjavík, skal vera sýkn af öllum kröfum aðalstefnanda, Skarphéðins Árnasonar, Kirkjubraut 58, Akranesi, í aðalsök.

Gagnstefndi, Skarphéðinn Árnason, greiði gagnstefnanda, Vélorku hf., í gagnsök 145.996 kr. auk dráttarvaxta skv. 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 16. júní 1989 til greiðsludags, og leggjast dráttarvextir við höfuðstól skuldarinnar á 12 mánaða fresti í samræmi við 12. gr. sömu laga. Enn fremur greiði gagnstefndi gagnstefnanda 100.000 kr. í málskostnað í aðalsök og gagnsök, og ber málskostnaður dráttarvexti skv. III. kafla l. nr. 25/1987 að liðnum 15 dögum frá dómsuppsögu til greiðsludags.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 9. mars 1995.

Nr. 307/1993. **Jónas Skaftason**

gegn

þrotabúi Þóru Óskarsdóttur

(Hjalti Steinþórsson hrl.)

Víxilmál. Refsimálskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Gunnar M. Guðmundsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. júlí 1993. Hann krefst sýknu af kröfum stefndu og málskostnaðar.

Fyrir Hæstarétti hefur komið fram, að bú Þóru Óskarsdóttur hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta 14. október 1993 og skiptum ekki lokið. Hefur þrotabúið því tekið við aðild málsins. Það krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda með álagi samkvæmt 2. mgr. 131. gr., sbr. b- og c-lið 1. mgr. 131. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Þóra Óskarsdóttir höfðaði mál þetta á hendur áfrýjanda með birtingu héraðsdómsstefnu 19. október 1991 til greiðslu skuldar samkvæmt víxli, að fjárhæð 392.000 krónur, út gefnum af Þóru og samþykktum af áfrýjanda, til greiðslu 2. febrúar 1991. Áfrýjandi krafðist sýknu af þessari kröfu í greinargerð, sem hann lagði fram í héraði 19. nóvember 1991. Var sýknukrafan eingöngu studd við þá málsástæðu, að víxillinn, sem stefnukröfur voru reistar á, væri falsaður. Í kjölfarið bar áfrýjandi fram við lögreglu kæru vegna fölsunar á víxlinum og gaf skýrslu fyrir lögreglu af því tilefni 7. apríl 1992. Frekari rannsókn lögreglunnar virðist hafa legið niðri þar til í janúar 1993, en 17. febrúar það ár kom áfrýjandi að nýju fyrir lögreglu til skýrslugjafar og gekkst þá við því að hafa lagt fram ranga kæru svo og að hafa falsað skjal til stuðnings henni. Meðan á þessu stóð, var máli þessu frestað fyrir héraðsdómi, þar til það var tekið til aðalmeðferðar 10. maí 1993.

Áfrýjandi, sem flutti málið sjálfur í héraði og fyrir Hæstarétti, hefur fallið frá fyrrgreindri málsvörn sinni á grundvelli fölsunar.

Hann hefur hvorki í héraði né fyrir Hæstarétti haft uppi aðrar málsástæður, sem gætu leitt til þess, að hann verði sýknaður af kröfum stefnda. Ber því að öllu þessu virtu að staðfesta hinn áfrýjaða dóm með vísan til forsendna hans.

Með því að halda fram þeirri málsástæðu fyrir héraðsdómi, að umræddur víxill væri falsaður, hafði áfrýjandi uppi vísvitandi rangar staðhæfingar fyrir dómi. Fram er komið, að opinbert mál var höfðað á hendur honum með ákæru 7. apríl 1993 fyrir að hafa framvísað með fyrrnefndri kæru sinni til lögreglu skjali, sem hann falsaði í tengslum við hana. Gekkst hann við sakargiftum, og var honum gert að sæta fangelsi í tvo mánuði skilorðsbundið með dómi Héraðsdóms Norðurlands vestra, upp kveðnum 15. júní 1993. Í ljósi þess verður áfrýjanda eftir atvikum ekki nú gerð sekt samkvæmt 135. gr. laga nr. 91/1991 vegna þessa framferðis síns fyrir dómi.

Þegar litið er til þeirrar háttsemi áfrýjanda, sem hér um ræðir, svo og þess verulega dráttar, sem hann hefur valdið á málinu með henni og algerlega tilefnislausri áfrýjun sinni, verður stefnda ákveðinn málskostnaður fyrir Hæstarétti úr hendi hans með tilliti til 2. mgr. 131. gr. laga nr. 91/1991. Þykir málskostnaður hæfilega ákveðinn eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Jónas Skaftason, greiði stefnda, þrotabúi Þóru Óskarsdóttur, 392.000 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 2. febrúar 1991 til greiðsludags svo og 125.000 krónur í málskostnað í héraði.

Áfrýjandi greiði stefnda 175.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 14. maí 1993.

Mál þetta, sem dómtekið var 14. maí 1993, er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með áskorunarstefnu, birtri 19. október 1991, af Þóru Óskarsdóttur, kt. 150344-3619, Bleikargróf 15, Reykjavík, á hendur Jónasi Skaftasyni, kt. 260241-7969, Blöndubyggð 10, Blönduósi, til greiðslu skuldar, að fjárhæð 392.000 kr., með vöxtum og vaxtavöxtum skv. 10. og 12. gr. laga nr. 25/1987 frá 2. febrúar 1991 til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt málskostnaðarreikningi.

Af hálfu stefnda er krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar að mati dómsins.

Málinu var vikið til almennrar meðferðar 10. desember 1991.

Stefnandi kveður mál þetta vera samkvæmt víxli, að fjárhæð 392.000 kr., út gefnum í Reykjavík 12. desember 1990 af stefnanda og samþykktum af stefnda, til greiðslu í Landsbanka Íslands, Reykjavík, 2. febrúar 1991.

Stefnandi kveður skuld þessa ekki hafa fengist greidda þrátt fyrir greiðslutilmæli, og sé málsókn því nauðsynleg. Kveður hún kröfuna byggða á víxillögum nr. 93/1993 og málið rekið samkvæmt XVII. kafla laga nr. 85/1936, sbr. lög nr. 91/1991.

Stefndi kveður mál þetta til komið vegna kaupa sinna á vörubifreið 12. desember 1990 af Pétri Hraunfjörð, Bleikargróf 15, Reykjavík, en komið hafi í ljós, að Þóra Óskarsdóttir var skráð fyrir bifreiðinni og sem seljandi hennar. Kveðst hann hafa greitt bifreiðina við afhendingu með peningum og skuldabréfi, en víxill hafi verið útfylltur til tryggingar greiðslu á virðisaukaskatti.

Stefndi hélt uppi þeim vörnum gagnvart víxilkröfu stefnanda, að víxillinn væri falsaður. Var málinu frestað vegna kæru hans til Rannsóknarlögreglu ríkisins, sem síðar var dregin til baka.

Stefndi kveðst hafa gripið til þess að segja víxilinn falsaðan, þar sem sér hafi ekki verið önnur leið fær til að upplýsa svik, sem hann telur sig hafa orðið fyrir við viðskipti þessi af hálfu seljanda. Kveður hann víxilinn aldrei hafa verið til innheimtu í Landsbanka Íslands og að sér hafi ekki verið gefinn kostur á að greiða hann á gjalddaga, þrátt fyrir það að hann hafi leitað eftir því.

Í víxilmáli, sem rekið er samkvæmt XVII. kafla laga um meðferð einkamála nr. 91/1991, sbr. áður lög nr. 85/1936, verður ekki komið að vörnum, sem varða viðskipti þau, sem víxilkrafan er risin af. Sú varnarástæða stefnda, að víxillinn sé falsaður, hefur verið dregin til baka. Engar aðrar varnir hafa komið fram, sem haldið verður uppi gegn kröfu um greiðslu á víxli í víxilmáli.

Stefnandi hefur lögformlega heimild til víxilsins, og er lýsing hennar í málsskjölum í samræmi við víxil þann, sem lagður hefur verið fram, að öðru leyti en því, að ekki er lýst framsali útgefanda.

Það athugast, að ekki verður séð af gögnum málsins, að innheimta víxilsins hafi verið reynd fyrr en með innheimtubréfi lögmanns 13. ágúst 1991. Sú fullyrðing stefnda, að honum hafi verið meinað að greiða kröfuna fyrr, er hins vegar ekki sönnuð fyrir dóminum, enda hefði hann átt þess kost að „deponera" greiðslu.

Með framangreindum athugasemdum eru dómkröfur stefnanda teknar til greina.

Stefndi greiði stefnanda málskostnað, sem ákveðst 125.000 kr.

Dóminn kvað upp Hjördís Hákonardóttir héraðsdómari.

Dómsorð:

Stefndi, Jónas Skaftason, greiði stefnanda, Þóru Óskarsdóttur, 392.000 kr. auk dráttarvaxta frá 2. febrúar 1991 til greiðsludags samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 og 125.000 kr. í málskostnað, sem ber dráttarvexti frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Fimmtudaginn 9. mars 1995.

Nr. 68/1995. **Steinsmiðja S. Helgasonar hf.**
(Hróbjartur Jónatansson hrl.)
gegn
Ártaki hf.
Sigurði Reynissyni og
tollstjóranum í Reykjavík
(Björn Hermannsson hrl.)

Kærumál. Gjaldþrotaskipti. Endurupptaka.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Markús Sigurbjörnsson og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 17. febrúar 1995, sem barst réttinum 1. mars sl. Kærð er ákvörðun Héraðsdóms Reykjavíkur 31. janúar 1995 um endurupptöku á meðferð kröfu um gjaldþrotaskipti og niðurfellingu skipta. Krefst sóknaraðili þess aðallega, að ákvörðun héraðsdómara um endurupptöku málsins sem og öll meðferð þess frá og með 31. janúar 1995 verði ómerkt og málinu vísað heim til löglegrar meðferðar. Til vara er þess krafist, að ákvörðun héraðsdómara um að fallast á afturköllun tollstjórans í Reykjavík á kröfu um gjaldþrotaskipti verði ómerkt og málinu vísað heim til löglegrar meðferðar. Þá er krafist kærumálskostnaðar óskipt úr hendi tollstjórans í Reykjavík og Sigurðar Reynissonar, framkvæmdastjóra Ártaks hf.

Af hálfu varnaraðilans Ártaks hf. er þess aðallega krafist, að málinu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að kröfum sóknaraðila verði hafnað. Í báðum tilvikum er krafist kærumálskostnaðar.

Varnaraðilinn Sigurður Reynisson krefst þess, að kröfu sóknaraðila á hendur sér um kærumálskostnað verði hafnað og að sóknaraðila verði gert að greiða sér kærumálskostnað.

Tollstjórinn í Reykjavík krefst þess, að kröfu sóknaraðila á hendur sér um kærumálskostnað verði hafnað, en kveðst ekki halda uppi vörnum að öðru leyti.

Krafa varnaraðilans Ártaks hf. um, að málinu verði vísað frá

Hæstarétti, er á því reist, að heimild sé ekki til að kæra til æðra dóms þær ákvarðanir, sem um ræðir í málinu. Í upphafsmálslið 1. mgr. 179. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl. er kveðið á um heimild til að kæra til Hæstaréttar úrskurði og ákvarðanir héraðsdómara, sem hann tekur samkvæmt lögunum, enda sé ekki mælt á annan veg í þeim. Frá þessari almennu heimild er þó gerð sú undantekning í sama ákvæði, að ekki megi kæra úrskurði eða ákvarðanir, sem eru kveðnir upp eða teknar undir rekstri máls og myndu ekki sæta kæru, ef um væri að ræða einkamál samkvæmt almennum reglum. Undantekning þessi tekur eftir hljóðan sinni eingöngu til mála, sem eru rekin fyrir héraðsdómi samkvæmt reglum XXIII. og XXIV. kafla laga nr. 21/1991, en ekki til úrskurða og ákvarðana, sem lúta að töku bús til gjaldþrotaskipta, sbr. XI. kafla laganna. Er því kæra í máli þessu heimil samkvæmt 1. mgr. 179. gr. laga nr. 21/1991.

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 24. nóvember 1994 var bú varnaraðilans Ártaks hf. tekið til gjaldþrotaskipta. Að ósk þess, sem hafði gegnt starfi framkvæmdastjóra félagsins, og þá jafnframt með samþykki tollstjórans í Reykjavík tók héraðsdómari ákvörðun um endurupptöku málsins á dómþingi 31. janúar sl. Um lagastoð fyrir endurupptöku var vísað til 137. gr. laga nr. 91/1991. Við svo búið afturkallaði tollstjórinn í Reykjavík kröfu sína um gjaldþrotaskipti, og voru þau felld niður.

Sóknaraðili kveðst hafa lýst kröfu í þrotabú Ártaks hf., áður en gjaldþrotaskiptin voru felld niður. Verður að fallast á, að hann hafi hagsmuni af því að fá leyst úr kröfum sínum um niðurfellingu skiptanna í kærumáli þessu.

Með dómi Hæstaréttar frá 30. september 1994 í málinu nr. 397/1994 var um það dæmt, að frá uppkvaðningu úrskurðar um gjaldþrotaskipti og þar til kröfulýsingarfresti við skiptin væri lokið, gilti hin almenna regla einkamálaréttarfars um málsforræði ekki að því leyti, að aðilar gætu sammælst um endurupptöku á meðferð kröfu um skiptin til að fá þau felld niður. Var ákvörðun héraðsdómara í máli þessu 31. janúar sl. því með öllu heimildarlaus. Verður hin kærða endurupptaka Héraðsdóms Reykjavíkur frá 31. janúar sl. því úr gildi felld.

Dæma verður tollstjórann í Reykjavík til að greiða sóknaraðila

kærumálskostnað, svo sem í dómsorði greinir. Ekki eru efni til að dæma Sigurð Reynisson persónulega til greiðslu kærumálskostnaðar, og hans hefur ekki verið krafist úr hendi Ártaks hf.

Dómsorð:

Hin kærða endurupptaka Héraðsdóms Reykjavíkur frá 31. janúar 1995 er úr gildi felld.

Varnaraðili tollstjórinn í Reykjavík greiði sóknaraðila, Steinsmiðju S. Helgasonar hf., 40.000 krónur í kærumálskostnað.

Fimmtudaginn 9. mars 1995.

Nr. 151/1994. **Fiskanes hf.**
(Björgvin Þorsteinsson hrl.)
gegn
þrotabúi Skipasmiðjunnar Harðar hf.
(Kristján Stefánsson hrl.)

Mál fellt niður. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Haraldur Henrysson og Gunnlaugur Claessen.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. mars 1994. Fyrir Hæstarétt hefur verið lögð tilkynning til Hlutafélagaskrár 21. desember 1990 um samruna Hraðfrystihúss Þórkötlustaða hf. og Fiskaness hf. undir nafni hins síðarnefnda.

Þegar mál þetta var tekið fyrir á dómþingi Hæstaréttar 9. febrúar 1995, var þess óskað af hálfu áfrýjanda, að það yrði fellt niður.

Af hálfu stefnda sótti dómþing Kristján Stefánsson hæstaréttarlögmaður og samþykkti, að málið yrði fellt niður, en krafðist málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Hann kveðst hafa skýrt frá því við þingfestingu málsins 2. maí 1994, að hann hafi fengið hinn áfrýjaða dóm framseldan. Hann styður kröfu sína um málskostnað þeim rökum, að máli þessu hafi áður verið áfrýjað á árinu 1992, en þá verið fellt niður án kostnaðar að beiðni áfrýjanda 2. mars 1994. Ágripi og greinargerðum hafi verið skilað í því máli. Engin gögn hafi hins vegar verið lögð fram í þessu máli. Með ítrekaðri áfrýjun málsins hafi áfrýjandi aðeins verið að tefja framgang og fullnustu dóms og með því valdið stefnda fjártjóni. Þá krefst hann þess, að við ákvörðun málskostnaðar verði tekið mið af hagsmunum í málinu, og vísar til 1., 2. og 3. tl. 131. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Af hálfu áfrýjanda er þess krafist, að mál þetta verði fellt niður án kostnaðar milli aðila málsins, en að Kristján Stefánsson hæstaréttarlögmaður verði dæmdur til að greiða áfrýjanda málskostnað að mati réttarins. Kröfur sínar styður hann því, að áfrýjandi eigi kröfu á hendur stefnda samkvæmt gerðardómi, en Kristján Stefánsson hafi margsinnis komið í veg fyrir, að sú krafa yrði notuð til skuldajafnaðar við kröfu stefnda samkvæmt hinum áfrýjaða dómi.

Samkvæmt framansögðu ber að fella mál þetta niður. Áfrýjanda var ekki kunnugt um, að Kristján Stefánsson hefði fengið dóminn framseldan, þegar hann áfrýjaði málinu, og skrifaði bústjóri þrotabúsins upp á stefnuna um birtingu. Samkvæmt þessum atvikum þykir ekki ástæða til að dæma málskostnað í málinu.

Dómsorð:

Mál þetta fellur niður án kostnaðar.

Mánudaginn 13. mars 1995.

Nr. 59/1995. **K**

(Ingólfur Hjartarson hrl.)

gegn

M

(Björgvin Þorsteinsson hrl.)

Kærumál. Börn. Forsjá. Dómarar. Vanhæfi. Ómerking. Heimvísun. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 17. febrúar 1995, sem barst réttinum 24. sama mánaðar. Kæruheimild er í c-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Hún krefst þess, að úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 3. febrúar 1995 verði felldur úr gildi og lagt fyrir héraðsdómara ásamt meðdómsmönnum að kveðja til þrjá hæfa og óvilhalla sérfróða menn til þess að meta yfirmati, hvernig forsjá B, dóttur málsaðila, verði best fyrir komið með tilliti til hagsmuna hennar og þarfa. Þá krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, en hún fékk gjafsókn til rekstrar málsins fyrir héraðsdómi 31. maí 1994.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Samkvæmt 1. mgr. 34. gr. barnalaga nr. 20/1992 skal hraða meðferð forsjármála. Mál það, sem hér um ræðir, var þingfest 18. janúar 1994, og fékk héraðsdómarinn það til meðferðar í lok marsmánaðar. Í þinghaldi 8. apríl 1994 voru dómkvaddir matsmenn. Þeir luku matsgerð sinni 7. júní, og var hún lögð fram í þinghaldi 2. september sama ár. Næsta þinghald var boðað 15. september, en dómari frestaði þá málinu, þar sem ekki hafði tekist að fá meðdómendur. Málið var næst tekið fyrir 18. janúar 1995, og tóku þá sérfróðir meðdómsmenn sæti. Þá var lögð fram greinargerð Gylfa Ásmundssonar sálfræðings, dagsett 17. desember 1994, sem héraðsdómari hafði óskað eftir í nóvember. Einnig lagði sóknaraðili þá fram beiðni um

yfirmat, dagsetta 17. janúar 1995. Átelja ber þann óhæfilega drátt, sem orðinn er á máli þessu.

Eins og lýst er í hinum kærða úrskurði, voru sálfræðingarnir Oddi Erlingsson og Gunnar Hrafn Birgisson tilnefndir meðdómendur í þinghaldi 18. janúar sl. Meðal gagna málsins er greinargerð félagsmálastjóra Seltjarnarness, dagsett 10. ágúst 1993, um barn það, sem mál þetta snýst um, og foreldra þess. Þar kemur fram, að Gunnar Hrafn Birgisson sálfræðingur, starfsmaður Barnaverndarráðs Íslands, hafi haft samband við félagsmálastjórann vegna tiltekins þáttar málsins. Segir þar, að sóknaraðili hafi komið í viðtal hjá Gunnari Hrafni og hann hafi gefið félagsmálastjóranum ábendingar um, hvernig taka skyldi á málinu. Þetta kemur einnig fram í greinargerð Þorgeirs Magnússonar sálfræðings frá 29. júlí 1993.

Samkvæmt framansögðu hefur meðdómsmaðurinn Gunnar Hrafn Birgisson fjallað um sakarefni máls þessa með þeim hætti, að hann var vanhæfur til meðferðar þess, sbr. b- og g-lið 5. gr. laga nr. 91/1991. Verður því að ómerkja hinn kærða úrskurð og meðferð málsins frá og með þinghaldi 18. janúar 1995 og vísa því heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar.

Kærumálskostnaður fellur niður, en gjafsóknarkostnaður sóknaraðila, 20.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður og málsmeðferð frá og með þinghaldi 18. janúar 1995 eiga að vera ómerk, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður sóknaraðila, K, 20.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Þriðjudaginn 14. mars 1995.

Nr. 84/1995. **Íslenska umboðssalan hf.**
(Sveinn Snorrason hrl.)
gegn
Granda hf.
(Valgarð Briem hrl.)

Kærumál. Aðför.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Markús Sigurbjörnsson og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 6. mars 1995, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 9. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur, sem kveðinn var upp 23. febrúar 1995, þar sem staðfest er fjárnám, er sýslumaðurinn í Reykjavík gerði í eignarhluta sóknaraðila í fasteigninni Seljavegi 2, Reykjavík, 19. desember 1994. Kæruheimild er í 3. mgr. 95. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 102. gr. laga nr. 92/1991.

Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi þannig, „að synjað verði að svo stöddu um staðfestingu“ fjárnámsins „eða aðför frestað, svo og, að varnaraðila verði gert að láta aflýsa aðfararveðinu úr veðmálabókum“. Til vara er þess krafist, „að fjárhæð aðfarargerðarinnar verði lækkuð . . ., en frestað aðför að hluta, þar til endanlegur dómur um kröfu kæranda . . . um bætur . . . vegna ólögmætrar löghaldsgerðar er genginn í staðfestingarmálinu, sem er hluti hæstaréttarmálsins . . ., sem dómur Hæstaréttar frá 27. október 1994 varðar“. Einnig krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar að öðru leyti en því, að kröfu varnaraðila um viðurkenningu á stöðu í veðröð verði ekki vísað frá dómi.

Með vísun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Sóknaraðila ber að greiða varnaraðila kærumálskostnað, svo sem í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Íslenska umboðssalan hf., greiði varnaraðila, Granda hf., 40.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 23. febrúar 1995.

I.

Máli þessu var skotið til héraðsdóms með bréfi 21. desember 1994 og það tekið til úrskurðar 2. febrúar sl.

Sóknaraðili er Íslenska umboðssalan hf., kt. 600970-0469, Seljavegi 2, Reykjavík.

Varnaraðili er Grandi hf., kt. 541185-0389, Norðurgarði, Reykjavík.

Málskot þetta er vegna fjárnáms, er sýslumaðurinn í Reykjavík gerði. Gerðin var fyrst tekin fyrir 8. desember 1994, en henni var lokið 19. desember með því, að lýst var fjárnámi í eignarhluta sóknaraðila í fasteigninni Seljavegi 2.

Sóknaraðili gerir þessar kröfur í málinu:

1) Aðallega, að synjað verði að svo stöddu um staðfestingu aðfaragerðarinnar eða henni frestað, svo og, að varnaraðila verði gert að láta aflýsa aðfararveðinu úr veðmálabókum.

2) Til vara krefst sóknaraðili þess, að fjárhæð aðfaragerðarinnar verði lækkuð um 4.882.850 kr., þ. e., að dráttarvextir verði reiknaðir án höfuðstólsfærslu, – jafnframt, að skaðabætur skv. dómkröfu sóknaraðila í málinu nr. 7388/1992, að fjárhæð 4.868.861 kr., skuli koma til frádráttar kröfu varnaraðila.

3) Að synjað verði kröfu varnaraðila um stöðu í veðröð.

4) Loks krefst sóknaraðili málskostnaðar að mati dómsins.

Varnaraðili krefst þess, að fjárnámsgerðin verði staðfest og að ákveðið verði með dómi, að fjárnámið komi í stað löghaldsgerðar varnaraðila í sömu eign. Þá krefst varnaraðili málskostnaðar að teknu tilliti til kostnaðar af þinglýsingu fjárnámsins, að fjárhæð 232.615 kr.

II.

15. janúar 1991 var í bæjarþingi Reykjavíkur kveðinn upp dómur í málinu nr. 15019/1989: Grandi hf. gegn Íslensku umboðssölunni hf. og Sameinuðum framleiðendum. Með þeim dómi var stefndi dæmdur til að greiða stefnanda 5.248.960 kr. auk tiltekinna vaxta og 560.000 kr. í málskostnað. Dómi þessum var áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu, út gefinni 31. janúar 1991.

Hæstiréttur dæmdi málið 27. október 1994. Dómsorð réttarins hljóðaði svo, að því er þann þátt varðar:

„Aðaláfrýjendur, Íslenska umboðssalan hf. og Sameinaðir framleiðendur, greiði gagnáfrýjanda, Granda hf., 3.450.130 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 af 5.248.960 krónum frá 10. janúar 1989 til 15. janúar 1991, en af 3.450.130 krónum frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms er staðfest.

Aðaláfrýjendur greiði gagnáfrýjanda 200.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.“

9. janúar 1992 óskaði stefnandi þess við borgarfógetaembættið í Reykjavík, að löggeymsla yrði lögð á eignir stefnda, en með úrskurði fógetaréttar Reykjavíkur 27. janúar 1992 var þeirrar beiðni synjað. Þá krafðist stefnandi kyrrsetningar með beiðni, dagsettri 18. maí 1992. Framgangi gerðarinnar var mótmælt, og gekk úrskurður í málinu 22. júní 1992, þar sem ákveðið var, að gerðin skyldi fara fram. Hinn 26. sama mánaðar var síðan lagt löghald á eignarhluta stefnda í fasteignunum Seljavegi 2 og Eyjagötu 9 í Reykjavík.

Sú gerð var staðfest með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 4. janúar 1994, en sá dómur var ómerktur með áðurgreindum dómi Hæstaréttar. Gerðin var síðan staðfest að nýju í Héraðsdómi Reykjavíkur 27. janúar sl. Sóknaraðili kveðst ætla að áfrýja dóminum, en áfrýjunarstefnu hefur hann ekki lagt fram.

III.

Varnaraðili krafðist fjárnáms með beiðni, dagsettri 15. nóvember sl. Vísar hann þar um aðfararheimild til áðurnefnds Hæstaréttardóms. Gerðin var tekin fyrir 8. desember.

Bókun um fjárnámsgerðina er í meginatriðum svohljóðandi:

„. . .Gerðarbeiðandi krefst fjárnáms fyrir kröfu að fjárhæð 15.440.098 kr., sem sundurliðast þannig:

Höfuðstóll	kr.	3.450.130
Dráttarvextir til 15. 11. '94.	–	10.697.084

...

Fyrirtaka 8. 12. 1994 kl. 10.30. . . . Lögmanni gerðarþola er kynnt krafa gerðarbeiðanda. Hann krefst þess, að synjað verði um framgang gerðarinnar að svo stöddu, annars vegar, þar sem þegar sé trygging fyrir kröfunni með kyrrsetningu í tveimur verðmætum eignum og staðfestingarmál þar um hafi verið ómerkt fyrir Hæstarétti frá aðalmeðferð, hins vegar mótmælir lögmaður gerðarþola vaxtaútreikningi gerðarbeiðanda... Fulltrúi sýslumanns lýsir þeirri ákvörðun sinni að hafna kröfu gerðarþola um synjun framgangs gerðarinnar og skorar á lögmann gerðarþola að benda á eignir... .“

Bent var á eignarhluta sóknaraðila í Seljavegi 2. Varnaraðili mótmælti ábendingunni sem ófullnægjandi, og var ákveðið að framkvæma mat á eigninni. Gerðin var síðan tekin fyrir að nýju 19. desember, og lýsti lögmaður varnaraðila þá yfir því, að fallið væri frá kröfu um mat. Var þá gert fjárnám í áðurnefndum eignarhluta og gerðinni með því lokið.

IV.

Sóknaraðili bendir á, að varnaraðili hafi þegar tryggingu með þinglýstu veði í eignum gerðarþola fyrir mun hærri fjárhæðum en dómkröfu nemur á grundvelli löghaldsgerðar frá 26. júní 1992. Hann segir, að staðfestingarmáli um gerðina sé ekki lokið. Fyrr en því ljúki, víki hún ekki fyrir aðför, og aðför geti ekki komið í hennar stað. Með aðför nú yrði veðréttur gerðarbeiðanda og kvaðir á eignum gerðarþola mun meiri en nemur löghaldsveðinu, en aðfararveðið fari í skuldaröð á eftir öðrum veðhöfum. Því telur sóknaraðili, að rétt sé að synja um framkvæmd gerðarinnar, þar til staðfestingarmáli um löghaldið sé lokið, enda geti varnaraðili fengið fjárnám gert í staðfestingarmálinu að dómi gengnum.

Til stuðnings varakröfu sinni mótmælir sóknaraðili vaxtaútreikningi varnaraðila. Varnaraðili hafi í gerðarbeiðni krafist vaxtavaxta, þ. e. höfuðstólsfærslu dráttarvaxta á 12 mánaða fresti. Þessa aðferð telur sóknaraðili ganga þvert á niðurstöðu Hæstaréttar í dóminum 27. október sl. Varnaraðili hafi hvorki í stefnu né áfrýjunarstefnu krafist vaxtavaxta, ekki heldur í greinargerðum í héraði eða fyrir Hæstarétti. Í stefnu, dagsettri 6. desember 1988, hálfu öðru ári eftir gildistöku vaxtalaga, sé einungis vísað til 10. gr. vaxtalaga, en ekki til 10. og 12. gr. eða III. kafla, gagnstætt því, sem gert sé um málskostnaðarkröfu, þar sem krafist var dráttarvaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaga. Ef krefjast hefði átt vaxtavaxta, hefði verið nauðsynlegt að kveða á um það, hvenær vextir legðust í fyrsta sinn við höfuðstól. Það hafi ekki verið gert. Þá telur sóknaraðili, að Hæstiréttur hafi fallist á rök sín um vaxtareikninginn með því að dæma höfuðstól skuldarinnar 3.450.130 kr. í stað 5.248.960 kr. Hefði höfuðstólsfærsla verið viðurkennd, hefði dómsorð hljóðað á 5.248.960 kr. með dráttarvöxtum samkvæmt 10. og 12. gr. eða III. kafla vaxtalaga, allt að frádreginni greiðslu á 1.798.830 krónum.

Krafa sóknaraðila um skaðabætur til frádráttar kröfu varnaraðila er krafa, sem hann hafði uppi í málinu um staðfestingu löghaldsgerðarinnar, er dæmt var 27. janúar sl. Skaðabótakröfunni var þar vísað frá dómi, en sundurliðun hennar var lögð fram í því máli. Í þessu máli hefur krafan ekki verið sundurliðuð sérstaklega, en einungis vísað til þess, að hér sé um að ræða sömu kröfu og höfð var uppi í staðfestingarmálinu. Sami dómari hefur

farið með bæði málin, og var þingað í þeim samhliða, á meðan bæði voru til meðferðar.

V.

Varnaraðili heldur því fram, að hann hafi haft ótvíræða heimild samkvæmt dómi Hæstaréttar til að fá gert fjárnám í eignum sóknaraðila. Hann telur, að úrslit ágreinings um staðfestingu löghaldsgerðarinnar geti einungis haft áhrif á það, hvar í röð veðréttinda fjárnáminu verði skipað, en skipti ekki máli um lögmæti fjárnámsgerðarinnar sem slíkrar.

Varnaraðili krefst vaxta í fjárnámsbeiðni miðað við höfuðstólsfærslu dráttarvaxta á 12 mánaða fresti í samræmi við 12. gr. vaxtalaga. Hæstiréttur hafi ekki fjallað um það, hvort höfuðstólsfærslan væri heimil, enda hafi ekki verið um það spurt. Þess hafi ekki verið þörf, því að 12. gr. vaxtalaga sé afdráttarlaus, dráttarvexti samkvæmt 10. gr. skuli höfuðstólsfæra á 12 mánaða fresti. Um það þurfi engan dóm í ágreiningsmálinu sjálfu, það leiði af sjálfu sér, að ef dráttarvextir séu dæmdir, skuli þeir höfuðstólsfærðir á 12 mánaða fresti.

Málskostnaðar krefst varnaraðili að viðbættum kostnaði af þinglýsingu fjárnámsgerðarinnar, eins og áður getur.

VI.

Aðalkröfu sóknaraðila verður í heild að skilja sem kröfu um ógildingu aðfarargerðarinnar. Dómur Hæstaréttar 27. október 1994, sem varnaraðili studdi aðfararbeiðni sína við, er fjárnámsheimild skv. 1. tl. 1. mgr. 1. gr. aðfararlaga nr. 90/1989. Ekki er fyrirvari í aðfararlögum, sem hindrar framkvæmd fjárnáms, þó að krafan, sem lúkningar er leitað á, sé tryggð með löghaldsgerð eða með öðrum hætti. Verður því ekki fallist á þessa kröfu sóknaraðila.

Ekki er skýrlega kveðið á um það í bókun sýslumanns, að fjárnám sé gert til lúkningar kröfu með vaxtavöxtum. Af atvikum má þó ráða, að svo hafi verið og málflutningur aðila miðist við það.

Í 12. gr. vaxtalaga segir, að áfallna dráttarvexti skuli leggja við höfuðstól, ef vanskil standa lengur en 12 mánuði. Ákvæði þetta er eitt af þeim lagaákvæðum, sem gilda um dráttarvexti. Önnur ákvæði gilda um ákvörðun þeirra, auglýsingar og fleiri atriði, sem máli skipta um vextina. Lögin gera ekki sérstaklega ráð fyrir því, að dráttarvextir séu ekki höfuðstólsfærðir; þó er kröfuhafa vitanlega heimilt að falla frá því.

Með tilvísun til 10. gr. vaxtalaga má segja, að afmarkað sé nægilega, hvaða vaxtafót átt er við á hverjum tíma og hvernig hann er ákveðinn. Telja verður, að í því felist einnig nægilega, að vextir séu lagðir við höfuðstól á 12 mánaða fresti í samræmi við 12. gr. vaxtalaga. Er dómur Hæstaréttar þannig

aðfararheimild fyrir vöxtum, sem þar er mælt fyrir um og reiknuðum í samræmi við þær reglur, sem settar eru í vaxtalögunum, en telja verður víst, að varnaraðili eigi kröfu á hendur sóknaraðila um greiðslu vaxtavaxta. Þá verður ekki fallist á það með sóknaraðila, að með orðalagi í dómsorði hafi Hæstiréttur tekið aðra afstöðu til þessa atriðis.

Í áðurgreindu máli til staðfestingar löghaldsgerðinni gerði sóknaraðili kröfu um skaðabætur og hafði hana uppi sem gagnkröfu. Var kröfunni þar vísað frá dómi. Ekki er í máli skv. XV. kafla aðfararlaga ráðrúm til að fjalla efnislega um gagnkröfur, sem gerðarþoli vill hafa uppi til skuldajafnaðar við fjárnámsgerð. Því er lýst til hlítar í 40. gr. aðfararlaga, hverjar heimildir gerðarþoli hefur til að beita skuldajöfnuði. Skaðabótakrafa sóknaraðila er hvorki aðfararhæf né viðurkennd af varnaraðila. Verður skuldajafnaðarkröfunni því vísað frá dómi.

Ekki er forsenda til þess að ákveða nú röð réttinda við hugsanlega úthlutun söluverðs fasteignarinnar Seljavegar 2 að lokinni nauðungarsölu. Aðrir en aðilar þessa máls yrðu ekki bundnir af slíkri ákvörðun, og verður þessari kröfu varnaraðila þegar af þeirri ástæðu vísað frá dómi.

Í samræmi við framangreint verður fjárnámsgerðin staðfest. Því verður varnaraðila ákveðinn málskostnaður úr hendi sóknaraðila. Kostnaður af þinglýsingu fjárnámsgerðarinnar fæst greiddur með fjárnámskröfunni sjálfri við úthlutun söluandvirðis, en veðréttur skv. fjárnámsgerðinni er til lúkningar þessum kostnaði meðal annars. Því væri sérstakri aðfararheimild fyrir þessum kostnaði ofaukið. Í samræmi við úrslit málsins og atvik að öðru leyti verður málskostnaður ákveðinn 100.000 krónur.

Jón Finnbjörnsson dómarafulltrúi kveður upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Framangreindri kröfu sóknaraðila, Íslensku umboðssölunnar hf., um skuldajöfnuð er vísað frá dómi.

Framangreindri kröfu varnaraðila, Granda hf., um viðurkenningu á stöðu í veðröð er vísað frá dómi.

Framangreind fjárnámsgerð er staðfest.

Sóknaraðili greiði varnaraðila 100.000 kr. í málskostnað.

Fimmtudaginn 16. mars 1995.

Nr. 76/1995. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs vegna Landhelgisgæslu Íslands**
(Jón G. Tómasson hrl.)
gegn
Alþýðusambandi Íslands f. h. Flugvirkjafélags Íslands
(Andri Árnason hrl.)

Kærumál. Félagsdómur. Frávísunarkröfu hafnað.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar samkvæmt heimild í 1. tl. 67. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur, sbr. 161. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, með kæru 24. febrúar 1995, er barst Hæstarétti 6. mars 1995. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og að málinu verði vísað frá Félagsdómi. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Félagsdómi og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess, að úrskurður Félagsdóms verði staðfestur og sér dæmdur kærumálskostnaður.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

Rétt þykir, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður Félagsdóms 20. febrúar 1995.

Málið, sem tekið var til úrskurðar vegna frávísunarkröfu stefnda 13. þ. m., er höfðað með stefnu, sem árituð er ódagsett um birtingu, út gefinni 18. janúar sl. og þingfestri 19. s. m.

Málið úrskurða Auður Þorbergsdóttir, Kristjana Jónsdóttir, Ingibjörg Benediktsdóttir, Arnmundur Backman og Guðmundur Skaftason.

Stefnandi er Alþýðusamband Íslands, f. h. Flugvirkjafélags Íslands, kt. 550169-0199, Borgartúni 22, Reykjavík.

Stefndi er fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs vegna Landhelgisgæslu Íslands.

Dómkröfur stefnanda.

Stefnandi gerir þær dómkröfur, að viðurkennt verði með dómi, að um kaup og kjör flugvirkja, sem starfa hjá Landhelgisgæslu Íslands, skuli fara samkvæmt kjarasamningi stefnanda og Vinnuveitendasambands Íslands vegna Flugleiða hf., dags. 12. júní 1994, frá og með þeim degi að öðru leyti en greinir í kjarasamningi stefnanda og stefnda vegna starfa flugvirkja hjá Landhelgisgæslu Íslands frá 24. september 1992.

Jafnframt er krafist málskostnaðar að mati dómsins auk virðisaukaskatts af málflutningsþóknun.

Dómkröfur stefnda.

Stefndi krefst aðallega, að kröfum stefnanda verði vísað frá Félagsdómi og stefnda dæmdur málskostnaður samkvæmt mati dómsins, til vara, að stefndi verði sýknaður af kröfum stefnanda og að stefnda verði tildæmdur málskostnaður samkvæmt mati Félagsdóms.

– – –

Málsástæður og rökstuðningur stefnda fyrir frávísunarkröfu.

Stefndi telur, að ekki verði ráðið skýrt afmarkað sakarefni af kröfugerð stefnanda eða málsástæðum hans. Í raun verði ekki ráðið af málatilbúnaði stefnanda, hver sé raunverulegur ágreiningur hans við stefnda, og verði ekki séð, hvaða réttaráhrif dómur samkvæmt kröfugerð hans ætti að hafa í för með sér eða að með dómi um kröfu hans verði ákveðnu sakarefni ráðið til lykta. Óumdeilt sé, að um kaup og kjör félagsmanna stefnanda, sem vinna hjá LHG fari samkvæmt samningi stefnanda við stefndu frá 24. september 1992. Með þeim samningi hafi verið framlengdur samningur milli sömu aðila frá 12. desember 1990 og þar áður samningur frá 19. september 1989. Eins og kveðið sé á um í hinum síðastnefnda, í grein 1.1, hafi að öðru leyti en þar greindi farið um kaup og kjör samkvæmt kjarasamningum stefnanda og VSÍ vegna Flugleiða hf. frá 4. júlí 1989. Á hinn bóginn sé gildandi samningur milli þeirra aðila nú frá 12. júní 1994, og sé þar fjallað um ýmiss konar hagræðingu á móti hinni umsömdu launahækkun.

Dómkrafa stefnanda feli aðeins í sér almenna viðurkenningu á því, að um kaup og kjör félagsmanna stefndu hjá LHG skuli fara samkvæmt samn-

ingnum frá 12. júní 1994 að öðru leyti en greinir í nefndum kjarasamningi milli stefnanda og stefndu frá 24. september 1992. Í ljósi þessa verði ekki séð, að dómkrafan miði að viðurkenningu á nægilega afmörkuðu atriði varðandi kaup og kjör félagsmanna stefnanda, sem vinna hjá LHG, heldur feli krafan í sér, að almennt verði viðurkennt um gildi kjarasamnings. Þannig verði ekki séð, hvort krafan lúti einungis að því, hvort stefnandi telji, að félagsmenn hans hjá LHG eigi að hljóta sömu launahækkanir og þeir félagsmenn, sem vinna hjá Flugleiðum hf., eða því, hvort LHG eigi að sama skapi að þola dóm um hagræðingu í störfum flugvirkja, sem miðuð sé við rekstur og starfsemi Flugleiða hf., en tæplega geti krafa stefnanda lotið að viðurkenningu á vaktafyrirkomulagi og annarri hagræðingu, sem í gildi er hjá óskyldu fyrirtæki. Krafa stefnanda brjóti því í bága við reglur laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, einkum 25. og 80. gr. þeirra, sbr. 50. og 69. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Þrátt fyrir ákvæði 2. tl. 1. mgr. 44. gr. hinna síðarnefndu laga verði ekki lagður dómur á kröfu, sem aðeins lúti að viðurkenningu á því, að um kaup og kjör fari að ákvæðum tiltekins kjarasamnings, án nánari sérgreiningar á því sakarefni, sem stefnandi telur sig verða að fá leyst úr gagnvart stefnda.

Til stuðnings kröfum um málskostnað er vísað til 65. gr. laga nr. 80/1938, sbr. XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Niðurstaða.

Samkvæmt 2. tl. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938 er það hlutverk Félagsdóms að dæma í málum, sem rísa út af ágreiningi um skilning á vinnusamningi eða gildi hans.

Samkvæmt 9. og 10. gr. laga nr. 25/1967 um Landhelgisgæslu Íslands skulu laun og kjör þeirra starfsmanna Landhelgisgæslunnar, sem vinna að staðaldri í landi, vera samkvæmt lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna eða stéttarfélagssamningum viðkomandi starfsmanna. Laun og kjör þeirra starfsmanna, sem vinna að staðaldri við störf á sjó eða í lofti, skulu vera í samræmi við kjarasamninga viðkomandi stéttarfélags, eftir því sem við á, eða eftir sérstökum samningum stéttarfélags við stjórn Landhelgisgæslunnar.

Dómkrafa stefnanda lýtur að því að fá úr því skorið, hvort um kaup og kjör flugvirkja, sem starfa hjá Landhelgisgæslu Íslands, skuli fara samkvæmt kjarasamningi stefnanda og VSÍ vegna Flugleiða hf. frá 12. júní 1994 að öðru leyti en greinir í síðastgildandi samningi málsaðila frá 24. september 1992. Verður ekki annað séð en kröfugerð stefnanda sé skýr að þessu leyti, þar sem krafist er viðurkenningar á því, að umræddur samningur sé stéttarfélagssamningur, sem miða beri laun og kjör starfsmanna Landhelgis-

gæslunnar við samkvæmt 9. gr., sbr. 10. gr. laga nr. 25/1967, en jafnframt fari um kjör þeirra samkvæmt samningi málsaðila frá 24. september 1992.

Stefnandi á lögvarða hagsmuni af því að fá úr ágreiningsefni þessu skorið með dómsúrlausn. Það leiðir af hlutverki Félagsdóms, að dóminum ber að kveða upp viðurkenningardóma um gildi kjarasamninga. Telja verður kröfugerð stefnanda nægilega afmarkaða, og hvorki er á það fallist, að hún brjóti í bága við 25. né 80. gr laga nr. 91/1991, sbr. 69. gr. laga nr. 80/1938.

Ber því að hafna frávísunarkröfu stefnda.

Rétt þykir, að ákvörðun um málskostnað bíði efnisdóms í málinu.

Úrskurðarorð:

Frávísunarkröfu stefnda er hafnað.

Sératkvæði
Ingibjargar Benediktsdóttur og Guðmundar Skaftasonar

Stefndi krefst þess, að málinu verði vísað frá Félagsdómi, eins og fyrr greinir.

Eins og málið liggur fyrir, er ekki vafalaust, að ákvæði þeirra tveggja kjarasamninga, er í dómkröfu stefnanda getur, skarist ekki eða rekist á. Efnisúrlausn kröfunnar veitir ekki svar í því efni. Verður og eigi af kröfugerðinni séð, að unnt sé að ráða ákveðnu afmörkuðu ágreiningsefni til fullnaðarlykta á einn eða annan veg, en við úrlausn slíkra efnisatriða myndi reyna á gildi umræddra kjarasamninga í sambandi við málsástæður. Telst dómkrafan því of almenn til að vera dómtæk. Felur hún því nánast í sér kröfu um álitsgerð Félagsdóms, og ber því samkvæmt 25. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála að vísa henni frá, sbr. 69. gr. laga nr. 80/1938.

Rétt þykir, að aðilar beri hvor sinn kostnað af málinu.

Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá Félagsdómi.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 16. mars 1995.

Nr. 87/1995. **Óli Þ. Barðdal**
(Sigurmar K. Albertsson hrl.)
gegn
Sjóvá-Almennum tryggingum hf.
(Ólafur Axelsson hrl.)

Kærumál. Dómkvaðning matsmanna.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 1. mars 1995, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 10. sama mánaðar. Kæruheimild er í c-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 21. febrúar 1995 um dómkvaðningu matsmanna. Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og breytt á þá leið, að hafnað verði kröfu varnaraðila um, að annar dómkvaddra matsmanna verði lögfræðingur.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur rekur sóknaraðili mál á hendur varnaraðila til heimtu skaðabóta vegna líkamstjóns. Hefur varnaraðili beðið um dómkvaðningu matsmanna til að gefa lýsingu á heilsufarslegu ástandi sóknaraðila og meta fjárhagslega örorku hans. Í þinghaldi 10. febrúar sl. mótmælti sóknaraðili þeirri ráðagerð, að annar dómkvaddra matsmanna yrði lögfræðingur. Voru mótmæli á því reist, að lögfræðingur hefði ekki til að bera meiri þekkingu á matsefninu en dómari, er leggja mun endanlegan dóm á efnishlið málsins, sbr. 2. mgr. 60. gr. laga nr. 91/1991.

Varnaraðili hefur óskað eftir matsgerð og farið þess á leit, að annar matsmanna verði lögfræðingur. Kostnaður vegna matsgerðarinnar fellur á hann sjálfan samkvæmt 2. mgr. 63. gr. laga nr. 91/1991 nema að því leyti, sem tillit kynni að vera tekið til þess kostnaðar við ákvörðun málskostnaðar. Við úrlausn um efnishlið málsins kemur í hlut héraðsdómara að meta sönnunargildi matsgerðarinnar,

þar á meðal, hvort einhverjir þeir brestir kunni að vera á þekkingu matsmanna á matsefninu, sem áhrif hafi á gildi hennar. Standa þá engin rök til þess að játa sóknaraðila rétti til þeirrar íhlutunar í málatilbúnað varnaraðila, sem hér er deilt um. Samkvæmt því verður niðurstaða hins kærða úrskurðar staðfest.

Eftir atvikum er rétt, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 21. febrúar 1995.

Í þinghaldi í máli þessu 10. þ. m. var tekið fyrir að dómkveðja matsmenn að beiðni lögmanns stefnda um dómkvaðningu matsmanna, dags. 28. desember 1994. Dómari lagði til, að dómkvaddir yrðu læknir og lögfræðingur. Dómkvaðningu matsmanna var ekki mótmælt af hálfu lögmanns stefnanda að öðru leyti en því, að hann mótmælti því, að dómkvaddur yrði lögfræðingur sem matsmaður, en kvaðst ekki mótmæla því, að dómkvaddir yrðu tveir læknar. Lögmaður stefnda krafðist þess, að annar dómkvaddra yrði lögfræðingur.

Lögmaður stefnanda kvað ástæðu mótmæla sinna vera þá, að lögfræðingur sem matsmaður hefði ekki til að bera meiri þekkingu en dómarar þeir, sem kunni að leggja endanlegan dóm á deiluefnið, og kvaðst um þetta vísa til 2. mgr. 60. gr. laga nr. 91/1991.

Lögmaður stefnda benti hins vegar á, að fyrir hendi væru lögfræðingar, sem hefðu sérstaka þekkingu á því ágreiningsefni, sem matsmönnum er ætlað að leggja mat á, og reynslu á því sviði.

Að ósk lögmanns stefnanda var málið tekið til úrskurðar um fram komna kröfu lögmanns stefnda um, að annar dómkvaddra matsmanna yrði lögfræðingur.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 60. gr. laga nr. 91/1991 verður að telja, að aðila sé allajafna heimilt, sé lögvörðum hagsmunum til að dreifa, að fá dómkvadda matsmenn, æski hann þess, enda greiðir hann þann kostnað, sem af því leiðir, samkvæmt 2. mgr. 63. gr. sömu laga. Með þessum hætti ber matsbeiðandi sína ábyrgð á því, að dómkvaðning matsmanna fer fram. Um sönnunargildi og þýðingu matsgerðar fer eftir öðrum atvikum, er síðar kunna að koma til. Samkvæmt efni fram lagðrar matsbeiðni lögmanns stefnda þykir ekki óeðlilegt, að annar dómkvaddra matsmanna sé lögfræðingur, og ekki leitt í ljós neitt það, sem mælir sérstaklega gegn því. Ber því

að taka til greina þá kröfu lögmanns stefnda, að annar dómkvaddra matsmanna verði lögfræðingur.

Úrskurðarorð:

Krafa lögmanns stefnda, sbr. beiðni um dómkvaðningu matsmanna í málinu nr. E-8178/1994, að annar dómkvaddra matsmanna verði lögfræðingur, er tekin til greina.

Fimmtudaginn 16. mars 1995.

Nr. 17/1995. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Baldri Stefáni Svavarssyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Skjalafals. Viðurlagaákvörðun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Gunnar M. Guðmundsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Málinu var áfrýjað til Hæstaréttar af hálfu ákærða og ákæruvalds með stefnu 17. janúar 1995. Áfrýjun ákærða miðar eingöngu að endurskoðun hinnar dæmdu refsiákvörðunar. Krefst hann þess, að refsing verði milduð.

Ákæruvaldið krefst þyngingar á hinni áfrýjuðu refsiákvörðun og að ákærði verði dæmdur til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar.

Þau brot, sem ákærði er sakfelldur fyrir, framdi hann aðallega á tímabilinu apríl til ágúst 1994. Brotastarfsemi hans var nánast óslitin og samfelld á þeim tíma. Tékkafals ákærða varð sífellt umsvifameira, er á leið, en fjárhæðir einstakra tékka, sem hann falsaði, urðu í mörgum tilvikum mun hærri á síðari hluta þessa tímabils en verið hafði framan af. Framganga ákærða lýsir hörðum brotavilja, en sum þeirra brota, sem um getur í VI. kafla ákæru, voru framin einungis fáum dögum eftir, að ákærði var dæmdur til óskilorðsbundinnar refsivistar í 15 mánuði með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 9. júní 1994 fyrir brot gegn 155., 244. og 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Að þessu virtu og með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms, sbr. einnig 3. mgr. 159. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. 19. gr. laga nr. 37/1994, verður ákvörðun héraðsdómara um refsingu ákærða staðfest. Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Ákærði, Baldur Stefán Svavarsson, greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 20. desember 1994.

Ár 1994, þriðjudaginn 20. desember, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Sverri Einarssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 961/1994: Ákæruvaldið gegn Baldri Stefáni Svavarssyni, sem tekið er til dóms samdægurs.

Málið er höfðað fyrir dóminum með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 13. desember sl., á hendur ákærða, Baldri Stefáni Svavarssyni, Vallarhúsum 40 í Reykjavík, fæddum 13. október 1972, fæðingarnúmer 554.

Í ákæru segir, að málið sé höfðað á hendur ákærða „fyrir tékkafals með því að hafa á árinu 1994 notað í viðskiptum í Reykjavík, nema annar staður sé tilgreindur, eftirgreinda tékka, sem hann falsaði með útgefandanafnrituninni Kristján Karlsson, nema annað útgefandanafn sé tilgreint, og framvísað við sölu tékkanna ökuskírteini Kristjáns Karlssonar, kt. 110567-5109, sem ákærði hafði falsað með því að setja í það mynd af sér:

– – –

[Hér eru taldir upp 53 tékkar.]

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verið dæmdur til refsingar.

– – –

Nokkrar villur eru í ákæru, þegar hún er borin saman við gögn málsins. Tékkinn í 7. lið VI. kafla er að fjárhæð 19.730 kr., en ekki 19760 krónur, og tékkinn í 4. lið VII. kafla er að fjárhæð 7.000 krónur, en ekki 8.000 krónur. Þá er tékkinn í 15. lið VI. kafla ákæru dagsettur 8. 7., en ekki 8. 6., tékkinn í VIII. kafla dagsettur 29. 7., en ekki 29. 8., og tékkinn í 1. lið IX. kafla ákæru er dagsettur 27. 7., en ekki 27. 8.

Með skýlausri játningu ákærða, sem er í samræmi við annað, sem fram er komið í málinu, er sannað, að hann hefur gerst sekur um það, sem honum er gefið að sök í ákæru með framangreindum athugasemdum, sem ekki skipta máli um sök ákærða, sbr. 1. tl. 117. gr. laga nr. 19/1991. Háttsemi ákærða er rétt færð til refsiákvæðis í ákæru.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hlaut hann tvo dóma árið 1992, báða fyr-

ir skjalafals, annan í maí, en hinn í júní, báða skilorðsbundna í 3 ár, hinn fyrri 4 mánaða fangelsi, en hinn síðari 5 mánaða fangelsi, og var fyrri dómurinn dæmdur með. Þriðja dóminn hlaut ákærði 9. júní sl., 15 mánaða fangelsi fyrir brot á 1. mgr. 155. gr., 244. gr. og 248. gr. almennra hegningarlaga. Var dómurinn frá því í júní 1992 dæmdur með. Auk þessa hefur ákærði þrívegis gengist með sátt undir að greiða sektir, einu sinni árið 1990 og tvívegis árið 1991, fyrst fyrir ölvunarakstur og sætti þá sviptingu ökuleyfis í 12 mánuði, næst fyrir brot á umferðarlögum og síðast fyrir brot á lögum og reglum um ávana- og fíkniefni.

Ákærði er sakfelldur í máli þessu fyrir fölsun og notkun samtals 53 tékka á tímabilinu frá því í janúar og fram í lok ágúst sl. Er samanlögð fjárhæð tékkanna 870.452 krónur. Af tékkunum eru 30 dagsettir fyrir uppsögu dómsins 9. júní sl. og samanlögð fjárhæð þeirra 285.518 krónur. Af hinum eru 22 dagsettir eftir uppsögu dómsins og 4 þeirra þegar næsta dag eftir hana, og tilraunin til sölu tékkans í 6. lið VII. kafla ákæru var gerð 25. júní sl. Þessir 23 tékkar eru að fjárhæð samtals 584.934 krónur. Samkvæmt framansögðu verður ákærða ákvörðuð refsing með hliðsjón af 77. gr. og 78. gr. almennra hegningarlaga, og þykir hún með hliðsjón af hörðum brotavilja ákærða, sem heldur ótrauður áfram brotaferli þegar eftir óskilorðsbundinn refsidóm, m. a. fyrir slíkt athæfi, hæfilega ákveðin fangelsi í 15 mánuði.

Ákærði sat í gæsluvarðhaldi frá 18. september sl. kl. 15.15 til 9. september sl. kl. 16.45, þ. e. í 2 daga, vegna rannsóknar málsins, en var þá látinn hefja afplánun refsivistar. Rétt þykir samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga, að gæsluvarðhald þetta komi refsingu ákærða til frádráttar.

– – –

Dómsorð:

Ákærði, Baldur Stefán Svavarsson, sæti fangelsi í 15 mánuði. Til frádráttar refsingu skal koma seta ákærða í gæsluvarðhaldi í 2 daga.

Ákærði greiði í bætur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. lög nr. 67/1989, nema annars sé getið, til greiðsludags [...].

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með taldar 20.000 krónur í þóknun til skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns.

Fimmtudaginn 16. mars 1995.

Nr. 132/1994. **Ingólfur Aðalbjörnsson**
(Guðmundur Kristjánsson hdl.)
gegn
Snæfellingi hf.
(Magnús Thoroddsen hrl.)

Ráðningarsamningur. Uppsögn. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma Garðar Gíslason hæstaréttardómari, Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari, og Ingibjörg Benediktsdóttir héraðsdómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. mars 1994 og krefst þess, að stefnda verði gert að greiða sér 1.603.338 krónur með dráttarvöxtum. Til vara krefst hann greiðslu á 801.669 krónum og til þrautavara 267.223 krónum. Í öllum tilvikunum krefst hann vaxta, eins og greinir í héraðsdómi, svo og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi gerir þær kröfur, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda dæmt að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

Í 10. gr. ráðningarsamnings, sem aðilar máls þessa gerðu með sér 13. janúar 1992, segir, að framkvæmdastjóri sé ráðinn til reynslu í þrjá mánuði, og samkvæmt 14. gr. gilti samningurinn frá 1. janúar 1992 til 31. mars 1992. Áfrýjandi hélt áfram starfi framkvæmdastjóra hjá stefnda, eftir að greindu tímabili lauk, án þess að nýr skriflegur samningur væri gerður.

Á stjórnarfundi stefnda 9. apríl 1992 var samþykkt tillaga þess efnis, að áfrýjandi „verði ráðinn áfram með eins mánaðar uppsagnarfresti". Hlaut tillagan atkvæði tveggja stjórnarmanna af þremur, en tillaga þriðja stjórnarmanns um þriggja mánaða uppsagnarfrest náði ekki fram að ganga. Í héraðsdómi er rakin bókun, sem gerð var í lok þessa stjórnarfundar. Á stjórnarfundi 27. apríl 1992 var eftirfarandi bókað: „Ráðningarsamningur framkvæmdastjóra. Tekin var fyrir ósk framkvæmdastjóra um hækkun launaliðar samningsins gegn ákvæði um eins mánaðar uppsagnarfrest. Málinu frestað til næsta fundar." Á stjórnarfundi 7. maí 1992 er enn bókað, að málinu

sé frestað. Áfrýjandi gegndi áfram starfi sínu hjá stefnda, þar til honum var sagt upp, án þess að samið væri um lengri uppsagnarfrest.

Samkvæmt því, sem nú var rakið, og að öðru leyti með skírskotun til héraðsdóms ber að fallast á þá úrlausn hans, að stefnda hafi verið heimilt að segja ráðningarsamningnum upp með eins mánaðar fyrirvara.

Með þessum athugasemdum ber að staðfesta héraðsdóm, sem ekki hefur verið gagnáfrýjað. Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Ingólfur Aðalbjörnsson, greiði stefnda, Snæfellingi hf., 75.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Vesturlands 8. febrúar 1993.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 4. febrúar sl., er höfðað fyrir dómþingi Héraðsdóms Vesturlands með stefnu, birtri 2. júní 1993 og þingfestri 9. júní 1993, af Ingólfi Aðalbjörnssyni, kt. 070154-3749, Borgarholti 2, Ólafsvík, á hendur Stefáni Garðarssyni, kt. 160754-2819, Vallholti 4, Ólafsvík, sem stjórnarformanni Snæfellings hf., kt. 560279-0359, Kirkjutúni 2, Ólafsvík, f. h. félagsins.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 1.603.338 kr., en til vara, að stefndi greiði 801.669 kr. Til þrautavara gerir stefnandi þær dómkröfur, að stefndi greiði sér 267.223 kr. Í öllum tilvikum krefst stefnandi ársdráttarvaxta [...]. Þá er krafist málskostnaðar [...].

Stefndi gerir þær dómkröfur, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og stefnandi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað að skaðlausu samkvæmt fram lögðum málskostnaðarreikningi.

II.

Málavextir eru þeir, að stefnandi var ráðinn framkvæmdastjóri Útvers hf., Ólafsvík, með ráðningarsamningi, dags. 10. október 1988. Samkvæmt 12. gr. samningsins skyldi hann gilda ótímabundið að liðinni þriggja mánaða reynsluráðningu, yrðu aðilar um það ásáttir. Uppsagnarfrestur skyldi þá

vera sex mánuðir af beggja hálfu. Stefnandi hélt áfram þessu starfi sínu að loknum reynslutímanum. Hinn 15. október 1991 urðu verulegar breytingar á eignaraðild fyrirtækisins, og var nafni stefnda þá breytt svo sem það er nú. Hinn 30. október 1991 gerðu aðilar með sér samkomulag. Samkvæmt því átti stefnandi að vinna sem framkvæmdastjóri hjá Snæfellingi hf. frá 1. nóvember til 31. desember 1991, nema um annað yrði samið síðar. Hinn 13. janúar 1992 var gerður ráðningarsamningur við stefnanda, þar sem stefnandi var ráðinn framkvæmdastjóri stefnda og fyrirtækjanna Varakolls hf. og Útgerðarfélagsins Tungufells hf. Gildistími samningsins var frá 1. janúar 1992 til 31. mars 1992. Með ábyrgðarbréfi, dagsettu 26. febrúar 1993, var stefnanda sagt upp störfum frá og með næstu mánaðamótum með eins mánaðar uppsagnarfresti. Í bréfinu er vísað til samkomulags aðila, en að öðru leyti skírskotað til ráðningarsamningsins frá 13. janúar 1992.

Stefnandi kveður, að við uppsögnina hafi eftirágreidd mánaðarlaun numið alls 252.097 krónum, sem hafi skipst í fastakaup, 183.060 kr., fasta yfirvinnu, 45.765 kr., og 10,17% orlof á hvort tveggja, 23.272 kr., samtals 252.097 kr. Jafnframt hafi stefndi ávallt greitt 6% lífeyrissjóðsframlag sitt vegna stefnanda, 15.126 kr., beint til stefnda. Samtals hafi föst heildarmánaðarlaun stefnanda því numið 267.223 krónum. Auk þeirra kveðst stefnandi hafa fengið greitt fyrir 600 km mánaðarleg afnot eigin bifreiðar í þágu stefnda skv. akstursgjaldi ríkisstarfsmanna og alla notkun heimasíma.

Stefnandi mótmælti með bréfi sínu, dags. 2. mars 1993, að uppsagnarfrestur hefði byrjað að líða miðað við dagsetningu uppsagnarbréfs og að hann væri einungis einn mánuður. Í bréfinu mótmælti stefnandi uppsagnarfresti, en taldi hann vera sex mánuði samkvæmt áðurnefndum ráðningarsamningi stefnanda og Útvers hf. frá 10. október 1988, sbr. samkomulag frá 30. október 1991. Aldrei hefði verið gengið frá ótímabundnum samningi með skemmri fresti. Í bréfi þessu áskildi stefnandi sér að gera kröfu til launa allan þann uppsagnarfrest, sem hann taldi sig eiga.

Stefndi svaraði þessum mótmælum stefnanda með bréfi, dags. 9. mars sl., þar sem því er haldið fram, að uppsagnarfrestur gildi frá 26. febrúar 1993, og samkvæmt því eigi stefnandi aðeins rétt á launum fyrir marsmánuð 1993 og að starfslok hans skuli vera 31. mars það ár.

Kveðst stefnandi hafa látið af störfum þann dag hjá stefnda fyrir orð stjórnarformanns stefnda, en hafi verið reiðubúinn að starfa áfram út allan þann uppsagnarfrest, sem hann taldi sig eiga.

Í bréfinu er áréttuð sú skoðun meiri hluta stjórnar stefnda, að uppsagnarfrestur sé einn mánuður, og frekari launakröfum stefnanda hafnað. Var skírskotað til tímabundins ráðningarsamnings við stefnanda frá 13. janúar 1992 og

munnlegs samkomulags frá 9. apríl s. á., sem stefnandi kveðst ekki kannast við og þvertekur fyrir að hafa gert.

Með bréfi lögmanns stefnanda, dags. 14. maí 1993, var stefndi krafinn um laun stefnanda í uppsagnarfresti, sem stefnandi taldi sig eiga, þ. e. í 6 mánuði.

III.

Málsástæður stefnanda eru þær, að samkvæmt ráðningarsamningnum 10. október 1988, sem aldrei hafi verið sagt upp og hann telji gilda, eigi hann sex mánaða uppsagnarfrest og þá miðað við mánaðamót. Umrædd uppsögn, sem hafi verið fyrirvaralaus, hafi komið til vitundar sinnar 2. mars 1993 og fresturinn því ekki byrjað að líða fyrr en 1. apríl 1993. Stefndi verði samkvæmt þessu að svara sér bótum, sem svari til sex mánaða launa, og tekur aðalkrafa stefnanda mið af því.

Stefnandi heldur því fram, að samningnum frá 10. október 1988 hafi aldrei verið sagt upp, sem þó hafi verið tilskilið í 12. gr. hans. Í fyrrgreindu samkomulagi frá 30. október 1991 „um starfið, kaup og kjör" hafi verið miðað við samninginn frá 10. október 1988, sbr. lokasetningu þess samkomulags. Ráðagerðir um nýjan samning með gildistíma frá og með 1. apríl 1992 og þá með eins mánaðar uppsagnarfresti hafi aldrei orðið að veruleika.

Varakröfu sína reisir stefnandi á því, að lágmarksuppsagnarfrestur samkvæmt þeim samningskjörum, sem stefnandi hafi notið, sé þrír mánuðir, og því geti eins mánaðar uppsögn, sem stefndi haldi fram, ekki staðist.

Þrautavarakröfu sína reisir stefnandi á því, að uppsögnin hafi tekið gildi 1. maí 1993.

Um lagarök vísar stefnandi til almennra reglna vinnu- og skaðabótaréttar svo og reglna samningaréttar um ákvæðir og þeirrar meginreglu, að samningar skuli standa. Um dráttarvexti vísar stefnandi til laga nr. 25/1987 og styður kröfu um málskostnað lögum nr. 91/1991. Stefnandi kveðst vera óskráður aðili, að því er varði þessa kröfugerð, og beri því nauðsyn til dóms að teknu tilliti til virðisaukaskatts á málskostnað.

IV.

Stefndi reisir kröfur sínar á því, að ráðningarsamningur stefnanda við Útver hf. frá 10. október 1988 hafi ekkert gildi í málinu. Ráðningarsamningurinn frá 13. janúar 1992 gildi í lögskiptum aðila með þeirri breytingu einni, að stefndi hafi samþykkt á stjórnarfundi 9. apríl 1992 að veita stefnanda eins mánaðar uppsagnarfrest. Aðrar breytingar hafi ekki verið gerðar á samningnum, og hafi stefnandi haldið áfram að vinna með þeim kjörum, sem ráðningarsamningurinn hafi mælt fyrir um.

Stefndi mótmælir því sérstaklega, að lágmarksuppsagnarfrestur stefnanda sé þrír mánuðir, þar sem samið hafi verið um annað.

Stefndi heldur því fram, að uppsagnarbréfið hafi verið afhent á pósthúsinu í Ólafsvík 26. febrúar 1993. Póstþjónustan sé löglegur flutningsaðili orðsendinga. Uppsagnarfrestur teljist því frá þeim degi miðað við næstu mánaðamót, sbr. 2. mgr. 2. gr. l. nr. 7/1936, sbr. og 61. gr. l. nr. 39/1922 svo og 14. gr. l. nr. 44/1976. Stefndi mótmælir því sérstaklega, að uppsögnin þurfi að hafa komið til vitundar stefnanda fyrir 1. mars 1993; það nægi, að hún hafi verið afhent á póststöð fyrir þann tíma.

V.

Eins og fram hefur komið í málavaxtalýsingu, hóf stefnandi máls þessa störf sem framkvæmdastjóri hjá Útveri hf. í október 1988 og gerði ráðningarsamning við Útver hf. 10. október 1988, en 15. október 1991 breytti félagið um eignaraðild og nafn.

Skömmu eftir þessar breytingar á eignaraðild gerðu aðilar málsins með sér samkomulag, dagsett 30. október 1991, þar sem stefnandi réð sig tímabundið sem framkvæmdastjóra stefnda í þrjá mánuði til reynslu, en að öðru leyti var vísað til fyrri samnings hans og Útvers hf. um starfið, kaup og kjör. Þar sem stefnandi hélt áfram starfi sínu eftir þennan reynslutíma, ber að líta svo á, að hinn fyrri samningur hafi tekið gildi og gilt allt til þess, að stefnandi gerði nýjan samning við stefnda 13. janúar 1992. Sá samningur var einnig tímabundinn í þrjá mánuði, en vísaði ekki til fyrri samnings. Verður því að líta svo á, að með þeim samningi hafi fallið úr gildi samningur stefnanda og Útvers hf. frá 10. október 1988. Stefnandi hélt áfram störfum sínum hjá stefnda, eftir að reynslutíma hans lauk, án þess að nýr samningur væri gerður og samkvæmt framansögðu því án samningsbundins uppsagnarfrests, en sá samningur að öðru leyti í gildi um starfskjör stefnanda.

Hins vegar liggur frammi í málinu fundargerð af fundi stjórnar stefnda frá 9. apríl 1992, þar sem fram kemur, að rætt var um endurskoðun ráðningarsamnings framkvæmdastjóra og tillaga um eins mánaðar uppsagnarfrest samþykkt með atkvæði stjórnarformanns, en atkvæði fallið jafnt. Eftir að stefnandi kom á fund, segir í fram lagðri bókun: „Rætt um ráðningarsamninginn við framkvæmdastjóra. Ingólfur sagðist taka samningi með eins mánaðar uppsagnarfresti, en óskaði eftir endurskoðun á launalið samningsins. Málinu því frestað.“ Undir þessa bókun ritar Atli Alexandersson meðstjórnandi.

Stefnandi hefur haldið því fram, að endurskoðun launa sinna væri skilyrði þess, að hann tæki eins mánaðar uppsagnarfresti. Ekki liggur fyrir, að stefnandi hafi gert frekari reka að gerð samnings við stefnda síðar um

breytt launakjör eða þeim verið breytt. Er það álit dómsins, að framangreind bókun sé nægilega skýr og skilyrðislaus, enda engum öðrum samningsbundnum né lögákveðnum ákvæðum til að dreifa um uppsagnarfrest stefnanda.

Var því í gildi samningur milli aðila frá 13. janúar 1991 með óbreytt kjör nema með eins mánaðar uppsagnarfresti.

Fram hefur verið lagt í málinu uppsagnarbréf til stefnanda, dagsett 26. febrúar 1993. Var það ritað, er stefnandi var í fríi frá störfum hjá stefnda. Í aðilaskýrslu hér fyrir dómi bar stjórnarformaður stefnda, að bréfið hefði verið afhent á pósthúsi um kl. 15.30 eða um „kaffileytið" 26. febrúar 1993. 26. febrúar bar upp á föstudag það ár. Verður því að telja vafasamt, að tilkynning um ábyrgðarbréf hafi borist stefnanda fyrir mánaðamót febrúar/mars og hann því átt kost á að kynna sér efni þess. Ber því að líta svo á, að uppsagnarfrestur stefnanda hafi byrjað að líða 1. apríl 1993.

Samkvæmt framansögðu verður þrautavarakrafa stefnanda tekin til greina, en ekki er uppi tölulegur ágreiningur í málinu.

Eftir þessari niðurstöðu ber stefnda að greiða stefnanda 100.000 kr. í málskostnað. Við ákvörðun málskostnaðar hefur verið tekið tillit til þeirrar skyldu stefnanda að greiða virðisaukaskatt af málflutningsþóknun.

Hervör Þorvaldsdóttir héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Snæfellingur hf., greiði stefnanda, Ingólfi Aðalbjörnssyni, 267.223 kr. ásamt dráttarvöxtum skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá 1. maí 1993 til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda 100.000 kr. í málskostnað.

Fimmtudaginn 16. mars 1995.

Nr. 139/1992. **Böðvar Bjarnason**
(Arnmundur Backman hrl.)
gegn
Bjarna Böðvarssyni
(Hákon Árnason hrl.)

Skaðabótamál. Vinnuslys. Námssamningur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. mars 1992 að fengnu áfrýjunarleyfi 13. sama mánaðar. Hann krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 3.378.900 krónur með einföldum vöxtum af almennum sparisjóðsbókum frá slysdegi 9. október 1986 til 14. apríl 1987 og vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til 20. desember 1989, en með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr., sbr. 15. gr. vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags, allt að frádreginni 692.281 krónu, sem greidd var inn á kröfuna úr þrotabúi Raftækjaverksmiðjunnar hf. 30. júní 1992. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Bú Raftækjaverksmiðjunnar hf. í Hafnarfirði (RAFHA hf.) var tekið til gjaldþrotaskipta 31. janúar 1991. Skiptum lauk 7. desember 1992, og greiddust 26,639 hundraðshlutar upp í almennar kröfur. Hinn 30. júní 1992 fékk áfrýjandi úthlutað 692.281 krónu úr þrotabúinu, og tók hann við fjárhæðinni sem fullnaðargreiðslu af hendi þess. Fyrir Hæstarétti var lýst yfir því af hálfu áfrýjanda, að fallið væri frá kröfum á hendur þrotabúi RAFHA hf.

Málavöxtum er lýst í hinum áfrýjaða dómi. Þar kemur fram, að áfrýjandi hafði verið á fjögurra ára námssamningi í húsasmíði hjá stefnda, föður sínum, þegar hann varð fyrir slysi því, sem mál þetta fjallar um. Fyrir Hæstarétt hefur verið lagður námssamningur aðila, sem staðfestur var af Iðnfræðsluráði 2. júní 1982. Samkvæmt honum

hófst námstíminn 1. janúar 1982, og skyldi honum ljúka í desember 1985. Áfrýjandi var að vinna við innréttingar á verslunarhúsnæði fyrir RAFHA hf., þegar slysið varð 9. október 1986. Stefndi bar fyrir lögreglu þann dag, að hann hefði lánað smiði til verksins, þar á meðal áfrýjanda, sem væri nemi í húsasmíði og ætti að ganga undir sveinspróf eftir vikutíma. Fyrir dómi sagði áfrýjandi, að hann hefði verið búinn með námssamninginn, þegar þetta gerðist, en ekki að fullu lokið iðnskóla. Samkvæmt 1. mgr. 52. gr. reglugerðar nr. 558/1981 um iðnfræðslu skal meistari snúa sér til formanns viðkomandi prófnefndar með beiðni um, að nemi fái að ganga undir sveinspróf, þegar hann hefur lokið iðnnámi. Samkvæmt 3. mgr. sömu greinar getur Iðnfræðsluráð heimilað nemanum að þreyta sveinspróf, ef tveir mánuðir eða skemmri tími eru eftir af námstíma samkvæmt námssamningi, enda hafi hann þá lokið burtfararprófi frá iðnfræðsluskóla. Eins og að framan greinir, rann námssamningur aðila út um áramót 1985/1986. Engin gögn liggja fyrir um það, að samningurinn hafi verið framlengdur eða Iðnfræðsluráð þurft að heimila próftöku. Samkvæmt framansögðu þykir ekki unnt að miða við, að stefndi hafi borið ábyrgð gagnvart áfrýjanda eins og meistari gerir gagnvart nema sínum.

Eins og lýst er í hinum áfrýjaða dómi, vann áfrýjandi ásamt þremur öðrum starfsmönnum stefnda við breytingar á húsnæði RAFHA hf. Við verkið unnu einnig starfsmenn RAFHA hf. Í ljós er leitt, að félagið leitaði til stefnda um vinnu þessa, en engin gögn liggja fyrir um það, á hvern veg samdist milli þeirra. Fallist er á það með héraðsdómi, sem skipaður var sérfróðum meðdómendum, að slysið verði rakið til vanbúnaðar á vélsöginni og að áfrýjandi eigi sjálfur nokkra sök á, hvernig fór. Þá verður einnig að telja ósannað gegn mótmælum stefnda, að hann hafi haft starfsskipunarvald og verkstjórn með höndum við þá vinnu, sem fram fór í húsnæði RAFHA hf. Ber því að sýkna stefnda af öllum kröfum áfrýjanda.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, svo sem í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Stefndi, Bjarni Böðvarsson, skal vera sýkn af kröfum áfrýjanda, Böðvars Bjarnasonar.

Áfrýjandi greiði stefnda 180.000 krónur samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Sératkvæði
Hjartar Torfasonar

Stefndi er húsasmíðameistari og rak byggingarfyrirtæki í Hafnarfirði, þegar atvik máls þessa gerðust. Var áfrýjandi einn fjögurra starfsmanna, sem hann sendi til vinnu fyrir Rafha hf. í atvinnuhúsnæði félagsins. Áttu þeir að ljúka við innréttingu og breytingu á húsnæðinu ásamt nokkrum starfsmönnum félagsins sjálfs, sem komnir voru áleiðis með þetta verkefni. Áfrýjandi var ekki fullnuma í trésmíðaiðn, en hinir starfsmennirnir frá stefnda voru iðnlærðir. Enginn verkstjóri frá Rafha hf. var yfir verkinu, heldur heyrði það beint undir framkvæmdastjóra félagsins. Stefndi vann ekki að því sjálfur, en kom á staðinn öðru hverju þær fjórar vikur, sem áfrýjandi starfaði þar. Verk starfsmanna stefnda voru unnin í tímavinnu, og tók hann greiðslu fyrir þau frá Rafha hf. samkvæmt töxtum fyrir útselda vinnu. Var þar innifalin greiðsla fyrir launatengdan kostnað vegna starfsmannanna, þar á meðal iðgjöld slysatrygginga, auk þóknunar til stefnda og þeirra launa, sem hann greiddi starfsmönnunum. Ekki er fram komið, að hann hafi lagt tæki til verksins.

Um tilhögun og skiptingu verka á vinnustað er fáu til að dreifa, en starfsmenn virðast hafa ráðið þessu sín í milli að verulegu leyti, án þess að einn hefði yfir öðrum að segja. Eins og málið liggur fyrir, verður staða áfrýjanda við verkið ekki metin eftir því, að hann hafi verið í námi hjá stefnda. Eigi að síður mátti hann gera ráð fyrir að geta leitað til stefnda um tilsögn og aðbúnað við verkið, enda leit hann á stefnda sem yfirmann sinn. Jafnframt verður að ætla, að hann hafi mátt vænta stuðnings frá hinum iðnlærðu starfsmönnum stefnda, sem með honum voru. Gagnvart Rafha hf. var stefndi verktaki eða vinnusali, sem lagði mannafla til smíðavinnu gegn gjaldi. Um annað inntak samnings þeirra er allt óljóst, og hvorki stefndi né framkvæmdastjóri félagsins komu fyrir dóm í málinu. Stefndi heldur því fram, að hann hafi afsalað sér allri verkstjórn og boðvaldi gagnvart starfsmönnum sínum og öðrum afskiptum af verkinu. Af hálfu

þrotabús félagsins er hins vegar staðhæft, að starfsmenn þess eða fyrirsvarsmenn hafi ekki haft skipunarvald yfir starfsmönnum stefnda, og hafi þeir verið háðir leiðbeiningum og eftirliti hans sjálfs. Eins og sönnunargögnum er varið, hefur stefndi ekki hnekkt þessu. Verður við það að miða, að hann hafi átt þess kost að líta eftir starfsmönnum sínum og segja þeim til eftir þörfum og gert það að einhverju marki. Jafnframt hafi honum verið eða mátt vera kunnugt, hvernig aðstöðu við verkið og tækjakosti var háttað. Þegar litið er til alls þessa, verður að ályktа, að stefndi hafi ekki verið undanþeginn ábyrgð á því, að áfrýjandi tókst á hendur vinnu við vanbúna og slitna vélsög frá Rafha hf. Til þess vanbúnaðar verður það rakið, að áfrýjandi slasaðist við tækið, og á stefndi að bera ábyrgð gagnvart honum á afleiðingum slyssins að óskiptu með félaginu. Telja verður þó, að ógætni áfrýjanda hafi átt nokkurn þátt í slysinu, og eigi hann sjálfur að bera tjón sitt af því að 1/4 hluta.

Samkvæmt þessu er það niðurstaða mín, að stefnda beri að bæta áfrýjanda 3/4 hluta af tjóni hans vegna slyssins að frádregnu því, sem hann hefur fengið greitt úr þrotabúi Rafha hf., ásamt bótum til hans úr lögmæltri og samningsbundinni slysatryggingu á vegum stefnda. Þá greiði stefndi honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Þar sem niðurstaða annarra dómenda er á þann veg, að sýkna eigi stefnda, eru ekki efni til að gera málinu frekari skil.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 30. september 1991.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 17. september sl., er höfðað hér fyrir dóminum með stefnu, birtri 4. október 1990.

Stefnandi er Böðvar Bjarnason, kt. 301065-5239, Háaleitisbraut 46, Reykjavík, en stefndu eru þrotabú Raftækjaverksmiðju Hafnarfjarðar hf. (RAFHA hf.), kt.530269-1089, Lækjargötu 22, Hafnarfirði, og Bjarni Böðvarsson húsasmíðameistari, kt. 131134-3399, Hamrabakka 19, Seyðisfirði.

Vátryggingafélagi Íslands, Ármúla 3, Reykjavík, hefur verið stefnt til réttargæslu í málinu.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða stefnanda 3.378.900 kr. með [nánar tilgreindum vöxtum svo og málskostnað].

Stefnda, þrotabú RAFHA hf., krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar [...].

Stefndi, Bjarni, krefst þess, að hann verði alsýknaður af kröfum stefnanda og sér tildæmdur málskostnaður úr hans hendi [...].

Á hendur réttargæslustefnda eru ekki gerðar neinar kröfur, og ekki gerir hann kröfur í málinu.

Sáttatilraunir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

I.

Hinn 9. október 1986 um kl. 17.00 var stefnandi að vinna í húsnæði RAFHA hf. að Lækjargötu 22, Hafnarfirði. Var hann ásamt öðrum að vinna við að breyta hluta húsnæðisins í verslunarhúsnæði. Stefnandi var þá nemi á 4. ári í húsasmíði hjá föður sínum, stefnda Bjarna. Stefnandi notaði við vinnu sína vélsög, sem var í eigu RAFHA hf. Vélsög þessi var „heimasmíðuð" og án öryggisbúnaðar. Stefnandi varð fyrir slysi, er hann var að vinna við sögina. Enginn sjónarvottur var að slysinu.

Í skýrslu Vinnueftirlits ríkisins er nánari tildrögum svo lýst: „Fyrirtækið RAFHA hf. vann að innréttingabreytingum. Byggingarverktaki, Bjarni Böðvarsson, til heimilis að Hamarsbraut 3, Hafnarfirði, lánaði þrjá menn til verksins. Einn þeirra, Böðvar, var að vinna í hjólsög, sem er „heimasmíðuð", bæði blaðhlífa- og kleyfislaus, og er eign RAFHA hf., við að saga niður í fleyga. Til þess notaði hann sérstakan máta, sem hann renndi fram og aftur, landmegin við sagarblaðið. Mátinn er um 18 cm breiður og um 25 cm langur. Úr langhlið mátans er búið að saga fleygmyndað stykki eða gróp, sem markar stærð og gerð þeirra fleyga, sem búa á til. Í þetta gróp er svo fleygaefninu stungið og rennt gegnum sögina. Oftast er um fjöldaframleiðslu að ræða, og var svo hér í þessu tilviki.

Að sögn slasaða hafi hann verið búinn að saga fleyginn og verið að draga mátann til baka, þegar sagarblaðið greip í mátann. „Þetta gerðist eldsnöggt, mér brá, og ég missti jafnvægið og rak höndina í blaðið. Neðan í mátanum er far, sem sýnir, að hann hefur „skrallað" ofan á blaðinu. Til að blaðið geti náð í mátann á þeim stað, sem farið byrjar, hefur það annaðhvort gerst, að fleygurinn hefur verið í grópinu, þegar mátinn var dreginn til baka, eða mátinn snúist að blaðinu.

Enginn kleyfir var á söginni, og tel ég, að hann hefði komið í veg fyrir þetta slys, hvort sem fleygurinn hefði verið í grópinu, þegar mátinn var dreginn til baka, eða mátinn snúist án fleygsins.

Undirritaður mældi hæð blaðsins upp úr borði 2,5 cm, sem ég tel eðlilegt miðað við efnisþykktina, sem var 2,3 cm. Blaðið var upphaflega með 24 ákveiktum karbíttönnum, en níu þeirra voru horfnar eða brotnar að hluta."

Lögregla var einnig til kvödd og stefnanda komið undir læknishendur. Í

læknisvottorði Rögnvalds Þorleifssonar, dags. 27. mars 1988, segir m. a. um afleiðingar slyssins og batahorfur stefnanda:

„Þ. 9. 10. 1986 slasaðist Böðvar Bjarnason með þeim hætti, að hann rak fingur hæ. handar í vélsög og sagaðist við það rúmlega helmingur framan af fjærkjúku þumalsins og mjúkvefir tættust verulega lófa megin á baugfingri og einnig langatöng, og lítils háttar sáraverkar komu í góminn á baugfingri. Húð var saumuð yfir stúfinn á þumalfingri. Þá var gert að sáraverkunum á vísifingri. Þar voru beygisinar heilar, en önnur tilfinningataugin hafði höggvist sundur á tveimur stöðum, og var ekki reynt að gera við hana. Á löngutöng höfðu sinar höggvist í sundur, og var gert að þeim. Þar hafði einnig önnur tilfinningataugin höggvist í sundur á tveimur stöðum a. m. k. og var af þeim sökum ónýt. Þessir áverkar á taugarnar voru á miðkjúku hvors fingurs. Húðsár á baugfingri var saumað."

– – –

II.

Aðilar deila um, hjá hvorum stefnandi hafi unnið, er slysið varð, stefnda, RAFHA hf., eða föður sínum, stefnda Bjarna.

Komið hefur fram við skýrslutöku fyrir dómi, að RAFHA hf. var að breyta hluta húsnæðis síns í verslunarpláss. Stóðu framkvæmdir í nokkra mánuði, og voru aðeins starfsmenn RAFHA hf. að störfum fyrst í stað. Þurfti að rífa niður loft, klæða loft og veggi, smíða innréttingar o. fl. Framkvæmdastjóri RAFHA hf. hafði yfirumsjón með þessum breytingum, og hafði verið ákveðið að opna verslunina á tilteknum degi, er félagið átti afmæli. Þegar sýnt þótti, að ekki tækist að ljúka verkinu fyrir þann dag með óbreyttum fjölda starfsmanna, var ákveðið að leita til stefnda, Bjarna, sem er húsasmíðameistari. Sendi hann stefnanda til RAFHA hf. og síðan þrjá menn til viðbótar.

Óumdeilt er í málinu, að stefndi, Bjarni, greiddi sínum mönnum laun áfram, meðan þeir voru tímabundið hjá RAFHA hf., en RAFHA hf. greiddi síðan Bjarna í formi útseldrar vinnu.

Stefndi, Bjarni, kom ekki fyrir dóm, en í aðilaskýrslu hans segir, að hann hafi „lánað" stefnanda stefnda, RAFHA hf., u. þ. b. fjórum vikum áður en slysið varð. Hann hafi sjálfur ekkert komið að verkinu og mennirnir allir unnið undir stjórn RAFHA hf.

Stefnandi skýrði svo frá fyrir dómi, að enginn verkstjóri hefði verið á staðnum. Hann hefði þó litið svo á, að stefndi, Bjarni, væri verkstjóri, og hefði hann komið nokkrum sinnum á staðinn. Dagleg verkstjórn hefði ekki verið, heldur hefði hann og samstarfsmenn hans frá RAFHA hf. komið sér saman um, hvernig best væri að standa að verki.

Smiðirnir Bóas Jónsson og Finnur Óskarsson, báðir starfsmenn RAFHA hf., komu fyrir dóm. Þeir unnu í álgluggadeild RAFHA hf., en voru settir í þetta verk og unnu með stefnanda. Þeir skýra svo frá, að engin dagleg verkstjórn hafi verið, og hafi það verið óþarft, þar sem um tiltölulega einföld störf var að ræða. Ef einhver hafi haft verkstjórn á hendi, hafi það helst verið framkvæmdastjóri félagsins, en hann kom oftast í lok vinnudags til að fylgjast með verkinu. Hann hafi skipulagt verkið, tekið ákvarðanir um, hvaða veggi skyldi brjóta niður, ráðið pípulagningamenn og tekið ákvörðun um að fá fleiri smiði til verksins, svo að það gengi hraðar.

Finnur kvað stefnda, Bjarna, hafa komið nokkrum sinnum á vinnustaðinn og stundum fundið að vinnubrögðum þeirra. Bóas varð hins vegar aldrei var við, að stefndi Bjarni skipti sér af verkinu.

– – –

Stefnandi telur sannað í máli þessu, að öryggisbúnaður á vélsöginni hafi enginn verið og ekkert hafi komið fram í málinu um, að slíkur búnaður hafi verið til á slysstað. Komið hafi fram, að hefðu öryggishlífar verið á vélsöginni, hefði mátt koma í veg fyrir slysið. Þá hafi komið fram í málinu, að sagarblað var gallað, er stefnanda var fengið það til þess að vinna með. Útbúnaði vélsagarinnar hafi að öðru leyti verið ábótavant, þegar litið sé til þess verks, sem verið var að vinna. Enn sé þess að geta, að leiðbeiningum og verkstjórn af hálfu stefnda, RAFHA hf., og/eða stefnda, Bjarna, hafi verið mjög ábótavant, enda ekki upplýst í málinu, hver hafði verkstjórn á slysstað. Umrætt slys verði einungis rakið til vanbúnaðar vélsagarinnar og skorts á leiðbeiningum og verkstjórn, sem stefndu, RAFHA hf., og/eða Bjarni, beri fébótaábyrgð á samkvæmt reglum íslensks réttar um skaðabótaábyrgð utan samninga, auk þess sem stefndu hafi ekki gætt ákvæða 46. gr., 1. mgr., laga nr. 46/1980 né ákvæða 13. gr. b reglna nr. 77/1982, og beri þeir því óskipt fulla fébótaábyrgð á slysi þessu.

Stefnda, þrotabú RAFHA hf., styður sýknukröfu sína þeim rökum, að stefnandi hafi verið starfsmaður meðstefnda, Bjarna Böðvarssonar. Hann hafi greitt stefnanda laun og stefnandi verið algerlega háður leiðbeiningum hans og verkstjórn. Stefnda, þrotabú RAFHA hf., hafi því ekki borið að hafa verkstjórn með höndum, enda hafi stefnda ekki haft þá stöðu gagnvart stefnanda að geta stjórnað vinnu hans. Verði hins vegar talið, að stefnda hafi borið að hafa verkstjórn í starfi stefnanda, heldur stefnda því fram, að ósannað sé af hálfu stefnanda, að sú verkstjórn hafi leitt til þess slyss og tjóns, er stefnandi varð fyrir.

Kröfu um sýknu styður stefnda í fyrsta lagi þeim rökum, að því verði ekki gefið að sök, að stefnandi varð fyrir fyrrgreindu slysi. Það hafi ekki

verið stefnda, sem fól stefnanda að vinna við fyrrgreinda vélsög, heldur vinnuveitandi stefnanda, þ. e. Bjarni Böðvarsson.

Kröfu um sýknu reisir stefnda jafnframt á reglum skaðabótaréttar um áhættutöku. Á þeim tíma, er slysið varð, hafi stefnandi verið að ljúka sveinsprófi í húsasmíði og því alvanur vinnu við vélsagir. Þegar stefnanda var falið að vinna við þá vélsög, er hann slasaðist við, hafi honum verið kunnugt um, að vélin hafði ekki þær öryggishlífar, sem krafist er. Þrátt fyrir þessa vitneskju stefnanda hafi hann tekið þá áhættu að vinna við vélina, og því beri að alsýkna stefnda af kröfu stefnanda.

Þá styður stefnda sýknukröfu sína því, að slysið hafi algerlega og eingöngu verið sök stefnanda sjálfs, og verði stefnandi að bera tjón sitt sjálfur. Vegna menntunar og reynslu stefnanda við smíðar hafi honum verið kunnugt um, að vél sú, sem hann fór að vinna við, hafði ekki þær öryggishlífar, sem krafist er. Stefnandi hafi engar athugasemdir gert við að vinna við þá vél þrátt fyrir augljósa vöntun á öryggisbúnaði. Jafnframt sé í ljós leitt, að gáleysi stefnanda sjálfs við vélsögina hafi valdið slysi stefnanda.

Fram kom í umsögn Vinnueftirlits ríkisins, að líkleg ástæða slyssins væri, að fleygur hefði enn verið í grópinu, er stefnandi dró mátann til baka, eða að stefnandi hefði ekki haldið mátanum frá sagarblaðinu.

Varakröfu um verulega lækkun stefnukrafna reisir stefnda á því, að stefnandi eigi sjálfur meginsök á slysinu með gáleysi sínu.

Stefnda mótmælir fjárkröfum stefnanda sem allt of háum og í ósamræmi við dómvenju.

Stefnda telur varanlega örorku stefnanda ekki vera í þeim mæli og með þeim hætti, að líklegt sé, að stefnandi verði fyrir vinnutekjutapi til frambúðar, er líkindareikningur Jóns E. Þorlákssonar gerir ráð fyrir.

Stefnda telur, að vegna skattfrelsis bótanna beri við ákvörðun þeirra að draga frá þann hluta bótanna, er ella hefði gengið til opinberra gjalda. Jafnframt beri að virða til lækkunar bóta hagræði stefnanda af eingreiðslu þeirra.

Miskabótakröfu stefnanda er mótmælt sem of hárri og í ósamræmi við dómvenju.

Vaxtakröfum stefnanda er mótmælt sem of háum. Með vísan til III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 er því sérstaklega mótmælt, að krafa stefnanda beri dráttarvexti frá 14. apríl 1987. Jafnframt er mótmælt kröfum stefnanda um, að vextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, fyrst 9. október 1987, en til vara 10. ágúst 1989.

Stefndi, Bjarni, styður sýknukröfu sína þeim rökum, að hann hafi ekki verið húsbóndi stefnanda í skilningi bótaréttar. Verk það, sem stefnandi vann við,

hafi verið unnið í þágu RAFHA hf., en ekki stefnda. Það hafi verið í húsakynnum RAFHA hf., með vélum þess og undir verkstjórn, starfsskipunarvaldi og starfseftirliti RAFHA hf. Stefndi Bjarni hafi þar hvergi nærri komið.

Stefnda, RAFHA hf., teljist því húsbóndi stefnanda að bótarétti, er slysið varð, en ekki stefndi, Bjarni. Þá verði slysið ekki heldur rakið til sakar starfsmanna stefnda, Bjarna, en ljóst sé einnig, að stefndi hafði ekki húsbóndavald yfir starfsmönnum sínum, eftir að þeir fóru yfir til RAFHA hf. Þá sé einnig ljóst, að stefndi hafði ekki starfsskipunarvald yfir þeim starfsmönnum RAFHA hf., sem unnu við breytingar á húsnæðinu.

Af skýrslu vinnueftirlits sé ljóst, að slysið megi rekja til vanbúnaðar vélsagarinnar svo og ógætni stefnanda sjálfs. Hann hafi ekki gætt þess að halda mátanum frá sagarblaðinu eða að fleygur væri ekki í grópinu, þegar hann dró mátann til baka. Þá hafi stefnandi ekki kvartað um hlífarleysi vélarinnar, en miðað við námsaldur hafi honum átt að vera ljós hættan af hlífarleysi vélarinnar og nauðsyn á ýtrustu aðgæslu við verkið. Hann eigi því sjálfur verulega sök á slysinu.

Jafnvel þótt talið verði, að stefndi, Bjarni, hafi verið húsbóndi stefnanda í skilningi skaðabótaréttar umrætt sinn, skorti eftir sem áður þau grundvallarskilyrði að sanna sök hans eða starfsmanna hans annars vegar eða sýna fram á galla eða bilun í tækjum stefnda hins vegar. Á öðrum grundvelli verði ábyrgð ekki á hann lögð.

Þá bendir stefndi einnig á, að vinnuveitandi geti aldrei borið ábyrgð á öðrum vinnustað en sínum eigin.

Stefndi mótmælir stefnukröfum sem allt of háum og í ósamræmi við dómvenju. Kröfur stefnanda um bætur fyrir vinnutekjutap vegna örorku af völdum slyssins reisi stefnandi á líkindareikningi tryggingastærðfræðings. Beri við bótaákvörðun að virða til lækkunar, að starfstekjur stefnanda hafi ekki skerst til frambúðar, svo að séð verði.

– – –

IV.

Óumdeilt er í málinu, að stefndi, Bjarni, greiddi stefnanda laun í þann tíma, er stefnandi vann við breytingar á verslunarhúsnæði RAFHA hf. Stefndi, Bjarni, fékk hins vegar greitt frá RAFHA hf. í formi útseldrar vinnu.

Hins vegar þykir ósannað gegn mótmælum stefnda, Bjarna, að hann hafi haft starfsskipunarvald og verkstjórn undir höndum við þá vinnu, sem fram fór í húsnæði RAFHA hf. Vélsögin var í eigu RAFHA hf. og í húsnæði

þess. Verður því að telja, að stefnandi hafi unnið í þágu RAFHA hf., en ekki stefnda, Bjarna, og verður hann sýknaður af öllum kröfum stefnanda.

Fram hefur komið, að öryggishlíf var ekki á vélsöginni, er slysið varð. Það er álit dómsins, að umrætt slys verði eingöngu rakið til vanbúnaðar vélsagarinnar, sem stefnda, RAFHA hf., beri fébótaábyrgð á.

Hins vegar þykir verða að líta til þess, að stefnandi var nemi á fjórða og síðasta ári í húsasmíði, er slysið varð. Hafði hann því nokkra reynslu, en hreyfði ekki athugasemdum vegna vanbúnaðar vélarinnar. Þykir hann því eiga nokkra sök á því, hvernig fór. Rétt þykir því að skipta sök á slysi þessu og telja stefnanda eiga sjálfan fimmtung sakar. Verður stefnda, þrotabú RAFHA hf., því dæmt til að bæta stefnanda tjón hans að 4/5 hlutum.

– – –

Samkvæmt ofanrituðu telst óbætt tjón stefnanda hæfilega ákveðið 1.750.000 kr. Ber að dæma stefnda, þrotabú RAFHA hf., til að greiða stefnanda 4/5 hluta þess, 1.400.000 krónur.

Aðilar deila um vexti. Í samræmi við dómvenju verða dæmdir einfaldir vextir af almennum sparisjóðsbókum í Landsbanka Íslands frá slysdegi til 14. apríl 1987, en frá þeim degi skv. 7. gr. laga nr. 25/1987, sbr. 2. gr. laga nr. 67/1989, til dagsins í dag. Dráttarvextir skv. III. kafla vaxtalaga verða fyrst dæmdir frá dómsuppsögudegi til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum verður stefnda þrotabú RAFHA hf., dæmt til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 230.000 kr. með virðisaukaskatti, og er þá tekið tillit til útlagðs kostnaðar stefnanda vegna máls þessa.

Eins og að framan er rakið, verður stefndi, Bjarni, sýknaður af öllum kröfum stefnanda, og verður stefnandi dæmdur til að greiða honum 120.000 kr. í málskostnað, þ. m. t. virðisaukaskatt.

Gunnar Aðalsteinsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnunum Bergmundi E. Sigurðssyni húsasmíðameistara og Kristni Þ. Sigurðssyni húsasmið.

Dómsorð:

Stefnda, þrotabú Raftækjaverksmiðjunnar í Hafnarfirði hf., greiði stefnanda, Böðvari Bjarnasyni, 1.400.000 kr. með 9% ársvöxtum frá 9. október 1986 til 20. janúar 1987, með 10% frá þeim degi til 21. febrúar 1987, með 11% frá þeim degi til 14. apríl 1987, með vöxtum skv. 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 2. gr. laga nr. 67/1989, frá þeim degi til 30. september 1991, en með dráttarvöxtum skv. III. kafla

vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags og 230.000 kr. í málskostnað, sem beri dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga að liðnum 15 dögum eftir dómsuppsögu og til greiðsludags.

Stefndi, Bjarni Böðvarsson, skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda í máli þessu, og greiði stefnandi honum 120.000 kr. í málskostnað, sem beri dráttarvexti skv. III. kafla laga nr. 25/1987 að liðnum 15 dögum eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Fimmtudaginn 16. mars 1995.

Nr. 11/1995. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Karli Magnússyni
(Örn Clausen hrl.)

Bifreiðar. Umferðarlög. Ölvunarakstur. Ökuleyfissvipting. Ítrekun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma Garðar Gíslason hæstaréttardómari, Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari, og Ingibjörg Benediktsdóttir héraðsdómari.

Málinu var áfrýjað af hálfu ákærða og ákæruvalds með stefnu 16. desember 1994, en í bréfi 14. desember 1994 heimilaði Hæstiréttur áfrýjun samkvæmt 2. mgr. 150. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. lög nr. 37/1994.

Ákærði krefst þess aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum ákæruvalds og allur kostnaður sakar lagður á ríkissjóð. Til vara krefst hann þess, að refsing verði milduð, og jafnframt, að tími ökuleyfissviptingar verði styttur.

Ákæruvaldið krefst þess, að héraðsdómur verði staðfestur, en þó þannig, að refsing verði þyngd og breytt til varðhalds í stað fésektar. Einnig krefst ákæruvald þess, að ákærði verði dæmdur til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar, þar á meðal saksóknarkostnaðar fyrir Hæstarétti til ríkissjóðs.

Framburður ákærða um áfengisneyslu sína er mótsagnakenndur og þykir ekki trúverðugur. Ber að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms að staðfesta þá niðurstöðu héraðsdómara, að ákærði hafi ekið bifreið sinni í umrætt sinn undir áhrifum áfengis, sbr. 4. mgr. 159. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. 19. gr. laga nr. 37/1994. Hins vegar þykir ekki nægilega sannað, að áfengismagn í blóði hans hafi verið svo mikið, að hann hafi verið óhæfur til að stjórna ökutæki, sbr. 3. mgr. 45. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Samkvæmt því ber að refsa ákærða fyrir brot á 1., sbr. 2. mgr. 45. gr. sömu laga.

Ákærði hefur þrívegis áður verið dæmdur fyrir ölvun við akstur,

þar af hafa tvö síðustu brotin ítrekunaráhrif. Þegar litið er til þess, þykir refsing hans samkvæmt 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga hæfilega ákveðin varðhald í 30 daga.

Með vísun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta ákvörðun hans um sviptingu ökuréttar.

Ekki þykja efni til að gera mun á málsvarnarlaunum og saksóknarlaunum í héraði. Þykir hæfilegt að dæma ákærða til að greiða 40.000 krónur í málsvarnarlaun í héraði og sömu fjárhæð í saksóknarlaun til ríkissjóðs. Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað, eins og greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Ákærði, Karl Magnússon, sæti varðhaldi í 30 daga. Hann er sviptur ökurétti ævilangt frá birtingu héraðsdóms að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað í héraði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Daða Jóhannessonar héraðsdómslögmanns, 40.000 krónur, og saksóknarlaun í ríkissjóð, 40.000 krónur.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 25.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Vesturlands 28. október 1994.

Ár 1994, föstudaginn 28. október, er á dómþingi Héraðsdóms Vesturlands, sem háð er að Bjarnarbraut 8, Borgarnesi, af Inga Tryggvasyni dómarafulltrúa, kveðinn upp dómur í Héraðsdómsmálinu nr. S-34/1994: Ákæruvaldið gegn Karli Magnússyni, sem tekið var til dóms 13. október sl.

Málið er höfðað fyrir dóminum með ákæruskjali sýslumannsins í Stykkishólmi, dagsettu 15. ágúst 1994, á hendur ákærða, Karli Magnússyni, kt. 300328-7849, Tröð, Snæfellsbæ. Dómarinn fékk málið til meðferðar 18. ágúst sl. og gaf út fyrirkall 19. sama mánaðar. Var málið þingfest 14. september sl.

Í ákæru segir, að málið sé höfðað fyrir dóminum á hendur ákærða „fyrir umferðarlagabrot með því að aka Lada Sport-bifreiðinni P 3067 undir áhrifum áfengis fimmtudaginn 17. mars 1994 frá heimili sínu, Tröð í Snæ-

fellsbæ (fyrrum Fróðárhreppi), áleiðis að bænum Tungu, Snæfellsbæ, þar til bifreiðin lenti utan vegar og valt rétt austan við bæinn Tungu.

Telst þetta varða við 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til sviptingar ökuréttar skv. 101. gr. og 102. gr. ofangreindra umferðarlaga, sbr. 25. og 26. gr. laga um breytingu á umferðarlögum nr. 44/1993".

– – –

Málavextir.

Fimmtudaginn 17. mars 1994 kl. 13.05 var lögreglunni í Ólafsvík tilkynnt um, að Lada-jeppabifreið væri á hvolfi utan vegar í Fróðárhreppi. Tilkynnandi, Hákon Örn Arnþórsson, lét þess getið, að maður hefði verið að skríða út úr bifreiðinni og sér þótt maðurinn einkennilegur, og hefði hann afþakkað alla aðstoð. Í frumskýrslu lögreglu kemur fram, að lögreglumenn, er sinntu málinu, hafi lagt af stað frá lögreglustöðinni kl. 13.10 og komið að bifreiðinni skammt fyrir innan bæinn Tungu. Fótspor hafi legið frá bifreiðinni í átt að Tungu, og því fóru lögreglumennirnir þangað og hittu þar fyrir húsfreyju, Þorgerði Jónsdóttur, er hafi tjáð þeim, að þar væri staddur Karl Magnússon, ákærði í máli þessu. Skömmu síðar hafi ákærði komið fram til lögreglumannanna, og hafi hann verið áberandi ölvaður. Í frumskýrslu kemur og fram, að lögreglumennirnir hafi leitað í samfestingi, er ákærði var í, og þá fundið hálfflösku, er hafi verið nær axlarfull. Þá fundust kveikjulásslyklar að bifreið ákærða á honum.

Lögreglan færði ákærða á lögreglustöðina í Ólafsvík. Var þar dregið úr honum blóð til alkóhólákvörðunar, og þurfti að beita ákærða valdi, meðan það var gert. Ákærði var síðan færður í fangageymslu að boði Eðvars Árnasonar yfirlögregluþjóns. Í frumskýrslu segir enn fremur, að ákærði hafi ekki viljað viðurkenna að hafa verið ökumaður bifreiðarinnar, og því hafi honum verið haldið áfram í fangageymslu. Hafi hann verið tekinn til yfirheyrslu öðru hverju, en hann haldið áfram „sama ruglinu", og hafi það ekki verið fyrr en um miðnætti, að ákærði viðurkenndi að hafa ekið bifreiðinni undir áhrifum áfengis, og hafi hann þá verið frjáls ferða sinna.

Alkóhólmagn í blóðsýni, er tekið var úr ákærða, reyndist vera 2,51 prómille.

Ákærði var færður til skýrslutöku í beinu framhaldi af dvöl í fangageymslu, kl. 23.10 um kvöldið. Skýrði þá ákærði svo frá, að hann hefði farið heiman að frá sér í hádeginu og förinni verið heitið að bænum Tungu. Hefði hann verið kominn langleiðina að Tungu, er bifreiðin lenti utan vegar og valt. Ákærði gat ekki gefið skýringu á óhappinu. Um áfengisneyslu

skýrði ákærði svo frá, að hann hefði verið búinn að drekka það, sem á vantaði hálfflöskuna, er fannst á honum við handtöku. Í flöskunni hafi verið brennivín og vatn. Þá kvaðst ákærði hafi neytt áfengis kvöldið áður, en farið að sofa um miðnætti. Ákærði kvaðst ekki muna, hvort hann hefði fundið til áfengisáhrifa við aksturinn, og hann hefði verið handtekinn skömmu eftir að hann kom að Tungu.

Svokölluð skýrsla varðstjóra var tekin af ákærða kl. 23.30, en lýsing á ölvunarástandi í skýrslunni miðast við það, er ákærði var handtekinn. Í skýrsluna er skráð, að áfengisþefur hafi verið af andardrætti ákærða, jafnvægi óstöðugt, málfar óskýrt og framburður ruglingslegur. Í skýrslunni kemur enn fremur fram, að ákærði hafi verið óviðræðuhæfur við handtöku sökum ölvunar. Við skýrslutökuna játaði ákærði að hafa ekið bifreiðinni og neyslu áfengis, en þó ekki, eftir að akstri hans lauk.

Ákærði kom fyrir dóm við þingfestingu málsins 14. september sl. og við aðalmeðferð málsins 13. október sl. Fyrir dómi neitaði ákærði því að hafa ekið bifreiðinni P 3067 undir áhrifum áfengis frá heimili sínu og áleiðis að bænum Tungu, Snæfellsbæ. Nefnda leið hefði hann ekið án þess að hafa neytt áfengis fyrir aksturinn. Ákærði kvaðst hafa misst stjórn á bifreiðinni í hálku og hún oltið. Þá hefði komið á vettvang einhver maður og ákærði sagt honum, að hann ætlaði að ganga að bænum Tungu, en þangað taldi ákærði vera um einn kílómetra. Ekki gat ákærði sagt til um, hvað hann hefði verið lengi að ganga þangað, en á leiðinni kvaðst ákærði hafa sopið af hálfflösku af brennivíni, er hann hefði verið með í vasanum. Flaskan hefði ekki verið alveg full. Er ákærði kom út að Tungu, kvaðst hann hafa fyllt flöskuna af vatni og haldið áfram að drekka úr henni. Ekki gat ákærði greint frá því, hvað hann hefði verið búinn að drekka mikið úr flöskunni, er lögregla handtók sig, og þá gat hann ekki heldur sagt til um, hve langur tími hefði liðið, frá því að bifreiðin valt og þar til hann var handtekinn. Það hefði þó verið innan við eina klukkustund. Ákærði skýrði svo frá, að eftir handtöku hefði hann verið fluttur til Ólafsvíkur. Hefði sér þar verið dregið blóð og hann síðan færður í fangageymslu. Lögreglumaður hefði síðan tjáð sér, að þar yrði hann vistaður, þar til hann játaði að hafa ekið bifreiðinni undir áhrifum áfengis. Ákærði neitaði því að hafa neytt áfengis kvöldið fyrir atvikið. Þá kvaðst ákærði hafa hafnað því, að maðurinn, sem kom á vettvang, hringdi á lögreglu, þar sem ákærði hefði talið, að þetta væri sitt mál og hann hefði ekki þörf fyrir aðstoð.

Fyrir dóminn hafa verið kvödd nokkur vitni. Eru það lögreglumennirnir, er fóru á vettvang, þeir Björn Jónsson, Grundarbraut 13, og Hilmar Júlíusson, Brautarholti 15, báðir í Ólafsvík, sá er tilkynnti um atvikið, Hákon Örn

Arnþórsson, Súlukletti 4, Borgarnesi, og Þorgerður Jónsdóttir, Tungu, Snæfellsbæ. Vitnið Hákon Örn gaf og skýrslu fyrir lögreglu, og verður framburður vitnisins fyrir lögreglu og dómi rakinn sameiginlega, en þess getið sérstaklega, er þar ber á milli í einhverjum atriðum, sem máli þykja skipta.

Vitnin Björn Jónsson og Hilmar Júlíusson lögreglumenn önnuðust frumrannsókn, og var framburður þeirra að mestu leyti samhljóða. Þau skýrðu svo frá, að vitnið Hákon Örn hefði tilkynnt um atvikið og þau haldið strax á vettvang. Er þangað var komið, hefðu vitnin séð spor í snjónum, er hefðu legið í átt að Tungu. Vitnin hefðu því haldið að Tungu, og taldi vitnið Björn, að liðið hefðu um 15–20 mínútur, frá því að tilkynning barst lögreglu og þar til þeir komu að Tungu. Vitnið Hilmar taldi, að liðið hefðu um 15 mínútur. Þá taldi vitnið Björn, að um 200 til 400 metrar væru frá þeim stað, sem bifreiðin valt, og heim að Tungu, en vitnið Hilmar taldi vegalengdina vera 100 til 200 metra. Vitnin skýrðu svo frá, að er þau komu að Tungu, hefðu þau fyrst hitt húsfreyju og verið að ræða við hana, er ákærði hefði komið til þeirra, og hefði hann virst vera undir áhrifum áfengis, og vitnið Björn kvaðst hafa fundið áfengislykt af ákærða. Vitnið Hilmar skýrði frá því, að vitnin hefðu leitað á ákærða strax eftir handtöku og við þá leit fundist hálfflaska af brennivíni, er hefði verið nær axlarfull. Vitnið Björn sagði, að leit hefði verið gerð á ákærða, er komið var með hann á lögreglustöð, og flaskan þá fundist.

Vitnin skýrðu frá því, að ákærði hefði verið vistaður í fangageymslu að boði yfirlögregluþjóns, en vitnið Björn kvaðst áður hafa ætlað að taka varðstjóraskýrslu af ákærða, en það ekki tekist vegna ölvunarástands hans. Hvorugt vitnið kannaðist við að hafa tjáð ákærða, að hann yrði vistaður í fangageymslu, þar til hann játaði að hafa ekið bifreiðinni undir áhrifum áfengis. Vitnið Hilmar skýrði frá því, að ákærði hefði verið vistaður í fangageymslu, þar sem nokkuð öruggt hefði verið talið, að hann hefði ekið bifreiðinni og að öllum líkindum undir áhrifum áfengis. Vitnið Björn skýrði frá því, að lögreglan hefði viljað fá það fram, hver hefði ekið bifreiðinni, en ákærði sagt þeim hinar og þessar sögur í því sambandi, og því hefði ákærði verið vistaður í fangageymslu. Þá hefði verið nauðsynlegt að vista ákærða í fangageymslu, meðan áfengisvíman rynni af honum.

Vitnið Hákon Örn Arnþórsson tæknifræðingur gaf skýrslu hjá lögreglu daginn, sem atburðurinn varð, og kom fyrir dóm 7. október sl. Vitnið skýrði svo frá, að það hefði komið að bifreið ákærða, þar sem hún lá á hvolfi utan vegar skammt frá bænum Tungu. Karlmaður, ákærði í máli þessu, hefði legið á fjórum fótum fyrir utan bifreiðina og aðstæður að öðru leyti bent til þess, að bifreiðin væri nýlega oltin. Vitnið sagði, að ákærði hefði byrjað á

því að tilkynna sér, að hann væri ekki undir áhrifum áfengis, og hefði hann ítrekað það við vitnið. Ákærði hefði síðan skýrt vitninu frá því, að „kerlingin" hefði farið á bifreiðinni kvöldið áður og velt henni, en hann komið gangandi á vettvang. Vitnið kvaðst hafa boðist til að hafa samband við lögreglu, en ákærði alls ekki viljað það né þegið aðra aðstoð. Vitnið kvaðst ekki hafa komið nálægt ákærða og því ekki fundið, hvort áfengislykt væri af honum. Ákærði hefði síðan horfið af vettvangi á sama tíma og vitnið og gengið í átt að bænum Tungu. Vitnið kvaðst þá fljótlega hafa hringt á lögreglu og séð, er hún kom á vettvang u. þ. b. 10 mínútum síðar, en þá hefði ákærði verið kominn heim að bænum. Vitnið skýrði frá því, að göngulag ákærða hefði verið óstöðugt, en málrómur hans ekki verið óeðlilegur og maðurinn viðræðuhæfur. Vitnið kvaðst hafa ályktað í fyrstu, að ákærði væri undir áhrifum áfengis, þar sem hann hefði tilkynnt vitninu sérstaklega, að svo væri ekki. Þessi skoðun sín hefði styrkst, er vitnið sá göngulag ákærða. Þá sagði vitnið, að samræður ákærða og vitnisins hefðu bent til þess, að hann hefði ekki verið ódrukkinn. Vitnið kvaðst ekki hafa séð neitt á vettvangi, er tengdist áfengisneyslu, og ekki séð ákærða neyta áfengis á vettvangi.

Vitnið Þorgerður Jónsdóttir bóndi kom fyrir dóm við aðalmeðferð málsins 13. október sl. Vitnið skýrði svo frá, að ákærði hefði komið heim að Tungu daginn, er atburðurinn varð, og hefði honum verið mikið niðri fyrir og því ekki gott að átta sig á því, hvort hann væri undir áfengisáhrifum. Vitnið kvaðst ekki hafa fundið áfengislykt af ákærða, þar sem af honum hefði verið mikil bensínlykt. Vitnið kvaðst ekki hafa séð, að ákærði væri með áfengi á sér, né séð hann neyta áfengis, meðan hann dvaldist á heimili vitnisins, en það hefði verið um hálf klukkustund og í mesta lagi 40 mínútur. Vitnið kvaðst hafa fylgst með honum allan tímann utan það, að vitnið fór tvisvar í símann. Vitnið segir, að ákærði hafi skýrt frá því, að bifreið sinni hefði verið stolið og hann farið gangandi til að athuga um hana og fundið bifreiðina á hvolfi utan vegar. Ákærði hafi neitað því að hafa ekið bifreiðinni, en skýrt frá því, að hann hefði neytt áfengis daginn áður. Vitnið upplýsti, að það væri miserfitt að skilja það, sem ákærði segir, en þeim, sem þekki hann, gangi það ágætlega.

Niðurstaða.

Svo sem áður er rakið, barst lögreglu tilkynning um útafakstur bifreiðar ákærða kl. 13.05, og samkvæmt frumskýrslu lögreglu lögðu lögreglumenn af stað til að sinna útkallinu 5 mínútum seinna. Annar lögreglumannanna, er vann að frumrannsókn málsins, hefur borið, að liðið hafi um 15 mínútur, frá

því að tilkynning barst og þar til þeir komu að bænum Tungu, þar sem ákærði var handtekinn. Hinn lögreglumaðurinn hefur borið, að liðið hafi um 15 til 20 mínútur, frá því að þeir lögðu af stað frá lögreglustöðinni í Ólafsvík og þar til þeir komu að Tungu, en þeir hafi lagt af stað, þegar er tilkynning barst um atvikið.

Vitnið Hákon Örn, sem tilkynnti um atburðinn til lögreglu, hefur borið, að aðstæður á vettvangi hafi verið með þeim hætti, að bifreið ákærða hefði nýlega verið ekið út af veginum, er vitnið kom á vettvang. Þá taldi vitnið, að um 10 mínútur hefðu liðið, frá því að það hringdi í lögregluna og þar til hún kom á vettvang, en þá hefði ákærði verið kominn heim að Tungu. Þá bar vitnið um það, að því hefði þótt framkoma ákærða á vettvangi einkennileg, m. a. hefði ákærði ítrekað við sig, að hann væri ekki undir áhrifum áfengis, og göngulag hans verið óstöðugt.

Vitnið Þorgerður Jónsdóttir hefur borið á þann veg, að það hafi ekki séð ákærða neyta áfengis, eftir að hann kom að bænum Tungu og þar til hann var handtekinn, en um hafi verið að ræða u. þ. b. hálfa klukkustund. Þá sá vitnið ekki, að ákærði hefði vín undir höndum umræddan tíma. Þá bar vitnið, að ákærði hefði neitað að hafa ekið bifreiðinni umrætt sinn.

Af lýsingu í skýrslu varðstjóra má ráða, að ákærði hafi verið undir verulegum áfengisáhrifum við handtöku, og staðfestir niðurstaða alkóhólrannsóknar það. Þá segir í skýrslunni, að ákærði hafi reynst óviðræðuhæfur við handtöku sökum ölvunar.

Svo sem rakið hefur verið hér að framan, hefur ákærði fyrir dómi neitað því að hafa ekið bifreiðinni P 3067 undir áhrifum áfengis, svo sem honum er gefið að sök í ákæruskjali. Kveður ákærði játningu sína hjá lögreglu vera til komna vegna þvingunar.

Framburður ákærða um málsatvik þykir að verulegu leyti ótrúverðugur og því ekki marktækur að áliti dómsins. Þegar þau atvik málsins eru virt, að framkoma ákærða á vettvangi gagnvart tilkynnanda var einkennileg miðað við aðstæður, vitnið Þorgerður sá ákærða ekki neyta áfengis, eftir að hann kom heim að Tungu, að um 20 mínútur hafi liðið, frá því að tilkynning barst til lögreglu og þar til ákærði var handtekinn, og alkóhólmagn í blóði ákærða reyndist 2,51 prómille skömmu eftir handtöku, þykir dóminum sannað þrátt fyrir neitun ákærða fyrir dómi, að hann hafi ekið bifreiðinni greint sinn undir áhrifum áfengis. Gegn neitun ákærða þykir hins vegar ekki nægilega sannað, að hann hafi verið undir svo miklum áfengisáhrifum sem niðurstaða alkóhólrannsóknar bendir til, enda hefur ákærði haldið því fram, að hann hafi neytt áfengis, eftir að akstri lauk, og er ekki unnt að hafna þeim framburði, eins og sakargögnum er háttað. Þykir því varhuga-

vert að leggja niðurstöðu rannsóknarinnar fyllilega til grundvallar við ákvörðun refsingar í málinu. Þó þykir sannað, að ákærði hafi með háttsemi sinni gerst brotlegur við 1., sbr. 3. mgr. 45. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Athugavert er, að frumrannsókn máls þessa var ekki sem skyldi. Þykir einkum skorta á það, að lögreglumenn, er unnu að frumrannsókn málsins, hafi skráð nákvæmlega um nauðsynlegar tímasetningar, þ. e. a. s., hvenær komið var á vettvang, þar sem bifreiðin var, hvenær komið var að bænum Tungu og hvenær ákærði var handtekinn. Eins og atvikum máls þessa er háttað, hefði og verið rétt að láta ákærða gefa þvagsýni til alkóhólrannsóknar.

Samkvæmt sakavottorði ákærða gekkst hann undir sátt á árinu 1977, og þá hefur ákærði tvívegis hlotið dóm, annars vegar á árinu 1984 og hins vegar 22. október 1990. Með þeim dómi var ákærði sviptur ökuréttindum í 3 ár frá 31. október 1990. Í öllum tilvikum er um að ræða brot á ölvunaraksturs ákvæðum umferðarlaga.

Ákærði hefur með greindri háttsemi unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Þegar litið er til þess, að ákærði er ellilífeyrisþegi og sjúklingur að einhverju leyti, sbr. læknisvottorð, sem liggur frammi í málinu, sbr. 1. mgr. 51. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og sakaferils ákærða, þykir refsing hans í máli þessu hæfilega ákveðin sekt 50.000 krónur, er greiðist í ríkissjóð innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins að telja, en ella sæti ákærði varðhaldi í 12 daga.

Ákærði þykir enn fremur hafa unnið sér til sviptingar ökuréttar samkvæmt 101. og 102. gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 44/1993. Við ákvörðun sviptingar ber að líta til dómsins frá 22. október 1990, er hefur ítrekunaráhrif að þessu leyti. Ber nú að svipta ákærða ökuleyfi ævilangt.

Loks ber að dæma ákærða til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Daða Jóhannessonar hdl., sem þykja hæfilega ákveðin 40.000 krónur, og saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000 krónur. Til sakarkostnaðar í málinu telst þó ekki kostnaður við flutning á bifreið ákærða af vettvangi, að fjárhæð 13.695 krónur. Ekki verður séð, að nauðsynlegt hafi verið að flytja bifreiðina af vettvangi, skammt frá heimili ákærða, og í geymslu í Rifi. Ekki hefur heldur komið fram, að það hafi verið gert að beiðni ákærða. Ákærði verður því ekki dæmdur til að greiða þennan kostnað.

Dómsorð:

Ákærði, Karl Magnússon, greiði 50.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi í stað sektarinnar varðhald í 12 daga, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði er sviptur ökurétti ævilangt frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þ. m. t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Daða Jóhannessonar héraðsdómslögmanns, 40.000 krónur, auk virðisaukaskatts og saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000 krónur.

Fimmtudaginn 16. mars 1995.

Nr. 339/1993. **Strætisvagnar Ísafjarðar hf.**
(Hilmar Ingimundarson hrl.)
gegn
Aðalsteini Flosasyni
(Arnmundur Backman hrl.)

Vinnusamningur. Uppsögn. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Ingibjörg Benediktsdóttir héraðsdómari.

Áfrýjandi skaut þessu máli til Hæstaréttar með stefnu 18. ágúst 1993. Hann krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnda, en til vara, að þær verði lækkaðar. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

I.

Áfrýjandi hefur borið því við, að sér hafi verið heimilt að víkja stefnda fyrirvaralaust úr starfi, meðal annars vegna tjóns, sem áfrýjandi telur mega rekja til meðferðar stefnda á bifreið í eigu áfrýjanda 30. nóvember 1989. Þegar tekið er tillit til þess, að málsaðilar gerðu ekki skriflegan ráðningarsamning um störf stefnda hjá áfrýjanda fyrr en eftir þetta, eða 10. desember 1989, þar sem ráðningartíminn var að auki sagður hefjast 1. sama mánaðar, verður ekki fallist á, að heimilt hafi verið að reisa fyrirvaralausa brottvikningu stefnda úr starfi 13. maí 1990 á þessu atviki. Aðrar ávirðingar, sem áfrýjandi hefur borið á stefnda vegna starfa hans, hafa að ýmsu leyti sætt andmælum og eru ekki studdar viðhlítandi gögnum, en að öðru leyti eru þær þess eðlis, að áfrýjanda var ekki heimilt að víkja stefnda úr starfi vegna þeirra án undangenginna áminninga, og er ósannað, að þær hafi verið veittar. Ber því að staðfesta þá niðurstöðu héraðsdómara, að brottvikning áfrýjanda á stefnda úr starfi hafi verið ólögmæt.

II.

Með vísan til þess, sem greinir í hinum áfrýjaða dómi, verður að fallast á, að stefndi eigi rétt á að fá greiddar úr hendi áfrýjanda 140.000 krónur á mánuði fyrir tímabilið frá byrjun maí til loka ágúst 1990, samtals 560.000 krónur. Fyrir Hæstarétti var lýst yfir því af hálfu áfrýjanda, að hann yndi niðurstöðu héraðsdóms um, að stefnda bæri að fá greiddar 15.103 krónur, sem áfrýjandi dró af launum hans fyrir apríl 1990. Frá þessum kröfum stefnda, sem eru samtals að fjárhæð 575.103 krónur, ber að draga þau laun, sem hann vann fyrir með störfum hjá Norðurleið hf. á fyrrgreindu tímabili, eða 350.577 krónur, en gegn eindreginni neitun stefnda er ósannað, að hann hafi haft frekari tekjur á tímabilinu. Samkvæmt þessu verður staðfest sú niðurstaða í hinum áfrýjaða dómi, að áfrýjanda beri að greiða stefnda mismun þessara fjárhæða, 224.526 krónur, með vöxtum, eins og þar er kveðið á um.

III.

Í skriflegum málatilbúnaði sínum fyrir héraðsdómi lét stefndi hjá líða að skýra frá fyrrgreindum tekjum, sem hann aflaði á uppsagnarfresti eftir slit ráðningar sinnar hjá áfrýjanda, og breytti hann ekki kröfum sínum í héraði til lækkunar, þótt áfrýjandi hefði lagt þar fram sönnun um þær tekjur. Er af þessum sökum ekki unnt að staðfesta ákvæði hins áfrýjaða dóms um málskostnað, en dæma verður áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn í einu lagi, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður um annað en málskostnað.

Áfrýjandi, Strætisvagnar Ísafjarðar hf., greiði stefnda, Aðalsteini Flosasyni, 200.000 krónur samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Vestfjarða 27. maí 1993.

Ár 1993, fimmtudaginn 27. maí, er á dómþingi Héraðsdóms Vestfjarða, sem háð er í dómsal embættisins að Hafnarstræti 1, Ísafirði, af Jónasi

Jóhannssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur þessi í málinu nr. E-29/1992: Aðalsteinn Flosason gegn Strætisvögnum Ísafjarðar hf., sem tekið var til dóms 30. apríl síðastliðinn að loknum munnlegum málflutningi.

Málið höfðaði Aðalsteinn Flosason, Barónsstíg 29, Reykjavík, fyrir bæjarþingi Ísafjarðar hf., sem tekið var til dóms 30. apríl síðastliðinn að loknum munnlegum málflutningi.

Málið höfðaði Aðalsteinn Flosason, Barónsstíg 29, Reykjavík, fyrir bæjarþingi Ísafjarðar á hendur Strætisvögnum Ísafjarðar hf., Seljalandsvegi 76, Ísafirði, með stefnu, út gefinni 24. október 1991, sem birt var stefnda 8. nóvember s. á. Var málið síðan rekið þar fyrir dómi til 1. júlí 1992, en við gildistöku laga nr. 92/1989 þann dag, urðu dómaraskipti í málinu, er meðferð þess færðist sjálfkrafa yfir til Héraðsdóms Vestfjarða.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 575.103 krónur með dráttarvöxtum [...].

Þá er krafist málskostnaðar [...].

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda í málinu, en til vara er þess krafist, að frá höfuðstól stefnufjárhæðar dragist öll laun, sem stefnandi hafði á tímabilinu frá 13. maí 1990 til 31. ágúst 1990, auk 15.103 kr., samtals 365.680 kr. Í báðum tilvikum verði stefnandi dæmdur til að greiða stefnda málskostnað [...].

Málavextir.

Í nóvember 1989 var stefnandi ráðinn til starfa bifreiðastjóra hjá stefnda, Strætisvögnum Ísafjarðar hf. Í framhaldi af því var gerður við hann skriflegur ráðningarsamningur 10. desember s. á., sem gilda átti frá 1. s. m. til 1. september 1991. Í samningnum var þó ákveði þess efnis, að hann væri uppsegjanlegur af hálfu beggja aðila með þriggja mánaða fyrirvara eða eftir nánara samkomulagi, ef til þess kæmi. Þá voru í samningnum nánari ákvæði um réttindi og skyldur stefnanda. Skyldi hann samkvæmt þeim annast akstur strætisvagns Ísafjarðar samkvæmt þágildandi áætlun frá mánudegi til föstudags að báðum dögum með töldum, og skyldi aksturstími vera frá kl. 6.30 til 13.00, sem teldist ein vakt. Laun stefnanda fyrir eina vakt skyldu vera 70.000 krónur á mánuði að með töldum orlofsgreiðslum, en allar vinnustundir umfram vaktina skyldu teljast aukatímar, sem greiða skyldi með 500 krónum á klst. Færi hins vegar svo, að vinnutími stefnanda yrði óslitinn frá kl. 6.30 til kl. 19.00, skyldi slíkt skoðað sem tvöföld vakt og greitt með 140.000 krónum á mánuði. Þá var í samningnum kveðið á um, að stefnandi skyldi sjá um venjulegt viðhald og þrif á vagninum, og skyldi öll vinna utan aksturstíma vegna viðgerða og viðhalds greidd aukalega með jafnaðarkaupi, 700 krónum á klst.

Skömmu eftir ráðningu stefnanda kveður stefndi hafa farið að bera á ýmiss konar vanrækslu og óvenjulegri hegðun hjá stefnanda. Hafi stefnda margoft borist kvartanir frá farþegum og foreldrum barna, sem tóku sér far með vagninum. Lutu þær einkum að því, að stefnandi væri oft með fætur uppi á stýri við akstur, talaði mikið í síma, meðan á akstri stæði, áætlun vagnsins stæðist ekki og auglýstar ferðir féllu niður. Þá hafi stefnandi fljótlega hætt að annast venjulegt viðhald vagnsins, sem honum þó hafi borið samkvæmt greindum ráðningarsamningi. Einnig hafi hann farið afar ógætilega með hið dýra atvinnutæki, t. d. verið valdur að umtalsverðu tjóni á vagninum 30. nóvember 1989, er vagninn rann stjórnlaus frá starfsstöð stefnda við Seljalandsveg niður bratta brekku, þar sem hann hafnaði á mannlausri bifreið um 55 metrum neðar. Þá hafi hann leikið sér á bifreiðinni utan merktra vega, ekið henni utan í bryggjupolla snemma árs 1990 og loks verið valdur að tveimur minni háttar umferðaróhöppum um svipað leyti. Þá kveður stefndi stefnanda einnig hafa haft til umráða aðra farþegabifreið í eigu stefnda (Í-1940), en týnt lyklum að henni. Hafi stefndi því þurft að útvega nýja lykla „með hraði" og orðið að leggja út fyrir þeim samtals 15.103 krónur. Af hálfu stefnda hafi þegar í ársbyrjun 1990 verið byrjað að vara stefnanda við vegna ofangreindrar háttsemi og honum margoft tjáð munnlega, að hann yrði að bæta ráð sitt, en að öðrum kosti yrði hann látinn fara.

Hinn 13. maí 1990 barst stefnanda svohljóðandi skeyti frá stefnda: „Það tilkynnist hér með, að yður er sagt upp störfum hjá Strætisvögnum Ísafjarðar hf. frá og með deginum í dag, 13. maí 1990, vegna vanefnda á ráðningarsamningi. Fyrir hönd Strætisvagna Ísafjarðar hf., Stefán Steinar Tryggvason."

Með bréfi Arnmundar Backman hæstaréttarlögmanns, dagsettu 25. október 1990, til stefnda var framangreindri uppsögn mótmælt sem ólögmætri og þess krafist, að stefndi gerði skil á 15.103 krónum, sem haldið hefði verið eftir af aprílaunum stefnanda, jafnframt því sem stefndi greiddi stefnanda vangoldin laun fyrir maímánuð og laun í uppsagnarfresti mánuðina júní, júlí og ágúst 1990.

Með svarbréfi Stefáns Steinars Tryggvasonar, dagsettu 3. desember 1990, var ofangreindum kröfum stefnanda mótmælt á þeim grundvelli, að Stefán hefði fyrir hönd stefnda margsinnis borið stefnanda kvartanir farþega undan óvægilegum og hættulegum akstri stefnanda, sem þó hefði ekki látið skipast við þær viðvaranir, heldur hefði ástandið þvert á móti versnað og kvörtunum fjölgað. Hafi því uppsögn stefnanda verið öryggis- og neyðarúrræði af hálfu stefnda og til þess gripið að marggefnu og ærnu tilefni. Þá

kom fram í bréfinu, að umræddar 15.103 krónur, sem haldið var eftir af launum stefnanda, væru einungis lítill hluti símaskuldar, sem stefnandi hefði stofnað til í starfi sínu.

Urðu út af svarbréfinu frekari bréfaskriftir, sem ekki þykir þörf að rekja samhengisins vegna, en leiddu að lokum til málshöfðunar þessarar af hálfu stefnanda.

Málsástæður stefnanda og lagarök.

Stefnandi andmælir því hvorki, að strætisvagn stefnda hafi orðið fyrir tjóni 30. nóvember 1989, né heldur, að stefnandi hafi þrívegis verið valdur að minni háttar umferðaróhöppum snemma árs 1990, en kveður fannfergi, hálku og umferð hafa gert sér aksturinn sérstaklega erfiðan umrædd skipti. Hins vegar hafi fyrirsvarsmenn stefnda aldrei veitt sér tiltal eða áminningar vegna þessa. Þá kannast stefnandi ekki við, að kvartað hafi verið undan ökulagi sínu utan eitt skipti, er Ásgeir Sigurðsson, stjórnarformaður stefnda, innti hann eftir því, hvort hann hefði sett fætur upp á stýri við akstur. Þessu hafi stefnandi neitað og ekki hlotið ávítur fyrir af hálfu stefnda. Aðrar ávirðingar í starfi, sem stefnandi hefur borið á stefnda og áður eru raktar, s. s. akstur utan merktra vega og slælega haldnar áætlunarferðir, segir stefnandi ekki eiga við nokkur rök að styðjast. Hins vegar sé rétt hjá stefnda, að stefnandi hafi týnt lyklum að bifreiðinni Í-1940, en það hafi hann tilkynnt nefndum Ásgeiri, sem sótt hafi bifreiðina örskömmu síðar. Því hljóti hann að hafa verið með varalykla að henni.

Stefnandi kannast því ekki við að hafa vanefnt fyrrgreindan ráðningarsamning á nokkurn hátt og hefur eindregið mótmælt því fyrir dómi að hafa fengið nokkurt tiltal, áminningu eða viðvörun, áður en gripið var til uppsagnar á ráðningarsamningnum. Reisir hann því kröfu sína um greiðslu óskertra launa frá 1. maí 1990 til 31. ágúst 1990 á ákvæðum viðkomandi samnings, lögum um greiðslu verkkaups nr. 28/1930 og meginreglum íslensks réttar um skuldbindingargildi samninga. Þá styður hann og kröfuna við þá meginreglu íslensks vinnuréttar, að fylgja beri ákvæðum laga og kjarasamninga um uppsagnarfrest, þegar á slíkt reynir, en fyrirvaralaus brottvikning úr starfi sé undantekning, sem ströng skilyrði gildi um. Sjónarmiðin að baki meginreglunni um uppsagnarfrest séu þau meðal annars að sporna gegn fyrirvaralausum uppsögnum úr starfi og veita vinnuveitendum og starfsmönnum hæfilegt svigrúm til að koma málum sínum þannig fyrir, að sem minnstu tjóni valdi. Þessara sjónarmiða hafi ekki verið gætt, er stefnanda var 13. maí 1990 vikið fyrirvaralaust og með ólögmætum hætti úr starfi bifreiðastjóra. Eigi stefnandi því rétt á bótum vegna hinnar ólögmætu

brottvikningar, sem hann sundurliðar og skýrir frekar með eftirfarandi hætti:

1) Kr. 15.103 v/launa haldið eftir í apríl 1990.
2) – 140.000 v/vangoldinna launa til 13. maí 1990 og frá þeim tíma til byrjunar á uppsagnarfresti.
3) – 140.000 v/launa í uppsagnarfresti í júní 1990.
4) – 140.000 v/launa í uppsagnarfresti í júlí 1990.
5) – 140.000 v/launa í uppsagnarfresti í ágúst 1990.

Samtals 575.103 kr., sem nemur stefnufjárhæð í málinu.

Varðandi 1. lið kveður stefnandi stefnda hafa haldið eftir nefndum hluta launa í apríl 1990 án haldbærra skýringa. Varðandi lið nr. 2 segir hann stefnda hafa látið undir höfuð leggjast að greiða sér laun frá 1.–13. maí s. á. án nokkurra skýringa, en kröfu til launa frá þeim tíma til 31. maí reisir hann á því, að uppsögn skuli miðast við mánaðamót, sbr. t. d. 6. mgr. 1. gr. laga um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum o. fl. nr. 19/1979. Liðir nr. 3–5 séu hins vegar vegna launakröfu í uppsagnarfresti, en stefnandi hafi, frá því að hann hóf störf hjá stefnda, unnið fullar tvær vaktir í skilningi 2. mgr. 1. gr. nefnds ráðningarsamnings og eigi því rétt á tvöfaldri greiðslu, þ. e. 140.000 krónum á mánuði.

– – –

Málsástæður stefnda og lagarök.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að stefnandi hafi vanefnt verulega umræddan ráðningarsamning með hátterni sínu, sem áður er lýst og Ásgeir Sigurðsson, stjórnarformaður stefnda, hefur staðfest fyrir dómi. Hafi stefnandi með því háttalagi öllu sýnt svo alvarlegt kæruleysi og oft vítavert gáleysi í starfi, að stefnda hafi verið fullkomlega heimilt að rifta ráðningarsamningnum að undangengnum margítrekuðum munnlegum viðvörunum þess efnis, að ef stefnandi bætti ekki ráð sitt, yrði hann rekinn. Styður stefndi sýknukröfu sína við ofangreind rök, en samkvæmt íslenskum vinnurétti sé vinnuveitanda heimilt að segja starfsmanni upp störfum, brjóti hann í verulegum atriðum gegn starfsskyldum sínum, og eigi viðkomandi þá ekki rétt til uppsagnarfrests eða launa í uppsagnarfresti.

Þá reisir stefndi sýknukröfu sína jafnframt á því, að við útreikning bótakröfu stefnanda beri að miða við grunnlaun samkvæmt ráðningarsamningi, 70.000 krónur á mánuði, en samkvæmt því næmu laun fyrir mánuðina maí, júní, júlí og ágúst samtals 280.000 krónum. Þar sem stefnufjárhæð sé að mestu leyti skaðabótakrafa, þurfi stefnandi sem launþegi að þola lækkun á kröfunni vegna launatekna, sem hann hafði annars staðar frá í uppsagnarfresti, en sannað sé í málinu, að stefnandi hafi þegið 350.577 krónur í laun á

greindum tíma hjá Norðurleið hf. Með vísan til þessa telji stefndi því ósannað, að stefnandi hafi orðið fyrir nokkru tjóni, og beri af þeim sökum að sýkna stefnda að fullu.

Varakröfu sína um, að stefnukrafan verði lækkuð, styður stefndi sömu rökum og síðast eru greind, þ. e., að stefnandi verði að þola lækkun á bótakröfu sinni vegna launatekna frá Norðurleið hf., að fjárhæð 350.577 krónur, sem draga skuli frá stefnufjárhæðinni. Þá skuli einnig draga frá stefnufjárhæðinni 15.103 krónur, sem stefnda hafi verið heimilt að halda eftir af launum stefnanda í apríl 1990 vegna þeirrar bótaskyldu háttsemi stefnanda að týna lyklum að bifreiðinni Í-1940, en útlagður kostnaður stefnda við að útvega nýja lykla, hurðarhún og olíulok hafi numið ofangreindri fjárhæð. Því sé varakrafa stefnda sú, að stefnufjárhæðin verði a. m. k. lækkuð um 365.680 krónur.

– – –

Forsendur og niðurstaða.

Svo sem að framan er rakið, greinir aðila á um, hvort stefnandi hafi í starfi sínu sem bifreiðastjóri brotið gegn starfsskyldum sínum gagnvart stefnda. Hefur stefnandi ekki viljað kannast við slíkt, en viðurkennt að hafa fjórum sinnum í þáverandi starfi átt þátt í umferðaróhöppum, sem leiddu til tjóns fyrir stefnda. Hefur ekki verið sýnt fram á, að tjón stefnda hafi verið annað en smávægilegt í þau skipti, ef undan er skilinn tjónsatburður 30. nóvember 1989, en óljóst er um nánari tildrög að því óhappi. Stefndi hefur á hinn bóginn haldið því fram, að stefnandi hafi í greind skipti sýnt af sér vítavert gáleysi, og jafnframt borið á hann ýmsar aðrar ávirðingar í starfi, sem hann telur svo alvarlegar, að réttlætt hafi bótalausa uppsögn á ráðningarsamningi aðila í milli. Þrátt fyrir andmæli stefnanda hefur stefndi hins vegar ekki lagt fram fullnægjandi gögn ásökunum sínum til stuðnings og eigi heldur með vætti vitna sýnt fram á gróf brot í starfi eða aðrar alvarlegar ávirðingar af hálfu stefnanda. Þykir stefndi því eiga að bera halla af skorti á sönnun fyrir þessum staðhæfingum sínum.

Þá greinir aðila einnig á um, hvort stefnanda hafi verið veitt áminning eða viðvörun, áður en til uppsagnar kom 13. maí 1990. Hefur stefndi haldið því fram, að svo hafi margsinnis verið gert munnlega og stefnanda verið gefinn kostur á að bæta ráð sitt, en ella hótað uppsögn. Þessu hefur stefnandi mótmælt og kveðst hvorki hafa fengið munnlega né skriflega áminningu né viðvörun, áður en til uppsagnar kom áðurgreindan dag. Þykir sönnunarbyrði um þetta atriði hvíla á stefnda, enda hefði honum verið í lófa lagið að tryggja rétt sinn til bótalausrar uppsagnar með því að áminna eða

vara stefnanda við með sannanlegum hætti, hvort heldur skriflega eða í votta viðurvist. Með því að láta slíkt undir höfuð leggjast þykir stefndi einnig hér verða að bera halla af skorti á sönnun.

Samkvæmt framanrituðu telur dómurinn uppsögn á ráðningarsamningi stefnanda 13. maí 1990 hafa verið ólögmæta, og beri stefnda því að svara stefnanda bótum. Kemur þá til álita, hvert tjón stefnandi beið vegna hinnar ólögmætu uppsagnar. Liggur fyrir í málinu launaseðill stefnanda fyrir launatímabilið apríl 1990, en samkvæmt honum námu heildarlaun hans þann mánuð 140.000 krónum. Hafa stefnandi og stjórnarformaður stefnda upplýst fyrir dómi, að stefnandi hafi haft sömu laun fyrir vinnu sína í janúar, febrúar og mars 1990, en eilítið lægri laun (127.329 kr.) hafi hann þegið í desember 1989. Þegar litið er til þessa og virt eru ákvæði 1. gr. ráðningarsamnings aðila, þykir rétt að dæma stefnanda 140.000 krónur í bætur fyrir vangoldin laun í maí 1990 og sömu fjárhæð í bætur fyrir laun í uppsagnarfresti mánuðina júní, júlí og ágúst 1990, en ósannað er, að staðið hafi fyrir dyrum samdráttur á vinnu eða önnur launaskerðing stefnanda til handa. Ber því að taka bótakröfu stefnanda til greina að fullu, þó þannig, að til frádráttar skulu koma þau laun, er hann sannanlega hafði á tímabilinu frá 13. maí 1990 til 31. ágúst s. á., samtals að fjárhæð 350.577 krónur. Er slíkur frádráttur í samræmi við almennar skaðabótareglur og styðst við dómafordæmi.

Þá þykir stefnandi einnig eiga rétt á bótum vegna þeirrar launaskerðingar, sem hann sætti í apríl 1990, að fjárhæð 15.103 krónur, enda hefur stefndi gegn mótmælum stefnanda ekki sýnt fram á réttmæti frádráttarins, en ýmist rökstutt hann með því, að um hafi verið að ræða tjón af völdum stefnanda á kveikjulás bifreiðarinnar Í-1940 eða skuld hans vegna óheimillar notkunar á farsíma annarrar bifreiðar. Telur dómurinn ekki verða byggt á slíkum málatilbúnaði.

Með vísan til þess, sem nú hefur verið rakið, ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda í skaðabætur 224.526 krónur. Skal krafan bera dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga til greiðsludags, en sökum frádráttar vegna launa stefnanda í uppsagnarfresti þykir rétt að miða upphaf vaxtanna við 1. september 1990. Að kröfu stefnanda og skv. 12. gr. téðra laga skulu áfallnir dráttarvextir bætast við höfuðstól skuldarinnar á 12 mánaða fresti.

Samkvæmt ofangreindum málsúrslitum og 130. gr. laga um meðferð einkamála ber einnig að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir með hliðsjón af fram lögðum málskostnaðarreikningi, fjölda þinghalda og óhjákvæmilegum ferðakostnaði lögmanns stefnanda hæfilega ákveðinn 175.000 krónur. Hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Skal málskostnaðarfjárhæðin bera dráttarvexti og vaxtavexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga, svo sem nánar greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Stefndi, Strætisvagnar Ísafjarðar hf., greiði stefnanda, Aðalsteini Flosasyni, 224.526 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá 1. september 1990 til greiðsludags. Áfallnir dráttarvextir bætist við höfuðstól skuldar á 12 mánaða fresti samkvæmt 12. gr. vaxtalaga.

Stefndi greiði stefnanda 175.000 krónur í málskostnað með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá 15. degi eftir dómsuppkvaðningu til greiðsludags. Dráttarvexti má leggja við höfuðstól málskostnaðar á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 11. júní 1994.